

TÍÐINDI

FRÁ

A L Þ I N G I

ÍSLENDINGA.

TÍUNDA ÞING.

1865.

SÍÐARI PARTUR.

RITNEFNDARMENN:

Pétur Pétursson, Sveinn Skúlason,
prófessor. kandidát.



Reykjavík.

Prentuð á kostnað alþingis, í prentsmíðju Íslands, hjá Einari Þórðarsyni.
1865.

Konungleg auglýsing

til alþingis

um

árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1863.

VÉR KRISTJÁN HINN NÍUNDI, af guds náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slësvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg, sendum voru trúa alþingi kveðju guðs og Vora!

Af því, sem gjörzt hefir á alþingi árið 1863, höfum Vër sæð með allrahæstri ánægju, hvernig alþingismenn Vorir hafa leitazt við að efla Vort gagn og hag landsins.

Vër höfum vandlega látið íhuga tillögur Vors trúa alþingis um mál þau, er stjórnin bar undir álit þess árið 1863, og aðrar uppástungur þingsins, og munum Vër nú skýra hër í einu lagi frá, hvað í þeim efnum hefir afráðið verið.

I.

Um þegnleg álitasmál, sem komin eru frá alþingi.

1. Af ástæðum þeim, er fulltrúi Vor mun skýra þinginu frá, höfum Vër eigi getað fallizt á breytingar þær, er alþingi stakk upp á, að gjörðar væru á ýmsum atriðum í frumvarpi því, er fyrir þingið var lagt til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi; þar á móti höfum Vër álitíð réttast, að frumvarpið á ný sæ borið undir þegnlegt álit þingsins með þeim athugasemdum, sem uppástungur þær, er alþingi nú hefir gjört, hafa gefið tilefni til.

2. Þar eð alþingi hefir ráðið frá, að gjört verði að lögum frumvarp það, er fyrir þingið var lagt, um sérstaklega sáttatilaun m. m. í hjúamálum, þá hefir því samkvæmt þessu verið sleppt að láta þetta lagaboð koma út.

3. Þar eð ísjárvert varð að þykja, að taka til greina sumar af uppástungum þeim, er alþingi gjörði í þegnlegu álitsskjali sínu um frumvarp, er fyrir það var lagt, til tilskipunar um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, verður nú lagt fyrir þingið nýtt frumvarp um þetta efni, til þess, að það segi um það þegnlegt álit sitt.

4. Um frumvarp það til tilskipunar, um að taka hús í Reykjavíkurhæ í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða, er borið hefir verið undir þegnlegt álit alþingis, skal þess getið, að áður en tæð frumvarp verði gjört að lögum, hefir þótt nauðsynlegt að fá hjá ríkisþingi konungsríkisins heimild til að koma á þessari ráðstöfun, og var þess vegna þar að lútandi lagafrumvarp lagt fyrir ríkisþingið á fundi þess 1864—65, en þar eð nefnd sú, er skipuð var í málið í landsþinginu, þar sem það kom fyrst til umræðu, ræði frá, að frumvarpið væri samþykkt, hefir ekki orðið gjört meira við mál þetta nú sem stendur.

5. Eftir að stjórnin hafði meðtekið þegnlegt álitsskjal alþingis um frumvarp, er fyrir það var lagt til tilskipunar um stofnun búnaðarskóla á Íslandi, hefir verið skrifast á við hlutaðeigandi amtmenn viðvíkjandi því, hverjar af þeim jörðum, er alþingi áleit bezt fallnar til að nota þær í þessum tilgangi, skyldu helzt kosnar til þess, og svo um það, hvernig jarðir þessar yrði útvegaðar, ef þess þyrfti; en það mál hefir eum eigi orðið leitt til lykta.

6. Viðvíkjandi lagafrumvarpi því, er lagt var fyrir alþingi, um breyting á tilskipun 18. febrúarm. 1847 um fjárforráð ómyndugra á Íslandi, skal skýrskotað til opins bréfs, er út kom um það efni 4. dag júnímánaðar f. á.

7. Út af þegnlegu álitsskjali alþingis um það, hvort löggilda skyldi á Íslandi nokkur almenn lög, er út höfðu komið fyrir konungsríkið árin 1861 og 1862, skal þess getið, að nauðsynlegt hefir þótt að hlutast til um, að lögin frá 19. febrúarm. 1861 um breyting á verzlunarvöginni yrðu lögleidd á Íslandi, og verður þess vegna lagafrumvarp um það efni nú borið undir álit alþingis, en þar á móti hafa hin lagaboðin, þau sem tekin eru fram í álitss-

skjalinu, ekki þótt til þess fallin að löggilda þau á Íslandi, enda hafði og alþingi ráðið frá því, að svo væri gjört.

II.

Um þegnlegar bænarskrár, er komið hafa frá alþingi.

1. Þar sem alþingi í þegnlegu ávarpi til hins hásaða fyrirrennara Vors í konungstígunni hefir látið í ljósi ósk um, að málefniinu um stjórnarfyrikomulag Íslands verði sem allrafyrst ráðið til lykta, þá lýsum Vör því hér með yfir við Vört trúa alþingi, að Oss einnig er umhugað um málefni þetta. En þar eð nauðsynlegt er, að fyrst verði til lykta leitt málefnið um fjárhag landsins, verður nú þar að lütandi lagafrumvarp lagt fyrir þingið. Jafnskjótt og búið er að koma skipulagi á það mál, munu verða gjörðar þær ráðstafanir, sem þörf er á til að ráða sjálfu stjórnarskipunarmálinu til lykta.

2. Út af þegnlegri bænarskrá alþingis um, að verzlunarstaðurinn Ísafjörður verði gjörður að kaupstað, og að þar verði stofnuð byggingarnefnd, þá munu þar að lütandi lagafrumvörp nú verða lögð fyrir alþingi.

3. Út af þegnlegri bænarskrá alþingis um, að felldur verði úr gildi konungsráðgjörður 17. dag maím. 1862 og allar eldri lagaákvæðanir um sama efni, höfum Vör allramildilegast fallið á, að aftekin sé skylda sú, er með konungsbréfum 10. maím. 1737 og 2. desemberm. 1791 og konungsráðgjörðu 17. maím. 1862 var lögð á herðar sumpart þeim, er útskrifast úr hinum lærða skóla á Íslandi, og sumpart þeim, er útlærðir eru frá prestaskólanum í Reykjavík, til að taka við brauðum á Íslandi í vissum tilfellum, en að stiptsyfirvöldunum á Íslandi þar á móti sé veitt vald til þess, þegar brauð losnar og það hefir kunngjört verið í lögakveðinn tíma, án þess nokkur hafi um það sótt, sem til þess væri hæfur, að heita því, um leið og kunngjört er á ný, að brauðið sé laust, að sá sem brauðið verði veitt, megi, þegar hann sé búinn að þjóna því sómasamlega í þrjú ár, eiga von á að hafa forgöngurétt fyrir öðrum til hins fyrsta brauðs, er hann sækir um, ef tekjur þess brauðs séu ekki hærri en 450 rd. eptir brauðamatsgjörðinni frá 1853, og ef enginn sækir um brauðið, eptir að kunngjört hefir verið á ný, að það væri laust, þá skuli stiptsyfirvöldunum þar að auki falið að fá sérstaklega einhvern mann, er hæfur sé til prest-

skapar, til að sækja um embættið með þeim kjörum, er nú var sagt.

4. Viðvíkjandi þegnlegri bænarskrá alþingis um, að Bæjarhreppur í Austur-Skaptafellssýslu í suðurumdæminu á Íslandi skuli vera þinghá út af fyrir sig með þingstað að jörðunni Bæ, skal skýrskotað til opins bréfs, er út kom um þetta efni 18. dag ágústm. f. á.

5. Þar sem alþingi í þegnlegri bænarskrá hefir beðið um, að gjörðar verði hinar nauðsynlegu ráðstafanir til að fá hina frakknesku og ensku stjórn til að viðurkenna, að einstaklegar kringumstæður Íslands gjöri það nauðsynlegt, að undantekningar verði gjörðar frá hinum almenna þjóðarétti, hvað fiskihelgina við Ísland snertir og hin íslenzku fiskimið, er Íslendingar sækja á opnum skipum, þá er farið að semja um þetta mál einkum við stjórnina á Frakklandi, og munum Vær láta Oss mjög annat um, að máli þessu verði skipað á hagfelldan hátt; þar að auki hefir verið gjörð sú ráðstöfun, að í ár hefir verið sent herskip til Íslands til að vernda fiskiveiðar landsins. Bænarskrá alþingis, sem hér er um rætt, gefur tilefni til að geta þess í sambandi við það, er nú hefir sagt verið, að útdráttur úr hinum íslenzku veiðilögum hefir verið sendur hlutaðeigandi stjórnendum á frakkneskri tungu til útbýtingar meðal þeirra af þegnum þeirra, er stunda fiskiveiðar við Ísland.

Hvað loks snertir það niðurlagsatriði í bænarskrá þessari, að stjórnin hlutist til um, að heimilisföstum mönnum á Íslandi, þeim er vilja koma þar á þilskipaveiðum, gefist kostur á að fá lán til þessa á hinn haganlegasta hátt, sem orðið getur, þá verður ekki veitt neitt fast loforð um þetta efni, þar sem eins er ástatt og nú er með fjárhaginn og óvíst er, hvernig fjárhagsmálinu verður skipað, að því er Ísland snertir, en eins og veittur hefir verið í einu einstöku tilfelli styrkur í þessu skyni í fjárlögunum fyrir árið 1865—66, þannig mun og þessi uppástunga alþingis framvegis verða tekin til greina. að svo miklu leyti kringumstæður leyfa.

6. Út af þegnlegri bænarskrá alþingis um, að stjórnin annist um, að reglulegar gufuskifaferðir komist á með ströndum Íslands og flytji bréf, menn og varning hafna á milli, hefir verið skrifazt á við P. L. Henderson, kaupmann í Liverpool, en enginn árangur af því enn orðið; hefir greindur kaupmaður í því efni sèr í lagi getið þess, að hann eigi geti álitid, að áætlanir þær, er komu

frá alþingi viðvíkjandi kostnaðinum við fyrirtæki þetta, séu réttar.

7. Samkvæmt þegnlegri bænarskrá alþingis hefir 18. dag ágúst m. f. á. komið út opið bréf um breyting á þeim tíma, þá er halda skal hreppskilafing á Íslandi á vorin.

8. Af þeim ástæðum, er fulltrúi Vor mun gjör skýra alþingi frá, hefir eigi þótt ástæða til að fallast á þegnlega bænarskrá þingsins um, að í jörðum þeim, sem prestsmata eður önnur þess kyns skylda hvílir á, verði sá hlutinn, sem prestsmötunni eður þvílíkri ískyldu nemur, að greindur með sérstöku hundradatali.

9. Þar sem alþingi í þegnlegri bænarskrá hefir farið fram á, að lagafrumvörp þau, er leggja á fyrir þingið, verði send svo snemma til landsins og auglýst þar, að þau verði almenningi kunn, áður en það þing byrjar, sem þau á að leggja fyrir, þá verður — eins og fyrir hefir verið á vikið — ekki í þessu efni gefið neitt almennt heit, með því slík ráðstöfun optlega má álitast óþörf og væri of miklum vandkvæðum bundin í framkvæmdinni; en þar eð því samt sem áður eigi verður neitað, að svo getur verið ástætt, að gagnlegt sé að við hafa þá aðferð, er alþingi stingur upp á, þá mun stjórnin, þegar svo ber við, eigi láta hjálða að fara eptir uppástungu þingsins.

10. Samkvæmt þeim ástæðum, sem áður hafa verið birtar þinginu, einkum á fundi þess árið 1859, hefir ekki þótt ástæða til að fallast á bænarskrá þá, sem enn á ný hefir komið frá þinginu um, að tekjum hins íslenska lækna sjóðs verði varið til að stofna spítala í Reykjavík og til að efla læknakennslu þá, sem þar er byrjuð, meir en hingað til hefir gjört verið.

En áður en ákveðið sé fyrir fullt og fast, hvort fallast skuli á þá uppástungu alþingis, að verja enn fremur til eflingar læknakennslunnar í Reykjavík þeim 200 rd., sem ákveðið var í konungsúrskurði 12. d. ágúst m. 1848, að greiddir skyldu úr jafnaðarsjóði hvers amts fyrir kennslu aðstoðarlækna, þá hefir þótt réttast, vegna þess, í hve nánú sambandi þessi tvö niðurlagsatriði í bænarskrá þingsins eru sín á milli, að gefa þinginu kost á að segja álit sitt um, hvort það óski, að fê þessu verði varið á þann hátt sem nú var sagt, eins fyrir það, þó hin fyrrnefnda uppástunga þess hafi ekki orðið tekin til greina.

Þar sem alþingi enn fremur hefir beðið um, að gefið verði allramildlegast fyrirheit um, að útskrifaðir lækmar á Íslandi, sem

hafa þetta vitnisburð, megi að minnsta kosti annaðhvört ár vænta 400—600 ríkisdala styrks til að ferðast erlendis og kynna sér læknaaðferð á útlendum spítölum, þá hefir eigi þótt næg ástæða til þessa, en þar á móti verður það að vera komið undir kringumstæðunum, hvort slíkur ferðastyrkur verði veittur í einstöku tilfellum, þegar þess verður farið á leit.

Þar eð ekki verður séð, að sú aðferð, sem hingað til hefir verið við höfð, þá er stjórninni hafa verið sendar skýrslur og annað frá landlækni og héraðslæknum á Íslandi, hafi verið til neinnar óhægðar fyrir hlutaðeigandi embættismenn, eður á nokkurn hátt spillt fyrir málefnum sjálfum, þar sem hún aptur á móti í sumum tilfellum má álitast með öllu nauðsynleg, þá hefir breyting sú, sem alþingi í bænarskrá sinni, þeirri sem hér er um rætt, hefir stungið upp á, að gjörð væri í þessu efni, ekki orðið til greina tekin.

Hið næsta niðurlagsatriði í bænarskránni, er lýtur að því, að útlærðir menn í lækni- og fræðisfræði, sem verða settir í óveitt læknaembætti á Íslandi, fái, meðan þeir veita embættunum þannig forstöðu, að njóta embættislunnanna óskertra, virðist vera óþarft, með því einmitt þannig hefir ávallt hingað til verið að farið, þegar svo hefir verið ástátt, sem hér er um rætt.

Þar sem loks hefir verið beðið um, að lagt yrði fyrir næsta alþingi frumvarp til reglugjörðar um betri tilhögun á spítalatekjum, skal þess getið, að stíptsyfirvöldunum á Íslandi var í fyrra boðið að ganga í nefnd með tveim alþingismönnum, er eiga heima í Reykjavík, til að ihuga málið og búa til uppástungur þær, sem þörf kynni að vera á, að menn þessir hafa sent stjórninni álitsskjal sitt um málið á síðastliðnu hausti, en að uppástungur þeirra voru þess eðlis, að nauðsynlegt varð að þykja að fá um þær álit amtmannanna í norður- og austurumdæminu og vesturumdæminu. Af þessum orsökum hefir frumvarp um fyrirkomulag máls þessa ekki orðið lagt fyrir alþingi það, er nú fer í hönd.

11. Samkvæmt þegnlegri bænarskrá alþingis, hefir með opnu bréfi 16. dag júnímánaðar f. á. verið löggiltur verzlunarstaður við Lambhússund á Skipaskaga í Borgarfjarðarsýslu í suðurumdæminu á Íslandi.

12. Með tilliti til þess, að málefnið um fjárhagsstöðu Íslands framvegis er enn óútkljáð, verða nú sem stendur ekki gjörðar

neinar ráðstafanir út af þegnlegri bænarskrá alþingis um stofnun kennsluskóla handa lögfræðingaeftnum á Íslandi.

13. Af þeim ástæðum, sem fulltrúi Vor mun verða látinn birta alþingi, hefir ekki getað orðið tekin til greina þegnleg bænarskrá þingsins, um að endurgoldið verði úr ríkissjóðnum það fê, sem greitt er til endurgjalds jarðamatskostnaðinum fyrir staði og jarðir þær, sem tilheyra kirkjum og prestaköllum m. m.

14. Alþingi hefir í þegnlegri bænarskrá farið þess á leit, að gjöf Charles Kelsalls verði sem allra fyrst varið samkvæmt gjafa-bréfi hans 15. ágústm. 1853, til þess að byggja bókhlóðuhús fyrir hinn lærða skóla í Reykjavík.

Eptir að búið er að fá uppástungur þær og áætlanir, sem þörf er á í þessu efni, hefir sú orðið raun á, að ekki eru nóg efni fyrir hendi til að koma upp húsinu á hagfelldan hátt, en annars er það vitaskuld, að byggingu þessari mun verða komið upp undir eins og kringumstæður leyfa.

15. Viðvíkjandi þegnlegri bænarskrá alþingis um, að hreppstjórum á Íslandi verði fyrst um sinn veitt 20 til 60 ríkisdala þóknun á ári úr ríkissjóði skal skýrskotað til lagafrumvarps, er nú verður lagt fyrir alþingi um laun handa sýslunarmönnum þessum.

16. Alþingi hefir í þegnlegri bænarskrá beðið um:

1. að hëðan af sê íslenzk tunga við höfð ekki að eins á öllum embættisbréfum á Íslandi, heldur einnig á öllum embættisbréfum m. m., er fara á milli íslenzkra embættismanna og stjórnarinnar, og
2. að embættin í íslenzku stjórnardeildinni, að minnsta kosti hin tvö æðstu, verði að eins veitt Íslendingum, eður að minnsta kosti ekki öðrum dönskum mönnum en þeim, er hafi sanuað, að þeir sêu færir til hlitar í hinn íslenzku tungu.

Út af þessu er þinginu kunngjört:

Um 1. atriði: Þar eð allt, sem kemur frá stjórninni eða embættismönnum til íbúanna á Íslandi eptir hinum gildandi ákvörðunum, á að vera ritað á íslenzka tungu — sem einnig er við höfð, þegar íslenzkir embættismenn skrifast á sín á milli í öllum þeim málum, sem ekki á að leggja undir úrskurð stjórnarráðanna — og þar eð landsmönnum enn fremur er heimilt, ef þeir eigi kunna dönsku, að rita stjórninni á íslenzku, þá virðist engin ástæða vera til að fallast á það fyrirkomulag, sem alþingi hefir

stungið upp á í þessari grein, með því það ekki mundi verða að neinu sönnu gagni, heldur þvert á móti valda ótilhlýðilegum drætti á úrlausn málanna; en með tilliti til þess, að alþingi hefir kvartað yfir, að úrskurðir stjórnarinnar séu stundum birtir hlutaðeigendum á dönsku, þá hafa hlutaðeigandi embættismenn á Íslandi verið áminntir um að gæta þess vandlega, að allir úrskurðir stjórnarráðanna séu á íslenskri tungu kunngjörðir íbúum landsins, þeim er eigi mæla á dönsku.

Um 2. atriði: Þetta atriði snertir konunglegan einkarétt og liggur því fyrir utan verkahring alþingis.

17. Viðvíkjandi þegnlegri bænarskrá alþingis um viðbót við eptirlaun Elinar Thorstensen, ekkju eptir Jón jústisráð Thorstensen, skal skýrskotað til laga, er út komu um það efni 31. dag marzm. f. á.

18. Viðvíkjandi þegnlegri bænarskrá alþingis um launaviðbót handa Jóni Þorkelssyni, kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík, skal þess getið, að greindum embættismanni hefir með fjárlögum fyrir árið 1864—65 verið útveguð launabót á þann hátt, að embættisaldur hans sem kennara við skólann er talinn frá þeim tíma, þá er hann var settur í aukakennara embætti það, er stofnað var eptir heimild þeirri, er til þess var veitt í fjárlögum fyrir árið 1859—60.

Til staðfestingar allramildlegustum úrskurðum Vorum, þeim er nú hefir verið getið, höfum Vær sent yður þessa auglýsing Vora, og heitum Voru trúa alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn,

9. dag júnímánaðar 1865.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

I. Frumvarp

til

laga um nýtt fyrirkomulag á fjárhagssambandinu millum Íslands og konungsríkisins.

1. grein.

Með þeirri takmörkun, er leiðir af ákvörðuninni í 7. grein laga þessara, skal frá lokið starfa þeim, er ríkisþing konungsríkisins hingað til hefir haft á hendi með tilliti til fjárlaganna fyrir Ísland og annara löggjafarmálefna, er snerta fjárhag Íslands.

2. grein.

Frá sama tíma tekst alþingi á hendur meðferðina bæði á hinum íslenzku fjárlögum, og á öðrum fjárhagsmálefnum, er Ísland snerta, samkvæmt þeim reglum, er um það efni settar verða.

3. grein.

Allar þær tekjur skulu taldar sérstaklegar tekjur Íslands, er hingað til hafa verið þannig taldar í fjárlögum konungsríkisins, og einnig tekjurnar af öllum beinlínis og óbeinlínis sköttum og álögum, sem hér eptir kunna að verða fyrirskipaðar til Íslands þarfa.

4. grein.

Öll þau gjöld skulu talin sérstakleg gjöld Íslands, er snerta hið sérstaklega fulltrúaþing landsins, fjárhag þess, þar á meðal eptirlaun, innanlands stjórn, dómstólana, læknaSKIPUN, sakamannahús, prestastétt, skólamálefni og yfir höfuð öll þau gjöld, er snerta málefni, sem talin eru sérstakleg fyrir Ísland.

5. grein.

Eptirlaun þau, sem nú eru greidd úr ríkissjóðnum til islenzkra embættismanna og embættismannaekkna skulu framvegis greidd úr sjóði konungsríkisins, en fè þetta skal aptur koma upp í þá upphæð, sem Íslandi verður veitt eptir 7. gr. laga þessara.

6. grein.

Gjöld þau, er snerta stjórn Íslands í höfuðstaðnum, svo og gnfuskipsferðirnar, sem nú eru millum Íslands og konungsríkisins, skulu vera Íslandi óviðkomandi um þann tíma, sem tiltekinn er í 7. grein.

7. grein.

Í 12 ár, talin frá skulu greiddir til Íslands 42,000 rd. á ári úr sjóði konungsríkisins. Þegar sá tími er liðinn, ber að ákveða með lögum að nýja, hve mikið tillag skuli greitt.

ÁSTÆÐUR fyrir frumvarpi þessu.

Með allrahæstu konungsbræfi, dags. 20. septemberm. 1861 var A. F. Tscherning ofursta, O. Stephensen stjórnardeildarforingja og etazráði, V. Bjerring háskólakennara, C. Nutzhorn núverandi stjórnardeildarforingja og etazráði og J. Sigurðssyni skjalaverði boðið að ganga í nefnd til að segja álit sitt og gjöra uppástungur um fyrirkomulag á fjárhagssambandinu millum Íslands og konungsríkisins. Eins og sjá má af aðalálitsskjali nefndarinnar, dags. 5. d. júlím. 1862, gat hún eigi komið sèr saman um sameiginlega uppástungu, heldur skiptist hún í þrjár deildir. Samt sem áður lýsir nefndin því sem samhuga álitu sínu, að aðskilnaðurinn á fjárhag Íslands og konungsríkisins megi álitast gagnlegur, en að hann verði að hafa í för með sèr, ef hann eigi að koma Íslandi að notum, verulega breyting á stjórnarfyrirkomulagi Íslands, einkum að því, að yfirstjórn landsins fengi aðsetur í landinu sjálfu fremur en nú er, og meira vald í hendur, og að alþingi öðlaðist löggjafarvald

í fjármálum. Einnig voru allir nefndarmenn á sama máli um, að ómögulegt sé að gjöra upp nákvæman reikning um skuldaviðskiptin millum Íslands og konungsríkisins, og er það beinlínis afleiðing af því, að fjárhag beggja hefir svo öldum skiptir verið blandað saman, án þess að á fyrri tímum hafi verið saminn neinn skipulegur reikningur þar um, eður skýrar reikningabækur ritaðar um það.

En hvað þar á móti snertir aðalatriði málsins, ákvörðunina um tillag það, er greiða ætti til Íslands úr hinum danska ríkissjóði þá komust deildir nefndarinnar að mjög ólíkri niðurstöðu. Þannig var það álit einnar deildarinnar, að þegar fjárhagurinn sé aðskilinn, beri að skila Íslandi sem eign þess fjárupphæð, er samsvari hinu sanna verði þeirra fasteigna, er landið hefir átt, en seldar hafa verið og andvirði þeirra runnið inn í ríkissjóðinn, og þar að auki nokkurt fè í notum einokunarverzlunar þeirrar, sem fyrrum var á Íslandi, reiknað sem ákveðinn hluti af hreinum ágóða verzlunarinnar. Þessi deild nefndarinnar áleit þar að auki, að Ísland eigi nægileg efni til að borga með sín eigin gjöld, ef því ekki sé synjað um áður greindar bætur fyrir seldar þjóðeignir og fyrir of miklar álögur, er á það hafi verið lagðar með verzlunareinokuninni, en bætur þessar reiknar hún á þenna hátt:

Tekjur af öllum konungsjörðum á Íslandi, þegar þær voru teknar undir krónuna, reiknaðar til peninga eptir núverandi verðlagi á landaurum	41,055 rd. 40 sk.
þar frá dragast tekjur þær, sem nú fást af hin- um óseldu jörðum	13,200 —
	27,855 rd. 40 sk.
þar við bætist fyrir rentumissi eptir áætlun, árgjald	6,900 —
Tekjur af stólsjörðunum, þegar þær voru seldar, reiknaðar til peninga á sama hátt	31,769 — 52 —
Nokkrir sjóðir m. m., er byskupsstólarnir áttu 60,000 rd., reiknaðir sem árgjald til	2,400 —
Í notum verzlunareinokunarinnar	50,800 —
Tilsamans ...	119,724 rd. 92 sk.

Ilínnar tvær deildirnar í nefndinni héldu þar á móti, að Ísland hvorki nú geti lagt fram svo mikið fè, sem þarf til að framkvæma stjórn landsins m. m., nè heldur muni bráðlega verða

fært um það, og þess vegna beri, þegar fjárhagsaðskilnaðurinn á sér stað, að veita því hæfilegt fè til þessa.

Önnur af þessum deildum álitur þannig, að þegar að greindur sé fjárhagur Íslands og konungsríkisins, sé ástæða til að borga því aptur sem sérstaklegar tekjugreinir þess það fè, sem komið hefir inn fyrir seldar jarðir á Íslandi, og hún stingur samkvæmt þessu upp á, að Íslandi verði veitt fast árlegt tillag að upphæð 12,000 rd., er hér um bil samsvarar 4 af hundraði í vöxtu af söluverði því, er greiðst hefir fyrir seldar jarðir á Íslandi. Þessi deild álitur, að Ísland eigi ekki heimting á neinum öðrum bótum úr ríkissjóðnum, en stingur upp á, að landinu sé þar að auki til bráðabyrgða veitt 30,000 ríkisdala tillag, sem að 6 árum liðnum ætti að fara minnkandi um 2,000 rd. á ári, til þess að hin sérstaklega stjórn Íslands, áður en sá tími væri liðinn, þá er sá styrkur ætti að hætta, gæti útvegað þau efni, er þurfa til þess, að landið geti borið sín eigin gjöld.

Hin önnur af áðurgreindum deildum í nefndinni áleit þar á móti, að þegar ákveðin sé upphæð þess fjár, er nauðsyn sé að fá Íslandi í hendur við fjárhagsaðskilnaðinn, beri eingöngu að byggja á því ástandi, sem nú á sér stað, það er að segja taka hlutina eins og þeir eru orðnir og hafa hlotið að verða, og hefir hún því, þar sem hún hefir haft tillit til hinna sönnu tekja og gjalda landsins og nokkurra endurbóta, sem brýn þörf er á, stungið upp á, að Íslandi verði veitt fast tillag að upphæð 29,500 rd. á ári og bráðabyrgðartillag að upphæð 12,500 rd. á ári, er að 10 árum liðnum ætti að minnka um 500 rd. á ári og með tillögum þessum þótzt taka hæfilega til greina kröfur Íslands um bætur fyrir fasteignir þær, er landið fyrrum átti, en síðar hafa seldar verið m. m.

Um ástæðurnar fyrir uppástungum þeim, sem nú hefir verið frá skýrt, skal skýrskotað til hinna ítarlegu álitsskjala hinna sjer staklegu deilda nefndarinnar, en þau álitsskjöl eru hér með sem fylgiskjöl, og skal hér við bætt nokkrum athugasemdum.

Sú deild nefndarinnar, sem fyrst er getið, hefir einkum byggt kröfu sína um bætur fyrir hinar seldu konungsjarðir og stólsjarðir á því, að þar eð eignum þessum hafi verið fargað, án þess að það hafi nauðsynlegt verið í Íslands þarfir, þá sé eðlilegast að skoða þær eins og þær væru enn óseldar, og með tilliti til þess, hvernig endurgjaldið ætti að vera, þá hefir hún álitid, að hvað

konungsjarðirnar snertir væri sanngjarnasta aðferðin sú, að finna hið sanna verð jarðanna á þeim tíma, þá er þær voru teknar undir krónuna, eður svo nálægt þeim tíma sem unnt væri, með því að reikna þáverandi afgjald af jörðunum til peninga eptir núverandi verðlagi, og draga þar frá upphæð þá, sem gelzt af þeim jörðum, sem enn eru óseldar, og ákveða síðan endurgjaldið, og ætti það þá að vera árgjald, er væri jafnt afgjaldinu að upphæð, en þar við ætti eptir áliti deildar þessarar enn að bæta nokkurri uppbót fyrir rentumissi þann, er Ísland hefir liðið við jarðasöluna á fyrri tímum, og hvað stólsjarðirnar snertir, að reikna afgjöldin á þeim tíma, þá er þær voru seldar, til peninga eptir núverandi verðlagi. Af þessu sèst, að uppástunga sú, sem hér er um rætt, er byggð á ímynduðum grundvelli, með því tekið er tillit til, hvað Ísland hefði átt, ef vissar stjórnarráðstafanir (jarðasalan) eigi hefðu gjörðar verið. En hér við ber þess að gæta, að eins og aldrei hefir verið gefið neitt loforð um, að ekki mætti selja, hvorki konungsjarðirnar, nje stólsjarðirnar, þannig hefir og sama aðferðin verið við höfð í hinum ríkishlutunum, án þess nokkrum hafi til hugar komið að efast um, að stjórnin hafi haft rétt til þess. Það er og því minni ástæða til að álíta, að með jarðasölu þeirri, sem á ýmsum tímum hefir fram farið á Íslandi, hafi ballað verið réttindum landsins í nokkurri grein, sem jarðirnar hafa ávallt verið seldar samkvæmt uppástungum yfirvaldanna á Íslandi, og hafa menn þá haft tvennt fyrir augum sér, bæði það, að ríkissjóðurinn engan skaða liði við söluna og einnig hitt, sem hefir þótt miklu varða, að styðja að því, að sjálfs-eignarbændur fjölguðu á landinu, og hvað sérstaklega snertir söluna á stólsjörðunum, þá má eigi gleyma því, að hún fór fram eptir uppástungu nefnda, er skipaðar voru til að ihuga og segja álit sitt um, hvað hagfelldast væri í því efni, og sèst það einkum af ástæðunum fyrir konungsbréfi 29. aprílm. 1785, að nefndarmenn hafa verið allir á eitt sáttir um, að ráða til að Skálholtsgózin væru seld. Hið sama var og um söluna á Hólastóls jörðum, sjá kanselibr. 13. októberm. 1801; en á hinn bóginn fóru skoðanir manna í ýmsar áttir um það, hvort réttara mundi að leggja niður skólann á Hólum og steypa honum saman við skólann í Reykjavík, eður að halda honum áfram og flytja hann á Akureyri. Þannig viðurkenndu allir á þeim tímum, að salan á jörðunum væri skólanum í hag, og þar við bættist sú sérstaklega ástæða um Skálholts jarðirnar, að byskupssetrið sjálft, og að nokkru leyti einnig aðrar

stólsjarðir höfðu skemmzt svo mikið af eldgosi, að ísjárvert þótti að láta byskupsstólum vera framvegis í Skálholti.

Hvað þessu næst snertir þá upphæð endurgjaldsins, sem þessi deild nefndarinnar hefir reiknað, þá er það í fyrsta lagi næsta eptirtektarvert, að hér eru við hafðir tveir reikningsmátar, hver öðrum mjög ólíkur, þar sem bæturnar fyrir konungsjarðirnar eru reiknaðar eptir afgjaldinu á þeim tíma, er þær voru teknar undir krónuna (1579), en bæturnar fyrir stólsjarðirnar eptir afgjaldinu á þeim tíma, er þær voru seldar. Þegar þess er gætt, að konungsjarðirnar hafa verið seldar á ýmsum tímum og fyrir ýmislegt verð, þá er af sjálfu sér auðsætt, hversu fjarstætt það er að taka ekkert tillit til þessa, heldur fara eptir afgjaldi því, sem jarðirnar gáfu af sér 200 til 250 árum áður en þær voru seldar, en það afgjald mismunaði mjög frá því, sem greitt var af jörðunum þegar þær voru seldar, og þetta kemur enn ljósar fram þegar lítið er á, hver niðurstaðan verður; því bæturnar fyrir konungsjarðirnar eru að tiltölu miklu hærri en fyrir stólsgózin, og það þrátt fyrir það, þó nokkur hluti af hinum fyrrnefndu jörðum væri seldur fyrri en stólsgózin. Stólsgózin, sem seld voru, voru hér um bil 15,560 hundruð, og er reiknað í bætur fyrir þau árgjald að upphæð 31,769 rd. 52 sk. eður hér um bil 2 rd. fyrir hundraðið, en fyrir konungsjarðirnar, sem voru 6,100 hundruð, er heimtað árgjald að upphæð 34,755 rd. 40 sk., eður hér um bil $5\frac{2}{3}$ rd. fyrir hundraðið, og endurgjaldið fyrir hið síðarnefnda gózið er því reiknað að tiltölu meir en hálfu þriðja sinni hærra en fyrir stólsjarðirnar. Og hvað enn fremur snertir reikninginn á afgjöldunum til peninga eptir núverandi verðlagi, þá þarf ekki annað en bera saman upphæð þess endurgjalds, sem heimtað er fyrir hinar seldu konungsjarðir (hér um bil 6,100 hndr.), 27,855 rd. 40 sk. á ári við tekjurnar af hinum óseldu jörðum, sem eru hér um bil 8,600 hndr., en þær tekjur eru að eins tilfærðar með 13,200 rd. Þessar tölur sýna nægilega, hver niðurstaðan verður, þegar þessi reikningsmáti er við hafður, þar sem fyrir seldu jarðirnar er heimtað endurgjald fyrir meira en helmingi meiri tekjur, en tekjurnar eru af hinum óseldu jörðum, jafnvel þó seldu jarðirnar séu meira en einum fjórða hluta minni að dýrleik en hinar óseldu.

Þó menn nú þess vegna vildu byggja á þeirri grundvallarreglu, sem þessi deild nefndarinnar byggir á, en sem að framan hefir verið sýnt fram á, að sé röng, að skoða jarðirnar sem óseldar,

þá er eigi að siður auðsætt, að sá reikningsmáti er öldungis rangur, sem hér er við hafður, því þegar fylgja ætti þessari grundvallarreglu, er sjálfsagt, að einungis verður að hafa tillit til annaðhvort núverandi verðs jarðanna í kaupum og sölum, eður til þeirra tekja, sem þær nú gefa af sér. Þar sem enn fremur eru heimtaðar bætur fyrir rentumissi, er Ísland hafi liðið við sölu konungsjarðanna, þá er þar aptur horfið frá þeirri grundvallarreglu, að skoða jarðirnar eins og þær væru enn óseldar. En hvort sem er, þá er ekki hin minnsta ástæða til að skoða söluverðið fyrir greindar fasteignir, er runnið hefir inn í rikissjóðinn, hvorki að nokkru eður öllu leyti sem sérstaklegan íslenzkan sjóð, er safna ætti vöxtum af, og það hefði líka í sjálfu sér verið hin berasta mótsögn að stofna slíkan sjóð af því fè, er kom í staðinn fyrir hin íslenzku jarðagóz, jafnframt því að greitt var tillag úr rikissjóði til Íslands þarfa. Að stjórnin eigi heldur hafi skoðað málið á þann hátt sést bert af því, sem þessi deild nefndarinnar sjálf hefir tilfært í álitsskjali sínu 24. júním. 1862; því orð rentukammersins árið 1839, sem þar er til vitnað, sýna, að rentukammerið hefir álitíð, að vextirnir ættu að koma upp í tillag rikissjóðsins til Íslands. Þessi krafa deildarinnar er byggð á því, að ekki hafi verið þörf á að verja að minnsta kosti öllum vöxtunum í Íslands þarfir, en þetta er ekki sannað, því deildin hefir einungis haldið hér fram því, sem Ísland hefir af hendi látið, án þess að taka til greina kröfur þær, sem gjörðar yrðu á móti af Danmerkur hálfu, og það verður heldur eigi sannað nema með nákvæmum reikningum um öll skuldaskipti millum Íslands og konungsríkisins, en eins og áður er um getið bar öllum nefndarmönnum saman um að slíkir reikningar séu ómögulegir.

Þar sem þessi sama deild nefndarinnar enn fremur hefir heimtað töluvert fast árgjald sem bætur fyrir of miklar skatta-álögur, er landið hafi orðið að bera, þegar verzlunareinokunin fyrrum hvíldi á því, þá skal hér að vísu eigi nákvæmar rannsaka reikning þann, sem upphæð bóta þessara er byggð á, en þar er ágóðinn af verzlunareinokuninni á tímabilinu frá 1600 til 1854 metinn 200,000 rd. á ári, án þess tekið sé neitt tillit til, að verzlunin þegar var gefin laus fyrir alla danska þegna árið 1786, og að þess vegna ekki verður sagt, að hún í eiginlegum skilningi hafi verið einokuð frá þeim tíma, — heldur skal þess hér að eins getið, að verzlunareinokun sú, sem hér er um rætt, var öldungis samkvæm þeim grundvallar-

reglum, sem drottnuðu í mestum hluta hins siðaða heims á 17. og 18. öld; álögur þær, er hvíldu á verzluninni, komu í staðinn fyrir toll, neyslugjald og önnur áþekk gjöld, sem Ísland var að mestu leyti undan þegið. Þegar menn komust að raun um, að einokunin var landinu til skaða, þá var hún af tekin eins og nú var sagt, og landið hefir verið laust við hana í hér um bil 80 ár, án þess stjórnin hafi heimtað neinar nýjar álögur, er á nokkurn hátt gætu bætt ríkissjóðnum upp skaða sinn, svo að full ástæða er til að halda, að Ísland allan þenna tíma hafi orðið konunginum til kostnaðar á ári hverju, í stað þess að það eptir sáttmálanum við konung átti að veita honum tekjur. Á þessu tímabili hefir ríkið optar en einu sinni átt í stríði og ratað í miklar raunir, án þess skorað hafi verið á Ísland að láta fyrir þá sök af hendi neitt aukatillag, en þar á móti hefir stjórnin góðfúslega hlaupið undir baggann með Íslandi, þegar einhver óhamingja hefir að höndum borið; svo hefir landið eigi heldur lagt neitt til almennra ríkisþarfa síðan verzlunin var laus látin árið 1786. Loksins ber þess að geta, að íbúar Íslands yfir höfuð hafa mjög litlar skattaálögur að bera, og að þeir auk tollfrelsis njóta ýmsra verulegra hlunninda, t. a. m. eru lausir við mótunargjald, útbod til herliðsins og aðrar kvaddir, sem því eru samfara m. m.

Hinar tvær uppástungurnar, er fram komu í nefndinni, eru byggðar á þeirri aðalskoðun, að árangurslaust sé að fara að rannsaka og skýra frá sögu sambandsins millum Íslands og hinna ríkishlutanna á ýmsum tímum, með því allt hafi verið svo sameiginlegt, að skýrslur vanti til að fá nokkurn veginn ljósa hugmynd um það aðalatriði, sem hér ríður á, en það eru skuldaskiptin milli þeirra, og þó menn við slíka rannsókn kæmust að þeirri niðurstöðu, að Íslandi fyrrum hefði verið stjórnað eptir grundvallarreglum, sem nú væru álitnar rangar, þá yrði ekki á því byggð nein krafa um skaðabætur fyrir það, er mönnum kynni hafa yfir sést, en á hinn bóginn voru menn fúsir á að taka sanngjarnt tillit til þess, að Ísland hafði átt við bág kjör að búa, einkum meðan hin langvinna verzlunareinokun stóð. Báðar þær deildir nefndarinnar, sem hér er um rætt, voru þess vegna á sama máli um, að þegar málefni þessu væri ráðið til lykta, ætti að byggja á því ástandi, sem nú er, en uppástungum þeirra mismunar í því, að önnur fer því fram, að stærð hins fasta tillags til Íslands sé ákveðin eptir upphæðinni á söluverði því, sem runnið hefir inn í ríkissjóðinn fyrir

seldar fasteignir hins opinbera og ætti því beinlínis að borga aptur þetta fê, en tekur einungis tillit til núverandi ástands landsins og þarfa þess með því að stinga upp á bráðabyrgðartillagi fyrir skammt tímabil, — því það tillag, sem þyrfti til að halda öllu í horfinu, eins og nú er, ætti að eins að greiðast þangað til landið getur sjálft séð fyrir þjóðmálefnum sínum og útvegað fje það, er stjórn þeirra útheimtir, en þar á móti hefir hin af þessum tveim deildum nefndarinnar haldið, að ekki mundi auðgjört að minnka gjöld landsins, sem nú eru, og að efni landsins sèu svo lítil, að hinar nýju tekjur, sem fást kunna, mundu ganga í kostnaðinn við hinar mörgu nýju endurbætur, sem menn finna að nauðsyn er á, og þess vegna álitíð nauðsynlegt að veita landinu hærra fast tillag og gjöra því þannig fært að halda áfram því ástandi, sem nú er, án þess að leggja á sig neinar töluverðar nýjar álögur, en með bráðabyrgðartillagi því, er hún hefir stungið upp á, hefir hún viljað veita fê til þeirra gjalda, sem álíta má að ekki sèu eins varanleg. Hún áleit þar að auki, að fasta tillagið ætti að vera svo riflegt, að ekki einungis yrði álitíð, að öllum sanngjörnum kröfum, er snerta umliðna tímunn væri með því fullnægt, heldur fengi og Ísland á þann hátt verulega og stöðuga hjálp, svo að það gæti orðið fært um að sjá sèr fyrir nauðsynjum sínum, með því að nota og auka smátt og smátt efni sín, og þegar fram-liðu stundir til að leggja fram fê til almennra ríkisparfa, og að bráðabyrgðartillagið ætti ekki að fara minnkandi fyrri en eptir lengra árabí, og minnka um svo lítið á ári, að missir þess yrði sem minnst tilfinnanlegur. Þar sem því þessi deild nefndarinnar ekki í þessu tilliti gat fallízt á álit hinnar deildarinnar, sem getið er hér á undan, þá var orsökinn til þess ekki einungis sú, að það virðist ekki með öllu sjálfu sèr samkvæmt, þegar byggt er á því ástandi, sem nú er, að fara að nokkru leyti að búa til reikning, eins og hún hefir gjört þar sem hún stingur upp á, að söluverðið fyrir jarðirnar sè aptur borgað, heldur einkum og sèr í lagi sú, að ekki virtist að réttum kröfum Íslands yrði fullnægt með því, að láta landið einmitt fá verðið fyrir fasteignir þær, sem það fyrrum hefir átt, en taka ekki við ákvörðun hins fasta tillags neitt tillit til þeirra þarfa, sem smátt og smátt hafa komið fram, eptir því sem ástandið hefir breytt og eptir þeirri stjórnartilhögun, sem hefir átt sèr stað. Einkum mundi það sýna sig viðvíkjandi skólanum, að þetta væri ekki næg fullnaðargjörð, því það fê, sem fyrrum var ákveðið jafnvirði hinna

seldu stólsjarða, hrekkur nú ekki nærri því fyrir kostnaðinum til skólans, eptir þeirri breyting, sem orðið hefir á honum á síðari tímum. Þess skal að öðru leyti hér við getið, að undirstaða sú, sem uppástunga þessi var byggð á, þegar reiknað var hið fasta tillag, hefir nokkuð breytt við hin íslenzku launalög 19. janúarm. 1863, er með þeim voru veittir hér um bil 8000 rd. til launabótar handa íslenzkum embættismönnum, þar sem þessi minni hluti hafði gjört svo ráð fyrir í uppástungu sinni, að til þess mundu að eins ganga 5000 rd.; svo hefir og samkvæmt grundvallarreglum þeim, sem lög þessi voru byggð á, í hinum síðari fjárlögum verið veitt launaviðbót handa nokkrum embættismönnum, og þar að auki hefir við fjárlögin fyrir árið 1864—65 verið veitt ný 1600 ríkisdala viðbót við ölmusurnar við hinn lærða skóla.

Eptir að nefndin hafði samið álitsskjal sitt, það er að ofan hefir verið um rætt, var skrifazt á um málið milli dómsmálastjórnarinnar og fjárstjórnarinnar. Bæði stjórnarráðin voru á sama máli og nefndin um, að það væri hagkvæmast og einkum og sèr í lagi gagnlegt fyrir Ísland, að fjárhagsstjórn þess gæti komizt undir atkvæði alþingis, eins og slíkt einnig væri samkvæmt þeim óskum, er opt hafa fram komið bæði af hálfu ríkisþingsins og alþingis. Því þó engan veginn verði móti því borið, að ríkisþingið, þegar það hefir haft til meðferðar fjárhagsáætlun Íslands og önnur lög, er snerta fjárhag þess, hafi sýnt sig mjög reiðubúið til að styrkja framfarir Íslands og til að leggja í sölurnar það fè, er þurft hefir til að koma fram ráðstöfunum þeim, er að þessu lúta, hefir það þó einalt kvartað yfir, að það skorti svo nákvæma þekking á högum Íslands, sem þykja mætti nauðsynleg til þess að geta dæmt rétt um málefnið. Þenna kunnugleika hefði þar á móti alþingi og þegar því væri falið að verja tekjum Íslands á þann hátt og til þess, sem fulltrúar þjóðarinnar álitu bezt eiga við, og að haga fjárhagsmálefnum sínum á þann hátt, sem þeir álitu samkvæmast þörfum landsins og gagnlegast fyrir framfarir þess, þá ræður að líkindum, að það mundi verða hægra fyrir alþingi en fyrir þingið hér að útvega það fè, sem álitid yrði nauðsynlegt til að koma fram nýtsamlegum endurbótum fyrir landið.

Hvað því næst snertir upphæð og ásigkomulag þess tillags, sem greiða ætti til Íslands úr sjóði konungsríkisins, þá voru bæði stjórnarráðin á eitt sátt um, að ekki gæti orðið umtalsmál að fallast á þá uppástungu um úrslit málsins, sem fram kom frá þeirri

deild nefndarinnar, sem fyrst er getið, og sem laut að því að veita Íslandi fast árgjald sem bætur fyrir seldar fasteignir, verzlunareinokun m. m. Slík úrslit málsins mundu og miður heppileg fyrir Ísland, því eptir því fyrirkomulagi, sem hér er um rætt, ætti landið jafnframt að hafa þá skyldu að leggja fram fè til almennra ríkisparfa, en slíkt fjártillag yrði ekki metið af handahófi til 20,000 rd., heldur yrði að ákveða það eptir allt öðrum reglum, og skal í því tilliti skýrskotað til aðalálitsskjals nefndarinnar, 9. tölul., og til álitsskjals eins af minni hlutum nefndarinnar, fylgiskjal nr. 2 b. Þar á móti varð dómsmálastjórnin að álíta, að uppástunga hinnar þriðju af áðurgreindum deildum nefndarinnar væri bezt fallin til að byggja á henni, þegar málefni þessu væri haldið lengra fram, en eptir henni ætti konungsríkið að taka að sér að greiða í fast árstíllag 29,500 rd. og í bráðahyrgðartíllag 12,500 rd. Fjárstjórnin játaði að visu, að þegar fjárhagurinn sè aðgreindur, verði að greiða árlegt tíllag til Íslands þangað til landið sè búið að efla svo efnahag sinn, að það gæti verið án slíks tíllags eður jafnvel lagt fram fè til almennra ríkisparfa, og að tíllag þetta eigi að vera fast fyrir víska áratölu. En á hinn bóginn gat ekki stjórnarráð þetta fallið á uppástunguna um árlegt fjártíllag, er ákveðið væri fast eitt skipti fyrir öll, og jafnframt því tíllag, er ætti að fara minnkandi að vissri áratölu liðinni, en áleit það réttara, vegna þess hversu torvelt er að hafa ljóst yfirlit yfir ástandið svo löngum tíma áður, að tíllagið væri lögákveðið fyrir til tekið tímabil, sem þó ekki mætti vera lengra en 12 ár, en að þeim tíma liðnum skyldi það á ný ákveðið með lögum, hversu mikið tíllagið seinna ætti að vera, og kvaðst fjárstjórnin þá mundi geta fallið á, að upphæð tíllagsins um þetta tímabil væri látin vera 42,000 rd. á ári. Að öðru leyti tók fjárstjórnarráðið það fram, að ekki gæti álitizt ísjárvert fyrir Íslendinga að taka að sér fjárhagsstjórn sína með þessum kjörum, og þar sem látinn hafi verið í ljósi ótti fyrir því, að það, að tíllagið að eins sè ákveðið um stundar sakir, geti ollað því, að Íslendingar kynoki sér við að leggja á sig nýja skatta til að efla framfarir landsins, þá megi ekki gleyma því, að meiri hlutinn af fjártíllagi því, sem greitt kynni verða, muni ganga til kostnaðarins við landstjórnina og til annara fyrir fallandi gjalda, en framkvæmd allra nýrra fyrirtækja verði nálega eingöngu að byggjast á því, að Íslendingar vilji sjálfir leggja fram fè til þeirra af sínum eigin efnum. Við það, sem fjárstjórnin þannig hefir tekið

fram, má enn bæta þeirri athugasemd, að uppástunga hennar um, að tillagið fyrst um sinn einungis verði ákveðið fyrir tiltekna áratölu, er samkvæmt uppástungu alþingis sjálfs í þegnlegu álitsskjali þess, dagsettu 14. dag ágústm. 1857.

Um þær uppástungur í álitsskjali nefndarinnar, sem ekki hafa teknar verið upp í lagafrumvarp það, sem hér er að framan, virðist eigi þurfa frekar að ræða eptir því fyrirkomulagi málsins, sem hér er haldið fram. Þó er eitt atriði, sem ástæða þykir að víkja á með nokkrum orðum, en það er málið um hinn íslenska styrktar eða kollektusjóð, sem fengið var nefndinni til yfirvegunar samkvæmt ósk alþingis árið 1861, og er um það rætt í 2. uppástungugrein nefndarinnar. Þar af má sjá, að allir nefndarmenn voru á sama máli um, að Ísland ætti að fá sjóð þenna til frjálsra umráða sem sérstaklega eign sína. Viðvikjandi stærð sjóðsins var meiri hluti nefndarinnar á því, að svo búið skuli standa við reikninga þá, er þegar hafa gjörðir verið, en eptir þeim var ákveðið við konungsráðsúrskurð 25. d. júlím. 1844, að sjóðurinn væri 28,165 rd. 24 sk. Minni hluti einn í nefndinni heimtar þar á móti, að nýir reikningar seu gjörðir til að finna upphæð sjóðsins samkvæmt þeim grundvallarreglum, er konungur hafi sett um stofnun hans sem geymslufjár, og byggir hann á því, að upphæð sjóðs þessa hafi við lok ársins 1799 verið 50,094 rd. 85 sk í dönskum kúranti.

Stjórnin fellst nú á álit meiri hluta nefndarinnar um þetta málefni, en það álit er samkvæmt þeirri skoðun, er stjórnin áður hefir haft á málinu og sem meðal annars var kunngjörð alþingi í konunglegri auglýsing 27. maím. 1859, og skal hér að eins tekið fram, að þar sem heimtað er, að sjóðurinn se við reistur eins og hann upphaflega var, og bætt við rentum og renturentum, og sú krafa einkum byggð á því, að fè þetta eigi að skoða sem geymslufè, sem ekki hafi mátt snerta, þá er það auðsætt af konungsráðsúrskurði 29. marzm. 1786, að tilgangurinn með að setja fèð inn í ríkisskuldaskjóðinn engan veginn var sá, að það skyldi geymt um aldur og æfi, heldur einungis að það um stundar sakir skyldi geymt og vaxtað þangað til á því þyrfti að halda til þess, sem það var ætlað til þegar það var gefið, en það var til styrks handa þeim, er liðið höfðu skaða við eldgosið, og að þess vegna mátti smátt og smátt taka til þess, eptir því sem þörf gjörðist. Það virðist því vera vitaskuld, að það fè, sem í þessum tilgangi

var greitt til bráðabyrgða úr ríkissjóðnum, átti að borgast aptur úr kollektusjóðnum, og þó það ekki væri gjört jafnóðum, virðist slíkt ekki geta veitt neinn rétt til að synja um borgunina þegar gjörðir voru upp reikningarnir milli ríkissjóðsins og ríkisskuldaskjóðsins.

Frumvarp það, sem hér er að framan, hefir samið verið í dómsmálastjórninni og byggt á uppástungum nefndarinnar og bréfum þeim, er um málið hafa verið rituð millum fjárstjórnarinnar og dómsmálastjórnarinnar; en hér skulu enn gjörðar þessar athugasemdir um frumvarpið.

Það hefir verið álitid að halda ætti málefni þessu fram á þann hátt, að fyrrgreint frumvarp væri fyrst borið undir álit alþingis og síðan lagt undir atkvæði hins danska ríkisþings. Þó nú fyrirkomulag þessa málefnis sé mjög samvaxið hinu íslenska stjórnarskipunarmáli yfir höfuð, virðist þó réttast, áður en frumvarp til stjórnarskipunarlaganna handa Íslandi sé samið og lagt fyrir fulltrúaðing Íslendinga, að fá vissu um, hvernig fjárhagsviðskiptunum millum Íslands og konungsríkisins verði fyrirkomið, með því þetta síðarnefnda málefni einnig verður að koma fyrir hið danska ríkisþing og ákvörðun þess að fást viðvíkjandi því tillagi, sem greitt yrði til Íslands úr sjóði konungsríkisins, eptir að búid væri að að greina fjárhag þess, eins og líka ríkisþingið þarf að gefa atkvæði sitt til að afsala sér því ályktunarvaldi, er það hingað til hefir haft um íslensk fjárhagsmálefni. Þegar þessi atriði eru útkljáð, er fyrst kominn tími til að leggja niður hvernig breytt verði fyrirkomulaginu á stjórn Íslands; því það er vitaskuld, að þar verður að taka tillit til þess, hver efni menn geta búizt við að hafa til umráða.

Því næst skal farið nokkrum orðum um hinar einstöku greinir frumvarpsins.

Um 1. grein.

Þar sem svo segir í niðurlagi greinar þessarar: «og önnur löggjafarmálefni, er snerta fjárhag Íslands», þá er með þessum orðum átt við hin sérstaklegu fjárlög, er snerta Ísland, t. a. m. um embættislaun, skrifstofufé og eptirlaun, og enn fremur hin íslensku verzlunarlög, sem ríkisþingið hingað til hefir gjört um.

Um 2. grein.

Lagafrumvarp þetta hefir einungis þann tilgang að leysa samband það, sem nú á sér stað millum fjárhags málefna Íslands og konungsríkisins, og að ákveða upphæð tillagsins. Reglurnar um meðferð fjárhagslaganna á alþingi, eptir að það er búið að taka að sér þann starfa, sem ríkisþingið hingað til hefir haft með tilliti til þessara málefna, eiga því heima í íslenskum stjórnarskipunarlögum, eður sérstaklegum íslenskum lögum, og hefir þótt réttast að benda á þetta í niðurlagi greinarinnar með þessum orðum: «samkvæmt þeim reglum, sem um það efni verða fyrir skipaðar».

Um 3. grein.

Ákvörðun þessarar greinar er samkvæm uppástungu þeirri, er meiri hluti nefndarinnar gjörði um það efni (5. og 6. tölul.). Minni hluti einn í nefndinni hafði stungið upp á, að tekjur þær, er Ísland framvegis skuli fá umráð yfir eigi að innibinda alla beinlinis skatta og afgjöld og af óbeinlinis sköttum mótunargjald og innlend neyslugjöld, nema af brennivíni. En stjórninni virtist réttast að fara eptir uppástungu meiri hlutans, en eptir henni á alþingi að hafa ályktunarvald bæði um allar þær tekjur, sem nú eru greiddar af Íslandi, og um þær álögur, er síðar kunna að verða fyrirskipaðar í þarfr landsins.

Um 4. grein.

Ákvörðun þessarar greinar um, hver gjöld Íslandi skuli bera, er samkvæm uppástungu nefndarinnar um það efni (7. tölul.) en sú uppástunga virðist vera í samhljóðun við eðli málsins.

Um 5. grein.

Ákvörðun þessarar greinar hefir verið tekin upp í frumvarpið eptir uppástungu fjárstjórnarinnar, og hefir það stjórnarráð álitid haganlegast, að þessu atriði málsins væri þannig skipað.

Um 6. grein.

Um þessa grein skal skýrskotað til 7. uppástungugreinar nefndarinnar 2. kafla og 10. uppástungugreinar, en að öðru leyti

þykir ekki þörf á að tilfæra neinar sérstaklegar ástæður fyrir greininni.

Um 7. grein.

Um ástæðurnar fyrir ákvörðuninni í þessari grein skal skýrskotað til hinna almennu athugasemda hér að framan um þau atriði, er þar að lúta.

Álitsskjöl

nefndar þeirrar, er skipuð var með allrahæstu erindisbræfi 20. septembermánaðar 1861 til að segja álit sitt og gjöra uppástungur um fyrirkomulag á fjárhagssambandinu milli Íslands og konungsríkisins.

1. Aðalálitsskjal nefndarinnar.

Með allrahæstu erindisbræfi, er út kom frá dómsmálastjórninni 20. septemberm. f. á., var oss undirskrifuðum boðið að ganga í nefnd til að segja álit vort um og gjöra uppástungur um fyrirkomulag á fjárhagssambandinu milli Íslands og konungsríkisins. Eptir að Vær nú höfum átt með oss fundi um málefni þetta og rætt það á þeim, og skrifleg skjöl auk þess hafa farið um það milli sumra af nefndarmönnum, höfum vér komizt að þeim niðurstöðuatriðum, sem nú skal frá skýrt:

Niðurstöðuatriði þessi bera með sér, að nefndinni eigi hefir heppnast að koma sér saman um sameiginlega uppástungu í öllum aðalgreinum málsins, heldur hefir hún skipzt í þrjár deildir, og hver þeirra fyrir sig samið sínar uppástungur og fært ástæður fyrir. Álitsskjöl þessi fylgja hér með; er hið fyrsta auðkennt «nr. 1» og eru í því uppástungur Stephensens etazráðs og Tschernings ofursta, hið annað «nr. 2 a og b», og eru í því uppástungur Nutzhorns jústizráðs og Bjerrings prófessors, og hið þriðja «nr. 3 a og b» og eru í því uppástungur Jóns skjalavarðar Sigurðssonar.

Áður en skýrt sè frá uppástungum þessum, leyfir nefndin sér að geta þess, að orsökina til þess, að nefndarmenn skiptust í þrjár deildir, svo sem fyrr er á vikið, var sumpart sú, að skoðun þeirra var ólík um þá undirstöðu, er ætti að byggja á, þá er málefni þessu væri skipað fyrir fullt og allt, sumpart sú, að mismunur var

á áliti þeirra um stöðu Íslands, og er því ekki að eins verulegur munur á þeirri niðurstöðu, sem deildir nefndarinnar hafa komið að, heldur og á ástæðum þeim, sem þær hafa byggt á.

Stephensen og Tscherning álíta, að byggja eigi á því ástandi, sem nú á sér stað, og hafa fyrir augum sér stöðu Íslands eins og hún nú er, en eftir henni hefir landið sérstaklega löggjöf í sínum eigin málum (alþingi), og að nokkru leyti sérstaklega stjórn (hin íslenska stjórnardeild), en er hins vegar á einkennilegan hátt samtengt við konungsríkið, og á það einkum við um fjárhagsmálefni þess, en aptur á móti er samband þess við alríkið enn óákveðið sökum vanmáttar þess til að leggja fê til almennra ríkisþarfa.

Hinir þrír nefndarmennirnir fallast og á það með þessum tveim, að ómögulegt sé að semja eiginlegan reikning um skuldaskipti Danmerkur og Íslands, en Nutzhorn og Bjerring skilja stöðu Íslands á þann hátt, að hún sé blandaðs og einkennilegs eðlis, með því landið sé í sérstaklegu sambandi við konungsríkið, en sé þó einn hluti af alríkinu, án þess að leggja neitt til almennra ríkisþarfa, og álíta þeir, að þegar að greindur sé fjárhagur þess og konungsríkisins, þá geti verið ástæða til að borga því aptur, sem sérstakar tekjugreindir þess, það fê, sem til er greint að fyrrum hafi fengið fyrir seldar jarðir á Íslandi, en að öðru leyti eigi að eins að veita því um stundarsakir ákveðinn styrk, til þess að hin sérstaklega stjórn landsins, áður sá tími sé liðinn, þá er sá styrkur ætti að hætta, geti útvegað þau efni, sem þurfa til þess, að landið geti borið sín eigin gjöld; þessir nefndarmenn álíta, að réttarkröfum Íslands sé að vísu fullnægt eins og staða þess er nú, en taka tillit til viðburða, er heyra til eldra réttarástandi á landinu, og láta þá hafa áhrif á ákvarðanirnar um ástand þess um ókominn tíma.

Sigurðsson byggir skoðun sína um stöðu Íslands á sögulegri rannsókn um stöðu þess í ríkinu frá þeim tíma, er landsmenn gjörðu sáttmála við Noregs konung árið 1262. Eftir hans skoðun á stöðu landsins álitur hann, að þegar fjárhagurinn sé að skilinn, þá eigi að greiða Íslandi sem eign þess svo mikið fê, sem samsvari hinu sanna verði þeirra eigna, er Ísland hefir átt en fargað hefir verið og andvirði þeirra runnið inn í ríkissjóðinn; svo og ákveðið fê í notum verzlunareinokunar, er átt hefir sér stað á Íslandi, og skuli það fê reiknað sem nokkur hluti af hreinum ávinningi af verzluninni. Þessi nefndarmaður álitur, að Ísland sé ríkishluti, er hafi við haldið sjálfsforræði byggðu á rétti, að eins

hafi sjálfsforræði þessu í verkinu verið misboðið í sumum málefnum og um stundarsakir, og vill hann að fyrirkomulagið um ókominn tíma sé byggt á þeirri réttarstöðu, sem hann þannig telur landið eiga, og að því að öðru leyti sé hagað samkvæmt sérstaklegu ástandi Íslands.

Þó nú þessi munur hafi verið á álit nefndarmanna og nefndin þess vegna hafi skipzt í þrjár deildir, þá hafa þeir eigi að síður allir getað orðið fullkomlega á eitt sáttir um ýmisleg atriði, eins og betur mun sjást af því, sem á eftir kemur.

Nú er vèr skulum skýra frá hinum sérstaklegu uppástungum vorum, og um leið gjöra grein fyrir álit hinna einstöku deilda í nefndinni um hverja uppástungu fyrir sig, skýrskotum vèr til álitsskjala vorra, þeirra er að ofan eru nefnd, viðvikjandi ástæðum þeim, er vèr höfum tilfært fyrir uppástungum vorum, og nákvæmari útlistun hinna einstöku atriða.

1. Allir nefndarmenn eru á því, að aðskilnaður á fjárhag Íslands og konungsrikisins, sem þeir allir álíta gagnlegan, verði að hafa í för með sér, ef hann eigi að koma Íslandi að notum, verulega breyting á stjórnarfyirkomulagi Íslands; ætti yfirstjórn landsins, að nefndarinnar álit að vera í landinu sjálfu, fremur en nú er, og fá svo mikið vald í hendur, að hún geti komið fram með tilhlýðilegri ábyrgð og afli gagnvart alþingi (en nefndin er samhuga á því, að þingið ætti að öðlast löggjafarvald í fjármálum) og embættismönnunum á Íslandi.

2. Allir nefndarmenn eru ásáttir um, að Ísland eigi að fá til frjálsra umráða hinn íslenska styrktarsjóð, er stofnaður var með konungsráðsúrskurði 25. júlím. 1844, og hefir verið og er enn álitinn að vera sérstakleg eign Íslands; en ágreiningur er um, hvernig reikna beri upphæð sjóðsins. Bjerring, Nutzhorn, Stephensen og Tscherning fara í þessu efni eftir þeim reikningi, sem búið er að gjöra, eins og sá reikningur kemur fram í skýrslum þeim, er nefndin hefir fengið með bræfi dómsmálastjórnarinnar 17. janúarm. þ. á., og það er því álit þeirra, að konungsríkinu geti með engu móti gjörzt að leggja neitt fram til sjóðs þessa. Sigurðsson heimtar þar á móti, að gjörður sé nýr reikningur til að finna hina réttu upphæð sjóðsins, sem einnig er kallaður «hinn almenni kollektusjóður», samkvæmt grundvallarreglum þeim, er konungur hafi ákveðið, þá er hann hafi stofnað sjóðinn sem

geymslufè, er 31. desemberm. 1799, var að upphæð 50,094 ríkisdalir 85 sk. í danskri kúrantmynt.

Sigurðsson stingur upp á, að Ísland fái hinar svo kölluðu mjölbætur, sem sérstaklegan sjóð, að upphæð 7,500 rd. Hinir fjórir nefndarmennirnir geta eigi fallizt á þessa uppástungu: Bjerring og Nutzhorn fyrir þá sök, að þeir ekki kannast við, að Ísland eigi neina heimting á þessu fè. Stephensen og Tscherning fyrir þá sök, að endurgjald fyrir sjóð þenna er fólgið í því hinu fasta árgjaldi, sem þeir stinga upp á, að Íslandi verði greitt, og síðar skal tilgreint.

4. Fjórir af nefndarmönnum: Bjerring, Nutzhorn, Stephensen og Tscherning, eru ásáttir um, að Ísland hvorki nú geti lagt fram svo mikið fè, sem þarf til að framkvæma stjórn landsins m. m., nè heldur muni bráðlega verða fært um það, og þess vegna beri, þegar fjárhagsaðskilnaðurinn á sér stað, að veita því hæfilegt fè til þessa, en ágreiningur er um, hversu mikið fè þetta eigi að vera. 1. deild nefndarinnar, Stephensen og Tscherning, stingur upp á að veita ævarandi árgjald, að upphæð 29,500 rd., og um tiltekinn tíma 12,500 rd. tillag á ári, og skyldi það að 10 árum liðnum minnka um 500 ríkisdali á ári. 2. deild nefndarinnar Bjerring og Nutzhorn, stingur upp á ævarandi árgjaldi, að upphæð 12,000 rd., og um tiltekinn tíma 30,000 rd. tillagi á ári, er að 6 árum liðnum skyldi fara minnkandi um 2,000 ríkisdali á ári. 3. deild nefndarinnar, Sigurðsson, álitur þar á móti, að Ísland eigi nægileg efni, ef því ekki sé synjað um sanngjarnlega metnar bætur fyrir hinar sérstaklegu þjóðeyðingar þess, er það hafi misst, og fyrir of miklar álögur er á það hafa verið lagðar með verzlunareinokuninni; en eptir hans reikningi á endurgjald þetta að vera fólgið í fêbótum, er svari til árgjalds að upphæð 119,724 rd. 92 sk.

5. Allir nefndarmennirnir eru ásáttir um, að þær tekjugreindir, sem nú eru taldar Íslandi, skuli og framvegis renna inn í sjóð Íslands með þeirri upphæð, sem þær hafa á ári hverju. Sigurðsson, Stephensen og Tscherning eru þar að auki á því, að Ísland eigi að fá endurgjald fyrir tekjur þessar, ef það missi þeirra eptir lagaákvörðunum, sem hið sérstaklega íslenska löggjafarvald ekki á neina hlutdeild í.

6. Tscherning álitur, að tekjur þær, er Ísland framvegis skuli fá umráð yfir, eigi að innibinda alla beinlínis skatta og afgjöld t. a. m. af fasteign, fè, tekjum (þar á meðal tíund), erfðagjöld, gjöld

af eignarsölu, réttartekjur, atvinnuskatt m. m., og af óbeinlínis sköttum: mótunargjald og innlend neyslugjöld nema af brennivíni. Aptur á móti álíta Bjerring, Nutzhorn, Sigurðsson og Stephensen, að ákvarða eigi löggjafarvald það í fjármálum, sem alþingi er veitt, á þann hátt, að það nái yfir tekjur af óseldum konungsjörðum á Íslandi og af ógoldnu kaupverði seldra jarða, og alla beinlínis og óbeinlínis skatta og afgangi, sem nú hvíla á Íslandi og á hinni íslensku verzlun, eður seinna kunna að verða fyrir skipuð (Bjerring, Nutzhorn og Sigurðsson bæta við: með samþykki stjórnarinnar og alþingis).

6. Nefndin er á eitt sátt um, að heyra skuli undir hið sérstaklega íslenska löggjafarvald og greiðast úr sjóði Íslands öll gjöld, er eigi snerta konungsborð og lífeyri konungsettarinnar, stjórnarráð konungs, ríkisráðið, ríkisskuldarnar, eptirlaunamál alríkisins, utanríkismálefni, herliðið, sjóliðið og fjárhagsmál alríkisins, heldur snerta hið sérstaklega fulltrúalögmál Íslands, fjárhag þess, þar á meðal eptirlaun embættismanna, innanlandsstjórn, dómstóla, læknaskipun, sakamannahús, prestastétt, skólamálefni og yfir höfuð öll þau málefni, sem eptir takmörkunargrundvallarlögum konungsríkisins eru talin sérstakleg.

Eptir uppástungu Stephensens og Tschernings ber eigi að telja nein af þeim gjöldum, er snerta stjórnina í höfuðstaðnum, meðan hún heyrir undir stjórnarráð konungsríkisins, með þeim gjöldum, er Ísland tekur að sér. Eptir uppástungu Bjerrings, Nutzhorns og Sigurðssonar á Ísland einnig að bera þessi gjöld, og er svo nákvæmar tiltekið í uppástungu Sigurðssonar, að stjórn þessari verði hagnað til með sameiginlegu samþykki konungs og alþingis, og í uppástungu Bjerrings og Nutzhorns, að gjöldin verði greidd úr sjóði konungsríkisins meðan Ísland fær bráðabyrgðarstyrk þann, er þeir hafa stungið upp á, en eptir að sá tími er liðinn, þá skuli Ísland takast á hendur gjöld þessi þannig, að það fyrsta árið greiði einn fjórða part þeirra, annað árið helming, þriðja árið þrjá fjórðu hluti, fjórða árið og svo upp frá því öll gjöldin.

8. Nefndin er á eitt sátt um, að ákvörðunin um fjártillagið sé gjörð í því formi, er beri með sér, að hún sé órjúfanleg. Sumir af nefndarmönnum hafa því álitnið, að réttast væri að fæ það, er Íslandi yrði veitt sem ævarandi tillag, væri tilfært sem ríkisskuldur, er lánardrottinn eigi má upp segja, og að því væru út gefin óuppsegjanleg ríkisskuldabréf fyrir fæ þessu.

9. Nefndin er á eitt sátt um, að Íslandi sé skylt að leggja fê til almennra ríkisparfa (en eptir álití Bjerrings og Nutzhorns ber eigi að heímta, að skylda þessi sé upp fyllt); aptur á móti var ágreiningur um, hverjar þær ríkisparfir séu, sem Íslandi sé skylt að leggja fê til, um það, hvernig ákveða ætti slíkt tillag, og um hvenær fara ætti að greiða það. Bjerring, Nutzhorn, Stephensen og Tscherning álíta, að til almennra ríkisparfa eigi hér að telja það, sem þar til heyrir eptir ákvörðunum grundvallarlaganna. Stephensen og Tscherning álíta enn fremur, að Íslandi sé skylt að borga sinn hluta af tillagi því, sem ákveðið er í fjárlögum alríkisins, að ríkishlutarnir skuli greiða, eptir þeim reglum, sem um það efni yrðu settar, en þó í hæsta lagi eptir sömu reglum, sem hinir ríkishlutarnir. Þeir álíta og, að áskilja eigi stjórnarvaldinu rétt til, eins og gjört hefir verið fyrir hina ríkishlutana, að gjöra þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til að ákveða upphæð tillagsins og tímann, þá er fara eigi að greiða það, og eins réttindi þau, er því fylgja, til að senda fulltrúa á alríkisþing. Þessir tveir nefndarmenn álíta og, að landvarnarskylda og ýmsar kvaðir heyri til þess, er alríkið geti heímtað með löggjafarvaldi sínu, en þó svo, að Ísland eigi sjálft með að ákveða, á hvern hátt slíkar skyldur verði uppfylltar. Á hinn bóginn álíta þeir, að öll þau atriði, er að þessu lúta, að líkindum um mörg ár munu í raun og veru verða þýðingarlaus.

Uppástunga Sigurðssonar um skyldu þá, sem hér er um rætt, lýtur að því, að frá þeim tíma, að árgjald það, er hann hefir stungið upp á, eður meira, verði borgað, þá skuli Ísland árlega leggja til almennra ríkisparfa 20,000 ríkisdali.

10. Það er álit Stephensens og Tschernings, að halda eigi áfram gufuskipsferðunum til Íslands án kostnaðar fyrir landið. Bjerring og Nutzhorn álíta, að kostnaðurinn til þessara ferða eigi að greiðast á sama hátt og kostnaðurinn til hinnar íslenzku stjórnar í Kaupmannahöfn. Því var hreíft, hvort eigi bæri að álíta, að mál-efni þetta að réttu lagi heyrdi til hinna almennu póstmálefna ríkisins. Sigurðsson álitur, að alþingi beri að hafa atkvæði með í þessu máli, þannig að það að sínu leyti fái rétt til að taka þátt í ákvörðunum um fyrirkomulag þess.

11. Stephensen og Tscherning stinga upp á, að ríkisreikningurinn, sem á að gjörast kunnur almenningi, að því er Ísland

snertir, eins og að undanfögnu, heyri undir ríkisreikningsrannsókn konungsríkisins.

12. Það er álit nefndarinnar, að þegar ráðstafanir þær, sem að ofan er um rætt, komast á, skuli öllu fjárhagssambandi milli Íslands og konungsríkisins slitið, þó með þeim undantekningum, sem fljóta af eðli hlutarins, og að löggjafarvald konungsríkisins upp frá sama tíma eigi að hætta að hafa nein afskipti af fjárhagsmálefnum Íslands, og skuli allar reikningskröfur út af fjárhags-sambandinu burt falla.

Sigurðsson stingur upp á (sjá fylgiskjal nr. 4), að nefndin skori á stjórnina um að koma sem fyrst á ýmsum endurbótum á hinn umboðslegu stjórn landsins, er miklu varða. Hinir nefndarmennirnir álíta, að það heyri ekki til ætlunarverki nefndarinnar að bera fram slíka áskorun fyrir stjórnina, og þeir geta því ekki fall-
izt á uppástungu þessa, bæði af þeirri ástæðu, er nú var sagt, og af þeim ástæðum, sem nákvæmar eru útlistaðar í 5. fylgiskjalinu með álitsskjali þessu. Sumum af nefndarmönnum virðist þó vera ástæða til að láta í ljósi þá ósk, að stjórnin sem fyrst hlutist til um að gjöra þann undirbúning, er kynni virðast nauðsynlegur til að greiða veginn fyrir og skýra fyrir sèr endurbætur þær, sem hær er um rætt.

Nefndin hefir þannig með uppástungum þeim, sem að ofan er frá skýrt, leitazt við að leysa af hendi ætlunarverk sitt, og leyfir sèr, um leið og hún sendir þetta álitsskjal sitt með fylgiskjöllum þeim, sem að framan er til vitnað, að senda einnig skýrslur þær og skjöl, er hún hefir haft við að styðjast auk hinna prentuðu fjárlaga og fjárhagsáætlun.

Kaupmannahöfn, 15. dag júlímánaðar 1862.

*A. F. Tscherning. Oddg. Stephensen. Vilh. Bjerring. C. Nutz-
horn. Jón Sigurðsson.*

Til
dómsmálastjórnarinnar.

Þegar um það er að gjöra, eins og hér á sér stað, að finna þann grundvöll, er byggja skuli á fjárhagsaðskilnað Íslands og konungsríkisins, þá er, ef til vill, réttast að athuga fyrst, hvernig málefni þetta hefir verið skoðað að undan förnu, þá er áþekk hugsun hefir vakað fyrir stjórninni, en það hefir einkum verið í hvert það skipti, er hún hefir gjört alvarlega tilraun til að fá ljósa og greinilega þekking á fjárhag ríkisins; hér kemur því einkum til yfirvegunar fjárhagsáætlunin fyrir árið 1841, er út kom 11. apríl það ár, ásamt hinnu föstu fjárhagsáætlun (Normalbudget) er við hana var tengt, og því næst frumvarp það, er lagt var fyrir fyrsta ríkisþingið, til fjárlaganna fyrir árið frá 1. apríl. 1850 til 31. marzm. 1851.

Fyrir hina undan förnu tíð fyrir árið 1841 hafði það þegar optar verið tekið til yfirvegunar, hvort ekki mætti koma því til leiðar, að tekjurnar af Íslandi gætu hrokkið fyrir gjöldum þess, en menn höfðu komizt að raun um, að sérhver tilraun í þessa átt yrði árangurslaus, ef menn að eins vildu halda sér til þeirra tekja og tekjustofna, er voru fyrir hendi, en ekki stofna nýjar tekjur með því að taka úr ríkissjóðnum það, fæ sem fyrrum hafði runnið inn í hann frá Íslandi, og leggja það aptur til Íslands; en þetta var álitid rangt og ógjörandi. Af þessu hefir það að líkindum leitt, að þegar búin var til föst fjárhagsáætlun árið 1841 fyrir hina hluta ríkisins, þá var ekki einu sinni reynt að búa til slíka áætlun fyrir Ísland, heldur létu menn sér nægja fyrst um sinn að viðurkenna, að nauðsyn væri á 15,000 ríkisdala tillagi á ári, en jafnframt var lýst yfir þeirri von, að heppnast mætti að finni aðra tekjustofna, er fengizt gæti af

fé í gjöld þessi. Í þessu tillagi var ekki talinn með kostnað-
urinn til þess hluta af stjórninni, er til var vegna hinna íslensku
mála, og eigi heldur eptirlaun, er snertu íslenska embættismenn.
Að þessir 15,000 ríkisdalir voru hið minnsta, er ráð varð fyrir
gjört, og að engin útsjón var til að koma því til leiðar, að Ísland
gæti sjálft borið gjöld sín, sèst bezt af því, að tillagið óx hin
eptirkomandi ár í stað þess að fara minnkandi. Í fjárhagsáætl-
uninni fyrir árið 1847 hafði verið gjört ráð fyrir að tillagið yrði
40,000 rdl., en á þessu ári varð að leggja til 49000 rdl. Í fjár-
hagsáætluninni fyrir 1849 var gjört ráð fyrir 36,000 rdl. tillagi

Því næst höfum vèr til greina tekið þann tíma, þá er samin
var sú fjárhagsáætlun, er lögð var fyrir þing hið fyrsta skipti eptir
að stjórnarskipunin frá 5. júní 1849 var komin á; og nær sú
áætlun yfir fjárhagsárið frá 1. aprilm. 1850 til 31. marzm. 1851.
Í henni er fjárhags aðskilnaði Íslands fyrst um sinn sleppt; tekjurnar
af Íslandi eru til færðar, sem grein í hinum almenna tekjubálki,
og gjöld Íslands sem liður í gjaldabálkinum. Gjöldin eru til færð
með 46,203 rdl., 72 sk. en tekjurnar með 28,220 rdl. og er því
það sem til brestur 17,983 rdl. 72. sk. Bæði tekjur og gjöld er
nákvæmlega tilgreint. Meðal tekjanna eru reyndar ýmsar greinir,
sem hækka mætti, ef betra skipulag kæmist á skattamál Íslands,
en aptur á móti eru ýmsar tekjugreinir, er hljóta að fara smám
saman minnkandi, og jafuvel falla burt, t. a. m. það sem til fært
er fyrir leigur og borgun af kaupverði seldra jarða. Meðal gjald-
anna eru fá, sem búizt verður við að lækki, nema ef til vill ef
breytt væri öllu hinu innra stjórnarfyrríkomulagi á Íslandi. Flestir
gjaldliðirnir eru laun embættismanna, er þegar voru álitin of lág
árið 1850, og hefir öðru hverju síðan verið beðið um viðbót við
þau, eptir því sem laun embættismanna í konungsríkinu hafa verið
hækkuð.

Að öðru leyti ber frumvarpið til fjárlaganna fyrir árið
1850—51 þess vott, að menn hafi haft fyrir augum í ýmsum
greinum að koma á nokkurs konar samhljóðun við það, sem á sèr
stað í konungsríkinu; þannig virðist, að þar sè undirbúin að-
greining milli þess fjár, sem gengur til kostnaðarins við hinar
lærðu menntunarstofnanir, og annara gjalda; því í einni af athuga-
semdunum við frumvarpið er gjörð grein fyrir, hvernig fengizt
geti fé til þeirra gjalda, sem stungið er upp á í þessu skyni, en
það voru 10,800 rd.

Um það fè er gjörður sá reikningur, er nú skal frá skýrt:	
Svo kallað endurgjald fyrir seldar Skálholts og Hólastóls jarðir,	
konungsúrskurður 12. apríl 1844	5,380 rd.
Viðbót eptir konungsúrskurði 24. apríl. 1846	2,400 —
	7,780 rd.
Eptir konungsúrskurði 21. maím. 1847 er greitt til	
menntunarstofnunar þeirrar, er sett er í Reykjavík	
handa prestaefnum	2,400 —
Tíundir af Skagafjarðar og Eyjafjarðarsýslum	520 rd.
Afgjald af Bessastöðum	100 —
	620 —
(Þessir 620 rd. eru taldir með tekjunum).	

alls 10,800 rd.

Það er auðsèð, að sú skoðun, sem liggur til grundvallar fyrir þessu, er, að andvirði það, er feugizt hefir fyrir seldar stólsjarðir, eigi að vera sjóður handa skólanum, með töluverðri viðbót, er ákveðin hafði verið með sérstaklegum konungsúrskurðum; en þetta er auðsjáanlega að eins önnur aðferð til að skjóta því til, er á brestur til nauðsynja skólanna.

Í hinum sömu athugasemdum er varað við að draga ekki ályktanir Íslandi í óhag af því, að konungsríkið þurfi stöðugt að leggja því fè, er menn ekki megi gleyma því, hversu mikið band það, sem þá lá á verzluninni, kunni að gagna verzlunarstétt konungsríkisins, en skaða Ísland.

Í þessu tillagi, nálega 18,000 rd., sem ætlaðt var á, að þurfa mundi árið 18⁵⁰/₅₁ eru hvorki talin eptirlaun eður kostnaðurinn við stjórn landsins í Kaupmannahöfn.

Þegar í fljótu bragði er litið á efnahag landsins, og yfirvegað, að hve miklu leyti nauðsyn sè á hinu árlega tillagi, þá ber þess að gæta, að í áætluninni eru hvorki talin laun hinna mörgu embættismanna andlegu stèttarinnar nè heldur laun sýslumanna, með því laun þessi eru borguð með tekjum, er hlutaðeigendur sjálfir heimta af gjaldþegnum; þó eru talin með laun byskups og nokkur styrkur til launa handa sýslumanninum í Vestmannaeyjum og í gullbringu- og Kjósarsýslu. Þær álögur, sem fyrir þetta hvíla á gjaldþegnum, eru eigi all-litlar.

Jafnframt því að það hefir verið ósk stjórnarinnar, eins og áður er sagt, að koma því til leiðar, að Ísland gæti sjálft tekið að sèr sín eigin gjöld og greitt það fè, er þar til þyrfti, hefir

Þetta málefni einnig komið fram á hinu íslenska alþingi. Óvissa sú, regluleysi, skortur á hagkvæmri reikningsfærslu, og á því, að reikningarnir yrðu almenningi kunnir, sem loðað hefir við hin dönsku fjárhagsmálefni þangað til fyrir 20 árum síðan, ásamt nokkuð einstrengingslegri skoðun á fjárhagsviðskiptum Íslands og konungsríkisins, sem einkum á síðari tímum hefir rutt sér til rúms á Íslandi, hefir leitt til þess, að frá Íslands hálfu hafa getað komið fram ýmsar kröfur til fjár, er þessi landshluti ætti að eiga heinting á fyrir fram, áður en þess yrði krafist, og hann gæti verið fús á að taka að sér gjöldin til sinna sérstaklegu mála. Frá hvorugum málspartanna hefir eiginlega í alvöru verið farið út í vissa talnastærð, sem ekki heldur var von, þar sem sinn byggði á hvorum grundvelli í skoðunum sínum.

Frá stjórnarinnar hálfu var Ísland skoðað sem einn hluti ríkisins, er eftir efnum ætti að hafa tekið þátt í, og framvegis taka þátt í útgjöldunum til sameiginlegra ríkisparfa. Tekjurnar af einokunarverzluninni, andvirði hinna óseldu konungsjarða og ýmislegt fê, sem upphaflega var eign Íslands m. m. hrekkur eftir þessari skoðun varla fyrir þeim hluta ríkisgjaldanna, sem Ísland að tiltölu hefði átt að bera á þeim tímum, þegar ríkið var í miklum vandræðum og varð að sæta þungum kjörum og miklum álögum. Það hefði naumast verið unnt að fá frá Íslandi það fê, er það, þegar svona stóð á, hefði átt að leggja til almennra ríkisparfa; menn hafa því tekið til þeirra meðala, er þá voru tíðkanleg, til að fá tekjur handa ríkissjóðnum. Meðan lagt var einokunarband á verzlunina til hagnaðar fyrir ríkissjóðinn, og töluverðar tekjur fengust á þann hátt, létu menn sér þetta nægja, en gættu ekki hins, hversu mikils tjóns það kynni að olla Íslandi, án þess ríkið fengi svo miklar tekjur, er því svaraði. Snemma hafa menn að líkindum séð fram á, að Ísland væri ekki fært um að leggja svo mikið, sem því bæri, til almennra ríkisparfa, jafnframt og það ætti að bera sin eigin gjöld; þess vegna þótti eigi heldur til neins að hafa í ríkisreikningunum sérstaka reikningsgrein handa Íslandi á þann hátt, að það nú sé unnt að gjöra, þótt ekki væri nema nokkurn veginn nákvæmlega grein fyrir fjárhagsstöðu Íslands í samanburði við hin önnur lönd konungsins, þegar rekja ætti málið frá eldri tímum. Þegar það form var komið á ríkisreikningana, að greina þurfti sundur hina sérstöku liði þeirra, þá varð mönnum ljóst það, sem áður hafði verið óljós

grunur um, að Ísland þegar um mörg ár ekkert hefði lagt til almennra ríkisparfa annað en það, sem tekið hafði verið af konungsjörðunum á Íslandi og gengið hafði til ríksskuldanna, en að landið þar á móti þurfti töluvert árlegt tillag til þess það gæti borið sín eigin gjöld. Frá stjórnariunar sjónarmiði virtist því eiginlega ekki vera ástæða til að skila neinu aptur og menn finnduðu sig á, að Ísland skyldi eigi geta borið sín eigin gjöld, Þegar það öldungis ekkert greiddi til almennra ríkisparfa, eins og það nú eigi gjörði.

Frá Íslendinga hálfu hafa menn skoðað stöðu landsins svo, að það að vísu væri undir krónunni en a sjerstaklegan hátt, þannig að Ísland að eins ætti að greiða sín eigin gjöld, svo að allar þær tekjur af Íslandi, er varið hefði verið til almennra ríkisparfa, í raun rætti að eins ættu að álítast sem lán, er bæri að endurgjalda landinu, áður en það aptur tæki að sér stjórn sína á eigin kostnað, og þó landið eigi hafi skorast undan þeirri skyldu að leggja fé til almennra ríkisparfa, þá virðist svo, sem menn hafi ekki gjört sér skýra grein fyrir, hversu mikið fé þyrfti að útvega til þessa, jafnvel þó farið væri sem línast í reikningana.

Að rima þessar tvær skoðanir saman er ógjörningur.

Ef farið væri eptir fyrri skoðuninni, þá yrði að gjöra slíkar ráðstafanir, að Ísland í fyrsta lagi legði að sínu leyti fé til almennra ríkisparfa, og í öðru lagi bæri sín eigin gjöld. En ríkisstjórnin hefir sýnt, að hún hafði ekki hugsað sér að koma þannig fram áformi sínu; hún hefir með athöfnum sínum sýnt, að hún álítur slíka aðferð ómögulega, með því hún eptir að hún var orðin sér meðvitandi um það áform, að hún ætlaði að láta Ísland vera ríkishluta út af fyrir sig, að því er fjárhaginn snertir, ekki einungis hefir orðið að fara á mis við tillag frá laudinu til almennra ríkisparfa, og það jafnvel frá þeirri uppsprættu, þaðan sem þess var ríkulegast von af óbeinlínis tekjum, en það var af verzlunarbanninu, heldur hefir hún og, þó gætt hafi verið skynsamlegrar sparsemi, orðið að leggja til kostnaðarins við sérstakleg málefni Íslands svo mikið fé á ári hverju, sem að ofan er greint.

Ef farið væri eptir hinni annari skoðuninni, hinni íslenzku, þá kæmust menn í torfærur miklar, sem jafnvel gætu orðið hættulegar í stjórnlegu tilliti, er menn yrðu að fara inn í umliðinn tíma og ónýta stjórnarákvarðanir og stjórnarráðstafanir, sem mennu að eins þekkja mjög óglögg, og yrði þá sumpart að fara eptir

ágezkun, án þess að nú sé hægt að gjöra sér grein fyrir þýðing þeirra. Með þessu móti gæti því ekki einu sinni fengizt þólanlega réttur reikningur um skuldaskiptin við Ísland, og þessi aðferð gæti haft slík eptirköst, er ekki yrði fyrir séð, þó ekki væri vegna annars en þeirrar grundvallarreglu, sem leidd yrði út af þessu og heimfærð upp á önnur málefni, og gæti þetta leitt til mikillar hættu fyrir ríkið. Ísland mundi á hinn bóginn ekki hafa verulegt gagn af, að fænu væri þannig aptur skilað, því þá lægi fyrir landinu sú skylda að taka jafnhliða þessu þátt í almennum ríkis-útgjöldum, og til þess mundi að öllum líkindum ganga allt það fæ, er landið fengi á þenna hátt, þó það væri ríflega úti látið.

Að voru álitu verður komizt hjá báðum þessum afvegum, með því að líta á málið eins og það nú er, og halda áfram í þá stefnu, sem nú er komin á það, en láta alþingi koma í staðinn fyrir ríkisdaginu, að því er snertir atkvæði um sérstakleg gjöld Íslands og fæ það, er til þeirra þarf, og yrði þá að veita landinu þann styrk til þessa, er reynslan hefir sýnt að nauðsyn er á, að því leyti efni þess sjálfs ekki hrökkva til. Það verður nú því ætlunarverk nefndarinnar að meta, hversu mikill styrkur þessi eigi að vera.

Oss hafa ekki dulizt þær mótbárur, er frá Íslands hálfu koma fram móti því að útkljá málið á þenna hátt; menn segja að það sé af handa hófi, og að réttar kröfur landsins um endurgjald fyrir seldar þjóðjarðir og klaustragóz ekki með þessu móti séu uppfylltar. Þeir hljóta eflaust allir að játa, að ómögulegt sé að búa til nákvæman reikning um öll fjárhagsviðskipti Íslands og Danmerkur, þegar lítið er á málið frá þessari hlið, og á hinn bóginn verður því eigi neitað, að uppástungur vorar um úrslit málsins eru byggðar á því, sem nú á sér stað, það er að segja, ástandi því, sem nú er, eins og það hefir myndast um langt tímabil, eigi af tilviljun heldur af nauðsyn og eptir skynsamlegri íhugun. Menn skyldu því halda, að ekki yrði kosin nein undirstaða til að byggja á, er síður sé af handahófi. En hvað að öðru leyti snertir kröfur þær, er nú voru nefndar, þá hyggjum vèr, að við hið fasta tillag, sem vèr munum stinga upp á, sé svo sem vera ber haft tillit til þess, sem helzt getur komið til greina í þessu efni, þegar jafnframt er höfð hliðsjón af því, hvernig ástatt er í konungsríkinu; þannig er t. a. m. haft tillit til þess fjár, sem er lagt til skólans

fyrir seldar jarðir, með því ætlað er fè til allra gjalda til skólanna í hinu fasta tillagi, og stjórnin getur því, eptir samkomulagi við alþingi, lagt nokkurn hluta af hinu fasta tillagi til skólans, sem sérstakan sjóð.

Gegn þeim mótbárum, sem koma fram á hinn bóginn, að tillag það, er vèr stingum upp á, sè of hátt, skulum vèr gjöra þessar athugasemdir.

Kröfunum um endurgjald fyrir Skálholts- og Hólastóls-jarðir og tillag það á ári hverju, sem skólanum hefir verið ætlað, alls 10,800 rd., verður að vorri hyggju varla neitað. Vilji menn, að Ísland takizt á hendur að borga eptirlaun embættismanna, þá er þetta aptur byrði, sem á rót sína í því stjórnarfyriřkomulagi, er skipað var á þeim tímum, þegar Ísland nálega ekkert atkvæði átti í lögjafarvaldi því, er landinu røð; en við þetta stjórnarfyriřkomulag getur það ekki losazt um langan tíma, og meðan það stendur, verður því samfara hin sama byrði, og er það nú yfir 9,000 rd. á ári. Hin kostnaðarsama stjórn á Íslandi verður ekki fyrst um sinn takmörkuð, og að því leyti sem það yrði gjört bráðlega, þá væri það með því að auka upphæð eptirlaunanna. Til að fá hugmynd um, hvernig ávallt fer vaxandi kostnaðurinn við stjórn Íslands, þarf ekki annað en athuga, að að eins kostnaðurinn til skólanna hefir síðan 1850 vaxið um hær um bil 6,000 rd. í föst útgjöld fram yfir áður greinda 10,800 rd. Það fè, sem hær hefir verið talið, nær langt upp í hið fasta tillag, sem hær á eptir mun verða stungið upp á; mun og verða sýnt fram á, að það fyrirkomulag, sem ríkisstjórnin hefir sett, að mestu leyti án þess Ísland hafi átt nokkurn þátt í því, muni enn fremur útheimta töluvert fè.

Ef menn nú gætu leitt ljós rök að því, að Ísland innan fárra ára gæti fundið þær auðsuppsprettur í landinu sjálfu, að tekjur þess hækkðu, þá væri öðru máli að gegna; en að vorri hyggju er þessu eigi þannig varið, og skulum vèr til að færa sönnur á mál vort taka hær fram nokkur atriði, er að þessu lúta.

Atvinnuvegir á Íslandi eru fáir og sumir þeirra mjög stopulir, og ef þeir ættu að geta komizt í nokkurn veginn viðunandi ástand, þá þyrfti til þess mikil efni og langan tíma, en mikil efni eru eigi fyrir hendi, og verður því tímalengdin því meiri. Þetta á sér einkum stað um fiskiveiðar Íslendinga, er gætu orðið mikill og ef til vill hinn mesti tekjustofn fyrir landið. En til

Þess þetta geti orðið þarf efni, sem enn eru ekki til, eður að minnsta kosti eru svo á sundrung, að engum verulegum framkvæmdum verður til leiðar komið; svo væri og þörf á betri kunnáttu í sjómennsku, en Íslendingar enn hafa. Verzlunin er einnig enn í barndómi sínum, og varla verður við því búið, að hún geti tekið miklum framförum fyrri en Íslendingar eru búnir að sjá hversu nauðsynlegt það er, að þeir sjálfir geti átt þátt í verzluninni og fá þau efni er til þess þarf, á þann hátt að verzlunin breytist úr útlendri (passiv) verzlun í innlenda (aktiv). Hvað landbúnaðinn snertir, þá gæti hann að vísu tekið miklum bótum; en bæði er það, að langur tími mun liða áður en landið geti náð sér aptur eptir þau hin miklu harðindi og hina skaðvænu fjársýki, er gengið hefir yfir það nú á síðustu árum, og svo ber þess einnig að gæta, að jarðvegurinn á Íslandi er þannig á sig kominn, að jarðabætur ávallt ganga seint jafnvel þó þær væru betur stundaðar en nú almennt er gjört. Ísland verður eingöngu sjálft að ryðja sér braut í þessu efni, því ekkert land jafn norðarlega er komið lengra áleiðis í jarðarrækt, er geti verið því til fyrirmyndar. Aðalgjöldin til ríkissjóðsins, tíund og skattur, hvíla að mestu á lausafænu, það er á kvikfænaði og skipaútveg. Að vísu játa menn almennt, að þörf sé á að breyta einkum hinu síðara gjaldinu, en það er á hinn bóginn almennt álit manna á Íslandi, að álögur á lausafænu séu nú þegar orðnar nógu þungar, ef ekki of þungar, með því einnig er goldinn af því töluverður skattur, 8 til 10 sk. af hundraði, til jafnaðarsjóðs amtsins, og mundi það því mæta fastri mótsþyrnu hjá alþingi, ef auka ætti álögur á lausafæ, en breytingin mundi að eins verða í því fólgin að einskorða tíundargjaldið, koma betri jöfnuði á skattgjaldið, og ef til vill í sambandi við þetta að aftaka ýmislegt gjaldfrelsi, sem hefir átt sér stað frá fornri tíð. Hvað jarðeignir snertir, þá er að vísu að tiltölu goldið litið af þeim til eiginlegra ríkisgjalda, og nálega eingöngu tíundin, en hluti ríkissjóðsins af henni (konungstíund) er hér um bil 6 skildingar af hundraði. En hér við er þó athugandi, að einmitt á síðari tímum hefir verið lagt á jarðirnar allmikið gjald, alþingisskatturinn, sem er hér um bil 4 skildingar af hverjum ríkisdal af jarðarafgjöldunum, og að mönnum þykir gjald þetta þýsna þungt, einkum eptir að jarðeign ekki lengur er skilyrði fyrir kosningarrétti og kjörgengi til alþingis. Það eru því lítil líkindi til, að fyrst um sinn verði

komið meiri álögum á jarðirnar. Annað mál er, að full ástæða gæti verið til að reyna að afmá gjaldfrelsi það, sem sumir menn og sumar jarðir hafa að undan förnu verið aðnjótandi.

En látum nú svo vera, að sú yrði raun á, að allt gengi betur en á horfir, að tekjur landsins smátt og smátt yrðu miklu ríflegri en við var búizt, og að nokkuð yrði afgangs þegar tillagið er meðtalið, — þá kemur ríkið fram með kröfur sínar um fê til almennra ríkisparfa, og þessar kröfur eru með fullum rétti svo stórar, að það mun verða langt þangað til þeim verði fullnægt og þó nokkuð nnnfram til að setja í staðinu fyrir hið fasta tillag. Þar að auki virðist oss lættulegt, að útlátni við Ísland séu of mjög af skornum skamti, því fari svo, að hin sérstaklega landsstjórn á Íslandi og alþingi sjái sér ófært að komast af með þau efni, sem fyrir hendi eru, yrði Ísland aptur að hverfa undir skjól konungsríkisins, og yrði þá vandasamara úr að ráða en nú.

Til að finna upphæð þess tillags, sem nauðsynlegt er, að Íslandi yrði veitt, höfum vér tekið meðaltölu af mismuninum á gjöldum og tekjum eptir reikningunum í öll þau ár, sem reikningur hefir verið til búinn, síðan ríkisdagurinn fór að neyta atkvæðisrættar í fjármálum. Reikningshalli þessi hefir reynzt að vera að meðaltali, hér um bil 17,000 rd.

Að tala þessi sè rétt, verður enn sennilegra af því, að hún munar lítið frá þeirri upphæð, sem 9 árum áður (1841) var gjört ráð fyrir að til mundi vanta, en það voru 15,000 rd.; en eins og að ofan er á vikið, varð undir eins sú raun á, að þessi áætlun væri of naum. Vera má að fram komi sú mótbára móti því að fara eptir meðaltölu, að menn komizt í vandræði þau árin, sem gjöldin fara fram yfir meðaltöluna. En þó mótbára þessi sè ekki með öllu ástæðulaus, þá sèst það bezt live þýðingarlítil hún er, þegar menn hafa fyrir sér hið lægsta árið 1860—1861, þá er að eins þurfti 4,562 rd. tillag, og hið hæsta árið 1857—1858, þá er þurfti 24,895 rd.; mismunurinn er þá rúmlega 20,000 rd.; en eins og síðar mun sýnt verða, er engin hætta búin af slíku, og það þó tvö önnur eins ár kæmu í samfellu, sem þó verður að álíta undantekning. Ef lítið er á næsta árið á undan hinum mikla reikingshalla, sem sè árið 1856—57, þá er þurfti að leggja til 15,676 rd. og hið næsta ár á eptir, þá er að eins þurfti 10,510 rd., þá kemur hér að vísu fram nokkur mismunur, en þar eð bæði þessi ár útheimta minna tillag en eptir meðaltölu, þá

hefði það, sem sparað var þau árin, þegar að mestu leyti bætt úr öllum vanda. Svona verður nú optast nær ástætt, en ef verr skyldi fara, þá ber þess að gæta, að eptirstöðvarnar í hinum íslenska jarðabókarsjóði þegar árið 1854—55 eru taldar að hafa verið yfir 20,000 rd., og hafa síðan aldrei verið minni en 24,000 rd., og í lok reikningsskaparársins 1860—61 voru þær 117,000 rd. (sem að vísu má álíta einstakt dæmi); af þessu sèzt, að hinn mesti reikningshalli, sem að líkindum mætti gjöra ráð fyrir, gæti ekki leitt til neinna vandræða fyrir stjórn þá, er Ísland fengi út af fyrir sig.

Ein af aðalorsökunum til hins töluverða mismunar, sem er á upphæð gjaldanna þetta árið og hitt, er sú, að alþingiskostnaðurinn er greiddur á einu ári, en aptur á móti endurgoldinu á fleiri árum, og er sá kostnaður hér um bil 10,000 rd. Þessi kostnaður bar einmitt upp á árið 1857—58. Sá reikningshalli, sem varð fyrir þessa sök, er því hættulaus, með því vissa er fyrir endurgjaldi þessa fjár.

Þar sem nú ekki verður við því búizt, svo sem að ofan hefir verið sýnt fram á, að hægt verði að auka tekjur landsins í bráð, þá eru aptur á hinn bóginn ýms gjöld, sem álíta má óumflýjanleg, og sem hingað til ekki hefir verið veitt fê til einungis fyrir þá sök, að löggjafarvaldið hefir hliðrað sèr hjá að ákveða neitt um þau á þeim tíma, er menn bjuggust við og óskuðu eptir breyting á fyrirkomulaginu á allri fjárhagsstjórn Íslands.

Bæði alþingi og ríkisdagurinn hefir þegar í nokkur ár viðurkennt, hversu sanngjarnar sèu uppástungur stjórnarinnar um launahækkun handa embættismönnum á Íslandi, en með því ekki einungis var umtalsmál að hækka launin, heldur og að rannsaka, hvort engin embætti yrðu lögð niður, og hvort ekki mætti launa sumum embættismönnum með því, er menn hafa kallað »þóknun« (Honorar) það er, launum, er segja mætti upp, án þess að þeim væri samfara réttur til eptirlauna, þá hefir ríkisdagurinn ekki viljað taka að sèr að ákveða hin nýju laun. Hann hefir frestað málinu í von um að alþingi bráðum kæmi í sinn stað, og tæki við meðferð fjármála þeirra, er snerta Ísland út af fyrir sig. En það liggur í augum uppi, að alþingi gæti eigi leyst þetta af hendi, nema því væri fengin efni til þess; yrði því að bæta því, sem til þessa gengi, við tillag það, sem að ofan er til greint. Þessi viðbót verður ekki nákvæmlega ákveðin, og það því síður

sem launahækkuninni í konungsríkinu eigi hefir verið hagað á þann hátt, að vissri upphæð hafi verið bætt við hver laun, heldur á þann hátt, að launin hafa verið aukið eptir svo eður svo mörg embættisár og þar að auki verið veitt viðbót eptir vissu hlutfalli við verðlag á kornvörum. En hve mikill sá kostnaðarauki verður, er flýtur af þessari aðferð, verður ekki fundið með neinni vissu fyrri en menn hafa margra ára reynslu fyrir sér.

Kjósi menn eigi að síður að launa embættismönnum á þenna hátt, mun launaviðbótin eptir embættisþjónustu, þegar hún er reiknuð eptir frumvarpi stjórnarinnar, er lagt var fyrir ríkisdaginn um launabót embættismanna á Íslandi, verða hér um bil 5, 000 rdl. Þessari upphæð yrði því að bæta við hið fasta tillag, en þar á móti er launaviðbótin eptir kornverði ekki eins óbreytanlegs eðlis, og er því réttast að telja hana með tillagi því, er veitt verður um stundar sakir.

Í nánasta sambandi við laun embættismanna eins og löggjöf konungsríkisins hefir ákveðið þau bæði fyrir konungsríkið og Ísland, stendur málefnið um eptirlaun. Að visu kynni nú svo að virðast, að laun embættismanna og eptirlaun seu nú orðin svo há, að menn muni neyðast til að fara að lækka þau aptur á einhvern hátt áður mörg ár liða, að svo sé ástatt á Íslandi, að þar megi skipa öðruvísi fyrir en í konungsríkinu, og að fyrirkomulagið á stjórn landsins sé mikils til of margbrotið og of kostnaðarsamt fyrir þjóðflokk, sem eptir fólksstalinu árið 1860 var 67,000. Þetta getur reyndar satt verið; en mótbára þessi hverfur, þegar þess er gætt, að hin danska stjórn hefir skapað þetta ástand, gjört fyrirskipanir um það, og viðhaldið því, og innrætt mönnum þær grundvallarreglur, sem það er byggt á, og að þess vegna verður að liða nokkuð langur tími þangað til aðrar skoðanir geti rutt sér til rúms og þeim orðið framgengt, einkum meðan höfuðlandið ekki gengur á undan með eptirdæmi sínu.

Beri menn saman, vegna fjarlægðar beggja, Ísland og Vestureyjar, að því er snertir þess konar útgjöld sem hér ræðir um, og gæti þess, að íbúafjöldi Vestureyja er ekki nema rúmur helmingur af íbúatölu Íslands, og að þar er miklu þéttbýlla en á Íslandi, þá verður sá samanburður mjög Íslandi í hag; og jafnvel þó menn beri það saman við Borgundarhólm, sem einnig er ey nokkuð fjarlæg, en þó miklu nær, og hefir eigi helming af íbúatölu Íslands, og þar að auk á miklu minna sviði, þá verður

sá samanburður og Íslandi í hag. Tala embættismanna er í hlutfalli við íbúatölu og landsstærð minni á Íslandi en á báðum þeim stöðum, er nú voru taldir. Þó er prestastjettin undantekning frá þessu, því Ísland hefir mikinn fjölda presta, að tiltölu nálega 5 sinnum fleiri en konungsríkið. Svo er og að tiltölu tala amtmannanna rifleg á Íslandi. Þar sem nú við þetta bætist, að eptirlaunin hafa mjög aukizt á síðari árum, þannig að þau í lok ársins 1860—61 voru orðin að upphæð 9,068 rd., en voru árið 1850—51 ekki nema 5,560 rd., þá virðist vera full ástæða til að telja eptirlaunin með sem fast gjald, hvort sem mönnum nú lízt, að konungsríkið haldi áfram að greiða eptirlaunin fyrir Ísland, eptir því sem þörf verður á, eða menn einnig vilja veita Íslandi þökkabót í þessu skyni. Taki menn þann hinn síðari kostinn og láti Ísland undir eins fara að bera eptirlaunin, þá verður að ætla til fê, er á sanngjarnan hátt svari til þeirrar byrði, er það þannig tekur að sér. Að eptirlaunin hafa vaxið svo mikið nokkur síðari árin, kemur að vísu einkum til af því, að nokkrum sýslumönnum hafa verið veitt eptirlaun. Þessir embættismenn hafa áður fengið 50 rd. hver í eptirlaun, en með því þeir nú fá eptirlaun eptir sömu reglum og aðrir, þá hefir upphæð eptirlaunanna fyrir þá vaxið töluvert, og þar sem um svo litla upphæð alls er að gjöra, þá geta ein há eptirlaun gjört mikinn mun, þó sá munur ekki verði nema um stundar sakir. Þegar gætt er að þessu, þá er varla rætt að taka þá stærstu upphæð, sem greidd hefir verið til eptirlauna á síðustu árum og telja Íslandi hana sem fast tillag, er ætlað sè framvegis til eptirlauna, jafnvel þó líkindi sèu til, að upphæð eptirlaunanna muni fremur vaxa en minnka nú fyrst um sinn. Nær því, sem rætt er, munu menn komast með því að ákveða hið fasta tillag eptir meðaltölu, og verður það þá 7,500 rd.

Þá 1568 rd., sem á vantar, að þetta hrökkvi til þess, sem nú er greitt í eptirlaun, verður þá að telja með því tillagi, sem veitt er um vissa áratölu, en um það mun síðar rætt verða,

Hið fasta árlega tillag verður því:

17,000 rd. + 5000 rd. + 7,500 rd. = 29,500 rd.

Það er vitaskuld, að sú spurning kemur fram: Getur það verið rætt, getur það verið nauðsynlegt að veita svo mikið fast tillag, en heimta þó ekkert tillag af Íslands hálfu til almennra ríkisparfa? Svarið upp á þessa spurning er: Þó ekkert tillag sè heimtað undir eins, er ekki þar fyrir sleppt kröfunni til tillags til almennra ríkisparfa. Það er

að tillag til almennra ríkisparfa skuli heimtað undir eins og Ísland getur farið að láta það í tæ. Vær höfum sæð, hvernig menn eptir hinni íslenzku skoðun á málinu gjöra tilkall til langtum meira fjár til endurgjalds fyrir það, er varið hafi verið af tekjum Íslands til almennra ríkisparfa, t. a. m. andvirði seldra þjóðjarða, ágóðinn af verzlunareinokuninni og s. frv. Þó vær nú, eptir þeirri skoðun, er vær þegar höfum látið í ljósi, teljum það óyggjandi, að þetta fæ hafi verið tekið upp í tillag Íslands til almennra ríkisparfa og hafi þó eigi brokkið til þess, þá verðum vær eigi að siður að játa, að fyrir þessa sök er orðin æ meiri og meiri nauðsyn á, að Íslandi sæ veitt tillag til hinna sérstaklegu útgjalda þess.

Hingað til höfum vær að eins rætt um þau gjöld, sem flest öll fyrst um sinn, að mestu leyti verða að álítast föst gjöld, er ekki munu minnka svo teljandi sæ um langan tíma; en þó nú kynni að heppnast eptir vissa áratölu að minnka hin föstu gjöldin, sem nú eru, og auka tekjurnar, þá mun brátt verða sú raun á, að menn þurfa að halda á öllu því, er fengizt getur á þenna hátt, með því margt er fyrir hendi, sem bæði er áriðandi og að sumu leyti nauðsynlegt að framkvæma, og þarf til þessa meira fæ en stjórn Íslands, þó henni væri skipað sem hagkvæmlegast, enn um mörg ár mundi geta útvegað, ef eigi væri annað af að taka en tekjur Íslands sjálfs.

Af gjöldum þeim, er þannig geta komið til umtals, skulum vær nú nefna nokkur; en það er vitaskuld að upphæð sú, sem sett er við hvern gjaldlið, er að eins áætlunarverk, og að það á að vera alþingi og stjórninni frjálst að skipta fænu öðruvísi niður:

Til umbóta á samgöngum innanlands, einkum póstgöngum, mun í mörg ár þurfa tillag úr almennum sjóði, og verður varla til þess ætlað minna en 3,000 rd.

Til að bæta úr og koma í veg fyrir hallæri sökum einkennilegs ásigkomulags landsins og merkilegra náttúruviðburða 2,000 —

Styrkur til opinberra bygginga og annars þess konar 3,000 —

Til eptirlauna (sjá hér að framan) 1,550 —

Launaviðbót eptir kornverði 3,000 —

Verður því allt þetta hér um bil 12,500 rd.

Þetta tillag snertir að eins þau málefni, sem stjórnin optlega hefir gefið ríkisdeginum færi á að yfirvega, en þingið og stjórnin

hafa komið sér saman um, að frekari aðgjörðum við þau skyldi frestað, af því búizt hefir verið við, að alþingi fengi meira atkvæði í úrslitum þeirra, og að meiri tekjur fengist af Íslandi til að borga með gjöldin. Til þess nú bæði að uppfylla þá ósk, að bráðum megi komast gott skipulag á málefni, sem standa í nánú sambandi við framfarir til meiri dagnaðar á Íslandi og þar af leiðandi velmegunar, og um leið þá ósk, að því verði til leiðar komið, að Ísland, með því að neyta sinna eigin krapta, geti borið gjöld sín, þá stingum vér upp á að þetta tillag sé eigi látið vera fast eins og hið fyrra nema að eins um 10 ára tíma, en að það, þegar þetta tímabil er liðið, fari minnkandi um 500 rd. á ári, þannig að það að 35 árum liðnum lætti fyrir fullt og allt. Með þessari uppástungu er þá gjört ráð fyrir, að Ísland áður þetta tímabil sé liðið verði búið að sjá ráð fyrir því, að minnka svo gjöldin og auka svo tekjur sínar, að það geti staðið straum af kostnaðinum við þessi málefni og önnur, er almennings hag varða.

Þegar nú í þessu efni kemur til yfirvegunar, hvort réttara sé að veita Íslandi fê í einu, eður greiða til þess árlegt tillag, eins og hér er stungið upp á, þá ber þess að gæta, að það virðist mæla með árlegum tillögum, að land eins og Ísland, sem er fámennnt, og með því veðurfari, sem þar er, er illa til þess fallið, að þar sèu höfð fyrir stafni stórkostleg fyrirtæki í einu, heldur mun það hagkvæmara að taka minna fyrir sig og starfa að því með jöfnu áframhaldi um lengra tímabil.

Að visu er margt fleira en það, sem hér er talið, er á ýms-um tímum hefir komið til umræðu, að nauðsynlegt sé; skulum vér í því tilliti nefna: styrk til landbúnaðar og fiskiveiða, breyting á yfirrættinum, menntunarstofnanir handa læknum og lögfræðingum, umbót á læknaskipun m. m.; en sumt af þessu er fremur óviðkomandi hinu opinbera, og á að minnsta kosti ekki að koma til greina, meðan landið megnar ekki sjálft að leggja fram fê til þess. Framfarir Íslands um ókominn tíma eru fremur öllu öðru komnar undir því, að landsmenn sjálfir sýni öfluga framtakssemi, og þegar frelsið er fengið til að neyta krapta sinna, ætti það að vera mönn-um hvöt til starfsemi; en haldi landstjórnin áfram fjárhaldi sínu, eins og nú, og taki að sér fjárforráð í þeim málum, sem eiginlega snerta hagi einstakra manna og óskir þeirra, þá verður ekkert úr hinni kröptugu framtakssemi manna.

Þegar nú hinn árlegi reikningshalli Íslands er talinn svo,

sem að ofan er gjört, í þeim tilgangi að finna upphæð þess fjár, sem á að borga Íslandi til þess, að það framvegis sjálft taki að sér að bera kostnað þann, er aðgreind stjórn hinna sérstaklegu málefna þess hefir í för með sér, þá verður að gæta þess, að með þeim tekjum, sem taldar eru fyrir gjöldunum ásamt tillaginu, og sem því var haft tillit til, þá er reiknaður var út reikningshallinn, eru nokkrar og það eigi svo mjög litlar, sem í ströngum skilningi eptir almennum reglum, sem nú gilda, varla verða taldar með sérstaklegum tekjum ríkishlutanna, og að minnsta kosti heyrir lagasetning viðvikjandi því að taka þá skatta af, eður að þeir skuli við haldast, ekki einu sinni undir löggjafarvald konungsríkisins; sem slíka skatta teljum vèr: Metorðaskatt, afgjöld af verzlun og siglingum til Íslands (lög 15. apríl. 1854, auglýsing 2. apríl. 1856) og tekjur af konungsjörðum. Ef nú skattar þessir og tekjur verða af tekin, eður lögð til annara sjóða, virðist vera sjálfsagt, að Ísland eigi að fá uppbót fyrir upphæð þeirra. En til að finna, hversu há uppbót þessi eigi að vera, virðist réttast að fara eptir upphæð þessara tekjuliða að meðaltali hin sömu ár, sem menn hafa haft fyrir sér, þá er reiknuð var meðalupphæð reikningshallans.

Eptir áliti annars okkar, Tschernings, væri þar að auki eðlilegast að einskorða skatta- og löggjafarvald það, er Ísland fengi út af fyrir sig, á þann hátt, að það ætti að ná til hinna sömu atriða, sem sérstakleg skattalög eru sett um í hinum landshlutum alríkisins, einkum í konungsríkinu, Skattalöggjöfin ætti þá að innibinda skatta og afgjöld af fasteign, fè og tekjum, þar á meðal tíund, erfðagjöld, gjöld af eignarsölu, réttartekjur og atvinnuskatt og einnig mótunargjald. En annar okkar, Stephensen, álitur að löggjafarvald alþingis eigi enn fremur að ná yfir tekjur af konungsjörðum og afgjald af verzluninni íslenzku.

Eitt er það atriði, sem að ofan er nefnt, sem nauðsyn er á að ræða um nokkuð ýtarlegar, en það eru skyldur þær, er hvíla á Íslandi til að leggja fè til almennra ríkisþarfa, og ber þess að gæta, að landið engan veginn losast við skyldur þessar, þó það nú sem stendur ekki sè fært um að leggja neitt til í þessu skyni því síður svo mikið, sem því ber eptir tiltölu. Eptir núverandi stjórnlögum alríkisins um sameiginleg málefni þess, rennur nú inn í sjóð alríkisins (auk tekjanna af ýmsu fè, sem eru eign alríkisins) ágóðinn af þjóðeignum, og af tolli, mótunargjald á spilum, skipa-

gjöld, gjöld, er umfarandi verzlunarmenn greiða o. s. frv., einnig tekjur fyrir sendingar með póstum og af hraðfréttapráðum, að því leyti þetta heyrir undir hið opinbera, tekjur af »klasse-lotterii«, og af myntinni, ýmisleg lofagjöld, metorðaskattur, hið fasta tillag landshlutanna og það tillag þeirra. sem ákveðið er í fjárukalögum.

Auk þess að ríkishlutarnir láta af hendi það fè, sem nú var sagt, til alríkisins, eiga þeir og að leggja til menn í landherinn og á flotann, eptir reglugjörðum þeim, sem þar um hafa settar verið, eður lagaákvörðunum þeim, sem út koma frá löggjafarvaldi hinna sameiginlegu ríkismálefna. Svo eiga þeir og að leggja til vistir, fóður, húsnæði handa hermönnum og annað þess konar í skileyri, sem á sama hátt þarf við. Þetta er auðsjáanlega skattgjaldsmálefni og ber því eigi að gleyma því á þessum stað.

Það væri sjálfu sér ósamkvæmt að heimta, að Ísland leggi fè til almennra ríkisparfa jafnframt því, að stungið er upp á, að landinu sé greitt árlegt tillag úr ríkissjóðnum til hinna sérstaklegu útgjalda þess, af því menn verða að kannast við, að það verði of efnalítið til enn í mörg ár að leggja sjálft svo mikið fram sem með þarf til þess; en tillag þetta er veitt Íslandi í þeirri von, að landið geti tekið þeim framförum, þrátt fyrir það þó náttúran sé þar óblið, að það ekki að eins geti borið sig sjálft, heldur og lagt að minnsta kosti nokkuð fè til almennra ríkisparfa.

Það er og vitaskuld, að það er skylda stjórnarinnar að gæta þess, að tillag Íslands til almennra ríkisparfa verði smátt og smátt tilhlýðilega hækkað, eptir því sem Ísland verður fært um, en að gjöldunum á hinn bóginn sé haldið innan rættra takmarka, svo að smátt og smátt verði fè afgangs gjöldunum, og verður þá stjórnin að gæta þess, að því fè sé réttilega varið, og að staða Íslands í ríkinu smátt og smátt lagist eptir þessu. Til að styrkja stjórnina og hafa eptirlit með henni í þessu efni, stingum vör upp á, að rannsókn fjárhagsreikningsins fyrir Ísland sér í lagi, sé látin heyra undir ríkisreikningarannsókn konungsríkisins.

Hvað snertir landvarnarskylduna, þá getur reyndar ekki verið tilgangurinn, að skylda þessi verði uppfyllt eptir sömu reglum og í Danmörku. Þetta gæti ekki átt við á svo fjarlægju og fámennu landi, sem Ísland er, og auk þess er fólksfæðin að miklu leyti orsök í, að Ísland í ýmsum greinum er svo skammt komið áleiðis, og það væri því óhyggilegt, að fækka landsmönnum enn meir, með því að taka burt úr landinu nokkur hundruð manna á kraptmesta

aldursskeiði. Einnig vantar allar lagaákvæðanir, sem nauðsynlegar væru til þess landvarnarskyldunni yrði fram fylgt. Þó má eigi sleppa þeirri grundvallarreglu, að skylda þessi hvíli á landinu; hún gæti og komið landstjórninni á Íslandi að notum, ef einhvern tíma kynni verða álitid nauðsynlegt að við hafa strangari lögreglustjórn, en annars væri unnt.

Um hið annað, er alríkið kynni eiga heimting á eptir grundvallarreglum sínum, að lagt væri til í skileyri, er reyndar hið sama að segja; það er skyldan til þess, sem menn ávallt verða að hafa sér hugfasta.

Uppástungur þær, sem að framan eru útlistaðar, má, svo hægra verði að fá yfirlit yfir þær, taka fram í eptirfylgjandi niðurlagsgreinum.

Svo framarlega sem alþingi í stað ríkisdagsins fær atkvæðisrétt um fjárhagsmálefni Íslands, stingum vèr upp á, að hin sérstaklega íslenzka stjórn, er þannig kemur fram, fái þau réttindi og þær skyldur, er nú skal greina, að því er snertir fjárhagsmálefni Íslands, og það sem þar að lýtur.

1. Auk þeirra tekja, er eptir fjárhagslögum hin síðari árin hafa gengið til stjórnarinnar á Íslandi, sem sérstaklegar tekjur landsins, skal greitt úr sjóði konungsríkisins árlegt tillag, er sé 29,500 rd.

2. Enn fremur árlegt tillag 12,500 rd., sem eptir 10 ár fari minnkandi um 500 rd. á ári.

3. Þessi tillög falla burtu, ef Ísland eptir eigin ósk eður eigin hvöt, hættir að vera í sambandi við Danmörku, en verða eigi aptur tekin eður breyting á þeim gjörð með lögum frá konungsríkisins hálfu; þar að auk álitur Stephensen, að menn eigi að tryggja Íslandi þau á þann hátt, að út séu gefin fyrir þeim óuppsegjanleg ríkisskuldabréf.

4. Frá þeim tíma, er ákvæðanir þessar fá gildi, borgar Ísland öll hin sérstaklegu útgjöld sín, þar á meðal öll eptirlaun, er snerta íslensk embætti. Allir þeir gjalddiðir, er að þessu lúta, hverfa þannig úr fjárlögum konungsríkisins, og áður greind tillög til Íslands verða til færð með auka-útgjöldum, vöxtum og borgum skulda. Með þeim gjöldum, er Ísland tekur að sér að greiða, eru þar á móti ekki nein af þeim gjöldum, er snerta stjórn landsins í höfuðborginni, meðan sú stjórn heyrir undir stjórnarráð konungs-

ríkisins. Eigi er heldur í þeim fölginn kostnaðurinn tilgufuskipsferðanna milli Íslands og Kaupmannahafnar.

5. Ef hinn sérstaklegi sjóður Íslands verður sviptur einhverjum tekjum, t. a. m. metorðaskatti, afgjaldi af kaupförum, tekjum af þjóðjörðum, með laga-ákvörðunum, er ekki koma út frá hinni sérstaklegu stjórn Íslands, þá skal jafnmiklu og þeimig missist bætt við tillagið, og skal upphæðin reiknuð eptir meðaltölu tekjanna hin sömu árin, sem tekin voru til greina, þá er tillagið var reiknað, en það voru árin 18^{50/51} til 18^{60/61}.

6. Tekjur þær, sem Ísland út af fyrir sig framvegis á að fá umráð yfir, eru öll beinlínis afgjöld og skattar af fasteign, fê, tekjum (þar á meðal tíund), erfðagjöld, gjöld af eignarsölu, réttar-tekjur og atvinnuskattur, einnig mótnargjald, og enn fremur eptir Stephensens áliti tekjur af þjóðjörðum og hinni íslenzku verzlun.

7. Svið löggjafarvaldsins skal ákveðið svo nákvæmlega, sem kostur er á, og að svo miklu leyti sem unnt er, samkvæmt því sem fyrir er skipað í lögunum um takmörkun á grundvallarlögunum; jafnframt skal heimfæra til Íslands það úr grundvallarlögunum 5. júním. 1849, sem þar getur átt við.

8. Íslandi skal skylt, undir eins og efni þess leyfa, að leggja að sínu leyti fram fê til almennra ríkisþarfa. En eptir hverjum reglum þetta skuli gjört, er stjórnarvaldinu ætlað nákvæmar að ákveða. Þegar Ísland greiðir hið ákveðna tillag, fær það stöðu sem ríkishluti í alríkinu.

9. Það skal og tekið fram, að á Íslandi hvílir landvarnarskylda og kvaðir þær, sem á öllu ríkinu hvíla, en þessu skal að eins fram fylgt eptir laga-ákvörðunum, er Ísland setur, um á hvern hátt skyldur þessar skuli upp fylltar.

10. Reikningurinn um hinar sérstaklegu tekjur og gjöld Íslands, skal gjörður almennungi kunnur og framvegis heyra undir rannsókn þeirra manna, er rannsaka ríkisreikning konungsríkisins, og skulu þeir senda alþingi greinilega skýrslu um rannsóknina.

Kaupmannahöfn, 18. júnímán. 1862.

A. F. Tscherning. Oddg. Stephensen.

FYLGISKJAL nr. 2 a.

Eptir allrahæstu erindisbréfi dags. 20. septemberm. 1861 á nefndin að gjöra uppástungur um fyrirkomulag á fjárhagssambandi Íslands og konungsríkisins fyrir fullt og allt, einkum á þann hátt, að alþingi gæti fengið ályktunarvald um tekjur þær og gjöld, er Ísland snerta, jafnvel þó nauðsyn kynni verða á að greiða fast árlegt tillag úr sjóði konungsríkisins um tiltekna áratölu. Nú sem stendur er þannig ástætt, að Ísland ekki að eins er laust við allt tillag bæði beinlínis og óbeinlínis til sameiginlegra gjalda alríkisins, til hinnar íslensku stjórnardeildar, til pósthæðanna millum Kaupmannahafnar og Íslands, til hæstarættar, til háskólans, til dýralækna- og landbúnaðarskólans, til fjöllistaskólans m. m., heldur fær það jafnvel auk tekjanna af hinu óselda íslensku jarðagózi og allra beinlínis og óbeinlínis skatta á Íslandi, árlegt tillag úr sjóði konungsríkisins, sem síðari árin hefir verið að upphæð að meðaltali 28,219 rd. 54 sk. (er hér meðtalin launaviðbót sú, er hingað til hefir veitt verið, og einnig það fè, sem greitt hefir verið úr sjóði konungsríkisins til eptirlauna handa íslenskum embættismönnum og ekkjum þeirra).

Þetta ásigkomulag má nú vissulega virðast öldungis fjarstætt því, er vera ætti, og menn geta einungis gjört sér það skiljanlegt af því, að meðan svo mikil bönd voru lögð á hina íslensku verzlun, að nokkrn leyti í Danmerkur hag, þá hefir mönnum þótt ísjárvert að breyta skattgjaldslögunum í landinu, þó þau væru orðin á eptir tímanum, og koma á skattgjaldi, er betur samsvaraði þessum tíma. Eptir að bönd þau, er lágu á hinni íslensku verzlun, nú eru burt numin með lögum 15. d. aprílm. 1854, virðist það vera sanngjörn krafa, að Ísland með því að breyta skattgjaldslögum sínum og leggja á sig meiri skatta, útvegi þau efni, er þurfa til að borga með nauðsynjar landsins. En eins og það er óumflýjanlegt, að nokkur tími verði að líða, áður en afleiðingarnar af verzlunarfrelsinu geti komið fullkomlega í ljós, og áður en nýjar og hagfelldari skattgjaldsreglur geti orðið fyrirskipaðar og komizt á, og eins og þess vegna virðist vera ástæða til að láta Ísland um ákveðinn millibilstíma fá tillag úr sjóði konungsríkisins, er smátt og smátt ætti að fara minnkandi (og ætti við upphæð þess ekki að eins að taka tillit til ástandsins eins og það hefir verið, heldur og til ýmsra

endurbóta á Íslandi, sem býsna brýn nauðsyn ber til sumra hverra, en sem hingað til hefir frestað verið í von um nýtt fyrirkomulag á fjárhagsmálefnum Íslands) — þannig eru undirskrifaðir nefndarmenn eigi heldur fjarlagir því að stinga upp á, að Íslandi verði veitt fast árlegt uppbótarfé, er samsvari vöxtunum af söluverði því, er fyrrum hefir runnið í ríkissjóðinn fyrir hinar ýmislegu seldu fasteignir og tíundir, m. m. á Íslandi, er sumpart hafa verið eign krónunnar, en sumpart hafa verið lagðar til skólanna í Skálholti og á Hólum. Þegar menn ætla sér að láta Ísland sjálft bera kostnað þann, er skólamálefni landsins hafa í för með sér, án nokkurs tillags úr sjóði konungsríkisins, þá virðist einnig samngjarnt, að landið í hinu fasta árlega tillagi, er nú var nefnt, fái uppbót fyrir söluverð það, er runnið hefir í ríkissjóðinn fyrir jarðagóz þau, er fyrrum hafa verið eign skólanna á Íslandi. Hvað hinar svo nefndu konungsjarðir snertir, þá svara þær næst til þess, sem í hinum landshlutunum er talið ríkisfasteignir, en eptir hinu einkennilegu stöðu Íslands í alríkinu verður hér varla byggt á þeirri reglu. Ísland hefir hingað til hvorki í tilliti til stjórnar né fjárhags verið skoðað sem sérstaklegur hluti út af fyrir sig úr alríkinu, heldur öllu fremur sem hjálenda við konungsríkið. Ísland hefir þannig enga hlutdeild átt í alríkisþinginu; það greiðir hvorki beinlínis né óbeinlínis neitt tillag til hinna sameiginlegu ríkisgjalda, og eigi er heldur fjúatala landsins reiknuð með til að ákveða hlutfallstölu þá, er ræður upphæð þeirri, er ríkishlutarnir greiða til gjalda þessara, og loksins hefir tekjunum af jarðagózum þeim, sem enn eru óseld, ávallt verið varið til sérstaklegra þarfa Íslands. Að láta Ísland fá stöðu út af fyrir sig í alríkinu áþekka þeirri, sem konungsríkið hefir og hinir ríkishlutarnir, mun eigi geta komizt á; sú staða landsins hefði í för með sér þá skyldu, að taka jöfnum höndum með hinum ríkishlutunum þátt í hinum sameiginlegu gjöldum, og mundi slíkt, þó ekki sé útboð til herliðsins með talið, auka álögur Íslands um nálega 150,000 rd. á ári, en landið mundi varla nokkurn tíma verða fært um að bera slíkar álögur. Ef menn þannig neyðast til að skoða stöðu Íslands á þann hátt, að landið sé í sérstaklegu sambandi við konungsríkið, en sé þó einn hluti af alríkinu, án þess að leggja neitt til almennra ríkisþarfa, þá virðist eðlilegt að skoða framvegis hin íslenzku jarðagóz sem sérstaklegan íslenzkan tekjustofn, eins og hingað til, og það er þá einnig þessari skoðun samkvæmt, að láta

Ísland, þegar fjárhagur þess er að skilinn, fá í föstu árgjaldi uppbót fyrir söluverð það, sem hefir runnið í ríkissjóðinn fyrir seldar íslenskar fasteignir.

Eptir meðfylgjandi reikningi, er einn af nefndarmönnum, Stephensen etazráð, hefir samið, er upphæð söluverðs þess, sem runnið hefir í ríkissjóðinn, svo sem nú skal sagt:

fyrir seldar konungsjarðir	168,704 rd. 81 sk.
— Skálholts og Hólastóls jarðir	131,188 — 4 —
til samans	299,892 rd. 85 sk.

Vextir af þessari upphæð verða 11,995 rd. 69 sk. og virðist þannig mega ákveða hið fasta árstíllag með tugatölum til 12,000 ríkisdala.

Við ákvörðun bráðabyrgðartillagsins höfum vér byggt á því, að sjóður konungsríkisins ætti, meðan landið væri að koma fyrir málefnum sínum, að leggja fram fê (er samt sem áður ætti að fara minnkandi árlega eptir 6 ár í mesta lagi) sum part til að jafna mismuninn millum reikningshallans og hins fasta tillags, er nú var getið, en sá mismunur er 16,219 rd. 54 sk., sum part til að koma á ýmsum endurbótum, sem brýn nauðsyn ber til sumra hverra (t. a. m. endurbótum á skattgjaldslögunum, breytingu á póstgöngunum, efling akuryrkju og fiskiveiða, launabót embættismanna, stofnun viðlagasjóðs til hjálpar þegar óvanaleg tilfelli bera að höndum m. m.), og ætlum vér til þessa fyrst í stað 13—14000 rd., eður til þess að jafna alla upphæðina, 13,780 rd. 42 sk. Allt bráðabyrgðartillagið yrði þannig 30,000 rd., og virðist það að fyrstu sex árunum liðnum eiga að fara minnkandi um 2,000 rd. á ári. Þegar bráðabyrgðartillagið þannig með öllu er protið eptir 21 ár, virðist eiga að láta Ísland greiða fyrsta árið að einum fjórða hluta, annað árið að helmingi, þriðja árið að þrem fjórðu hlutum, og úr því að öllu leyti kostnaðinn við meðferð hinna íslensku umboðsstjórnarmálefna í Kaupmannahöfn (þ. e. kostnaðinn við hina íslensku stjórnardeild, sem þá einnig ætti að takast á hendur aptur reikningarannsóknina, og við póstferðirnar millum Kaupmannahafnar og Íslands, að því leyti sem tekjurnar ekki kynnu til að hrökkva). Eptir því, sem ástatt er, virðist þar á móti eiga að sleppa kröfu um fjártíllag til hæstaréttar, háskólans, dýralækninga- og landbúnaðarskólans, fjöllistaskólans m. m., að minnsta kosti sem beinlínis tillag, og einnig kröfunni um borgun þess fjár,

hèr um bil 21,000 ríkisdala að upphæð, sem til bráðabyrgða var greitt úr hinum almenna skólasjóði til að byggja hið nýja skólahús í Reykjavík.

Það er þannig uppástunga vor, að lögð verði bæði fyrir ríkisþingið og alþingið til samþykkis lög hér um bil þessa efnis:

- I. Frá 1. degi aprílm. 186, veitist alþingi ályktunarvald um hinar sérstaklegu tekjur og gjöld Íslands.
- II. Þessar tekjur skulu taldar sérstaklegar tekjur Íslands:
 - a. fast árstíllag úr sjóði konungsríkisins, 12,000 rd.;
 - b. bráðabyrgðartíllag 30,000 rd. úr sjóði konungsríkisins, sem að 6 árum liðnum fer minnkandi um 2000 rd. á ári.
 - c. tekjurnar af því jarðagózi, sem enn er óselt, og af ógreiddu söluverði fyrir hið selda, svo og af styrktarsjóði þeim, er stofnaður var handa Íslandi með konungsráðgjafi 25. dag. júlím. 1844.
 - d. allir beinlínis og óbeinlínis skattar og álögur, sem nú hvíla á Íslandi og hinni íslenzku verzlun, eður sem hèreptir kunna að verða fyrir skipuð með samþykki stjórnarinnar og alþingis.
- III. Þessi gjöld skulu talin sérstakleg gjöld Íslands:
 - a. kostnaðurinn við að heimta tekjur þær, sem að ofan eru taldar.
 - b. gjöld til dómstólanna og umboðsstjórnarinnar og til landvarnar á Íslandi.
 - c. gjöld til prestastéttarinnar á Íslandi, og til kennslumálefna og læknaSKIPUNAR þar.
 - d. gjöld til eptirlauna og styrks handa íslenzkum embættismönnum og embættismanna ekkjum.
 - e. gjöld til eflingar akuryrkju og fiskiveiða og til annara endurbóta, sem eru til gagns fyrir allt landið, og, að síðustu,
 - f. þegar bráðabyrgðatíllagið þrýtur, kostnaðurinn við meðferð hinna íslenzku umboðsstjórnarmálefna í Kaupmannahöfn; þó skal Ísland þrjú fyrstu árin eptir þann tíma að eins greiða á ári einn fjórða hluta, helming og þrjá fjórðu hluta þessa kostnaðar.
- IV. Frá þeim tíma, sem nefndur er í I. tölulið, skal slitið öllu fjárhagssambandi millum Íslands og konungsríkisins, með þeim undantekningum, er leiða af því, sem að ofan er sagt, og einnig

öllum millumreikningum milli þeirra út af hinni fyrri sam-
eining fjárhagsmálefna.

Kaupmannahöfn, 14. dag júním. 1862.

Vilh. Bjerring. Nutzhorn.

FYLGISKJAL nr. 2 b.

Eptir að vèr höfum kynnt oss álitsskjöl hinna nefndarmann-
anna, skulum vèr bæta nokkrum athugasemdum við ágreinings-
álitsskjal vort, dags. 14. f. m.

Sú tilraun, sem hinir nefndarmennirnir hafa gjört með uppá-
stungum sínum til að láta stöðu Íslands í alríkinu verða samkynja
stöðu hinna landshlutanna með hluttekning í alríkismálum, er eptir
því sem vèr höfum bezt vit á bæði tómur hugarburður og einnig
mikið ranglæti gegn konungsríkinu. Slíka stöðu gæti Ísland ekki
fengið nema því að eins, að það tæki að sèr jafnt hinum lands-
hlutunum, bæði að leggja beinlínis fram fè til sameiginlegra gjalda
alríkisins, og greiða þannig í fast ákveðið árstíllag eptir fólksfjölda
hér um bil 114,421 rd. 40 sk.
og einnig að láta af hendi til alríkissjóðsins
það, sem nú skal sagt, af hinum sèrstaklegu
tekjum, sem það eptir vorri uppástungu ætti
að hafa:

a. Metorðaskatt	513 — 64 —
b. afgjald af verzluninni	12,320 — 73 —
c. þjóðjarðatekjur	14,451 — 83 —
d. uppbót þá, sem vèr höfum stungið upp á, að greidd væri fyrir seldar konungsjarðir	6,748 — 19 —

til samans .. 148,455 rd. 87 sk.

En eins skýlaust og það er, að sá tími liggur fjær en svo,
að haft verði tillit til þess við fyrirkomulag þessa málefnis, þá er
Ísland geti borið slíka byrði, eins ósanngjarnt væri það og, að
sjóður konungsríkisins, sem aldrei hefir haft annað en kostnað

af Íslandi, skyldi halda áfram að greiða hærri tillag til landsins til þess að hjálpa því til að ná þeirri stöðu í alríkinu, sem hér er umrætt.

Það mun verða nauðsynlegt að láta málefni þetta koma fyrir ríkisráðið, og ef það þá heimilar, að Ísland verði einn hluti af alríkinu og greiði tillag, þá er það alríkissjóðurinn, sem með beinlínis fjárstyrk verður að koma á þeirri breyting á ástandi landsins, að það ekki einungis geti borið sig sjálft heldur og seinna meir greitt beinlínis og óbeinlínis tillag til hinna sameiginlegu ríkisgjalda, svo sem fyrr er sagt,

Einungis með því skilyrði, að sleppt verði af hálfu alríkisins tilkalli til allra tekja af Íslandi, hvort sem eru beinlínis tekjur eður óbeinlínis, getum vér staðið við uppástungu vora; því þó hún halli minna á konungsríkið en uppástungur hinna nefndarmannanna, þá eykur hún eigi að síður gjöld ríkissjóðsins um allmörg ár; að öðrum kosti megum vér hiklaust ráða til þess, að allt sé látið standa við það sem verið hefir, þangað til fjárhagslög Íslands ef til vill, eptir samkomulagi við ríkisráðið yrðu tekin upp í fjárhagslög alríkisins, og kynni það þá að verða á líkan hátt og á sér stað um Lauenborg, en reyndar með gagnstæðu merki, ÷ í staðinn fyrir +.

Eptir vorri skoðun er því eigi heldur nein ástæða til þess, eins og Tscherning ofursti stingur upp á, að lofa ekki alþingi að hafa meðferð þeirra laga, snertandi fjárhag landsins, sem í hinum ríkishlutunum heyra undir ríkisráðið, en vitaskuld er það, að ráðaneyti konungs á að gæta þess og ráðgjafar þeir, er hafa stjórn alríkismálefna, að hafa ábyrgð á því gagnvart ríkisráðinu, að þess konar sérstakleg islenzk lög, sem hér er um rætt, komi ekki í bága við hagsmunum alríkisins að öðru leyti.

Ef tillag Íslands til hinna sameiginlegu ríkisparfa væri reiknað á þann hátt, sem að ofan er um rætt, þá væri að vísu uppástunga Jóns skjalavarðar Sigurðssonar langbezt fyrir konungsríkið og alríkið, en minnst í hag fyrir Ísland; en þar eð þetta tillag eptir uppástungunni á að ákveðast eptir samkomulagi við alþingi, og því hæglega gæti svo farið, að mjög lítið yrði úr því, þá skulum vér víkja stuttlega á hin helztu atriði, sem krafan um árgjald að upphæð 119,724 rd. 92 sk., er byggð á. Hinn heiðraði uppástungumaður virðist skoða Ísland sem sérstaklegt ríki, er hafi liðið órétt í mörgum greinum meðan það ósjálfrátt hefir verið í sambandi við

konungsríkið, og heimtar þess vegna nú, þegar skilnaðurinn er fyrir hendi, eptir ströngum réttarreglum bætur ekki einungis fyrir skaða þann, er það beinlínis hefir orðið fyrir, heldur einnig fyrir ávinning þann, er það hafi farið á mis við; en vör þar á móti byggjum á því, að Ísland undir einveldisstjórninni hafi engan veginn verið látið njóta minni réttar, en aðrir partar hins danska ríkis, og að það sé eins fjarlægt, að Ísland nú geti heimtað bætur af þeim fyrir það, sem stjórn þeirri, er var sameiginleg fyrir þá og Ísland, kann að hafa yfirsézt þar á landi, eins og að hinir ríkislutarnir geti heimtað bætur af Íslandi fyrir þann skaða, er þeir ef til vill hafa liðið fyrir yfirsjónir hinnar sömu stjórnar. Að þessu leyti erum vör öldungis á sama sjónarmiði og Stephensen etazrað og Tscherning ofursti. Vör byggjum einnig á því ástandi, sem nú er, og alitum eins og þeir rangt að skoða sögu liðins tíma eins og afreikningsbók millum Íslands og hinna ríkislutanna, sem ekki sé enn búið að ljúka við, en eigi að fullgjörast fyrir aðstoð nefndarinnar. Þar sem vör höfum stungið upp á, að Íslandi verði veitt úr sjóði konungsríkisins fast árlegt uppbótarfé, er samsvari vöxtunum af söluverði, er runnið hefir í ríkissjóðinn fyrir fasteignir, tiundir m. m., er sumpart voru eign krónunnar og sumpart höfðu verið lagðar til skólanna í Skálholti og á Hólum, þá hefir það engan veginn verið ætlun vor að viðurkenna, að Íslandi hafi verið órættur gjör með því, að fé þetta var dregið inn í ríkissjóðinn á þeim tíma, þegar sjóður þessi tók að sér að greiða öll gjöld, er stjórn Íslands hafði í för með sér. Það atriði upphátungu vorrar, sem hér er um rætt, er einungis í samhljóðun við þá skoðun vora, er vör höfum áður yfir lýst, að nefndin ekki geti leyst af hendi ætlunarverk sitt, sem er að gjöra upphátungur um slíkt fyrirkomulag, að Ísland eptirleiðis geti borið sig sjálft, nema því að eins, að Ísland fái full umráð yfir þeim fasteignum, sem í hinum ríkishlutunum annaðhvort sem ríkisfasteignir eru lagðar til hinna sameiginlegu ríkisparfa, eður eru lagðar til kirkna og skóla sem sérstök eign, til þess að þeim sé varið til að borga kostnaðinn við slíkar stofnanir. Eptir þessari skoðun getur ekki orðið umtalsmál að greiða vöxtu af kaupverði þessu, fyrri en frá þeim tíma, er Ísland tekur sjálft að sér að greiða hin sérstaklegu gjöld sín (Sigurðsson skjalavörður hafði heimtað 6,600 rd. í árgjald eptir áætlun fyrir rentumissi) eður að gefa bætur fyrir hagnað, er landið hafi farið á mis við (*lucrum cessans*) eins og nefndarmaður þessi

hefir heimtað, með því að reikna verð jarðanna, eins og þær væru enn óseldar, heldur einungis blátt áfram að borga út það kaupverð jarðanna, er á sínum tíma hefir runnið í ríkissjóðinn, og höfum vér í því efni öldungis farið eptir meðfylgjandi reikningi um það, er Stephensen etazráð hefir til búið.

Ef menn aðhyllast þær grundvallarreglur, sem vér höfum byggt á, verður eigi heldur umtalsmál að veita endurgjald fyrir fê það, er Sigurðsson skjalavörður hefir um rætt í 2. tölustaf. a—e (en um upphæð þess fjár og hvernig það er reiknað vantar glöggari skýrslur), og skal þess að eins getið um fê það, sem nefnt er í staf. a—d, að þeir 21,000 rd., sem til bráðabyrgða voru greiddir úr hinum almenna skólasjóði til byggingar hins nýja skólahúss í Reykjavík, og eigi hafa enn verið aptur borgaðir, vega riflega upp á móti þessu fê, og um það fê, sem nefnt er í staf. e, að miklu meira þess konar fê án alls efa hefir runnið inn í hinn sameiginlega ríkissjóð, þegar siðaskiptin urðu í Danmörku.

Þar sem Sigurðsson skjalavörður að endingu hefir heimtað árlegt endurgjald, að upphæð 50,800 rd., fyrir þann skaða, er Ísland fyrrum hefir liðið við verzlunareinokunina, þá skulum vér fúslega játa, að slíkar óbeinlínis skatta-álögur hafa verið fremur óheppilegar, og að skaði sá, er Ísland hefir þar við liðið, ef til vill hefir verið meiri, en svaraði tekjum þeim, er hinn sameiginlegi ríkissjóður fékk af verzluninni; en eins og vér eptir allri vorri skoðun á málinu ekki getum játað, að Ísland hafi rétt til að heimta neinar bætur fyrir það, sem hinni sameiginlegu landsstjórn í þessu tilliti kann að hafa yfir sjezt, eins verðum vér einnig að álíta, að vér eigi þurfum að fara lengra út í reikning þann, sem er við hafður til að finna upphæð endurgjaldsins, þó hann sè í mörgu tilliti undarlegur. Með fullkomlega eins miklum rètti, og Sigurðsson skjalavörður heimtar bætur fyrir skaða þann, er Ísland beið af verzlunareinokunni, mætti af Danmerkur hálfu heimta, að Ísland skyldi greiða bætur fyrir það, sem tekjur ríkissjóðsins rýrnuðu við það, að verzlunareinokunin var af tekin.

Að endingu skulum vér geta þess viðvíkjandi uppástungu Stephensens etazráðs og Tschernings ofursta, að hún að voru áliti hefir að engu það boð í erindisbréfi nefndarinnar, að haga hinu nýja fyrirkomulagi á fjárhagsmálefnum Íslands þannig, að landið eptir tiltekna áratölu sjálft borgi kostnað þann, er snertir það sjðerstaklega; því uppástunga þeirra lýtur einmitt að því að láta

það ástand, sem nú er, vara um aldur og æfi, en eptir því er meir en þriðjungur af gjöldum Íslands greiddur með tillagi úr sjóði konungsríkisins.

Kaupmannahöfn, 2. dag júlím. 1862.

Vilh. Bjerring.

Nutzhorn.

FYLGISKJAL nr. 3 a.

Að eg ekki get hallazt að þeirri skoðun á málinu og þar á byggðum uppástungum í ýmsum atriðum þess, sem hinir aðrir leiðruðu nefndarmenn hafa komið fram með í meðfylgjandi álits-skjölum sínum, er einkum sprottið af tvenns konar ástæðum.

Í fyrsta lagi held eg, að nefndin geti ekki komizt hjá að hafa hliðsjón af liðna tímanum með tilliti til fjárhagsviðskiptanna millum Danmerkur og Íslands, og að hún jafnvel hafi hvöt til þess í erindisbréfi sínu. Í öðru lagi virðist mér eiga að leggja áherzlu á það, að hin stjórnlega hlið málsins eður það stjórnarsamband, sem hefir átt sér stað millum Danmerkur og Íslands, verður að koma hér mjög til greina. Eg held þess vegna yfir höfuð, að menn verði að skoða málið frá yfirgrípsmeira sjónarmiði en þeirri stöðu, sem landið er í nú sem stendur, og sem það er komið í sökum ýmislegra atvika, og eg treysti því, að gætt verði þeirrar sanngirni, að þetta fái eins mikla þýðing fyrir það, þó nokkur atriði í áliti mínu verði einkanlega byggð á því.

Það var í fyrsta skipti í hinni föstu fjárhagsáætlun frá 1825, að Ísland kemur fram í grein út af fyrir sig í ríkisreikningunum á þann hátt, að sérstaklega er haft tillit til jafnaðarhlutfallsins millum tekja og gjalda, eptir að reikningum landsins um mörg ár hafði verið slengt saman við reikninga hinna ríkishlutanna. Það verður nú að vísu eigi skoðað öðru vísi en ósamkvæmni, eins og þá var ástátt, að taka Ísland þannig sérstaklega fram í ríkisreikningunum, fyrst landið á annað borð eigi var álitid að vera ríkishluti, er hefði rétt til stöðu í ríkinu út af fyrir sig, en það átti samt sem áður rót sína í eðli hlutarins, og það, að reikningurinn eins og honum þá var hagað, sýndi, að tekjurnar af Íslandi væru minni en gjöld-

in, vakti, ef til vill, hjá stjórninni þá föstu skoðun, að Ísland (í fjárhagsreikningum var nafn þess »hinu íslenski jarðabókarsjóður«) ætti með tilliti til fjárhagsreikninganna að álítast sem ríkishluti út af fyrir sig, og að því ætti að koma til leidar, að tekjur og gjöld hans árlega stæðust á. Þetta var ákveðið í konungsráðgjafi 24. maím. 1831, og seinna var það itrekað í ýmsum konungsráðgjafi-um; þar af er og sprottinn millumreikningur sá, sem síðan á ýms-
an hátt hefir komið fram frá stjórnarinnar hálfu.

Þegar nú stjórnin þannig setur ákveðið reikningsform og byggir á því grundvallarreglu í fjárhagsreikningunum og jafnframt í stjórnlegu tilliti bendir á mjög merkilega breyting á því, sem áður hafði verið byggt á í því efni, þá virðist vera fullur réttur til þess að rannsaka frá Íslands hálfu undirstöðu þá, sem stjórnin byggir á hina nýju skoðun sína; stjórnin hefir sjálf gjört byrjun-ina til þess, og hún getur sízt allra verið því mótfallin, að málið sé skoðað frá öllum hliðum. Það verður þannig eigi betur séð, en að Ísland hær með fullkomnum rétti geti komið fram sem partur í málinu, og að þar eð gjörðar eru vissar kröfur til þess, byggðar á vissum hugmyndum, þá hafi það einnig rétt til að rannsaka, hvernig þessum kröfum sé varið, og að hve miklu leyti hugmyndir þær, sem kröfurnar eru byggðar á, séu réttar eður ekki.

Hið fyrsta atriði, sem hær kemur til greina, er að rannsaka, hvernig fjárhagsmálefni Íslands hafi verið lagað á undan förunum tímum. Þetta hefi eg áður (í álitsskjali mínu 23. októberm. 1861) greinilega útlistað fyrir nefndinni, og mun því hær nægja að taka höfuðatriðin fram. Þar af má sjá, að frá þeim tíma (1264), þegar Ísland eptir samkomulagi var komið í samband við Noreg — en sáttmáli þessi var endurnýjaður við ýms tækifæri, einkum þegar konungaskipti urðu, og hafa meun enu þá nokkra af þessum endurnýjuðu sáttmálum, t. a. m. frá árunum 1302, 1319 og 1431, — og til siðaskiptanna, eða hær um bil um 300 ár, var fyrirkomu-lagið á þann hátt, að Ísland hafði lög og landstjórn sér, undir yfirstjórn eins manns, sem konungur setti (hirðstjórans), og galt til krónunnar það, sem afgangs var útgjöldum landsins á ári hverju; en þetta má að öllum jafnaði telja 10,000 til 11,000 rd. á ári eptir núveranda peningaverði. Við siðaskiptin varð á þessu sú breyting, að konungur þá tók undir sig jarðagóz andlegu stéttarinnar, og einkum klaustranna, og var það upphaflega skýrt ákveðið, að eigu-

um þessum skyldi verða varið sumpart andlegu stéttinni í hag, en sumpart til skóla og til annara þarfa Íslands, eins og konungur einnig var skyldugur til eptir »ordinanziunni«. Hin sama ákvörðun hlýtur einnig að hafa átt að gilda um verð peninga þeirra og gripa, sem teknir voru frá dómkirkjunum í Skálholti og á Hólum og frá öðrum kirkjum á Íslandi, því þetta hefir sjálfsagt ekki verið skoðað sem rán, heldur sem fjársjóðir, er nú skyldi hagnýta á annan hátt en fyrr til landsins þarfa. Þetta var samt ekki gjört, eða að minnsta kosti var mjög lítið að því gjört, því latinuskólanum var velt yfir á byskupsstólana, en alþýðuskólarnir, sem lofað hafði verið, voru aldrei stofnaðir. Frá þessu tímabili kemur því fram Íslands megin afgangur, og má skoða það svo, að landið hafi lagt þeim mun meir til hinna annara rikishluta eða til almennra ríkisþarfa, ef menn svo vilja, en því með réttu bar að greiða, þar eð Ísland að lögum ekki var skyldugt að láta meir af hendi en afganginn af landstjórnarkostnaðinum, eða til að gjalda skatt. Um tímabilið 1550 til 1600 verða tekjurnar á Íslandi á ári hér um bil þessar, taldar eptir núveranda verðlagi :

tekjur af jörðum	41,055 rd. 40 sk.
afgangur af landstjórnarkostnaði.....	22,500 — » —
gjöld af verzluninni	3,800 — » —
óvissar tekjur	2,000 — » —

samtals 69,355 rd. 40 sk.

Auk þessa má telja fæð frá dómkirkjunum, það er fyrr var getið, með leigum, tekjur af brennisteinsnámunum og brennisteinsverzluninni, tekjur af forkaupsrétti konungs o. s. frv.

Aptur má telja útgjöldin þessi:

Laun lögmanna 15 hundruð á landsvísu fyrir hvern 900 rd.

Ómisleg útgjöld hér um bil 2000 —

2,900 — » —

Verður þá afgangur útgjöldunum á ári hverju 66,455 rd. 40 sk. Á þessu varð þó aptur breyting þegar einokunin var lögð á verzlunina í byrjun hinnar 17. aldar. Breyting þessi var gjörð, eins og með þerum orðum var látið í ljósi, einungis til að útvega borgurunum í Kaupmannahöfn, Málmei og Helsingjaeyri, og seinna í Kaupmannahöfn einni, þann verzlunarábata, sem þeir ella ekki

hefðu haft. Þessu var komið á með ofbeldi, þvert ofan í mótmæli og kvartanir Íslendinga á hverju ári, og þrátt fyrir það, sem alkunnugt er, að strax fóru að sýna sig hungursóttir og hungursdauði í landinu, af því nauðsynlega aðflutninga skorti. Ofbeldið sýnir sig í því, að hús þýzkra kaupmanna, sem þeir áttu á Íslandi og voru löglega að komnir, voru rifin niður með valdi. Órættur sá og fjártjón, sem Ísland varð fyrir, sýnir sig beinlínis í því, að allar aðflutningsvörur hækkuðu í verði um 152 til 304 af hundraði, en varningur landsmanna lækkaði, og einkum landvaran; en óbeinlínis sýnir þetta sig í því, að atvinnuvegum landsins hnignaði, einkum jarðrækt og fiskiveiðum, en þar af leiddi aptur, að afgangur af jörðunum fóru æ minnkandi, að almenn örbyrgð komst á, og að fólkið í landinu tündi tölunni meir og meir. En eigi að síður, þó að þessar afleiðingar kæmu allt af meir og meira í ljós, þá voru verzlunarböndin reyrð æ því fastara, og einkanlega strengilegar bannað að hafa nokkra verzlun við útlenda, og jafnvel við því lögð æflöng þrælkun á Brimarahólmi. Það flaut beinlínis af þessari stjórnaraðferð, að Íslendingar urðu afvana sjómennsku, og að þeim var bægt frá að nota þilskip til sjóferða og fiskiveiða, en gátu ekki haft sjáfar útveg nema á smábátum. Með kaupskránni frá 1684 var verðið á aðflutningsvörum hækkað á ný til 333—385 af hundraði í samanburði við það, sem var áður en kaupskrárnar voru settar, og jafnframt var afgangur af verzluninni hækkað, og sýnir þetta ljóslega samband það, sem þá var milli stjórnaraðferðarinnar í verzlunar málunum og fjárhagsmálanna. Enginn mun nú vilja neita því, að það er réttlát krafa, að hinum sérstaklegu ríkislutum sé gjört jafnt til í skatta álögum, og þar af leiði þá, að enginn réttur getur verið til þess, að leggja byrðar takmarkalaust á einn þeirra, heldur eigi að veita þeim hlutanum uppbót, sem fremur hinum er gjörður óréttur eður íþyngt beinlínis eða óbeinlínis hinum í hag. En það er ekki síður réttlát krafa, að þegar einn ríkisluti leggur ekki að eins beinlínis meira fram, en hann að lögum er skyldur til, heldur einnig meira en honum ber að rætti tiltölu, að hann þá ekki eptir hugþótta sé sviptur eignum sínum, heldur að þeim sé við haldið, og ef þær verða seldar, þá sé andvirðið geymt eigandanum eður honum áskilinn réttur til þess og úgóðans af því. Þetta kemur hér til greina að því leyti, að með konunglegum afsalsbréfum 3. apríl. 1674 og 30. apríl. 1675 var Hinrik Bjelke höfuðsmanni afhent jarðagóz á Íslandi fyrir

27,605 rd., talið dal fyrir dal; en þegar nú svo stóð á, að Ísland galt á ári hér um bil 100,000 rd. eptir nú verandi peningaverði, auk þess ábata, sem verzlunin óbeinlínis gaf af sér, þá getur ekki komið til mála eptir sanngirni að selja fasteignir landsins, nema til að ávaxta andvirðið, en þá var lögleiga 6 af hundraði. Ef vör nú gjörum ráð fyrir þessu, þá kemur frá þessum tíma með öllum rétti leiga og leiguleiga af þessum höfuðstóli í staðinn fyrir það sem jarða-afgjöldin minnkuðu, og þó leigan væri ekki talin nema 4 af hundraði, þá væri það fljótt orðinn mikill sjóður; en það er ekki efi á, að samvizkusöm stjórn hefði haldið því fæ saman og varið því til landsins nauðsynja og framfara, hvort heldur sem Ísland að öðru leyti var skoðað sem ríkishluti eða nýlenda.

Eptir þessu, sem nú hefir verið sagt, yrði fjárhagsreikningur Íslands árið 1690 hér um bil á þessa leið eptir nú veranda verðlagi:

1. Hreinar tekjur af jörðum	29,100 rd.
2. Af Vestmannaeyjum sér í lagi	1,500 —
3. Tekjur af sýslunum	7,965 —
4. Afgjald af verzluninni	102,525 —
5. Óvissar tekjur	4,410 —
samtals 145,00 rd.	

Aptur á móti voru útgjöldin þessi:

1. Laun amtmannsins	6,000 rd.
2. Laun landfógetans	3,000 —
3. Laun lögmanna	900 —
fl. Ýmisleg útgjöld hér um bil	2,505 —
samtals 12,405 rd.	

og voru því tekjurnar afgangs útgjöldunum 133,095 rd.; en við þetta mætti að réttu lagi bæta vöxtum af hinu fyrirtalda dómkirknafe, og sömuleiðis vöxtum af andvirði jarða þeirra, sem afhentar voru Hinriki Bjelke, o. s. frv. Hvað hin þá verandi útgjöld snertir, þá má geta þess, að um þetta mund voru laun stiptamtmannsins ekki talin með sérstaklegum útgjöldum Íslands, og var það öldungis rétt, þar sem landinu var stjórnað sem nýlendu í fjárhagslegum efnum, og bar því þá ekki að gjalda neitt sérstaklega til almennra ríkisparfa eða til þeirrar yfirstjórnar, sem sett var frá Danmörku og einungis með tilliti til hagræðis Danmerkur.

Tekjurnar á Íslandi urðu þó enn meiri eftir þenna tíma, svo að jarðabókargjöldin og óvissu tekjurnar komust árið 1695 upp í 45,750 rd., og afgjald verzlunarinnar upp í 151,425 rd., eftir nú veranda verðlagi (1706—1720). En þá fóru líka kraptar landsins að eyðast, þar til konungur sjálfur, til þess þó ekki að sleppa verzlunar einokuninni, varð að taka hana að sér, og má því á þessu tímabili telja allan ávinning verzlunarinnar, eins og tillag Íslands til ríkissjóðsins. Þetta var ekki svo lítið, því á árunum 1760—1763 er það talið 11,000—14,000 rd. kúrant, eða hér um bil 40—50,000 rd. á ári; og árið 1781 er það jafnvel talið 145,050 rd. 80 sk. kúrant, sem er meir en hálf millión í núveranda peningaverði. En kraptar landsins voru komnir að þrotum, því á tímabilinu frá 1702 til 1769 hafði fólkestalan í landinu fækkað um 4243, og á árunum 1784 og 1785 fækkaði fólk á landinn um 9000, mest af hungurssóttum. Þessi vandræði ollu því, að gjörð var breyting á grundvallarreglunum fyrir stjórn landsins, því nú var loks afráðið að gefa verzlun landsins lausa, en samt einungis fyrir þegna Danakonungs. Það er sagt með berum orðum, þegar verzlunin þannig var gefin laus sem svo var kallað, að málefni þessu sé einungis skipað með tilliti til hagsmuna hinna ríkishlutanna og þá einkum Kaupmannahafnar, en sá staður hafði um langan aldur verið sá eini markaður fyrir allan íslenskan varning, og þar var um þessar mundir þar að auki lykilið að allri verzlun Dámerkur og Noregs. Engum manni, er búsettur var á Íslandi, var leyft að hafa verzlun þar, nema hann væri í félagi við kaupmann í Danmörku (Noregi eða hertogadæmunum); það var ekki leyft að reka verzlun frá Íslandi beinlínis til útlanda, og útlendum þjóðum var heldur ekki leyft að hafa samgöngur við landið eða landsbúa, og það var sagt með berum orðum, að nú yrði að hafa betri gætur á en áður, því hagur sá, sem Ísland sjálft kynni að hafa (það voru orð stjórnarinnar), gæti ekki jafnast á við óttann fyrir því, að verzlunin kynni að komast til útlendra. Þó ekki sé haft tillit til, hvort ótti þessi hafi verið á nokkrum rökum byggður eða ekki, þá sýnir þetta þó ljóslega, að einnig á þessu tímabili var fyrirkomulagið á verzluninni einungis sniðið eftir hagsmunum hinna ríkishlutanna, og hagur Íslands var í þessu máli, sem velferð þess var undir komin, látinn lúta í lægra haldi, og í þessum sama anda var einnig breytingin á verzluninni framkvæmd frá stjórnarinnar hálfu. Þjónar konungs-verzlunarinnar,

sem voru upp aldir í skóla einokunarinnar, voru settir inn í hina nýju verzlun, og þeir notuðu sér dyggilega kringumstæðurnar til að halda verzluninni í sömu stefnu og fyrr. Eigi að síður var breyting sú, sem árið 1787 var gjörð á verzlunar-einokuninni, til ekki all-litilla bóta, og sýndi þetta sig einkum hin fyrstu tvö árin, en konungs úrskurðirnir 1792 og 1793, sem íslenzku kaupmennirnir komu til leiðar (opin bréf rentukammersins 1. júním. 1792 og 23. aprílm. 1763), ráku verzlunina að miklu leyti um stundar sakir aptur í hið forna far, og það jafnvel svo mjög, að það er sannreynt, að hin íslenska verzlun að mesta leyti var rekin eingöngu frá Kaupmannahöfn, og við aðskilnað Noregs frá Danmörku varð að kalla má ekki vart við nokkra breyting í þessu efni. Oss virðist þess vegna, jafnvel þó vèr ekki neitum, að feti var stigið fram í rétta stefnu árið 1787, að þetta stig hafi ekki verið svo mikið, að það breytti þeirri grundvallarreglu, sem þangað til hafði verið fylgt í stjórn landsins í þessu efni. Ísland var eins og fyrr skattgilt undir hina ríkishlutana og einkum Kaupmannahöfn með því, hvernig verzluninni var hagað, jafnvel þó skattskyldu þessari væri þolanlegar fyrir komið en áður. Ábatinn af verzluninni rann að visu ekki beinlínis inn í ríkissjóðinn eins og áður, en aptur á hinn bóginn óx verzlunarmegin landsins nokkuð, og auðgaði það ekki svo fáa borgara í Kaupmannahöfn; kaupskip mörg voru í förum með íslenzkan varning, ekki einungis á hinum blómlegu verzlunarárum heldur og einkum síðar þegar harðara varð um; sjómenn og iðnaðarmenn lifðu fjölda margir af þeirri atvinnu, sem verzlunin veitti þeim, og ríkissjóðurinn fékk þannig tekjur með skattgjöldum og á ýmsa vegin. Það er því full ástæða til að segja, að verzlun Íslands hafi veitt ríkinu eins miklar tekjur og áður, og eins og áður á Íslands kostnað. Breyting sú, sem varð við tilskipun 11. septemb. 1816, þegar útlendum var leyft að taka þátt í hinni íslenzku verzlun móti því að gjalda 50 rd. fyrir hvert lestarrúm í skipinu, gjörði enga breyting heldur, því ákvörðun þessi hafði ekki minnstu áhrif á verzlunina, og ekkert útlent skip gat hagnýtt sér þetta leyfi.

Hvað fjárhag landsins sèr í lagi snertir, þá var að visu á tímabilinu frá 1750 til 1787 miklu meir lagt til Íslands úr ríkissjóði en áður hafði verið gjört, þegar útgjöld Íslands ekki voru önnur en áður er talið, en tillag þetta, sem einkum leiddi af tilraun þeirri, sem gjörð var til að koma upp ullarverknaði og

handiðnum, verður þó ekki talið hærra alls en 100,000 rd., það er að skilja 60,000 rd. til verksmiðjunnar og tilfæra þeirra, er til hennar heyrðu, og 40,000 rd. til ýmsra bygginga og annara fyrirtækja; má þetta ekki kalla mikið á þeim tíma, þegar allur ágóðinn af hinni íslenzku verzlun rann í ríkissjóðinn, en afgangið af henni hafði þá fyrir skömmu verið 15—20,000 rd. kúrant á ári, og ágóðinn af henni gat á einstöku árum jafnvel komið upp í 145,000 rd. kúrant. Hefði nú þar að auki verið sú stjórn, sem hefði haft hirðing á að halda saman þeim fasteignum og vaxtasjóðum, sem jeg hef áður sýnt að voru ómótmætanleg eign landsins, þá er það ljóst, að Ísland hefði ekki einungis haft nóg efni til að borga sinn eiginna kostnað, heldur og einnig til að gjalda að sínum hluta til almennra ríkisþarfa, og hefði þó getað átt ekki svo lítinn sjóð til umráða. En þar sem menn ekki kunna aðra reglu en þá, að taka það sem næst, þar er ómögulegt fyrir þann, sem er minni máttar, að komast hjá eyðileggingunni.

Þegar neyðin rak til þess að gjöra breyting á einokun verzlunarinnar, þá var farið að gefa stólsgózunum gaum, og var þá byrjað á Skálholti. Um sama leyti og það er sýnt með ljósum reikningum (fylgiskjal við konungsbréf 29. apríl. 1785 í Lagasafni handa Ísl. V, 188), að eignir Skálholts stóls gáfu af sér í tekjur á ári 3,047 rd. 45 sk. kúrant (að ótöldum stólsrekunum og byskupssetrinu sjálfu), þá tekur stjórnin þetta allt »undir stjórn rentukammersins» fyrir 2500 rd. á ári, og voru 1000 rd. ætlaðir til launa fyrir byskupinn, enn 1500 rd. voru ætlaðir skólanum, en útgjöld skólans náðu ekki þessari upphæð nokkurt ár frá 1785 til 1800, heldur ultu þau á 1700 rd. (1797) til 2420 rd. (1800). Í þessum einstaklega reikningi var því einnig afgangur af útgjöldunum Íslandi í hag, en þess hefir ekki síðan séð nokkurn stað. Þegar fasteignir Hóla stóls voru teknar (1801), fékk skólinn enn að nýju töluverðan sjóð, hærumbil 70,000 rd. kúrant, en útgjöld skólans jukust þó um langan tíma þar eptir ekki meir en um 200 rd. launaviðbót handa byskupinum, laun handa einum kennara og nokkrar ölmusur, en þó er einnig allur sá afgangur af tekjunum horfinn. Jafnframt því, sem stólsgózin voru seld, var líka farið að selja hópum saman hinar svo nefndu konungsjarðir, sem höfðu í fyrstu verið eign klaustranna, en síðan verið ætlaðar til Íslands opinberu þarfa, einkum uppfræðingarinnar. Það andvirði, sem kom fyrir hina seldu jarðir, tók ríkisskuldastjórnin (Statsgjelds-Direc-

tionen) undir sig, og þegar rentukammerið lét til sín heyra og sagði, að þetta væri fê, sem ætlað væri til nauðsynja Íslands sérstaklega, þá var því svarað, að þó svo væri, þá hefði Ísland á hinn bóginn rétt til þegar á lægi að heimta tillögur aptur í skarðið úr ríkissjóðnum.

Með því að leggja Ísland undir það harðasta verzlunarok í meir en 200 ár, og með því móti ekki einungis að leggja á það skatt yfir megn fram, heldur einnig eyða helztu atvinnuvegum þess og kæfa niður alla framför og velmegun; með því þar að auki að taka allar þær eignir, sem landið átti sjálft til sinna opinberu þarfa, stjórna þeim fyrst illa og að síðustu selja þær, án þess að taka tillit til fjárhagsþarfa landsins, og án þess að gjöra skil fyrir andvirðinu, með þessu móti er það orðið, að í aðaláætluninni 1825 voru taldir 10,428 rd. 39½ sk. til útgjalda Íslands, en engar tekjur voru þar taldar á móti; og bættist þó þar við 5200 rd. til launa stíptamtmanns og amtmanna, sem talið var sér í lagi. Þannig er komið fram í reikningunum þetta 15,000 rd. tillag, sem af stjórninni er talið, að lagt hafi verið Íslandi þar til hér um bil 1840. Það er með því að telja öll útgjöldin en sleppa öllum tekjunum, þar þær runnu inn í jarðabókarsjóðinn á Íslandi, sem var undir stjórn rentukammersins en ekki fjárhagsstjórnarinnar, að þá var talið að Ísland vantaði hina ofannefndu 15,000 rd. til þess að tekjurnar brykki fyrir útgjöldunum. Það er ljóst, að vandaliði er með þessari aðferð að koma fjárhagsreikningum hvers lands svo fyrir, að tillag þurfi, og þó er þessi aðferð höfð í reikningi Íslands að mestu óbreytt til þessa dags. Til þess að færa ljósar sannanir um þetta, þarf einungis að leiða athygli manna að einu atriði. Meðan stólseignirnar voru óseldar, þá gengu tekjurnar af þeim, eins og kunnugt er og áður er sagt, til kostnaðar skólanna og launa handa byskupum; það var því sjálfsagt, að þó eignirnar væru seldar, þá voru vextir þeirra ætlaðir til hins sama kostnaðar og gózin óseld. En þó því varla verði neitað, og þó konungur hefði jafnvel sjálfur vottað, að ríkissjóðurinn með sölunni hefði tekið upp á sig allan þann kostnað, sem á þessum gózum lá, þá eru samt talin í reikningunum á ári hverju útgjöldin til latínuskólans og prestaskólans, laun byskupsins og prestamatan frá Hóla stól til nokkurra brauða í Skagafirði, alls hér um bil 20,000 rd., án þess að nokkuð sé talið í tekjudálkinum fyrir hið selda góz eða aðra sjóði, sem stólarnir áttu og seinna skal greina.

Eins er um hitt, að ekkert er heldur talið fyrir seldar þjóðjarðir eða hinar svo kölluðu konungsjarðir, og er það því undarlegra, sem afgjöldunum af jörðum þessum er varið til þarfa landsins og þau talin meðal tekja þess, eins og frá alda öðli hefir verið gjört, meðan þær eru óseldar; en þegar þær eru seldar, hverfur allt í einu bæði vextir allir og innstæðan með. Þó nú ekki væri lítið á neitt annað en þetta, og ekki haft tillit til neinna skaðabóta fyrir hinar eldri kröfur, sem Ísland virðist eiga heimtu til, þá yrðu tekjur landsins hér um bil nægar fyrir útgjöldunum, og þar að auki hefði Danmörk ábata þann, sem leiðir af verzluninni við Ísland og öðrum viðskiptum, og mun mega telja að selt og keypt sé að minnsta kosti fyrir 2 millíónir á ári. Með þeirri stjórnaraðferð, er Danmörk nú um langan tíma hefir fylgt, nefnilega að hlífa Íslandi við beinum skatta-álögum, en leita alls ábatans óbeinlínis, verður þetta naumast kallaður svo sérlega lítill ágóði.

Það er bersýnilegt af öllu því, sem þegar er sagt, ef lítið er réttu auga á mál þetta, að ekki getur komið til mála, að Danmörk til þessa tíma hafi í eiginlegum skilningi lagt Íslandi nokkuð fê, og að það, að svo lítur út, á einungis rót sína í því, að nokkru hefir verið haldið af hinni fornu óreglu í reikningunum, eins og aðrir af hinum heiðruðu nefndarmönnum hafa bent á. Þetta er þegar fyrir löngu viðurkennt af stjórninni, og eg skal leyfa mér að tilfæra fáeina staði, jafnvel þó eg verði að halda, að máské megi finna aðra, þar sem þetta er tekið skýrara fram, þó eg ekki þekki þá.

Þegar farið var að búa til sérstaklega reikninga fyrir Ísland, þá var fyrst nokkru meir en áður reynt að greina úr tekjuliði þá, sem með réttu þóttu bera Íslandi, og útgjöld þau, sem ekki þóttu snerta landið, og hafði þetta ekki verið gjört áður. Þannig voru gjöldin fyrir leiðarbréf skipa, sem áður höfðu runnið inn í aukatekjusjóð rentukammersins, tekin upp í reikninga Íslands, og sama var seinna að nokkru leyti gjört við gjöldin fyrir leyfisbréf og veitingabréf, sem áður höfðu runnið inn í aukatekjusjóði kanselisins og annara stjórnarráða. Í lok ársins 1839 getur rentukammerið þess, hvílikt fjártjón Ísland hljóti af því, að andvirði seldra þjóðjarða gangi í ríkisskuldaskjóðinn, og leigurnar komi ekki framar til greina í reikningum landsins, og fer um það þessum orðum: »Þar eð leigur þessar koma í staðinn fyrir tekjur af fasteignum, sem hefðu runnið inn í hinn íslenska jarðabókarsjóð,

ef þessar fasteignir hefði ekki verið seldar, þá hefir rentukammerið verið á því máli, að þó leigurnar sé ekki goldnar jarðabókarsjóðnum, þá eigi þær þó að koma til reiknings, þegar talað er um það aukatillag, sem Ísland eigi að fá úr ríkissjóðnum, því þetta munar töluverðu í aukatillaginu». Í einni skýrslu sinni til konungs í aprílm. 1845 sýnir rentukammerið, hversu óáreiðanlegur sé allur þessi reikningur um tillög til Íslands, og kemst það þannig að orði: »Það er ef til vill efasamt, hvort nokkru sé í raun og veru skotið til Íslands, eða hversu mikið það kynni að vera; því að visu er það satt, að til jarðabókarsjóðsins á Íslandi er skotið á hverju ári meiru eða minna, og verður að skýra frá því árlega í ríkisreikningum og áætlunum, til þess að menn geti haft yfirlit yfir allan fjárhag ríkissjóðsins, en þetta verður eiginlega ekki kallað tillag til Íslands; því hvorki hefir jarðabókarsjóðurinn á Íslandi tekið við öllum tekjum þeim, sem af Íslands hálfu koma í ríkissjóðinn, þó nú sé farið að gæta þess á seinustu árum, að telja honum þær smám saman, og ekki heldur hefir þess verið gætt, að úr sjóði þessum hafa verið goldin ýmisleg gjöld, sem ekki verða talin meðal útgjalda til Íslands, og hafa menn einnig verið að kippa þessu í lag smám saman».

Jafnframt því að þetta og þvílíkt hefir verið sagt, þá mun einnig mega finna, að einstöku æðri stjórnarmenn hafa verið að tala um tillög til Íslands, t. a. m. árið 1849 og optar; en í frumvarpinu til fjárhagslaga Danmerkurrikis fyrir árið 1850—51, þegar stjórnin hafði fullt tilefni til alvarlega að íhuga þetta mál, hefir hún farið enn þá skýrari orðum um hina sönnu þýðing þess, að talin eru fjártillög til Íslands á hverju ári, því þar segir svo: »Þó talið sé tillag til Íslands, mega menn fara varlega að draga af því ályktanir Íslandi í óhag, því bæði er það, að meðan verzlunin á Íslandi er í því horfi sem hún er nú (var þá), þá er ómögulegt að semja skýlausan reikning við þetta land sem einstakan hluta ríkisins, þar eð jafn-ómögulegt er að reikna í tölum þann skaða sem Ísland hefir af þeirri tilhögun á verzluninni, sem nú er höfð, eins og ábata þann, sem verzlunarstéttin í Danmörku og einkum í Kaupmannahöfn hefir af henni. Þess má þó geta, að gjaldið til skólans á Íslandi ætti að draga frá útgjöldunum, þar eð það kemur í stað eigna skólans, sem fyrrum hafa verið teknar inn í ríkissjóðinn».

Þó nú stjórnin hafi sagt þetta, og þó reikningar Íslands hafi

nokkuð nálgast því að verða í raun og veru tekju- og útgjalda-reikningar landsins, þá hafa þó enn í dag tekjuliðir þessir ekki verið teknir til greina í ársreikningunum, jafnvel þó rentukammerið þegar viðurkenndi, að Ísland ætti sanngjarnt tilkall til þessa.

Ísland hefir þannig í fjárhagsviðskiptunum orðið mjög hart úti; það hefir verið svipt eignum sínum, sem voru mikill auður að tiltölu við efnahag þess, án þess að hafa not þeirra samkvæmt loforði konungs; þar að auki hafa með verzlunareinokun verið lagðar álögur á Ísland jafnpungar og tollur 3—400 af hundraði enda af helztu nauðsynjavörum. Ofan á þetta hefir Ísland verið svipt öllum atkvæðisrétti um sín eigin efni og beygt undir þess konar nýlendustjórn, sem tíðkaðist á hinum fyrri öldum, enda þótt það hvorki sé eða nokkurn tína hafi verið nýlenda Danmerkur. Með þessari aðferð hefir Danmörk gjört sjálfa sig að eins konar fjárhaldsmanni fyrir Ísland, að því fornspurðu, og hefir haldið þessari fjárhaldsmennsku eins eftir og áður, síðan landsstjórnin varð þar frjáls, með því nefnilega að takast á hendur bæði landsstjórnina á Íslandi og ályktunarvald það, er því bar, um tekjur og útgjöld landsins. Þegar nú á að breyta þessu ástandi, og þegar alþing, sem er fulltrúalýðing Íslendinga, á að fá í hendur valdið til að ákveða tekjurnar og útgjöldin, þá sýnist það fyrst og fremst vera sjálfsagt, að Ísland verður að snúa sér með kröfur sínar til Danmerkur, þar eð stjórnin hefir vísað þangað, og þar eð Danmörk hefir í þessu máli sett sig á milli Íslands og krónunnar, eins og milli Íslands og alríkisins; og í öðru lagi fylgir það einnig með, að þegar Ísland má koma fram sem málspartur í fjárhagsmálinu, þá má það einnig koma fram með fjárhagskröfur og hafa þá von, að Danmörk fari að eins og heiðarlegur og umhyggjusamur fjárhaldsmaður og láti skjólstæðing sinn fá þær fábætur, sem réttlæti og sanngirni heimila honum.

Það flýtur beinlínis af því, hvernig fjárhagsstjórn ríkisins hefir verið löguð og reikningar sandir, eins og það líka flýtur af því, hvernig Íslandi hefir verið stjórnað, einkum síðan um siðbóta tímenn, að það mundi verða mjög örðugt, þó það mætti kann ske heita mögulegt, að semja nákvæman og skýran reikning um tekjur og útgjöld Íslands í viðskiptum þess við Danmörk. Það eru heldur ekki líkindi til, að slíkur reikningur yrði til þeirra nota, sem svaraði tíma þeim, sem til þess væri varið, og mundi að öllum

líkindum vekja hinar sömu neitanir og mótbárur og reikningur sá, sem byggður væri á hinum alkunnu aðalatriðum þeim, er ætíð hafa verið tekin fram af Íslands hálfu, og að nokkru leyti viðurkennd af stjórnarinnar hálfu. Eg álit því, að menn einungis eigi að halda sér við þetta. Þessi atriði fara ekki fram á að krefja skaðabætur fyrir þær yfirsjónir, sem hafa orðið í stjórn landsins, fyrir það eignatjón, sem peningabreytingin hafði í för með sér, eða fyrir þann skaða, sem atvinnuvegir landsins og efnahagur þess hefir orðið fyrir og sem því miður má álíta óbætanlegan. Hér er einungis farið fram á að fá bætur fyrir þær eignir, sem Ísland hefir átt sér í lagi, og svo fyrir þungar álögur um langan tíma, á líkan hátt og vant er að veita þeim ríkishlutum, sem sanna má að orðið hafi fyrir halla. Það ber margt til þess álits míns, að kröfur þessar eigi að vera sem sanngjarnlegastar að mögulegt er, svo að Íslendingum veitist nóg færi á að leggja sjálfir til nauðsynja sinna að auki, en þó ber jafnframt að gæta þess, að Ísland hefir svo margar nauðsynjar til umbóta í mörgum greinum, sem stjórnendur þess hingað til hafa vanrækt, og sem heimta mikla fyrirhöfn og mikinn kostnað; þess ber einnig að gæta, að við þessa fyrirhuguðu breyting losaðist Danmörk við töluverð útgjöld, sem ugglaust fara sívaxandi. Með því að koma málinu fyrir á þenna hátt og ákveða fastan útgjaldseyri frá Danmörku til Íslands, sem skyldi vera þess fullkomin eign og goldinn á þann hátt, sem báðum kæmi saman um, þá eru líkindi til að mál þetta gæti orðið útkljáð á hagkvæman og tryggilegan hátt, og þannig, að með öllu yrði komið hjá tillögum um vissan áratíma.

Þessi atriði, sem nú skal telja, kæmu þá helzt til greina :

1. Hinar svo nefndu konungsjarðir. Fasteign þessi hefir ætíð verið álitin sem sérstakleg eign Íslands, en ekki sem sameiginleg ríkisfasteign, og er það algjörlega samkvæmt sambandi því, sem var milli Íslands og Danmerkur. Þar því nú ekki verður neitað, að tekjum af fasteignum þessum, meðan þær eru óseldar, hefir verið varið til Íslands þarfa, þá leiðir þar af beinlínis, að þegar þær verða seldar, þá hlýtur bæði innstæða og vextir að vera sérstakleg eign Íslands, og má því með réttu ekki verja til annars, en til þess annaðhvort að bæta úr fjárskorti landsins, eða til þess að auka vöxtu fjárens handa landinu. En þar eð hið fyrri eigi á sér stað, af því álita má, að Ísland hafi lagt meira en eptir

Pegar nú ætti að finna þá upphæð, sem Íslandi bæri í bætur fyrir þessar fasteignir, þá sýnist liggja næst að telja það andvirði, sem runnið er í ríkissjóðinn, ásamt áföllnum leigum og leiguleigum. Andvirðið er þetta:

samtals 174,379 rd. 9 sk.

samtals 34,755 rd. 40 sk.

72

Það er kunnugt, að á þessum jörðum hvíldu laun byskupaanna, kostnaður til skólanna í Skálholti og á Hólum, og nokkur önnur smærri gjöld, sem stóðu í sambandi við þetta. Eins og áður er getið tók konungur undir sig þessar fasteignir með því loforði, sem eðlilegt var, að sjá fyrir þörfum skólanna eða hins eina skóla eptir að skólarnir voru sameinaðir. Samkvæmt þessu loforði hefir á seinni árum verið veitt fê til útgjalda skólans, og hefir það ávallt farið vaxandi; en þegar Ísland tekur að sér skólann, þá tækist það á hendur vaxandi kostnað, en Danmörk losaðist við hinn sama, og er þá sanngjarnt, að þetta sé tekið til greina. Þetta verður ekki með því að halda sér einungis til þess, sem með konungsúrskurðum er ákveðið í stað stólsjarðanna, því þetta var gjört áður en útgjöldin til skólans hækkðu svo mjög. Það sýnist heldur ekki að vera sanngjarnt að taka einungis til greina útgjöld þau, sem nú eru, þar eð margar kröfur gjörast nú bæði af skólanum og af þjóðinni, er horfa til launa kennaranna, aukning ölmusanna, kennslunnar o. fl., og að skólahúsið innan skamms tíma þarf höfuðaðgjörðar við. Hér er einnig sanngjarnast að taka til greina verð jarðanna eins og þær væri óseldar, með því að reikna afgang þeirra, eins og það var á þeim tíma sem þær voru seldar, eptir því verði, sem nú er í verðlagsskránum. Ef svo er reiknað, þá verður þessi niðurstaðan:

a. Góz Skálholts stóls:

1. Landskuldir 34,621 álnir eða 288 hndr. 61 áln., hundraðið á 30 rd.	8,655 rd. 24 sk.
2. Leigur eptir 1,223½ kúgildi á 20 álnir, eða 29,470 álnir (eða pund smjörs á 28 sk.)	7,137 — 4 —
3. Kvaðir af jörðunum, 46 hndr. 65 áln. á 30 rd.	1,396 — 24 —
4. Rekar stólsins á ári, má meta til	100 — » —
5. Heimastaðurinn Skálholt með öllu því sem þar var, 4,000 rd.	160 — » —

b. Góz Hóla stóls:

1. Landskuldir 279 hndr. 84 áln., á 30 rd.	8,391 — » —
2. Leigur eptir 972 kúgildi á 20 áln., eða 19,440 áln. (eða pund smjörs á 28 sk.)	5,670 — » —
	flýtt . 31,509 rd. 52 sk.

	fluttur .	31,509 rd. 52 sk.
3.	Heimastaðurinn Hólar, með því sem þar var til, 4,000 rd.	160 — » —
4.	Rekar stólsins	100 — » —
	Verður það sem svarar til árgjalds . .	31,769 rd. 52 sk.

c. Ýmsir sjóðir, sem heyrðu stólunum til:

1. Álagspeningar frá Hólum 3919 rd. í krónum (tilskip. 1. maím. 1789 13. gr.).
2. Sparipeningar Hóla stóls árið 1804 að upphæð 4037 rd. 16 sk. kúrant (kans. bréf 31. marzm. 1809).
3. Konunglegt leiguberandi skuldabréf, að upphæð 500 rd. kúrant.
4. Konunglegt leiguberandi skuldabréf, að upphæð 109 rd. 42 sk. kúrant.
5. Dómkirkna feð frá siðaskiptatímanum, metið til 50,000 rd.

Sjóðir þessir verða hér um bil 60,000 rd. eða 2,400 rd. til árgjalds, þó engir vextir séu taldir, sem þó væri full ástæða til, þar eð kostnaður til skólans varð aldrei svo mikill, að hann næði í dalatali leigu af því andvirði, sem gózin voru seld fyrir, því siður meira.

3. Verzlunareinokunin. Það er áður sýnt, að álíta má einokun verzlunariunar, hvort sem hún er skoðuð frá sjónarmiði ríkisins eða Íslands, sem óbeinlínis skatt á Íslandi, sem hefir í sér fólgið afarhátt tollgjald. Hún hefir auk þessa útvegað Danmörku bæði mikla og vissa verzlun og verzlunar-aðsókn, ábatasama atvinnu handa alls konar iðnaðarmönnum, sjómönnum og verzlunarmönnum, og hefir jafnframt útvegað ríkinu álitlegar tekjur af þeirri verzlunar-veltu, sem af þessu hefir flotið. Þessi hagnaður helzt við enn, þó verzlun Íslands sé gefin laus síðan árið 1854, og mun eflaust haldast við um langan tíma, eins og einnig lengi mun haldast við sá hnekkir, sem verzlunareinokunin hefir ollað Íslandi. En jafnvel þó örðugt sé að meta þessi atriði til peninga, og skaðinn verði ekki bættur, þá sýnist þó ekki rétt, að þessu sé öldungis sleppt, heldur sé það miklu framar hin sanngjarnasta ástæða til fjárkröfu, hvort heldur sem lítið er til hinnar þungu álögu, sem þar með var lögð á landið, eða til þess tjóns og skaða, sem atvinnuvegir þess og framför hafa orðið fyrir. Setji maður

nú takmörk einokunarinnar frá 1600 til 1854, þá sýnist réttast að ákveða upplæðina á endurgjaldi því, sem sanngjarnlega bæri Íslandi, sem hluta af ágóða þeim, sem talið er, að verzlunin hafi gefið af sér, og þar þetta á ýmsum tímabilum frá 1624 til 1850 er talið 200,000 rd. á ári eptir meðaltölu (árið 1845 telur general-tollkammerið það 467,474 rd.), þá virðist $\frac{1}{40}$ hluti þess, eða 5,000 rd. fyrir hvert ár, sem einokun verzlunarinnar stóð yfir, að vera sanngjarnt endurgjald. Þetta yrði um 254 ár samtals 1,270,000 rd., eða árgjald sem þar til svaraði: 50,800 rd.

4. Aukasjóðir þeir, er hafa staðið inni í ríkissjóðnum, sem sérstaklegt fæ tilheyrandi Íslandi, virðast einnig eiga að takast hér til greina:

a. Hin almenna íslenska kollekta, eða »styrktarsjóður handa Íslandi«, sem nú er kallaður (konungsúrskurður 25. júlím. 1844). Sjóður þessi er stofnaður af friviljugum gjöfum frá Danmörku, Noregi og hertogadæmunum, en þeim gjöfum var safnað á árunum 1784 og næstu árum þar eptir, handa þeim sem liðu mestan skaða við jarðeldinn árið 1783. Í stað þess að verja þessum gjafasjóði til þess, sem stjórnin hafði sjálf boðað í fyrstu, sem var að hjálpa hinum nauðstöddu, þá var ekki varið til þessa nema litlum hluta, en mestur þorri þess sem safnaðist var fyrir tilstuðlan fjárstjórnarráðsins tekið í konungs sjóð, og í konungsúrskurði 18. októberm. 1786 lýst sem geymslufé, með 4 af hundraði í leigu frá þeim degi það sé lagt í konungssjóð. Það er ákveðið um leið, að fæ þetta skuli vera eingöngu ætlað til hjálpar Íslandi í sérstaklegum neyðartilfellum, sem upp á kynnu koma. Sjóður þessi, sem stóð inni, var alls 41,535 rd. 75 $\frac{1}{2}$ sk. í kúrantí. Rentukammerið, sem hafði umsjón yfir sjóði þessum, segir árið 1787 sjálft frá því, til hvers sjóður þessi sé ætlaður með þessum orðum: »Kollektupeningarnir eru gefnir til þess að hjálpa nauðstöddum í landinu yfir höfuð, en ekki ætlaðir til að styrkja neina einstaka stofnun, né neina stjórnarráðstöfun sér í lagi, svo að alþýða þurfi þar fyrir að missa nokkurs í nauðsyn sinni« (rentuk. íslenzk bréfabók X, 324). Samkvæmt þessu neitaði rentukammerið mörgum eiustaklegum bænarskrám um styrk af kollektusjóðnum, og svaraði að það væri ósamkvæmt »tilgangi kollektunnar«, eða að kollektan yrði ekki höfð til þess »eptir því sem á henni stæði«. Í konungsúrskurði 5. júním. 1799 var það jafnvel ákveðið, að ekki mætti verja kollektunni til að styrkja leiguliða konungs; en þetta

var þó ekki haldið. Með þessu móti var kollektusjóðurinn við árslok 1799 orðinn 50,094 rd. 85 sk. í kúrantí. En eftir uppástungu rentukammersins var það í konungsráði 28. maím. 1800 leyft, »að verja megi vöxtum kollektusjóðsins til að mæla strendur og hafnir á Íslandi«. Konungsráður 9. marzm. 1804 ákveður þetta glöggvara og skipar, að af vöxtum kollektusjóðsins skuli einungis greiða 1700 rd. á ári til þessarar mælingar, en hitt úr ríkissjóðnum. Um leið og rentukammerið stingur upp á að taka þannig til kollektusjóðsins, kemst það svo að orði, að »gripið hafi verið til þessara peninga að nokkru leyti til þess að hlífa konungssjóðnum«, og telur rentukammerið aptur í staðinn til styrks úr konungssjóðnum þegar svo stæði á, að annars ætti að verja fæ kollektunnar, en lofar um leið, að einungis skuli verja 1700 rd. af vöxtunum til mælinganna (5. febrúar 1803). Aptur seinna ítrekar rentukammerið hið sama, að konungssjóðurinu sé skyldur að hlaupa undir bagga, þegar svo standi á, að kollektusjóðurinn þyrfti að veita styrk, eftir því sem upphaflega væri ætlazt til (bréf 23. júním. 1808). Það lítur samt svo út sem bráðum hafi verið hætt að semja reikning sèr í lagi fyrir kollektusjóðinn, og úr honum var greiddur ekki einungis kostnaðurinn til mælinganna á Íslandi, heldur einnig biðlaun handa mönnum þeim, sem störfuðu að mælingunum. Stranda-uppdrættirnir aptur á móti, sem að mestu leyti voru gjörðir á kostnað kollektusjóðsins, voru gefnir sjóuppdráttu safninu. Það var fyrst þegar komið var fram undir árið 1840, að rentukammerið og fjárstjórnarráðið fóru að skrifast á um reikninginn, og má gjöra sèr nokkra hugmynd um, hvernig hann hafi verið, þegar menn sjá, að útgjöld nokkur úr ríkissjóðnum frá 1786—1789 voru fyrst talin kollektusjóðnum til útgjalda árið 1835 (rentuk.bréf 14. maím. 1842). Loksins var bundinn endi á þessa reikninga með konungsráði 25. júlím. 1844, og sá reikningurinn samþykktur, sem kallaður var fremur Íslandi í vil, og var þá upphæð sjóðsins ákveðin til 28,165 rd. 25 sk., en jafnskjótt voru af honum teknir 15,000 rd. til útgjalda nokkurra, sem ríkissjóðurinn átti að greiða, og var það til að byggja Reykjavíkurskóla. Það sem þá var eftir af sjóðnum skyldi kallast »styrktarsjóður handa Íslandi«, og var upphæð þess ákveðin til 13,765 rd. 83 sk. með vöxtum frá 7. maím. 1846. Þar nú konungur sjálfur upphaflega hefir viðurkennt, að sjóður þessi væri leiguberandi geymslufé í konungs sjóði, eða með öðrum orðum ekki konungs-

sjóðsins eign, heldur sem einstaklegur sjóður, eða stofnun, eða gjöf, ætlaður til sérstaklegs augnamiðs, og þar eð stjórnin sjálf hefir einnig síðar, í sömu andrænni og hún tók kollektuna til annara opinberra þarfa, sem ekki komu tilgangi sjóðsins við, viðurkennt þetta hið sama og þar hjá með þerum orðum játað, að hún tæki til þessa sjóðs, eins og þegar maður tekur lán, og áskilið kröfu til ríkissjóðsins aptur á móti, þá er það að minni hyggju ljóst, að það beri að bæta kollektusjóðinn upp til þess sem hann var um árslokin 1799 samkvæmt reikningi þeim, sem lagður var fram á alþingi árið 1798, með leigum og leiguleigum frá þeim tíma, þó svo að dregið sé frá það, sem sannast að hafi verið goldið út til þeirra þarfa, er sjóði þessum var ætlað að fullnægja. Þessari kröfu verður á engan hátt hrundið með þeirri mótbáru, að strandmælingin á Íslandi hafi verið eingöngu til Íslands þarfa; því kostnaðurinn við allar landamælingar á Íslandi bæði fyrr og síðar hefir verið áfittinn þess eðlis, að hann kæmi öllu ríkinu við en ekki Íslandi sér í lagi. Þetta hið sama hefir rentukammerið einnig viðurkennt, með því það hefir áskilið þá kröfu til konungssjóðsins, að hann skyldi koma í kollektunnar stað, og veita þann styrk, sem kollektusjóðurinn átti að veita þegar á lægi. Ef nú fjárlagurinn verður aðskilinn, þá yrði kröfu þessari réttilega fullnægt með því móti, að kollektusjóðurinn væri bættur upp á þann hátt, sem hér hefir verið bent til.

b. Hinn svonefndi mjölbótasjóður. Sjóður þessi, sem var sérstakleg eign Íslands að upphæð 7,500 rd., var hafður til útgjalda nokkurra, sem ríkissjóðurinn átti að greiða, en það var til að borga nokkurn hluta af kostnaðinum til skólabyggingarinnar í Reykjavík. Í stað þessa voru ákveðnir 300 rd. á ári úr ríkissjóðnum til þeirra útgjalda, sem leigurnar af mjölbótasjóðnum áður áttu að ganga til. Þessi útgjaldagrein í reikningum Íslands er þess vegna sérstaklegs eðlis, og flýtur þá af því, að þegar fjárlagurinn verður aðskilinn, ætti að breyta þessum sjóði til þess sem hann áður var.

Það má gjöra ráð fyrir, að aðrir sérstaklegir sjóðir eða gjafr, sem eru eign Íslands, séu út af fyrir sig, og þarf því ekki að ræða frekar um þá hér.

Samkvæmt því, sem hefir verið sagt hér að framan, yrði útgjaldseyrir sá, sem Íslandi bæri við fjárhagsaðskilnaðinn, þessi:

- Þar að auki þessir smásjóðir:
- | | | | |
|-----------------------|-----------|------|-----------|
| a. Álagspeningar 1780 | 3,919 rd. | » | sk. krón. |
| b. Sparipeningar frá | | | |
| Hólum 1804 . . . | 4,037 — | » | — kúr. |
| c. Konungl.skuldabréf | 500 — | » | — — |
| d. Sömuleiðis . . . | 109 — | 42 — | — |
| e. Fyrir peninga þá | | | |
| og gripi, sem teknir | | | |
| voru frá dómkirkj- | | | |
| unum og öðrum | | | |
| kirkjum . . . | 50,000 — | » | — — |

60,000 rd., eða árgjalds		2,400 — " —
--------------------------	-----------	-------------

4. Sjóðir þeir, sem eru sèrstakleg eign Íslands og eru þessir:
 - a. Hiinn almenni kollektusjóður, sem við árslok 1799 var að upphæð 50,094 rd. 85 sk. í kúrantí, eptir nákvæmum nýjum reikningi.
 - b. Mjölbotasjóðurinn, að upphæð 7,500 rd.

Samkvæmt öllu því, sem að framan hefir verið sagt, verða þá uppástungur mínar á þessa leið:

- 78

Ísland, að því leyti slíkt heyrir undir verkalýring löggjafarvaldsins.

3. Úr sjóði konungsríkisins skal greitt til Íslands þetta fè:
 - a. Útgjaldseyrir, er samsvari árgjaldi að
upphæð 119,724 rd. 92 sk.
 - b. Hinn almenni kollektusjóður með þeirri
upphæð, sem menn með nýjum og
nákvæmari reikningi finna að hann eigi
að hafa.
 - c. Mjölbotasjóðurinn, 7,500 rd.
4. Það skal fara eptir samkomulagi, með hverjum hætti útgjaldseyririnn verði greiddur og hið annað fè, og um afborgun þess.
5. Frá þeim tíma, er árgjaldið af útgjaldseyrinum eður meira fè verður greitt, tekur Ísland að sèr allan kostnað við stjórn landsins, að meðtöldum eptirlaunum þeim er landið snerta, og þeim gjöldum, er yfirstjórn þess bæði á Íslandi og í Kaupmannahöfn hefir í för með sèr, að svo miklu leyti sem stjórn þessari verður skipað með samþykki konungs og alþingis.
6. Frá hinum sama tíma greiðir Ísland tillag til almennra ríkisparfa með föstu árgjaldi að upphæð 20,000 rd. Ákvörðunin um upphæð tillagsins skal lögð undir endurskoðun eptir tiltekna áratölu.
7. Frá hinum sama tíma er fjárhagssambandinu millum konungsríkisins og Íslands slitið, þó með þeim undantekningum, er leiða af því, sem að ofan er sagt. Þegar svo er komið skal að fullu og öllu afsala sèr allar þær kröfur, er á báðar hliðar hafa risið af fjárhagssameining þeirri, er hefir átt sèr stað.

Ritað 24. d. júním. 1862.

Jón Sigurðsson.

FYLGISKJAL nr. 3 b.

Eg hefi áður skýrt frá því, að tillagi Íslands til hinna almennu ríkisparfa hafi á fyrri tímum, frá 1262 (1264) og allt fram

á síðabótaöldina, það er að segja hér um bil um 300 ár, verið hag- að svo, að til þess eingöngu hafi verið varið vissu ákveðnu gjaldi, «skattinum», og að gjald þetta, sem hér um bil samsvarar föstu árgjaldi, hafi numið um 10,000 rd. á ári eptir verðlagi því, sem nú er. Þar hefir einnig verið sýnt fram á, að Ísland síðan hafi í raun og veru greitt miklu stærra tillag, en því í réttu hlutfalli hafi borið, sumpart með tekjunum af jarðagózi því, sem dregið var undir krónuna, sumpart með óbeinlinis skatta-álögum við verzlunareinokunina, og að því á þenna hátt hafi verið lagðar mjög þungar álögur og byrði á herðar.

Þegar nú ákveða ætti stöðu Íslands að þessu leyti samkvæmt ástandi því, sem nú er, almennum þörfum ríkisins og sérstökum þörfum Íslands, mun það brátt verða augljóst, að við Ísland er svo margt sérstaklegt, að það verður ekki í þessu máli lagt undir öldungis sömu reglu og hinir ríkishlutarnir. Jeg þarf um þetta efni einungis að geta þess, að sökum hins skaðvæna stjórnarmáta, er svo lengi hefir átt sér stað, stendur Ísland að efnahag langt á baki Danmörku, Slæsvík og Holtsetalandi, og getur því ekki borið eins mikla skatta; það væri því ranglátt að ákveða tillag þess eptir sama mælikvarða og hinna ríkishlutanna, það er að segja beint eptir fólkstölu. Annað er að það, að Íslandi getur ekki gjörzt að leggja til þeirra hluta, sem það vegna stjórnarháttar þess, sem hingað til hefir verið fylgt, sumpart ekki hefir átt neinn þátt í, sumpart hefir lagt til of mikið að tiltölu, þó tillag þess hafi komið fram í öðru formi en hinna ríkishlutanna. Ekki getur Íslandi heldur gjörzt að leggja til þess, sem það getur ekki tekið þátt í öðruvísi en svo, að það verði innleitt á landinu sér í lagi, því þá ber það sinn hluta, er það annast það skipulag, sem innleitt yrði. Loksins verða menn að gæta þess, að Ísland á stórlega örðugt með að njóta atkvæðis þess, er því ber í hinum almenna ríkismálum; munu menn því finna, að hagkvæmast er á báðar síður að láta sem flest mál vera landsmál eða sérstakleg mál, en halda þó sem sameiginlegum aðalatriðunum í stjórnarsambandi landanna; og ætti Ísland þá að hafa atkvæði með í þeim málum. Hafi menn þetta fyrir augum, virðist það að vera réttast að ákveða tillagið frá Íslandi til hinna almennu ríkisþarfa sem fast ákveðið árgjald, og með því jeg álit það efalaust, að, ef Ísland fengi meira frelsi og framtakssama og sparsama stjórn, sem hefði í fyrstunni nokkur, ekki of mjög af skornum skamti útilátin efni milli handa, og verði

þeim til þess að vekja krapta þá, er nú liggja í dái, mundi því brátt fara fram og komast á það velmegunarstig, er það hingað til ekki hefir haft af að segja, þá álit jeg rættast, að upphæð tillagsins væri lagt undir rannsókn að tilteknum árafjölda liðnum (svo sem 20 árum), og mætti þá hækka það smátt og smátt. Ef svo væri að farið, gæti niðurstaðan orðið sú, að fæ það, sem ríkið að nafninu borgaði Íslandi við aðskilnaðinn, ekki yrði annað en lán eða hjálp um nokkur ár.

Væri nú hið fasta árgjald Íslands fyrst um sinn ákveðið til 20,000 rd. á ári, og Ísland þar að auki tæki að sèr eptirlaun þau, er það snerta, og reikningshallann, eins og hann nú er eptir reikningunum, hær um bil 20,000 rd. auk annara gjalda, þá gengi nærfellt helmingurinn af útgjaldseyri þeim sem eg hef stungið upp á frá, en hinn helmingurinn yrði það árgjald, sem ríkissjóðurinn í raun og veru greiddi, eða útgjaldseyrir sá, sem því svaraði. Ísland gæti heldur ekki komið af með minna en þetta fæ ásamt því, sem fengist með sköttum af landinu sjálfu, til þess að geta tekið framförum, sem stæðu á föstum fæti.

Ef menn nú bera þetta fastákveðna árgjald saman við það tillag, sem Ísland ætti að greiða til gjalda alríkisins eptir fólksstölu, þá svarar það hær um bil til þess, sem það að tiltölu ætti að leggja til konungsborðs; en ef menn um leið hafa tillit til þess, að Ísland, eins og nú er ástatt, ekki getur borið meir en hær um bil tíunda part að tiltölu af þeim sköttum, sem Danmörk getur borið, þegar borinn er saman efnahagur beggja, þá yrði þetta árgjald meira, en Íslandi gjörðist að borga að tiltölu til konungsborðs, konungsett-arinnar, utanríkisstjórnarinnar og sjóliðsstjórnarinnar, og þetta eru allar þær útgjaldagreinir, sem virðist að geta verið tiltökumál, að Ísland taki þátt í, að svo komnu, af alríkismálum. Þegar útgjaldseyrir sá, sem eg hef stungið upp á, er lagður til grundvallar, virðast því vera leidd næg rök að því, að ákveða eigi tillagið til 20,000 rd. á ári.

Því verður að vísu eigi neitað, að ef farið er svo að í tilliti til Íslands, sem hær er stungið upp á, þá verður staða þess í alríkinu nokkuð önnur en hinna ríkishlutanna, en þetta er þó að mínu áliti ekki næg ástæða á móti uppástungu minni, með því að því verður eigi neitað, að þörf er á, að staða Íslands sè sérstakleg, vegna landshaga, stjórnarfyrikomulags og þjóðarháttar þar, — með því að staða þess á þenna hátt þó ekki yrði nærri því

eins óregluleg og hún nú er, og — með því að Lauenborg er dæmi upp á, að sérstakleg staða eins ríkishluta, hvað fjárhag snertir ekki er því alveg til fyrirstöðu, að hann sé hluttakandi í hinni almennu stjórnarskipun.

Kaupmannahöfn 10. dag júlím. 1862.

Jón Sigurðsson.

FYLGISKJAL nr. 4.

Í hinni konunglegu umboðsskrá dags. 20. dag septemberm. f. á., er því lýst yfir, að tilgangurinn með fyrirkomulagi því á fjárhagssambandinu millum Íslands og konungsríkisins, sem nefndin á að gjöra uppástungur um, sé sá, að alþingi skuli öðlast ályktunarvald um tekjur og gjöld Íslands.

Í þessum orðum liggur, auk þess sem sagt er um fjárhaginn, mikilsvarðandi stjórnarleg grundvallarhugsun, sem eg held, að nefndin eigi að gjöra sitt til, að verði nákvæmar skýrð.

Þegar alþingi á að öðlast ályktunarvald um tekjur og gjöld Íslands, hljóta menn að hugsa sér, að því sé samfara færi á að fá upplýsingar um hinar opinberu þarsir landsins, og hvernig stjórninni hugsast, að úr þeim verði bætt; en þessu hljóta að vera samfara stofnanir, er gæti veitt ályktunarvaldi alþingis þá framkvæmd og það afl, sem það ekki getur án verið, ef það á að hafa nokkra þýðingu. Það er með öðrum orðum, það verður að setja stjórn í landinu sjálfu, sem gagnvart alþingi hafi það sjálf-ræði og þá ábyrgð, er samsvari valdi þjóðarfulltrúanna til að leggja á skatta, og ályktunavaldi í fjárhagsmálum yfir höfuð; hvernig sem menn að öðru leyti hugsa sér fyrirkomulagið á þessari stjórn.

Alþingi hefir fleirum sinnum farið þess á leit, að stjórnin kæmi þessu til leiðar, og hefir drepið á ýms atriði í málinu. Þó að þingið hafi ekki útskýrt atriði þessi nákvæmar, sjálfsagt í þeim tilgangi, að binda sig ekki, þegar seinna væri farið að ræða um þær uppástungur, er kynnu að koma fram í stjórnarfrumvarpi um þetta efni og gætu verið með ýmsu móti, þá hefir þó sú hugsun

ávallt legið til grundvallar, að þörf væri á fyrir Ísland, að komið væri á stjórn í landinu sjálfu, er hefði nægilegt umboðslegt vald og ábyrgð gagnvart alþingi. Það hefir hins vegar fleirum sinnum verið tekið fram í ríkisþinginu, að það sè nauðsyn, að sú stjórnar-tilhögun komist á, að Ísland fái að ráða sèr sjálft. Það er nú líklegt, að stjórnin einungis biði eptir hentugum kringumstæðum til þess að uppfylla óskir þessar, er fram hafa komið frá báðum hliðum.

Þessar kringumstæður virðast nú að eiga sèr stað, þar sem að nú bæði stiptamtmansembættið og amtmannsembættin yfir suður- og vesturamtinu eru laus. Nú sem stendur virðist þannig að vera mjög mikil hvöt fyrir stjórnina til þess að íhuga, hvort ekki hin fyrirhugaða breyting á þeim grundvallarreglum, sem hingað til hefir verið fylgt í stjórn Íslands, gjöri að verkum, að breyta verði einnig umboðsstjórninni í landinu sjálfu; og sè svo, virðist nú að vera hentugt tækifæri til að koma þessu fram, sem nota ætti. Þar sem alþingi verður haldið að sumri, er einnig færi á fyrir stjórnina, ef hún vill flýta fyrir málinu, að vera búin að búa það svo undir, að leggja megí fyrirætlun stjórnarinnar viðvikjandi stjórn Íslands og stjórnarþótarmálinu aunaðhvort fyrir alþingi eða fyrir þjóðfund þann, sem allramildilegast er heitið með konungsbréfi 23. septemberm. 1848, samkvæmt ósk alþingis.

Jeg leyfi mèr að stinga upp á því, að nefndin afráði að leiða athygli stjórnarinnar í álitsskjali sínu að því, hversu mikils varðandi þessi stjórnarlega hlið málsins sè, og einkum að því, hversu áriðandi sè, að stjórnin, um leið og hún leggur uppástungur um fjárhags fyrirkomulagið fyrir þjóðfulltrúa Íslands, þá einnig leggi fyrir þá uppástungur um tilhögun á stjórn landsins. Þegar koma á máli þessu fram, eru þessar tvær hliðar þess svo nátengdar hvor annari, að varla verður með þær farið hvora sèr, ef nokkru á að verða framgengt.

Þar sem samt svo kynni að virðast, sem það ekki viti undir verkahring nefndarinnar að ræða nákvæmar um þessa hlið málsins, skal jeg ekki fara lengra fram í það heldur einungis vekja máls á því, hvort ekki ætti, um leið og þess er getið, sem fyrr er sagt viðvikjandi hinu almenna stjórnarfyrirkomulagi, að vekja athygli stjórnarinnar á því, hversu nauðsynlegt sè, að sem fyrst væri byrjað á endurbótum í hinum mest varðandi umboðslegu málefnum Íslands, og tel jeg helst til nýtt fyrirkomulag og endurbætur á

póstgöngum og svo vegabætur, og hins vegar breyting á skattaheimtum og skattagjöldum. Eins áriðandi er, að gjörðar séu ráðstafanir til framfara atvinnu- og hjargræðisvega landsins, og sér í lagi, að hinni yngri kynslóð gefist færi á að afla sér þekkingar í ýmsum þarflegum greinum, þar sem hún nú verður sjálf að sjá fyrir sér í þeim eignum. Yfir höfuð að tala ætti að leiða athygli stjórnarinnar fyrst og fremst að þeim greinum, sem geta orðið undirrót meiri framfara bæði í andlegu og líkamlegu tilliti.

Kaupmannahöfn 18. júnímán. 1862.

Jón Sigurðsson.

FYLGISKJAL nr. 5.

Einn af nefndarmönnum, Jón skjalavörður Sigurðsson, hefur sent nefndinni bréf (fylgiskjal nr. 4) og fer hann í því fram á, að hún taki í uppástungu sínar þessi atriði:

- a. Uppástungu um, að fyrirkomulagið á fjárhagsmálefnum millum Íslands og konungsríkisins verði sameinað nýju fyrirkomulagi á stjórnarmálefnum Íslands;
- b. Áskorun um að byrja sem fyrst á endurbótum þeim á landsmálefnum, er þykja mest umvarðandi; en þar til er einkum talið að einu leytnu betri skipun og umbót á póstgöngunum og vegabætur og að hinu leytnu nýtt fyrirkomulag á gjaldheimtu og skattgjaldi; og einnig
- c. Áskorun til stjórnarinnar um að gjöra ráðstafanir til þess að koma upp atvinnuvegum landsins og efnahag, einkum að gefa ungum mönnum kost á að nema verklegar menntir í ýmsu tilliti.

Hinir nefndarmennirnir eru á sama máli og Sigurðsson skjalavörður um það, sem um er rætt í staðlið a; því þeir ætla einnig að við hinn fyrirhugaða aðskilnað á fjárhaginum og ályktunarvald það, er alþingi verði veitt í fjármálum, sé gjört ráð fyrir breytingu á landstjórninni, á þann hátt, að hún verði innlendari en nú er, og verði fallin til að koma fram gagnvart alþingi með snarræði og staðfestu.

En hvað þar á móti snertir uppástungur þær, sem um er rætt í staðliðunum b og c, þá geta hinir nefndarmennirnir ekki farið eptir áskorun þeirri, sem þar er gjörð, ekki af því, að þeir hafi neitt á móti því, að þessir hlutir séu áriðandi (og virðist þeim þeir með öllu geta leitt hjá sér að rannsaka það nákvæmar) heldur af því að þeir sumpart álíta, að ætlunarverk það, er þeim hefir verið á hendur falið, ekki gefi ástæðu til slíkrar áskorunar, og sumpart af því, að þeim virðist liggja mótsögn í því að stinga á annan bóginn upp á, eins og þeir eptir beztu sannfæringu hafa gjört, að veitt verði nægileg efni til þess, að stjórnin ásamt með fulltrúum Íslendinga geti smátt og smátt fyrir viðleitni Íslands sjálfs og rétta notkun á efnum þess komið því til leiðar, að landið taki hagfelldum framförum eptir þeim efnum, sem fyrir hendi eru, og á hinn bóginn jafnframt þessu að skora á stjórnina um að skerast sem allra bráðast, og áu þess að biða eptir hinu nýja fyrirkomulagi, í þau málefni, sem eptir áliti nefndarinnar, eður að minnsta kosti meiri hluta hennar, ekki eiga að framkvæmast fyrri en hið nýja fyrirkomulag væri komið á, og stjórnin og fulltrúar Íslendinga væru búin að koma sér saman um, hvað framkvæma skyldi og hvernig framkvæmdin ætti að vera.

En hvað snertir þá bending, sem er í bréfluu um, að látin sé í ljósi sú ósk, að gjörðar verði ráðstafanir til að safna nákvæmari skýrslum um það, sem Ísland gefur af sér, um efni landsins til að bera skatta-álögur, velmegun þess og s. frv., þá hafa sumir af nefndarmönnunum álitnið, að þetta vissulega væri mjög svo ákjós-anlegt, hvort sem það heppnaðist að koma bráðlega á hinu nýja skipulagi eður ekki.

A. F. Tscherning.

II. Frumvarp

til

reglugjörðar um að gjöra verzlunarstaðinn Ísafjörð að kaupstað og um stjórn bæjarmálefna þar.

1. grein.

Verzlunarstaðurinn Ísafjörður, — þar með talin öll Skutulsfjarðareyri og prestsetrið, sem á eyrinni stendur, — skal hëðan í frá vera bæjarfélag og lögsagnarumdæmi sér, og nefnast kaupstaður.

Bæjarfógetinn og fulltrúar kaupstaðarins skulu í sameining hafa á hendi alla stjórn þeirra bæjarmálefna, sem eigi eru undan skilin með öðrum ákvörðunum, undir tilsjón amtmannsins yfir vesturamtinu og yfirstjórn viðkomandi stjórnarráðs.

Sambandi því, sem verið hefir milli Ísafjarðar verzlunarstaðar og Eyrarhrepps, skal þess vegna hër eptir vera slitið, og skal fë því, er verzlunarstaðurinn og hreppurinn nú eiga í sameining, og hreppsþyngslum öllum skipt til helminga milli bæjarins og hreppsins. Skipti þessi skulu gjörð af sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu, öllum bærfulltrúunum og jafnmörgum mönnum úr Eyrarhrepp, sem allir búendur í hreppnum, er gjalda nokkuð til sveitar, kjósa með atkvæðafjölda á kjörfundi fyrir sýslumanni.

2. grein.

Fulltrúar Ísafjarðar kaupstaðar skulu vera fimm; þeir skulu kosnir af bæjarbúum þeim, sem kosningarrétt hafa samkvæmt þessari reglugjörð.

3. grein.

Kosningarrétt hafa, með þeim undantekningum, sem gjörðar eru í 5. grein, allir fullmyndugir menn, sem ekki eru öðrum háðir sem

hjú, og hafa verið búfastir í kaupstaðnum síðasta árið, þegar þeir að minnsta kosti borga 2 ríkisdali í bæjargjöld á ári.

4. grein.

Kjörgengur er hver sá, sem kosningarrétt hefir eptir næstu grein á undan.

5. grein,

Enginn sá getur tekið þátt í kosning bæjarfulltrúa, eða orðið fyrir kosning, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það brot, sem svívirðilegt er að almennings áliti, eða ákærður hefir verið um slíkt brot, nema hann með dómi, er eigi verður raskað, hafi verið dæmdur alsýkn sakar; eigi heldur sá, sem settur er undir fjárgæzlu annara, eða ef bú hans er tekið upp sem þrotabú, eða sé nokkurt það mál honum á hendi, að tekin séu fyrir þá skuld af honum öll fjárforráð að lögum.

Fedur og afkomendur mega eigi eiga setu í bæjarstjórninni í senn.

Sá, sem kjörinn er bæjarfulltrúi, skal eigi víkja úr fulltrúasæti þó hann síðar missi þá hæfilegleika, sem kjörgengi er bundið við eptir 3. og 4. grein; en komi eitthvað það fyrir, sem eptir þessari grein (5. gr.) gjörir mann óhæfan til bæjarfulltrúa, skal honum fyrst um sinn bægt frá fulltrúastörfum þangað til hindrunin er horfin, eða hún er orðin viðvarandi. Bæjarfógetinn og bæjarfulltrúarnir eiga að skera úr öllu því, er að þessu efni lýtur, er nú var sagt, og eins þegar einhver af bæjarfulltrúunum annars verður sekur að slíkum yfirsjónum, að hann hlýtur að víkja úr fulltrúasæti; þó á sá, er hlut á að máli, kost á að bera málið undir æðri yfirvöld.

6. grein.

Bæjarfulltrúarnir skulu kosnir fyrir 5 ár. Af þeim, sem kjörnir eru í fyrsta skipti, skal einn fara frá að ári liðnu, og síðan einn á ári, og skal það vera komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Ef einhver fulltrúi fer frá, hverjar helst sakir, sem til þess eru, áður 5 ár eru liðin frá kosning hans, skal þegar kjósa annan í hans stað, og hefir sá fulltrúasýslu á hendi að eins um þann tíma, er vantaði upp á, að hinn hefði verið 5 ár, er frá fór. Fari einhver fulltrúi frá hina 6 síðustu mánuði ársins, má fresta kosning til þess á aðalkjörfundi. Kjósa má

jafnan þann að nýju, er frá fer, en hafi hann gegut fulltrúastörfum í 3 ár eða lengur, er hann eigi skyldur að takast þá sýslu á hendur aptur, fyrr en eptir jafnlangan tíma og hann hafði áður verið fulltrúi. Svo má og hver sextugur maður eða eldri skorast undan fulltrúa kosning.

7. grein.

Fulltrúa kosningar skulu fram fara einhvern hinn fyrsta virkan dag eptir nýár, nema þegar svo stendur á, að kjósa þarf misreitis. Svo skal kosning undir búa, að skrá sé samin um þá, sem kosningarrétt hafa; þá skrá skal kjörstjórnin semja; en þessir eru kjörstjórar: Í fyrsta sinn bæjarfógetinn á Ísafirði og 2 menn af Ísafjarðarbúum, er hann til þess kveður; en upp frá því eru kjörstjórar: Bæjarfógetinn, oddviti fulltrúanna og einn fulltrúanna, er þeir sjálfir til þess kjósa. Þegar semja skal kjörskrá, skal bæði gjaldkeri bæjarins og aðrir bæjarfulltrúar vera kjörstjórninni til aðstoðar, ef þörf gjörist. Skráin skal liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis á hentugum stað, um 14 daga á undan kjördegi. Mótþáttur gegn kjörskránni, sem lúta að því, að nokkur sé vantaliinn, á að tilkynna bæjarfógeta að minnsta kosti 3 dögum á undan kjördegi, svo að kjörstjórnin geti þann dag lagt úrskurð sinn á málið; en að öðrum kosti missir hlutaðeigandi rétt sinn í því efni.

Hið fyrsta sinn skal kjósa bæjarfulltrúa svo fljótt sem verður, eptir að reglugjörð þessi er birt á Ísafirði, en þó skal telja sýslutíma þeirra frá næsta nýári á eptir.

8. grein.

Formaður kjörstjórnarinnar skal boða stað og stund, er kosningar skulu fram fara, að minnsta kosti 8 dögum á undan með auglýsingarbréfi; skal kjörfundurinn haldinn fyrir opnum dyrum; skulu þá allir kjósendur, er neyta vilja kosningarréttar síns, koma sjálfir á kjörfund, og lýsa því yfir, annaðhvort munnlega fyrir kjörstjórninni, eða á sedli, hvern þeir vilji kjósa.

Þegar allir þeir, er kjósa skulu, hafa átt kost á að gefa atkvæði sín og þau eru bókuð, les formaður kjörstjórnarinnar upp öll atkvæðin, en hinir tveir kjörstjórnarnir rita þau upp og telja saman. Þann skal nefna kjörinn fulltrúa, sem hlotið hefir flest atkvæði. Nú hafa tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, og skal þá hlutkesti ráða.

9. grein.

Þegar kjósa á fleiri en einn fulltrúa, skal hver þeirra kjörinn sèr í lagi, á þann hátt, sem áður er fyrir mælt.

10. grein.

Ef sá, sem kjörinn er fulltrúi, ber upp afsökun nokkra, metur kjörstjórnin, hvort hún sè gild, og verði það atkvæði meira hluta kjörstjórnarinnar, skal kjörstjóri boða til annars kjörfundar innan 8 daga, til að kjósa að nýju. Nú telur kjörstjórnin afsökun hans ónóga, en hinn kosni vill þó eigi gangast undir kosning, þá á hann að skora á kjörstjórnina að bera málið undir amtmann, og sker þá amtmaður tafarlaust úr.

Þyki það vafasamt, annaðhvort af þeim mótbárum, sem franu hafa komið frá einhverjum, sem hlut á að máli, eða þyki kjörstjórninni sjálfri vera vafi á því, hvort atkvæðafjöldi sè fyrir einhverri kosning, eða ekki, eða verði að öðru leyti mótmæli gjörð gegn lögmati kosningarinnar, á kjörstjórnin að leggja úrskurð á málið, og til greina ástæður fyrir þeim úrskurði; sá úrskurður sè síðan tafarlaust sendur amtmanni, og skal hann, ef honum virðist eigi hafa verið löglega að farið um kosninguna, gjöra þá ákvörðun, er með þarf í því efni. En þó enginn slíkur vafi sè um lögmati kosningarinnar, á þegar í stað að senda amtmanni skýrslu um kosninguna; þyki þá amtmanni eigi að síður vafasamt, hvort kosning sè lögmat, á hann að leggja málið undir úrskurð hlutaðeigandi stjórnarráðs; þó er honum heimilt að gjöra kosninguna ógilda að sinni með úrskurði sínum, þyki honum ísjárvert að láta hana haldast, þangað til úrskurðar stjórnarráðsins verður fenginn. Finni amtmaður engan galla á kosningunni, þá á hann að gefa kjörstjórninni það til vitundar svo fljótt, sem orðið getur. Þar að auki á sérhver, sem hefir nokkur mótmæli gegn kosningunni og einkum úrskurðum þeim, er hafa verið upp kveðnir um hana, að bera upp fyrir kjörstjórninni skriflega umkvörtun um það, áður 8 dagar sèu liðnir frá því úrskurðurinn var upp kveðinn eða kosning fór fram, því annars verður slíkri umkvörtun enginn gaumur gefinn. Skal kjörstjórnin þegar senda amtmanni kvörtunina með álitu sínu, og leggur amtmaður þá úrskurð á, áður hálfur mánuður sè liðinn. Verði þá kosning ógild eptir úrskurði amtmanns, skal kjósa á ný.

Ef sá, sem kosinn hefir verið bæjarfulltrúi, eða kjörstjórnin,

eða einhver annar, sem hlut á að máli, ekki er ánægður með úrskurð amtmanns um eitthvað af því, sem um er rætt í þessari grein, þá má bera málið undir hlutaðeigandi stjórnarráð.

11. grein.

Sá, sem kosinn er fulltrúi, sendir bæjarfógeta skriflegt heit, og skuldbindur hann sig í því, samkvæmt borgara-eiði sínum, en hafi hann eigi svarið borgara-eið, lofar hann með eiði, að gegna dyggilega öllum þeim skyldum, er staða hans leggur honum á herðar, bæði við konung og fósturjörð sína, og einkum við félag það, er hefir kosið hann til að taka þátt í stjórn bæjarmálefna sinna.

12. grein.

Við byrjun hvers árs kjósa fulltrúar úr flokki sjálfra sín oddvita og vara-oddvita; ræður þar atkvæðafjöldi. Fulltrúar skulu eiga með sér fundi eptir því, sem þeir koma sér saman um, hversu tíðir skuli vera, en auk þess kveður oddviti til funda endrar nær, er honum þykir nauðsyn til bera, eða tveir fulltrúar heimta. Oddviti skal, að því leyti unnt er, auglýsa fulltrúunum fyrir fram, hver málefni skuli rædd á fundum þeirra, en að öðru leyti á hver fulltrúi rétt á að bera upp á fundi hvert það málefni, er honum þykir nauðsyn til bera. Oddviti stýrir fundum og sér um, að allt, sem þar er ákveðið, sé rétt bókað og annast um afgreiðslu þess. Þegar svo stendur á, að jöfn eru atkvæði, skulu þeir ráða, er oddviti fylgir að. Þeir skulu fulltrúar að minnsta kosti vera á fundi, ef nokkurt mál á að geta ráðizt til lykta. Jafnan skulu allir þeir fulltrúar, sem viðstaddir eru, rita nöfn sín undir fundabókina.

13. grein.

Bæjarfulltrúar skulu eiga þátt í stjórn allra þeirra málefna, sem snerta eignir og stofnanir, tekjur og gjöld bæjarins, og eigi eru með neinni sérstakri laga-ákvörðun undan skilin venjulegri bæjarstjórn; má því bæjarfógetinn ekkert kveða á um bæjarmál án þeirra samþykkis. Nú verður meiri hluti fulltrúa eigi á sama máli og bæjarfógeti, skal hann eiga fund við þá og ræða við þá um málið; verði þá meiri hluti fulltrúa enn eigi á sama máli og hann, má skjóta málinu undir úrskurð æðra yfirvalds. Það er sjálfsagt að telja það álit allra fulltrúa, er meiri hlutinn fellst á.

14. grein.

Hve nær sem leitað er álits bæjarfulltrúa um eitthvað, er snertir hagi kaupstaðarins, þá á hann annaðhvort að yfirvega það mál með bæjarfulltrúunum í sameining, eða fá um það sérstaklegt álit þeirra, og ber þá ávallt að senda það með álitsskjali bæjarfógeta. Fulltrúar mega og sjálfir bera upp til umræðu sérhvert það málefni, er snertir hagi kaupstaðarins, og er það skylda bæjarfógeta, þegar fulltrúarnir koma fram með einhverja uppástungu, að kveða upp um hana skriflegan úrskurð, ef þeir krefjast þess. Nú eru bæjarfulltrúarnir eigi ánægðir með, hver úrslit málið hefir fengið í úrskurði þessum, þá geta þeir heimtað, að það sé borið undir æðra yfirvald, ásamt áliti þeirra og bæjarfógeta því til skýringar, ef þörf gjörist.

15. grein.

Í öllum þeim málum, er snerta þurfamenn, uppeldi og uppræðing barna, hefir hlutaðeigandi prestur sæti og atkvæði á fundum fulltrúanna.

16. grein.

Í byggingarnefnd þá, er sett mun verða á Ísafirði, skulu bæjarfulltrúar kjósa 4 menn, og skulu 2 þeirra vera úr flokki fulltrúanna.

17. grein.

Fulltrúar skulu ásamt bæjarfógeta kjósa bæjargjaldkera; skal hann skyldur að hafa starf sitt á hendi að minnsta kosti um 3 ár, nema að beri einhver þau atvik, er aptri honum frá því, eða bæjarfógeta og fulltrúum þyki ráðlegra að fá öðrum manni sýslu hans í hendur, áður en sá tími sé liðinn; nú verða bæjarfógeti og fulltrúar eigi á eitt sáttir um ákvarðanir þær, er snerta kosning gjaldkera o. s. frv., skal málinu skotið til amtmanns úrskurðar.

18. grein.

Reikningsárið er frá fardögum til fardaga.

19. grein.

Fulltrúar skulu ásamt bæjarfógeta á hverju ári fyrir 20. dag janúarmánaðar semja áætlun um útgjöld þau, er líklegt þykir, að

bærinn muni þurfa að greiða næsta fardaga-ár, hvort heldur er til forlagseyris þurfamönnum bæjarins, eða til annara bæjarþarfa. Í áætluninni skal og skýrt frá fè því, sem til er, til að borga með gjöldin, án þess skattur sé lagður á bæjarbúa. Þegar allar slíkar tekjur eru taldar, skal jafna tveim fimmtu hlutum af gjöldum þeim, sem þá eru eptir, til hinna eiginlegu bæjarþarfa, á hús og lóðir bæjarmanna þannig, að 5 sjöttungum skal jafna á húsinn eptir ferhyrningsmáli grundvallarins; en einum sjöttung á maturtagarða og aðrar útmældar lóðir sömuleiðis eptir ferhyrningsmáli; en þrem fimmtungum þess fjár, sem þarf til hinna eiginlegu bæjargjalda, og því fè, sem þarf til forlagseyris þurfamönnum, skal jafna niður á alla bæjarbúa eptir efnum þeirra og ástæðum.

Beri ekkert það að höndum, að líklegt megi þykja, að útgjöldin eða tekjur þær, sem til eru upp í þau, verði meiri eða minni en árið næst á undan, skal hvorttveggja jafnhátt sett. Áætlunarskráin skal send amtmanni, og þyki honum í henni ekkert athugasemdir, ritar hann það á hana og sendir hana aftur. Að öðrum kosti birtir hann bæjarstjórninni þær athugasemdir, er honum þykir að gjöra þurfi, og skal jafnan farið eptir þeim athugasemdum það ár, er áætlunarskráin nær yfir; en eigi þær að gilda um lengri tíma og bæjarstjórnin þykist eigi geta kannast við, að þær séu réttar, er hún skyld, áður mánuður sé liðinn, að rita amtmanni um það, og sendir hann þá málið hlutaðeigandi stjórnarráði til úrlausnar.

20. grein.

Ef amtmaður gjörir engar athugasemdir um áætlunarskrána, eða ef öllu er komið fyrir svo sem athugasemdir hans bentu til, samkvæmt 19. gr., skal fè því, er safna á með álögum á bæjarbúa, jafnað niður á skattskylda menn. Ber þá að jafna niður í einu lagi á hvern skattskyldan mann öllum þeim gjöldum, sem greiða á eptir sameiginlegum mælikvarða; þó skal þess gætt, að þeim, sem að lögum eru lausir við að greiða gjaldtegund nokkra, sem talin er meðal annara gjalda, má eigi gjöra meira en þeim ber að greiða í önnur gjöld samkvæmt reglum þeim er gilda.

Allir bæjarfulltrúar ásamt gjaldkera bæjarins jafna niður gjöldunum á kaupstaðarbúa. Niðurföfnunin skal fullgjörð fyrir lok maí-mánaðar; því næst skal niðurföfnunarskráin, ásamt áætlunarskránni, liggja á hentugum stað öllum til sýnis í 3 vikur, að minnsta kosti

3 stundir á degi hverjum; skal það opinberlega birt, hve nær hún sé lögð fram og hvar, og um hvert leyti dags hún sé öllum til sýnis. Öllum gjöldum skulu greiðendur hafa lokið á Mikjálsmessu.

21. grein.

Þyki einhverjum eitthvað aðfellingarvert við niðurjöfnunina, á hann að bera sig upp um það við bæjarfógeta áður sá tími sé liðinn, sem niðurjöfnunin liggur til sýnis, því annars verður slíkri umkvörtun enginn gaumur gefinn. Bæjarfógetinn og bæjarfulltrúarnir leggja úrskurð á málið; en sé kærandi eigi ánægður með úrskurð þenna, er honum frjálst að láta bæjarstjórnina bera málið undir úrskurð amtmanns.

22. grein.

Ef útgjöld bera að, sem ekki er gjört ráð fyrir í áætlunarskránni það ár, skal um þau gjöra skýrslu, eins og boðið er í 19. grein um áætlunarskrána, og skal í öllu, er útgjöld þessi snertir, farið að á þann hátt, sem ákveðið er í þeirri grein. En nemi gjöld þau, sem eigi hefir verið gjört ráð fyrir í áætlunarskránni, eigi meiru en 50 ríkisdöllum, þá þarf eigi að gjöra um þau sérstaklega skýrslu, og skal þá jafna þeim niður með gjöldum næstkomandi árs.

23. grein.

Bæjarsjóðurinn skal geymdur af gjaldkera, og skal hann, að minnsta kosti eitt sinn á hverjum 3 mánuðum, gefa bæði bæjarfógeta og fulltrúum nákvæma sjóðskýrslu, er sýni bæði, hvað goldið hafi í bæjarsjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má bæjargjaldkeri neitt greiða úr bæjarsjóði, nema eptir ávísun frá bæjarstjórninni.

24. grein.

Fulltrúar, ásamt bæjarfógeta, skulu hafa nákvæma umsjón með fjárhag bæjarins. Þeir gæta þess, að skattar og tekjur bæjarins séu heimtaðir á réttan hátt og í tækan tíma og þær teknar lög taki, ef þörf gjörist, svo og, að fænu sé varið til útgjalda bæjarins. Þyki reikningar gjaldkera eigi nógu skýrir, eða tekjur reynist óheimtar, eða gjöld ógreidd, er greidd skyldu vera, skulu þeir

gjöra þær ráðstafanir, er nauðsyn ber til, til að hrinda því í lag, er áfátt þykir.

Allar ávísanir skulu fulltrúar undirskrifa á fundi.

Bæjarstjórnin skal leggja alla stund á, að öll störf þau, sem unnin eru á kostnað kaupstaðarins séu vel af hendi leyst og með sem minnstum kostnaði; skal bæjarfógetinn hafa stöðugt eptirlit með slíkum störfum, en fulltrúarnir skulu skiptast á um að gæta þeirra, eptir því sem þeim þykir hentast, og sjá um að slík störf séu unnin sem haganlegast, og í öllu samkvæmt því, sem upphaflega var ákveðið.

25. grein.

Þó bæjarfógeti og fulltrúar eigi rétt á að gjöra ályktanir bæjarins vegna um það, er fjárhagsefni snertir, með tilsjón þess yfirvalds, er til þess er skipað, þá verður að undan skilja þær ráðstafanir, sem eru öldungis sérstaklegar, eða miklu varða fyrir bæinn um langan tíma.

Til þessa má telja: Að taka fè að láni, eða lengja tíma þann, er borga skal á lánsfè, sem þegar er fengið; að veita laun eða hækka þau, ef meiru nemur en 20 ríkisdöllum; sömuleiðis eptirlaun, þegar þau nema meiru, en nú var sagt; að veita gefins fèstyrk, er meiru nemi en 30 ríkisdöllum; að afsala fasteignir kaupstaðarins, og því einnig að úthluta kaupstaðarjörðum, svo að þær verði eign einstakra manna, er aptur á móti lúka á ári hverju ákveðnu gjaldi í bæjarsjóð; að byggja kaupstaðarjarðir um lengri tíma en 10 ár eða á annan hátt en við opinbert uppboð; að kaupa hús eða land undir kaupstaðinn; að færast í fang byggingarstörf, sem ekki verða framkvæmd nema auknar séu álögur þær, er bæjararmenn um 3 undan farin ár hafa galdið að meðaltali; að gjöra slíkar sættir, til að komast hjá málaferlum, að á kaupstaðinn leggist nokkur skuldbinding, eða slakað sé nokkuð til um rétt hans.

Þegar eitthvað af þessu kemur fyrir, svo að bæjarstjórnin eigi má skera úr, skal amtmaður, ef bráðs úrskurðar þarf við og bæjarstjórnin er því samþykk, og honum eigi heldur virðist það ísjárvert, hafa vald til að gjöra út um þessi mál; en að öðrum kosti á að senda hlutaðeigandi stjórnarráði málið til úrskurðar, með álitsskjölum allra, er hlut eiga að, og þar á meðal amtmannsins.

26. grein.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna árið, og senda bæjarfógetanum fyrir lok júnímánaðar; lætur bæjarfógetinn reikning þenna liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis, og skal um þetta og um, hvernig slíkt sé birt, farið að á sama hátt og fyrir er mælt að framan í 20. grein um niðurjöfnunina. Reikningurinn sé því næst vandlega yfir farinn af skoðunarmanni, er kosinn sé af kaupstaðarbúum þeim, er samkvæmt 3. grein hafa kosningarrétt; skal hann kjörinn á sama hátt og fulltrúarnir, og hafa það starf á hendi um 5 ár eins og þeir, Skoðunarmaður skal hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því hann fékk hann. Þegar gjaldkeri er búinn að svara athugasemdum hans, en það skal hann hafa gjört innan hálf mánaðar, skal reikningurinn, ásamt athugasemdum skoðunarmanns og svari gjaldkera, sendur til amtmanns, og á hann að leggja úrskurð sinn á þær.

Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikning gjaldkera, á að birta á prenti ágrip af honum, er bæjarfógetinn semji; á ágrip það að vera svo fullkomid, að til seú greind sér í lagi öll atriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

ÁSTÆÐUR fyrir frumvarpi þessu.

Frá alþingi því, er haldið var árið 1863, kom þegnleg bænarskrá um, að Ísafjarðar verzlunarstaður eptir ósk íbúanna yrði að skilinn frá Eyrarhrepp og gjörður að bæjarfélagi út af fyrir sig, og að frumvörp til reglugjörðar um stjórn bæjarmálefna á Ísafirði og annað frumvarp til lagaboðs um stofnun byggingarnefndar þar yrðu lögð fyrir næsta alþingi. Alþingi tók fram í bænarskránni, að það mundi mjög efla framfarir og velmegun verzlunarstaðarins, ef hann fengi bæjarstjórn fyrir sig, þar sem höfnin er falleg og trygg og byggingarsvæði nægilegt. Tala bæjarbúa var eptir því sem alþingi hefir skýrt frá, við árslokin 1861 214 manns, og fer allt af fjölgandi eins og líka þilskipaveiðar og um leið verzlun bæði við innlenda og útlenda hefir aukizt til muna á hinum seinni árum og iðnaðarmenn dregizt þangað ekki allfáir. Alþingi hefir loks getið þess, að hinir aðrar Eyrarhrepps búar hafi fallizt á, að

aðskilnaðurinn yrði, og orðið á eitt sáttir við kaupstaðarbúa um, með hvaða skilyrðum hann ætti að verða, og að sýslumaðurinn í Ísafjarðar sýslu, sem líklega yrði falið á hendur að gegna störfum þeim, sem heyra til bæjarfógeta-embættis í kaupstaðnum, eptir lögunum eigi að búa þar í bænum.

Með því að, eptir því sem alþingi hefur skýrt frá, ekkert virtist að vera því til fyrirstöðu, að aðskilnaður sá, sem beðið er um, væri gjörður, var nefnd manna sett á Ísafirði eptir ráðstöfun stjórnarráðsins, og samdi hún uppástungu til lagabóða þeirra tveggja, er til þessa þurfti. Önnur af uppástungum þessum hefir verið notuð, er frumvarp það, sem hér er að framan, var samið, og er það í öllum aðalatriðum eins og reglugjörðin um stjórn bæjarmálefna á Akureyri 26. dag ágústmán. 1862, að fyrstu grein einni undan skilinni. Um hana skulu gjörðar þessar athugasemdir.

Nefndin á Ísafirði hafði stungið uppá því í frumvarpi sínu, að ekki einasta verzlunarstaðurinn, sem nú er, heldur líka öll Skutulsfjarðareyri, og prestsetrið á henni skyldi heyra undir bæjarfélag og lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, en það þótti þó réttast að leita fyrst álits hlutaðeigandi prests um, hvort hann hefði nokkuð ámóti þessari uppástungu. Álitsskjal prestsins um þetta efni er að vísu nokkuð óljóst, en þar hann ekki beinlínis hefir mótmælt því, að prestssetrið væri lagt undir kaupstaðinn, og amtmaðurinn yfir vesturamtinu hins vegar hefir fastlega ráðið til þess, eins og líka alþingi var á sama máli, eru takmörk kaupstaðarins í frumvarpinu ákveðin eins og nefndin á Ísafirði hafði stungið upp á.

Í uppástungu nefndarinnar var því næst ákvörðun um takmörk kaupstaðarlóðarinnar, það er að segja milli hennar og prestssetursins, því fyrir neðan prestssetrið, en fyrir ofan verzlunarstaðinn sjálfan er lóð nokkur, sem ágreiningur er um, hvort hún sé eign prestssetursins eður verzlunarstaðarins, og hefir stjórnin leitað álits hlutaðeigandi yfirvalda um þenna ágreining, áður en frumvarpið væri lagt fyrir alþingi, en ekki fengið neinar frekari upplýsingar. Nefndin hafði stungið upp á, að landaþræta þessi væri útkljáð þannig, að menn létu mæla kaupstaðarlóðina upp aptur, og að presturinn, bæjarfógetinn og allir bæjarfulltrúarnir ákvæðu síðan í sameiningu, hvar takmörkin skyldu vera, með samþykki amtmanns og stiptsyfirvaldanna. Við þessa uppástungu er samt athugavert, að ef að presturinn og bæjarstjórnin geta ekki orðið á eitt sátt, verður honum ekki þröngvað til að láta hina umgetnu lóð af hendi, þó að

svo mældist upp, að hún væri fyrir innan takmörk verzlunarstaðarins, eptir því sem þau voru ákveðin árið 1787. Það lýtur sem sé svo út, sem presturinn um langan tíma hafi verið álitinn eigandi að lóðinni, og sést það einkum á því, að þeir, sem reist hafa hús þar, hafa fengið hjá honum leyfi til þess. Með því af þessum ástæðum ekki þótti eiga við að taka ákvörðun þá, sem nefndin hafði stungið upp á, um þetta efni upp í reglugjörðina, er henni sleppt úr frumvarpinu; en bæjarstjórnin verður að reyna að sættast á málið við prestinn með samþykki stiptsyfirvaldanna, eða að öðrum kosti að leggja það undir dóm. Í fyrstu grein í frumvarpi nefndarinnar var enn fremur ákvörðun um, að presturinn þar að auki skyldi vera skyldur til með samþykki stiptsyfirvaldanna að láta bæjarfélagið fá byggingarsvæði, ef það þyrfti þess við, gegn sannaðum lóðartolli. Þessi ákvörðun þótti heldur ekki eiga við, enda er hún líka sjálfri sér ósamkvæm, þar sem hún heimilar að taka eign manns í opinberar þarfir, en áskilur þó, að fengið sé samþykki stiptsyfirvaldanna. Það virðist að vera réttast og eðlilegast, að bæjarstjórnin og presturinn með samþykki stiptsyfirvaldanna komi sér saman um þetta málefni.

Við annan lið í þessari grein, þar sem skipað er fyrir um, hver hafa skuli á hendi stjórn bæjarmálefna, og sem tekinn er orðrættur eptir reglugjörðinni frá 1862 og uppástungu nefndarinnar, hafði nefndin bætt ákvörðun um, að, þar eð amtmaðurinn býr svo langt frá kaupstaðnum, skuli bæjarfógetinn hafa vald á að skera úr þeim málum, er krefja bráðra úrslita, þar til leitað verði úrskurðar amtmanns. Það þótti samt ekki ráðlegt að hafa þessa ákvörðun, af því hún optast nær mundi koma í bága við aðalregluna, sem er rétt á undan, »að bæjarfógetinn og fulltrúar kaupstaðarins skuli í sameining hafa á hendi stjórn bæjarmálefna undir tilsjón amtmannsins«. Það ætti heldur ekki vel við að fela bæjarfógetanum, sem yfir höfuð að tala stendur jafnhliða bæjarfulltrúunum, og optast nær hefir tekið þátt í með þeim að skera úr málunum (sjá t. a. m. seinasta kafla í 6. grein og 10, 13, 15, og 21. grein í frumvarpinu), eða jafnvel einn fellt úrskurð á þau (sbr. 14. gr.), þó ekki væri nema til bráðabyrgða, yfirstjórn þá á hendur, sem amtmanninum er ætluð, og því síður má slaka til um umsjón þá með áætlunarskrá og reikningum bæjarins, sem amtmaður á að hafa, sbr. 19., 22. og 26. gr. Annars er tekið nægilegt tillit til þess, hversu langt amtmaðurinn býr frá kaupstaðnum,

þar sem ákvörðuninni í 10. grein í reglugjörðinni 29. ágústmán. 1862 um, að amtmaður, »áður en 14 dagar sæu liðnir« skuli gefa kjörstjórninni til vitundar það, sem þar er um rætt, er breytt þannig í frumvarpinu, að hann á að gjöra það »svo fljótt sem orðið getur«, og einkum þar sem skipað er fyrir í 19. grein, að búið skuli vera að semja fjárhagsáætlunina fyrir 20. dag janúarmán. (í stað þess að í reglugjörðinni 29. ágústmán 1862 er »fyrir lok hvers marzmánaðar«). Að gjöra fleiri breytingar frá því, sem er í reglugjörðinni frá 1862 af þessari ástæðu, virðist að vera óþarfi, og sér í lagi virðist ekki vera nein ástæða til, eins og nefndin hafði gjört, vegna þess að sleppa ákvörðuninni í næstseinasta kaflanum í 10. grein í reglugjörðinni 29. ágústmán. 1862 um, að amtmaðurinn skuli, áður en hálfur mánuður er liðinn, leggja úrskurð á kvörtun þá, sem þar er um rætt.

Um síðasta kafla greinarinnar, þar sem skipað er fyrir um aðskilnaðinn milli verzlunarstaðarins og hreppsins, skal þess getið, að nefndin hafði stungið upp á, að aðskilnaðurinn væri gjörður með þeim skilmálum, sem menn höfðu komið sér saman um á fundi á Ísafirði 3. dag nóvembermán. 1862, þannig, að fæ því er Eyrarhreppur þá átti, og öllum sveitarþyngslum, sem þá voru, sè skipt í tvo jafna hluti. Auk þess að samningur sá, sem nú var nefndur, ekki getur haft neitt lagagildi, þar sem hann ekki hefir verið staðfestur af æðri yfirvöldum, virðist ákvörðun þessi að vera svo mjög óeðlileg, og er hætt við, að út af henni kynnu að rísa deilur; en þar á móti virðist að eiga að hafa tillit til þess, hvernig ástætt er, þegar aðskilnaðurinn fer fram. Í frumvarpi því, sem hér er að framan, er því fyrir skipað um þetta efni, eins og nú var sagt, og bætt við ákvörðun um, hverjir gjöra skuli skiptin, sbr síðasta hluta 1. greinar í reglugjörð 29. ágústmán. 1862.

Um hinar greinarnar í frumvarpinu þykir ekki þörf á að gjöra neinar athugasemdir, sér í lagi þar sem þær yfir höfuð eru eins og sömu greinarnar í reglugjörðinni 29. dag ágústmán. 1862, að undan skildum þeim tveimur breytingum á 10. og 19. grein, sem getið er um hér að framan. Um 16. grein skal vísað til ástæðanna fyrir 1. grein í frumvarpi til opins bréfs um að stofna byggingarnefnd á Ísafirði.

III. Frumvarp

til

opins bréfs um að stofna byggingarnefnd á kaupstaðnum Ísafirði.

1. grein.

Á kaupstaðnum Ísafirði skal stofna byggingarnefnd. Í henni skulu vera bæjarfógetinn og 4 menn, sem bæjarfulltrúarnir kjósa og skulu 2 þeirra vera úr flokki fulltrúanna.

2. grein.

Nefndarmenn þeir, sem kosnir eru, skulu hafa starf sitt á hendi í 5 ár. Ef nokkur fer frá, einhverra hluta vegna, áður en 5 ár eru liðin, skal sá, sem kosinn er í hans stað, að eins hafa starf sitt á hendi þann tíma, sem hinn átti eftir í nefndinni, þegar hann fór frá.

3. grein.

Nefnd þessi á hær eptir samkvæmt tilskipun 17. nóvemberm. 1786 5. grein að taka til húsastæði til allra nýrra húsa, er byggja skal, svo og til jurtagarða, ef enn virðist vera rúm fyrir þá á lóð kaupstaðarins. Síðan lætur bæjarfógetinn mæla hlutaðeigendum út lóðir þessar; eiga þeir svo að umgírða þær og nota innan tveggja ára; annars falla þær aptur til kaupstaðarins.

Til þess að kaupstaðurinn hær eptir geti orðið byggður eptir ákveðinni reglu, ber nefndinni enn fremur að ákveða, hvar auð svæði megi vera, og hvar leggja skuli strætín; á bæjarfógetinn í því skyni að gefa nefndinni skýrslu um þær lóðir, er sýslumaðurinn áður hefir mælt út; skal nefndin svo rita þær í sérstaka bók, og svo lóðir þær, er hún sjálf úthlutar. Kostnað þann, sem leiðir af að útvega bók þessa og aðrar þær embættisbækur, er nefndinni

kynni þykja við þurfa til að rita í gjörðir sínar og bréf, skal greiða úr bæjarsjóðnum.

4. grein.

Til þess að koma á betri reglu um húsabyggingar á kaupstaðnum, og komast hjá hættu af húsbruna, ber nefndinni að gæta þess, er nú skal greina:

- A. Ef nefndinni þykir þurfa að breiðka eitthvert stræti, eða þoka einhverju eldra húsi aptur á við, til betri varnar við húsbruna, eða til að fá greiðari veg um verzlunarstaðinn, þá skal sérhver sá, sem úthlutuð hefir verið óbyggð lóð, er veit að stræti, skyldur til að láta af hendi svo mikið af lóð þessari, sem þurfa þykir til þess strætið verði nógu breitt, og skal einnig sá, er húsið á, vera skyldur til, þegar hann byggir upp húsið á ný, að færa það aptur á við eins og þarf; þó skulu þeir fá endurgjald fyrir það; skal nefndin meta það eptir stærð og verði alls byggingarsvæðisins, og rýrnun þeirri, sem það hefir orðið fyrir, við það, að af því hefir verið tekið eður hús flutt aptur á við, og skal greiða kostnað þann, sem af því rís, á sama hátt og gjöldin til hinna eiginlegu bæjarþarfa. Sé nokkur óánægður með endurgjald það, sem nefndin hefir ákveðið, getur hann lagt málið undir úrskurð amtmannsins.
- B. Þess ber grandgæfilega að gæta, þá er byggð eru ný hús, þar sem áður var autt svæði, að þau hvergi nái saman við hús þau, sem í grennd eru, og skal ávallt vera 10 álna autt svið frá hinu nýja húsi að næsta húsi í grennd við það; þó má á þessu svæði byggja grindur eður aðrar girðingar, þær er skjótlega mætti niður brjóta ef húsbruni kæmi fyrir.
- C. Þegar byggja skal nýtt hús, á nefndin að ákveða takmarkalínu þess út til strætisins, og aðrar reglur, sem henni þykir þurfa að gæta við byggingarlag hússins bæði að utan og innan, til tryggingar móti húsbruna. Enn fremur ber nefndinni að gæta þess svo sem verður, að iðnaðarmenn þeir, er hafa þá atvinnuvegi, er óttast mætti að hljótast kynni húsbruni af, fái hússtæði á afviknum stöðum. Svo skal nefndin og hafa stöðugt gætur á öllum nýjum húsum, meðan þau eru í smíðum og sér í lagi hæð undir loftum. Einnig á hún að hafa umsjón með aðalviðgjörðum á húsum og gæta þess nákvæm-

lega að þeir, sem hlut eiga að máli, hlýði grannt reglum þeim, sem þeim eru settar.

- D. Sérhver sá sem ætlar að byggja hús af nýju, eða breyta húsi, eða gjöra talsverðar umbætur á því, á, áður en hann byrjar á því, að gefa nefndinni það til vitundar, og fá skriflegar ákvarðanir hennar um það, hvort hann megi byggja, og eptir hverjum reglum, að því leyti sem snertir augnamið það, sem um er getið í greininni C hér á undan.
- E. Ef nokkur byrjar á húsasmíði, áður en þessa sé gætt, þá á bæði hann og meistari sá, er á hlut að máli, að greiða í bæt-ur frá 5 rd. til 25 rd. til fátækra á þeim stað, eptir úrskurði lögregludómsins; hinn fyrr nefndi verður einnig að sæta því, að húsið sé rífið niður á hans kostnað, að því leyti sem það eigi er lagað eptir þeim reglum, sem nefndin álitur að fylgja hefði átt við smíðið; og skal bæjarfógeti, ef hann kemst að því, að byrjað er á smíði nokkru, sem nefndin þarf að veita samþykki sitt til, en það hefir eigi verið útvegað, undir eins banna að halda því áfram. Sömu bætur skal sá og greiða, sem að öðru leyti gjörir sig sekan í broti gegn reglum þeim, sem nefndin hefir sett honum um byggingu eða viðgjörð húsa, samkvæmt því sem hér að framan er ákveðið; þó má eptir málavöxtum lækka bæturnar allt að 2 ríkisdölum; má og rífa þann hluta hússins, sem eigi er lagaður eptir reglum þeim, er settar voru.

5. grein.

Það sem ákveðið er í reglugjörð þessari, skal einnig gilda um hús þau á lóð kaupstaðarins, sem eru byggð með torfpaki og torfveggjum, og jurtagarða þá, er til þeirra heyra, að því leyti sem það getur við átt.

ÁSTÆÐUR fyrir frumvarpi þessu.

Þess er getið í ástæðunum fyrir frumvarpinu til reglugjörðar um að gjöra verzlunarstaðinn Ísafjörð að kaupstað og um stjórn bæjarmálaþna þar, að nefnd manna á Ísafirði samdi að tilhlutun

dómsmálastjórnarinnar frumvarp til reglugjörðar fyrir byggingarnefnd á greindum verzlunarstað. Nefndin hafði, er hún samdi frumvarp þetta, lagt opið bréf 6. janúarm. 1857 um byggingarnefnd á Akureyri til grundvallar, og einungis gjört fáeinar breytingar, sem þóttu nauðsynlegar eptir því sem tilhagar á Ísafirði. Frumvarp það, sem hér er á undan, er samið eptir uppástungu nefndarinnar þó með nokkrum breytingum, sem sjást á því, sem nú mun sagt verða.

Um hinar einstöku greinir í frumvarpinu skulu gjörðar þessar athugasemdir.

Um 1. grein.

Í fyrstu grein í frumvarpi nefndarinnar var ákveðið, að í byggingarnefndinni skyldu vera: bæjarfógetinn, tveir af bæjarfulltrúunum og tveir af íbúum kaupstaðarins, er kosnir væru á almennum fundi og síðan útnefndir af amtmanni; voru því næst í annari grein reglur um skilyrði fyrir kosningarrætti og kjörgengi til starfs þessa. Það virðist nú eiga miður vel við, að tveir af nefndarmönnum séu kosnir á almennum fundi og síðan útnefndir af amtmanni, því þessa ákvörðun getur þó ekki verið svo að skilja, að amtmaðurinn sé skyldur til að útnefna þá menn, sem kosnir hafa verið á fundinum; það væri þá ekki nema þýðingarlaust form að láta amtmann útnefna þá. Hann hlaut því að hafa vald á að hrinda kosningunni, og það jafnvel án þess að gefa ástæður fyrir; en ef svo færi, yrði að kjósa á ný, og gæti hann þá aptur hrundið þeirri kosningu og s. frv. Það virðist heldur ekki eiga vel við eptir að komin er á bæjarstjórn, að láta kosninguna fara fram á almennum fundi. Að vísu er svo fyrir skipað í hinu opna bréfi 6. janúarm. 1857, er fyrr var getið, um byggingarnefnd á Akureyri, og sem nefndin hefir haft fyrir augum; en þeirri ákvörðun hefir seinna verið breytt, þar sem kosningin var fengin í hendur bæjarfulltrúunum, þá er greindur verzlunarstaður var gjörður að bæjarfélagi út af fyrir sig, samanber reglugjörð 29. ágústm. 1862 16. grein; auk þessa hafði amtmaður eptir hinu opna bréfi frá 1857 engan þátt í þessari kosningu. Það er því tvennt um að velja í þessu efni, annaðhvort að láta amtinn beinlínis útnefna tvo af nefndarmönnum, eins og á sér stað í Reykjavík og á Akureyri, eða að fela bæjarfulltrúunum á hendur að kjósa þá, og þótti réttast að kjósa heldur hina síðar nefndu aðferð, og það ein-

mitt af þeirri ástæðu, sem alþingi og nefndin sjálf hefir svo ítarlega tekið fram, þá er rætt var um að gjöra Ísafjörð að kaupstað, að amtmaðurinn býr svo langt burtu frá kaupstaðnum, og þess vegna að líkindum ekki þekkir kaupstaðarbúa til hlítar. Af þessum ástæðum er svo fyrirskipað í þessari grein frumvarpsins, að bæjarfulltrúarnir skuli út nefna alla 4 nefndarmenn, þó svo, að 2 þeirra séu úr flokki sjálfra fulltrúanna; fellur þá önnur grein í frumvarpi nefndarinnar úr.

Um 2. grein.

Nefndin hafði stungið upp á, að þeir, sem kosnir eru í byggingarnefndina, skuli hafa starf sitt á hendi í 6 ár, en þó skuli annar þeirra, sem kosnir eru og út nefndir af amtmanni, fara frá eftir 3 ár. En þar bæjarfulltrúarnir eru kosnir fyrir 5 ár, þykir réttast, að þeir, sem í byggingarnefndinni eru, séu einnig kosnir fyrir 5 ár, og hefir því verið sleppt ákvörðuninni um, að annar þeirra nefndarmanna, sem ekki um leið eru bæjarfulltrúar, skuli fara frá eftir 3 ár.

Um 3. grein.

Af því að svo erflitt er að ná til amtmannsins, þótti réttast að fela byggingarnefndinni á hendur að taka til húsastæði og ákveða, hvar auð svæði megi vera og hvar leggja skuli strætin, án þess að leitað sé samþykkis amtmanns, en nefndin hafði stungið upp á, að það væri gjört. Auk þess er ákveðið, að kostnaður sá, sem um er getið seinast í greininni, skuli greiddur úr bæjarsjóðnum; í stað þess að nefndin hafði stungið upp á, að honum væri jafnað niður á sama hátt og gjöldunum til hinna eiginlegu bæjarþarfa.

Um 4. grein.

Þessi grein er tekin eftir frumvarpi nefndarinnar; þó skal þess getið, að það þótti óþarfi sem stungið var upp á af nefndinni, að leita samþykkis amtmanns um reglur þær, sem byggingarnefndin setur um húsabyggingar. Aftur á móti þótti hlýða að veita þeim, sem láta hefir mátt eign sína samkvæmt staflíð A í

þessari grein, færi á að leita úrskurðar amtmanns um stærð endurgjaldsins. Að síðustu skal þess getið, að nefndin hafði stungið upp á, að sviðið á milli húsanna væri 15 álnir, en að það þótti nóg, að það væri 10 álnir eins og fyrir er skipað í opnum bræfum 29. maím. 1839 og 6. janúarm. 1857.

Um 5. grein.

Við þessa grein, sem tekin er eftir frumvarpi nefndarinnar, virðist ekkert vera að athuga.

Að endingu skal því við bætt, að nefndin hafði haft fyrir-sögnina: »reglugjörð fyrir byggingarnefnd á verzlunarstaðnum Ísafirði«, en að því er breytt í: »opið bréf um að stofna byggingarnefnd á kaupstaðnum Ísafirði«, samanber opið bréf 6. janúarm. 1857.

IV. Frumvarp

til

laga um breyting á 6. og 7. grein í lögum 15. dag aprílm. 1854
um siglingar og verzlun á Íslandi.

1. grein.

Í staðinn fyrir það tveggja ríkisdala gjald af hverju lestarrúmi, sem ákveðið er í 6. grein í lögum 15. dag aprílm. 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi að greiða skuli fyrir íslensk leiðarbréf, skulu hér eptir greiddir 4 rd. ríkismyntar fyrir hvert danskt lestarrúm af stærð skipsins. Þó skal framvegis að eins greiða 2 rd. af hverju lestarrúmi þeirra skipa, sem annaðhvort koma farmlaus, eður ekki hafa annan farm innanborðs en timbur, steinkol eður salt.

2. grein.

Af skipum þeim, sem um er rætt í 7. gr. fyrr nefndra laga, samanber konungsúrskurð 1. dag aprílm. 1856, ber enn fremur að greiða 2 rd. gjald af hverju lestarrúmi af stærð skipanna auk þess 4 rd. og 2. rd. gjalds, sem nefnt er í næstu grein hér á undan.

3. grein.

Þeir, sem óska að njóta góðs af tilslökun þeirri á gjaldinu, sem veitt er í greinunum hér á undan, verða, þegar þeir biðja um íslenskt leiðarbréf, að senda skriflegt vottorð sitt um, að skipið annaðhvort sé farmlaust, eður að farmurinn einungis sé timbur, steinkol eður salt, og ber síðan að geta þess í leiðarbréfinu.

4. grein.

Lögreglustjórnir á Íslandi eiga, áður en farið er að afferma

skip, að gæta nákvæmlega að vöruskránum og tollseðlum og fullvissa sig þannig um, að skip þau, er að eins hafa greitt hið lækkaða gjald, ekki hafi meðferðis neinn annan farm en í leiðarbréfinu er til greint. Nú leikur grunur á, að rangt hafi verið frá skýrt, skal þá lögreglustjóri rannsaka skipsfarminn, og ef þá verður sú raun á, að rangt hafi verið frá skýrt, þá skal sá, er hlut á að máli, auk þess að greiða það, sem brestur á hið fulla gjald, enn fremur greiða jafnmikið og gjaldinu nemur í bætur fyrir afbrot sitt og þar að auki vera háður ákæru eptir almennum ákvörðunum laganna, ef saknæmara lagabrot, t. a. m. fals eður annað því um líkt, hefir drýgt verið. Ef leiðarbréfið er keypt á Íslandi, ber ekki að veita lækkun á gjaldinu, nema álita megí sannað með skjölum, er skipið hefir meðferðis, og öðrum atvikum, að þau skilyrði eigi sér hér stað, sem í lögum þessum eru heimtuð í þessu efni.

5. grein.

Að öðru leyti eru óbreyttar ákvarðanir þær, sem settar eru í lögum 15. dag aprílm. 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi.

ÁSTÆÐUR fyrir frumvarpi þessu.

Í bréfaviðskiptum þeim, er átt hafa sér stað millum dómsmálastjórnarinnar og fjárstjórnarinnar viðvíkjandi breyting í fyrirkomulaginu á fjárhag Íslands, var það fastlega tekið fram, einkum af hálfu fjárstjórnarinnar, að það virtist vera verulegur galli á uppástungum þeim, er komið höfðu fram fra nefnd þeirri, er dómsmálastjórnin skipaði til að íhuga málið, að í þeim sé allt látið óákveðið sem lúti að því, að Ísland verði sjálft að leggja nokkuð í sölurnar, til þess að jafna reikningshallann og útvega það sem þarf til að koma fram þeim endurbótum, sem eru álitnar nauðsynlegar, til þess að landið geti tekið framförum, þar sem stjórnin verði að halda fram þeirri skoðun, að fyrirkomulag það, sem stungið hefir verið upp á, sé byggt á því aðalatriði, að landið eigi slik efni, að það gæti, ef þau væru réttilega notuð, borið sín eigin gjöld, eignast sérstaklegan sjóð og jafnvel, þegar fram liðu stundir, greitt

tillag til almennra ríkisparfa, og að þjóðfulltrúar landsins mundu verða fúsir á að nota þessi efni til að koma fram almennum málum, og sè því mjög áriðandi að fá sem fyrst vissu fyrir því, hvort þessu sè þannig varið. Það var því álit fjárstjórnarinnar, að til þess, að hið fyrirhugaða skipulag geti fengið heppileg afdrif, væri nauðsyn á jafnframt því, að hið nýja fyrirkomulag komist á, að sjá fyrir því að anka tekjur landsins, og hefir í því tilliti einkum bent á að taka á ný fyrir uppástungur þær, sem generaltollkammer og kommercekollegið hafði búið til árið 1848 um tollálögur á Íslandi.

Að visu varð nú varla við því búið, að nefndin, sem eiginlega hafði það ætlunarverk að segja álit sitt um, hvernig fjárhagssambandinu millum Íslands og konungsríkisins yrði haganlegar fyrir komið en verið hefir, færi að búa til sérstaklegar uppástungur um, hvernig tekjur Íslands yrðu auknar; með því eðlilegast virtist, að það mál yrði umtalsefni millum stjórnarinnar og þjóðfulltrúa Íslands, svo framarlega sem það kæmizt á, að fjárhagur Íslands yrði aðskilinn frá fjárhag konungsríkisins, svo sem nefndin hafði stungið upp á; en á hinn bóginn varð dómsmálastjórnin að fallast á, að það væri mjög áriðandi, að þetta málefni yrði tekið til íhugunar í sambandi við hið almenna fjárhagsmál; því það má telja vafalaust, að tillag það, sem veitt kynni verða úr sjóði konungsríkisins, engan veginn mundi verða nóg til þarfa Íslands um ókominn tíma, heldur yrði það einkum að vera ætlað til að bæta úr þeim þörfum landsins, er ættu sèr stað á þeim tíma, er aðskilnaðurinn kæmist á. Þörfin á þessu verður eum ljósari, þegar litið er á, að landstjórnarkostnaðurinn fer ávallt vaxandi, án þess að tekjurnar vaxi að því skapi, og að alþingi við mörg tækifæri hefir bent á, að nauðsynlegt sè, að gjörðar sèu ráðstafanir til að efla framför landsins með ýmsu móti, er hlyti að hafa í för með sèr töluverðan kostnaðarauka, og skal í því tilliti sérstaklega bent á bænarskrá frá alþingi árið 1863 um, að komið yrði á gufuskipsferðum kringum strendur Íslands.

Þegar nú víkja skal málinu að því, hvernig tekjur Íslands mundu verða auknar, svo að léttbærast væri fyrir íbúa landsins, þá hlaut dómsmálastjórnin að viðurkenna, að fjárstjórnin hafi í þessu tilliti með gildum ástæðum leitt athygli að hinni íslenzku verzlun. Því eptir að búið er að leysa þau bönd, er fyrrum takmörkuðu verzlun þessa, virðist ekki lengur vera næg ástæða til að

láta hana vera lausa við þær álögur, sem goldnar eru hvervetna annarstaðar, einkum toll af vörum, sem annaðhvort eru óþarfavörur, t. a. m. áfengir drykkir og tóbak, eður ekki eru langt frá því t. a. m. kaffi og sykur, sem jafnvel verða beinlínis óþarfavörur sökum þess óhófs, sem eigi óviða mun eiga sér stað í nautn þessara hluta, og virðist því síður vera ástæða til þessa, sem verzlunin einkum á síðari árum hefir verið mjög ábatasöm fyrir landsmenn. En þó það megi álítast samkvæmt réttum grundvallarreglum að leggja toll á vörur þessar, verður þó svarið upp á þá spurning, hvort ráðlegt sé eptir því sem ástatt er að fyrirskipa slíkar álögur, að vera komið undir hlutfallinu milli tekja þeirra, er menn gætu vonast eptir að fá með tollálögum þeim, sem stungið er upp á, og gjalda þeirra, er tollumsjónin mundi hafa í för með sér.

Í uppástungu þeirri, sem að ofan er getið, hafði generaltollkammerið gjört svo ráð fyrir, að tekjurnar af tollinum yrðu hér um bil 22,000 rd. Eptir þessari áætlun átti að leggja aðflutnings-toll á þessa hluti: a. Alls konar útlandan baðmullar- og lèreptsvefnað, 7 sk. á pundið: 3,760 rd. (þ. e. af 51,000 pnd.) b. Alls konar áfenga drykki, 3 sk. á pottinn: 11,670 rd. (þ. e. af 373,440 ptt.). c. Kaffi, 2 sk. á pundið: 3,740 rd. (þ. e. af 180,000 pnd.). d. Alls konar sykur, 1½ sk. á pundið: 520 rd. (þ. e. af 33,000 pnd.). e. Alls konar tóbak, 2 sk. á pundið: 2,560 rd. (þ. e. af 122,830 pnd.). Hér við er þó athugavert, að eptir því, sem Rósenörn stiptamtmaður skýrði frá, er mikils til of lág áætlunin um kaffi og þó enn meir um sykur, og mælti eptir hans ætlan setja 230,000 pund af hvoru fyrir sig, en þar á móti hélt hann, að áætlunin um hinar vörurnar væri nokkurn veginn rétt. En það virðist réttast að sleppa baðmullar- og lèreptsvefnaði, þar eð þessar vörur aldrei verða álitnar óþarfavörur. Þar að auki ber þess að gæta, að undirstaða sú, sem áætlun generaltollkammersins var byggð á, hefir töluvert breytt síðan. Eptir verzlunarskýrslum þeim, sem dómsmálastjórninni hafa sendar verið, var árið 1863 flutt til Íslands 581,932 pottar af áfengum drykkjum, 371,252 pund af kaffi, 456,310 pund af sykri og 104,017 pund af tóbaki, og sèst á því, að aðflutningur af tóbaki hefir nokkuð minnkað, en að aðflutningur af hinum þrem vörutegundunum hefir farið svo mjög vaxandi, að tekjurnar af þessum fjórum vörutegundum, sem árið 1845 voru metnar 18,490 rd., mundu nú, ákveðnar eptir sömu reglum, verða nálega helmingi meiri eður

35,216 rd. 53 sk. (þ. e. af áfengum drykkjum 18,185 rd. 26 sk., af kaffi 7,734 rd. 40 sk., af sykri 7,129 rd. 81 sk., og af tóbaki 2,167 rd. 2 sk.). Þar að auki virðist eigi þurfa að líka sér við að láta tollinn af brennivíni vera 4 sk. af pottinum, og yxu tekjurnar við það um 6,051 rd. 74 sk. og mætti þá ætlast á, að þær yrðu að öllu samtöldu 41,268 rd. 31 sk.

Hvað þessu næst snertir kostnaðinn við að koma á tollstjórn á Íslandi, þá hafði generaltollkammerið metið hann til 15,500 rd. á ári að ótöldum vöxtum af 24,000 rd. er þyrftu fyrir tollgæzlu-skip og áhöld, eður alls frá 16 til 17,000 rd., en þar á móti hafði rentukammerið reiknað kostnaðinn allan til 42,000 rd. En það er hér við aðgættandi, að kostnaðurinn yrði enn meiri bæði fyrir það, að nú yrði nauðsyn á að hafa tollheimtustað á Vestmannaeyjum (smbr. lög 15. dag aprílm. 1854, 2. gr.) og einnig fyrir það, að skipa yrði tollumsjónarmann, sem yrði látinn hafa alla yfirtollstjórn á landinu og mundi þurfa til launa handa honum 2 til 3000 rd.; því á þeim tíma, er generaltollkammerið bjó til uppástungu sína, hefði að vísu mátt láta þann mann, er þá var stiptamtmaður, hafa á hendi yfirtollstjórnina, er hann hafði sérstaklega þekking á toll-málefnum, en almennt verður ekki við því húizt, að greindur embættismaður hafi þá þekkingu á þeim einum, sem þörf er á. Þegar hér við bætist, að í áætluninni er heldur ekki fært til neitt fê fyrir endurskoðun reikninga og fyrir að semja hagfræðisskýrslur um tollinn, og að það er vafasamt, hvort hin nýja tollafgreiðsla á skipum til Íslands yrði borgunarlaust lögð á herðar hinum dönsku tollembættismönnum, þá verður varla ætlað að tollstjórn, með því fyrirkomulagi, sem generaltollkammerið hafði stungið upp á, muni fást fyrir minna en 25,000 rd., og skal þess getið, að ekki virðist það tiltækilegt, að láta sýslumennina, til að spara laun handa sérstaklegum tollumsjónarmönnum, hafa tollheimtuna á hendi fyrir hæfilega borgun handa þeim sjálfum og laun handa aðstoðarmanni, með því þessi störf að líkindum opt mundu koma í bága við önnur embættisverk þeirra.

Þó nú tollálögurnar yrðu svo vægar, sem hér að framan er ráð fyrir gjört, þá er enginn efi á því, að þær mundu vekja óánægju hjá mörgum af landsmönnum, er þeir hingað til hafa verið lausir við allan toll, og eins mundi það verða óumflýjanlegt, að tollafgreiðslan á Íslandi yrði til ekki svo lítillar óhægðar, einkum fyrir hina innlendu (dönsku) verzlun; þar á móti verða útlend

skip, sem koma til Íslands, nú þegar eptir gildandi lögum (lög 15. aprílm. 1854, 2. og 3. gr.) að koma við á einhverjum af þeim 6 stöðum, sem yrðu tollafgreiðslustaðir, áður en þau mega koma á aðra löggilta verzlunarstaði, og fyrir þau yrði því tollafgreiðslan á Íslandi ekki til neinnar sèrstaklegrar óhægðar.

Ef lítið er á bæði þá óhægð, sem tollumsjón á Íslandi mundi hafa í för með sèr fyrir verzlunina, og á það, að meira en helm-ingurinn af tekjunum mundi ganga í kostnaðinn við þessa tilhögun, ef hún ætti að vera í nokkurn veginn góðu lagi, og eins á hitt, að þó tollumsjóninni væri hagað til á þann hátt, sem general-tollkammerið stakk upp á, þá yrði ekki hjá því komizt sökum þess, hvernig landslagi er háttað á Íslandi, að tollsvik yrðu í frammi höfð, en af því leiddi bæði siðaspilling, og að tekjurnar rýrnuðu, og ef lokins er að gætt, að alit manna á Íslandi hingað til hefir verið eindregið á móti tollalögum og að eptirtekjurnar yrðu heldur litlar, eins og áður er sýnt fram á, — þá virðist vera ástæða til að íhuga, hvort ekki gæti á annan hátt fengizt hér um bil eins miklar tekjur af hinni íslenzku verzlun.

Gjald það, sem nú er lagt á verzlunina, en það eru 2 rd. af hverju lestarrúmi, er mjög lítið, og með því fást nú að eins hér um bil 11,000 rd. á ári. Þó nú þetta gjald væri tvöfaldað, væri það eigi að síður í flestum tilfellum mjög hóflegt, einkum þegar að er gætt, að gjald þetta kemur í staðinn fyrir öll skipa-gjöld. Það mælir enn fremur fram með þessari aðferð, að hún er hin einfaldasta og útheimtir ekki neina eiginlega tollumsjón. En aptur á móti er sá galli á því gjaldi, sem einungis er reiknað eptir lestatali skipanna, að það kemur afar ójafnt niður, með því það er greitt af öllum skipum, án þess neitt sè tekið til greina, hvers kyns farmur er á þeim, — en farmurinn getur verið mjög margvíslegur og mikill munur á því, hvers virði hann er — og jafnvel á skipum, er koma með seglfestu til að taka farm. Þó að nú 4 rd. gjald af hverju lestarrúmi að vísu væri hóflegt í flestum tilfellum, verður því ekki neitað, að slíkt gjald væri ósann-gjarnt þegar svo væri ástatt, sem nú var um rætt, og hið sama má segja, þó ekki eins fyllilega um þá farma, sem eru lítills virði, en það á sèr einkum stað um timburfarma og að nokkru leyti um kolafarma og saltfarma. Það virðist því vera ástæða til að láta gjald það, sem nú er greitt og sem eiginlega kemur í staðinn fyrir skipagjöldin vera óbreytt með tilliti til þessara skipa og

skipsfarma, en hækka þar á móti gjaldið af öllum öðrum skipsförmum. Generaltollkammerið gjörði og í álitsskjali sínu, því sem fyrr er getið, einmitt áþekkan greinarmun á skipunum eptir farmi þeirra, þar sem það stakk upp á, að af timburförmum og kola-förmum skyldu að eins greiddir 2 rd. fyrir hvert lestarrúm, en af öllum öðrum förmum 5 rd. Gjald það, er á þenna hátt fengist, yrði að vísu nokkru minna, en ef lestagjald það, sem nú er fyrir skipað, væri tvöfaldað af öllum skipum, en það mundi þó nema 8 til 9000 rd. Að vísu er nú uppástunga generaltollkammersins um lestagjaldið byggð á þeirri undirstöðu, að fyrirskipuð yrði tollstjórn á Íslandi, en eigi verður betur séð, en að þeir kraptar, sem fyrir hendi eru, muni nægja til að hafa eptirlit það, sem hér er þörf á, einkum þegar menn hafa fyrir sér vöruskrár þær, er skip frá útlöndum eiga að hafa meðferðis, og tollseðlana fyrir þau skip, er koma frá einhverri danskri höfn.

Samkvæmt þessu hefir frumvarp það, sem hér er á undan, verið samið í dómsmálastjórninni, og virðist eigi þörf á að bæta við neinum ítarlegri athugasemdum um hinar einstöku ákvarðanir þess, þar eð þær virðast eiga við nægar ástæður að styðjast í því, sem sagt hefir verið hér að framan.

V. Frumvarp

til

opins bréfs fyrir Ísland, er skipar fyrir um ýmislegt, er snertir póstgöngur.

1. grein.

Með skipstjórunum á þeim skipum, er eigi flytja konunglegar póstsendingar og eigi eru höfð til stöðugra millumflutninga, má senda bréf hafna á milli á Íslandi; en jafnskjótt og skipið kemur þangað, er það átti að fara, ber að skila bréfunum á pósthúsinu, sem þar er. Nú neyðist skipstjóri til að hleypa inn á aðra íslenska höfn, en hann ætlaði til, þá skal hann skýra frá því á pósthúsinu þar, eður ef ekkert pósthús er þar, gjöra það uppskált fyrir hinum fyrsta embættismanni, er hann á við að skipta, að hann hafi póstbréf á skipi sínu, svo að ákveðið verði eptir því sem ástatt er, hvort koma skuli bréfunum lengra áleiðis á annan hátt. Undir sendingar þær, sem hér er um rætt, skal borgaður almennur bréfburðareyrir, og fái skipstjóri helming hans, ef fest hafa verið á þær frimerki, eður hann gjörir það.

2. grein.

Þegar póststjórnin æskir þess, er sérhver skipstjóri skyldur að flytja hinar konunglegu póstsendingar frá þeim stað, er skipið fer frá, og til þeirrar hafnar, er það á að fara til, eptir því sem ritað er á leiðarbréf þess. Ef slík ósk hefir verið fram borin annaðhvort í einhverju einstöku tilfelli eður með almennri auglýsingu um skip yfirhöfuð, sem eiga að fara til þeirra eður þeirra staða, þá skal skipstjóri á póstskrifstofunni skýra frá degi og stund, þá er hann ætlar að fara á stað, og ber honum að gjöra það í tækan tíma og í seinasta lagi tveim dögum áður hann fer, nema hann á póstskrifstofunni færi sönnur á, að sérstaklegar kringumstæður valdi

því, að skipið verði fyrri að fara; svo skal og hlutaðeigandi lög-reglustjóri, eður sá maður, sem eptir ákvörðun í opnu bréfi 28. dag desembern. 1836 9. gr. hefir umboð til hans vegna að rita á skipaskjöl, þegar pósthjórinn mælist til þess, hlutast til um, að skipstjórar skýri frá ferðum sínum, svo sem nú var sagt, og að skipið eigi leggi á stað fyrri en frá hefir verið skýrt, nema því að eins, að búðið sè að flytja á skip póstsendingarnar ásamt með tveim samhljóða listum yfir það, sem sent er, og skal pósthjórinn skilað aptur öðrum listanum og rituð á hann kvittun skipstjóra, en hinum heldur skipstjóri.

Það er skylda skipstjóra að geyma á leiðinni póstsendingar þær, sem honum hafa verið í hendur fengnar, á hinum tryggasta og óhultasta stað í skipinu, og láta sèr ávallt þegar eitthvað kemur fyrir vera einkar annat um þær.

Nú neyðist skipstjóri til að hleypha inn á aðra höfn en þá, er hann átti að fara til, eptir því sem ritað er á leiðarbréf skipsins, þá skal hann skýra frá því á pósthúsinu þar, eður ef ekkert pósthús er þar, gjöra uppskátt fyrir tollstjórninni eður þeim embættismanni, er hann á við að skipta, að hann hafi póstsendingar á skipi sínu, til þess ákveðið verði, eptir því sem ástatt er, hvort koma skuli sendingunum lengra áleiðis á annan hátt. Ef þetta er erlendis, skal hann skýra frá því hinum næsta danska kaupræðismanni, og gjörir hann þá þær ráðstafanir, sem þörf er á, eptir því hvernig ástatt er, til að koma sendingum áleiðis með hinu hagfelldasta móti. Þegar skipstjóri er kominn þangað, er hann átti að fara, skal hann jafnskjótt og hann hefir varpað atkerum tafarlaust skila póstsendingunum á pósthúsinu.

Þegar skipstjóri leggur fram skýrteini frá póstskrifstofunni á þeim stað, er hann kemur til, um að póstsendingarnar sèu til skila komnar, þá á hann tilkall til að fá á póstskrifstofunni á þeim stað, er hann fór frá, borgaða 4 skildinga ríkismyntar fyrir lóð hvert, er þau bréf vega öll til samans umbúðalaus, sem borga átti undir burðareyri, og 4 skildinga fyrir hvert pund, er blöð og önnur prentuð rit vega til samans, þó skal hann fá fyrir allar sendingarnar að minnsta kosti hálfan ríkisdal ríkismyntar.

3. grein.

Seglskip og gufuskip, sem ætla að vera á ferðum til flutninga frá einhverri höfn, er heyrir undir hina íslensku pósthjór,

skulu skyld í tækan tíma, áður en ferðirnar byrja og í seinasta lagi um leið og þær eru í fyrsta skipti auglýstar almenningi, að skýra póststjórninni í Reykjavík frá, hvaða leið skipið fari, og hvar það komi við á leiðinni, svo og hve nær það fari og komi, og frá sérhverri þeirri breyting, er gjörð kynni verða á þessu, eptir að ferðirnar eru byrjaðar; síðan eiga þau undanfærslulaust að flytja hinar konunglegu póstsendingar, er sendar kynnu verða með þeim, til þeirra staða, er þau koma við á, og ber að geyma sendingar þessar og halda þeim til skila samkvæmt ákvörðunum þeim, sem hér eru á undan.

Póststjórnin hefir einnig rétt til að láta festa á hentugum stað í skipinu, sem hægt er að komast að, læsta bréfakassa, til að láta bréf í, og ber að afhenda þá kassa ásamt með póstsendingunum, þar sem skipið kemur við.

Fyrir flutning og afhending hinna konunglegu póstsendinga ber að greiða útgjörðarmanni eður skipstjóra hina sömu borgun, og að ofan er ákveðin í 2. grein.

4. grein.

Póststjórninni er áskilinn einkaréttur til að senda lökkuð bréf og alls konar skrifuð skjöl svo og prentuð skjöl, þar sem fyllt er út í eyður með skrifuðu lettri, hvort sem þau vega mikið eður lítið, frá hinu íslenska póstumdæmi til konungsríkisins Danmerkur og útlanda.

Þessi skjöl má ekki senda á annan hátt en með pósti, nema því að eins að ekkert pósthús (póstafgreiðsluhús eður bréfasöfnunarhús) sé á þeim stað, er skipið fer frá.

5. grein.

Bréfum frá konungsríkinu Danmörk og útlöndum, ber tafarlaust að skila, til þess farið verði með þau sem pósthref á pósthúsinu á þeim stað, er þau fyrst koma til; þar sem ekkert pósthús er, ber að afhenda þau bréf, er eiga að fara til annara staða, en þess, er það kemur að, embættismanni þeim, er ritar á leiðarbréf skipsins, en hann á með fyrstu ferð, er fellur, að koma þeim á næsta pósthús. Þó skal eigi ákvörðun þessi heimfærð upp á þau skip, er flytja póstsendingar millum þeirra staða, er ekki heyrar undir hina íslensku póststjórn, þegar þau á leiðinni að eins koma

við á íslenskri höfn, án þess að leggja þar á land póstsendingar eður flytja þær yfir í önnur skip.

6. grein.

Fyrir brot gegn banni því, sem er í 4. og 5. grein móti því að flytja og afhenda bréf á annan hátt en þar er fyrir mælt, skal sá, er hlut á að máli, dæmdur í 2 rd. sekt fyrir hvert bréf, en sú sekt rennur í styrktarsjóð, er stofnaður mun verða undir umsjón hinnar íslensku póststjórnar, og ber honum þar að auki að greiða burðareyri þann, sem gjalda hefði átt, ef bréfin hefðu verið send með pósti.

7. grein.

Ef það ber til, að annaðhvort póstarnir sjálfir slasast á póstferðum sínum eður hestar þeirra, eður þeir að öðru leyti verða hjálpar þurfandi til þess að geta haldið áfram ferðinni, þá skulu allir, er í grennd búa, þegar þess er farið á leit, láta þeim tafarlaust í té fyrir sanngjarna borgun aðstoð þá, er þeir þurfa, hvort heldur það er með hesta eður annað. Sérhver sá, er annaðhvort að öllu leyti synjar um slíkt, eður verður tafar ollandi með ógreiðvikni sinni, skal með dómi sektaður um 2 til 10 rd., og rennur það fê í styrktarsjóð þann, sem getið er í næstu grein hér á undan. Borgunin fyrir aðstoð þá, sem veitt er, er komin undir samningi millum póstsins og þeirra, er aðstoðina láta í té; en ef þeir eigi geta komið sér saman, þá ákveður hlutaðeigandi lögreglustjóri borgunina.

8. grein.

Öll mál út af brotum þeim, sem um er rætt í 6. og 7. grein, skal með fara sem almenn lögreglumál.

ÁSTÆÐUR fyrir frumvarpi þessu.

Í ástæðunum fyrir frumvarpi því, er í þetta skipti er lagt fyrir alþingi, til laga um laun handa hinum íslensku póstembættismönnum er þess getið, að eptir að alþingi hafi verið búið að segja

þegnlegt álit sitt um frumvarp til tilskipunar fyrir Ísland um sendingar með póstum, er lagt var fyrir þingið árið 1861, hafi póstumsjónarmanninum á hinum dönsku eyjun og forstjóra afgreiðsluskrifstofunnar í hinni íslensku stjórnardeild verið boðið að ganga í nefnd til að íhuga og gjöra uppástungur um, hvernig hagfelldast mundi að bæta samkvæmt þörfum þessara tíma bæði pósthæðir millum Íslands og Danmerkur og innlendar pósthæðir á Íslandi, en í áðurgreindu frumvarpi hafði verið gjörð byrjunin til þessa. Nefndin bjó síðan til álitsskjal um þetta efni, og eftir að skrifast hafði verið á um það við aðalpóststjóranu, var það álit bæði dómsmálastjórnarinnar og fjárstjórnarinnar að byggja mætti fyrirkomulag þessa málefnis í öllu verulegu á álitsskjali þessu, en því fylgdi meðal annars frumvarp það, sem hér er á undan, til opins bréfs fyrir Ísland, er skipar fyrir um ýmislegt. er snertir pósthæðingur; stakk nefndin upp á, að það frumvarp yrði lagt fyrir hið næsta alþingi, er haldið yrði.

Það virtist réttast að senda nefndinni einnig, til að segja álit sitt um, áðurgreint frumvarp til tilskipunar fyrir Ísland um sendingar með póstum. Nefndin fann ekki ástæðu til að stinga upp á neinni breytingu í frumvarpi þessu, en getur þess að eins í álitsskjali sínu, að þar sem alþingi hafi ráðið til þeirrar breytingar á 1. grein frumvarpsins, að á eftir orðunum »brennisteinsspítur« skyldi bætt við: »etandi hálfmálmar og sýrublendingar þeir, er áttumegn hafa«, þá sè vitaskuld, að ekkert geti verið á móti þeirri uppástungu; einnig bendir nefndin á það, að talan 4 í þessari setning (í niðurlagi 6. greinar): »en fyrir það, sem vegur meira en 16 lóð skal greiða burðareyri eins og fyrir einfalt bréf fyrir hver 4 lóð, sem um fram eru« hafi að líkindum fyrir ritvillu komið inn í frumvarpið, því meiningin hljóti hafa verið: »burðareyri eins og fyrir einfalt bréf fyrir hver 16 lóð, sem um fram eru og s. frv.« Heldur ekki þótti nefndinni vert að steypa saman í eitt lagaboð báðum frumvörpunum, frumvarpinu til tilskipunarinnar og frumvarpinu til opna bréfsins, þó það annars lægi nærri. Dómsmálastjórnin hefir nú að vísu eigi heldur fyrir sitt leyti verið föst á því, að steypa ætti saman báðum frumvörpunum, þar eð ákvarðanir fyrri frumvarpsins eru heild út af fyrir sig og það frumvarp er svo undir búð, að það mætti leggja það fyrir konung til allrahæstrar staðfestingar; en ef alþingi þætti það nokkurs um vert, að þetta yrði gjört einkum fyrir þá sök, að það óneitanlega

er hagselldara að hafa allar ákvarðanir um pósthöngurnar í einu lagabóði, þá virðist stjórnnarráðinu ekki vera neitt verulegt því til fyrirstöðu.

Viðvikjandi efni frumvarps þess, sem hér er á undan, hefir nefndin getið þess, að þegar undan skildar séu þær ákvarðanir, sem umboðsstjórnin geti sett, þá virtist það nauðsynlegt, þegar eigi að koma á reglulegum pósthferðum bæði á Íslandi sjálfu og millum Íslands og Danmerkur, að leitast við að löggilda á Íslandi með þeim breytingum, sem þörf er á, ýmsar ákvarðanir hinna dönsku pósthaga, sem miða sumpart til að bæta við hinar almennu pósthöngur sumpart til að veita pósthstjórninni takmarkaðan einkarétt með tilliti til ýmsra sendinga, og sumpart einnig til að styðja að viðstöðulausu áframhaldi og fljótri fyrirgreiðslu pósthanna. Þessar ákvarðanir snerta:

1. Notkun skipa, sem einstakir menn eiga, til að senda með þeim bréf og blöð fyrir hæfilega metið endurgjald eptir fyrirhöfn skipsins og upphæð burðareyrisins.
2. Bann gegn því að senda eður flytja bréf á skipum hafna á milli, þar sem pósthús eru, á annan hátt en fyrir tilhlutun pósthstjórnarinnar, og
3. Skyldu landsbúa til að hjálpa pósthinum, þegar eitthvert óhapp ber að höndum.

Um hið fyrsta af þessum atriðum ber þess að geta, að eptir lögum 11. dag marzm. 1851, 13—15. gr. hefir hin danska pósthstjórn rétt til að heimta, að öll innlend skip, sem fara frá einhverri höfn í Danmörku, taki við pósthsendingum til flutnings, en á Íslandi verður slíkt eptir gildandi lögum ekki heimtað nema um bréf, er snerta konungleg erindi, sjá tilsk. 13. júním. 1787 21. gr. Það virðist nú eigi þurfa langrar útlistunar við, að fyrst það er álitid nauðsynlegt í Danmörku, þar sem pósthöngur eru svo tíðar, að hafa lagabóð, er heimilar pósthstjórninni að nota fyrir borgun sérhverja sjóferð, sem fellur, til að senda pósthbréf með, þá hlýtur það að vera tvöföld nauðsyn á Íslandi, að hafa slíkan rétt, þar sem pósthöngur þar eru svo afar sjaldgæfar, í samanburði við það sem er í Danmörk. Þó nú skipstjórar hingað til að öllum jafnaði hafi verið fúsir á að taka við bréfum, þegar þeir hafa farið frá Íslandi, þá hefir slíkt eigi að síður eingöngu verið komið undir frjálsum vilja þeirra, eins og það líka hefir verið komið undir geðþekkni þeirra og farið eptir reglusemi þeirra og skilvísi, hvort þeir hafa

komið bréfunum þangað, sem þau áttu að fara og til rættra hlutaðeigenda; auk þessa er aðgættandi, að bæði sá, sem bréfið sendir, og sá, sem það er til, verður svo skuldbundinn þeim, er það flytur, fyrir það að hann fyrir góðvildar sakir hefir sæð um bréfið, að optlega er óbeinlínis galdið miklu meira fyrir slík bréf, en það sem hinum eiginlega bréfburðareyri hefði numið. Skipstjórunum sjálfum er það þar að auki venjulega töluverð tóf og fyrirhöfn að verða að taka við og halda til skila einu og einu bréfi, þar sem opt eru mörg bréf með þeim send, en slíku ómaki geta þeir venjulega ekki hliðrað sér hjá, þegar þeim ekki er beinlínis bannað það. Þeim er því einnig lagur að því að geta vísað sérhverjum, er vill senda bréf með þeim, til pósthjónnarinnar; þeir þurfa þá að eins einu sinni að taka við pósthrefun og skila þeim, þar sem þeim áður opt og mörgum sinnum hefir verið ómak gjört með þetta, og loks fá þeir fyrir ómak sitt borgun í peningum, er þeir eigi hafa áður fengið.

Hið annað atriði af þeim, sem að ofan eru talin, snertir það, hversu yfirgripsmikill réttur pósthjónnarinnar eigi að vera til að koma sendingum frá Íslandi til Danmerkur og útlanda. Þar sem nú telja má gildar ástæður fyrir því, að veita ekki pósthjónninni neitt einkaleyfi til að flytja sendingar á Íslandi sjálfu, verður á hinn bóginn eigi betur sæð, en að það sé öldungis efalaust, að pósthjónnin eigi að fá einkarétt til að koma sendingum frá Íslandi til Danmerkur og rétt til að heimta að sér sæu framseld þau bréf, er koma til Íslands með skipum frá Danmörku og útlöndum, eins og einnig má álíta að hin danska pósthjónn nú þegar eptir gildandi lögum (lög 11. marzm. 1851) hafi einkarétt til að koma pósthendingum frá Danmörku til Íslands og rétt til að heimta, að sér sæu framseld bréf þau, er koma með skipum frá Íslandi til Danmerkur. Í frumvarp það, sem er hér að framan, hafa því verið teknar ákvarðanir þær, er að þessu lita, og hafa þær þegar þær voru til þúnar, verið byggðar á ákvörðunum þeim, er um þetta efni hafa settar verið í Danmörku í tilsk. 16. ágúst. 1775, reglugj. 1. nóvember. 1781, opnu br. 21. aprílm. 1829 og lögum 11. marzm. 1851. Boð það, sem þannig er í frumvarpinu um, að ekki megi senda bréf til Danmerkur og útlanda nema á þann hátt, að pósthjónnin ráðstafi þeim, virðist ekki geta orðið til neinnar óhægðar, sem teljandi sæ, fyrir íbúa Íslands, og það því síður, sem stungið er upp á, að pósthjónnin eigi rétt á að nota sérhverja ferð, sem fellur með einhverju skipi, og í 4. grein frumvarpsins

er heimild fyrir mjög yfirgripsmikilli undantekningu frá reglunni, og hvað skipstjórana snertir, þá er bannið móti því að flytja bréf nema þau komi frá pósthjórnninu, þeim til lèttis, er þeir við það losast við fyrirhöfn, sem opt er mjög óþægileg.

Hin þriðja af ofangreindum ákvörðunum, sem einnig er byggð á ákvörðunum þeim, sem um þetta efni gilda í Danmörku, og eru í pósth-tilskipun 25. desemberm. 1694 9. gr., tilsk. 27. janúarm. 1804 36. gr., og opnu brèfi 14. júlím. 1812, er í sjálfri sér svo eðlileg, að varla þarf að fara mörgum orðum um ástæður fyrir henni, og þó ætlandi sè, að póstar á Íslandi ekki mundu eiga torvelt með að fá hjálp þeirra manna, er í greund þjyggju, þegar á þyrfti að halda, til að geta haldið áfram leiðar sinnar með pósth-sendingarnar, jafnvel þó engin lagaskylda hvíldi á mönnum í því efni, þá virðist eigi að síður opt geta verið hagkvæmt að hafa laga-ákvörðun við að styðjast, aðra eins og þá, sem hér er sett.

Um hinar einstöku greinir frumvarpsins skulu gjörðar þessar athugasemdir:

Um 1. grein.

Grein þessi samsvarar að mestu leyti 13. grein í lögum 11. marzm. 1851, en sú litla breyting, sem á henni hefir gjörð verið, er byggð að nokkru leyti á því, að engin tollstjórn er á Íslandi, og að nokkru leyti á því, að ekki er til ætlazt, að pósthstjórnin fái neinn einkarétt til að senda bréf i n n a n Íslands takmarka, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í fyrrgreindu frumvarpi til tilskipunar fyrir Ísland um sendingar með póstum.

Um 2. grein.

Á sama hátt samsvarar þessi grein 14. gr. 1. tölul. í fyrrnefndum lögum. Eptir þeirri laga-ákvörðun hvílir skylda sú, sem hér er um rætt, einungis á »innanríkis skipum», en þegar á að gjöra hana gildandi á Íslandi þá virtist réttast af ástæðum, sem nærri liggja, að láta hana hvíla á sérhverjum skipstjóra; svo hefir og fresturinn, sem skipstjórnin hefir til að skýra frá, að hann ætli að fara á stað, eptir því sem ástatt er á Íslandi, verið lengdur frá einum sólarhring til tveggja. Eptir pósth-tilskipuninni fyrir vesturindversku nýlendurnar frá 10. júlím. 1855 er þar að auki tekin í frumvarpið ákvörðun, er leysir skipstjórnann frá allri ábyrgð, ef sérstök atvik gjöra það að verkum, að skipið verður

að fara fyrri á stað, og einnig ákvörðun um, hvernig hann á að fara með póstsendingarnar, þegar hann á leiðinni verður að hleypa inn í aðra útlenda höfn en þá, er hann átti að fara til, og loksins ákvörðun um skil á póstbréfunum þegar ferðinni er lokið. Samkvæmt reglum þeim, er almennt gilda um það efni, virtist eiga að láta greiða skipstjóranum borgunina fyrir bréf þau, er hann flytur til útlanda og til Danmerkur, á póstskrifstofunni á þeim stað, er hann fór frá, en af tilliti til þess burðareyris, sem fyrirhugað er að heimta fyrir flutning sendinga þessara út yfir hafið. Þá er borgun þessi látin vera 4 skíldingar fyrir lóðið. Til þess skipstjóri láti sér annara um að halda póstsendingunum reglulega til skila, hefir þótt réttast að láta $\frac{1}{2}$ rd. vera minnstu borgun, sem hann fær fyrir að flytja póstsendingar, er þar á móti hefir virzt óþarfi að setja neitt takmark fyrir því, hve há borgunin mætti mest verða, með því gjöra má ráð fyrir, að bréfasendingar frá Íslandi muni framvegis verða fremur litlar. Í póstlögum fyrir Danmörku er að vísu engin borgun ákveðin fyrir flutning á blöðum og eru þau því, eptir því sem viðgengst, flutt ókeypis; en réttast hefir þótt að taka upp í þessa grein frumvarpsins ákvörðun, lagaða eptir þeim grundvallarreglum, sem í þessu tilliti eru við hafðar í enskum póstlögum, en eptir því er fyrir sjávarflutning á blöðum og öðru, sem prentað er, greidd sama borgunin fyrir pundið, eins og fyrir lóðið af bréfum. Að endingu skal þess getið, að það, að engir tollembættismenn eru á Íslandi, hefir haft áhrif á, hvernig grein þessi var samín.

Um 3. grein.

Um þessa grein skal þess getið, að þó ekki eigi sér enn stað neinar reglulegar skipaferðir til flutninga til Íslands og þaðan aptur eður hafna á milli í landinu að tilhlutun einstakra manna, er ekki ólíklegt, að slíkar ferðir kunni að komast á áður en langt liður um, og þótti því réttast að taka grein þá, sem hér er um rætt, upp í frumvarpið. Ákvarðanir greinarinnar eru beinlínis teknar eptir hinum dönsku póstlögum, með þeirri einu breyting, að senda á póstmeistara þeim, sem til er ætlazt að skipaður verði í Reykjavík, skýrslu um ferða-áætlun skipsins, í stað þess að sú skýrsla er í Danmörku send aðal-póststjóranum, og skal þess einnig getið, að ákvörðun sú, sem er í fyrrgreindum lögum í 15. gr. 1. tölul.

2. málsgrein þótti óþörf hér, vegna þess, hve sérstaklega er ástatt á Íslandi.

Um 4. grein.

Ákvörðun í þessari grein um einkaréttinn er orðrètt samhljóða 12. grein í lögum 11. marzm. 1851, einungis er sleppt hér því, sem þar er ákveðið um einkarétt til að senda peninga og seðla í lökkudu umslagi, því sú ákvörðun þótti ekki nauðsynleg, þar sem eins er ástatt og hér er. Undantekning frá reglunni um einkaréttinn virtist eiga að gjöra viðvíkjandi bréfum, sem send eru með skipum frá þeim stöðum, þar sem ekki er neitt pósthús (póstafgreiðsluhús eður bréfasöfnunarhús); því vegna þess hvernig til hagar getur opt verið torvelt fyrir þá, sem þar búa, að koma bréfum sínum til næsta pósthúss og væri því ósanngjarnt að meina þeim að senda bréf sín með skipaferðum, er fyrir fella.

Um 5. grein.

Þessi grein er í því einu frábrugðin hinni samsvarandi ákvörðun í hinum dönsku póstlögum, að þegar hún var saminn var haft tillit til þess, að skip geti komið á höfn á Íslandi, þar sem ekki að eins ekki sé neinn tollembættismaður, heldur einnig vanti pósthús.

Um 6. grein.

Í þessari grein er hegningin fyrir að skerða einkaleyfi póststjórnarinnar ákveðin til hinna sömu sekta, sem fyrir sama afbrot eru ákveðnar í hinum dönsku póstlögum, og þótti því síður hæfa að láta sektina vera lægri, sem hærri bætur eru lagðar við þessum afbrotum eptir flestum útlendum póstlögum, t. a. m. á Bretlandi hinu mikla 1 £ fyrir bréf hvert, í bandafylkjunum í norðurluta Vesturheims nokkrir »dollars« o. s. frv. Sektirnar þótti réttast að láta renna í styrktarsjóð, sem ætlazt er til, að stofnaður verði handa íslenskum póstpjónum; en úr þeim sjóði ætti að veita peningastyrk þurfandi uppgjafa-póstþjónum, er staðið hafa vel í stöðu sinni, einkum þeim, er hlotið hafa heilsubrest af því að gegna köllun sinni.

Um 7. og 8. grein

virðist ekki þurfa að til færa neinar sérstaklegar ástæður, og skal þess að eins getið, að eðlilegast þykir, að sektirnar fyrir brot það, sem um er rætt í 7. grein, renni einnig í fyrrgreindan styrktarsjóð, og að hvorttveggja þeirra afbrota, sem um er rætt í 6. og 7. grein sèu kærð fyrir almennum lögreglurétti.

VI. Frumvarp

til

laga um laun handa íslenskum póstembættismönnum.

1. grein.

Úr sjóði konungsríkisins skulu greidd laun handa skrifstofu-
fulltrúa í aðalpóststjórninni, er konungur skipar til að hafa á hendi
þau störf, er snerta hin íslensku póstmálefni, og fær hann í laun
800 rd. á ári og 100 rd. viðbót fimmta hvert ár, þangað til laun
hans eru orðin 1000 rd.

2. grein.

Í Reykjavík skal sett póstskrifstofa og skipaður póstmeistari,
sem konungur út nefnir, með 800 rd. launum á ári, er vaxa um
100 rd. fimmta hvert ár þangað til þau eru orðin 1000 rd. Þar
að auki fær hann 100 rd. á ári til skrifstofukostnaðar.

3. grein.

Í fjárhagslögunum skal á ári hverju til fært fè það, er þarf
til kostnaðarins við póstafgreiðslustörf á Íslandi og til að fá bréf-
um safnað, hvort sem slík störf eru sameinuð einhverri annari
sýslan, eður einstakir menn hafa þau á hendi.

4. grein.

Launaskipun þessi fær gildi 1. dag apríln. 18 . . .

ÁSTÆÐUR fyrir frumvarpi þessu.

Hið ófullkomna fyrirkomulag, sem er á póstgöngum á Íslandi,
hefir sem von er lengi ollað óánægju; hefir því alþingi optar en

einu sinni farið fram á, að þessu áriðandi málefni verði komið í það horf, er samsvari þörfum þessara tíma, og einnig hefir stjórnin íhugað, hvernig komið verði á með hagfelldustu móti breytingum þeim, sem þörf er á í þessu efni. Því fer svo fjærri, að þörfin á umbótum þeim, sem hér er um rætt, hafi minnkað við gufupóstskipsferðir þær, sem komust á milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur árið 1858 með tillagi úr ríkissjóðnum, að þörf þessi síðan hefir orðið enn ljósari en nokkurn tíma áður, með því gufuskipsferðir þessar að eins að nokkru leyti geta orðið að því gagni, sem til er ætlað, þegar ekki er séð fyrir því, að póstsendingar þær, er koma með gufuskipinu til Íslands og eiga að fara út um landið eður til annarar hafnar en þeirrar, er gufuskipið kemur á, og eins þær sendingar, er eiga að fara með gufuskipinu frá öðrum stöðum á Íslandi, geti komið frá Reykjavík og til Reykjavíkur eptir því sem gufuskipið kemur og fer.

Þegar fyrst var farið að hreifa því, að koma á reglulegum póstgöngum á Íslandi, þá var eðlilegt, að menn hugsuðu um, hvort ekki væri réttast að leggja undir aðalpóststjórnina umsjónina bæði yfir póstferðunum millum Íslands og Danmerkur og yfir póstgöngum á Íslandi sjálfu. En meðan málinu ekki var lengra komið en þá var, var ýmislegt því til fyrirstöðu, að þetta gæti orðið, og þótti því dómsmálastjórninni réttast að undirbúa hið íslenska póstmálefni sem sérstaklegt íslenskt málefni, og skipaði því nefnd manna í Reykjavík árið 1859 og voru í henni allir amtmennirnir á Íslandi, landfógetinn og einn alþingismaður, er alþingi það, er haldið var það ár, kaus til þess; átti nefndin að gjöra uppástungur um fyrirkomulag á póstgöngunum á Íslandi og á póstferðunum millum Íslands og Danmerkur. Eptir að nefndin hafði sent stjórninni álitsskjöl sín, og dómsmálastjórnin og fjárstjórnin höfðu skrifazt á um málið sín á milli, var samið frumvarp til tilskipunar fyrir Ísland um sendingar með póstum, og var það í aðalatriðunum, byggt á álit nefndarinnar, en þó svo mikið sem varð haft tillit til ákvarðananna í hinum dönsku póstlögum 11. marzm. 1851. Frumvarp þetta snerti einungis póstgöngur á Íslandi sjálfu, og virtist ekki eiga að taka upp í það neinar af þeim uppástungum nefndarinnar, er voru umboðslegs efnis, t. a. m. um það, hvernig póstsendingar skuli fluttar, um póstleiðirnar og tölu þeirra, um póstaðgreiðslu, um stjórn póstmálefna, og um skyldur hinna einstöku pósthjóna m. m.; því um allt, er að þessu lýtur, getur umboðsstjórnin fyrirskipað í reglugjörð og í erindisbréfum pósthjón-

anna. Frumvarpið var borið undir álit alþingis árið 1861, og eptir að þingið hafði farið með það á lögskipaðan hátt, ræði það til, að það með einni lítilfjörlegri breytingu fengi konunglega staðfesting. En, eins og áður er á vikið, hafði frumvarp þetta engar ákvarðanir um pósthæðirnar millum Danmerkur og Íslands. Nefnd sú, sem skipuð var í Reykjavík hafði að vísu einnig látið fylgja álitsskjal sínu uppástungur um fyrirkomulagið á þessari hlið póstmálsins; en auk þess, að ýms atriði í uppástungum þessum þóttu varúðarverð, einkum að því leyti, að þar er ráð fyrir gjört, að ekkert verði borgað undir pósthæðingum, er fara millum Íslands og Danmerkur, eins og verið hefir, þá hafði nú fjárstjórnin látið í ljósi, að hún vildi að minnsta kosti láta það koma til yfirvegunar, hvort ekki mundi réttast, að hin almenna danska pósthæðing tæki að sèr umsjónina yfir pósthæðingunum millum Danmerkur og Íslands, og stungið upp á, að áður en nokkuð yrði fastráðið um málefni þetta, skyldi það falið tveim embættismönnum, er aðalpósthæðingurinn tilnefndi annan en dómsmásthæðingurinn hinn, að yfirvega allt, sem hingað til væri fram komið í málinu, og ræða um, hvernig skipað yrði pósthæðingum millum Íslands og Danmerkur á hagfelldastan hátt og samkvæmast þörfum þessara tíma, og einnig að íhuga, hvernig réttast mundi að koma fram þeirri umbót á pósthæðingunum á Íslandi sjálfu, sem byrjun var til gjörð í fyrirnefndu frumvarpi; síðan skyldu þeir semja uppástungur sínar um þetta efni. Eptir að dómsmásthæðingurinn hafði fallið á uppástungu þessa, var það falið á hendur pósthæðingarmanninum á hinum dönsku eyjum og forstöðumanni afgreiðsluskristofunnar í hinni íslensku stjórnaðeild að ganga í nefnd í þeim tilgangi, sem hér er um rætt. Nefnd þessi samdi álitsskjal um málið og ítarlegar uppástungur um allt fyrirkomulag þess, og virtist bæði dómsmásthæðingurinn og fjárstjórninni, eptir að skrifast hafði verið á við aðalpósthæðinguna, að álit nefndarinnar væri í öllum aðalatriðum þannig lagað, að byggja mætti á því umbætur þær, sem hér er um rætt, en það fer meðal annars fram á:

að umsjónin yfir pósthæðingunum millum Danmerkur og Íslands sè lögð undir aðalpósthæðingann, sem einnig fyrst um sinn ætti að taka að sèr yfirstjórnina yfir pósthæðingum á Íslandi sjálfu;

að skipaður sè í aðalpósthæðingunni skristofufulltrúi, er kunni íslensku, og þekki til, hvernig til hagar á Íslandi, til að afgreiða hin íslensku póstmálefni;

að skipaður verði pósthmeistari í Reykjavík, er konungur útnefni, og sè til þess kjörinn maður, er hafi æfingu í að fást við pósthmálefni; ætti hann, auk þess að hafa á hendi pósthafgreiðsluna, einnig að hafa eptirlit með pósthgöngunum á Íslandi og gjöra aðalreikning fyrir öllum pósthtekjum á landinu;

að störf pósthafgreiðslumanna og bréfasöfnunarmanna þeirra, er fyrirskipaðir kunni að verða, skuli annaðhvort sameinað öðrum sýslunum, eður á hendur falin einstökum mönnum fyrir borgun, er tekin sè af því fè, er í því skyni sè til fært í hvers árs fjárlögum ásamt með öðrum gjöldum til hinna íslenzku pósthmálefna.

Að undanskildum þeim ákvörðunum, sem eru í áðurgreindu frumvarpi til tilskipunar fyrir Ísland um sendingar með póstum og í frumvarpi því, er í þetta skipti er lagt fyrir alþingi, til opins bréfs fyrir Ísland, er fyrirskipar um ýmislegt, er snertir pósthgöngur, þá er að öðru leyti gjört ráð fyrir að koma megi á gjörvallri þeirri breyting, sem fyrirhuguð er, bæði á postferðum milli Danmerkur og Íslands og á pósthgöngum á Íslandi sjálfu, sumpart með fyrirskipunum umboðsstjórnarinnar í reglugjörðum og erindisbréfum, og sumpart með uppástungum í fjárlögum. En með tilliti til þess, að réttast þykir, að pósthmeistarinn í Reykjavík verði útnefndur af konungi, og að hær er því rétt um að stofna nýtt embætti, virðist nauðsynlegt, að lagt sè fyrir ríkisdaginu sérstaklegt lagafrumvarp um það efni, en ekki nóg að tilfæra fè það, er þarf til launa handa honum í frumvarpinu til fjárlaganna með skýringu þar um í athugasemdunum við frumvarpið. Nefndin samdi því frumvarp það, sem hær er að framan, til laga um laun handa pósthembættismönnum á Íslandi, og til að gjöra það fullkomnara þótti við eiga að setja einnig í þetta frumvarp ákvörðun, er gæti veitt hina nauðsynlegu lagaheimild til að skipa skrifstofufulltrúa þann, sem áður er getið um, að ætti að vera í aðalpósthstjórninni, og veita honum laun. Þar eð ákvarðanir lagafrumvarps þessa standa í nánasta sambandi við hin önnur lagaboð, sem eru í smíðum, og miða til að gjöra þá umbót á hinu íslenzka pósthmálefni, sem hær er um rétt, þá hefir stjórnin ekki viljað láta hjálíða að leggja það fyrst fyrir alþingi og láta þannig þingið fá tækifæri til að segja álit sitt um það.

Um einstakar greinir frumvarpsins skulu að öðru leyti gjörðar þessar athugasemdir:

Um 1. grein.

Það er svo ljóst, að eigi virðist þurfa rök að því að leiða, að nauðsynlegt sé, að einhver maður sé í yfirstjórn hinna íslensku póstmálefna, sem kunnugt sé um, hvernig tilhagar á Íslandi, og að varla verður við því búizt, að aðalpóststjórnin hafi slíkan kunnugleik, eður að hún muni geta öðlazzt hann nema í hana sé skipaður íslenskur maður eður að minnsta kosti maður, sem kunni íslensku og þekki vel landshagi á Íslandi. Jafnvel þó einungis ætti að leggja undir aðalpóststjórnina umsjón yfir póstferðum millum Íslands og Danmerkur, en ekki einnig yfirstjórn póstmálefna á Íslandi sjálfu, eins og þó nú er til ætlazt, að gjört verði að minnsta kosti fyrst um sinn, þá yrði að álitast mjög hentugt, ef ekki beinlínis nauðsynlegt, að skipa slíkan mann í aðalpóststjórnina. Þegar haft er tillit til þess, hvaða ástæður þannig einkum og sér í lagi gjöra það að verkum, að nauðsynlegt yrði að skipa slíkan embættismann í hina æðstu póststjórn, þá virðist eiga að láta greiða laun hans af hinu sérstaklega fè konungsríkisins, en ekki af hinu sameiginlega ríkisfè, þó launin handa embættismönnunum í aðalpóststjórninni annars seü greidd af því fè. Um upphæðina á launum hans skal þess getið, að þegar litið er á, að fyrirhugað er að skipa á Íslandi eina póstskrifstofu, 20 póstafgreiðslustaði, 40 bréfasöfnunarstaði og láta póstleiðirnar fyrst um sinn vera 12, þá má álíta víst, að ekki svo fá málefni snertandi hinar íslensku póstgöngur muni koma til aðgjörða yfirpóststjórnarinnar, einkum fyrst í stað, þangað til hin nýja tilhögun er búin að fá nokkra festu og mönnum eru orðin tøm störfín, og sá embættismaður, er einkum ætti að fást við þau málefni, sem hær er um rætt, gæti ekki vel haft lægri stöðu en skrifstofufulltrúi, og er því stungið upp á, að laun hans væru jafnhá þeim launum, sem ákveðin eru fyrir aðra skrifstofufulltrúa í aðalpóststjórninni.

Um 2. grein.

Póstnefnd sú, sem fyrr er getið um, að skipuð hafi verið í Reykjavík, hafði þegar stungið upp á, að póstmeistari sá, er skipaður kynni verða í greindum kaupstað, skyldi út nefndur af konungi, og hafa einnig þeir tveir embættismenn, er seinna voru kvaddir til ítarlegar að ræða póstmálið, kröptuglega mælt fram með þeirri uppástungu. Það hefir í því efni einkum verið tekið fram að póstmeistarinn í Reykjavík fái mörgum og yfirgrípsmiklum störfum

að gegna; hann eigi ekki einungis að afgreiða pósta í landinu og þær póstsendingar, sem eiga að fara út úr landinu og koma utanlands frá, — en vitaskuld er að þetta er allt miklu umfangsmeira í Reykjavík en á nokkrum öðrum stað á Íslandi, — heldur eigi hann einnig að hafa eptirlit með, hvernig allir aðrir íslenzkir póstpjónar gegni störfum sínum, og enn fremur skera til bráðabyrgða úr öllum þeim atriðum viðvikjandi póstgöngum, sem ekki geta beðið eptir því, að þau séu send aðalpóstsjóranum til úrskurðar; svo eigi hann og að taka við öllum íslenzkum pósttekjum og gjöra reikning fyrir þeim og s. frv. Hvað laun hans snertir, þá hafði hin fyrri nefndin stungið upp á, að hann að eins fengi 600 rd. í laun á ári. En þegar lítið er á, hve mörgum og áriðandi störfum hann á að gegna, eptir því sem nú hefir sagt verið, hve mikil ábyrgð er samfara stöðu hans, og að líklega verður nauðsynlegt að skipa í embættið mann, sem um nokkurn tíma hefir fengizt við póstmálefni, þá virðist ekki mega setja laun hans lægra en stungið er upp á í greininni. Enn fremur verður að álíta nauðsynlegt að veita greindum embættismanni fê til skrifstofukostnaðar, til að borga aðstoðarmanni, er hjálpi honum við póstafgreiðsluna, þegar gufuskipið kemur og fer, og sem einnig gæti stýrt embættinu, ef póstmeistarinn yrði veikur, eður þegar hann væri fjærverandi á embættisferðum út um landið, en nauðsynlegt má álíta, að hann fari slíkar ferðir öðru hverju. Það þótti óþarfi að taka upp í frumvarpið ákvörðun um, að póstmeistarinn á ferðum þessum verður að fá fæðispeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað eptir reikningi.

Um 3. grein.

Það er ekki þörf á að útlista á þessum stað nákvæmar, hvar til er ætlazt að hinir óæðri póstpjónar verði skipaðir, og eptir hverjum reglum, en þess skal einungis getið, að nauðsynlegt er álitið að skipa 20 póstafgreiðslumenn með 14 til 50 rd. launum á ári (en til þess mundu fara hêr um bil 400 rd.) og allt að 40 brêfasöfnunarmenn, er skyldu fá hêr um bil 7 rd. þóknun hver á ári, eður alls hêr um bil 280 rd., en allt þetta fê ætti að tilfæra í hinum árlegu fjárhagslögum ásamt öðrum kostnaði, er hin íslenzku póstmálefni á ári hverju hafa í fôr með sér.

VII. Frumvarp

til

laga um brennivínsverzlun og brennivínsveitingar á Íslandi.

1. grein.

Til þess að verzla með brennivín á Íslandi þarf hér eptir sérstaklegt leyfisbréf. Hlutaðeigandi amtmaður gefur út leyfisbréfið, og má veita það hverjum þeim manni, er hefir þá hæfilegleika, að því er sjálfan hann snertir, sem boðið er, að sá maður skuli hafa, sem yfir höfuð má öðlast verzlunarleyfi. Leyfisbréfið heimilar manni rétt til að verzla með brennivín bæði í stærri og minni kaupum, en ekki til neinna brennivínsveitinga.

Í leyfisbréfinu skal nefndur sá staður, þar sem verzlunin má fram fara; en það veitir eigi rétt til að selja brennivín á fleiri en einum stað.

Fyrir leyfisbréf það, sem hér er um rætt, skal greidd 20 ríkisdala borgun og fyrir að nota það enn fremur 100 ríkisdalgjald á ári. Borgun þessi og árgjald rennur í ríkissjóðinn. Árgjaldið skal ávallt greitt fyrir fram fyrir eitt ár og heimtar hlutaðeigandi lögreglustjóri það og gjörir amtmanni tilhlýðilegan reikning fyrir því.

2. grein.

Ef nokkur óskar að mega selja brennivín á skipi, þá þarf einnig að fá leyfisbréf til þess, og ber að greiða fyrir það 60 ríkisdala borgun til ríkissjóðsins. Hlutaðeigandi amtmaður gefur út leyfisbréfið, en lögreglustjórinn afhendir það, og gjörir amtmanni regluleg skil fyrir borguninni. Leyfisbréfið gildir að eins fyrir eina kaupferð, og þegar skipið kemur á aðra höfn á Íslandi, ber að sýna það lögreglustjóranum þar, áður en nokkur verzlun með brennivín má þar eiga sér stað.

3. grein.

Rétt til að veita brennivín fyrir peninga hafa þeir einir, er fá til þess leyfisbréf hjá amtmanni. Slík leyfisbréf skulu einungis veitt á þeim stöðum, þar sem sérstaklegar ástæður eru til þess; þau skulu hljóða upp á fimm ár í senn, og verður að þeim tíma liðnum að kaupa nýtt leyfisbréf.

Enginn má hafa brennivínsveiting á fleiri en einum stað.

Leyfi til brennivínsverzlunar þeirrar, sem um er rætt í 1. grein, má eigi sameina leyfinu til brennivínsveitinga; hið síðar nefnda leyfi gefur eigi rétt til að selja mönnum brennivín til að hafa á burt með sér. Sá, sem rétt hefir til brennivínsveitinga, skal kaupa brennivín það, er hann veitir mönnum, hjá þeim verzlunarmönnum, er fengið hafa leyfisbréf til brennivínsverzlunar.

Fyrir leyfisbréf til brennivínsveitinga, skal greidd 10 ríkisdala borgun, og þar að auki 50 ríkisdala gjald á ári. Borgunin og árgjaldið rennur í ríkissjóðinn, og skal farið að á sama hátt og ákveðið er í niðurlagi 1. greinar um það, hvernig gjald þetta skuli greitt og heimtað.

4. grein.

Sérhver, sem fengið hefir leyfi til brennivínsverzlunar eður brennivínsveitinga, getur losað við árgjald það, sem þar fyrir ber að greiða, með því að senda amtmanni leyfisbréfið til ónýtingar.

5. grein.

Þegar einhver gjörist sekur í ólöglegri brennivínsverzlun eður ólöglegum brennivínsveitingum, skal hann fyrir það sæta sömu sektum og ákveðnar eru í lögum 15. dag aprílm. 1854, 9. grein fyrir afbrigði gegn verzlunarlögunum yfir höfuð, og skal þar að auki brennivín það, er finnst hjá honum, gjört upptækt. Sektirnar og svo það fè, er fæst, þegar selt er brennivín það, er upptækt er gjört, rennur í fátækrasjóðinn.

Þegar ákveðin er sektin fyrir ólöglegar brennivínsveitingar, ber að taka sérstaklegt tillit til þess, hvort næturdrykkja, lukkuspil (Hazardspil), eður önnur óregla hefir verið samfara broti því, er drýgt hefir verið.

Það skal álitð sem brennivínsveitingar, þegar sá, er selur brennivín, leyfir, að nokkurs af því sè neytt á þeim stað.

6. grein.

Mál þau, er kunna að rísa út af lögum þessum, skal með fara sem opinber lögreglumál.

7. grein.

Í lögum þessum er skilið við brennivín ekki einungis kornbrennivín og jarðeplabrennivín, heldur og alls konar tilbúnir áfengir drykkir. Svo skal og allt, sem í lögum þessum er ákveðið um brennivínsverzlun og brennivínsveitingar, gilda um alla aðra áfenga drykki, sem búnir eru til úr brennivíni.

ÁSTÆÐUR fyrir frumvarpi þessu.

Eins og vikið er á í ástæðunum fyrir lagafrumvarpi, er samið hefir verið til að leggja fyrir alþingi um breyting á 6. og 7. grein í lögum 15. apríl. 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi, hefir verið um það rætt í bréfum þeim, er farið hafa millum dómsmálastjórnarinnar og fjárstjórnarinnar um aðskilnað á fjárhag Íslands og konungsríkisins, hvernig fá mætti tekjur handa Íslandi til þess að efla framfarir landsins og standast kostnaðinn við nýjar endurbætur, sem álitnar yrðu nauðsynlegar til þess. Jafnframt því að hækka lestagjald af skipum, sem höfð eru til verzlunar við Ísland, svo sem um er rætt í fyrrgreindu frumvarpi, hefir athugi manna leiðzt að því, að vera kynni ástæða til að leggja gjald á brennivínsverzlun og brennivínsveitingar á Íslandi með sama fyrirkomulagi og fyrir skipað er á Færeyjum í lögum 3. d. marzm. 1860.

Það hefir opt og einatt verið tekið fram, að brennivínsdrykkja einkum á síðari tímum hafi farið svo í vöxt á Íslandi, að ástæða sé til að gjöra einhverjar ráðstafanir á móti henni, og bænarskrá, er fyrir tveim árum síðan barst dómsmálastjórninni frá kaupmönnum í Reykjavík og fór fram á, að banna skyldi allan brennivínsaðflutning til Íslands, virðist bera vott um, að þetta sé almennt álit manna.

Eptir verzlunarskýrslum þeim, er dómsmálastjórnin hefir fengið, var flutt til Íslands árið 1863:

af brennivíni	517,694 pottar
- víni	22,746 —
- rommi	27,098 —
- púnsextrakt	13,432 —
- líkör	962 —
af áfengum drykkjum samtals	581,932 pottar

Fólkstala á Íslandi var um árslok 1861 nálega 67,000, og kemur þannig á hvern mann 8,69 pottar af alls konar áfengum drykkjum og 7,70 pottar af brennivíni einu saman, en eptir þeim skýrslum, sem dómsmálastjórnin hefir fengið um aðflutning áfengra drykkja árið 1855, komu þá að eins hér um bil 6,93 og 6,03 pottar á mann. Í samanburði við konungsríkið, þar sem hér um bil 18 pottar af brennivíni koma á hvern mann á ári, þá yrði að vísu sú niðurstaða, sem hér hefir verið tilfærð, eigi kölluð óheppileg, ef svo mætti ætla, að brennivínseyðslan kæmi nokkurn veginn jafnt niður á allt landið, en því mun engan veginn vera þannig varið, því þar sem að eins lítið er drukkið upp til sveita og brennivín þar óviða haft til daglegrar nautnar, má þar á móti ætla, að óhófleg brennivínsdrykkja eigi sér jafnaðarlega stað við sjávarsíðuna einkum á verzlunarstöðum og fiskiverum, og að þetta sé ein af aðalorsökunum til þess, að efnahagur manna er lakari, og að miklu meiri óregla gengst við í sjávarplázunum en upp til sveita. Það virðist því vera nægileg hvöt til að reyna að reisa skorður við greindum ósið, sem eptir því, er nú hefir verið frá skýrt, sýnist fara í vöxt; en það ráð, er íslenzku kaupmennirnir stungu upp á, að banna aðflutning áfengra drykkja til Íslands, virðist vera óhafaandi með öllu, með því á þann hátt væri lagt óþolandi band á mikinn hluta af íbúum landsins, er eigi hafa gjört sig seka í ósiðnum. Þar á móti virðist vera gild ástæða til að reyna, hvort hæfilegar álögur á brennivín ekki gjörðu neina breyting í þessu efni. Eins og kunnugt er, er brennivín selt mjög ódýrt á Íslandi vegna þess endurgjalds, sem veitt er fyrir útflutning þess frá Danmörk, sbr. lög 24. febrúarm. 1865, og það væri því eigi ólíklegt, að það mundi gjöra nokkuð til að draga úr brennivínsdrykkju á Íslandi, ef brennivínið hækkaði þar í verði. Enn fremur viðgengst sá ósiður á Íslandi, að brennivín er veitt mönnum til nautnar í sölubúðum kaupmanna, og verður það ollandi margri óreglunni, eru og slíkar brennivínsveitingar enn skaðlegri fyrir þá sök, að

menn neyta brennivínsins, án þess kostur sé á að fá þar nokkurar matarveitingar. Þessi ósiður hætti, ef brennivínsveitingar væru einskorðaðar við, að menn skyldu fá sérstaklegt leyfi til þeirra. Við þetta augnamið yrði nú samrímt hitt, sem mikils er um varðandi, að útvega fê það, er útheimtist til þeirra ráðstafana, er áriðandi þykja til þess landinu geti farið fram. Það má telja víst, að allir séu á eitt sáttir um, að varla sé neinn hlutur, er sé eins vel fallinn fyrir álögur eins og brennivínið, einkum á Íslandi, því þar er það hið skaðlegasta af öllum óþarfavörum, og það sést einnig af umræðunum um málið um stofnun barnaskóla í Reykjavík, að alþingi hefir verið á því árið 1853, að lagður skyldi tollur á brennivín, og að nefnd sú, er sett var í málinu, fór fram á, að stjórnin skyldi leggja fyrir alþingi lagafrumvarp um þetta efni, en þingið féllst þá ekki á uppástungu þessa, einkum af þeirri ástæðu, að ekki þótti sem réttast að fyrirskipa slíkar álögur eingöngu Reykjavík í hag.

Þar eð eiginlegur brennivínsskattur ekki verður heimtur á Íslandi, með því þar er engin tollstjórn, þá hefir virzt eiga að skipa þar fyrir um málefni þetta á sama hátt og gjört var á Færeyjum með lögum 3. marzm. 1860, þannig að brennivínsverzlun og rétturinn til að veita brennivín skyldi bundinn við það skilyrði, að keypt væru leyfisbréf til þess og greitt árlegt gjald fyrir, og þykir vera enn meiri ástæða til að fara að á þenna hátt, fremur en laga sig eptir því, sem fyrirskipað er í norskum og sænskum lögum um brennivínsverzlun og brennivínsveitingar, sem er miklu margbrotnara, fyrir þá sök, að nærri því eins er ástatt í þessu tilliti á Íslandi og á Færeyjum, en þar hafa ákvarðanirnar í lögum 3. marzm. 1860 vel gefizt, og ekki orðið neinir erfiðleikar á að koma þeim þar fram.

Af þessum ástæðum hefir frumvarp það, sem er hér að framman, verið samið í dómsmálastjórninni í öllum aðalatriðunum samkvæmt fyrrnefndum lögum, og skal nú farið nokkrum orðum um hinar einstöku greinir frumvarpsins.

Um 1. grein.

Í opnu brèfi 28. d. desemberm. 1836. 6. grein er ákveðið, að rétturinn til að hafa verzlun á Íslandi skuli bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi vörubyrðir að minnsta kosti fyrir 500 rd. En sú ákvörðun á ekki við um leyfisbréf þau, er veitt kunna

að verða til brennivínsverzlunar, og þarf því eigi til þess að fá slík leyfisbréf annað en að hafa þá hæfilegleika, lútandi að manni sjálfum, sem útheimtast til að geta öðlzt verzlunarleyfi yfir höfuð, en þeir eru, að hafa náð fullum lögaldri og hafa óflekkað mannorð.

Til þess að tálma því, að menn verði sendir út um landið til að selja brennivín, hefir þótt réttast að fyrir skipa, að í leyfisbræfinu skuli ávallt nefndur staðurinn, þar sem verzlunin á fram að fara, og einnig hefir þótt við eiga að hafa beina ákvörðun um, að ekki geti fengizt eitt leyfisbréf til þess að hafa brennivínssölu á fleirum en einum stað, sbr. opið bréf 7. apríl. 1841. 1. og 3. gr.

Ákvörðunin um upphæð borgunarinnar fyrir leyfisbréf þessi, og gjaldsins fyrir notkun þeirra, er tekin eptir hinum færeysku lögum. Þar eð á Íslandi eru hér um bil 60 fastir verzlunarmenn, telst svo til, að hið árlega gjald, er þeir greiddu, yrði hér um bil 6000 rd. auk borgunarinnar fyrir leyfisbræfin, og þegar þar við bættist gjald það, er lausakaupmennirnir ættu að greiða eptir 2. grein, og sem gjöra mætti að yrði 2,000 rd. að minnsta kosti, og loks gjaldið og borgunin fyrir brennivínsveitingarnar eptir 3. grein, þá má gjöra ráð fyrir, að fást muni 9—10,000 rd. á ári í tekjur af brennivínsverzlun og brennivínsveitingum.

Í hinum færeysku brennivínslögum er svo fyrir skipað, að ríkissjóðurinn skuli fá helminginn af tekjum þeim, sem hér er um rætt, en hinn helminginn fátækra sjóður amtsins; en þegar litið er á tilganginn með að koma álögum þessum á á Íslandi, þá þykir það honum samkvæmast að láta allt fæð renna í ríkissjóðinn, og er það vitaskuld, að ef hinn fyrirhugaði fjárhagsaðskilnaður kemst á, þá á þar við að skiljast sjóður Íslands.

Um 2. gein.

Í grein þessari eru ákvarðanir um rétt hinna svonefndu lausakaupmanna til að selja brennivín. Að banna verzlunarmönnum þessum allan brennivínslutning til landsins mundi ekki vera tiltækilegt, og mætti þá annaðhvort setja þá ákvörðun, að þeim skyldi bannað að selja brennivín það, er þeir hefðu meðferðis, öðrum en þeim mönnum, er keypt hefðu leyfisbréf til að verzla með brennivín, eður að þeir skyldu sæta sömu kjörum og hinir um brennivínsverzlun. Hið síðara af þessu tvennu hefir þótt tiltækilegra; þó

er sú breyting þar á gjörð, að verzlunarmenn þessir, sem jafnaðarlega að eins eru skamma stund við Ísland, ekki skuli greiða neitt sèrtaklegt gjald fyrir að nota rætt þann, sem þeir öðlast til brennivínsverzlunar með því að kaupa leyfisbréf, en aptur á móti hærri borgun fyrir leyfisbréfið, og er þetta samkvæmt hinum færeysku lögum.

Um 3. grein.

Eins og í færeysku lögnum er hér ákveðið, að leyfisbréf til brennivínsveitinga, þ. e. til að selja brennivín, sem neytt er á þeim stað, skuli að eins veitt, þar sem sèrstaklegar ástæður sèu til þess, og að leyfisbréf þessi ekki skuli gefin fyrir lengri tíma en 5 ár í senn, en keypt skuli nýtt leyfisbréf að þeim tíma liðnum, ef hlutaðeigandi vill hafa veitingarétt þenna lengur. Til þess að reisa skorður við ósið þeim, sem áður er getið, að veitt sè brennivín í sölubúðum kaupmanna, er í þessari grein frumvarpsins ákvörðun um, að rættur til brennivínsverzlunar geti ekki sameinast rættinum til að veita brennivín, er neytt sè á staðnum, og er það einnig samkvæmt færeysku lögnum. En á hinn bóginn er ekkert því til fyrirstöðu, að matarveitingar eigi sèr stað í sambandi við brennivínsveitingarnar, án þess fá þurfi sèrstaklegt leyfisbréf til þess.

Að endingu skal þess getið, að rættast hefir þótt að setja borgunina og árgjaldið fyrir leyfisbréf þau, sem hér er um rætt, töluvert lægra en fyrir rættinn til brennivínsverzlunar, og það því fremur, sem nauðsynlegt hefir virzt að skipa svo fyrir, brennivínsverzlunarmönnum í hag, að sá, sem fær leyfi til brennivínsveitinga, skuli kaupa brennivín það, er hann veitir mönnum, hjá einhverjum þeirra verzlunarmanna, er fengið hafa leyfisbréf til brennivínsverzlunar.

Um 4.—7. grein.

Greinir þessar eru í öllum aðalatriðum samhljóða samsvarandi greinum í hinum færeysku lögum, sem opt hefir getið verið, en þær lagagreinir eru aptur byggðar á ákvörðunum hinna dönsku atvinnulaga 29. desemberm. 1857, 77.—79. gr. Fyrir afbrigði gegn lögnum er sett hin sama sekt og ákveðin er í lögum 15. aprílm. 1854, 9. grein um ólögheimila verzlun yfir höfuð, og með því ekki virðist vera næg ástæða til að gjöra með tilliti til sektanna mun á

ólöglegri brennivínsverzlun og óheimilum brennivínsveitingum, þá er þar að auki í 5. grein lögð fjárupptaka við báðum þessum brotum, en þar á móti virtist ekki eiga að lögleiða á Íslandi ákvörðun þá, sem er í lögunum frá 29. desemberm. 1857, um að sá, sem í annað sinn hafi gjörzt sekur í ólöglegum brennivínsveitingum, brjóti af sér réttinn til að selja brennivín, enda var sú ákvörðun eigi heldur tekin upp í færeysku lögin.

VIII. Frumvarp

til

tilskipunar um laun handa hreppstjórum á Íslandi.

1. grein.

Auk þess að hreppstjórar framvegis eins og hingað til skulu undan þegnir að greiða þinggjöld, skal þeim frá 1. degi janúarm. 1867 fyrst um sinn veitt frá 20 til 60 rd. laun á ári, eptir stærð hreppanna og öðrum atvikum, sem ráða því, hversu yfirgripsmikil og ervið störf þau eru, er hreppstjórinn á að gegna. Nú eru fleiri en einn hreppstjóri í hreppi og skal þá laununum skipt jafnt milli þeirra, en upphæð launanna má aldrei meiri vera en 60 rd. svo sem fyrr er sagt.

2. grein.

Upphæð launa þeirra, er bera hverjum einstökum hreppstjóra innan þeirra takmarka, sem um er getið í 1. grein, skal ákveðin með reglugjörð, sem amtmaðurinn samþykkir fyrir hvert amt eptir uppástungum hlutaðeigandi sýslumanna; reglugjörðin gildir um 6 ára tímabil og skal auglýst almenningi á prenti.

3. grein.

Tveir þriðjungar af launum þeim, er hverjum hreppstjóra þannig eru ákveðin, skulu greiddir af hreppnum eptir hinum sömu reglum og auka-útsvarið til fátækra, og skulu heimtir ásamt með því, en einn þriðjungurinn skal greiddur úr jafnaðarsjóði amtsins.

4. grein.

Þegar hreppstjóri með árvekni og dugnaði hefir gegnt köllun sinni í 15 ár, má amtmaður eptir uppástungu hlutaðeigandi sýslumanns veita honum fyrir sjálfan sig eptir atvikum frá 10 til 30 rd. viðbót við hin ákveðnu laun, og skal það fê greitt úr jafnaðarsjóði amtsins.

ÁSTÆÐUR fyrir frumvarpi þessu.

Með konungsúrskurði 21. d. júlím. 1808 var hreppstjórnum á Íslandi veitt skattfrelsi; svo voru þeir einnig undan þegnir að gjalda útsvar til fátækra, en þetta hið síðara gjaldfrelsi var aptur aftekið með konungsúrskurði 14. d. aprílm. 1819, og eptir kanselibréfum frá 11. d. júlím. 1818, 8. d. nóvemberm. 1823 og 25. d. maím. 1824 er skattfrelsi hreppstjóranna einungis í því fölgandi, að þeir eru lausir við að greiða hin svo kölluðu þinggjöld, eður gjöldin til ríkissjóðsins, það er: skatt, gjafatoll, lögmannstoll og konungstíund, en að þeir þar á móti ekki eru undan þegnir að greiða tíund til prests og kirkju eður gjald til amtsjafnaðarsjóðanna. Þar að auki fá hreppstjórnir eptir aukatekjureglugjörðinni frá 10. septemberm. 1830 nokkrar aukatekjur, er litlu nema, og eptir tilsk. 26. d. maím. 1863 15. gr. helming af gjöldum þeim og sektum, er greiða ber eptir þeirri tilskipun.

Það hefir lengi verið viðurkennt, að ástæða sè til að bæta kjör hreppstjóranna, og frá alþingi því, er haldið var árið 1863, kom til dómsmálastjórnarinnar þegnleg bænarskrá um, að hreppstjórnum, sem lögregluþjónum yrðu veitt 20 til 60 ríkisdala laun úr ríkissjóði eptir örðugleik hreppanna og öðrum málavöxtum, er því ræðu, hversu umfangsmikil störf þeir hefðu á hendi. Dómsmálastjórnin varð nú að álíta það vafalaust, að engin laun gætu fengizt úr ríkissjóði handa hreppstjórnum, en á hinn bóginn varð því eigi neitað að endurgjald það, sem menn þessir fá fyrir störf sín, er lítið og engan veginn samsvarandi fyrirhöfn þeirra, og að það því væri æskilegt ef þeim yrði útveguð bót á kjörum sínum; þess vegna var skorað á alla amtmennina á Íslandi að segja álit sitt um málið, og svo framarlega sem þeirra skoðun á því væri samkvæm þeirri, er stjórnarráðið lét í ljósi, voru þeir beðnir að koma fram með uppástungur um, hvernig koma skyldi á launabót þeirri, sem hér er um rætt.

Allir amtmennirnir hafa í álitsskjölum þeim, er þeir síðan hafa sent stjórnarráðinu, lýst því yfir, að það sè æskilegt og nauðsynlegt að fá bót á kjörum hreppstjóranna, og komið fram með ýmsar uppástungur um, hvernig að því mætti fara. Af uppástungum þessum er ein, sem stjórnarráðið hefir getað fallizt á í öllum aðalatriðunum, en það er uppástunga amtmannsins í norður- og austurumdæminu, og var hún því lögð til grundvallar þegar sam-
ið var um frumvarp það, sem hér er að framan.

Um hinar einstöku greinir frumvarpsins skulu gjörðar þessar athugasemdir.

Um 1. grein.

Það hefir verið ihugað, hvort ekki mætti, til að spara fê, láta hreppstjórana vera launalausa, þangað til þeir væru búnir að hafa hreppstjórn á hendi í 3 ár, en amtmaðurinn yfir norður- og austur-amtinu hefir þó ráðið frá þessu, einkum fyrir þá sök, að sú hefir orðið raun á, að stundum hefir orðið að ganga fram hjá mönnum sökum efnaleysis þeirra, þó þeir annars yrðu að álítast hinir hæfustu til að vera hreppstjórar, og hið sama kynni að bera við framvegis, ef þeir gætu ekki fengið nokkur laun undir eins og þeir tækju við hreppstjórn.

Hvað upphæð launanna snertir, þá er hún sett samkvæmt því, sem alþingi hafði bent á í áðurgreindri bænarskrá sinni; hafa og allir amtmennirnir álitð hana mátulega. Um orðatiltækið »fyrst um sinn« skal þess getið, að þar eð launin einkum eiga að vera endurgjald fyrir störf hreppstjóranna í þarflr sveitarinnar, en störf þessi mundu töluvert minnka ef síðar kæmist á sveitastjórnarskipun á Íslandi, eins og lengi hefir verið fyrirhugað, þá hefir þótt réttast að ákveða launin að eins til bráðabyrgða. Þar sem tveir hreppstjórar eru í einum hrepp, þá er annaðhvort, að þeir gegna hreppstjórnarstörfunum í sameining eður þeir skipta þeim milli sín eptir samkomulagi, og þar eð það mundi valda óánægju ef þeir fengju misjöfn laun, hefir þótt réttast, að laununum sè skipt jafnt milli þeirra.

Um 2. grein.

Viðvíkjandi þessari grein virðist nægja að geta þess, að þar eð þau atvik, sem hafa verður tillit til þegar ákveðin eru laun hvers einstaks hreppstjóra eptir ákvörðununum í 1. grein, geta breytzt eptir því, sem tímarnir liða, þá eiga reglugjörðir þær, sem hér er um rætt, að eins að gilda um ákveðið tímabil, sem þó eigi virðist eiga að vera skemmra en 6 ár.

Um 3. grein.

Ákvörðun sú, sem er í þessari grein og lýtur að því, að hrepparnir skuli borga tvo þriðjunga þess fjár, sem gengur til launa handa hreppstjórunum, en einn þriðjungurinn skuli greiddur úr

jafnaðarsjóðum amtanna, er samkvæm uppástungu amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu. Hann hefir í þessu tilliti getið þess, að þar eð þau störf, sem hreppstjórnir vinna í þarfir hreppanna, eru aðalstörf þeirra, verður að hvíla á hreppunum skyldan til að greiða meiri hlutann af launum þeirra, en þar á móti verði jafnaðarsjóðunum að eins gjört að greiða þeim laun fyrir störf þau, er þeir hafa á hendi sem réttarþjónar og lögregluþjónar, en þau störf séu ekki nema lítill hluti af verkum þeirra, og hafi hið opinbera þegar veitt þeim nokkurt endurgjald fyrir þau. Eptir hans álit er það og betra fyrir hreppana að borga þann hluta af launum hreppstjórnanna, sem hann hefir stungið upp á, en að skipta svo opt um hreppstjóra, sem nú er titt, því slíkt sè til mikils skaða fyrir sveitarfélagið og fyrir alla samvinnu milli hreppstjóra og hreppsþúa; þess séu og nokkur dæmi, að hreppsmenn sjálfkrafa kafa komið sèr saman um að veita hreppstjórum nokkurt endurgjald fyrir störf þeirra, til þess að halda duglegum hreppstjórum lengur en hin lögboðnu 3 ár. Loksins sè það aðgætandi, að hlutdeild hreppanna í að launa hreppstjórum, sè ekki að öllu leyti nýmæli, þar sem hreppstjórar fyrrum hafi verið undan þegnir frá að greiða fátækra-útsvar, en slíkt gjaldfrelsi hafi óbeinlínis verið laun úr sveitarsjóði. Hvað amtsjafnaðarsjóðina snertir, þá segir amtmaðurinn enn fremur, að nú sem stendur séu að vísu gjöld þeirra þungbær, en bæði sè það, að byrði sú, sem á þeim hvíli, verði létbærari, þegar batni í ári, og svo sè það einnig vonandi, að kostnaður sá, er rís af fjárkláðanum, bráðum bætti, svo að til-lag það, sem á síðari árum hefir jafnað verið niður á lausafèð til amtsjafnaðarsjóðanna, muni heldur fara minnkandi með tímanum heldur en að þörf verði á að hækka það, jafnvel þó sjóðir þessir séu látnir greiða þriðjunginn af launum hreppstjórnanna eptir uppástungu hans.

Um 4. grein.

Dómsmálastjórnin hafði í bréfi sínu til amtmannanna vakið athygli á því, hvort ekki bæri að ákveða laun hreppstjórnanna innan þeirra takmarka, sem sett væru fyrir þau í hverjum hreppi, á þann hátt, að þau færu vaxandi eptir því, hversu lengi maður hefði haft hreppstjórn á hendi; því bæði væri það, að með því móti sparaðist nokkurt fè, og svo yrðu hreppstjórar á þann hátt fastar bundnir við stöðu sína. En amtmanninum í norður- og austur-

ur umdæminu hefir ekki virzt þetta ráðlegt; þar á móti hefir hann lagt það til, að þeim hreppstjórum, er skara fram úr að árvekni og dugnaði í köllun sinni, sè heitið 20 til 40 rd. launaviðbót fyrir sjálfa þá þegar þeir væru búnir að hafa hreppstjórn á hendi í 15 til 20 ár, og ætti þá launaviðbót þessi að greiðast eingöngu úr jafnaðarsjóði amtsins, og hefir amtmaðurinn um það efni tekið fram, að það kynni að verða orsök til óánægju milli hreppstjórans og hreppsbænda, ef nokkur hluti launaviðbótarinnar væri greiddur af sveitinni, og gæti þá svo farið, að hreppstjórinn segði af sèr til þess að baka ekki hreppnum kostnaðarauka þann, sem hér er um rætt.

Samkvæmt þessu hefir ákvörðunin verið samin, en þó virtist ekki eiga að setja launaviðbótina hærri en svo, að helmingurinn af minnstu og mestu hreppstjóralaunum, væri takmörk hennar og yrði hún þá frá 10 til 30 rd.; því í litlum hreppum, þar sem hreppstjóralaunin ekki eru nema 20 rd., og ekki mikið að gjöra fyrir hreppstjóra, má álíta hæflegt, að honum eptir 15 ára hreppstjórn sè veitt 10 rd. launaviðbót, enda virðist það og ísjárvert að leggja þyngri byrði, en brýn nauðsyn ber til, á amtsjafnaðarsjóðinn, þar sem mikil gjöld bætast á hann eptir 3. grein lagafrumvarpsins.

IX. Frumvarp

til

tilskipunar um verzlunarvog á Íslandi.

1. grein.

Frumeining hinna almennu verzlunarvogar er eitt pund og er þyngd þess eins og verið hefir 500 frönsk grömm.

2. grein.

Eitt hundrað pund eru tíu fjórðunga vætt.

3. grein.

Pundið skiptist í 100 kvint, hvert kvint í 10 ort; minni þungar ákveðast með tugabrotum úr orti.

4. grein.

Frá því, er lög þessi öðlast gildi, skulu almennt þau vogarlóð við höfð sem verzlunarvog, er tugabrotum verður komið að, það er að skilja þess konar lóð, sem vega 100, 50, 20, 10, 5, 2, 1 pund, 50, 20, 10, 5, 2, 1 kvint, 5, 2, 1 ort og tugabrot úr orti, svo og pundarar, sem eru markaðir eptir sama vogarlagi. Þangað til konungur skipar öðruvísi fyrir skal þó leyft vera að nota þau vogarlóð, sem áður hafa löggilt verið og sem vega $\frac{1}{4}$, $\frac{1}{8}$, $\frac{1}{16}$ og $\frac{1}{32}$ úr pundi, svo og pundara, sem löggiltir hafa verið eptir hinu eldra vogarlagi, og einnig vogarlóð, sem vega 160, 80, 64, 32, 16, 8, 4 pund, þó eru undan skilin þau járnlóð, þar sem blýið, sem löggildingarmerkið er sett á, liggur ofan á járninu og engin upphækkuð brún hlífir því. Meðan leyft er að við hafa vogarlóð þau og pundara, sem hér er um rætt, má og endurnýja löggildingarmerki á þeim.

5. grein.

Heimilt skal stjórninni að nema úr gildi aðrar vogir, sem nú eru við hafðar, og að láta verzlunarvogina koma í stað þeirra, svo og að gefa tugabrotunum úr orti sérstakleg nöfn, ef það virðist nauðsynlegt.

6. grein.

Lagaboð þetta öðlast gildi 1. dag júlím. 1867.

ÁSTÆÐUR fyrir frumvarpi þessu.

Með lögum dagsettum 19. d. febrúarm. 1861 um breyting á verzlunarvoginni í konungsríkinu Danmörk var fyrirskipuð tugaskipting á vogarlóðunum og skyldi pundið vera frumeining; en jafnframt því var í 4. grein laganna fyrst um sinn leyft að löggilda vogarlóð að þyngd $\frac{1}{4}$, $\frac{1}{8}$, $\frac{1}{16}$ og $\frac{1}{32}$ úr pundi, en leyfi þetta hefir síðar verið numið úr gildi með konungsúrskurði 3. d. júním. 1863.

Bæjarstjórnin í Kaupmannahöfn hefir í bræfi til innanríkisstjórnarinnar vakið athuga á því, að þar eð bannað hafi verið um nokkurn tíma að löggilda ný vogarlóð og pundara eptir hinu eldra vogarlagi, þá sè nú upp gengið það, sem áður hafi til verið af lóðum þessum og pundurum og geti »jüsterkammerið« því ekki lengur látið það af hendi til Íslands þegar um það verði beðið, og þar eð líklegt þótti, að þetta mundi verða orsök til umkvartana hefir innanríkisstjórnin skorað á dómsmálastjórnina að hlutast til um, að fyrrgreint lagaboð verði sem fyrst löggilt á Íslandi.

Eptir því, sem nú hefir sagt verið, virðist hin brýnasta nauðsyn til bera að lögleiða tugavogina á Íslandi, og hefir því dómsmálastjórnin tekið til greina áskorun innanríkisstjórnarinnar, jafnvel þó alþingi 1863 reði frá að löggilda þar lagaboðið, en þinginu hlaut að vera ókunnugt um þau atvik, sem að ofan er á vikið, og dómsmálastjórninni voru þau þá heldur eigi kunn; hefir verið leitað álits amtmannanna á Íslandi um málið, og hafa þeir allir ráðið til að löggilda lagaboðið, og hefir það um leið verið

tekið fram, auk nauðsynjar þeirrar, sem hér er fyrir hendi, að ekki sé líklegt, að torvelt verði að koma fram ákvörðunum laga-
boðsins á Íslandi, þar sem tugavogin sé einmitt skyldari vætta-
og fjórðungareikningi þeim, er þar tíðkast, en vogarreikningi þeim,
er við hafður hefir verið í Danmörk; sá vogarreikningur hafi heldur
aldrei orðið þjóðlegur í landinu og hafi að mestu leyti eingöngu
verið notaður í viðskiptum við kaupmenn, en hinn forni íslenski
vogarreikningur hafi öldum saman við haldizt í öllum öðrum við-
skiptum manna á milli, og sé því líklegt, að landsmenn muni eiga
hægt með að átta sig á hinum nýja reikningi.

Hvað því næst snertir lagafrumvarp það, sem hér er að fram-
an, þá eru settar í það allar þær ákvarðanir úr lögnum frá 19.
febrúarm. 1861, sem eptir eðli málsins geta átt við á Íslandi;
en þar á móti hefir sleppt verið, auk ákvörðunarinnar í 6. grein,
sem hefir misst þýðing sína eptir þá breyting, sem nú er orðin á
högum ríkisins, ákvörðuninni í 4. grein laganna um, hvers konar
lóð og pundara eptirleiðis megi löggilda, með því slík löggilding
eigi á sér stað á Íslandi, svo hefir og verið úr felld niðurlagsá-
kvörðunin í þeirri grein, er hún, eins og fyrr er getið, er numin
úr gildi með konungsráðsúrskurði 3. dag júním. 1863; hinar ákvarð-
anir greinarinnar eru ásamt með 5. grein laganna teknar upp í 4.
grein frumvarpsins.

Að öðru leyti skulu gjörðar þessar athugasemdir við hinar
einstöku greinir frumvarpsins:

Um 1.—3. grein.

Þessar greinir eru öldungis samhljóða 3 fyrstu greinunum í
lögnum frá 19. d. febrúarm. 1861.

Um 4. grein.

Auk þess, sem að ofan er ávíkið um þessa grein, skal þess
getið, að þar eð ofangreindur konungsráðsúrskurður 3. d. júním. 1863
að eins hefir numið úr gildi leyfi það, sem veitt var í 4. grein
laganna, til fyrst um sinn að löggilda vogarlóð, sem vega $\frac{1}{4}$,
 $\frac{1}{8}$, $\frac{1}{16}$ og $\frac{1}{32}$ úr pundi, og það því framvegis er leyflegt í Dan-
mörk að nota vogarlóð þessarar stærðar, sem áður hafa löggilt
verið, þá virtist réttast að veita í þessari grein með berum orðum
heimild til að nota vogarlóð þessi á Íslandi, sem verzlunarvog.
Þar eð það enn fremur er ákveðið í konungsráðsúrskurði þeim, sem

hèr er um rætt, að leyfi það, sem til bráðabyrgða er veitt í 5. grein laganna til að nota hin eldri vogarlóð, sem vega 160, 80, 64, 32, 16, 8, 4 pund, skuli burtfalla frá 1. degi janúarm. 1864, að því, er snertir þau járnlóð, þar sem blýið, sem löggildingarmerkið er sett á, liggur ofan á járninu, án þess að nein uppstandandi brún hlífi því, þá þurfti að taka upp í frumvarpið ákvörðun um þetta. Loksins skal þess getið, að þó lóð og vogir eigi sæu löggilt á Íslandi, getur samt niðurlagsákvörðun greinarinnar átt þar við, ef landsbúar æsktu að fá vogartól þau, sem hér er um rætt, löggilt að nýju í jústerkammerinu.

Um 5. grein.

Þessari grein hefir enn ekki beitt verið í konungsríkinu; en ef síðar yrði notuð heimild sú, sem greinin veitir stjórninni til að ógilda eldri vogir, sem enn má við hafa (silfurvog, meðalavog), og til að gefa tugabrotum úr orti sérstakleg nöfn, þá ber einnig að lögleiða þessar breytingar á Íslandi, og virtist því réttast, að stjórninni með ákvörðun þessari væri veitt heimild til að gjöra þær ráðstafanir, sem þörf er á í þessu.

Um 6. grein.

Í þessari grein er ákvörðun, er samsvarar 8. grein laganna, um það, hve nær lagaboðið eigi að fá gildi á Íslandi, og virðist mega ákveða til þessa 1. dag júlím. 1867 svo framarlega sem frumvarpið kemur út sem lagaboð svo snemma, að það verði þinglesið á manntalsþingum árið 1866.

X. Frumvarp

til

tilskipunar, er nákvæmar ákveður ýmislegt viðvíkjandi prestaköllum á Íslandi.

1. grein.

Prestaköllin á Íslandi skiptast í þessa flokka :

1. Aðalbrauð með 700 rd. tekjum og þar fram yfir.
2. Betri meðalbrauð með 500—700 rd. tekjum.
3. Lakari meðalbrauð með 350—500 rd. tekjum.
4. Fátæk brauð með minni tekjum en 350 rd. á ári.

Tekjur brauðanna eru taldar eptir brauðamatsgjörð þeirri, er samin var árið 1853 og allramildilegast staðfest.

2. grein.

Aðalbrauðin, sem eptir brauðamatsgjörðinni frá 1853 eru þessi:

1. Dómkirkjubrauðið í Reykjavík.
2. Breiðibólstaður í Fljótshlíð.
3. Hof í Vopnafirði.
4. Vestmanneyjar,
5. Oddi á Rangárvöllum,
6. Hýtardalur,
7. Grenjaðarstaður,
8. Garðar á Álptanesi,

veitir hans hátign konungurinn, en stíptsyfirvöldin á Íslandi veita eptir þeim ákvörðunum, sem um það efni gilda, þau brauðin, er heyra til 2. og 3. flokki að áskildri allrahæstri staðfesting, og þau, er heyra til 4. flokki, án slíkrar allrahæstu staðfestingar.

3. grein.

Um ákvörðun eptirlauna þeirra, er uppgjafaprestar fá af brauðunum, skal farið að á sama hátt og hingað til þannig, að héraðsprófasturinn kveður til tvo presta, er í grennd búa, og býr til með þeim uppástungu um, hver eptirlaun prestur sá, er frá brauðinu fer, eigi að fá af því; síðan skal leggja uppástungu þessa undir úrskurð stiptsyfirvaldanna. Eptirlaunin mega að öllum jafnaði ekki vera hærri en þriðjungur af hinum vissu tekjum brauðsins, eins og þær eru ákveðnar í tilskipun 6. dag janúarm. 1847, 5. grein. Þegar ákveðin eru eptirlaun uppgjafaprests af brauði, skal ágóðinn af prestsetrinu, eður af jörð þeirri, sem prestinum er fengin til ábúðar, þá að auki talinn með, eins og hann er til færður með tekjum brauðsins í brauðamatsgjörð þeirri, er samin var árið 1853; þó skal þetta ekki eiga sér stað á þeim brauðum, sem eptir áðurgreindri brauðamatsgjörð gefa af sér minni tekjur en 350 rd. á ári.

4. grein.

Uppgjafapresti skal eins og hingað til heimilt að fá sinn hluta af tekjum brauðsins í þeim landaurum, sem þær eru goldnar með, hvort sem hann býr innan sóknar eður utan. Ef hann býr utan sóknar og hann ekki sjálfur getur heimtað sinn hluta af landaurunum skal hann hafa erindsreka í sókninni, er fyrir hans hönd gjöri þær ráðstafanir, sem þörf er á í þessu efni.

Nú óskar uppgjafapresturinn, að eptirmaður sinn heimti allar hinar vissu tekjur brauðsins og greiði sér síðan þann hluta þeirra, er honum ber, þá getur eptirmaðurinn eigi skorazt undan því; en þegar svo er ástatt borgar hann uppgjafaprestinum eptirlaun hans eptir verðlagsskráar verði á sérhverjum þeim eyri, sem gjaldendur greiða í tekjurnar, og skal presturinn í brauðinu í því skyni semja nákvæman reikning yfir allar þær tekjur af brauðinu, sem hær koma til greina og tilgreina hverja fyrir sig, reikna þær síðan til peninga eptir verðlagsskrá þess árs og greiða svo uppgjafaprestinum hans hluta af þeim. Nú ber svo til, að nokkuð af hinum vissu tekjum brauðsins er ófáanlegt hjá gjaldendum, þá skal skaðanum skipt í réttu hlutfalli milli uppgjafaprestsins og eptirmanns hans. Ef ágreiningur verður um, hvort reikningurinn um tekjurnar sé réttur, þá skal það mál borið undir héraðsprófastinn, og ef hann eigi getur komið sættum á, leggur

hann málið undir úrskurð stiptsyfirvaldanna og skýrir þeim um leið frá álitinu sínu um það.

5. grein.

Í eptirlaun presta-ekkna skal gildið af vissum tekjum aðalbrauðanna $\frac{1}{9}$, betri meðalbrauða $\frac{1}{10}$ og lakari meðalbrauða $\frac{1}{12}$ samkvæmt reglunum í tilskipun 6. dag janúarm. 1847 5. gr., þó skal ágóðinn af prestsetrinu meðtalinn.

Prestur sá, er brauðinu þjónar, greiðir ekkjunni hennar hluta af tekjunum eptir samkomulagi við hana annaðhvort í skileyri eður eptir verðlagsskráar verði á þeim landaurum, sem goldnir eru í tekjurnar, eptir nákvæmum reikningi, er presturinn semur um allar vissar tekjur af brauðinu og hverja þeirra fyrir sig, og skal sá reikningur á ári hverju lagður undir endurskoðun og samþykki prófasts.

Nú er fleiri en ein ekkja í brauði, skal þá eptirlauninum skipt milli þeirra eptir niðurfjöfnun prófasts.

Samkvæmt allrahæstu konungsbréfi 5. dag júním. 1750 skal ekkjunni heimilt að kjósa sér til ábúðar hverja af kirkjujörðum brauðsins, er henni þykir sér hagkvæmust, og presturinn eigi þarf að hafa til afnota fyrir sjálfan sig, en afgangurinn það, er svara ætti af jörðinni, á að koma upp í eptirlaunin; svo skal og að öðru leyti farið eptir ákvörðuninum í konungsbréfi þessu viðvíkjandi rétti presta-ekkna til að kjósa sér eður láta útleggja sér jörð til ábúðar.

6. grein.

Nú hefir prestsekkja áunnið sér rétt til eptirlauna af brauði, sem gjalda hefir átt af eptirlaun til prestsekkju eptir reglum þeim, sem að undan fögnu hafa verið í gildi, en sem eptirleiðis verður undan þegið slíkri skyldu eptir ákvörðuninni í næstu grein hér á undan, sambr. 1. gr., þá heldur hún fyrir sjálfa sig rétti þeim, er hún hefir öðlæzt. Hið sama er um konur þeirra presta, er nú þjóna slíkum brauðum.

7. grein.

Í staðinn fyrir árgjald það, er nú hvílir á sumum brauðum á Íslandi, skal til styrks handa fátækum uppgjafaprestum og presta-ekkjum greitt árgjald, eptir því hlutfalli, er nú skal sagt:

Af brauðum, sem eptir brauðamatsgjörðinni frá 1853 gefa af sèr í tekjur

150—200 rd.	skal greitt » rd.	48 sk.
200—250 — — —	1 —	» -
250—300 — — —	2 —	» -
300—400 — — —	3 —	48 -
400—500 — — —	4 —	48 -
500—600 — — —	5 —	48 -
600—700 — — —	6 —	» -
700 og þar fram yfir —	7 —	» -

Af þeim brauðum, sem minna gefa af sèr í tekjur en 150 rd. á ári, skal ekki greitt neitt árgjald; en þar sem prestsekkja er í brauði, og fær af því eptirlaun, fellur burt helmingur árgjaldsins, og þar sem er uppgjafaprestur allt árgjaldið.

Prestarnir skulu greiða héraðsprófastinum árgjald fyrir lok desembermánaðar ár hvert, en hann sendir alla upphæðina til biskups svo snemma, að fèð sè komið til hans fyrir synódus 10. dag júlím. næst á eptir.

Fè því, sem greiðist með árgjöldunum, skal skipt í tvo hluti jafnstóra; fá uppgjafaprestar annan helminginn en presta-ekkjurnar hinn.

Fènu skal skipt niður á synódus fundi.

8. grein,

Tilskipun þessi öðlast lagagildi 1. dag janúarm. 18

ÁSTÆÐUR fyrir frumvarpi þessu.

Eptir tilhlutun synódusar þess, er haldinn var í Reykjavík árið 1853 lét biskupinn yfir Íslandi semja brauðamatsgjörð yfir öll brauð á Íslandi; en síðar kom til synódusar, er haldinn var árið 1857, uppástunga um, að ákvarðanirnar í allrahæstu konungsbréfi, dags. 14. febrúarm. 1705, um árgjald af betri brauðunum til fátækra uppgjafapresta, yrðu numdar úr gildi og árgjald þetta eptirleiðis greitt eptir hinu nýja brauðamati. Synódus skipaði nefnd manna til að segja álit sitt um málið og var sú nefnd á sama

máli og uppástungumaður um það, að nauðsyn bæri til að breyta ákvörðunum þeim, sem eru í gildi um árgjald til uppgjafapresta, en stakk þar að auki upp á, að ákvörðunin í konungsbréfi 5. júní-mán. 1750 7. gr. um árgjald til fátækra presta-ekkna einnig yrði felld úr gildi, og að hvorttveggja þetta árgjald eptirleiðis yrði greitt í einu eptir öðrum mælikvarða en hingað til og skipt til jafnaðar milli uppgjafapresta og presta-ekkna. Þegar stiptsyfirvöldin síðan lögðu það til, að hin nýja brauðamatsgjörð fengi konunglega staðfesting, var einnig farið að skrifast á um þetta mál milli stiptsyfirvaldanna og kirkju- og kennslustjórnar, og varð mönnum það þá ljóst, að ekki þyrfti að eins að breyta hinum eldri ákvörðunum um árgjaldið til uppgjafapresta og presta-ekkna, heldur þyrfti og um leið að gjöra nýja skipun á um eptirlaun uppgjafapresta og presta-ekkna af brauðunum, og breyta reglunum um veiting brauðanna, svo að þetta kæmist í samhljóðun við hina nýju brauðamatsgjörð. Með því ýmsar af breytingum þeim, er fyrirhugað var að gjöra á hinum gildandi ákvörðunum, voru þess eðlis, að umboðsstjórnin eigi gat fyrirskipað þær, og réttast þótti þegar á allt var litið, að fyrirskipað væri með lagaboði um gjörvallt málefni þetta, sem er svo mikils umvarðandi fyrir prestastéttina á Íslandi, þá var stiptsyfirvöldunum á Íslandi boðið að semja lagafrumvarp, er hefði ákvarðanir um veiting brauðanna, eptirlaun presta og presta-ekkna og árgjald til fátækra uppgjafapresta og presta-ekkna, og bera það síðan undir álit synóðusar, en frumvarpið skyldi vera byggt á því, sem fram hafði farið í málinu milli stiptsyfirvaldanna og stjórnarráðsins. Frumvarp það, sem er hér að framan, er í öllum verulegum atriðum samhljóða lagafrumvarpi því, sem stiptsyfirvöldin eptir þessu hafa til bóúð.

Um hinar einstöku greinir frumvarpsins skulu gjörðar þessar athugasemdir:

Um 1. grein.

Eptir brauðamatsgjörðunum fyrir Skálholts stipti frá 1737 og fyrir Hóla stipti frá 1748 hefir brauðum á Íslandi hingað til verið skipt í þessa flokka:

1. Aðalbrauð, sem eptir greindum brauðamatsgjörðum gefa af sèr í tekjur meira en 100 rd. á ári.
2. Betri meðalbrauð frá 60—100 rd.
3. Meðalbrauð, frá 50—60 rd. og

4. Fátæk brauð undir 50 rd.

Þessi skipting brauðanna hefir eptir hinum gildandi ákvörðunum einkum þýðing að því, er snertir rétt presta-ekkna til eptirlauna af brauðunum, og það hvernig eptirlaun þeirra eru reiknuð, og einnig að því er snertir veiting brauðanna.

Þar eð lagafrumvarp það, sem hér er á undan, er byggt á sömu undirstöðu og hin eldri löggjöf að því, er snertir eptirlaun presta-ekkna og veiting brauðanna, þá er brauðunum samkvæmt uppástungu synódusar og stiptsyfirvaldanna í frumvarpinu skipt líkt og áður hefir verið í flokka, eptir því sem tekjur þeirra eru taldar í brauðamatsgjörðinni frá 1853 þannig: Aðalbrauð með 700 rd. tekjum og þar fram yfir, betri meðalbrauð með 500—700 rd., lakari meðalbrauð með 350—500 rd. tekjum, og fátæk brauð með minni tekjum en 350 rd. á ári.

Um 2. grein.

Eptir allrahæstum konungsbréfum frá 10. maím. 1737 og 29. janúarm. 1740 veitir hans hátign konungurinn aðalbrauðin, en þau eru: 1. Breiðibólstaður í Fljótshlíð, 2. Oddi á Rang-árvöllum, 3. Grenjaðarstaður, 4. Staðarstaður, 5. Hýtar-dalur og þar að auki eptir konungsbræfi 2. desemberm. 1791 6. Reykjavík. Hin brauðin veita þeir stiptamtmaður og byskup í sameining, sambr. konungsúrskurð 14. d. maím. 1850, þó svo, að ef brauðið er metið til 40 rd. eður þar fram yfir, þá skal fengið konungleg staðfesting upp á veitingarbréf það, er stiptsyfirvöldin hafa út gefið.

Eptir þessu er samkvæmt uppástungu synódusar og stiptsyfirvaldanna ákveðið í frumvarpinu, að hans hátign konungurinn veiti aðalbrauðin, sem eru eptir brauðamatsgjörðinni frá 1863 orðin 8 að tölu (með því Hof í Vopnafirði, Vestmannaeyjar og Garðar á Álptanesi, sem eru metin til 856 rd. 4 sk., 843 rd. 30 sk., og 701 rd. 59 sk., eru orðin aðalbrauð, en þar á móti er Staðarstaður, sem að eins er metinn til 562 rd. 2. sk., kominn í 2. flokk), en að stiptsyfirvöldin veiti betri og lakari meðalbrauðin að áskildri konunglegri staðfesting og fátæku brauðin án slíkrar staðfestingar.

Um 3. og 4. grein.

Með tilliti til eptirlauna uppgjafapresta hefir eptir fornri venju, sem byggð er á N. L. 2—14—1, verið farið þannig að, að prestur

sá, sem vill segja af sér sendir bænarskrá um það til hlutaðeigandi prófasts og biður um, að sér verði veitt eptirlaun af brauðinu; síðan kveður prófastur til tvo af prestunum í prófastsdæminu til að segja álit sitt um, hvort beiðandi hafi ástæðu til að beiðast lausnar fyrir elli sakir, heilsuleysis eða annars því um líks, og um það hversu há eptirlaun beri að veita honum af brauðinu svo að eigi sé gengið of nærri eptirmanni hans; að því búnu er málið lagt undir úrskurð stiptsyfirvaldanna. Eptir því, sem venja er til, eru eptirlaunin ákveðin til þriðjungs af hinum vissu tekjum brauðsins að minnsta kosti; en stundum eru þau látin vera hærri, einkum á betri brauðunum og þegar uppgjafapresturinn hefir verið merkur embættismaður.

Með því nú svo má ætla, að aðferð sú, sem hingað til hefir verið við höfð um ákvörðun eptirlauna þeirra, er uppgjafaprestar fá af brauðunum, eigi bezt við landshagi á Íslandi, þá hefir eigi virzt vera ástæða til að gjöra neina verulega breyting í því efni, heldur hafa einungis verið gjörðar nokkrar nákvæmari ákvarðanir um, hvernig eptirlaunin eigi að greiðast. Enn fremur skal þess getið, að eptir því sem venja er til, hefir að undan förnu hvorki verið með talinn ágóðinn af ábúðarjörð prestsins né borgun fyrir aukaverk, þegar ákveðin hafa verið eptirlaun uppgjafaprestsins. Það er nú einnig vitaskuld, að sá prestur, er brauðinu þjónar, á einn að fá borgun fyrir aukaverk. Hvað þar á móti snertir ágóðann af ábúðarjörð prestsins, þá hefir að vísu aður verið álit, að ekki ætti að telja hann með þegar eptirlaunin væru ákveðin. En það er þó athugasemjavegt, að opt er svo ástatt, einkum um meðalbrauðin, að arðurinn af bújörð prestsins, einkum þegar til hennar liggja hlunnindi, t. a. m. æðarfluglavar, trjáreki, selveiði m. m., er svo mikill, að hinar vissu tekjur af brauðinu eru lítils virði í samanburði við hann. Ef arðurinn af bújörðinni á slíkum brauðum ekki kæmi til greina, þá er ákveðin væru eptirlaun uppgjafaprestsins, yrðu þau engan veginn í réttu hlutfalli við hinar sönnu tekjur brauðsins. Þess vegna hefir verið tekin upp í frumvarpið ákvörðun um, að á öllum þeim brauðum, þar sem tekjurnar eru meiri en 350 rd., beri að telja með arðinn af bújörð prestsins, þegar ákveðin eru eptirlaun uppgjafaprests, en þar á móti ekki á þeim brauðum, sem minni eru að tekjum.

Um 5. grein.

Eptir allrahæstu konungsbréfi 5. júním. 1750 hafa einungis ekkjur eptir þá presta, sem þjónuðu brauðum, er í brauðamatsgjörðunum frá 1737 og 1748 voru metin til 50 rd., og þar fram yfir, þegar þeir dóu eður fengu lausn, rétt til að fá eptirlaun af brauðunum, þannig að ekkjunni er borgaður í eptirlaun af vissum tekjum aðalbrauða $\frac{1}{8}$, betri meðalbrauða $\frac{1}{10}$, og meðalbrauða $\frac{1}{12}$; þar að auki hefir hún rétt til að kjósa sér til ábúðar hverja þá kirkjujörð í brauðinu, sem henni þykir sér hagkvæmust og presturinn eigi þarf sjálfur að hafa not af, þannig að afgjaldið af jörðinni kemur upp í eptirlaunin. Í fátæku brauðunum hafa presta-ekkjurnar að eins rétt til að kjósa sér einhverja af jörðum brauðsins til ábúðar á móti því að svara prestinum hinu vanalega afgjaldi af henni.

Jafnvel þó sú grundvallarregla, sem ákvarðanirnar í greindu konungsbréfi eru byggðar á, að því leyti þar er svo fyrir mælt, að einungis ekkjurnar eptir presta í betri brauðunum hafi rétt til eptirlauna, varla geti álitizt sanngirni samkvæm, og það því síður, sem venjulega má ráð fyrir því gjöra, að ekkjur eptir presta í fátækustu brauðunum séu mest þurfandi, þá hafa eigi að síður þótt yfirgnæfandi ástæður til að halda þeirri reglu samkvæmt upp-ástungu synódusar og stiptsyfirvaldanna. Því tekjurnar af fátækustu brauðunum eru svo lítilfjörlegar, að óráðlegt má virðast að láta prestinn missa í nokkurs af þeim handa prestsekkju í brauðinu, er þá gæti hæglega svo til viljað, að enginn vildi sækja um þau brauð, einkum þar eð ekki hefir orðið hjá því komizt að láta uppgjafapresta í þeim brauðum hafa eptirlaun af brauðunum. Hér við bætist, að fyrir hlutdeild þá, er presta-ekkjurnar fá í árgjaldinu af brauðunum og það fjártillag, sem árlega er veitt úr ríkissjóðnum handa fátækum presta-ekkjum og börnum þeirra, fá ekkjurnar í fátækustu brauðunum fæstyrk, er hér um bil verður á borð við eptirlaun þau, er aðrar ekkjur hafa. Samkvæmt grundvallarreglunni í konungsbréfi 5. júním. 1750 hafa því eptirlaun ekknanna af aðalbrauðunum verið ákveðin til $\frac{1}{8}$, af betri meðalbrauðum til $\frac{1}{10}$ og af lakari meðalbrauðum til $\frac{1}{12}$ af hinum vissu tekjum brauðanna, en fátæku brauðin hafa verið undan þegin slíkum eptirlaunum.

Um það hvernig eptirlaunin skyldu greidd, þá hafa ákvarðanirnar í optnefndu konungsbréfi fyrrum verið þýddar á þann hátt,

að prestsekkjan að eins hefði rétt til að fá út borgað í peningum $\frac{1}{8}$, $\frac{1}{10}$ og $\frac{1}{12}$ af þeirri upphæð, sem tekjur brauðsins voru metnar til eptir brauðamatsgjörðunum frá 1737 og 1748, og þess vegna t. a. m. af 120 rd. brauði, 15 rd. af 80 rd. brauði, 8 rd. og af 56 rd. brauði 4 rd. 64 sk., smbr. konungsbréf 3. dag marzm. 1758, og kanselibréf 28. maím. 1803 og 25. aprilm. 1837. Þessi reikningsmáti, sem þó vart mun hafa komið almennt á í landinu, með því flestir prestar hafa borgað ekkjunum þann hluta, sem þeim í raun rétti bar af tekjum brauðsins, gjörir eptirlaun ekknanna að smámunum einum, og er ekki samkvæmur því, sem löggjöfin hefir til ætlað, þá er presta-ekkjum var veittur viss hluti af tekjum hinna betri brauða í eptirlaun; þess vegna er ákveðið í frumvarpinu, að eptirlaunin skuli greidd með $\frac{1}{8}$, $\frac{1}{10}$ og $\frac{1}{12}$ af hinum vissu tekjum brauðsins samkvæmt tilskipun 6. janúarm. 1847 5. gr. annaðhvort í landaurum eður með peningum eptir verðlagsskrá og eptir reikningi.

Með tilliti til þess, að svo er fyrir mælt, að tekjurnar af bújörð prestsins skuli taldar með, þegar eptirlaun presta-ekknanna eru ákveðin, skal skýrskotað til athugasemda þeirra, sem gjörðar eru við 3. gr. Eigi hefir þótt ástæða til að gjöra neina breyting á þeim rétti, sem konungsbréf 5. júním. 1750 1.—5. gr. veitir ekkjunni til að kjósa sér jörð til ábúðar, eins og frumvarp þetta eigi heldur raskar að neinu hinum öðrum ákvörðunum í greindu konungsbréfi, sem eru presta-ekkjum í hag. Eptir orðatiltækjunum í frumvarpi því, sem stiptsyfirvöldin sendu stjórninni, þykir vert að geta þess, að orðið «presta-ekkjur» í frumvarpi því, sem hér er á undan, á að skiljast ekki að eins um ekkjur eptir þá presta, sem deyja meðan þeir þjóna brauði, heldur og um ekkjur eptir þá presta, sem burtkallast eptir að þeir hafa fengið lausn. Orðið er í sjálfu sér svo skilmerkilegt að eigi virtist þörf á að hafa í frumvarpinu neina útskýring á því.

Um 6. grein.

Ákvarðanirnar í næstu grein hér á undan, samanborinni við 1. grein, gjöra sum part að verkum, að nokkur brauð, sem hingað til hafa verið laus við eptirlaun til presta-ekkna, eptirleiðis eiga að greiða slík eptirlaun, og sum part að nokkur brauð, sem hingað til hafa átt að greiða eptirlaun til presta-ekkna, eptirleiðis verða undan þegin þeirri skylda. Um hið fyrra tilfellið ber þess að geta

að þar eð lagaboðið ekki getur haft áhrif fram fyrir sig og það því einungis verður heimfært upp á þær presta-ekkjur, sem eptirleiðis verða ekkjur, þá leggur eigi tilskipun þessi þeim prestum, sem nú þjóna brauðum þessum, almennt á herðar neina skyldu til að greiða eptirlaun. Út af þessu verður þó að bregða, þegar uppgjafaprestur er í brauði og hann deyr eptir að lögin hafa fengið gildi og eptirlætur sèr ekkju; því hún fær þá rétt til eptirlauna af brauðinu. Samt sem áður virðist ekki ástæða til að gjöra undantekning frá hinni almennu reglu vegna þessa einstaka tilfellis, og það því síður, sem prestur sá, er lagaboðið þannig leggur á herðar byrði, er hann áður var laus við, fær fyrir konu sína tilkall til eptirlauna, er hann eigi áður hafði.

Hvað þar á móti hið síðar greinda tilfelli snertir, er annars sjaldan mun fyrir koma, þá verður að vísu að álíta það sjálfsagt, að ekkjur þær, sem þegar hafa öðlzt rétt til eptirlauna af brauðum þessum, skuli framvegis halda rétti þessum fyrir sig, og sama reglan virðist og eiga að gilda um konur þeirra presta, er nú hafa brauð þessi, með því þær þegar hafa fengið tilkall til eptirlauna af brauðinu undir eins og maður þeirra deyr; en þar eð þetta er undantekning frá reglum þeim, er annars eru settar í tilskipuninni, virtist nauðsynlegt að bæta við sérstaklegri ákvörðun um þetta, en slík ákvörðun er eigi í frumvarpi stiptyfirvaldanna.

Um 7. grein.

Ákvarðanir þær, er hingað til hafa verið í gildi um árgjald til uppgjafapresta, eru: konungsbréf frá 14. febrúarm. 1705, 7. maím. 1735, 16. febrúarm. 1748, 15. júním. 1774 og 1. maím. 1778. Í hinu fyrsta af konungsbréfum þessum var ákveðið, að af brauðum þeim, sem þar eru upp talin, skyldi greitt gjald til uppgjafapresta og skyldi það af hendi látið í landaurum, en upphæð þess var nákvæmar tiltekin fyrir hvert brauð út af fyrir sig. Síðar komst sú regla á, að gjaldið skyldi greitt í peningum, skyldi héraðsprófasturinn heimta það, og skyldi því síðan skipt á synóðus milli þurfandi og heiðarlegra uppgjafapresta.

Aðalákvörðunin um árgjald til presta-ekkna er í 7. grein í konungsbrèfi 5. júním. 1750 (smbr. konungsbrèfin 3. marzm. 1758, 15. júním. 1774 og 2. desemberm. 1791) sem skipar svo fyrir, að af aðalbrauðunum skuli greiddur 1 rd. species til fátækra presta-ekkna, af betri meðalbrauðum 4 mrk., af lakari meðalbrauð-

um 3 mrk., og af þeim brauðum, sem eru metin til 30—40 rd. 2 mrk.

Því verður eigi neitað, að þetta gjald til uppgjafapresta og presta-ekkna, eins og það er nú greitt, er allt of lítið, þar sem það er að eins 109 rd. 32 sk. handa uppgjafaprestunum og 49 rd. 12 sk. handa presta-ekkjum, og að það að minnsta kosti er miklu miuna en löggjöfin hefir til ætlazt, vegna þess hversu hlutfallið hefir breytt millum peninga og landaura, og einnig að gjaldið kemur misjafnt niður á brauðin eptir gæðum þeirra og loksins, að sá hlutinn af gjaldinu, sem presta-ekkjurnar hljóta, er að tiltölu of lítill, einkum þar eð þær ekki hafa rétt til eptirlauna af minnstu brauðunum; þess vegna hefir virzt vera nauðsyn á að nema úr gildi hinar eldri ákvarðanir um árgjaldið af brauðunum og skipa fyrir um það eptir öðrum mælikvarða byggðum á brauðamatsgjörðinni frá 1853, og svo skipta því jafnt í tvo staði milli uppgjafapresta og presta-ekkna.

Með tilliti til þess mælikvarða, sem fyrir skipaður er í þessari grein um borgun árgjaldsins, skal þess að eins getið, að allt árgjaldið til samans eptir honum verður hér um bil 380 rd., og að þar sem þau brauð, sem gefa minna af sér í árstekjur en 150 rd., hafa verið undan þegin gjaldi þessu, þá er sú ákvörðun byggð á því, að sérhvert brauð, sem er svo tekjurýrt, að það ekki veitir prestunum sæmilegt viðurværi, ætti að vera laust við sérhvert gjald í greindum tilgangi, hversu lítið sem það svo væri.

Um 8. grein.

Það er gjört ráð fyrir, að brauðamatsgjörðin frá 1853 yrði lögð fyrir konung til allrahæstrar staðfestingar um leið og tilskipunin. En það kynni þó að vera réttast að láta ekki tilskipunina fá gildi fyrri en nokkru síðar, t. a. m. 1. dag janúarm. 1867.

XI. Frumvarp

til

tilskipunar um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

1. grein.

Lögreglustjórar og hreppstjórar skulu, hver um sig í því umdæmi, sem hann er settur yfir, vandlega gefa gætur að, hvort fjárkláði eður önnur næm fjárveikindi gjöri þar vart við sig. Þeir eiga því svo opt, sem ástæða virðist til þess vera, einkum á vorin áður en fê er hleypt á fjall, að láta fram fara almenna rannsókn fjárins svo víða sem nauðsynlegt þykir.

2. grein.

Amtmanni skal á hendur falið eptir uppástungum lögreglustjórans, að kveðja til hæfilega menn í hverjum hrepp, hreppstjórum til aðstoðar, bæði í því að komast að raun um heilbrigðisástand fjárins, og eins í því að framkvæma þær ráðstafanir, sem gjöra þarf. Ef slíkir menn ekki fást innanhrepps má kveðja til þess menn úr öðrum hrepp eður annari sýslu. Aðstoðarmenn þessir og hreppstjórnir eiga tafarlaust að gefa lögreglustjóranum til vitundar, ef eitthvað það kemur fyrir, sem vekur grun um slíkan sjúkdóm, sem í 1. grein er um rætt.

3. grein.

Hreppstjórnir og aðstoðarmenn þeirra skulu af jafnaðarsjóði amtsins, eptir því sem amtmaður gjör ákveður, fá hæfilega borgun fyrir störf þau, er þeir eptir áður sögðu eiga að gegna, að því leyti þau hafa í för með sér verkfall og ferðalög frá heimilum þeirra.

4. grein.

Ef vart verður slíkrar veiki sem að ofan er um rætt, skulu hreppstjórar og aðstoðarmenn þeirra sjá um, að hið sjúka fê verði

þegar í stað stranglega aðskilið frá heilbrigðu fæ; svo skal og því fæ haldið sér, sem líkindi eru til að veiki kunni að dyljast í, unz grunlaust er. Hreppstjóri skal þegar skýra lögreglustjóranum frá því, sem gjört hefir verið, og skal þá lögreglustjóri gjöra þær ráðstafanir, sem þörf er á.

5. grein.

Sýni lögreglustjóri, hreppstjóri eður aðstoðarmenn af sér nokkurt hirðuleysi eður vanrækt á þeim skyldum, sem ofangreindar ákvarðanir leggja þeim á herðar, skulu þeir bera af því ábyrgð til sekta eptir úrskurði amtmanns.

6. grein.

Eigandi þess fjár, sem sjúkt er eður grunað, skal skyldur að fara nákvæmlega eptir reglum þeim, sem honum verða fyrirskipaðar um aðskilnað á því, lækningar og aðra meðferð.

Kostnaðinn til þessa borgar eigandi; þar á móti skal kostnað þann, er eptirlitið af hálfu hins opinbera hefir í för með sér, greiða eptir reglum þeim, er settar eru í 3. grein.

7. grein.

Nú sýnir eigandi annað hvort óhlýðni eður hirðuleysi í því að gegna skyldum þeim, sem á honum hvíla eptir næstu grein á undan, þá skal hann sæta sektum allt að 20 rd. og skal lögreglustjóri láta framkvæma það, sem nauðsyn krefur, á kostnað eiganda, og má gjöra fjárnám hjá honum fyrir kostnaðinum eptir úrskurði amtmanns. Ef slík atvik eru fyrir hendi, að grunur sé á, að hlutaðeigandi ætli að skjóta eigum sínum undan fjárnáminu, þá má kyrrsetja þær eður svo mikið af þeim, sem þarf til að borga með áfallinn kostnað. Ef eigi fæst full borgun, þá skal skjóta til því sem vantar, úr jafnaðarsjóði amtsins; svo skal og kostnaðurinn greiddur úr þeim sjóði ef það er efnaleysi eiganda að kenna, að hið opinbera verður að framkvæma þær ráðstafanir, sem þörf er á.

ÁSTÆÐUR fyrir frumvarpi þessu.

Frá konungsfulltrúa á hinu síðasta alþingi hefir stjórnin með-

tekið þegnlegt álitsskjal þingsins, dagsett 17. d. ágústm. 1863, um frumvarp, er fyrir þingið var lagt, til tilskipunar um eptirlit lögreglustjórnarinnar m. m. með fjárkláða og öðrum næmum fjárveikindum á Íslandi. Alþingi hefir þar ýtarlega útlistað, hvers vegna það ekki hafi getað fallizt á frumvarpið, nema því að eins að á því væri gjörðar ýmsar verulegar breytingar, og að því hafi þótt ástæða til að búa til nýtt frumvarp, sem það bað um að yrði gjört að lögum.

Eptir að frumvarp þingsins og ástæðurnar fyrir því hafði verið tekið til yfirvegunar, hlaut stjórnin að komast að þeirri niðurstöðu, að ísjárvert væri að fallast á ýmsar uppástungur, er þar eru gjörðar, og hefir þessi skoðun á málinu enn fremur styrkt við álitsskjal, er um það hefir fengið verið frá dýralækningaráðinu, og mun síðar verða gjör skýrt frá efni þess; og með því ráð mátti fyrir því gjöra, eptir því sem sagt er í álitsskjali þingsins, að breytingar þær, er gjöra þurfti við frumvarp alþingis, verði álitnar verulegar, þá hafa þótt vera yfirgnæfandi ástæður til til að bera málefni þetta á ný undir álit alþingis; hefir því frumvarp það, sem hér er að framan, verið samið í dómsmálastjórninni, og er þar leitast við svo sem unnt er að nálgast tillögur þingsins, en á hinn bóginn hefir verið sleppt þeim af uppástungum þingsins, sem stjórnin með engu móti gat fallizt á.

Um hinar einstöku greinir frumvarpsins skulu því næst gjörðar þessar athugasemdir:

Um 1. grein.

Það hefir virzt eiga betur við að skipta í þrjár sérstakar greinir ákvörðunum þeim, sem eru í 1. grein í frumvarpi alþingis.

Fyrri kafli þessarar greinar er samhljóða 1. grein í hinu eldra frumvarpi stjórnarinnar, sem alþingi að því leyti féllst á, þó með þeirri breyting, að setja skyldi sýslumann í staðinn fyrir lögreglustjóra bæði hér og annarstaðar í frumvarpinu. En þessa breyting gat ekki stjórnin fallizt á, því ákvarðanirnar í frumvarpinu eiga ekki að eins við um sýslurnar á Íslandi heldur og um kaupstaðina. Þegar nú orðið lögreglustjóri er haft óbreytt, verður 7. grein í frumvarpi alþingis óþörf; því tilgangurinn með þá grein var að ákveða, að tilskipunin einnig skyldi gilda í Reykjavík, en þar á móti var engin slík ákvörðun um kaupstaðinn Akureyri.

Dýralækningaráðið hefir í áður greindu álitsskjali sínu getið

þess, að í fyrri kafla 6. greinar í frumvarpi alþingis sýnist vera svo ráð fyrir gjört (smbr. orðin: «en því næst skal safna öll heiðarlönd» o. s. frv.) að fram skuli fara á vissum tímum rannsókn fjárins í öllum heiðarlöndum héraðsins vegna næmrar fjársýki, en að ákvörðun um þetta sé býsna óþörf með því heimild sú, sem til þessa þurfi, sé veitt í 1. grein í hinu eldra frumvarpi stjórnarinnar, og að minnsta kosti mætti hafa í lögnum almenna ákvörðun, er veitti lögreglustjórninni vald til að láta fram fara rannsókn svo víða sem þurfa þætti, og að þar við mætti bæta ákvörðun um, að lögreglustjórnin skyldi hafa vald eður skyldu til að láta rannsaka heilbrigðisástand fjárins áður en því er hleypt á fjall; því eptir öðrum ákvörðunum frumvarpsins beri að halda sjúku og grunuðu fè frá afrétti. Þá ákvörðun, er dýralækningaráðið þannig hefir stungið upp á, hefir þótt við eiga að taka upp í þessa grein frumvarpsins.

Um 2. grein.

Grein þessi er samkvæm uppástungu alþingis í 1. grein í frumvarpi þess, og virtist ekkert geta verið því til fyrirstöðu að fallast á uppástungur þær, sem þingið þar hefir gjört um, hvernig þeir menn skuli skipaðir, sem kvaddir yrðu til að vera aðstoðarmenn hreppstjóranna.

Um 3. grein.

Samkvæmt uppástungu alþingis er hér sett bein ákvörðun um, að hreppstjórnir og aðstoðarmenn þeirra skuli fá borgun fyrir starfa sinn, en fyrir þessu var einnig heimild í 3. grein í hinu eldra frumvarpi stjórnarinnar. Þar að auki er bætt við ákvörðun um, að hlutaðeigandi amtmaður skuli ákveða borgunina.

Um 4. grein.

Þessi grein er samhljóða 2. gr. í hinu eldra frumvarpi stjórnarinnar.

Um ástæðuna til þess, að greinin er tekin hér óbreytt, og að sleppt er 3. grein í frumvarpi alþingis, skulu gjörðar þessar at-hugasemdir:

Í álitsskjali því, sem fyrr er getið, hefir dýralækningaráðið tekið fram, að ógjörningur sé, svo sem alþingi hafi leitast við í 3. grein, að ákveða, hve nær álita skuli fè grunað fyrir næma sýki,

án þess tekið sæ sérstaklega til greina, hvert ein skepnan geti orðið veik af annari þó þær komi ekki saman, eður að eins þegar þær hafa samgöngur; eigi hið síðara sér stað um fjárkláða, miltisbólgu og fleiri veikindi, en ekki um fjárbólu, illakynjaða klaufaveiki og önnur veikindi, sem geti útbreitt á lengdar. Fyrir þessa sök ræður dýralækningaráðið frá að hafa í lagaboðinu þessa ákvörðun: »hefir haft samgöngur við«, og hið sama er að segja um ákvörðun þá, er þingið hafði stungið upp á um, að fè, sem hefir haft samgöngur við grunað fè, skuli álítast sem grunað; því auk þess, að sú lýsing sem hér er á hugmyndinni »grunað fè« (allt það fè, er grunað sem hefir haft samgöngur við sjúkt fè eður grunað) er endalaus, þá gæti slík ákvörðun einnig leitt til þess, að ekkert fè yrði eptir ógrunað á stóru svæði. Enn fremur er hið sama að segja um það 12 mánaða tímabil, sem ákveðið er í grein þessari, að fè skyldi álíta grunað; því ekkert af þeim næmu sjúkdómsefnum, sem menn þekkja, er svo lengi að búa um sig þangað til sýkin brýzt út, og hinn lengsti tími, sem í þessu tilliti á að koma til greina, er eitt missiri, en aptur eru ýmsir næmir sjúkdómar þess eðlis, að meir en nóg er að hafa gát á þeim helming þessa tíma (þrjá mánuði) og á sumum jafnvel að eins 4 til 6 vikur, og væri það því öldungis rangt að ákveða í lagaboðinu hinn sama aðskilnaðartíma vegna alls konar næmra sjúkdóma. Þar á móti álítur dýralækningaráðið, að 2. grein í hinu eldra frumvarpi stjórnarinnar hafi hitt hið rétta, þar sem ákveðið er, að því fè, sem líkindi eru til að veikindi kunni að dyljast í, skuli haldið sér unz grunlaust er, með því frumvarpið ekki eigi að hafa aðrar ákvarðanir, en þær, sem heimfæra má upp á alls konar næm veikindi á sauðfè.

Um 5. grein.

Ákvörðun sú, sem er í þessari grein, er tekin eptir 2. kafla 2. greinar í frumvarpi alþingis, og þótti réttast að láta ákvörðunina vera grein út af fyrir sig.

Um 6. grein.

Að lítilfjörlegri orðabreyting undanskildri er grein þessi samhljóða 3. grein í hinu eldra frumvarpi stjórnarinnar. Alþingi hefir fallizt á fyrri kafla greinarinnar, og er sú ákvörðun í 4. grein í frumvarpi þingsins. Þar á móti hafði alþingi stungið upp á, að

ákvörðun þeirri, sem er í síðari kafla greinar þessarar, og sem lýtur að því, að allur sá kostnaður, er leiðir af eptirliti með sjúkdóminum af hálfu hins opinbera, skuli greiddur úr jafnaðarsjóði hlutaðeigandi amts, yrði breytt þannig, að einungis kostnaður sá, er hin upprunalega rannsókn eður undirbúningsrannsóknin hefði í för með sér, skyldi borgaður úr greindum sjóði, en þar á móti skyldi fjáreigandi sjálfur borga kostnaðinn við allt seinna eptirlit. En þessi uppástunga virtist eigi verða til greina tekin; því bæði er það, að það er í sjálfu sér eðlilegast, að kostnaðurinn við allt það eptirlit, sem haft er eptir tilhlutun hins opinbera og í þess lag, sè borgaður úr almennum sjóði (sbr. lög 29. desemberm. 1857 13. gr.), eins og einnig hingað til hefir tíðkast á Íslandi, enda mundi það og verða allt of tilfínnanlegt fyrir fjáreigandann, sem opt er efnalitill, að borga kostnaðinn við það eptirlit, sem haldið væri áfram að við hafa af hálfu hins opinbera, auk þess kostnaðar, er aðskilnaður fjárins, lækningar og önnur meðferð þess hefði í för með sér. Að vísu hefir konungsfulltrúi stungið upp á að láta sveitirnar greiða kostnað þenna, en það virðist eigi tiltækilegt; því ef gjöld þessi, eins og konungsfulltrúi heldur, stundum geta orðið þungbær fyrir jafnaðarsjóðina, þá virðist enginn efi geta verið á því, að þau verði enn tilfínnanlegri fyrir hreppana, sem opt eru mjög fátækir. Við þetta bætist, að ef fallið væri á, að greiða skyldi kostnaðinn á þenna hátt, vantaði ákvörðun um, hvernig jafna ætti kostnaðinum á sveitirnar, þar eð ekki er til neinn almennur sveitarsjóður, heldur einungis fátækra-sjóður, og hann mundi að öllum jafnaði vanta efni til að borga slík aukagjöld. Loksins verður eigi sèð, að næg ástæða sè til að skipta kostnaði þeim, sem hèr er um rætt, á þann hátt, sem konungsfulltrúi hefir stungið upp á, þannig að láta jafnaðarsjóðina borga kostnaðinn til þeirra manna, sem falið yrði á hendur að sjá um böðun á sjúku og grunuðu fè, en hreppana allan annan kostnað; því það er vitaskuld, að fjáreigandi á að borga böðunina og sjálfar lækningarnar, en hið opinbera hefir að eins eptirlit með að þetta fari vel og haganlega fram.

Um 7. grein.

Grein þessi samsvarar 4. grein í hinu eldri frumvarpi stjórnarinnar og 5. grein í frumvarpi alþingis. Þingið stakk upp á, að tekin væri upp í greinina ákvörðun um, að þegar fjáreigandi hefði

gjört sig beran að óhlýðni eður hirðuleysi í þessu tilliti, þá skyldi sýslumaður eptir úrskurði fyrir lögreglurétti mega kyrrsetja eigur hans samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 14. gr. í tilsk. 24. d. janúarm. 1838; en með því ekki ber að við hafa kyrrsetning sem almennt þvingunarmeðal, heldur einungis þegar sérstakleg atvik eru fyrir hendi, sem gjöra það sennilegt, að hlutaðeigandi ætli að reyna að skjóta eigum sínum undan fjárnáminu. Uppástungu þingsins hefir því verið breytt þessu samkvæmt.

Niðurlagsákvörðunin í 4. grein í hinu eldra frumvarpi stjórnarinnar er þannig hljóðandi: »svo skal og kostnaður þessi greiddur úr þeim sjóði (jafnaðarsjóðnum) ef það er efnaleysi eiganda að kenna, að hið opinbera verður að framkvæma þær ráðstafanir, sem þörf er á.» Þessari ákvörðun hefir nú alþingi sleppt úr frumvarpi sínu án þess að tilgreina neina ástæðu fyrir, en þar eð hún er í samhljóðun við hið undangengna en snertir þó annað tilfelli, þá virtist ekki vera næg ástæða til að fella hana úr.

Að endingu skal því við bætt, að eins og ákvörðunin í fyrri kafla 6. greinar í frumvarpi alþingis um heimavöktun á sjúku og grunuðu fè í maí og júnímánuði er úr felld sem óþörf, með því það er vitaskuld eptir 2. grein frumvarps þess, sem hér er að framan, að sjúku og grunuðu fè skal haldið stranglega aðskildu (í fulltryggri vöktun) eigi síður þá mánuði, sem hér eru nefndir, en á öðrum tímum ársins, þannig hefir eigi heldur orðið fallizt á að taka upp í frumvarp þetta ákvörðun þá, sem þingið hafði stungið upp á í greininni um að skipa stöðugan vörð á takmörkunum milli héraðanna; hefir dýralækningaráðið fastlega ráðið frá þeirri ákvörðun, bæði af því, að hún væri óþörf, og af því, að fjárverðir sjaldan verði skipaðir svo tryggilega, að þeir svari tilgangi sínum, enda yrði og kostnaðurinn við þá svo mikill, að hann stæði ekki í neinu samsvarandi hlutfalli við gagn það, er að þeim gæti orðið.

BÆNARSKRÁ

úr Þingeyjarsýslu um *gufuskipsferðir* umhverfis landið.

Vér Þingeyingar sendum til alþingis sumarið 1863 bænarskrá þess efnis, að hið heiðraða þing skyldi biðja hans hátign konung vorn að sjá svo um, að gufubátaferðir kæmist á með fram ströndum Íslands, til að flytja ferðamenn, vörur og póstréf milli helztu hafna á landinu, þar eð vér álitum þetta eitt hið heillavænlegasta ráð þjóð vorri og ættjörðu til framfara. Þessu máli var líka gefinn góður rómur á þinginu, og þingmenn gjörðu sér allt far um að skýra málið og fá því framgengt; en síðan hefir þess eigi orðið vart, að stjórnin hafi neitt verulegt gjört í máli þessu.

Nú með því vér erum enn á þeirri skoðun, að Ísland megi eigi fara á mis við, að fá máli þessu fram gengt, ef landinu á, að verða auðið nokkurra töluverðra framfara, þá álitum vér, að þjóð vor og þing ætti að verða samtaka og leggja fram alla krapta sína til að auka og efla samgöngurnar innanlands með því að koma á reglubundnum gufuskipsferðum milli allra helztu hafna á landinu. En það hyggjum vér, að réttast væri fyrst í stað, að fá til þessara innlendu pótskipsferða fremur lítið gufuskip, er gengi umhverfis landið á sumrum, meðan fært er fyrir ísum og óveðrum, og ætlum vér, að allan þann tíma mætti spara aðrar pótsferðir um landið; en hvort sem tími þessi yrði ákveðinn lengri eða skemmri, þá hljóta ferðir skipsins að vera svo tíðar og reglubundnar sem framast má auðið verða, ef þeirra eiga að verða full not, og farareyrir og flutningskaup með skipinu svo lágt og sanngjarnlega ákveðið sem verða má.

Eins og til orða kom á síðasta alþingi, ætlum vér að á skipi þessu ætti að vera maður, er hefði konunglegt umboð til að líta eptir, að útlend fiskiskip veiddi eigi í fiskhelgi landsins, og virðist oss þá haganlegast, að hann væri um leið yfirmaður skipsins og sjóforingi (Söofficeer) úr skipaliði konungs; mundi þetta fyrirkomulag eigi kosta mjög mikið fè, en notin verða engu minni en

þó kostað væri til að hafa hér herskip á sumrum til að gefa gætur að því, að útlendir fiskimenn veiddi eigi fisk á miðum þeim, er landið getur löglega helgað sér.

Að síðustu álitum vör sjálfsagt, til þess að not hinna innlendu gufuskipsferða yrði fullkomin, að þær þyrfti að standa í haganlegu sambandi við gufuskipsferðirnar milli Reykjavíkur og útlanda, þannig, að þegar gufuskiptið kemur frá útlöndum til Reykjavíkur, væri hitt þar fyrir tilbúið að byrja ferð sína kringum landið.

Af framanskriðuðum ástæðum leyfum vör oss að senda alþingi voru, því er haldið verður í sumar, þá ósk og beiðni vora:

1. Að hið heiðraða þing beri þá allraþegnsamlegustu bæn fram fyrir hans hátign konung vörn, að hann bjóði stjórn sinni að annast um, að hæfilega stórt og hentugt gufuskip verði hið allrabráðasta fengið til að ganga sem pósts- skip umhverfis Ísland, allan þann hluta ársins, sem fært er fyrir ísum og óveðrum.
2. Að skip þetta flytji ferðamenn, vörur og póstræf milli allra helztu hafna á landinu gegn fast-ákveðnu sanngjörnu verði.
3. Að yfir gufuskip það, er til þess verður haft, sé settur sjóforingi, sem hafi konunglegt umboð til að gæta þess jafnframt, að útlend fiskiskip veiði eigi í fiskhelgi landsins.
4. Að þessar innlendu gufuskipsferðir verði settar í náið og haganlegt samband við gufuskipsferðir milli Reykjavíkur og útlanda.

Á héraðsfundi í Suður-Þingeyjarsýslu að Arndísarstöðum 9. júní mánaðar 1865.

(18 nöfn). Nefnd sett.

BÆNARSKRÁ

úr Barðastrandarsýslu um lagaskóla á Íslandi.

Í konunglegri auglýsingu til alþingis dags. 8. júní 1863 hefir hans hátign konungurinn lýst því yfir, að það sé ósk hans hátignar, að láta að þegnlegri bæn alþingis, um stofnun kennslu-

skóla handa lögfræðinga-efnum á Íslandi. Samkvæmt þessu heit-yrði konungs hefir kirkju- og kennslustjórnin með bréfi til stipt-
amtmannsins yfir Íslandi, dags. 28. febrúar 1863, sent málið til
álíta dómendanna í yfirdóminum og stiptsyfirvaldanna, og látið bréfi
þessu fylgja undirstöðu-atriði um fyrirkomulag á nefndum skóla.

Það má fullyrða, að þessar mildu undirtektir konungs og
stjórnarráða hans undir þetta áhugamál þingsins og þjóðarinnar
hafa vakið hinar gleðrikustu vonir um skjót og heppileg afdrif
þessa málefnis, eins og vèr líka erum sannfærðir um, að hverjum
Íslendingi hljóti að falla þær uppástungur um fyrirkomulag skól-
ans, sem komið hafa frá hendi kirkju- og kennslustjórnarinnar,
svo vel í geð, að þar sè litlu eða engu við að bæta eða breyta;
en þótt það nú því megi álíta víst, að bæði konungur og stjórn
og hin íslenzka þjóð og þing hafi verið einhuga um að fá þetta
mikilsvarðandi málefni til lykta leitt á hinn bezta hátt, þá bíður þó
mál þetta enn þá hinna síðustu úrslita sinna, svo að skóli þessi
enn þá ekki er settur á stofn.

Af því sem fyrr hefir verið talið, verðum vèr þá að ætla, að
hið eina, sem hingað til hefir hamlað stofnun kennsluskólans, eins
og líka bent er til í hinu fyrrnefnda bréfi kirkju- og kennslustjórn-
arinnar, sè kostnaður sá, er skólinn hefir í för með sèr, — en
þar eð oss virðist, að kostnaður þessi, eins og hann er ákveðinn
í optnefndu bréfi kirkju- og kennslustjórnarinnar sè svo litilfjór-
legur í samanburði við hina mikilvægu þýðingu og nytsemi stofn-
unar þessarar fyrir þetta land, þá viljum vèr fyrir hvern mun, að
þetta atriði ekki verði það sker, sem málefni þetta nú strandar á,
og viljum vèr því hèr með leyfa oss, að bera fram þá bæn vora
fyrir alþingi:

1. Að þingið nú semji bænarskrá til konungs um, að kennslu-
skóli handa lögfræðinga-efnum á Íslandi verði sem fyrst
settur á stofn, samkvæmt konunglegri auglýsingu til al-
þingis frá 8. júní 1863, og bréfi kirkju- og kennslustjórn-
arinnar frá 28. desember sama ár, og því með fylgjandi
undirstöðu-atriði um fyrirkomulag á nefndum skóla — og
ef mögulegt er, ekki síðar en á næstkomandi vori, og að
kostnaður sá, er skólinn hefir í för með sèr, verði að
minnsta kosti til bráðabyrgða og þar til fjárhagsmálefni
Íslands er komið í kring borgaður af ríkissjóðnum. — En
2. Skyldi, mót von, bæn þeirri ekki verða, einhverra orsaka

vegna, framgengt, að kostnaðurinn til stofnunar kennslu-
skólans fengist greiddur á fyrrnefndan hátt, að alþingi
þá vildi leggja það til, að hann verði greiddur, að minnsta
kosti til bráðabyrgða, úr einhverjum sjóði landsins.

Á fundi að Kollabúðum, 14. dag júním. 1865.

Br. Benidictsen,
forseti.

M. Jónsson,
skrifari.

BÆNARSKRÁ

úr Suður-Píngeyjarsýslu um *jarða úttektir*.

Það munu flestir játa, að æskilegt væri, að bæjabyggingar væru
betri og haganlegri, en þær nú eru víða hvar hér á landi; en vör
óttumst fyrir, að þeim verði eigi þeirra framfara auðið, sem vör
bæði vildum óska og getum með sanngirni ætlazt til, meðan vör
höfum eigi aðrar laga-ákvarðanir um úttektir jarða, en þær, sem
nú eru gildandi og gilt hafa um margar aldir, og á meðan sú venja
við helzt, sem nú er almenn. Til þessa ber einkum tvo hluti:
Fyrst er það, að höfuðreglan við úttektirnar er sú, að meta hvert
jarðarhús þannig, að það sé *stæðilegt* og í *sama ástundi* og það
var áður fyrir svo löngum tíma, sem menn hafa sögur af því; er
því eins og lögin og venjan leggist á eitt að hvetja til, að húsa-
byggingar skuli sífellt vera jafn ófullkomnar eins og fyrir mörgum
hundruðum ára, svo æskilegt, sem það er þó, að hvötin væri til
hins gagnstæða. Í annan máta er það, að þó svo sé kallað, að á-
lagið á húsin sé nóg til að bæta gallana á þeim, þá er það þó
sjaldan meira en helmingur þess verðs, er þyrfti, ef daglaunamenn
væru leigðir til að byggja húsin; álitur því hver ábúandi hag, að
byggja eigi nema sem allraminnst, en svara heldur álaginu; dregst
svo byggingin um ábúðartíð hvers leiguliða eptir annan þangað til
húsin geta eigi lengur staðið, eður þar til einhver kemur sá að
jörðunni, sem hefir mannúð og efni á að byggja þau upp, sjálf-
sagt að mestu leyti af eigin efnum, því lítilla launa er að vænta,
þó hann byggi betri hús og meiri, en þau áður voru.

Af þessum ástæðum álitum vèr hina mestu nauðsyn bera til að fá laga-ákvarðanir, er kæmu sem mest í veg fyrir það, að hirðuleysinginn hefði hag af slóðaskap sínum og skaðinn, sem hann gjörir, kæmi allur og eingöngu niður á hinum veglynda, er byggir sómasamlega bæ sínu.

Oss virðist, að koma mætti að nokkru leyti í veg fyrir hvorttveggja þetta, ef úttektirnar væru þannig: að gjört væri álag á jarðarhúsin svo mikið, að það nægði til að byggja þau upp í sama ástandi og þau áður voru í, en síðan væri aptur bætt við svo miklu sem álitist þurfa til að byggja húsið *fullkomlega* vel. Fè því, er þannig væri bætt við álagið, skyldi svo aptur jafna niður á tiltekið tímabil svo leiðis, að viss hluti þess kæmi á vissa áratölu, svo að sá leiguliði, er minna bætti húsin, en honum var skylt að gjöra um ábúðartið sína, greiði borgun fyrir það, auk hins venjulega álags; og að hinn, er meira byggir en hann var skyldur til, fái að sínu leyti eins fullt endurgjald fyrir það hjá þeim, er tekur jörðina eptir hann, eður hjá landsdrottni. Með þessum hætti gæti byggingunum munað nokkuð áfram til bóta og á hinn bóginn yrði komið í veg fyrir það, að bygginga kostnaðurinn kæmi á einn mann; því væri hið áður nefnda tímabil 30 ár, eins og vèr álitum hæfilegt, þá yrði það sjaldgæft, að kostnaðurinn allur félli á einn ábúanda.

Nú getur það að horið, að sumir landsdrottinnar krefðust þess, að byggingarnar væru svo góðar, að þær yrðu leiguliðum of kostnaðarsamar, og aptur að aðrir landsdrottinnar yrðu um of nægjusamir í því efni. Sama getur einnig hent úttektarmenn, og getur þetta allt valdið miklum ójöfmuði. Það getur líka opt komið fyrir, og víða átt sér stað, að laga-ákvarðanir í þessu máli gætu eigi orðið framkvæmdar fyrri en eptir langan tíma frá því, þær yrðu gildandi, ef eigi ætti að fullnægja þeim fyrri, en við ábúanda skipti, og seinkaði það framförum bygginganna um of, þar sem sama ábúðin héldist lengi á einni jörðu, og þar við bættist hinn fyrr nefndi 30 ára frestur, sem vèr höfum stungið upp á, til að koma byggingunum í viðunanlegt horf.

Til þess að koma í veg fyrir allt þetta, virðist oss nauðsynlegt, að nefnd manna yrði sett í hverjum hrepp hið allra fyrsta, og skyldi hún skoða og skrifa upp stærð og ásigkomulag allra jarðarhúsa á hverri jörðu í sveitinni, eins og venjulegt er við úttektir; hún skyldi þá einnig í fyrsta lagi meta jarðarhúsin, eins og

þau koma fyrir, til peningaverðs, í öðru lagi meta álag á þau eptir reglum þeim, sem fylgt hefir verið að undan föruu, í þriðja lagi meta til peningaverðs, hve mikið húsin kostuðu, ef þau væru vel byggð að nýju, og í fjórða lagi jafna niður á hina tilteknu áratölu þeirri leiguliðabót, er þyrfti fram yfir álagið til að byggja húsin vel upp.

Vér viljum leyfa oss, að setja hér fram dæmi til skýringar hugmynd vorri um þetta efni. Húsamatsnefndin skyldi á einni jörð meta öll jarðarhús, eins og þau þá eru, 200 rd. virði, þar næst skyldi hún meta álagið eptir vanalegum reglum 50 rd., en slík hús, jöfn að tölu og stærð, ef þau væru ný og vel byggð, skyldi hún meta 400 rd. virði; vantar þá til að koma byggingunum í lag 150 rd., er jafnast niður á 30 ár, og verður þannig hin nýja leiguliðabót 5 rd. á ári fyrir þessa jörð. Gætu nú laga-á-kvarðanir um þetta efni komizt í kring á eigi mjög löngum tíma, svo húsamatsnefndirnar hefðu allar lokið starfa sínum eigi síðar en árið 1870, þá vonum vér, að bæjabyggingar á landi voru yrði komnar í sæmilegt horf í endalok þessarar aldar.

Oss virðist, að kostnaðurinn til húsabótanna verði eingöngu að koma á ábúendurjarðanna, og jafnt hvort sem þeir eru að eins leiguliðar, eður jafnframt eigendur ábylisjarða sinna. En laun handa húsamatsnefndinni sjáum vér eigi að verði tekin annarstaðar frá, en af eigendum jarðanna og öðrum þeim, er afgjaldsins njóta, á sama hátt eins og þeir báru kostnaðinn við hið síðasta jarðamat.

Þó svo kunni sumum að virðast, að landsdrottnum sè með þessu nokkuð íþyngt, þá kemur þó margfalt meiri kostnaður á landseta með byggingunum; það var og í fyrstu skylda landsdrottna, að bera nokkuð af kostnaði þeim, sem leiddi af bæjarbyggingunum, þegar þeir voru «skyldir að leggja við til, til að halda húsum uppi»; auk þess sem það er ekki meira en sanngjarnt og eðlilegt, að landsdrottinn vinni nokkuð til, að eignir þeirra sèu bættar, og hver beri kostnaðinn með öðrum í svo umvarðandi mál-efni. En til þess að gjöra þeim, er njóta afgjalds af opinberum eignum — einkum prestum — þessa byrði léttari, stingum vér upp á, að fè það, er þarf til að meta húsin á kirkju-eignunum, verði borgað fyrir fram af opinberum sjóði, en endurgoldið aptur af þeim, er afgjaldsins, njóta eptir því sem tala rennur til á 30 árum.

Þar sem vér þekkjum til vitum vér eigi til, að úttektir nái

yfir annað, en jarðarhúsin, kúgildi og aðra innstæðu, er fylgir jörðu hverri, en eigi yfir skemmdir þær, er verða af mannavöldum á landi, eður neins konar jarðabótum þeim, sem áður hafa gjörðar verið, og er þetta einn af hinum stærstu göllum á úttektunum; af þessu leiðir, að jarðir ganga víða meira af sér, en góðu hófi gegnir, og náttúran sjálf er völd að, og fyrir þessa orsök hverfa á stuttum tíma hvers kyns jarðabætur, svo þeirra sjást engin merki; hvert það er heldur maturtagarðar, túngarðar, eður stíflugarðar, forir eða vatnsveitingaskurðir, þá tekur leiguliðinn við þessu án nokkurrar ábyrgðar, og lætur sér svo eðlilega ekki aunn um, hvernig um það fer, enda svarar hann engu til þessa, þegar hann fer frá jörðinni, þó allt sé horfið og orðið einskis nýtt, í stað þess, að þessar og hvers kyns aðrar jarðabætur gætu haldizt við, ef svarað væri álagi á þetta þegar ábúanda skipti verða.

Það mun einnig óviða vera, að úttektarbækur séu fyrir heilan hrepp, en það álitum vér mjög áriðandi, að reglulegar úttektarbækur séu í hverjum hrepp, gegnum dregnar og löggiltar af yfirvaldinu, í hverjar ritað sé gjörð og álit húsamatsnefndarinnar og allar úttektir framvegis.

Vér leyfum oss nú, að senda þessar athugasemdir vorar hinu heiðraða alþingi, og þá ósk vora, að það taki til yfirvegunar þetta umvarðandi og almenna málefni og að það leitist við, «að koma *betra skipulagi á úttektir á jörðum á Íslandi á þann hátt, sem það álitur heillavænlegast og hagkvæmast.*

Á héraðsfundi Þingeyinga að Arndísarstöðum 9. júní 1865.

(28 nöfn). Nefnd sett.

BÆNARSKRÁ

úr Suður-Þingeyjarsýslu um *trúarbragðafrelsi.*

Það er almennt viðurkennt hjá öllum þjóðum í hinum siðaða heimi, að borgaraleg lög eigi ekki að hepta trúarfrelsi manna, eða skerða borgaraleg réttindi nokkurs í þjóðfélaginu, þó samvizka hans og sannfæring leyfi honum eigi að aðhyllast allar þær skoð-

anir, er fleiri hluti landsmanna kann að hafa á trúarefnum; og varla mun nú á dögum nokkurt það kristið land eða ríki vera til í heimi, fyrir utan vort land, er banni kristnum mönnum að byggja sér kirkju eða koma opinberlega saman til að vegsama einn og sannan guð á þann hátt, er hjartans sannfæring þeirra býður þeim, og sem þeir álíta guði verðugastan og sjálfum sér huggunarfyllstan. Vær verðum því að álíta það lýti á lögum vorum Íslendinga, að þau leyfa eigi frjálsa guðsdýrkun hér á landi öllum kristnum mönnum, þeim er hafa í ýmsum atriðum aðrar meiningar eða aðra kirkjusiði en þá sem landslöginn sérstaklega vernda. Engan veginn óskum vér þar fyrir, að önnur trúarbrögð fái yfirhönd meðal þjóðar vorrar heldur en þau, sem vér erum uppræddir í; en vér viljum heldur eigi kúga neinn með ófrjálsum lögum til að telja sig í kirkjufélagi voru, ef hann getur eigi aðhyllt það af frjálsum vilja, og því siður viljum vér meina útlendum kristnum bræðrum vorum, er hér kunna að taka sér bólfestu með oss, að rækja þann sið með frjálsum hætti, er þeir hafa numið í sínu landi. Vær óskum því, að úr landslögum vorum verði numin þau atriði, er leggja bönd á trúarfrelsi kristinna manna og getum vér eigi séð, að mál þetta standi í neinu nánú sambandi við málið um stöðu Íslands í ríki Danakonungs eins og ýmsir hafa látið í ljósi.

Af þessum ástæðum viljum vér biðja hið heiðraða alþingi vort, er haldið verður í sumar, að senda hans hátign konungi vorum þegnlega bæn um það:

Að öllum kristnum trúarbragðaflokkum verði veitt fullt frelsi til að rækja trú sína opinberlega hér á landi.

Þingeyjarsýslu í júnimánuði. 1865.

10. nöfn.

Felld frá nefnd með 21 atkvæði gegn 2.

BÆNARSKRÁ

úr Skagafjarðarsýslu um *brauða-samsteypingu*.

Vér innbúar hinna sameinuðu þriggja kirkna prestakalla, er stofnuð voru með allrahæstum konungsúrskurði frá 25. september 1854, og nú eru nefnd Miklabæjar og Viðvíkur prestakall, sendum hinu heiðraða alþingi Íslendinga kveðju guðs og vora.

Eins og alþingi er kunnugt, hafa ekki allfáir af oss, innbúum nefndra prestakalla, hvað eptir annað að undan förnu, látið í ljósi óánægju vora með þessa brauða-samsteypu, sem ráðin var og úrskurðuð án vitundar og samþykkis viðkomandi kirkjusafnaða. Vör höfum leitað meðmæla bæði hinna háu stiptsýfirvalda á Íslandi, og kirkju- og kennslustjórnarráðsins í Kaupmannahöfn, til þess að áminnstum konungsúrskurði yrði breytt, en fengum afsvar, og því sendum vör hinu heiðraða alþingi 1863 bænarskrá um, að þingið legðist á eitt með oss, og sendi vorum allramildasta konungi þegnlega bænarskrá um:

1. Að við næstu prestaskipti mætti þessi brauða-samlagning upphafin verða, og að Hofstaða- og Flugumýrar-þingabrauð veitist þá aptur með sömu skyldum og réttindum sem að undan förnu.

2. Að engin brauðasundrung nje samsteypa megi framvegis ákveðast hér á landi, nema áður sé fengið fullt samþykki viðkomandi kirkjusafnaða, sbr. alþingistíðindin 1863, I. 124. 125. bls.; og var þessi bænarskrá vor tekin til inngangsumræðu á þinginu sbr. II 243. 253. bls., þó sú yrði niðurstaðan, að þingið með meira hluta atkvæða, felldi málið frá sérstakri nefnd, og vísaði því til nefndarinnar í prestseklumálinu, þá getum vör ekki sagt, að þingið felldi beinlínis mál vort; en af því prestseklumálið fell niður á þinginu, þá varð vort mál að falla niður líka að því sinni. Það má líka berlega sjá af inngangsumræðu málsins, að bæði konungsfulltrúi, og meginhluti þingmanna var oss öldungis samdóma í því, að kirkjusöfnuðirnir ættu eðlilega rétt á því, að ætíð væri leitað álits þeirra um sundrungu og samsteypu brauða, og þegar vör sjáum, að alþing og æðstu embættismenn landsins eru oss samdóma í þessu, þá verða þeir og þingið að vera á einu máli og vör um það, að hlutaðeigandi kirkjusöfnuðum hafi engan veginn verið gjört rétt í því, að sundra hinum fornu Hjaltastaðapingum, og steypa þeim saman við Miklabæjar- og Hólabrauðið, þeim óafvitandi og að fornspurðu; því þó byskupinn segði á alþingi 1863, að í sinni byskupstíð hefði ekkert mál farið betur undirbúið til stjórnarinnar, þar það hefði áður verið borið undir, ekki að eins geistlega embættismenn, sem til þekktu, heldur einnig undir verzlaga, nefnilega sýslumann og jafnvel amtmann, þá getum vör ekki dulizt þess, að oss þykir miður við eiga fyrir byskupinn, að bera fyrir sig við stjórnina álit sýslumanna og amtmanna um kirkjumálefni, sem snerta einstaka söfnuði, heldur en álit greindra sóknarmanna í söfnuð-

unum sjálfum; oss virðist líka, að núverandi byskup hafi haft í rauninni sömu skoðun og vèr á þessu, þar hann segist hafa borið það upp við alla presta, sem hann hafi vígt, að okkur vantaði sóknaráð, það er að segja, menn, sem væru til teknir með prestinum til að ræða um öll þau mál, sem prestakallinu eða embættinu við koma í öllum áriðandi tilfellum. (Það er víst skaði, að byskupinn og prestarnir skuli ekki vera búnir að koma á slíkum sóknaráðum). En menn mættu þar á móti ætla, að álit hinna geistlegu í brauðasameiningarmálum væri á rökum byggt, og þá kynnu menn að freistast til, að hugsa: að þegar um brauðasameiningar er rætt í því skyni að bæta kjör prestanna, sem ætíð hlýtur að vera þeirra einasti tilgangur, þá kynni þeim að verða það, af því þeir eru menn, að líta of mjög á aðra hlið málsins. Byskupinn hlyti því að komast í motsögn við sjálfan sig, og við eðlilega sanngirni, ef hann væri því ekki eindregið meðmæltur, að sóknarmenn væru hafðir í ráðum um slíkar breytingar á brauðum, og sé gengið fram hjá þeim í slíkum efnum, þá sé þeim gjört rangt, og ef svo sé, þá eigi að hjálpa þeim til að ná aptur rétti sínum á þann hátt og það fyrsta sem auðið er.

Í trausti til þessa álits alþingis og jafnvel stiptyfirvaldanna sjálfra, dirfumst vèr því að bera þetta mál vort enn þá fram fyrir hið heiðraða alþingi, og biðja það liðsinnis, að vèr megum sem fyrst og á hagkvæmasta hátt ná vorum eðlilegu réttindum; og vèr getum nú þetta með því betri ástæðum, þar sem vèr höfum eigin reynslu fyrir því, hvílik kirkjuleg óhöpp geti leitt af því að stofna og viðhalda viðlendum þriggja kirkna brauðum; því þenna stutta tíma, síðan þessi brauða sameining komst á verklega hjá oss, þá eru dæmi til að börn hafi dáið óskirð, og fullorðnir menn óþjónustaðir, sem óskað hafa sakramentis, án þess það hafi verið að kenna nokkurri vanrækt, hvorki á prestsins síðu nè heldur hlutaðeigandi sóknarmanna, heldur einungis því, að verkahringurinn var svo örðugur vegna stærðar, og margskiptur að kirknafjöldanum til, svo presturinn gat ekki komið í tíma. Vèr vitum það að sönnu, að slíkt getur mögulega að borið, þó prestur hafi ekki nema einni sókn eður tveimur að þjóna, en þetta er þó auðsjáanlega því líklegra, sem sóknir og kirkjur eru fleiri í sama prestakalli; en öllum mönnum hlýtur að vera það auðsjáanlegt, hversu það er örðugra og stundum ómögulegt, þar sem eru margar kirkjur, að rækja jafnvel barnafræðslu, sem þó ekki er hvað minnst áriðandi af prestsverkunum.

Og þó vèr lítum nú á þetta mál einungis að því leyti sem það snertir hag eða óhag prestanna sjálfra, þá virðist oss ekki betur, en að efnahagur þeirra presta, sem að nú þjóna þessum þriggja kirkna brauðum hjá oss, sè nú engu betri ef ekki lakari eptir en áður, og munu þeir sjálfir vera farnir að finna til þessa, og munu þó reyna það enn þá betur, ef að því rekur, að þeir verða við brauð þessi, eða lifa svo lengi, að þeir þurfi að segja af sèr, eða taka aðstoðarpresta löngu fyrr en þeir hefðu annars þurft.

Eitt af því, sem sannfærir oss um, að þetta álit vort á þessari brauðasameiningu og brauðasamsteypum yfir höfuð, sè engin einrænings skoðun hjá oss heldur sameiginlegt álit fleiri skynsamra manna, er það, að vèr vitum til, að nýlega hefir verið samin og send frá sýslufundi bænaskrá til alþingis um það, að brauðum á Íslandi verði sem fyrst komið í það lag, að einn prestur hafi aldrei fleirum en tveimur kirkjum að þjóna í senn, nema í viðlögum til bráðabyrgðar, þegar ekki verður öðru viðkomið.

Þau helztu vandkvæði, sem vèr sjáum á þeim þremur tveggja kirknabrauðum, sem áður voru hjá oss, nefnilega Miklabæjar-, Flugumýrar- og Hólabrauðunum er það, að Hólabrauðið hafði enga fastákvæðna bújörð, heldur að eins 60 rd. í stað bújarðar. Ef að því þessi núverandi þriggja kirkna brauð ættu að komast í sitt fyrra lag, og verða aptur að þremur tveggja kirkna brauðum, þá virðist oss nauðsynlegt, að Hólabrauðið fengi einhverja fast ákvæðna góða bújörð sem beneficium, og viljum vèr því helzt stinga upp á, að Hólakirkja fengi Viðvík keypta, fyrir ígyldi þess verðs, sem jörð þessi var seld fyrir, skömmu eptir næstliðin aldamót, og mundi þá prestinum ekki verða mjög tilfinnanlegt að gjalda eptir jörðina lögleigu af slíku andvirði hennar, þegar hann hefði þá 60 rd., sem honum voru upphaflega ætlaðir í stað bújarðar.

Af framanskriðuðum ástæðum leyfum vèr oss að biðja vort heidraða alþingi, að það í allraþegnsamlegastri bænaskrá beri þá ósk fram fyrir vörn allramildasta konung:

Að konungsúrskurðurinn frá 25. september 1854 verði af numinn þannig: að hinum fornu Hjaltastaðþingi verði slegið upp við næstu pretaskipti, og þau síðan veitt með sömu skyldum og réttindum, eins og áður, og að konungur enn fremur hjóði stjórn sinni allramildilegast, að sjá um, að presturinn í Hólabrauðinu fái Viðvík sem fast ákvæðna bújörð, annaðhvort eptirgjaldslaust, eða þá að

minnsta kosti ekki fyrir meira eptirgjald, en svari lögleigunni af því verði, sem hún var seld fyrir við Hólastólsjarðasöluna 1802.

Í hinum núverandi prestaköllum Viðvíkur og Miklabæjar innan Skagafjarðarsýslu; í júnímánuði 1865.

(81 nafn). Nefnd sett.

BÆNARSKRÁ

um réttindi prentsmiðjunnar á Akureyri.

Hin fyrsta prentsmiðja hér á landi, var að tilhlutan Jóns byskups Arasonar flutt út hingað árið 1528, af sænskum prentara Jóni Matthíassyni, og sett fyrst niður á Breiðabólstað í Húnaþingi, hvar hann síðar varð prestur. Þar var, að fyrirlagi nefnds byskups, fyrst prentaðir í henni bæklingar nokkrir: «Guðspjallabók» og «Handbók presta» m. fl.

Hér um bil árið 1578 var svo þessi hin sama prentsmiðja flutt að Núpufelli í Eyjafirði, eptir fengið leyfi Friðriks konungs II til þess, að Jón prentari Jónsson og eptirmenn hans við prentverkið, mættu, eptirgjaldslaust, nota jörðina Núpufell til ábýlis og allra afnota, og var svo smiðjan þar, þar til árið 1593, að Guðbrandur byskup Þorláksson flutti hana að Hólum í Hjaltadal og lagði saman við prentverk það, er hann hafði útvegað sér og reist þar 1574.

Af þessu sèst, að þannig voru jafnhliða uppi 2 prentsmiðjur um nokkur ár, í sama landsfjórðungi, með jöfnum rétti til að prenta «uppbyggilegar bækur», sem sjá má af því, að «Jóns laga-bók» var prentuð á Hólum 1576, og aptur á Núpufelli 1578; «Guðbrandar biflía» á Hólum 1584, en «Summaria bifliunnar» yfir nýja testamentið, á Núpufelli 1589 og yfir gamla testamentið 1591; og enn fremur: «Andræ Musculi bænaabók, á Hólum 1590.

Þegar nú Guðbrandur byskup var búinn að sameina báðar prentsmiðjurnar og nota þessa sameinuðu prentsmiðju sína tíð, landinu til uppbyggingar í andlegum og líkamlegum efnum, hefir hann, án alls efa, álitíð það mark og mið prentsmiðjunnar, eptir

uppruna hennar, að vera hær kyrr, með öllum sínum réttindum, um aldur og æfi í fjórðungi vorum Norðlendinga; því með testamenti sínu um hana, gjörðu 1587 (óbreytt staðfest, 12. september 1611 og undirskrifað 14. desember 1612), gaf hann Hóla dómkirkju prentsmiðjuna; og má álíta þetta hans testamenti óhaggað, þar Páll sonur hans sem, testamentið ræðir um, dó 5 árum á undan föður sínum. Að þetta hafi líka verið konunglegur vilji Kristjáns IV — að prentsmiðjan hefði samastað hér í norðlendinga fjórðungi — sèst af því, að hann með bréfi sínu af 22. apríl 1635, lènaði enn af nýju jörðina Núpufell til alls ágóða prentaranum við þessa nú sameinuðu prentsmiðju, sem upp frá því var á Hólum undir umsjá byskupanna þar, fram um næst liðin aldamót, allt að dauða Sigurðar Stephánssonar, síðasta Hóla byskups; að því undan teknu, að hún árið 1685, var af Mag. Þórði byskupi Þorlákssyni, hrifin með ofurvaldi burt frá Hólum og flutt að Skálholti, og var þar syðra í 19 ár, þar til Mag. Björn byskup Þorleifsson flutti hana aptur norður að Hólum; en náðist þó fyrst aptur, af Mag. Steini biskup Jónssyni, í eignarhald Hóla dómkirkju, með sáttagjörð milli hans og Brynjólfs Þórðarsonar á alþingi 1721.

Þegar Olavíus kammersekreteri, að fengnu konungsleyfi af 4. júní 1772, hafði reist prentverk í Hrappsey á eigin kostnað, og stjórnað því um 1 ár, fékk Magnús sýslumaður Ketilsson það til umsjónar, þar til Björn Gottskálksson keypti það 1794, og fékk sama ár, með kanselibréfi af 13. september, jafnrætti fyrir þetta sitt prentverk, við stiðtsprentsmiðjuna á Hólum; og sèst þar af ljóslega, að ekki einasta hinir eldri konungar vorir, heldur og einnig stjórn þeirra, hefir álitid það fullkomlega rétt, að sérhvert prentverk í landinu hefði jafnan rétt hvert við annað; og hafa þeir ljóslaga sýnt það í verkinu, að þeir vildu hlynna sem jafnast að þeim öllum, allt fram um næst liðin aldamót, — eptir að landsuppfræðingarfélagið með M. konferenzráð Stephensen fyrir formann, hafði fyrir 4 árum fengið Hrappseyjar prentverkið og sett það niður á Leirárgörðum við Leirá —, að stórhöfðingjar og þeirrar aldar mestu gæðingar lands þessa, eptir miðlungi vel fengnu leyfi, í konungsbréfi af 14. júní 1799, hrifu burtu prentsmiðju þá, er um 271 ár (að 19 árum frá dregnum) hafði með ótakmörkuðum prentunarréttindum, staðið óhöggud í Norðlendinga fjórðungi, og um leið úr eignarhaldi Hóla dómkirkju, þvert ofan í testamenti Guðbrandar byskups, (því ekki vorum vér sviptir skóla vorum,

byskupsstóli nè dómkirkju fyrri en 2 árum síðar, eður 1801), og sameinuð Leirárgarða prentsmiðjuuni, — hinni nú svo nefndu landsprentsmiðju, sem er í Reykjavík, — þó með þeirri skýlausu ákvörðun, í síðast nefndu konungsbræfi: «Að einum fjórða hluta af þeim ávinningi, er þeirri þannig sameinuðu prentsmiðju hlotnast kynni, skyldi varið verða til sannrar uppfraðingar í Hólastipti; hverju vèr þó allt hingað til höfum gjörsamlega verið sviptir.

Nú eptir að vèr þannig höfðum verið prentsmiðjulausir fulla hálfa öld, og því farið á mis við alla þá hagsmuni í andlegum og líkamlegum efnum, er reynslan hefir sýnt, og sýnir hvervetna um heim allan, að leiðir af því, að hafa prentverk í grennd við sig, urðu nokkrir velviljaðir menn til að gangast fyrir, að reist yrði hjá oss prentsmiðja að nýju, af frjálsum gjafa-samskotum, um gjörvallt norður- og austur amtið; svo nú höfum vèr á þann hátt, fengið endurreista eina af vorum elztu og beztu þjóðstofnunum, að fengnu konungsleyfi í opnu bræfi af 14. apríl 1852, og er það prentsmiðja sú, er norður- og austur-amtið allt á nú, á Akureyri.

Nú höfum vèr — af úrslitum barnalærdómsbókarmálsins — sæð þess hryggilegan vott, að dómstólarnir álita *ekki* prentsmiðjuna á Akureyri hafa jafnrætti við prentsmiðjuna í Reykjavík, til að prenta hverja bók sem fyrir kemur og prentuð hefir verið áður, hvort heldur á Hólum eður annarstaðar; og lítur þó svo út, sem þessi strangi réttur hinnar svo nefndu landsprentsmiðju hafi ekki ætíð verið álitinn jafn löghelgur, og nú í seinni tíð; því t. d. lét Geir byskup Vídalín, óátalinn þar fyrir, prenta barnalærdómsbókina í Kaupmannahöfn árið 1815.

Og með því vèr fáum ekki sæð því neitt verulegt til fyrirstöðu, að þessi vor nýja þjóðstofnun, fái jafnrætti við prentsmiðjuna syðra, en virðist sanngirni í öllu falli mæla sterklega fram með því, og nauðsynin knýr oss svo mjög, bæði í því tilliti, að prentsmiðja vor geti þrífzt, sem innan þessara þröngu takmarka, alls eigi getur náð tilgangi sínum, og líka hins, að oss veitist hægra fyrir en hingað til að útvega oss ýmsar tíðkanlegar og uppbyggilegar bækur, sem ella eru ekki að fá, nema frá Reykjavík, og það að eins með »höppum og glöppum« og þá með geysikostnaði, eptir því, sem nú hagar til í landinu með póstgöngur og milliflutninga — t. a. m. úr Múlasýslum —, þá fáum vèr ekki betur sæð, en að sú krafa vor sé bæði sanngjörn og rétt, að þessari vorri nýju prentsmiðju verði veitt hin sömu réttindi og hin forna prentsmiðja vor

hafði í hið minnsta til jafns við prentsmiðjuna syðra, og það því heldur, sem landsprentsmiðjan hefir í engum skilum staðið við oss hvað snertir fjórða hluta ávinnings hennar, er hún þó átti og ætti enn að standa oss skil á. Og með því enn fremur, að prentsmiðjur þær, er til forna hafa verið í landinu, hafa — að því oss er kunnugt — haft jafnrétti hver við aðra, allt fram að síðustu aldamótum.

Þess vegna snúum vèr oss nú, í þessu vandkvæða máli prentsmiðju vorrar, til hins heiðraða alþingis, er haldið verður í sumar, og biðjum það, að rita vorum allramildasta konungi bænarskrá um:

Að hans hátign, af sinni konunglegu mildi og vísdómi, veiti hið fyrsta skeð getur, prentsmiðju norður- og austur-amtsins á Akureyri, jafnrétti við hina svo nefndu landsprentsmiðju í Reykjavík til að prenta hverja þá bók, sem fyrir kemur, þó áður hafi verið prentuð annarstaðar, hvort heldur í húmi gömlu norðlenzku- eður suðurlands-prentsmiðju.

Í innbóði sýslufundarins á Akureyri hinn 30. maí 1865.

Virðingarfyllst.

St. Jónsson, Friðb. Bjarnarson,
fundarstjóri. skrifari.

Nefnd sett.

RÆNARSKRÁ

úr Húnavatnssýslu um flutning latínuskólans að Bessastöðum.

Til alþingis 1863 sendum vèr Húnavetningar bænarskrá um ýmsar endurbætur á hinum lærða skóla vorum í Reykjavík, er oss virtust nauðsynlegar, og tókum jafnframt fram sem bendingaratriði, hvort alþingi virðist eigi nauðsynlegt að taka til yfirvegunar, að skólinn yrði fluttur úr Reykjavík á sínar fornu stöðvar Bessastaði. En með því þingið fann eigi ástæðu til að því sinni að taka þetta bendingaratriði vort til greina, en vèr á hinn bóginn erum orðnir sannfærðir um, að skóla vorum verði aldrei hrundið í það lag, sem ákjósandi væri og nauðsyn lands vors krefur, meðan hann er í

Reykjavík, þegar af þeirri ástæðu, að skólavera þar hlýtur að verða svo kostnaðarsöm, að ómögulegt er fyrir aðra en efnamenn og Reykjavíkurbúa að kosta sonu sína í skóla, auk annarra annmarka, sem skólaverunni í Reykjavík hljóta að vera samfara, og sem margfaldlega áður hafa verið teknir fram, — þá viljum vèr biðja alþingi vort að taka málefni þetta til yfirvegunar að nýju. Það kann nú að verða fundið ýmislegt til ástæðu móti því, að skólinn verði fluttur aptur að Bessastöðum, og þar á meðal sèr í lagi, að þar sem landið á nú til skólahús í Reykjavík, sem byggt hefir verið með ærna kostnaði, þá væri það ofmikið tjón fyrir landið, að gjöra slíka eign þess sem að engu, eins og hlyti að verða, þegar skólinn yrði fluttur þaðan. En eins og vèr treystum alþingi voru til, að hrinda hinum lættvægari mótbárum móti flutningi skólans, þannig er og auðsætt, að gildi hinnar áðurgreindu ástæðu hverfur, þegar þess er gætt, að landið á til prestaskóla, sem heita má húsvilltur, og í ráði er að stofna bæði lækna- og lagaskóla, því þá mætti brúka skólahúsið í Reykjavík handa skólum þessum, og væri það mikill sparnaður fyrir landið, þar eð annars þyrfti mikinn kostnað til að byggja hús handa þeim.

Þar eð vèr vonum, að hið heiðraða alþingi vort verði oss samdóma í þessu efni, leyfum vèr oss að biðja það að bera þá bæn upp fyrir konung vörn:

Að hinn lærði skóli landsins í Reykjavík verði fluttur aptur að Bessastöðum.

Á sýslufundi að Miðhúsum í Húnavatnssýslu 12. d. júnímánaðar 1865.

Í nafni og umboði fundarins

Christjánsson, *P. F. Vídalín,*
forseti. skrifari.

Felld frá nefnd með 13 atkvæðum.

BÆNARSKRÁ

úr Austur-Skaptafellssýslu um stofnun læknisembættis.

Það hefir fyrr og síðar verið kvartað um læknisleysi hér á

landi, og er sú umkvörtun ekki án orsaka, því allir vita, hve fáir læknar hafa verið hér á landi, og aptur hitt, hve víðáttumikil lækna-umdæmin eru, svo þar af er auðráðið, að þeim fáu læknum, sem hér eru, er ekki hægt þó þeir hefðu bezta vilja, að ná til allra sem læknishjálpar við þurfa í lækna-umdæmum þeirra. Að vèr minnumst hér á, þykir oss líklegt, að enginn furði sig á, því færri á landi voru, munu eiga erfiðara með að ná til læknishjálpar en vèr hér Austur-Skaptfellssýslu innbúar. Okkar eiginlegi læknir, sem oss hefir verið settur um nokkur undan farin ár, er Jón Finsen norður á Akureyri, en að sækja hann heim úr Austur-Skaptafellssýslu, er ekki auðvelt, því til þeirrar ferðar fram og til baka þyrfti í allt 20 daga, sem þó lítið er til tekið, og þótt Finsen hafi fengið sér aðstoðarlækni settan, nl. Bjarna Thorlacius á Eskifirði, þá erum vèr litlu nær fyrir þá tilhögun, því hann er þar á óhentugasta stað fyrir oss, og þar til opt meðalalítill. Nú upp í nokkur ár höfum vèr engan læknir sæð í þessum parti af lækna-umdæmi Jóns Finsens, hverki hann sjálfan, nè heldur aðstoðarlækni hans, svo oss hefir þó stórum við brugðið síðan kanselíráð Gísli Hjálmarson var hér læknir, því hann kom þó nokkrum sinnum hingað til Austur-Skaptafellssýslu, svo margir sjúklingar gátu fyrir það sama átt kost á að finna lækninn, og leita ráða hjá honum, sem mörgum varð opt að miklu góðn. Þar oss getur ekki betur fundizt, en að vèr þrátt fyrir þessa settu lækna, sem vèr nú höfum, sæum alveg læknishjálparlausir, — og því heldur er oss þetta mjög tilfinnanlegt, þar sem hjá oss á næstliðnum árum hafa gengið drepanði sjúkdómar, en oss ómögulegt að ná til læknishjálpar —, þá er það af framantöldum ástæðum innileg ósk vor,

að alþingi semji og sendi þegnsamlegasta bænarskrá til konungs vors þess efnis, að vèr innbúar Austur-Skaptafellssýslu, fengjum sem fyrst læknishjálpar og, að Austur-Skaptafellssýsla, verði sem fyrst gjörð að sérstöku læknisumdæmi, með hliðsjón af því, að undir sama læknisumdæmi gæti legið Geithellna, Beruness og Breiðdalshreppar í Múlasýslum.

Skrifað í maí 1865, og samþykkt á hreppaþingi að Bjarnanesi 7. júní 1865.

(76 nöfn). Nefnd sett.

BÆNARSKRÁ

frá Akureyrarkaupstað um breytingu á reglugjörð 29. ágúst 1862.

Það hefir verið og er enn þá venja í sérhverri sveit eða hrepp um allt Ísland, að hreppaping eru haldin á hausti hverju. Þess venja styðst við hin fornu landslög vor: Jónsb. Framfl. X. kap., og eru á það þing samankallaðir allir búendur hreppsins og kvaddir til að framtelja þar allar tíundarbærar eigur sínar, jafnframt sem þeir segja vanhöld á þeim, ef nokkur eru, og þetta frammi fyrir hlutaðeigandi hreppstjóra, er kvatt hefir til þingsins, en sem eptir á leggur fê í tíund, metur aukatillag og jafnar því niður eptir þörfum með fleiru.

Vorþing halda hreppstjórar einnig ár hvert, eins og alkunnugt er og lögbodid, og er það haldið að afliðandi fardögum. Tilgangur þess þings er einkum sá að komast að búnaðarástandi sérhvers hreppsþúa hvað skepnufjölda hans með fleiru áhrærir í það sinnid, svo það geti færzt inni búnaðartöfluma, þá er einnig ráðstafað sveitarómögum og ákveðid meðlag með þeim að svo miklu leyti verður.

Þessi tilhögun áhærandi vorþing og haustþing hreppa í landi hér hefir ætíð í öllum greinum þótt eiga harla vel við Íslands sérstaklega og búnaðarlega ásigkomulag.

Þessu er nú allt öðruvísi varið með oss Akureyrarbúa. Reglugjörðin um að gjöra verzlunarstaðinn Akureyri að kaupstað, og um stjórn bæjarmálefna þar, dags. 29. ágúst 1862, býður allt annað. Hún býður sem sé í 19. grein, að fulltrúar Akureyrar kaupstaðar skuli «ásamt bæjarfógeta fyrir lok hvers marzmánaðar semja áætlun um útgjöld þau, er líklegt þyki, að bærinn muni þurfa að greiða næsta fardagaár, hvort heldur er til forlagseyris þurfamönnum bæjarins, eða til annara bæjarþarfa,» með, fleiru, er í þeirri grein hermir. Þessu allra boði hefir, eins og skyldugt var, verið fylgt hér síðan þessi reglugjörð varð gildandi. En vèr erum nú farnir að komast að raun um það, er vèr reyndar renndum grun í undir eins og vèr litum þessa reglugjörð augum, en það er nefnilega, að þetta ofangreinda tímabil, mazrmánuður, er engan veginn hagkvæmt til þess að þá sé samin áætlunarskrá yfir útgjöld Akureyrar bæjar fyrir næstkomandi fardagaár, því það liggur í augum uppi, að í marzmánuði er ómögulegt að geta til hlitar nærri þörf-

um eða útgjöldum bæjarins, þar sem mikið af þeim ber fyrst að í apríl og maímánuðum. Til dæmis veit enginn í marzmánuði ef til vill að þessi eða hinn í öðrum sveitum, sem flosnar þar upp þá um vorið og verður með konu og börnum sveitarvandræði, og þarf bráðrar hjálpar við af hlutaðeigandi sveitar- eða framfærslusjóði, — er einn af þeim, sem á þessa framfærslu á Akureyri, en fyrir því gat ekki orðið ráð gjört í áætlunarskránni, þar sem enginn vissi um þetta hreppsprot þegar hún var samin, og á þessu tímabili ber það að, að margir slíkir koma þá fram, sem menn hljóta að hjálpa af fatækrasjóði þessa bæjar, Akureyrar, en þessi sjóður, er þá svo gott sem tómur, því menn gátu ekki í marzmánuði gjört ráð fyrir nærri svo mörgum hreppsprotum og útgjöldum sem eptir á koma upp úr kaflinu.

Sama er að segja um niðurjöfnunina, sem eptir 20. grein í reglugjörðinni á að vera fullgjörð fyrir lok maímánaðar ár hvert, það er eptir voru áliti einnig mikils til of snemmt að gjöra hana þá. Það er nú eitt fyrir sig að bæjarfulltrúarnir ásamt gjaldkera bæjarins eiga að jafna gjöldunum einnig niður á sjálfar verzlunirnar; en í maímánuði vitum vér ekki hvað miklir aðflutningar eða hvað mikil verzlun verða muni hjá þessum, eða hinum kaupmanni sem verzlur hér um sumarið sem þá fer í hönd, það er fyrst í septembermánuði, að það verður full-ljóst. Og vér þurfum víst ekki að gjöra oss far um að sýna ofan á hvað áriðandi það er fyrir bæjarsjóð vorn að oss sè kunnugt þegar vér gjörum niðurjöfnunina hvað mikið fè vér álitum oss bera að heimta í hann af sérhverri verzlun.

Auk hins ofantalda eru miklu fleiri atriði sem vér höfum rek- ið oss á að hafi gjört það ljóst, að hinn lögboðni tími til áætlunarinnar og niðurjöfnunarinnar sem hér ræðir um, er mjög óhagkvæmur og ósamkvæmur þörfum Akureyrarbúa. Og í einu orði að segja: þessi tíma-ákvörðun, marzmánuður fyrir áætlunina og maímánuður fyrir niðurjöfnunina er að voru áliti svo óhagkvæm að hún er með öllu óhafandi.

Það er þess vegna, að vér berum þetta málefni fram fyrir hið heiðraða alþing Íslendinga, með vorri auðmjúkri bön um að það nú á þessu sumri þóknanlegast vilji taka það til umræðu, og beiðast, að hans hálign konungurinn gjöri þá breytingu á reglugjörð um að gjöra verzlunarstaðinn Akureyri að kaupstað, og um stjórn

bæjarnálefna þar dagsettri 29. ágúst 1862, er vèr hær með þegn-
samlegast berum fram á þessa leið.

Að 19. grein ofannefndrar reglugjörðar verði allramildilegast
breytt þannig.

Fulltrúar skulu ásamt bæjarfógeta á þeim fyrstu virku dög-
um eptir 6. júní ár hvert semja áætlun um útgjöld þau,
er líklegt þykir, að bærinn — (Akureyri) — muni þurfa
að greiða það fardagaár.

En að 20. grein breytist svo :

Niðurföðmun skal fullgjörð fyrir lok septembermánaðar á því
fardaga-ári, sem þá stendur yfir. Öllum gjöldum skulu
greiðendur hafa lokið innan nóvembermánaðarloka

Akureyri, 17. júní 1865.

St. Thorarensen. J. Halldórsson. E. E. Möller. A. Sæmundsen.

J. Stephánsson. Ó. Sigurðsson.

Nefnd sett.

BRÉF

stiptyfirvaldanna um prentun alþingistíðindanna.

Herra alþingisforsetinn hefir í bréfi frá 3. þ. m. spurzt fyrir
um, með hverjum kjörum alþingistíðindin og ýmislegt fleira, sem
alþing þarfnast, fáist prentað í stiptyprentsmiðjunni, og með hverju
verði hún geti selt pappír þann, sem til þingtíðindanna m. m.
gengur.

Vèr látum ekki hjá líða út af þessu að tilkynna yður, að
prentun þingtíðindanna með 600 expl. upplagi fæst fyrir 12 rd.
hver örk, og pappír, median nr. 1 a 40 rd. ballinn. Um auka-
prentun fyrir þingið svo fer sem að undan förnu, eptir reikningi, með
því ekki er hægt að semja um slíkt fyrir fram; en sá reikningur
skal vera svo sanngjarn, sem framast er unnt að setja hann.
Prentsmiðjan áskilur einungis að prófarkalestur þingtíðindanna gangi
svo greiðlega, að eigi tefjist fyrir henni, og að henni verði ávísuð

borgun, þegar hún óskar þess, fyrir það, sem þá er af hendi leyst.

Íslands stiptamthúsi og skrifstofu byskups, 7. júlí 1865.

Th. Jónasson, H. G. Thordersen.
settur.

BÆNARSKRÁ

úr Mýrasýslu um skyldur svaramanna.

Eins og mörgum mun finnast um nokkar undan farin ár, fara mjög vaxandi auka-útsvör bænda í fátækra þarfir, allvíða hér á landi. Eins munu margir sjá það glögglega, að sveitarþyngsli yfir höfuð að tala, eiga rót sína að nokkru leyti í óhyggilegum og of lítið takmörkuðum giptingum öreiga, einkum ráðleysingja, já í nokkuð mörgum hreppum eru vist sveitarþyngsli mest af því sprottin, auk vinnufólkseklum, sem þar af flýtur og mestu vandræða í því að ráðstafa slíku giptu fólki, því eptir að það er búið að innganga hjónabandið, er það á svo margan hátt óútgengilegra í vistir en einhleyp hjú, en búið getur það ekki vegna þess, að ekki fæst jarðnæði og efnin og ráðdeildina vantar. Þar að auki er það svo algengt, að þegar einhver ónyljungur í einni sveit vill taka saman við einhverja kvennpersónu sér líka þar sveitfasti, opt af hans völdum þungaði í fyrsta eða annað sinn, þá verða hreppsþúgar þar sem hún (konu-efnið) á sveit, næsta fúsir á að styrkja að því, að slíkar persónur verði saman vígðar, og svo strax eptir vígslu þessa útvega leiðarbréf hjá viðkomandi sýslumanni, fyrir hyski þetta, þangað sem maðurinn á sveit. Að gipta saman slíkar persónur mun málke heita, að eiga vel við frjálsræði þessara tíma fyrir persónurnar, en öðru er nær en svo sé í raun og veru, því það ber (eins og áður er á vikið) alloft við eptir giptinguna, að persónur þær verða að hrekjast nauðugar frá kunningjum og vinum í öldungis okunna landsfjórðunga, og hreppstjórar þar, sem þær færast til, verða að neyðast til að skipta slíku fólki — sem þeir alls ekki geta fengið verur fyrir á einum stað — víðs vegar um hreppinn, manninn frá konunni, börnin frá móðurknjúnum og faðmi

föðursins, opt í þá staði, sem persónurnar vilja fyrir sig sízt kjósa, því ekki er hægt að kjósa eða velja um verustaði fyrir þetta fólk; og þessi aðferð er sannarlega hörmulegt ófrelsi, en svona hlýtur þó opt til að ganga. En á hinn bóginn er eðlilegast, að sem flestar eða allar persónur (að undanskildum embættis- og handverks-mönnum) gætu úr því að þær giptar væru, verið í sjálfráðri stöðu, og því sjálfsagt reist bú; því annars eru slíkar persónur um svo langan tíma ársins atvinnulausar. Þetta ófrelsi kemur þó hvergi eins hráparlega fram eins og á búendunum, því slíkar giptingar sem hér ræðir um og fara svo að segja vaxandi ár frá ári, virðast að vera niðurþrykkjandi ófrelsisok bændanna yfir höfuð, ofurefli heilla hreppa, og rammasta óvildarefni milli sveitarfélaganna.

Eptir nú gildandi lögum vitum vér ekki aðra tálmun á giptingum slíkra manna sem hér ræðir um, en þá einu, að ekki má gipta saman persónur þær, er áður hafa þegið óendurgoldinn sveitarstyrk, án leyfis frá framfærsluhreppi mannsins. Sjá konunglega tilskipun 30. apríl 1824, 4. grein. Það er reyndar í sömu grein uppálagt presti hverjum, að krefja persónurnar, sem giptast vilja um að útvega sér gilda svaramenn, og þar hjá er prestinum uppálagt eptir kringumstæðum, alvarlega að brýna fyrir svaramönnum þá hörðu ábyrgð, er lög leggja við fyrirsvari um hjónabandamál, en slík ábyrgð virðist oss í engu falli nægja til að fyrirbyggja ólíklegar giptingar. En reynslan sannar nóg samlega, að á þessu virðist bráð nauðsyn að ráða bót, og það hefir vakað í brjóstum margra landsbúa, eins og undanfarinna ára alþingistiðindi með sér bera, einkum 1859, þó það mál hafi enn þá ekki borið eins heillarikan ávöxt, sem margir mundu óskað hafa.

Oss finnst það eina ráðið móti ótakmörkuðum giptingum umkomulítilla óreglumanna og ráðleysingja, að leggja nokkra ábyrgð á svaramennina og, að það sé embættisskylda prestanna, að gæta þess, að ábyrgðin sé samkvæm lögum þeim, sem þar um ættu að ákvarðast.

Í staðinn fyrir að nú eru 2 svaramenn, ættu, að oss virðist, ætíð við giptingu hverra þeirra persóna, er svaramanna þyrftu, að vera 4 svaramenn (með fram af því þeim öllum hlýtur vera svo miklu léttara, að taka ábyrgð í hjónabandsmálum heldur en 2.), og að minnsta kosti 2 þeirra séu óviðkomandi því hreppsfélagi, er konu-efnið á framfæri í, og að þeir væru eitt af þrennu, konunglegir embættismenn, jarðeigandi bændur, eða skattbændur og taki

ábyrgðina einn fyrir alla og allir fyrir einn; en að skylda þeirra væri, um leið og þeir gangast undir svaramennsku ábyrgðina, að gefa viðkomandi sóknarpresti skýlausa skýrslu frá hlutaðeigandi sýslumanni um, að þessu sé þannig varið, en annars bæri prestinum að taka ekki svaramennskuna gilda; ella ætti presturinn sjálfur að svara til svaramanna ábyrgðar að fullu. Auk þess ætti sú skylda að hvíla á svaramönnum, að ábyrgjast að persónur þær er þeir gjörast svaramenn fyrir, verði ekki í næstu 5 ár frá giptingardegi að reikna, til neinna þyngsla sveitarfélagi því þar sem þær þá eru eða verða sveitlægar; svaramenn ættu og að vera skyldir til, að hafa fullu vissu fyrir jarðnæði handa tæðum persónum og sjá um, að þær strax eptir giptinguna reisi bú undir nákvæmri umsjón svaramanna, er leiðbeindu þeim í ýmsum greinum til framfara í búnaðarefnum.

Af framangreindum ástæðum viljum vör, sem hér undir ritum nöfn vor, virðingarfullt beiðast þess, að hið heiðraða alþingi vildi taka þetta umvarðandi mál til nákvæmrar yfirvegunar á yfirstandandi sumri, mæla fram með því og senda síðan bænarskrá til vors allramildasta konungs um, að leyfi fengist til að breyta og auka nágildandi lög í hjónabandamálum á þessa leið:

1. Að, í stað þess, að nú eru 2 svaramenn, verði eptirleiðis við giptingu allra hjóna-efna (sem að öðru leyti ekki eru frí fyrir að velja sér svaramenn að lögum), 4. svaramenn.
2. Að svaramenn þessir séu eitt af þrennu, konunglegir embættismenn, jarðeigandi bændur, eða skattbændur.
3. Að þeir taki að sér ábyrgðina, einn fyrir alla og allir fyrir einn.
4. Að minnsta kosti 2 af svaramönnum eigi heimili í annari sveit, heldur en konu-efnið á framfærslu í, nema hún eigi sömu sveit og mannsefnið.
5. Að svaramenn gefi viðkomandi sóknarpresti skýlausa skýrslu frá hlutaðeigandi sýslumanni, um að þeir hafi þá fullkomlegleika til að bera, sem til eru teknir í annari grein.
6. Að svaramenn ábyrgist, að persónur þær, er þeir gjörast svaramenn fyrir, verði ekki á nokkurn hátt sveitarfélagi því, sem þær eiga sveit í, til neinna þyngsla í næstu 5 ár, að undan teknu því, ef annaðhvort hinna nýgiptu hjóna deyr á þessu tímabili, eða liggur rúmfast missiri lengur, að svaramenn verði skyldir til, að hafa fulla vissu fyrir jarð-

næði handa þeim persónum og sjá um að þær strax, (þ. e. í næstu fardögum), eptir giptinguna reisi bú, undir nákvæmri umsjón svaramannanna, er leiðbeini þeim í ýms-um greinum til frainfara í búnaðarefnum.

7. Að prestum sé gjört að skyldu, að gefa nákvæmar gætur að því, sem 1., 2., 3., 4. og 5. grein hér að ofan til greinir, ella svari sjálfur til þess, er bresta kynni á skyldu þessa.

Ritað á frjálsum fundi að Hjarðarholti 13. maím. 1865.
(158 nöfn). Nefnd sett.

BÆNARSKRÁ

.úr Norðurmúlasýslu um breyting á vegabótalögnum.

Vér Norðurmúlasýslubúar, sem ritum hér undir nöfn vor, leyfum oss hér með að leita til hins heiðraða alþingis með þá bæn vora að það vilji stuðla til þess, að tilsk. 15. marz 1861 um vegina á Íslandi verði hið bráðasta úr lögum numin, eða svo breytt, að hún verði oss hagfelldari, og svari betur tilgangi sínum. Vér vitum vel, hve landi voru er það áriðanda, að vegir séu góðir og greiðir, því vér rekum oss daglega á það, hvað illir og ófærir vegir tálma ferðum manna, og eru almennings gagni til fyrirstöðu. Vér hefðum því tekið feginshendi á á móti nýjum lögum, sem hefðu komið á hentugri tilhögun en var á vegabótum hjá oss, enda þótt því hefði verið mikill kostnaður og erfiðleiki samfara. En það er sannfæring vor — vér getum ekki dulizt þess —, að sú ráðstöfun, sem tilsk. 15. marz 1861 gjörir um vegabætur, einkum á þjóðvegum, aldrei getur orðið hentug nè heillarík að minnsta kosti eins og á stendur hér hjá oss. Oss virðist það hafa verið óheppilega ráðið, að jafna tillaginu til þjóðveganna niður á hreppana eptir tölu »verkfærra manna«, bæði vegna þess, að hugmyndin »verkfær« er svo hvikul og ótiltekin, að ekki er auðið að byggja þar á neina vissa reglu, og einkum af því, að enda þótt »verkfær« væri fastákveðið orð, þá er tala verkfærra manna alls enginn áreiðanlegur vottur um efnahag hreppanna.

Að sýna og sanna það er alhægt, ef saman eru bornir uppsveita-hrepparnir og sjávarhrepparnir hér í sýslu, að tala verkfærra manna og hreppsins gjaldmegin stendur í öfugu hlutfalli.

Eins virðist oss sú ákvörðun í hinum nýju lögum óheppileg, að þjóðvegir skuli vera 5 álnir á breidd; þar sem umferð er jafnlítill og víðast hvar hér, er því lík vegabreidd með öllu óþörf, og yrði að eins til ókljúfandi kostnaðar og erviðisauka, en lítils eða einkis gagns. Langtúm fleiri smá-annmarka þykjumst væru hafa fundið á hinum nýju vegalögum, sem væru sleppum hér að tilgreina, þar þeirra gæti lítið hjá aðalgalla þeim á tilsk. 15. marz 1861, sem oss virðist gjöra hana óhafandi. Að þetta álit vort sé á réttum rökum byggt sýnist liggja í augum uppi, þegar væru skýrum frá hvernig ástætt er hér í sýslu.

Vegasvið það, sem hér telja má til þjóðvega eptir reglum þeim, sem tilskipunin þar um gefur, er að minnsta kosti fullar 60 mílur á lengd. Eru það nálega eingöngu fjallvegir, sem í fyrstu eru fjarska örðugt og kostnaðarsamt að leggja svo vel fari, og þurfa þar að auki upp frá því stöðugra aðgjörða við, eigi þeir ekki þegar aptur að verða ófærir.

Enda þótt fyrir því sé ráðgjört, í hinum nýju vegalögum, að verja megi vegagjaldi úr einni sýslu amtsins til vegabóta í annari, ef þörf gjörist, má þó við því búast, að hver sýsla optast nær verði látin sjá um sjálfa sig. Vegagjaldið hér í sýslu verður árlega í hæsta lagi 345 rd., og geta allir séð, að það muni lítið hrökkva til jafnmikilla vegabóta og með þarf. Það má ganga að því vísu, að ekki veiti af 250—300 rd. til að gjöra að gagni við 2 mílur vegar, þar sem skárst er hér aðstöðu, en víðast mundi fæ þetta ganga til einnar eða jafnvel hálftrar mílu. Af þessu leiðir þá, að ekki yrði búið að fara einu sinni yfir alla þjóðvegina hér í sýslu til að bæta þá fyrr en að 40—50 árum liðnum, þó ekki yrði nema fáum dölum (4 eða 5 rd. í hverjum hrepp sýslunnar) varið til aðgjörða við hitt vegasviðið, þar sem verstu ófærur væru, og þá yrði að líkindum meiri hluti þeirra orðinn aptur langtúm verri, en nú er, og víða öllum skepnum ófær; því víðast hvar hér geta ekki vegabætur, þó vandaðar séu, enzt nema fáein ár án nýrra viðgjörða. Þessu fæ virðist oss því eytt til alls engra nota.

Þetta þykir oss vera aðalgallinn á hinum nýju vegabotalögum, er hefir knúð oss til að rita alþingi bænarskrá þessa, og sem oss virðist svo bersýnilegur, að væru vonum, að hið heiðraða alþingi liti

á mál vort. Að svo stöddu viljum vèr ekki láta í ljósi álit vort um hvernig ráða mætti bót á þessu, en viljum að eins benda á það, að það mundi verða oss óbærilegt, ef jafna ætti niður á oss svo miklu gjaldi, sem hér þyrfti til að bæta þjóðvegina á þann hátt sem tilsk. 15. marz 1861 ákveður; verður það því að vorri hyggju óumflýjanlegt, að víkja af þeirri stefnu sem tilskipun þessi hefir tekið, og byggja á grundvelli hinna eldri laga.

Þar eð vèr erum sannfærðir um, að hinir heiðruðu alþingismenn, hafi sjálfir af reynslunni hlotið að verða varir við þessa galla á vegabótatilskipuninni, þykir oss óþarfi að fara fleirum orðum um þetta.

Vèr ljúkum því máli voru með þeirri ósk, að hinu heiðraða alþingi mætti þóknast, að biðja stjórnina að setja nefnd manna hér á landi, til að semja frumvarp til nýrra vegalaga, og leggja það fyrir alþingi 1867.

(Þessi bænarskrá með 15 nöfnum og 7 aðrar samhljóða með fjölda nafna og margar bænarskrár um sama efni úr öðrum sýslum landsins voru felldar frá nefnd með 16 atkvæðum gegn 8).

BÆNARSKRÁ.

úr Húnavatnssýslu um auglýsingu alþingistollsreikninga.

Eins og því verður ekki neitað, að það er sanngjörn krafa, þegar um opinber gjöld er að ræða, að gjaldendur fái skýra grein fyrir því, sem þeir greiða, svo þeir geti vitað, hvort gjald það, sem af þeim er heimtað, sé réttilega krafð, þannig hefir og stjórnin viðurkennt það, með því að hún, eins og kunnugt er, hefir, eptir undan farinni beiðni alþingis, boðið yfirvöldunum hér á landi, að láta árlega prenta í blöðunum reikninga yfir alla opinbera sjóði, sem þau hefðu yfir að ráða. En samt sem áður hafa enn ekki verið auglýstir neinir reikningar yfir alþingistoll þann, sem greiddur hefir verið að undan förnu, það virðist þó auðsætt, að þeir reikningar þyrftu eins að vera almenningi kunnir og reikningar annara opinberra sjóða; enda hefir það valdið og veldur

almennri óánægju, að almenningur hefir eigi vitað, að hve miklu leyti gjald það, sem í því tilliti hefir verið heimtað, hefir verið nauðsynlegt. Að auglýsa reikninga þessa virðist og að vera hægðarverk, þar eð til þess þyrfti eigi annað en skýra frá, hve mikið gjald bæri að greiða af jarðagózi í hverjum hrepp fyrir sig eptir skýrslum heppstjóra og hvað mikið af lausafè úr hverju amti fyrir sig og virðist vel til fallið, að reikningar þessir væru prentaðir aptan við hvers árs alþingistiðindi, þar eð það mundi hafa næsta lítinn kostnað í för með sér.

Vér leyfum oss því að biðja hið heiðraða alþingi vort í sumar að koma því til leiðar á þann hátt, er því þætti bezt henta:

Að glöggur reikningur yfir hinn árlega alþingistoll bæði af jarðagózi og lausafè verði auglýstur annaðhvort í alþingistiðindunum eins og áður er bent til, eða á annan hátt.

Á sýslufundi að Miðhúsum í Húnavatnssýslu 12. dag júním. 1865.

Í nafni og umboði fundarins,

Christjánsson, P. Vídalín.
forseti. skrifari.

Forseta falið í einu hljóði að rita stiptamtanni um málið, að þessir reikningar verði prentaðir annaðhvort sér í lagi eða aptau við alþingistiðindin í hvert skipti þau eru prentuð.

BÆNARSKRÁ

úr Mýrasýslu um að löggilda Brákarpoll fyrir verzlunarstað.

Í nokkur undan farin ár hefir vakað hjá oss Mýrasýslubúum löngun til þess að geta fengið löggiltan verzlunarstað í Borgarnesi við Brákarpoll, og þegar stjórn vor samkvæmt bænum þjóðarinnar og alþingis, hefir löggilt um undan farin ár marga verzlunarstaði hér á landi, þá hefir þessi áhugi glæðzt og vonin styrkt á því, að vér mundum eins geta notið slíkra réttinda, ef vér um það beiddum og bentum á þarfir vorar, og á það hvað þessi staður er ágætlega vel fallinn til að verða verzlunarstaður Mýrasýslu og efri

hluta Borgarfjarðarsýslu. Hægt sú og hagnaður sem Mýrasýslubúar og Borgfirðingar sunnan Hvítár hafa af því hlotið undan farin sumur, að kaupmenn vorir hafa flutt vörur hingað á Brákarpoll, er mjög mikill, en sá hagnaður gæti þó orðið meiri, ef hér væri verzlunarstaður, því margir eru enn um þessi byggðarlög sem fara suður í Reykjavík af því að þeir eru einhverra orsaka vegna háðir þeim kaupmönnum, sem hingað ekki koma, sem smám saman mundu líða undir lok ef hér væri verzlunarstaður löggiltur; en eitt er það, sem mest er í varið, að þessir flutningar eru hingað ekki nema um lítinn tíma sumars, opt á óhægri tíð og einbundinni, og einatt hætt við að sú uppsigling sem nú á sér stað, líði undir lok, þegar minnst varir, enn við því væri ekki hætt, ef hér væri kaupsíun reist. Það er hægt að sjá hver hægðar- og hagnaðar auki það er fyrir Mýramenn og Borgfirðinga og jafnvel marga fleiri, að kaupsíun væri við Brákarpoll, þegar þess er gætt, að hann er langt inn í landinu, þar sem fjölbyggðar sveitir liggja að á 3 vegi af 4 og það svo mjög haganlega, að bændur á einum degi geta flutt þunga vöru frá Brákarpolli heim til sín, úr öllum þeim hreppum er nú skal greina: Í Mýra- og Hnappadalssýslu, úr Kolbeinsstaðahreppi, Hraunhreppi, Álptaneshreppi, Borgarhreppi, Stafholtstúngum, Norðurárdal, Þverárhlið og Hvítársíðu; og í Borgarfjarðarsýslu, úr Hálsasveit, Reykholtssdal, Lundar-Reykjadal, Skorradal og Andakilsahreppi, auk Melasveitar er örskammt á að Brákarpolli, en þar þarf þá að fara sjóleið yfir Borgarfjörð, en hann er undan Brákarpolli þvert yfir hér um bil hálfa viku sjóar eða varla það. Að nokkurt hérað svo víðlent sem þetta liggi í kring um kaupstað hér á landi jafnnærri mun vera næsta fágætt, ef ekki alveg einstakt, og þar að auk þess að gæta, að sveitir þessar eru að öllu saman lögðu einhverjar þær bezt föllnu til þess að byrgja kaupmenn af þeim vörum, sem þeir eru vanir mest eptir að sækja og bezt getur eftir verzlun þeirra við aðrar þjóðir, nefnilega landvöru, svo sem ull, smjör, tólg og kjöt, bæði nauta og sauða, þar að auki nokkuð af æðardún, en þess utan, og það sem merkilegast er, hafa líka þessi hérað ærið mikið að bjóða af fiski, því það mun teljast svo til, að 1 maður frá hverju býli þessara hreppa rói hér og hvar um suðurland vetrarvertíðina á ári hverju, og gætu Brákarpolls-kaupmenn hæglega eignast allan þann fisk með því að eiga salt-hús á suðurlandi líkt og Reykjavíkur kaupmenn nú gjöra. Hér af er það auðsjáanlegt, að vörumegn gæti úr nálægum héraðum eftir

svo kröptuga verzlun við Brákarpoll, að fáir eða engir kaupstaðir á landinu ættu vól á slíkri rétt við höndina. Ánk þessara héraða sem nú eru talin, er það hægðarleikur fyrir marga Dalasýslubúa að hagnýta sér verzlun við Brákarpoll, bæði með því, að taka þar út á hluti þeirra manna, sem róa suður frá þeim, einnig verzlun þar sjálfir með vörur sínar, ef þeim sýndist, því fyrir alla Dalamenn, sem annars fara landveg í Stykkishólm er engu lengra suður á Brákarpoll heldur en í Hólminn, og undan farin ár hafa nokkrir Dalamenn komið suður á Brákarpoll til verzlunar og mundu víst gjöra það frekar, ef kauptún löggilt væri þar.

Það er enn fremur aðgættandi, að ef einhverra orsaka vegna ekki kæmi sigling á Borðeyri eða þar yrði vöruskortur, er þeim, sem búa næstir norðan Holtavörðuheidi, greiddur vegur til verzlunar með kauptúni þessu, og hægra fyrir þá að sækja þangað heldur en í Höfðakaupstað, og þeim, sem suður róu úr nærsveitum norðanlands væri hægast að geta hér tekið út á hluti sína.

En hvað nú vegunum viðvíkur að Brákarpoll þá er það víst, að þangað liggja þeir beztu vegirnir, sem til eru í Mýrasýslu á þrjár hliðar:

1. vestan að suður með fjöllum yfir ofanverðan Kolbeinstaða-hrepp, Hraunhrepp og Álptaneshrepp og yfir Langá á því bezta vaðinu, sem til er á henni hjá Jarðlangsstöðum, og þaðan suður yfir Borgarhrepp eptir nýlögðum grjólbúavegi, sem orðinn er þegar fullgjörður. Þessar nýtöldu sveitir eiga nú reyndar hægra en allar aðrar að sækja verzlun á Straumfjörð, en það er eptirtektavert, að efri hluti allra þessara hreppa á þó töluvert styttra landveg á Brákarpoll heldur en Straumfjörð, þar af sést bezt hvað hentugur verzlunarstaður Brákarpollur er langt fram yfir Straumfjörð. Raunin er líka ólygnust, því margir Álpthreppingar hafa undan farin ár hægðar vegna sótt nauðsynjar sínar á Brákarpoll fremur en Straumfjörð, og er þó Straumfjörður einmitt í þeim hreppnum.

2. er aðalvegur, sem liggur norðan úr Húnavatnssýslu og Strandasýslu sunnanverðri suður Holtavörðuheidi ofan Norðurárdal, sem eptir núgildandi vegabótalögum er þjóðvegur alla leið ofan að Brákarpoll og engin vatnsföll á leiðinni svo teljandi sè. Á þenna veg liggja hér og hvar aðrir vegir, svo sem frá Dalasýslu, Langa-vatnsdals- og Brekkuvegir, úr Þverárhlið og Hvítársíðu gengur vegurinn yfir Norðurá á Hábrekkum á því bezta vaði, sem til er á henni,

og sjaldan á sumrum verður ófært vestur á aðalveginn, og eru allir þessir vegir góðir yfirferðar.

3. vegurinn er líka góður úr öllum efri hluta Borgarfjarðarsýslu, og er þá farið á lögferjunni yfir Hvítá hjá Ferjukoti og þaðan eptir þjóðvegi, sem er sæmilega góður, og verður bráðum bættur svo ágætur sè, vestur á miðveginn. Eru þannig allir vegir að Brákarpolli greiðfærir, óbrattir og liggja mjög beint við.

Innsigling á Brákarpoll hefir reynzt í betra lagi og má heita ágæt, þegar þess er gætt, að þeir skörpu straumar í Borgarfirði gjöra það að verkum, að svo mikið vinnst á í hverjum slag, en þar er nægilegt rúm til þess að slaga inn og út, en það er auðskilið, að inn verður að sigla með aðfalli en út með útfalli ef mótvindur er. Höfnin sjálf getur ekki annað en heitið góð, því sker og eyjar framar í firðinum taka úr alla brimsjóí, svo skip geta legið á höfninni, svo að segja hvar sem vill, ýmist á floti framarlega eður á þurru nær landi til affermingar.

Húsastæði er gott á stórri grasflöt rétt upp undan höfninni, og nægt er þar af góðu grjóti í grunnmúr og stakkstæði, og þar að auki í góðu skjóli næstum því af öllum áttum, túnstæði er þar reyndar ekki rétt gott, en þó má það nokkuð verða með góðri rækt, en jarðeplagarða má hafa þar skammt frá mjög mikla, svo uppskera úr þeim mætti með góðri umhirðingu verða mörg 100 rd. virði, þar sem nú eru ekki annað en sandblendin moldarflög.

Af öllum framan greindum ástæðum virðist yfirgnæfandi nauðsyn til þess, að biðja um löggilt kaптún hjá Brákarpolli, þar sem auðsèð er, að á þeim stað hlotnuðust kaupmönnum mjög mikil og arðsöm verzlunarviðskipti, sameinuð við óviðjafnanlega hægð og tímasparnað fjölda margra landsbúa.

Vèr, sem ritum nöfn vor hér undir, leyfum oss því virðingarfyllst að beiðast þess, að hið heiðraða alþingi taki þetta vort umvarðandi málefni til nákvæmrar yfirvegunar og umræðu á yfirstandandi sumri, og riti síðan meðmælandi bænarskrá til hans hátignar vors allramildasta konungs um:

Að leyfi veitist til að byggja kaптún í Borgarnesi við Brákarpoll í Borgarhreppi.

Ritað á frjálsum fundi að Eskiholti 5. maí 1865.

(212 nöfn). Nefnd sett.

BÆNARSKRÁ

úr Mýrasýslu um lengingu tíma þess, sem lausakaupmenn mega
verzla á hverjum stað fyrir sig.

Það er öllum, sem til Íslands þekkja full-ljóst, að hin óhag-
stæða veðráttu getur í ýmsum greinum tálmað áform manna og
fyrirtæki, svo þau geta sjaldnast komið að góðum notum, ef þau
eru mjög einbundin við naumt takmarkað tímabil. Þess vegna
virðist nauðsyn til, að þær reglur eða lög, sem bundin eru við
eitthvert naumt takmark, en gætu, ef rýmkað væri um bönd þeirra,
orðið í mörgu affarabetri, ættu að breytast til batnaðar.

Eitt af því, sem bundið er við mjög naumt takmark, er lega
hinna lausu kaupmanna á höfnum þessa lands. Það er orðið
nokkrum sinnum sannað, að sá 4 vikna tími er lög ákveða,
nægir hvorki þeim né landsmönnum, til að geta verzlað saman til
hlítar. Langviðrin og einkum stöðugir óþerrar, sem opt getur að
borið, valda því, að bæði ull og fiskur, aðalverzlunarvara landsins,
verða að bíða í margar vikur til þurrkunar, og þá getur opt svo
að borið, að tími sá verði út runnin sem lausakaupmaður núa á
höfninni bíða, og verður því að létta atkerum og sigla burt, en
skiptavinir kaupmanna þessara sitja eptir með vöruna og ná ekki
tilgangi sínum, að geta notað þau hin betri kaup, sem þeir bjóða
fram yfir fasta kaupmenn.

Að öðru leyti getur það einnig að borið, að lausakaupmenn
(vegna þess þeir þekkja þetta sitt þröngva svið), komi ekki hingað
undir land fyrr en rétt undir sjálfa kaup tíðina, bagi þá veðurátta
um nokkurn tíma, getur vel farið svo, að þeir sökum þess, missi
mikinn part af vörum þeim, er þeir annars hefðu getað keypt.

Af þessum ástæðum er það sannfæring vor, sem hér undir
ritum nöfn vor, að nauðsyn beri til, að taka mál þetta til ítarlegr-
ar yfirvegunar á yfirstandandi sumri, og biðjum því hér með virð-
ingarfyllst hið heiðraða alþingi að gjöra það, og senda síðan vor-
um allramildasta konungi bænarskrá um:

að verzlunarleyfi lausakaupmanna eptir plakati frá 1836,
28. desember 10. grein, verði lengt til átta vikna.

Ritað á frjálsum fundi að Hjarðarholti 13. d. maím. 1865.

(196 nöfn).

Felld frá nefnd með 17 atkvæðum gegn 6.

NEFENDARÁLT

í málinu: Konunglegt frumvarp um nýja verzlunarvög á Íslandi
(Sbr. bls. 142).

Alþingi hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að segja álit vort um konunglegt frumvarp til tilskipunar um verzlunarvog á Íslandi; höfum vör á lögskipaðan hátt rætt þetta mál með oss á fundi og lefum oss, að kveða upp álit vort um það á þessa leið:

Af ástæðum þeim, sem stjórnin hefir talið fyrir frumvarpi þessu, verðum vér að vera á þeirri skoðan, að ekkert geti verið því til fyrirstöðu, að frumvarpið öðlist lagagildi; en þó þykir oss það tilhlýðilegt, að þingið tæki það fram í álitsskjali sínu um mál-ið, að það sè ekki tiltækilegt, að nema bráðlega úr gildi þær aðr-ar vogir, sem nú eru tíðkaðar í landinu, eður öðruvisi en svo, að þær verði niðurlagðar jafnóðum og þær fynrast. Vér skulum að eins leyfa oss að taka það fram, að vér álitum niðurlags máls-greinina í 4. grein frumvarpsins óparfa, bæði sökum þess, að trautt mun verða beðizt nýrrar löggildingar á gömlum vogarlóðum og pundurum, og svo vegna hins, að löggilding þeirra ekki er fán-leg hér í landi, en mun að líkindum bráðum ekki lengur verða fánleg í löggildingar-skrifstofunni í Kaupmannahöfn.

Nefndin verður þannig að ráða þinginu til, að fallast á frumvarpið, þó með þeirri breytingu, að sleppt verði úr niðurlagi 4. greinar, ákvörðuninni um endurnýjungu löggildingar á gömlum vogarlóðum og pundurum.

Reykjavík 6. dag júlímán. 1865.

Sv. Nielsson, Jón Pétursson. P. Gudjohnsen,
form. og framsögum. skrifari.

NEFNDARÁLIT

í málinu konunglegt frumvarp um að gjöra verzlunarstaðinn Ísa-
fjörð að kaupstað (sbr. bls. 86).

Hið heiðraða alþingi kaus oss þrjá, er hér skrifum nöfn vor

undir, hinn þriðja dag þ. m. í nefnd, til að ihuga og kveða upp álit vort um konunglegt frumvarp til reglugjörðar um að gjöra verzlunarstaðinn Ísafjörð að kaupstað og um stjórn bæjarmálefna þar.

Vér höfum ihugað málefni þetta, og rætt það með oss vandlega á fundum, og leyfum oss nú, að skýra hinu heiðraða þingi frá skoðun vorri í máli þessu, og er hún, sem nú skal greina.

Frumvarp þetta hefir stjórnin samið samkvæmt þegnlegri bænarskrá alþingis 1863, og eptir ósk sjálfra íbúa Ísafjarðar kaupstaðar, að verzlunarstaðurinn Ísafjörður yrði gjörður að félagi út af fyrir sig, og er frumvarp það, sem fyrir þingið er nú lagt, í öllum aðalatriðum eins og reglugjörð um stjórn bæjarmálefna á Akureyri dags. 29. ágúst. 1862, með þeim einum breytingunni, sem nauðsynlegar eru, svo sem í 1. grein um skipti á sveitarsjóð og sveitarþyngslum millum hreppsins og kaupstaðarius, en sem þó hafa gjörð verið eptir því hlutfalli, sem er á milli tillags kaupstaðarbúa og hreppsbúa.

Önnur breyting frá reglugjörð 29. dag ágústmánaðar 1862 er í 10. grein, þar sem sagt er í frumvarpi þessu, að amtmaður skuli *„svo fljótt sem orðið getur“* gefa kjörstjórninni til vitundar, ef honum ekkert finnst athugavert við kosningu bæjarfulltrúa, en amtmaðurinn í norðurumdæminu á að gjöra slíkt innan 14 daga, að því er Akureyri snertir; og er það eðlileg og rétt breyting sökum þess, að amtmaðurinn býr og mun lengstum búa í töluverðum fjarska frá Ísafirði, og það svo miklum og með svo miklum torfærum á milli, að varla er auðið að kjörstjórnin geti fengið samþykki amtmannsins á kosningunni innan 14 daga.

Þá er 3. breytingin í 19. grein, þar sem svo er fyrirskipað, að fjárhagsáætlunin skuli samin fyrir 20. dag janúarm., en í reglugjörð 29. ágúst. er sagt, að hún skuli gjörð innan loka hvers marzmánaðar, og er breyting þessi og hagfelld, sökum fjarlægðar amtmanns, því að væri hún fyrst gjörð í marzmánuði, væri það með öllu undir hælinn lagt, hvort samþykki amtmanns á áætluninni næðist í tækan tíma, nema því að eins, að maður væri sendur gagngjört með hana, sem þó væri óþarfur kostnaður.

Enda þótt vér játum, að það virðist í raun rættari óeðlilegt band og ófrjálslegt, að bæjarbúar þurfi samþykki amtmanns til að leggja fram það fé, sem þeir vilja fram leggja hvert árið fyrir sig, án þess það hafi í för með sér nokkurn byrðarauka fyrir bæinn

framvegis, og þingið haldi fram þeirri skoðun 1859 í frumvarpi sínu til reglugjörðar fyrir stjórn bæjarmálefna á Akureyri, og Kaupmannahafnarbúar njóti þessa sjálfsforræðis, samkvæmt tilskipun 4. marz 1857 16. grein, þá viljum vèr þó eigi halda fram þessari skoðun að þessu sinni, að áætlunin skuli gild án samþykkis æðra yfirvalds (samanb. 19. og 22. gr.), úr því stjórninni þykir þetta atriði svo áriðandi, að hún eigi hefir viljað láta að bæn þingsins í þessu efni, eins og sjá má bæði af frumvarpi því, sem hún lagði fyrir alþingið 1861, um bæjarstjórn á Akureyri, og þessu frumvarpi, og mundi það því verða árangurslaust, að fara því framnú; enda má því það til málbóta segja, að verið getur nokkur vafi á, hvort mönnum, sem óvanir sèu allri bæjarstjórn, takist eða sè trúandi fyrir þegar frá upphafi, að stjórna fjármálum bæjarins án alls eptirlits frá æðra yfirvaldi. Með því vèr því eigi finnum neina ástæðu til að stinga upp á breytingum í frumvarpi þessu, leyfum vèr oss að svo mæltu, að ráða hinu heiðraða alþingi til, allra þegnsamlegast að heiðast þess:

Að frumvarp það til reglugjörðar, er lagt er fyrir þingið um að gjöra verzlunarstaðinn Ísafjörð að kaupstað og um stjórn bæjarmálefna þar, verði óbreytt gjört að lögum.

Reykjavík 6. d. júlím. 1865.

Bergur Thorberg. *Halldór Kr. Friðriksson.* *Ásgeir Einarsson.*
formaður. framsögumaður.

NEFNDARÁLIT

í málinu: Konunglegt frumvarp til opins bréfs um að stofna byggingarnefnd á Ísafirði. (sbr. bls. 99).

Á fundi sínum hinn 3. dag þ. m. kaus hið heiðaða alþingi oss þrjá, sem hér ritum nöfn vor undir, í nefnd, til að ihuga, og kveða upp álit vort um frumvarp til opins bréfs um að stofna byggingarnefnd á kaupstaðnum Ísafirði, sem hinn hæstvirti konungsfulltrúi lagði fyrir þingið að þessu sinni.

Vèr höfum ihugað mál þetta, og rætt það með oss á fundum,

og skulum nú skýra hinn heiðraða alþingi frá skoðun vorri á málinu.

Fyrsta frumvarp til lagaboðs þessa er, eins og sjá má af ástæðunum fyrir stjórnar frumvarpinu, gjört af nefnd á Ísafirði, sem að undirlagi stjórnarinnar var til þess skipuð; hefir hún lagt til grundvallar opið bréf um að stofna byggingarnefnd á verzlunarstaðnum Akureyri, dagsett 6. janúarm. 1857, en þó stungið upp á nokkrum breytingum. Stjórnin hefir nú eigi getað fallizt á sumar uppástungur nefndarinnar, svo sem um kosningar nefndarmanna í 1. grein, þar sem nefndin hefir stungið upp á, að tveir af nefndarmönnum skyldu kosnir á almennum fundi af bæjarbúum, og síðan útnefndir af amtmanni, en stjórnin hefir stungið upp á, að bæjarfulltrúarnir skuli kjósa alla 4 nefndarmenn, og getum vèr eigi betur sèð, en sú breyting sè í alla staði eðlileg og frjálsleg; enda er mikill hægðarauki með því uminnu bæjarstjórninni, þar sem amtmaðurinn býr svo langt burtu.

Önnur breyting frá uppástungum nefndarinnar er í 2. grein, þar sem nefndin hafði stungið upp á, að nefndarmenn sèu skyldir að hafa starf sitt á hendi um 6 ár eins og á Akureyri, en stjórnarfrumvarpið ákveður 5 ár, og virðizt það og eðlilegt, úr því bæjarfulltrúarnir eru skyldir að gegna fulltrúastörfum að eins um 5 ár, að sami sè skyldutími hvorratveggju að gegna störfum þeim, sem bæjarfulltrúar fela þeim á hendur.

Þá er 3. breytingin í 3. grein, þar sem svo er til ætlazt í frumvarpi stjórnarinnar, að ákvarðanir byggingarnefndarinnar skuli gildar, án þess amtmanns samþykkis þurfi til, þar sem bæði hér í Reykjavík og á Akureyri amtmennirnir þurfa að samþykkja þær, áður en þær verða framkvæmdar. Ákvörðun þessi er bæði miklu frjálslegri, en uppástunga nefndarinnar, enda mundi amtmaður sjaldan svo kunnugur, að hann gæti með fullum ástæðum breytt ákvörðunum nefndarinnar. Þessari sömu grundvallarreglu er og fylgt í 4. greininni og því gjörð samkynja breyting frá opnu bréfi 6. janúar 1857, sem í 3. greininni.

Með því vèr því eigi finnum neina ástæðu til að stinga upp á neinum breytingum í frumvarpi þessu, viljum vèr ráða hinu heiðraða alþingi til, allra þegnsamlegast að beiðast þess.

að frumvarp það til opins bréfs um að stofna byggingar-
nefnd á kaupstaðnum Ísafirði, verði óbreytt gjört að lögum.

Alþingi í Reykjavík 7. júlím 1865.

Bergur Thorberg, *Halldór Kr. Friðriksson.* *Ásgeir Einarsson.*
formaður. skrifari og framsögumaður.

BÆNARSRÁ

frá Gullbringusýslu og Kjósasýslu um sveitastjórn.

Á almennum fundi kjósenda úr Kjósar- og gullbringusýslu og úr Reykjavíkur lögsagnarumdæmi, sem haldinn var í Reykjavík 28. júní næstl., var það í einu hljóði samþykkt, að rita skyldi bænarskrá til alþingis þess efnis, að þingið beiddist þess af stjórninni, að nýtt frumvarp til sveitarstjórnarlaga fyrir Ísland yrði á ný hið allrabráðasta lagt fyrir þingið og vorum vér undirskrifaðir kjörnir til að semja hær að lútandi bænarskrá til alþingis.

Eins og hinu heiðraða þingi er kunnugt hefir nú þetta mál verið fyrir á þingi öðrum þræði síðan 1853, bæði frá landsmönnum og stjórninni sjálfri, og þó að það hafi ekki enn fengið hinn eptiræskta framgang, má ekki eigna það áhugaleysi landsmanna eður stjórnarinnar, heldur því, að stjórnin og þingið hefir ekki enn getað orðið alveg samdóma um tilhögun málsins. Hinu heiðraða þingi er það nú líka fullkunnugt, að hin mestu vandræði eru fyrir höndum um þetta mál, þar sem árleg reynsla sýnir, að hið núverandi fyrirkomulag á ýmsum atriðum sveitarstjórnarmála er svo óhaganlega niðurskipað, að hver hreppur er móti öðrum og hver hönd móti annari. Vér viljum taka til dæmis fátækramálefnið hreppa á milli og jafnvel sýslna á milli. Hvað er þar almennara en að það er orðið svo að segja mark og mið hveirrar sveitarstjórnar að beita öllum brögðum, réttum og röngum, til að hrinda sveitarþynglsunum yfir á aðra með því jafnvel að gipta öreiga og óreiðumenn upp á annað sveitarfélag og fleira þess konar.

Vér leyfum oss því í umboði fundarins að skora á hið heiðr-

aða alþingi, að það sendi vorum allframildasta konungi bænarskrá þess efnis:

Að nýtt frumvarp til endurbótar á sveitarstjórnarlögum vorum verði sem allrabráðast lagt fyrir alþingi.

Reykjavík 30. júní 1865.

P. Guðjónsen. S. Skúlason. Sigurður Arason.

Nefnd sett.

BÆNARSKRÁ

úr Rángárvallasýslu um sérstaka verðlagsskrá.

Það hefir um mörg undan farin ár vakað fyrir oss undirrituðum íbúum Rángárvallasýslu, að þær árlegu verðlagsskrár sem gilt hafa meðal vor séu byggðar á skökkum grundvelli í tilliti til sýslu vorrar, og með því bakað oss ósanngjarnlega þyngri og tilfinnalegri öll þau gjöld, bæði opinber og önnur, er vèr greiðum með peningum eptir verðlagsskránni; og viljum vèr stuttlega leitast við að sýna hvernig á því stendur.

Fyrst er nú það, að sölulagið í sýslu vorri er að jafnaði talstvert lægra bæði á lifandi fænaði og ýmsu öðru, en í hinum sýslum suðuramtsins sem með oss eru um verðlagsskrána, er auðsjáanlega orsakast af því, að þær geta fært sér í nyt það háa sölulag sem að jafnaði viðgengst í Gullbringusýslu bæði við kaupstaðina þar, sjóarbændur og yfir höfuð við innlenda og útlenda, er vèr höfum lítil sem engin not af, og höfum þar á móti enga þvílíka staði til viðskipta vorra.

Í öðru lagi virðist oss athugasvert að vèr höfum engan verzlunarstað í sýslu vorri, og þeir verzlunarstaðir sem næst oss liggja, nefnil. á Vestmannaeyjum og Eyrarbakka eru stórum annmörkum bundnir; sá fyrr nefndi vegna sjóleiðarinnar, sem er sökum ævarandi brims fyrir berum sandi svo torsótt og hættuleg, að ei einasta hindrast þar fyrir mjög bagalega þær kaupstaðarferðir vorar svo vikum skiptir, heldur bakar hún oss mörgum sinnum hrakning og skaða á skipum og gózi. Hinn síðarnefndi hefir nú sem kunnugt er alls eina kaupmannsverzlun, og afskekktur frá öðrum kaupstöð-

um, og er því að jafnaði mikið meir aðsóttur en hann getur í móti tekið, hljótum vèr því allopt að fara fram hjá honum til kaupstaðanna í Gullbringusýslu. Af þessu hvorttveggju er nú auðsætt, hve ósanngjarnt er, að sýsla vor sè í taxa sambandi við þær sýslur og hëruð sem kostnaðar og affallalaust geta fært sèr í nyt hið hæsta sölulag sem viðgengst í suðuramtinu á öllu því, sem til grundvallar er lagt í verðlagsskránni, bæði við kaupmenn og aðra, innlenda og útlanda, er vèr annaðhvort ekki höfum af að segja eða verðum að sæta með afföllum og tilkostnaði, afföllum á lifandi fënaði, ásamt ferðakostnaði, bæði á honum og öðru er vèr flytjum til verzlunarviðskipta.

Að lyktum viljum vèr geta þess að um mörg undan farin ár hefir verið talsverður munur á hinni gildandi verðlagsskrá, og verðlagsskýrslum presta og hreppstjóra hër í sýslu, og að því leyti sem skýrslur þeirra hafa lagt grundvöll til lægri taxa, er vèr álítum eðlilegt eptir áðurgreindum ástæðum, virðist oss mismunurinn baka oss óviðurkvæmilega og ósanngjarna gjaldgreiðslu.

Vèr leyfum oss því af hërsögðum ástæðum að biðja hið heiðraða alþingi er nú fer í hönd að taka þetta mál til greina og bera fram þá allra þegnsamlegustu bæn fyrir konung vorn:

Að Rangárvallasýsla fái sem fyrst verðlagsskrá út af fyrir sig, byggða á hennar innbyrðis skýrslum frá prestum og hreppstjórum, en að öðru leyti, bæði kostaða og annað, á sama hátt og aðrar verðlagsskrár suðuramtsins.

Ritað í Rangárþingi 8. maí 1865.

124 nðfn.

Felld frá nefnd með 18 atkvæðum gegn 3.

BÆNARSKRÁ

frá Kjósar- og Gullbringusýslu um að nema úr lögum tilskipun 27. maí 1746 um spítalahluti.

Oss undirskrifuðum hefir af nokkrum kjósendum Reykjavíkur-kaupstaðar og Gullbringu- og Kjósarsýslu verið falið á hendur að semja og senda alþingi bænarskrá um, að það vilji rita konungi

bænaraskrá í þá stefnu, að hinir svo kölluðu spítalahlutir, sem fyrir skipaðir eru með tilskipun af 27. maí 1746 § 19, verði af numdir, en í stað þess aptur lögleitt, að það fæ, sem þarf til endurbóta læknaskipuninni hér á landi verði lagt á landið sem almennur skattur eptir þeim grundvallarreglum, sem alþingi mætti virðast til-
tækilegastar, þó svo, að skattur þessi ekki verði hærri en meðal-
tali svári af öllum spítalahlutum á landinu um hin síðustu 5 ár. Þessa beiðni og ósk sína studdu hlutaðeigendur fyrst og fremst við þá réttaróvissu, sem á seinni tímum einkum, hefir látið sig í ljósi um það, eptir hverjum grundvallarreglum skipta skuli spítala-
hlutum, með því að þær ákvarðanir, sem áður nefnd 19. gr. spít-
alatilskipunarinnar hefir um, hve nær og hvernig skiptin skuli fram fara, sé þeim misskilningi háð, að þær opt og tíðum komi í mótsögn hver við aðra, svo að það sé stundum heimitað, að sami maðurinn skipti tvisvar spítalahlut á sömu vertíð, en stundum komi það fyrir, að hlutaðeigendur alveg neiti að gjalda hlutinn, án þess að sá, sem orðinn er eigandi hans, fái þar á nokkra leið
rétting þótt hann klagi til yfirvaldanna. Þessar kringumstæður nú-
verandi tíma, sem og það, að í meðferð og sölu spítalahlutanna er fyrir löngu alveg vikið frá ákvörðunum tilskipunarinnar, og það til mikils hagnaðar fyrir spítala- eða nú lækna sjóðinn, álitu hlutaðeigendur sanna það, að ákvarðanir tilskipunarinnar samsvari ekki tilgangi sínum, þegar um það er að ræða annaðhvort að krefja spítalahlutinn af gjaldendum, eða að hagtæra honum til inntektar fyrir spítalasjóðinn. En þar næst þótti hlutaðeigendum það auð-
sætt, að þar sem tilgangi spítalahlutarins nú væri breytt fyrir 17 árum síðan með konungsúrskurði 12. ágúst 1848, og í framhaldi hans með konungsúrskurði 29. ágúst 1862, þá sé það ekki lengur sanngjarnt, að hinn stopulasti og lífshættulegasti atvinnuvegur landsins einsamall beri þá álögu, sem miðar til umbótar á þeirri ráðstöfun, sem jafnt varðar alla íbúa landsins, heldur virðist þeim það vera í mesta máta réttlátt, að sérhver húsráðandi í öllu landinu tæki þátt í henni eptir efnun og ástandi, eða þá eptir einhverri annari grundvallarreglu, sem alþingi mætti þykja betur hlýða.

Vér leyfum oss því samkvæmt ofan-umgetnu umboði að skora á alþing um, að það vilji frambæra fyrir hans hátign konunginn þá allra þegnsamlegustu bæn vora :

Að tilskipun 27. maí 1746 verði felld úr gildi, og að á-
laga sú, sem eptir henni hvílir á alls konar fiski og fugl-

veiði á Íslandi falli burtu, en að í stað hennar verði lagður almennur skattur á landið, er falli í læknaþjóð þann, sem stofnaður er með úrskurði konungs af 12. ágúst 1848.

Reykjavík, þann 30. júní 1865.

P. Guðjohnsen. H. E. Helgesen. Sigurður Arason.

Felld frá nefnd með 18 atkvæðum gegn 2.

BÆNARSKRÁ

frá Vestmanna-eyjum um, að breytt sé opnu bréfi 24. marz 1863.

Enda þó hið heiðraða alþingi hafi með tillögum sínum á nokkrum þingum, og seinast á þinginu 1861, komið því til leiðar, að tilskipun frá 20. febr. 1750 um spítalahluti á Vestmanna-eyjum, væri úr lögum numin, sem nú er orðið með opnu bréfi 24. marzmán. 1863, leyfum vör oss í undirgefni að vekja athygli vors heiðraða alþingis á þeim ólíðandi halla, sem óumflýjanlega leiðir af slíkri lagabreytingu, fyrir forsorgun fátækra hér á eyju. Það mun engum þeirra þingmanna, er studdu að nefndri lagabreytingu hafa komið til hugar að segja, að tilskipun 20. febr. 1750, sem eptir gaf eyjabúum spítalahlutina, fátækum og sjúkum mönnum hér á eyju til framfæris, hafi verið á ranglátum grundvelli byggð, en óskiljanlegt virðist oss að hinu leytnu, að þingið hafi getað fundið það réttlátt, að svipta Vestmanna-eyjar nú áminnstum spítalahlut hefði það til hlítar þekkt ástandið á Vestmannaeyjum eins og það var árið 1861, og sem ár frá ári hefir síðan farið æ versnandi, hvað viðvíkur ómegð og almennri örbyrgð. Vör vonum, að hið heiðraða alþingi renni oss ekki, þó vör segjum að efnahagur og ástand manna hér, sé ekki betri heldur jafnvel miklu bágari, en fyrir rúmum hundrað árum síðan. Þá segir svo, að hér hafi verið 30 fátæklingar, en ekki segjum vör of mikið, þó vör nú teljum þá 60, auk allt að 30 sveitarómaga, sem forsorgast eiga af þeim hér um bil 30 sem gætu heitið sjálfum sér bjargandi nú sem stendur. Og oss verður fyrir að spyrja, hvaðan eiga allir þessir fátæklingar að fá brauð, svo hver fái eitthvað dálítið, þegar þeir sem veitandi hafa verið, mega ekki lengur neins í missa, og sá lítil sveitarstýrkur, sem þeim áður hefir veizt af fátækraþjóði, er

frá þeim tekinn með hinu opna bréfi; því þó nú sveitarsjóður Vestmanna-eyja hær eptir einungis hafi 26 rd. vissar tekjur á ári, sem eru vextir af innstæðu sveitarinnar í jarðabókarsjóði Íslands, þá er það í augum uppi, að þessir fáu dalir ekki nægi til að bæta úr neyð svo margra þurfamanna sem hær eru, og að þá megi gripa til þess að skerða þessa innstæðu, eða með tímanum taka hana eins og hún er sig til.

Þegar alþingi studdi að því, að fá tilskipun 20. febr. 1750 af numda, þá var það hagur hins almenna, þ. e. hins almenna lækna sjóðs, sem velflestir litu á, svo sem það er sitja ætti í fyrirrúmi fyrir öllu öðru, og játum vör að vísu þessa skoðun á réttum rökum byggða, en þó ekki án undantekningar; hinu almenna getur því að eins vel vegnað, að einstök félög, eða einstaklingurinn, sem er partur hins almenna, ekki liði þar við halla; og yfir höfuð mun það vera svo hær á landi, að hið lögboðna spítalagjald, ekki gjöri einstökum mönnum eða sveitarfélögum neinn tilfinnanlegan halla; en hvað Vestmanna-eyjum sér í lagi við vikur, þá mun enginn sem nokkurrar sanngirni vill gæta, geta móti því mælt, að þær, svo sem sveitarfélag, liði hær við þann halla, sem þeim sé óþolandi, þar sem Eyjabúum ekki einungis nú gjörast, auk tíundar til prests, hundraðs-fisks til sýslumanns og kirkjufisks, að greiða spítalahlut jafnt við aðra af fiskafra sínum, heldur og 25. partinn af allri sinni fuglveiði til hins almenna lækna sjóðs. Þó er þetta ekki svo að skilja, sem vör viljum hliðra oss hjá, að styðja að voru leyti svo nýtsama stofnun. sem er umbót hinnar almennu lækna-skipunar hær á landi, einungis að vör ekki sætum þeim ójöfnuði, að gjalda að tiltölu við aðra landsmenn, margfalt meira gjald en þeir; en það mundum vör álíta rétt og sanngjarnt, að vör gyldum hinn ákveðna hlut af fiski til lækna sjóðsins, en mættum eins og verið hefir, njóta afgangis af fuglveiðinni, svo sem inntektar fyrir sveitarsjóð vörn, vorum mörgu þurfamönnum til einhvern litillar aðstoðar. Vör getum ekki álitid, að hið heiðraða alþingi skerði neinu virðingu sína, þó það nú lèti tilleiðast að taka að nokkru eyti aptur það sem það áður hefir að vísu svo fastlega fram fylgt, og vör verðum miklu fremur að álíta það ósamboðið þess virðingu, vilji það nú að engu meta þær ástæður sem vör hær að framan höfum til fært. Það er nú að vísu svo fyrir mælt með hinu opna bréfi, að lækna sjóðurinn móti því að fá allt spítalagjald hëðan af fiski og fugli, skuli *fyrst um sinn* borga þá 30 rd. til ljósmæðra

hèr, sem goldnir hafa verið af sveitarsjóði, en fengjum vèr þá ósk vora uppfyllta, að halda spítalahlutnum af fuglveiði vorri, værum vèr ekki ófúsir á að taka að oss borgun þessara 30 dala, og vonum vèr, að enginn þannig með réttu geti ámælt oss fyrir ótilhlýðilega heimtufrekju.

Samkvæmt ofanskrifuðu leyfum vèr oss því, að beiðast fulltingis vors heiðraða alþingis, að áðurnefndu opnu bréfi frá 24. marz 1863 um spítalahluti á Vestmanna-eyjum, verði breytt á þann veg, að sveitarsjóðnr Vestmanna-eyja megi framvegis njóta þess spítalahlutar, sem til fellur af *fuglveiði* hèr, móti því að hann borgi þau 30 rd. ljósmóður laun, sem að öðrum kosti eiga fyrst um sinn, að hvíla á lækna sjóðnum.

Vestmanna-eyjum þann 6. júní 1865.

(25 nöfn).

Felld frá nefnd með 16 atkvæðum gegn 6.

BÆNARSKRÁ

frá Austur-Skaptafellssýslu um nýja tíundarreglugjörð.

Það virðast nú bráðum komnir þeir tímar, að farið verði að semja ný skattalög handa oss Íslendingum, enda þótt jarðamatið virðist ekki vera svo úr garði gjört, að á því megi byggja skattgjaldslög, en máske það lagist við endurskoðun þá er framfara á eptir tilskipun 1. apríl 1861, en svo illt sem jarðamatið er til undirstöðu skattlaga, þá eru lausafjárhundruðin ekki áreiðanlegri gjaldstofn, eins og þau nú eru, því laga-ákvarðanirnar um lausafjárhundruðin eru sumpart teknar úr Jóns lagabók, en sumpart eptir reglugjörðinni af 17. júlí 1782, og þegar lausafjárhundruðin eru hvert fyrir sig, skoðuð eptir algengu verðlagi í kaupum og sölum, þá verður enginn innbyrðis jöfnuður á þeim, og viljum vèr að eins til færa eitt dæmi af mörgum; eptir verðlagi hèr í sýslu, þá verður ærhundraðið (eða 6 ær loðnar og lembdar í fardögum) 30 rd., en hundraðið af fullorðnum sauðum 48 rd., og sama verður hlutfallið á hinum öðrum lifandi pening, sem til tíundar er lagður. Því virðist brýn nauðsyn til, að samin sè ný reglugjörð um lausa-

fjárhundruð, og ekki sè talin til tíundar nema sá peningur, sem gefur af sèr árlegan arð; þannig virðist, að ekki ætti að telja fram til tíundar veturgamlan nautpening eða peninga, sem liggja ávaxtarlausir. Af framantöldum ástæðum leyfum vèr oss, að bera þá ósk vora upp við vort heiðraða alþingi, að það í sumar semji nýja tíundarreglugjörð, og sendi þegnsamlegasta bænarskrá til konungs þess efnis, að sú reglugjörð fái lagagildi, áður skattgjaldslögin verði samin.

Holtum 3. júnímánaðar 1865. (73 nöfn).

Felld frá nefnd.

BÆNARSKRÁ

frá Vestmannaeyjum um uppgjöf á jarða-afgjöldum.

Vèr undirskrifaðir búendur á Vestmanna-eyjum leyfum oss hèr með að bera undir álit og aðgjörðir vors heiðraða alþingis, mál-efni eitt mikils umvarðandi fyrir sveitarfélag vort Vestmanneyinga.

Svo er mál með vexti, að nú á síðastliðinni vetrarvertíð hefir hèr við eyjuna verið þvilíkt fiskileysi, að ekki muna nú lifandi menn slíkt á þessum stað, og skulum vèr hèr að lútandi geta þess, að af 10 eyjaskipum, sem røru hèr á síðastliðinni vertíð hefir einungis eitt fengið um 1½ hundrað tólfrætt til hlutar, 4 liðugt hundrað og 5 rúmlega hálf hundrað. Afleiðing þessa frábæra fiskileysis er sem von er sú, að margir þeir sem einungis hafa haft einn hlut, hafa orðið að eyða sínum litla afla til bjargræðis heimilum sínum, jafnóðum og hann hefir fengizt; en mjög fáir fyrir fram svo efn-um búnir, að þeir hefðu nokkuð afgangs frá fyrri árum, til þess að kaupa fyrir nauðsynjar sínar, þar sem þvert á móti mikill fjöldi búenda hèr standa í kaupstaðarskuldum, og hafa margir hverjir veðsett kaupmönnum, ekki einungis væntanlegan afla, heldur jafnvel hús sín, og aðrar eigur. Vèr vonum, að hinu heiðraða alþingi gefi hèr af að skilja, að ekki sè það um skör fram, þó vèr leitum þess góða fulltingis, til þess í einhverju að fá ráða bót á vandræð-um þeim, sem hèr fyrir liggja. Það er að vísu ekki fiskileysi und-an farinnar vertíðar eingöngu, sem gjörir ástand þessa héraðs svo

fskyggilegt, heldur og líka þau miklu sveitarþýngsli, sem á eru fallin og æ fara í vöxt fyrir almenna fátækt, sem leitt hefir af, vèr viljum ekki segja, fiskileysi, — heldur fiskifæð undan fariuna 10 ára, og skulum vèr í því efni leyfa oss að geta þess, að á þessu ári er fátækra-útsvar Eyjabúa, að fráteknunni því, sem kaupmönnum hér hefir gjörzt að greiða, um 726 rd.; en búendur allt að 100, en varla verður svo álitid, að meira en þriðji hver sè fær um að gjalda nokkuð til sveitarinnar. Hér af leiðir, að þeir fáu sem nokkurn veginn mega heita sjálfum sèr bjargandi, einnig með tímanum, verða ekki betur staddir en hinir. — Oss er kunnugt, að sveitir, sem líkt hefir staðid á fyrir, hafa leitað á náðir stjórnarinnar um lán til að afstýra annaðhvort uppkominni eða fyrirsjáanlegri neyð; en þó vèr vildum biðja hið heiðraða alþingi að styðja að því, að sveitarfélag vort fengi þvílíkt lán frá stjórninni, þá sjáum vèr engin tók á að borga það aptur, nema með því að sveitarfélag vort komist þar við eptirleiðis í enn meiri vandræði. En oss hefir til hugar komid, að það mundi mikið bæta úr hinni almennu uppkomnu og yfirvofandi neyð hér, yrði öllum þeim búendum hér, sem ekki eru færir um að borga landskuldir sínar, og tómthúsaleigur, eptirgefnar þær, nú í ár, og svo lengi sem að við höldist sama fiskileysi; því ekki ætlumst vèr til, að aðrir en þeir yrði fríðir við jarðaðeða tómthúsa eptirgjöld, sem hefðu vottorð sveitastjórnarinnar í sameiningu með umboðsmanni, um að þeir væri í þvílíkum kringumstæðum, að þeir ekki væri færir um slík útgjöld. Að oss hefir einkum hugkvæmt, að fara þessa á leit, kemur þar af, að vèr sjáum það svo sem óumflýjanlegt, að ef búendur ekki geta staðid í skilum með eptirgjöld býla sinna, er þeim þar með sjálfvísad frá jarðnæði og húsnæði, og liggur þá ei annað fyrir, en að þeir með öllu sínu hyski fari á vonarvöl, með því að sveitarsjóðurinn, sem með opnu bréfi 24. marzm. 1863 er sviptur sínum aðaltekjum, ekki getur einu sinni bætt úr þörfum þeirra, sem nú eru sveitarstyrks þurfandi, því siður að hann geti styrkt þá, sem nú er fyrirsjáanlegt, að við muni bætast.

Af framanskrifuðum ástæðum leyfum vèr oss að óska þess, að voru heiðraða alþingi mætti þóknast, að taka þetta vandræðamál til íhugunar, og beiðast þess af hans Hátígn konunginum: að þeim leiguliðum hans hátígnar á Vestmanneyjum, sem samkvæmt vottun hlutaðeigandi umboðsmanns og sveitarstjóra, ekki eru færir um að greiða hið áskilda eptirgjald

eptir ábúðarjarðir sínar og tómthús, verði upp gefið tæð eptirgjald fyrst um sinn og svo lengi sem þetta eða þessu líkt hjargræðisleysi viðhelzt.

Vestmanna-eyjum 6 júní. 1865.

(33 nöfn).

Felld frá nefnd með 17 atkvæðum.

BÆNARSKÁ

úr Vestur-Skaptafellssýslu um jafnaðarsjóðsgjald.

Heiðruðu alþingismenn, góðir landar!

Þegar vèr lítum yfir umliðna tímann og berum hann saman við hinn yfirstandandi, þá sjáum vèr, að flest allt hefir breytingu tekið, sumt til batnaðar, sumt til hins verra. Sumar þessar breytingar hafa leitt beinlínis af rás tímans, sumar af aðberandi atvikum; sumar hafa átt við gildandi lög að styðjast, sumar hafa læðst inn af nógu miklu sjálfteknu valdi og ráðsmennsku einstakra manna, eða þeirra, sem hafa verið settir til að gæta laganna og helgi þeirra á aðra hliðina, en vernda réttindi og velfarnan þegnanna á hina. Þetta, sem hér er sagt, á í mörgu tilliti fullan stað; en þó kemur það einna ljósast fram, þegar menn að gæta jafnaðarsjóð suðuramtsins og stjórn hans bæði fyrr og síðar. Síðan lögboðið var að auglýsa reikninga þessa sjóðs, sem annara opinberra sjóða og stofnana hafa suðuramtsbúar af reikningunum sjálfum getað sannfærzt um þetta, sem að framan er ávísað. Vèr höfum líka í dagblöðum vorum sæð og sannfærzt um, hvaða álögur lögin heimila að leggja á jafnaðarsjóðina og hvaða álögur hafa verið lagðar á jafnaðarsjóð suðuramtsins án nokkurrar lagaheimildar. Sjá Íslending 3. ár, nr. 5.; Þjóðólf 17. ár, nr. 10—11. o. fl.

Öllum íbúum suðuramtsins er án efa minnisstæður hinn afar-hái og óbærilegi aukatollur, sem nú árlega er heimtaður vægðarlaust til jafnaðarsjóðsins, en engum er þessi velfengni tollur minnisstæðari og óbærilegri en oss Vestur-Skaptfellingum, sem vèr nú munum minnst á. Eins og vèr Vestur-Skaptfellingar getum með

góðum rökum sýnt, höfum vér orðið og verðum með sama háttalagi á auka-útsvari til jafnaðarsjóðsins, sem nú hin síðustu árin hefir átt sér stað, langharðast allra amtsbúa úti með greiðslu þessa tolls. Því verður alls ekki neitað, að vér Vestur-Skaptfellingar höfum með vörðum og vörnum gegn útbreiðslu fjárkláðans, ekki einasta varið og verndað aðalgjaldstofn vorn til jafnaðarsjóðsins, heldur höfum vér líka látið hëðan frá oss með vægu verði álitlegan fjárstofn til annara sýslna, sem fjárlausar voru orðnar af hinum bæði fólk og fê drepanði og eyðileggjandi fjárkláða. Vér höfum verið látnir, ásamt Austur-Skaptafellssýslu, bera nær því þriðjung af öllum þeim kostnaði, sem á jafnaðarsjóð suðuramtsins hefir verið lagður út af varðkostnaði í vestustu sýslum amtsins og af öllu lækningakákinu syðra; en á hinn bóginn hefir oss hvað eptir annað verið synjað um að fá endurgoldinn kostnað þann, sem einstakir menn vor á meðal, í von um endurgjald af hinu opinbera eða jafnaðarsjóðnum, lögðu í sölurnar fyrir vörn móti kláðanum. Vér höfum einir, ásamt Austursýslunni goldið til jafnaðarsjóðsins frá 1860—63 undir það 2000 rd., og þannig staðizt meir en fjórða hluta allra útgjalda sjóðsins, ekki einasta hinna lögbodnu, heldur einnig hinna miklu gjalda til fjárkláðans, sem vér vitum ekki enn í dag, að heimilt sê eptir lögum að heimta af oss. Þessu getum vér eigi undir risið til lengdar. Vér verðum því að láta það álit vort í ljósi, að nauðsynlegt sê, að útgjöld jafnaðarsjóðsins verði hér eptir fastar ákveðin, og skýr lagaheimild fáið fyrir útgjöldunum.

Þegar vér nú lítum til þess, hvernig hinu afarháa jafnaðarsjóðsgjaldi er niður jafnað, þá lítur það svo út fyrir vorum sjónum, sem niðurjöfnunin sê gjörð, vér mættum svo að orði kveða, af handa hófi. Vér vitum ekki til, að nokkur áætlun sê fyrir fram gjörð yfir tekjur og gjöld sjóðsins, og því síður að nokkur maður fái að vita um ástæður fyrir þessari gjaldheimtu fyrr en gjaldið dynur yfir. Þessi tilhögun finnst oss því óviðfelldnari, sem hún nú er fjarstæð allri venju með tekjur og gjöld ýmsra annara sjóða og stofnana. Vér vitum t. d., að áætlun er gjörð víða um land yfir fátækra forlag og auka-útsvar hreppsبúa í hverjum hreppi, og er ómögulegt án þessa að vera. Því skyldi þá ekki sama vera nauðsynlegt um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðanna. Þessi áætlun, sem vér hér stingum upp á, þætti oss viðfelldnast, að væri gjörð af amtmanni og öðrum 2 þjóðkjörnum alþingismönnum og síðan auglýst í blóðun-

um, því þá fá gjaldþegnar að sjá fyrir fram skýrar og greinilegar ástæður fyrir gjaldheimtunni, og þá mundi óánægja sú, sem nú á sér of mikinn stað, að miklu leyti minnka, þar sem trygging fengist fyrir sanngjörnu jafnaðarsjóðsgjaldi.

Vér höfum hér að framan getið þess, að sum gjöld til jafnaðarsjóðsins séu með lögum lögð á hann, aptur séu önnur, sem án allrar lagaheimildar hafa á hann nú á síðari tímum lögð verið, og þar til nefnum vér allan fjárkláðakostnaðinn, bæði til varða og lækninga. Vér vitum, að konungur vor og stjórn hans erlendis veitti úr ríkissjóði 40,000 rd. til að útrýma fjárkláðanum hér á landi, og að árið 1860 voru 10—13,000 rd. óeyddar af öllu þessu fè, og að kláðakostnaðinum hefir síðan 1860 verið jafnað á amtsbúa, án lagaheimildar, ásamt hinum lögboðnu útgjöldum. Þessi ráðstöfun þykir oss alveg óbærileg, og lýsum því hér með yfir, að oss stórlega furðar á slíku sjálfteknu valdi, því þetta er aðalorsökin til hins afarháa gjalds, sem þegar að undan förnu hefir verið öllum helzt til of tilfinnanlegt.

Skorti nú lagaheimild, sem víst má telja, til að hafa lagt og leggja hér eptir kostnaðinn út af fjárkláðanum á amtsbúa, og að stjórnin hefir á hinn bóginn fyrr og síðar tekið að sér allar ráðstafanir kláðamálsins, og lagt stórfé til að útrýma kláðanum, og að nokkru af þessu fè er enn óeytt, þá vonum vér, að fleiri en vér einir líti svo á, óski þess og beiðist, að réttast sé og sanngjarnast, að allur sá kostnaður, sem á jafnaðarsjóð suðuramtsins hefir verið lagður út af fjárkláðanum verði tafarlaust endurgoldinn sjóðnum.

Af þessum framanskriðuðu ástæðum leyfum vér oss að biðja vort heiðraða alþing, að taka mál þetta til meðferðar og mæla fram með því í einum anda, að hans hátign konungurinn skipi svo fyrir:

1. Að útgjöld jafnaðarsjóðs suðuramtsins verði nákvæmar og fastar ákveðin, svo að full trygging fáið fyrir því, að eigi verði látin lenda á honum nein útgjöld án fullrar lagaheimildar.
2. Að niðurfjórðun jafnaðarsjóðsgjaldsins ár hvert verði framvegis byggð á skipulegri áætlun yfir tekjur hans og útgjöld á hinu komandi ári, er amtmaður búi til um byrjun árs hvers, ásamt með 2 hinum næstu þjóðkjörnu alþingismönnum, en sú áætlun verði síðan auglýst í blöðunum.

3. Að aldrei megi auka-útsvarið nokkurt ár yfirstíga lögá-
kveðna upphæð, og
4. Að jafnaðarsjóði suðuramtsins verði hið allrabráðasta end-
urgoldinn allur sá kostnaður, sem á hann hefir verið lögð-
ur út af fjárkláðanum og fjárkláðamálinu.

Ritað að Leiðvelli 22. maí 1865.

(65 nöfn). Nefnd sett.

BÆNARSKRÁ

frá Norður-Þingeyjarsýslu um fiskiveiðar útlendra.

Ekki hefir enn sézt neinn árangur þess, þó að bænaskrár og umkvartanir hafa hvað eptir annað komið til alþingis frá ýmsum hêruðum landsins, þess efnis, að reistar yrðu skorður við hinum skaðlega yfirgangi og vikingsskap útlendra fiskimanna hêr við landið, nè þó að þingið hafi tekið málefni þetta til meðferðar, og með eindregnum áhuga ritað konungi hêr að lútandi bænaskrá, því með hverju ári eykst tala hinna útlendu fiskiveiða, einkum frá Frakklandi og Englandi, og með hverju ári traðka þessir meir og meir réttindum landsmanna í tæðu falli, svo nú eru þessir veiðimenn orðnir svo gjörræðnir, að þeir ekki einasta draga fiskinn á grunnmiðum, hvert heldur er á vikum, flóum eður fjörðum, heldur og þar á ofan eru farnir að sýna sig í ráni og gripdeildum á landi, hvar sem þeir geta komið því við. Þannig hafa þeir stolið úr varplöndum bæði á Hólum í Reyðarfirði og á Vopnafirði, leitast við að hrifsa rekavið og hvað annað, sem höndum mátti festa á Ströndum, Langanesi og Slættu. Í fyrra sumar hurfu 12 kindur úr svo nefndum Mánareyum, sem liggja fyrir Tjörnesi, og eru menn vissir um, að sömu eður líkir ofbeldisþrjótar hafi stolið þeim, þar eð þeir einnig ætluðu að stela kindum á Sauðanesi sama sumar; voru þeir þá búnir að binda þar 2 kindur, en höfðu eitthvað 20 í haldi, sem þeir að líkindum hefðu stolið öllum saman, hefði ekki vinnumann af staðnum borið þar að í sömu andránni, sem í ofboði þreif rekaviðarstaur og barði þá eitthvað, svo þeir létu lausan ránsfeng sinn og hrukku frá í það sinni. Þessi fiskiskipagruí

kemur hingað til Norðurlands í júnímánuði þegar bærilega árar, og eru ýmist nær eður fjær landinu, til þess í lok ágústmánaðar, og eru nú á seinustu árum farnir að halda til fram í september; má svo kalla, að landsmenn verði varla fiskvarir mikið af þessum tíma, enda þó góð fiskigengd hafi verið komin, og húízt hafi verið góðum afla, áður þenna ófögnuð bar að höndum. Það er því ekki annað sýnna, en að annar hinn helzti bjargræðis- og atvinnuvegur landsins gjöreyðist, ef þessu fer fram, auk þess, sem helzt lítur út fyrir, að þessir útlendu yfirgangsmenn magnist svo í ránum og víkingsskap, hvar sem þeir fá slíku komið við, að hvorki eignum né lífi landsmanna verði óhætt að fáum árum liðnum. Oss virðist því, að allir, sem nokkuð er annt um heill og frelsi ættjarðar sinnar, ættu að leggja allt fram, sem í þeirra valdi stendur, til þess að afstýra annari eins plágu og vandræðum og hær ræðir um. Sér í lagi ættu fulltrúar þjóðarinnar að leggjast djúpt til að finna þau ráð, er dugi mót öðru eins þjóðarmeini og þetta er. Því til lítills kemur að koma á fót ýmsum stofnunum, og endurbótum, sem til þjóðheilla miða, ef útlendir ræningjar mega að eigin vild kippa öllu um koll þegar minnst varir; en það verður vafalaust með því móti, ef annar aðalatvinnuvegur landsins verður eyðilagður af yfirgangi þeirra.

Vér skorum því á alþingi vort, það er haldið verður í sum-
ar, að það en á ný taki þetta mjög áriðandi þjóðarmál til með-
ferðar, og riti hans hátign konunginum svolátandi bænaskrá:

1. Að hann af mildi sinni og vizku sjái svo fyrir, að réttindum vorum verði hær eptir borgið fyrir ránum og yfirgangi útlendra fiskimanna, svo að þeim að minnsta kosti verði haldið frá að fiska nær landi en í 2 danskra mílna fjarlægð frá yztu annesjum, og sömuleiðis, að vér megum vera óhultir fyrir ránum og víkingsskap þeirra á landi.
2. Og ef þinginu kynni virðist ástæða til, að rita hinum völdugu stjórnendum Frakka og Breta bænaskrá þess innihalds, að þeir sýni oss það veglyndi að banua þegnum sínum að niðast lengur á réttindum fámennrar og með öllu varnarlausrar þjóðar.

Þingeyjarsýslu nyrðra kjördæmi að heimilum vorum í maí-
mánuði 1865. 57 nöfn.

Felld frá nefnd með 18 atkvæðum gegn 4, en forseti beðinn að senda stiptamtanni málið með 14 atkvæðum gegn 3.

BÆNARSKRÁ

úr Eyjafjarðarsýslu um að kostnaði við skylduflutning ómaga verði jafnað niður á sýsluna en ekki á einstaka hreppa.

Það er alkunnugt, að eptir reglug. 8. jan. 1834 8. gr., er það skylda hverrar sveitar að flytja fátæka menn, sem sendir eru til sinna áttuga, án nokkurs endurgjalds; eins og hitt, að flutningar þessir liggja svo misjafnt á sveitunum, þar sumar og ekki allfáar, eru í þeirri afstöðu, að skylduflutningar koma sjaldan fyrir, og þó svo beri við, nemur kostnaður sá má ske ekki dalsvirði á ári; aptur eru aðrar sveitir, einkum þær sem hafa yfir heiðar og fjöll að flytja, opt í ófærð og illviðrum, sem þessi ómagaflutningur verður verður næsta þungbær, og því til sönnunar leyfum vör oss að tilfæra 1 dæmi: Að flytja 1 mann geðveikan frá Skriðuhrepp í Eyjafjarðarsýslu til hreppstjórans í Akrahrepp í Skagafjarðarsýslu kostaði sveitina 15 rd. Þannig eru fátækraflutningarnir einstöku hreppum of þungbær byrði einkum í hinum bágari árum, þegar fátækir rekast hreppa, sýslna og amta millum, líkt og fé á haustdag. Vör fáum því ekki betur séð, en að öll sanngirni mæli með, að áminnstri lagagrein verði breytt á þann hátt að fátækra flutningskostnaði, sé hér eptir jafnað niður á alla hreppa sýslunnar, eptir efnum og ástandi.

Vör snúum oss því hér með til hins heiðraða alþingis sem haldið verður í sumar og biðjum það að taka málefni þetta sem hér ræðir um til meðferðar og rita hans hátign konunginum þegn-samlega bænarskrá á þá leið:

Að kostnaði þeim sem eptir reglug. 8. jan. 1834 § 8. um skylduflutninga hvílir á hverri sveit, verði hér eptir af hlutaðeigandi sýslumönnum eptir skýrslum hreppstjóranna jafnað niður á alla hreppa sýslanna eptir efnum og ástandi.
Ritað á frjálsum fundi að Akureyri 31. maí 1865.

Í nafni fundarins

St. Jónsson, Fr. Bjarnarson,
fundarstjóri. skrifari.

Felld frá nefnd með 16 atkvæðum gegn 4, en send með meðmælum þingsins forsetavegin til stiptamtanns og stjórnarinnar.

BÆNARSKRÁ

frá Ísafjarðarsýslu um að skera ekki hákarl í sjó.

Það er orðin almenn skoðun manna hér í Ísafjarðarsýslu, að hákarlaskurði ætti gjörsamlega að verða hætt um þann tíma ársins, sem þilskip eru ekki úti; til þessarar þarfar finnur maður nú meira, en fyrirfarandi ár, því þorskliskiveiðin hefir nú verið mjög lítil, og getur það orðið fleiri ár, og mun þá ekki veita af að gera sér hákarlsaflann svo almennan og arðsaman sem unnt er.

1847 sömdu menn um það hér, að skera ekki hákarl frá veturnóttum til sumarmála; það urðu ekki allir formenn og skipa-eigendur hér í sýslu sem komust í þenna samning, og hinir þóttust þess vegna vera lausir við hann, þó gat hann staðið í 2 ár, og þótti mönnum hafa góðar afleiðingar, en hefði það þá verið lög, sem hefði náð yfir alla, þá hefði það getað betur haldizt. Hefir oss fundarmönnum því komið saman um, að biðja hið heiðraða alþing, að sjá svo um, að það verði gjört að lögum fyrir Ísafjarðarsýslu, eða mäske meiri hluta af landinu, að engan hákarl megi skera í sjó, frá 1. október til 1. apríl.

Af þessu sjáum vèr þær afleiðingar vissar, að hákarl gengur upp undir land, og getur veiðzt því nær fram undan hverjum bæ, þegar fært verður er upp undir landi og inn á fjörðum, þó að ófært veður sé lengra úti; af þessu mætti verða mikið minna manntjón, enn nú við gengst, minni tilkostnaður, og þó mikið meiri ávinningur, en sérdeilis mikið almennari, því nú eru það mjög fáir, sem hafa nokkurt gagn af hákarlaveiði um þessa 6 mánuði frá 1. október til 1. apríl.

Á frjálsum fundi á Ísafirði, 3. júní 1865.

P. Böðvarsson,
forseti.

Tekin aptur.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar um verzlunarvog á Íslandi. (Sbr. bls. 195).

1. 1.—3. gr. Frumvarpið óbreytt. Samþykkt í einu hljóði.
2. 4. gr. *Nefndin*: að seinasta klausa greinarinnar: »Meðan leyft er löggildingarmerki á þeim«, verði felld úr. Samþ. með 15 atkv. gegn 9. 4. gr. samþ. með 19 atkv.
3. 5.—6. gr. Frumvarpið óbreytt. Samþ. með 22 atkv.
4. Frumvarpið allt, með breytingu. Samþ. með 20 atkv.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um konunglegt frumvarp til reglugjörðar um að gjöra verzlunarstaðinn Ísafjörð að kaupstað, og um stjórn bæjarmál-efna þar. (Sbr. bls. 195).

1. 1.—2. gr. Frumvarpið óbreytt. Samþykkt í einu hljóði.
2. 3. gr. Breytingaratkvæði *Benedikts Sveinssonar*:
að niðurlag greinarinnar verði orðað þannig: »síðasta árið, ef þeir að minnsta kosti hafa borgað 2 rd. í bæjargjöld það ár«. Fellt með 10 atkv. gegn 10. 3. gr. óbreytt samþykkt með 14 atkv.
3. 4.—7. gr. Frumvarpið óbreytt. Samþ. í einu hljóði.
4. 8. gr. breytingaratkvæði *Péturs Guðjónssonar*:
að orðin »annaðhvort«, og »eða á seðli« verði úr felld. Samþ. með 12 atkv. gegn 9. 8. gr. samþ. með 14 atkv. gegn 1.
5. 9.—26. gr. Frumvarpið óbreytt. Samþ. í einu hljóði.
6. Frumvarpið allt í heild sinni með breytingum. Samþ. í einu hljóði.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um konunglegt frumvarp til opins bréfs um að stofna byggingarnefnd á Ísafirði. (Sbr. bls. 197).

1. 1.—2. gr. Frumvarpið óbreytt. Samþ. í einu hljóði.
2. 3. gr. *Jón Guðmundsson* (breytingaratkvæði við eptirfylgjandi viðauka-atkvæði):
»Samt skal beneficiarius eður löglegur ábúandi prestsetursins Eyrar, ekki vera háður aðgjörðum nefndarinnar að öðru leyti en því, sem leiðir af ákvörðunum í 4. gr. þessa lagaboðs«. Fellt með 19 atkv. gegn 3.
3. *Pétur Pétursson*: Viðauka-atkvæði við fyrra lið 3. greinar:
»Byggingarnefndin hefir ekki umráð yfir lóð prestssetursins að öðru leyti en því, sem hún samkvæmt 4. gr. B tiltekur, hve nærri megi byggja húsum á kaupstaðarlóðinni«. Samþ. með 12 atkv. gegn 11. 3. gr. samþ. með 17 atkv.
4. 4.—5. gr. Frumvarpið óbreytt. Samþ. í einu hljóði.
5. Frumvarpið allt í heild sinni, með breytingum. Samþ. með 22 athvæðum.

BÆNARSKRÁ

úr Vestur-Skaptafellssýslu um, að konungslandsetar þar fái styrk úr Gufunesspítala-sjóði.

Alþingismenn Íslendinga, góðir bræður!

Yður er kunnugt um hinn svo nefnda Gufunesspítala-sjóð eða styrktarsjóð *handa þurfandi og maklegum konungsjarða landsetum í suðurlandi*, sem stofnaður var með konungsráðgjörðum 14. marz 1832 og 7. júní 1833. Frá uppruna og tilgangi þessa sjóðs er ljóslega skýrt í lagasafni *handa Íslandi* X, 42—43 bls., sbr. 321—24 bls., en ítarlegri sögu hans og lýsingu þess, hvernig hann nú er á sig kominn, og hvernig honum hafi verið hingað til, leyfum vèr oss að vísa á 75.—76. bls. Þjóðólfs 17. árs. Þessi umgetni sjóður var þá upprunalega ætlaður til styrktar 6 hinum fátækustu

og maklegustu konungslanðsetum á jörðum hins forna Viðeyjar-
klausurs, og jafnörgum ekkjum slíkra manna; en nú fyrir rúm-
um 30 árum öðlaðist sjóðurinn það nafn, sem nú ber hann, og
virðist það nafn ljóslega gefa til kynna, að svo hafi verið tilætlað
með hinum áðurnefndu konungsrúskurðum (14. marz 1832 og 7.
júní 1833), að sjóðurinn skyldi framvegis koma fleirum konungs-
jarðalandsetum að haldi, heldur en þeim einum, er búa innan
Gullbringusýslu og í Mosfellssveit. Um þær mundir að þessi sjóð-
ur fékk sitt núverandi nafn og tilhögun, munu verið hafa 70 svo
nefndar konungsjarðir í Gullbringu- og Kjósarsýslum, en síðan er
sú breyting á orðin, að eigi eru eptir fleiri en 20 þeirra óseldar;
þar á móti eru 93 slíkar jarðir innan Vestur-Skaptafellssýslu.
Þrátt fyrir þetta hefir engum konungsjarða lanðseta í þessari sýslu
hingað til hlötnazt einskildings styrkur af vöxtum hins opt nefnda
sjóðs, sem nú mun nema frá 1,300 til 1,400 rd., heldur hefir hann
eingöngu komið að notum hinum örfáu konungsjarða lanðsetum í
Gullbringu- og Kjósarsýslum; má þó nærri geta, að fleiri muni
styrksins vera þurfandi, og maklegir fyrir hann á meðal búenda á
93 jörðum, þar sem 2 og 3 búendur eru á flestum þeirra, heldur
en einum 20 jörðum, að ógleymdu því, hversu margfaldlega örð-
ugri og kostnaðarmeiri Skaptfellingum eru, heldur en Gullbringu-
og Kjósarsýslubúum, allir aðdrættir úr kaupstöðum, með fiskiföng
og margt fleira. Af þessum ástæðum leyfum vör oss þá að heið-
ast:

að alþingi vilji hlutast til, að leiguliðar á konungsjörðum
í Vestur-Skaptafellssýslu verði að tiltölu framvegis aðnjót-
andi styrks úr hinum svo nefnda Gufunesspítala-sjóði, eða
styrktarsjóði handa þurfandi og maklegum konungsjarða-
lanðsetum í Suðurlamtinu.

Ritað að Leiðvelli 22. maí 1865.

(65 nöfn).

Felld frá nefnd með 14 atkvæðum gegn 4.

BÆNARSKRÁ

frá umsjónarmönnum forngripasafnsins í Reykjavík um styrk handa safni þessu.

Eins og alþingi er kunnugt, höfum við undirskrifaðir gengið fyrir því, að stofnsetja hér á landi forngripasafn, og hafa landsmenn fúslega gefið ýmsa forngripi til þess, svo nú eru komin í safnið undir 250 númer.

Vér þurfum eigi að skýra löndum vorum frá því, hversu nauðsynlegt og fróðlegt það sé fyrir hverja þjóð að hafa slík forngripasöfn, og það mun varla vera nokkur sú siðuð þjóð til nú á dögum, að hún hafi eigi slíkt safn. Forngripasöfnin lýsa menntunarsligi þjóðanna á fyrri tímum, en menntunarsögu sína girnast hver þjóð að vita, og því vill hver þjóð, sem nokkra rænu hefir, fá sem bezt og mest forngripasöfn hjá sér; en auk þessa ætti það að vera oss Íslendingum hvöt til að stofnsetja hjá oss forngripasafn, að vér höfnum meiri og greinilegri sögur um fornöld vora, en nokkur önnur þjóð; en þessar fallegu og fróðlegu sögur vorar verða enn greinilegri við gott forngripasafn, og verða jafnvel sumstaðar varla skildar, nema með hjálp þess.

Að visu er búið að rupla og ræna landið flestum forngripum sínum, og útlendar þjóðir eru enn á ári hverju, að reyna til að fá það litla, sem eptir er af þeim. En þó nú þannig flestir forngripir séu komnir út úr landinu, þá mætti þó enn takast, að koma upp dálitlu forngripasafni hér, og álítum vér þess ljósan vott forngripasafns byrjun þá, sem við höfum þegar lagt.

En peningarnir eru afl þeirra hluta, sem gjöra skal. Eigi forngripasafn að geta komið hér upp, verður það að hafa dálitlar tekjur; því það verður að kaupa skápa, sem gripirnir eru hafðir í; sumir vilja hafa dálitla borgun fyrir forngripi þá, er þeir láta safnið fá, sem ekki er tiltökumál, o. s. frv., og loksins er það ekki heimtandi af neinum einstökum manni, að hann gefi út mikið af tíma sínum fyrir enga þóknun í forngripasafnsins þjónustu, og við segjum fyrir okkur, að við getum ekki, hvað fegnir sem við vildum, til lengdar sýnt safnið tvisvar í viku borgunarlaust, og þar að auk hve nær sem almenningur krefst þess.

Við höfum nú tvívegis beðið ráðherrastjórnina í Danmörku að veita safninu lítilfjörlegan peningastyrk, og fengið í fyrra sinn með-

mælingu stiptsyfirvaldanna, og í síðara sinni konferenzráðs Thomsens, forstöðumanns forngripasafnsins í Kaupmannahöfn, en hvorttveggja kom fyrir ekki. Annars þjuggumst við við, að fá betri undirtektir hjá stjórninni um þetta mál en við fengum, en hvers gátum vér átt von, þegar hún virti að vettugi tillögur konferenzráðs Thomsens, sem þó virtist að hafa mest að segja í því mál-efni. Allir vita, að Danir hafa sópað landið af fornmenjum, og fengið þær flestar fyrir ekkert, eptir að þeir höfðu fengið vora frægustu forngripi, sem eru hinar ágætu skinnbækur vorar. Við vorum því svo djarfir að halda, að Danastjórn mundi að eins veita okkur lítinn styrk til bráðabyrgðar, til þess að hjarga hinum seinustu slitrum af fornmenjum vorum; en «svo bregðast krosstrè sem önnur trè», segir hið fornkveðna.

Þar eð við nú erum sannfærðir um það, að þingið í öllu til-liti vill efla veg og sóma landsins, og að það sè sannfært um, að þar til heyri ekki hvað sízt, að koma hér upp forngripasafni, og tími sè fullkomlega kominn til þess að byrja á því, eigi forngripasafn annars að komast hér nokkurn tíma upp, þar sem forngrip-irnir ár frá ári verða hér færri og færri, því bæði fara útlendar þjóðir árlega með nokkra þeirra burtu, og líka líða sumir þeirra undir lok af skeytingarleysi eigendanna og öðrum fleirum eðlileg-um ástæðum; og þar eð á hinn bóginn ómögulegt er að koma hér upp forngripasafni, nema með nokkru fè, — *þá leyfum við okkur að biðja hið virðulega alþing um, að það útvegi okkur árlegan styrk, er nemi svo sem 300 rd.* (eins og við höfum áður farið fram á við stjórnina), *er varið sè til að koma upp forngripasafni hér í Reykjavík.*

Reykjavík, 7. d. júlímánaðar 1865.

Auðmjúkast

Sigurður Guðmundsson. Jón Árnason.

(Nefnd sett)

NEFNDARÁLIT

í málinu: Konunglegt frumvarp um, að ferma og afferma gufu-skip á helgidögum.

Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss í nefnd til, að skýra sèr

frá áliti voru um konunglegt frumvarp til opins bréfs fyrir Ísland, er leyfir að afferma og ferma gufuskip á sunnudögum og öðrum helgum dögum. Vær höfum nú rætt frumvarp þetta með oss, og er álit vort um það, sem nú skal greina:

Vær álitum þá fyrst og fremst, að löggjöf hvers lands eigi, sem mest verður, að vera sniðin eptir hugsunarhætti og þörfum þeirra manna, er þar búa; en af þessu leiðir þá aptur beinlínis, að vær verðum að álíta, að menn eigi að forðast að breyta lögnum, meðan hugsunarháttur þjóðarinnar er óbreyttur, eður þá þarfirnar ekki gjöra breytinguna nauðsynlega. Einkum álitum vær, að þetta gildi um öll þau lög, er gefin eru til að við halda og efla virðingu fyrir opinberri guðsdýrkun, og fyrir helgi hvíldardagsins.

Hvað nú snertir hin nýju helgidagalög vor, þá mun mönnum hér á landi finnast, að þau í ýmsu tilliti séu heldur lín en of ströng, og það mun því vera gagnstætt skoðunarhætti þjóðar vorrar, að þau séu línuð, án þess brýnasta nauðsyn beri til; en vær fáum engan veginn sèð, að nokkur brýn nauðsyn beri til þess, að koma hér á breytingu þeirri, sem frumvarpið fer fram á, því hingað til landsins koma nú engin gufuskip með farma eður til að sækja farma, nema póstskipið eitt; og vær álitum nauðsynjalaust, að fara sökum þessa eina gufuskips, að undan þiggja öll gufuskip hinu almenna lagaboði. Að vísu viljum vær eigi efast um, að fleiri gufuskip fari að koma hingað með tímanum með farma eður til að sækja þá; en vær getum eigi fundið, að í þessu liggi næg ástæða til að fara nú þegar að gefa lög um slík ókomin tilfelli. Auk þessa eru það víst fleiri skip en gufuskip, er opt geta haft mikinn óhagnað af, að ferð þeirra sé tálmuð, og fáum vær þá eigi sèð, hvers vegna þeim, er svo á stendur, ætti að gjörast erviðara fyrir en öllum gufuskipum yfir höfuð.

Þar eð vær af framanskriðuðum ástæðum verðum að álíta, að breyting sú, sem frumvarpið fer fram á, að gjörð sé á helgidagahalds-lögum vorum, bæði yrði óalþýðleg og líka beri enga brýna nauðsyn til hennar, verðum vær að leggja það til, að þingið fraráði, að frumvarpið nái lagagildi.

Reykjavík, 12. júlí 1865.

<i>H. G. Thordersen,</i>	<i>Eiríkur Kuld.</i>	<i>Jón Pétursson,</i>
formaður.		framsögumaður.

UPPÁSTUNGA

Þingmanns Rangvellinga um betri skipun á landbúnaðarlögnum
(Upplesin niðurlagsatriði).

1. Öll þau lög sem hafa verið til um jarðabyggingar og jarðasetningu, um réttindi landsdrottna og leiguliða ættu að vera endurskoðuð, breytt, löguð, aukin og dregin saman í eina löggjöf; síðan ættu þeir kaflar úr landsleigubálki sem snerta þetta mál og allar seinni tilskipanir að vera numdar úr lögum.
2. Að löggjöf þessi sé ekki einskorðaðri en svo, að hún gildi jafnt fyrir jarðeignir einstakra manna og hinar opinberu jarðeignir; umboðsmenn þeirra ættu þar að auki að hafa sérstaklegt erindisbréf byggt á þessum lögum.
3. Lög þessi ættu að ákveða, að ekkert byggingarbréf hefði löglegt gildi nema það væri þinglesið á kostnað beggja hlutaðeigenda; sé eitthvað í byggingarbréfinu sem stríðir móti hinum nýju lögum skal sýslumaður geta þess í uppáskript sinni, og skulu þá slíkir skilmálar vera sem ógjörðir væru, fyrir þann hlutaðeiganda sem verður fyrir halla, enn byggingarbréfið að öðru halda gildi sínu; sá sem með þessu móti hefir viljað ná ólöglegum hlunnindum, eða losast við lögmætar skyldur, skal þá einn gjalda fyrir þinglesturinn sem verður hærri, og undir vissum kringumstæðum geta sætt sektum; staðfesti meiri hluti nefndar þeirrar, sem síðar skal getið, ályktun sýslumanns hvað sektirnar snertir, skal því máli ekki verða skotið til æðri réttar.
4. Lög þessi skulu nákvæmlega ákveða, hvernig lögmæt ábúð sé; sá sem ekki fullnægir henni skal hvernig stéttar sem er geta með sem minnstri fyrirhöfn, umsvifum og kostnaði fyrir umboðsmann eða eiganda, verða færður af ábýlisjörð sinni, svo hinn hafi frjálsar hendur að ráðstafa henni, og varðar það umboðsmann á opinberu gózi sektir, ef hann gjörir það ekki. En sá sem gjörir fram yfir lögmæta ábúðarskyldu skal fá borgun fyrir jarðabætur sínar eptir opinberu mati sem líkist af jarðeiganda eða hinu opinbera, þar sem það á hlut að máli; eignast þá jarðeigandi jarðabæturnar, og tekur leigu af

borguninni hjá ábúanda, þó skal þá fyrst vera komið undir mati, hvort jörðin óendurbætt var hæfilega leigð.

5. Sérhver jarðeigandi sem á jörð í öðru lögsagnarumdæmi en hann býr sjálfur í, skal skyldur að hafa þar umboðsmann til þess hans vegna að standa að öllum þeim gjöldum, skyldum og andsvörum við hið opinbera, með sama gildi sem hann hefði sjálfur gjört það.
6. Þar sem megin bjargræðisstofninn er landgagnnið, skal ekkert býli á hjáleigum vera minna en svo, að það auk hrossa, sem ætíð ættu að vera svo fá sem unnt er, og innstæðu kúgildis framfæri í því ástandi sem það er 5 hnd. í öðrum fænaði, þar af að minnsta kosti eina kú; á heimajörð hverri helmingi meira. Þegar minni býli losna skulu þau leggjast niður og sameinast við önnur býli á eigninni, og skulu ábúendur annaðhvort skyldir að bæta þeim við sig, eða ella hafa jarðaskipti við aðra, sem geta tekið hið aukna býli, eða þá missa ábúð sína, en jarðarhús tekur eigandi burtu; þar á móti tekur leiguliði að sér friðun og yrkingu haga og slægna; enginn skal mega hafa minna býli, þó hann eigi það sjálfur; eignist einhver við kaup eða arf minna í jörð en þessu nemur, eiga samarfar eða þeir, sem meir eiga í eigninni eða ábúandinn, innlausnarrett á því, og skal innlausnarverðið vera komið undir mati óvilhallra manna ef ekki semur, og getur þá innlausnarkrefjandinn beiðzt þess af sýslumanni.
7. Sérhver bændakirkju-eign og sérhver heil jörð með undirliggjandi hjáleigum skal vera í umboði þess sem mest á í eigninni, eða þegar svo stendur á, að því verður ekki við komið, þess er sameigendur velja, en komi þeir sér ekki saman um það, skal sýslumaður ákveða umboðsmanninn. Umboðsmaðurinn hefir öll byggingarráð, ábyrgð á ábúð og skilum við sameigendur, öll lögskil við hið opinbera, þó er hann skyldur að gefa eigendum forgangsrett að ábúð, ef þeir fyrirgjöra henni ekki með illri ábúð, eða með því að standa ekki í þeim opinberu skilum sem af ábúð hans fljóta. Ekki má umboðsmaður setja niður leigumála á annara eign nema með áreið og dómi.
8. Öllum jarðakaupum og arfi skal þinglýst á kostnað þess sem kaupir eða erfir; enginn skal mega selja nein hlunnindi eða neitt af högum eða slægjum undan jörð sinni nema áreið se

gjörð, og salan gjöri þeirri jörð meira gagn sem hlýtur enn þeirri sem missi; skiptist jarðir á um haga eða slægjur, skal það vera eptir löglegu mati.

9. Þegar mál rís út af ábúð, og byggingarbréf vantar, skal einungis dæmt eptir hinum gildandi lögum, en ekki eptir framburði hlutaðeigenda, nema hvað eptirgjaldið snertir.
10. Öll opinber jarðeign og eins kirkna-eign skal í sérhverju lögsagnarumdæmi vera falin einum umboðsmanni gegn tryggjandi veði og með nægilegri umsjón. Umboðsmaður hefir $\frac{1}{6}$ af tekjunum í umboðslaun, en stendur skil á hinu til hlutaðeigandi prests innan hvers árs loka eptir verðlagsskrá í peningum. Í sérhverju prestakalli séu tvö útlögð prestssetur á hæfilegum stöðum, helst bæði eða þá annað opinber eign. Þegar presturinn hefir unnið til launa með jarðabótum skal hann eða ekkja hans, þegar brauðið losnar, ekki þurfa að flytja frá ábýlisjörð sinni, en annars skal viðtakandi eiga valið að hvorri jörðinni sem hann vill, og uppgjafapresturinn eða prestsekkjan flytja að hinni. Sè ábýlisjörðin opinber eign, sè hún metin til afgjalds, á presturinn að taka það undir sjálfum sér; að öðru leyti er hann undir umsjón umboðsmannsins hvað ábúðina snertir, og skal ef hann stendur þar ekki í leiguliða skyldu sinni, tapa ábúðinni, og einungis lifa af inntekt sinni búlaus. Sama er að segja ef hann býr á einstakra manna eign og fullnægir ekki öllum löglegum leiguliða skyldum. Vilji þeir prestar, sem áður fengu prestaköllin ekki breyta til, skeður hún smátt og smátt eptir því sem brauðin losna. Þegar svo stæði á, að presturinn gæti söfnuðinum að bagalausum búð á sjálfs síns eign, fèllu þau prestssetur, sem væru opinber eign, á meðan alveg undir umsjón umboðsmannsins sem þá hefði af þeim umboðslaun.
11. Nefnd skal setja í hverri sýslu, er 5 menn sætu í hinir hyggnuustu og beztu búhöldar, sem fengist gætu; þeir ættu að hafa nefndarstörf sín á hendi um lífstíð eins og embætti, eða meðan heilsa og kraptar entust. Þeir ættu að vera valdir á sýslufundi undir umsjón sýslumanns, og 1 þeirra jafnvel af amtinu eptir uppástungu sýslumanns; enginn sem hefir annan opinberan starfa á hendi ætti að geta skorast undan því, og til launa fyrir starfa sinn ættu þeir að hafa sem svarar hálfu úttektarkaupi árlega af hverju lögbyli, er gjaldist að

hálfu af leiguliða en að hálfu af landsdrottni; að öðru leyti með líku fyrirkomulagi og alþingistollurinn, því ætlunarverk þessarar nefndar ætti að vera landsdrottnum og landsetum jafnauðsynlegt; aldrei ættu nefndarmenn að vera svo margir úr sömu sveit, að þeir gætu nokkurn tíma orðið meiri hluti nefndarinnar. Ætlunarverk þessarar nefndar ætti að vera að taka út allar jarðir í sýslunni á 6 ára bili, og byrja svo að nýju þannig, að hver jörð væri tekin út sjötta hvert ár; úttektirnar fari þannig fram: Fyrst yfirlíti nefndin sérhverja heimajörð með öllum býlum sínum og hjáleigum, lýsi landamerkjum, høgum, engjum og túnnum yfir höfuð, og síðan hinu sama á hverju einstöku býli, og hvernig skipti sèu gjörð á meðal þeirra; þar næst lýsi hún því, hvað miklu hún heldur að sérhvert býli geti fram fleytt eins og það er; þar næst láti þeir sýna sèr byggingarbréf fyrir hverju býli, eða ljá sèr leigumála býlanna; ef byggingarbréf vantar, eða eigandi býr á jörðinni, eða þá umboðsmaður, enda skulu eigendur vera skyldir til að mæta eða láta mæta við þessar úttektir til að gefa allar þær upplýsingar sem nefndin óskar, ekki til neinnar tilhlutunar um verk hennar, og eins skulu landsetarnir mæta; geta skal þess einnig, hvort nokkur þræta sè um laud eða slægjur, bæði milli aðaljarðanna og hinna, og hinna einstöku býla; síðan skal nefndin yfirlíta og skoða öll hús á hverju býli, jafnt jarðarhús sem leiguliða, jafnt fènaðarhús sem bæjarhús, túna og engjagarða, áveitur, framskurð, friðun á slægjum, sléttun, áburðarnotkun, eldneytisaflla og alla ábúð. Alla sjónarlega bresti skal nefndin meta eptir því sem kostar að bæta þá, og eptir því tjóni sem þeir gjöra í fènaðarhaldi á jörðunni. Álíti nefndin nú, að jörðin sè ver setin en lögin skylda til, á hún skýlaust að geta þess, og getur þá eigandi í næstu fardögum heimtað landsetann færðan af jörðinni. En hafi landsetinn bætt jörðina fram yfir það sem lögskylda er til, skal nefndin einnig meta það, og skal það þá aðalreglan, að jarðeigandinn eignast jarðabótina fyrir borgun móti þeirri hækkun í leigumála sem samsvari ársrentu af endurgjaldinu; það sem sízt á að taka til greina er óumflýjanleg fyrning á bæjarhúsum þegar þau eru að öðru leyti vel hirt; álag á hús þau sem leiguliði á sjálfur skal ekki vera gjört þó þeim sè lýst nema ábúandinn sè undir eins eigandi. Þegar ábúanda skipti verða í millibílinu, taka hreppstjórar jörðina út eins og vani

hefir verið, en fylgi þó sem bezt úttekt nefndarinnar, sem líka tekur jörðina út aptur, ef úttekt hreppstjóra er áfríað, en úttekt nefndarinnar verður aldrei áfríað nema til dóms sýslumanns og meðdómsmanna, sem þá skal gilda. Nefndin skal einkum athuga þau býli, þar sem ábúendurnir ná ekki skiptitíund, og þegar hún hefir þrem sinnum tekið út allar jarðir í sýslunni, svo hún er farin að kynnast jörðunum og venjast störfum sínum, skal hún skýlaust ákveða, hvort býlið sé ólög-mætt býli, sem skuli leggjast niður, eða jörðin sé vansetin, enda skal það upp frá því vera hin gildasta sönnun fyrir, að jörðin sé vansetin og ólöglega, ef tíund og fjártala ábúanda sannar það, að hann hafi minni fænað á jörðinni en nefndin eptir hinar 3 fyrstu skoðanir hefir komið sér niður á, að jörðin sé setin, eins og hin almennu lög ákveða geti fram fleytt í meðalári.

Nefndin skal rita úttektina í úttektabók hvers hrepps, í eina aðalbók sem skrifari nefndarinnar heldur, og í bók sem send er hlutaðeigandi amtmanni, er auglýsir þær skýrslur, sem út af þeim eru dregnar og sem almenning varðar. Þar að auki ættu allir umboðsmenn opinberra jarðeigna að taka afrit af þeim.

12. Nefndin á í öllum þeim efnum sem snerta jarðir að vera meðdómsmenn sýslumanna, þar sem ekki er um þeirra eigin jarðir að dæma, áður en hún væri komin eptir 18 ára reynslu að fastri niðurstöðu á því, hver býli skuli leggjast niður sem ólög-mæt, ætti ekki að gjöra það nema með áreið og dómi; það flýtur af sjálfu sér, að nefnd sú, sem er trúað fyrir svo árið-andi störfum, þarf að hafa glöggð erindisbréf og vinna eið að verki sínu.
13. Föst ábúð um víst tímabil, til dæmis 50 ár, ætti að verða áunnin með jarðabótum, og í vissum tilfellum að vera ákveðin leiguliða að opinberri tilhlutun, t. a. m. þegar jarðeigandi ekki vill eða getur borgað landseta jarðabæturnar samkvæmt hinu opin-bera mati, stendur leigumálinn þá við hið forna, en flytji leiguliðinn burtu, færist leigumálinn upp á jörðinni, en þá uppfærslu eignast hinn fyrri landseti um hið ákveðna árabíl.

Reykjavík, hinn 7. júlímán. 1865.

Sighvatur Árnason.

Vísað til nefndarinnar um úttektir jarða (Sbr. bls. 221 og 167).

BÆNARSKRÁ

frá Kjalarnesi um stofnun barnaskóla á kostnað Thorchilliisjóðsins.

Laugardaginn 8. júní 1865 áttum vör Kjalnesingar fund með oss, og kom oss saman um að rita alþingi eftirfylgjandi bænarskrá:

Á alþingi 1863, samanb. alþingist. 1. partur 99—101 bls. stakk varaþingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu upp á því, að þingið beiddi um, að vöxtum af Thorchilliisjóðnum væri hið bráðasta varið eftir tilgangi gjafarans. Þinginu er kunnugt, hvaða niðurstöðu þingnefndin og þingið komust til þá, og hvernig að ekkert hefir síðan, eftir því, sem oss er frekast kunnugt, verið gjört til að koma þessu máli áleiðis.

Það hlýtur nú að liggja öllum í augum uppi, hvernig að vilji gjafarans er með þessum drætti, öldungis að engu hafður, og hvílíkur óréttur að oss er gjörður, en sér í lagi hinum fátæku og bágstöddu börnum, er gjafarinn vildi hjálpa, þó vör reyndar álitum, að vör mest eigum aðganginn að þeim, sem settir hafa verið til að sjá um gjöfina og framkvæmd gjafabréfsins, þá álitum vör samt, að vör á engan annan hátt getum betur leitað réttar vors, en með því, að snúa oss til alþingis.

Vör leyfum oss því að bera þá bæn fram fyrir hið heiðraða alþing, að það nú þegar á þessu þingi, sem yfir stendur, stuðli að því af ýrustu kröptum á þann hátt, sem því þykir bezt við eiga, að Thorchilliisjóðnum verði sem allra fljótast auðið er, varið samkvæmt tilgangi gjafarans og skýlausum orðum gjafabréfsins til skólastofnunar á hentugasta stað handa fátækustu og bágstöddustu börnum í Kjalarnesþingi (á Kjalarnesi og í Gullbringusýslu).

Lykkju 8. júlí 1865.

Í nafni og umboði fundarins.

Jón Guttormsson. B. Bjarnason.

Send forsetavegin til konungsfulltrúa og stiðtsýfirvaldanna.

BÆNARSKRÁ

frá nefnd þeirri, er sett var í Reykjavík 1862 til að ræða og gjöra uppástungur um fyrirkomulag latínuskólaús um þóknun fyrir starfa sinn.

Eptir fyrirmælum hins háa ráðherra kirkju- og kennslumálanna í bréfi til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, dags. 22. maí 1862, vorum vér kvaddir í nefnd, til þess samkvæmt uppástungu alþingis að íhuga málefnið um tilbreytt og umbætt fyrirkomulag á hinum lærða skóla í Reykjavík, og til að semja og bera upp um þetta mál álit vort og uppástungur. Undir eins og nefndin hafði fengið mál þetta til meðferðar, hélt hún fundi með sér nálega á hverjum degi og vann að því með þeirri alúð og kappi, að hún 25. dag októbermán. s. á. hafði lokið þessu starfi sínu, og sendi stiptsyfirvöldunum álitsskjal sitt meir en 20 arkir á lengd, ásamt danskri þýðingu. Sama dag ritaði nefndin háttnefndum stjórnarherra bréf og lýsti yfir því trausti og fór þeirri auðmjúku bón á flot, að hverjum vor nefndarmanna yrði veitt hæfileg þóknun fyrir þessi umfangsmiklu nefndarstörf, sem vér af fremsta megni höfðum leitast við að vanda, og sem höfðu kostað oss því meiri áreynslu og erviði, sem stjórnarherrann hafði mælt svo fyrir, að þeim yrði aflokið svo fljótt sem auðið væri, en vér höfðum hver fyrir sig, eptir embættis- og borgaralegri stöðu vorri margvíslegum öðrum störfum að gegna. En með því vér enn ekki höfum fengið svar upp á þessa bæn vora, leyfum vér oss hér með virðingarfyllst að mælast til þess, að lið heiðraða alþingi fari því á flot við stjórn vors milda konungs, að hver vor nefndarmanna fái hæfilega þóknun fyrir áðurnefnd störf vor við skólamálið, en setjum þinginu í sjálfsvald að til taka upphæð áminnstrar þóknunar.

Reykjavík 11. júlí 1865.

J. Hjaltalín. P. Pétursson. Ó. Pálsson. Jón Guðmundsson.

J. Sigurðsson, í sjúkdómsforföllum rektors.

Eptir samkomulagi flutningsmaður J. Hjaltalín.

Felld frá nefnd, en send forsetavegin vanalega leið til stjórnarinnar.

ÁLITSSKJAL

til konungs um nýja verzlunarvog á Íslandi (Sbr. bls. 142 og 195).

Fulltrúi yðar konunglegu hátignar lagði fyrir alþing þetta eptir boði yðru, meðal annara frumvarpa, einnig frumvarp til tilskipunar um verzlunarvog á Íslandi.

Alþingi tók þetta mál til lögboðinnar meðferðar, og kaus þriggja manna nefnd til að íhuga málið, og kveða upp um það álit sitt, fyrir þinginu, og ræddi það síðan á tveimur aðalfundum á lögboðinn hátt, og leyfir sèr nú allraðegnsamlegast að bera upp fyrir yðar hátign skoðun sína á þessu máli sem fylgir:

Þingið getur ekki sèð neitt því til fyrirstöðu, að frumvarpið öðlist lagagildi óbreytt að öðru en því, að þingið leyfir sèr að láta þá meiningu sína í ljósi, að því virðist að þessi niðurlags-máls-grein fjórðu greinar: »Meðan leyft er að við hafa vogarlóð þau og pundara, sem hær er um rætt, má og endurnýja löggildingar-merki á þeim« megi úr fellast, þar eð það getur varla hugsað sèr að beiðzt verði nýrrar löggildingar á gömlum vogarlóðum og pundurum; svo og líka þess vegna, að löggilding þeirra ekki er fáanleg hær á landi, og miklar líkur lúta einnig að því, að hún muni, áður langt um liður, ekki verða fáanleg á löggildingar-skrifstofunni í Kaupmannahöfn.

Samkvæmt því, sem þegar er sagt, leyfir þingið sèr allraðegnsamlegast að beiðast þess (með 20 atkv.):

Að yðar hátign allramildilegast mætti þóknast að gjöra frumvarp til tilskipunar um verzlunarvog á Íslandi að lögum með þeirri breytingu, að úr fjórðu grein verði felld þessi niðurlags-málsgrein: »Meðan leyft er að við hafa vogarlóð þau og pundara, sem hær er um rætt, má endurnýja löggildingarmerki á þeim« (með 19 atkv.).

Alþingi, 15. dag júlím. 1865.

Allraðegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Jón Pétursson.

ÁLITSSKJAL

til konungs um reglugjörð að gjöra verzlunarstaðinn Ísafjörð að kaupstað (Sbr. bls. 86 og 195).

Eftir boði yðar hátignar lagði konungsfulltrúi fyrir alþingi að þessu sinni til álita frumvarp til reglugjörðar um að gjöra verzlunarstaðinn Ísafjörð að kaupstað, og um stjórn bæjarmálefna þar.

Þingið kaus 3 menn í nefnd, til að ihuga frumvarpið, og ræddi það síðan á 2 aðalfundum, eins og lögboðið er, og leyfir sér nú allraþegnsamlegast að lýsa yfir skoðun sinni á málinu, svo sem nú skal greina.

Frumvarp þetta er að öllu leyti samið í samhljóðun við reglugjörð 29. dag ágúst. 1862 fyrir Akureyri, með þeim breytingum, sem nauðsynlegar virðast sökum sérstaklegs ásigkomulags Ísafjarðar og fjarska þess, er amtmaður býr í við kaupstaðinn. Reyndar stakk þingið upp á í frumvarpi því til reglugjörðar, sem það bjó til 1859 um bæjarstjórn á Akureyri, að bæjarstjórnin þar fengi meira sjálfsforræði í fjárhagsmálum bæjarins, en bæjarstjórnin hefir hér í Reykjavík, og hún ræði að öllu leyti öllum árs-álögum á bæjarbúa, og þyrfti því eigi að leita samþykkis amtmanns um áætlunina, þegar útgjöldin eigi hefði nein þyngsli í för með sér fyrir eptirkomandi tíma; og nefnd sú, sem nú var sett í málinu, varð enn að telja ófrjálst, sem á bæjarbúa er lagt í þessu efni. En hvorki henni né þinginu þótti þó ástæða til, að biðja breytingar á því, bæði sökum þess, að þetta band lægi á þeim tveim stöðum hér á landi, sem hafa kaupstaðarréttindi, Reykjavík og Akureyri, og einkum vegna þess, að stjórnin hefir verið svo fúst á því, að bæjarstjórnirnar hér á landi væri háðar eptirliti amtmanna í fjárhagsstjórn kaupstaðanna.

Hin eina breyting á frumvarpi þessu, sem þinginu þótti vera ástæða til, er í 8. grein, í niðurlagi fyrri kaflans, þar sem svo er kveðið á, að allir kjósendur, er neyta vilja kosningarréttar síns, skuli koma sjálfir á kjörfund og lýsa því yfir, *annaðhvort* munnlega fyrir kjörstjórninni, *eða á sedli*, hvern þeir vilji kjósa. Þótt hin sama ákvörðun standi í reglugjörð fyrir bæjarstjórn á Akureyri 29. ágúst 1862, þótti þinginu það þó eðlilegast og réttast, að allir þeir, sem neita vildu kosningarréttar síns, skyldu lýsa því yfir munnlega, hvern þeir kysu, en eigi á sedli, til þess að fyrirbyggja

alla vanbrúkun og tortryggni; enda sæi þingið enga ástæðu til, að veita kjósendum þenna hægðarauka; ef ákvörðunin væri í því skyni gjörð.

Þingið leyfir sér því allra þegnsamlegast í einu hljóði að beiðast þess, að frumvarp þetta fái lagagildi, þó með 12 atkv. gegn 9, að í fyrri kafla 8. greinar verði orðin: »*annaðhvort*» og »*eða á sedli*» úr felld.

Reykjavík 14. d. júlím. 1865.

Allraþegnsamlegast

Jón Sigurðsson Halldór Kr. Friðriksson.

ÁLITSSKJAL

til konungs um opið bréf um að stofna byggingarnefnd á kaupstaðnum Ísafirði. (Sbr. bls. 99—197).

Fulltrúi yðar Hátignar lagði fyrir alþingi að þessu sinni af hendi stjórnarinnar frumvarp til opins bréfs um að stofna byggingarnefnd á kaupstaðnum Ísafirði til þess að þingið segði um það álit sitt.

Þingið kaus 3 menn í nefnd til að íhuga málið og kveða upp um það fyrir fram álit sitt, og ræddi það síðan á tveimur aðalfundum sínum, eins og lögboðið er, og leyfir sér nú, allraþegnsamlegast að skýra yðar hátign frá skoðun sinni á þessu máli svo sem nú skal greina.

Hið eina, er þinginu þótti athugavert við frumvarp þetta, var það, að þar sem prestsetrið Eyri er tekið upp í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, þá gæti það verið misskilningi undirorpið, hvort og að hve miklu leyti prestssetrið stæði undir umráðum byggingarnefndarinnar, með því svo mætti skilja orð frumvarpsins, sem byggingarnefndin ætti ráð á að ávísa húsastæði á lóð prestssetursins. Þingmönnum var það ljóst, að slíkt eigi mætti eiga sér stað, og gæti varla verið, þar sem um sérstaka eign væri að tala fyrir utan lóð kaupstaðarins, nema að svo miklu leyti, sem hús á lóð prestssetursins kæmu í bága við hús á lóð kaupstaðarins eða við almennar lagareglur, sem prestssetrið væri háð, eins og hver önnur jörð á

Íslandi, svo sem að því er vegi snerti, o. s. frv., og mörgum þingmönnum þótti því óþarft að taka það fram sérstaklega; en þó varð meiri hluti þingsins á því, að betra væri og ljósara, að taka þetta fram með berum orðum í lagaboðinu, og setja þá ákvörðun aptan við fyrri lið 3. greinar frumvarpsins.

Samkvæmt þessu leyfir þingið sér með 22 atkvæðum allraþegnsamlegast að beiðast þess:

Að frumvarp til opins bréfs um að stofna byggingarnefnd

á Ísafirði verði gjört að lögum, þannig:

í einu hljóði: 1.—2. gr. óbreytt; með 12 atkv. gegn 11, að við fyrri lið 3. greinar verði bætt:

Byggingarnefndin hefir ekki umráð yfir lóð prestssetursins

að öðru leyti en því, sem hún samkvænt 4. gr. B til tek-

ur, hve nærri megi byggja húsum á kaupstaðarlóðinni.

3. gr. með þessari viðbót samþykkt með 17 atkv. 4—5. gr. óbreyttar, samþykktar í einu hljóði.

Reykjavík, 15. júlí 1865.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Halldór Friðriksson.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um konunglegt frumvarp til opins bréfs fyrir Ísland, er leyfir að afferma og ferma gufuskip á sunnudögum og öðrum helgidögum. (Sbr. bls. 219).

-
1. *Nefndin*: að þingið frá ráði, að frumvarpið nái lagagildi, samþykkt með nafnakalli með 17 atkv. gegn 8.
Allt annað á atkvæðaskránni þar með fallið.
 2. *Sveinn Skúlason* og *síra Arnlfótur Ólafsson*: að eptir orðin «leyft vera» bætist inn í: «gegn 2—10 rd. þóknun til fátækra-sjóðsins eptir úrskurði lögreglustjórans».
 3. *Björn Pétursson* og *Pétur Guðjónsson*: að eptir orðin «öðrum helgidögum» verði bætt: «að undanteknum hátíðardögum, frá dagmálum til þess stundu eptir nó» (tekið aptur).
 4. *Björn Pétursson* og *Pétur Guðjónsson*: að eptir orðið »gufuskip» verði bætt inn í, »og önnur kaupför».

5. *Sveinn Skúlason*: að frumvarpið allt verði þannig orðað: «Það skal hér eptir leyft vera gegn 2—10 rd. þóknun til fátækra-sjóðs eptir úrskurði lögreglustjórans, að ferma og afferma gufuskip og önnur kaupförl á sunnudögum og öðrum helgidögum, þegar þeir óska þess, en þó eigi nema frá því kl. 4 eptir miðjan dag, þar sem kirkja er á staðnum og messugjörð er haldin.
6. *Halldór Kr. Friðriksson*: að frumvarpið verði þannig orðað: «Það skal hér eptir vera heimilt lögreglustjórunum, að leyfa að ferma og afferma skip á sunnudögum og öðrum helgidögum, þó eigi meðan messugjörð fer fram á þeim stað, nema brýnustu nauðsyn til beri».
7. *Pjetur Pjetursson*: að eptir orðin «leyft verði» bætist inn í: «haust og vor».
8. *Halldór Jónsson*: að fyrir orðið «gufuskip» í fyrirsögninni og frumvarpinu sjálfu verði sett: «póstgufuskipið».
9. *Björn Pjetursson* og *Pjetur Guðjónsson*: að orðin, «nema brýn nauðsyn beri til», verði úr felld.
10. Frumvarpið í heild sinni, óbreytt, eða með á orðnum breytingum.
11. Breyting í fyrirsögninni samkvæmt á orðnum breytingum í frumvarpinu.

NEFNDARÁLIT

um konunglegt frumvarp til tilskipunar, er nákvæmar ákveður ýmislegt viðvikjandi prestaköllum á Íslandi (Sbr. bls. 146).

Hið heiðraða alþing hefir kosið oss, sem hér undir ritum nöfn vor, í nefnd til að hugleiða og segja álit vort um konunglegt frumvarp til tilskipunar, er nákvæmar ákveður ýmislegt viðvikjandi prestaköllum á Íslandi. Höfum vér á 3 nefndarfundum íhugað og rætt mál þetta, og leyfum oss nú, að láta hinu heiðraða alþingi álit vort á málinu í ljósi á þessa leið.

Þó brauðamatsgjörðin sé nú þegar 12 ára gömul og talsverð breyting hafi síðan orðið á verði gjalda m. m. — og þó vér ætlum, að matið á einstöku brauðum hafi misheppnast, og þetta hljóti að

hafa haft nokkur áhrif á flokkaskipun brauðanna — álitum vèr þetta atriði ekki þess vert, að það eigi að tálma löggilding frumvarpsins, en um hinareinstöku greinir þess skulum vèr leyfa oss þessar athugasemdir:

Þar sem ákveðið er í seinna lið 4. greinar, að presturinn skuli, ef uppgjafapresturinn óskar þess, heimta allar hinar vissu tekjur brauðsins, og greiða uppgjafaprestinum hluta hans af þeim eptir verðlagsskráarverði á sérhverjum þeim eyri, er gjaldendur greiða í tekjurnar, þá finnst oss með þessari ákvörðun, heldur hallað á hinn þjónandi prest, með því engin þóknun er honum áskilin fyrir ómak sitt, að því er áhrærir hluta uppgjafaprestsins. Að visu kann stundum söliverðið á sumum gjaldaurum að vera hærra en verðlagsskráarverðið; en hið gagnstæða getur og átt sér stað. Þykir oss því saungjarnara, að hér sé farið eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskránni. Þetta hefir og þann kost, að reikningurinn verður öldungis óbrotinn, þar sem að eins álnatalið kemur til greina, og ætti því í stað orðanna, »nákvæman reikning«, að setja »skýrslu«. Með breyting þeirri, er vèr hér höfum stungið upp á, er uppgjafaprestinum ekki gjörður neinn óréttur, þar sem honum eptir fyrra lið þessarar sömu greinar ætíð er heimilt, að heimta sjálfur sinn hluta, eða hafa erindsreka til þess í sókninni.

Eptir því sem hér er sagt, mætti nú segja, að eptir sömu reglu ætti einnig að breyta ákvörðuninni í 2. lið 5. greinar um greiðslumáta á eptirlaunum presta-ekkna; en til þess viljum vèr þó ekki ráða, sumpart vegna þess, að hluti þeirra er svo miklu minni en þær opt bláfátækar, en sumpart vegna þess, að þeim ekki er gefinn kostur á, að heimta sjálfar eptirlaun sín. Þó vèr ekki efumst um, að sérhver prestur muni þýða orðin, »eptir samkomulagi við hana« í þessari grein, á þá leið, að ekkjan eigi rétt á að fá eptirlaun sín greidd, hvort heldur hún vill í skileyri, eða eptir verðlagsskráarverði á landaurunum, viljum vèr þó, að þetta sé sem skýrast fram tekið, og stingum því upp á, að fella burt hin tilfærðu orð, og setja fyrir þau á réttum stað (eptir orðið »eður«) þessi orð, »ef hún óskar þess«. Í stað »1. janúarm.« í 8. grein, þykir oss eiga betur við að setja 6. júní, þar eð fardaga-ár presta byrjar með þessum degi, og þykir oss hæfilegt, að frumvarpið öðlist lagagildi frá 6. júní 1867.

Samkvæmt athugasemdum þessum ráðum vèr hinu heiðraða

alþingi til að biðja hans hátign, konunginn, að láta frumvarpið koma út sem lagaboð með þessum breytingum.

Í seinna lið 4. gr. í stað orðanna »verðlagsskráarverði á sérhverjum þeim eyri, sem gjaldendur greiða í tekjurnar«, setjist: »meðalverði allra meðalverða í hvers árs verðlagsskrá«.

Í stað orðanna »nákvæman reikning«, setjist: »skýrsla«.

Orðin »og til greina — hans hluta af þeim«, falli burt.

Í stað »reikningurinn« setjist »skýrsla«, og »rèttur« breytist samkvæmt því í »rètt«.

Í 2. lið 5. gr. »eptir samkomulagi við hana«, falli burt; en eptir orðin »annaðhvort í skileyri eður« bætist inn í, »ef hún óskar þess«.

Í 8. gr. í stað »1. dag janúarm. 18.. setjist, »frá 6. degi júním. 1867«.

Reykjavík, 13. dag júlím. 1868.

Sveinn Nielsson, Halldór Jónsson, H. G. Thordersen.

framsögumaður.

Pjetur Pjetursson. Stefán Eiríksson.

NEFNDARÁLIT

um styrk til forngripasafnsins í Reykjavík. (Sbr. bls. 218).

Hið heiðraða alþing kaus oss þrjá, sem hér ritum nöfn vor undir, í nefnd til að ihuga og kveða upp álit vort um bænarskrá frá umsjónarmönnum forngripasafnsins hér í Reykjavík, Sigurði málara Guðmundssyni og stúdent Jóni Árnasyni, um árlegan styrk er nemi svo sem 300 rd. á ári til eflingar safni þessu.

Vér höfum ihugað mál þetta og skulum nú skýra hinu heiðraða þingi frá skoðun vorri á því.

Enda þótt að þingið fyndi það að bænarskránni, að dómurinn í henni um stjórnina í Danmörku, og undirtektir hennar undir þetta mál, sé fremur óbilgjarn, og eigi alls kostar sannur, getum vér þó eigi annað en játað, eins og stjórnin hefir líka sjálf játað, og vér vonum að þingið einnig játi, að það er mjög svo æskilegt, að fornmenjar þær, sem enn eru til á Íslandi, og snerta í einhverju

sögu landsins, eða geta skýrt hana og fornfræði, yrðu varðveittar og glötuðust eigi; en til þess væri hið eina ráðið, að safna þeim öllum saman á einn stað, skipa þeim niður í reglulegt safn, og menn til þess skipaðir, að útvega í safn þetta, það sem til kynni að vera í landinu, og hafa umsjón á því, að það eigi skemmdist. En það liggur og í augum uppi, að þessu getur eigi orðið fram-
gengt, nema nokkru fæ væri til þess varið, því að hvorki er til þess ætlandi, að eigendur slíkra hluta út um landið létu þá af hendi endurgjaldslaust, og sendu þá að auki á sinn kostnað hingað til Reykjavíkur, þar sem auðsætt er að safnið ætti að vera, enda ganga ýmsar fornmenjar út úr landinu til útlendra þjóða sökum þess, að þær hafa fæ til að kaupa þær fyrir, en vör verðum að vera af þeim, sökum þess vör höfum ekkert fæ til þessa, né heldur er við því að búast, að umsjónarmennirnir hefðu umsjónina á hendi, og alla umönnun fyrir því um langan tíma með öllu endurgjaldslaust. Og þótt þetta fengist án borgunar, þá gæti þó safnið eigi staðizt allt um það, því bæði þyrfti sérstaklegt og gott húsrúm fyrir slíkt safn, og talsverða skápa, ef safninu bættist nokkuð til muna, og til þessa gengi nokkuð fæ. Nú er safn þetta geymt á bókhöfðu stíptsbóka-safnsins í dómkirkjunni; en bæði er, að húsrúmið er þar eigi nóg handa bókhöfðunni sjálfri, því síður meira, enda er það í marga staði óhentugur staður handa því.

En fáist ekkert fæ til eflingar og viðhalds safninu, teljum vör víst, að þessi litla byrjun, sem gjörð er til safnsins, verði að engu og að minnsta kosti girt sé fyrir alla aukningu þess. Og þegar vör lítum á, hversu margar og miklar nauðsynjar safnsins eru get-
um vör eigi sæð að styrkurinn megi minni vera en 300 ríkisdalir á ári, ef hann á að koma að nokkrum verulegum notum.

Af þessum ástæðum getum vör eigi annað, en kröptuglega mælt fram með bæninni við þingið, og gjörum það því öruggari, sem vör sjáum á bréfi kirkju- og kennslustjórnarinnar 13. dag janúarmánaðar 1864 til fjárstjórnarinnar, að kennslustjórnin hefir verið málinu meðmælt, og ráðum vör hinu heiðraða þingi til, að rita hans hátign konunginum allraþegnsamlegasta bænarskrá um:
að honum allramildilegast vildi þóknast að veita 300 rík-
isdali á ári úr ríkissjóði til eflingar forngripasafnsins hér

í Reykjavík, og þóknunar umsjónarmönnum þess, eptir því
sem stjórnin nákvæmar ákvæði.

Reykjavík, 15. júlí 1865.

Jón Hjaltalín, Haldór Kr. Friðriksson, Bergur Thorberg.
formaður. skrifari og framsögumaður.

FRUMVARP

til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi.

1. grein.

Hver maður, sem er fullra 18 ára að aldri, má að lögum ráða sig hjú. Vistarráðum þeirra, sem yngri eru en 18 ára, ráða foreldrar eður aðrir forráðamenn, en þeir geta veitt þeim, er hlut á að máli, myndugleik til að gjöra það sjálfur.

2. grein.

Það er komið undir samkomulagi, hversu lengi vistarráðin skuli vara; þó skulu engi vistarráð gilda lengur en eitt ár í senn. Nú er enginn vistartími til tekinn, þá ber svo að álíta, að vistarráðin hafi verið gjörð fyrir eitt ár, þannig að þeim sé lokið á næsta almenna hjúaskildaga á eptir, nema samningurinn hafi verið endurnýjaður.

3. grein.

Heimilt skal hjúi, eins og verið hefir, að vista sig hjá tveim eður fleirum, til helminga, þriðjunga og s. frv.

4. grein.

Hinn almenni skildagi vinnuhjúa skal framvegis vera á ári hverju 14. dag maímánaðar. Samt skal í hëruðum þeim, þar sem hjúaskildagi nú er haldinn á öðrum tíma árs, fara eptir venju þeirri, sem verið hefir, nema berlega hafi verið tekið fram, þegar vistarráðin gjörðust, að skildaginn skuli vera annar.

5. grein.

Nú er hjú ráðið í vist árlangt, og hefir hvorki hjúið nè hús-

bóndinn sagt lausri vistinni, þá má hjúið eigi ráða sig í vist hjá öðrum húsbónda fyrir jól. Ef brotið er á móti þessu, þá eru ekki einungis hin nýju vistarráð ógild, heldur skal og sá húsbóndi sekur um 5—10 rd., sem hefir ráðið það til sín þótt hann vissi, að ekki var enn búið að segja upp frá næsta hjúaskildaga á eptir vistarráðum þess við hinn fyrri húsbónda.

6. grein.

Húsbóndi skal, nema öðruvísi sé um samið, láta sækja vistarráðið hjú sitt í ákveðinn tíma og farangur þess, er ekki nemi meiru en klyfjum á einn hest; og skal húsbóndi annast þann flutning á sinn kostnað, og ekki láta það rýra umsamið kaup.

Ef húsbóndi vitjar ekki hjúsins á réttum tíma, skal hann annast um að koma því fyrst um sinn fyrir á öðrum stað, og greiða því, auk umsamins kaups, allan þann kostnað, sem dvöl þess annarstaðar hefir í för með sér; en hjúi skal skylt að vinna húsbónda allt það gagn, sem það getur, á þeim stað sem það dvelur á um stundarsakir. Vitji húsbóndi ekki hjúsins fyrir Þingmaríumessu, er hjúið ekki lengur bundið við vistarráðin, og varðar það húsbónda eptir 10. grein. Hið sama er og ef hjúið flytur sig sjálft á hann, og hann ekki vill veita því viðtöku án löglegra orsaka, og skal hann þá að auki greiða því sanngjarnan ferðakostnað fram og til baka.

7. grein.

Húsbóndi getur neitað að vitja hjús, er hann hefir ráðið í vist til sín, eður að veita því móttöku, af þessum ástæðum:

1. Ef hjúið, eptir að það var ráðið í vistina, hefir drýgt einhvern glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur.
2. Ef hjúið, um það leyti, sem það á að fara í vistina, hefir einhvern næman eður viðbjóðslegan sjúkdóm, eður þau veikindi eður líkamamein, að vissa sé fyrir því, að það verði ófært til vinnu allt fram að Þingmaríumessu eður lengur.
3. Ef hjúið kann ekki til þeirra verka, sem áskilið var að það skyldi kunna, þá er það var ráðið í vistina, og sem það þá þóttist kunna til, eður ef það hefir einhverja þá ókosti, er það þá neitaði að hafa.
4. Ef hjúið hefir tælt húsbóndann á sér með fölsuðum vitnisburðum, þá er hann ræði það til sín.

8. grein.

Hverju hjúi er skylt að fara þegar í vistina, er húsbóndi vitjar þess; ef húsbóndi fyrst um sinn fær því annan samastað (sbr. 6. gr.), þá er því og skylt að fara þangað. Ef hjúið færir undan þessu án lögmætra orsaka, þá er húsbóndinn eigi lengur bundinn við vistarráðin, og varðar það hjúinu eptir 11. grein. Hið sama er og, ef svo hefir verið um samið, að hjúið skuli flytja sig sjálft í vistina og það að nauðsynjalaus dregur ferð sína viku lengur.

Nú getur hjúið eigi farið í vistina þegar húsbóndi vitjar þess, og er því eigi sjálft um það að kenna, þá er húsbónda eigi skylt að vitja þess aptur, heldur skal hjúið sjálft kosta ferð sína í vistina og leggja af stað jafnskjótt og það getur; en dragi það að nauðsynjalaus ferð sína viku lengur, varðar það því eptir 11. grein.

9. grein.

Nú flytur húsbóndinn, eptir að vistarráðin eru gjörð, en áður en vistartíminn byrjar, í annað amt en það, þar sem hjúið átti að fara í vist, eptir því sem gjört var ráð fyrir, þá er samið var um vistarráðin, þá er hjúi eigi skylt að fara í vistina. Ef húsbóndi flytur af landi burt, skal hann að auki greiða hjúinu kaup og matarverð fyrir vistartíma þann, er um var samið.

10. grein.

Ef húsbóndi riptar vistarráðum án lögmætra orsaka, þá skal hann gjalda hjúi kaup og matarverð fyrir vistartíma þann, sem um var samið. Matarverð skal vera eitt hundrað á landsvísu fyrir 12 mánuði og að tiltölu fyrir skemmri tíma.

11. grein.

Ef hjú riptar vistarráðum án lögmætra orsaka, þá skal það greiða húsbónda slíkt, sem hann hefði átt að gjalda því í kaup fyrir vistartíma þann, er um var samið.

12. grein.

Eigi má húsbóndi með neinum samningi afsala öðrum vistarráð yfir hjúi sínu, nema það samþykki. Nú deyr húsbóndinn, og skal þá vistarráðunum áfram haldið með ekkju hans eður búi, ef búnaður stendur; en ef búi er brugðið, skal búi skylt að útvega

hjúi aðra vist jafngóða, því að kostnaðarlausu, en ella gjalda því sem fyrir vistarrof (10. gr. sbr 29. gr.).

13. grein.

Húsbóndi skal veita hjúi sínu viðunanlegt og nægilegt fæði, svo og láta veita því næga þjónustu og leggja því til venjulegan rúmfatnað, skæðaskinn og annað, eptir því sem venja er til í hverri sveit hjúum að veita auk kaups.

14. grein.

Hve mikið hjúið skuli hafa í kaup, í hverju og hvenær það skuli goldið, skal komið undir því, er húsbóndinn og hjúið hafa orðið ásátt um. Nú hefir ekki verið ákveðið um upphæð kaupsins og skal hjúið hafa svo mikið í kaup, sem þar er sveitarvenja að gjalda hjúum á því reki.

Geti hjú sökum klæðleysis eigi gengið að allri vinnu, hefir húsbóndi heimting á, að það taki nægileg fót upp í kaup sitt, þótt hjúið hafi áskilið sér það í öðrum eyri, og skal það koma jafnt niður á alla aura, ef kaupið er áskilið í ýmsum ákveðnum aurum.

Rétt goldnir eru hjúi í kaup peningar og allir aðrir aurar þeir, er gjaldgengir eru í kaup eptir sveitarvenju, hafi ekki verið ákveðið milli húsbænda og þess, í hverju greiða skuli kaupið; og skal þegar lagðir skulu peningar í hundrað, virða þá eptir verðlagsskrár meðalverði.

Hafi ekki verið öðruvísi um samið, skal eindagi kaupgjaldsins vera undir eins og vistar tíminn er á enda.

15. grein.

Hjúið skal vera háð þeirri stjóru og reglu, er húsbóndinn setur á heimilinu, eður sá, sem fyrir hans hönd á yfir því að segja, og vera honum auðsveipið; það skal af ítrasta megni stunda gagn húsbónda síns, og ganga til allra verka, er því eru skipuð, nema einhver særstakur óvanalegur háski fylgi þeim, og leysa þau af hendi eptir fremstu kröptum.

Nú er hjú ráðið til ákveðinna starfa, og skal því þó skylt að ganga að öllum heimilisverkum og öðrum störfum, sem eru samboðin stöðu þess, þegar þörf krefur og ekki er öðrum á að skipa.

16. grein.

Eigi má hjú án samþykkis húsbónda fá annan til að gegna verkum sínum.

17. grein.

Hjú skal bæta húsbónda sínum hvert það tjón eður skemmdir, er það veldur honum vísitandi eður af skeytingarleysi, eður af því, að það eigi kann til þeirra verka er það læzt kunna, er það ræðst í vistina, og eins hvert annað tjón og skemmdir, er húsbóndi biður fyrir óhlýðni þess; svo á hjú og að greiða húsbónda skaðabætur fyrir vinnutjón það, er hann biður, fyrir það að hjú er sett undir laga-ákærni sökum glæpa, er það fremur. Skal húsbónda heimilt að halda jafnmiklu eptir af kaupinu, sem skaðabótunum nemur.

18. grein.

Fyrir óhlýðni, þrjózku, mótþróa eður illyrði við húsbónda sinn, eður þann, sem fyrir hans hönd á yfir því að segja, skal hjúíð sektast um 1—20 rd.; en setji það sig upp á móti þeim eður áreiti þá í verkum, þá sektist það 5—50 rd., nema svo sé að það hafi unnið til meiri hegningar eptir öðrum lögum.

19. grein.

Hjú eru undir húsaga, karlmeun þangað til þeir eru orðnir 18 ára að aldri, og konur þangað til þær eru orðnar 16 ára. Sé húsaga beitt við slík hjú fyrir yfirsjónir þær, sem nefndar eru í 18. grein, fellur burt hegning sú, sem þar er ákveðin.

20. grein.

Nú sýkist hjú eður slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni sjálfs þess, þá skal það sjálft kosta lækninguna og endurgjalda húsbónda fæði og hjúkrun meðan það var sjúkt, og eigi á það heimting á kaupi fyrir þann tíma, sem það er frá verkum.

21. grein.

Ef hjú slasast eður veikist, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda, hvort heldur af því, að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá að því voru um megn, eður og óvanalegan starfa þann, er einhverjum sérstaklegum háska er bundinn,

eður af hverri annari orsök, er húsbónda verður gefin sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins, og greiða því skaðabætur fyrir verkatjón þess, ef nokkurt verður eptir að það er frá honum farið. Eptir atvikum skal húsbóndi þar að auki sæta sektum frá 2—50 rd., nema hann hafi bakað sér þyngri hegning eptir öðrum lögum.

22. grein.

Nú veikist hjú eður slasast af öðrum atvikum, en nú voru talin (20. og 21. gr.), og skal það þá sjálft greiða þann kostnað, er leiðir af lækning þess og sérstaklegri aðhjúkrun, en húsbónda skal skylt að fæða það án endurgjalds. Sè legan ekki hálfum mánuði lengri um slátt eður um vertíð, eður mánuði lengri um aðra árstíma, þá skal hjúið einskis í missa af kaupum sínu; en fatlist hjú lengur frá verkum en nú var sagt, missir það kaup um þann tíma, sem það er lengur veikt. Deyi hjúið, hafa erfingjar þess eigi heimting á kaupum eptir það fyrir lengri tíma, en það var búið að vinna fyrir kaupum, áður en það varð ófært til verka.

23. grein.

Samningur milli húsbónda og hjús um, að vistinni skuli lokið undir eins og hjúið verði sjúkt, er ekki skuldbindandi fyrir hjúið; og fari sjúkt hjú úr vist, annaðhvort af því vistarráðin hafa verið bundin slíkum skilmála, eða af því svo hefir verið um samið eptir að það varð veikt, þá losast hann eigi heldur gagnvart þeirri sveit eður þeim mönnum, er hjúið kann að verða til þyngsla, frá skyldum sínum við það eptir þessari tilskipun.

24. grein.

Leggist hjú sjúkt, má eigi flytja það burt, enda þótt vistartíminn sè á enda, nema læknir eður sóknarprestur eður tveir aðrir skilríkir menn lýsi yfir því álitum, að hjúinu sè ekkert mein þar af búið, nè öðrum ef sýkin er sótnæm. Nú flytur húsbóndi samt hjúið burt, þá skal hann sæta sektum eður þyngri hegning eptir 21. grein, og standast að auki allan kostnað af hjúkrun og lækning sjúklingsins.

25. grein.

Þegar hjú, sem veikist eður slasast í vistarverunni, á eptir tilskipun þessari sjálft að greiða lækningarkostnað og kostnað

fyrir sérstaka hjúkrun þess, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum ef hann krefst þess, af sveitarsjóðnum þar sem hjúið er í vist, er aptur skal fá það endurgoldið af framfærsluhrepp hjúsins.

Deyi hjú í vist skal húsbóndi annast greptrun þess ef erfingjar eigi gjöra það, en fái aptur kostnaðinn endurgoldinn af eignum hjúsins, og að því, er þær eigi hrökkva til, af sveitarsjóðnum samkvæmt því, sem nú var sagt.

26. grein.

Húsbóndi má þegar reka hjú úr vist fyrir þær sakir, er nú skal greina:

1. Ef hjúið leggur hönd á húsbóndann eða vandamenn hans á heimilinu, eða aðra, sem fyrir hans hönd eiga yfir því að segja, eður meiðir þá með illyrðum.
2. Ef hjúið sýnir húsbóndanum freka og viðvarandi þrjózku, eður stóðugt skeytingarleysi eður ótrúmennsku í því, sem það á að gjöra.
3. Ef hjúið tælir börn eður vandamenn húsbónda á heimilinu til illverka eður ósiðsemi, eður ef börnum á heimilinu er bersýnileg hætta búin af illri meðferð þess eður skeytingarleysi.
4. Ef hjúið af varmennsku skemmir eigur húsbóndans, eður misþýrmir skepnum þeim, er hann á eður hefir undir hendi.
5. Ef hjúið sýnir af sér fjarska mikið eður ítrekað skeytingarleysi með ljós, eld eður annan voða, er skaði getur hlotizt af á heimilinu.
6. Ef hjúið er aptur og aptur svo drukkið, þrátt fyrir áminningar húsbóndans, að það geti ekki gengið til allra verka.
7. Ef hjúið með illindi eður rógi raskar friði og reglu á heimilinu, og lætur eigi af því þrátt fyrir ítrekaðar áminningar húsbóndans.
8. Ef hjúið drýgir einhvern þann glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur.
9. Ef hjúið er haldið næmri eður viðhjóslegri veiki, þegar það á að fara í vistina, eður fær slíka veiki í vistinni sökum ósiðsamlegs líferniss.
10. Ef hjúið hefir tælt húsbóndann með fölsuðum vitnisburðum. þá er hann ræði það til sín.
11. Ef hjúið eigi kann til þeirra verka, er áskilið var að það

skyldi kunna og það sjálf læzt kunna, er það ræðst í vistina, eður það hefir nokkra þá ókosti, sem það þá neitaði að hafa.

27. grein.

Þegar hjú er rekið burt úr vist af einhverjum þeim ástæðum, sem til greindar eru í 26. grein, eða það hleypur burt úr vistinni án löglegra orsaka, skal það greiða húsbónda slíkt, sem hann átti að greiða því í kaup fyrir vistartíma þann, er um var samið; þó skal þar frá dregið það, sem því ber í kaup eptir tiltölu rætri fyrir þann tíma, sem það hefir verið í vistinni. Auk þessa skal hjúíð sæta hegning þeirri og skaðabótum, er það með broti sínu að öðru leyti kann að hafa bakað sèr.

28. grein.

Þá hefir hjú löglegar ástæður til að ganga þegar úr vistinni:

1. Ef húsbóndi misþýrmir hjúinu.
2. Ef húsbóndi leitast við að tæla hjúíð til illverka eða lauslætis, eða ef aðrir heimilismenn gjöra sig bera að slíku, og húsbóndi ekki veitir hjúinu tilhlýðilega verndun, þótt það beri sig upp undan því við hann.
3. Ef húsbóndi lætur hjúíð búa að staðaldri við illa og ónóga fæðu.
4. Ef húsbóndi meiðir freklega mannorð hjúsins, eður ber því á bryn glæpi, sem það er saklaust af.
5. Ef hjúíð fær ekki kaup sitt í ákveðinn tíma.
6. Ef lífi eður heilsu hjúsins er hætta búin af veru þess á heimilinu.
7. Ef húsbóndi flytur af landi burt.

29. grein.

Ef hjúíð fer úr vist fyrir nokkrar þær sakir, sem greindar eru í 28. gr., eður húsbóndi rekur það úr vist án löglegra orsaka, þá á það heimting á kaupi fyrir vistartíma þann, er um er samið og matarverði 10 álnum, fyrir hvern mánuð þritugnættan, sem eptir er vistarverunnar. Auk þessa skal húsbóndi sæta þeirri hegning og skaðabótum, sem hann annars kann að hafa bakað sèr með framferði sínu.

30. grein.

Í þrotabúi húsbónda hefir hjú forgöngurætt til kaups og matarverðs eptir því, sem ákveðið er í laganna 5—14—37, þó ekki fyrir lengri tíma en eitt ár.

31. grein.

Fyrir eins árs kaupi og matarverði, er þó eigi má vera frá eldri tíma en ári því, er var á enda á næsta hjúaskildaga á undan, getur hjúið látið gjöra fjárnám hjá húsbónda ef hann eigi mót-mælir kröfunni.

32. grein.

Fógeti eður hreppstjóri, er fjárnám gjörir fyrir kaupi eður matarverði, er hjú á hjá húsbónda, á eigi heimting á neinni borgun fyrir fjárnámið, nema hún geti fengizt hjá húsbónda eptir að hjúið er búið að fá sína kröfu borgaða að fullu.

33. grein.

Mál, er snerta það efni, sem um er rætt í þessari tilskipun, eiga fyrir lögreglurætt. Brot á móti 24. grein skulu sæta opinberri ákæru, en að öðru leyti skal fara með öll mál, er rísa út af tilskipun þessari, eins og lögreglumál einstakra manna.

ÁSTÆÐUR fyrir frumvarpi þessu.

Samkvæmt konungsúrskurði 10. maím. 1861 var lagt fyrir alþingi það ár frumvarp til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi, er stjórnin hafði látið semja og byggt hafði verið á frumvarpi til íslenzkra hjúalaga, er nefnd sú hafði samið, er skipuð var í Reykjavík árið 1855.

Í álitsskjali sínu um málið fór alþingi fram á, að frumvarpi stjórnarinnar yrði breytt eptir frumvarpi því, er þingið sendi með álit sínu, ásamt ástæðum fyrir frumvarpinu. Af ástæðum alþingis var það ljóst, að þinginu þótti það helzt að frumvarpi stjórnarinnar, að í því væri leitast við um of að tæma allt efnið með því að taka fram einstök og sérstakleg tilfelli, en þingið hélt réttara að taka

að eins fram svo sem unnt væri almennar grundvallarreglur, er leiða mætti út af reglur fyrir hvert einstakt tilfelli. Af þessu hefir leitt, að alþingi hefir gjört töluverðar breytingar á frumvarpinu og jafnvel samið suma kafla í því öldungis að nýju.

Eptir að búið er vandlega að íhuga frumvarp alþingis með ástæðunum fyrir því, þá virðist stjórninni reyndar að fallast megi á mörg af þeim atriðum, þar sem frumvarp alþingis er frábrugðið frumvarpi stjórnarinnar; en þar sem aptur eru ýms önnur atriði, sem eigi er þannig varið, og sum þeirra álitast merkilegir liðir í hinni nýju lagasetning, sem hér er í áformi, þótti réttast að láta semja nýtt frumvarp til áðurgreindrar tilskipunar, og bera það undir álit alþingis, sem nú fer í hönd.

Um einstakar greinir frumvarpsins skulu því næst gjörðar þessar athugasemdir:

Um 1. grein.

Þessi grein er öldungis samhljóða fyrstu málsgrein í 1. grein í hinu eldra frumvarpi stjórnarinnar. Að vísu hefir alþingi stungið upp á að lögaldri manna til að ráða sig sjálfir hjú sé breytt úr 18 ára aldri í 16 ára aldur, þó svo að samþykki sóknarprestsins skuli fengið til vistarráðanna, ef hlutaðeigandi sé ófermdur; hefir þingið fært til sem ástæðu fyrir þeirri breyting, að þetta væri samkvæmt hinum eldri íslenzku lögum, en eptir þeim er, að þingsins álit, 18 ára aldurinn aldurstakmark fyrir því, að menn verði fjár síns ráðandi, en 16 ára aldurinn fyrir því, að menn verði bærir að ráða sér sjálfir, og er um þetta skýrskotað til fátækrareglugjörðarinnar 8. janúarm. 1834, 6. grein, og á þar með að vera breytt í þá stefnu, sem hér segir, ákvörðuninni í tilsk. 21. desemberm. 1831, I. 1. gr. En þetta álit um, hvað sèu gildandi lög í þessu efni, virðist vera á ónógum rökum byggt, með því tilskipunin frá 1831 beinlínis hefir löggilt á Íslandi ákvarðanirnar í laganna 3—17, en það engan veginn er tilgangurinn með ákvörðunina í 6. grein í reglugjörðinni frá 1834 að fyrirskipa, að þeir menn, sem þar er um rætt, skuli með 16 ára aldrinum öðlast myndugleik til að ráða sig sjálfir hjú, en þar á móti er það fátækra-stjórnin, sem getur komið þeim fyrir í vist þegar þeir eru búnir að ná þessum aldri. Eðli hlutarins mælir einnig mjög svo móti því, að setja aldurstakmark það, sem myndugleiki þessi er við bundinn, svona snemma, því að öllum jafnaði munu menn ekki 16 vetra

gamlir vera búnir að ná þeim þroska og framförum, sem í þessu efni þarf, og þar við bætist, að önnur eins ákvörðun og sú, er alþingi hefir stungið upp á, mundi leiða til svo þýðingarmikillar breytingar á hinum almennu reglum laganna um vald foreldra yfir börnum sínum, að ætla má, að þingið ekki hafi viljað þeim til leiðar koma með ákvörðun þessari. Eins og konungsfulltrúi því fastlega hefir ráðið frá að fallast á uppástungu alþingis um þessa breyting, þannig verður og stjórnin að álíta ógjörandi að samþykkja slíka ákvörðun. Þar á móti leiðir það af breyting þeirri, sem gjörð hefir verið á 2. grein stjórnarfrumvarpsins, að 2. málsgrein í 1. grein þess fellur burt.

Um 2. grein.

Eftir uppástungu þingsins er sett í þessa grein ákvörðun um, að engi vistarráð skuli lengur gilda en eitt ár í senn. Slík ákvörðun er nú reyndar varla samkvæm eðlilegu frelsi manna; en þar eð það kemur mjög sjaldan fyrir á Íslandi, að vistarráð séu gjörð um lengri tíma, og ákvörðunin þannig ekki hefir svo mikla þýðingu manna á milli, þá virðist ekki vera næg ástæða til að hafna uppástungu þessari. Þar sem þingið aptur á móti hefir stungið upp á, að vistarráð skuli gild þó skemur sè um samið en eitt ár, en bætt þar við þeirri ákvörðun: »þó svo að þau standi til næsta hjúaskildaga á eftir«, þá virtist stjórninni ekki ráðlegt að fallast á þessa ákvörðun; því fyrst og fremst er þetta í sjálfu sèr óeðlileg takmörkun, og þar næst hlyti hún að mestu leyti að gjöra að engu aðalregluna og einkum koma því til leiðar, að í verzlunarstöðunum, þar sem það hefir verið venja að gjöra vistarráð fyrir skemmri tíma, neyddust menn framvegis til allajafna að gjöra vistarráðin fyrir heilt ár. Reyndar hefir alþingi tekið fram, að tilgangurinn ekki væri sá að haggja venju þeirri, sem sè í verzlunarstöðunum; en það verður eigi sèð hvernig hún fái staðizt við hliðina á ákvörðun þeirri, sem hér er um rætt, og er henni því sleppt úr hinu nýja frumvarpi. Þar eð alþingi hefir látið það álit í ljósi, að ekki þurfi neina uppsögn til að slíta vistarráðum, heldur falli þau af sjálfum sèr úr gildi, ef þau ekki séu endurnýjuð, þá hefir niðurlag greinarinnar verið orðað þessu samkvæmt, og leiðir af þessu, að 31. grein í hinu eldra frumvarpi stjórnarinnar fellur burt.

Um 3. og 4. grein.

Þessar greinir eru öldungis samhljóða 3. og 4. grein í hinu eldra frumvarpi stjórnarinnar, og hefir alþingi fallizt á þær.

Um 5. grein.

Þessi grein er í aðalatriðunum samhljóða tilsvarandi grein í frumvarpi alþingis; hún er byggð á gamalli venju, og miðar til að veita húsbóndanum forgöngurætt til að halda í vist hjá sér með nýjum samningi því hjúi, sem þegar er til hans komið. Orðabreytingar þær, sem gjörðar eru á greininni, eru einkum til þess að taka af þann vafa, sem grein alþingis gæti gefið tilefni til um það, hvort ákvörðunin einnig ætti við um þau vistarráð, sem gjörð eru um skemmri tíma en vanalegt er; en það virðist eigi geta hafa verið tilgangur þingsins.

Um 6. grein.

Að fáeinum orðabreytingum undan skildum er einuig þessi grein samhljóða frumvarpi alþingis og mælir það með breytingu þeirri, sem þingið hefir gjört á þessari grein í stjórnarfrumvarpinu, að ákvörðunin á þann hátt verður einfaldari.

Um 7.—11. grein.

Ákvarðanirnar í þessum greinum eru einar af þeim, þar sem alþingi í frumvarpi sínu einna mest hefir fjarlægzt frumvarp stjórnarinnar, með því þingið, einkum til að gjöra allt málefnið óbrotuara, hefir leitast við að búa til almennari reglur bæði um rétt húsbónda og hjús, hvors fyrir sig, til að ripta vistarráðunum áður en hjúið fer í vistina, og einnig um afleiðingarnar af vistarrofum, og á, eptir áliti alþingis, að ákveða þær afleiðingar á sama hátt hvort sem vistarráðum er riptað áður en hjú fer í vist eður ekki fyrri en það er komið í vistina.

Um hið fyrra atriðið eru ákvarðanir þingsins í 7. og 9. gr. í frumvarpi þess, og er stungið upp á að þær komi í staðinn fyrir ákvarðanirnar í 7., 13. og 14. grein stjórnarfrumvarpsins; eru þær byggðar á þeirri grundvallarreglu, að það sé allajafna (þó með nokkrum undantekningum sbr. frumv. alp. 7. gr. 2 a, og 9. gr. 3) einungis í þeim tilfellum, þegar hjú gjörir eitthvað á hluta húsbónda síns tilkomanda, eður hann á hluta hjúsins, að þau hvort fyrir sig hafi rétt til að ripta vistarráðunum, en þar á móti skuli

það, sem annaðhvort þeirra kunni hafa brotið móti öðrum, eigi koma til greina, sem ástæða til að ripta vistarráðum. Á þessu eru einkum byggðar ákvarðanirnar í 7. gr. 1. og 2 c, og í 9. gr. 1. En þessar ákvarðanir virðast vera fremur óheppilegar. Einkum ber þess að geta, að reglan í 7. gr. 1. er svo óákveðin, að hún í daglegu lífi hæglega gæti gefið tilefni til þráfaldlegra mis-
klíða, og var því nauðsynlegt að breyta henni svo, að það yrði ljóst, að húsbóndi að eins hefir rétt til að ripta vistarráðunum fyrir vöntun þeirrar kunnáttu hjá hjúinu, sem hann áskildi, þá er hann réði það til sín, og sem það með berum orðum kvaðst hafa til að bera, eður sökum þeirra ókosta, sem það, þá er það vistaðist, með berum orðum hefir neitað að hafa. Í sambandi við þetta virðist eiga að ákveða, að ef hjúíð kemur fram með falsaða vitnisburði, þá skuli það hafa sömu afleiðingar; því þó vitnisburðabækur, eins og alþingi segir, ekki tíðkist á Íslandi, þá er regla þessi samt sem áður eigi óþörf, með því hjúavitnisburðir á lausum blöðum engan veginn eru þar óþekktir, og geta að minnsta kosti orðið þar tíðkanlegir. Einnig virðist vera fullkomlega næg ástæða til, þó alþingi hafi aðra skoðun, að taka í lagabóðið 7. gr. 4. í frumvarpi stjórnarinnar, að minnsta kosti á þann hátt, að þessi ákvörðun sé sett í samband við ákvörðunina í 2. tölul. b, í samsvarandi grein í frumvarpi alþingis, og ber það að athuga í þessu tilliti, að þó sjúkdómur sá, sem einkum er átt við í tölulið þessum og í 10. tölulið í 32. gr. í hinu eldra frumvarpi stjórnarinnar, að visu sé mjög sjaldgæfur á Íslandi, getur hann samt sem áður komið þar fyrir og hefir einnig fyrrum flutzt þangað; þar við bætist að orðin einnig eiga við um holdsveiki, sem er innlendur sjúkdómur á Íslandi. Það tilfelli, sem um er rætt í 7. grein, 2. tölul. c í frumvarpi alþingis, að hjúíð gjöri sig bert að illri breytni við húsbónda sinn tilvonandi, náunga hans eður heimafolk, er vissulega svo sjaldgæft, og svo ólíklegt, að það muni fyrir koma, að það virðist ekki að eins óþarft, heldur jafnvel fjarstætt að hafa um það ákvörðun í lagabóðinu; því fyrst og fremst verður eigi gjört ráð fyrir, að hjúíð að jafnaði muni fá tækifæri til að hafa mikil viðskipti við húsbóndann eður heimafolk hans, áður en það er komið í vistina, og í annan stað er það með öllu ótrúlegt, að hjúíð mundi nota tækifærið, þó það einstöku sinnum kynni að bjóðast, til að sýna illt af sér við tilvonandi húsbónda sinn; með því hjúinu miklu fremur hlýtur að vera annað um að sýna honum

sig í sem beztum búningi. Það sem hér er sagt á einnig yfir höfuð við um það tilfelli, sem um er rætt í 1. tölul, í 9. grein í frumvarpi þingsins. Hvað þessu næst viðvíkur því tilfelli, sem um er rætt í 2. tölul. í sömu grein, ber þess að geta, að í 14. grein hins eldra stjórnarfrumvarps var ákveðið, að hjúi eigi skuldi skylt að fara í vistina, ef húsbóndi hafi af ráðið að flytja í næstu fardögum burt úr sýslu þeirri, sem hann bjó í, án þess að ráðgjöra það við hjúið, þá er hann ræði það til sín (og þar að auki ákveðið, að hann skuli greiða hjúinu hálf kaup og matarverð til fardaga ef hann flytji af landi burt); en nú hefir alþingi haldið, að þessi ákvörðun mundi jafnvel geta leitt til þess, að hjúi ekki sé skylt að fara í vist til húsbónda til næsta bæjar, ef honum hefði yfir sést að áskilja það við hjúið, en að þessi regla eigi ekki við á Íslandi. En stjórnin verður að vera á því, að þó ef til vill réttast sé að sleppa þeirri ákvörðun, að skylda hjúsins til að fara í vist til húsbóndans sé einskorðuð við veru hans innan takmarka sýslunnar, þá gæti á hinn bóginn sú ákvörðun orðið mjög ósanngjörn við hjúið eptir viðáttu landsins, að það skilyrðislaust væri skylda þess að fara til húsbónda hvert svo sem hann flytti á Íslandi. Konungsfulltrúi hefir og tekið fram, að slík ákvörðun varla mundi samkvæm þeirri réttarmeðvitund, sem um þetta efni er á Íslandi, og að hjúið með þessu móti allopt gagnstætt vilja sínum mundi fjarlægjast foreldra og vandamenn, og ef húsbóndinn dæi, einatt komast í vandræði og standa uppi hjálparlaust; hefir hann því haldið að setja ætti að eins »amt« í staðinn fyrir »sýslu«, og verður stjórnin að fallast á þetta.

Alþingi hefir ekki fært neinar ástæður fyrir ákvörðun þeirri, sem er í 3. tölul. í 9. grein í frumvarpi þess; og virðist þó hafa verið því fremur ástæða til þess, sem sú ákvörðun eigi er samkvæm þeirri grundvallarreglu þingsins, sem áður er getið, að einungis það, sem húsbóndi og hjú gjöra hvort á annars hluta eigi að veita þeim, er óréttinn leið, rétt til að ripta vistarráðunum. Vera má, að álit manna á Íslandi hneigist að því, að hjú eigi að komast hjá að fara í vistina þegar svo er ástætt, að málssókn er hafin móti húsbónda fyrir glæp, er hann hafi framið, með því hjúið geti átt á hættu að dragast ef til vill á þann hátt inn í málið; en bæði er þetta tilfelli svo sérstaklegt, að ekki virðist vera nauðsyn á að hafa um það ákvörðun í lagaboðinu, og svo virðist varla heldur það atvik, að réttarrannsókn er hafin móti húsbónda, eiga

að gjöra hjúinu heimilt að ripta vistarráðunum, og á þann hátt stofna honum í þau vandræði, sem geta af því leitt að missa hjú á þeim tíma, er honum kann að vera það sem allrameinlegast, og það þó hann geti verið sýkn af glæp þeim, sem hann er grunaður fyrir; virðist þetta því síður rétt vera, sem hjúid, hvorki eptir uppástungum alþingis, nè frumvarpi stjórnarinnar, ætti að hafa rétt til að fara úr vistinni, eptir að það er í hana komið, þó húsbóndi yrði sannur að sök um glæp.

Hvað því næst snertir afleiðingar af skilmálarofi milli húsbænda og hjúa, þá hafa alþingi þótt of margbrotnar ákvarðanir þær, sem um þetta efni eru í stjórnarfrumvarpinu, og fremur óhentugt að ákvarðanir þessar væru á við og dreif hingað og þangað í laga-boðinu; heldur þingið betra að setja um þetta almennar reglur á einum stað og skýrskota til þeirra, þar sem við á í lögunum og samkynja atvik ber að höndum. Eins og þegar er ávíkið, hefir þingið enn fremur látið í ljósi það álit, að ekki eigi að vera ósagnæmara fyrir húsbónda eður hjú að rjúfa vist áður en hjúid er komið til húsbónda en síðar. Að vísu játar þingið, að opt megi svo ráð fyrir gjöra, að hjú og húsbóndi hvort um sig eigi hægra með að bæta sér vistartjónið, sè vistin rofin áður en hjúid kemur í vistina; en eptir þingsins álit á ekki þetta að koma til greina, með því vistarrof miklu fremur einmitt verði að álitast sagnæmust, þegar vistarráð sèu rofin áður en hjúid kemur í vistina, þar eð ekki verði gjört ráð fyrir, að þá sèu neinar þær ástæður, er mæli slíku bót, þar sem húsbóndi og hjú enn ekki eru farin að eiga neitt hvort við annað að skipta, og eigi því hær við hinar fyllstu bætur fyrir vistarrof. Að vísu getur það nú á stundum leitt til nokkurrar ósanngirni, að leggja svo stranga þýðing í hjúasamninga, sem alþingi þannig hefir gjört, með því eptir þessu ekki verður haft neitt tillit til þess, hvernig ástatt er í hverju tilfelli, svo sem ætlazt var til í stjórnarfrumvarpinu; svo er hlutað-eigendum og eptir uppástungum þingsins lögð á herðar miklu þyngri skylda til að greiða skaðabætur en eptir stjórnarfrumvarpinu, og getur sú skylda opt orðið mjög þungbær einkum fátæku hjúi; en á hinn bóginn hefir ákvörðun alþingis þann kost til að bera, að hún er einföld, og hægt að koma henni við í samanburði við ákvarðanirnar í frumvarpi stjórnarinnar, og þetta atriði skiptir svo miklu, einkum með tilliti til hjúanna, að yfirgnæfandi ástæður virðast mæla fram með því, að fallast á þær ákvarðanir, er að þessu lúta

í frumvarpi alþingis. Þó hefir ekki virzt rétt að setja í lagabóðið þá ákvörðun, er þingið hefir stungið upp á, að hjú skuli, auk þess að missa vistina, bæta húsbónda sem fyrir vistarrof, ef það ekki hefir þá kosti, er það taldi sér til gildis, þá er það vistaðist, eða hefir leynt á sér ókostum; því slík ákvörðun væri að stjórnarinnar álitni of hörð fyrir hjúnið.

Að öðru leyti ber þess að geta, að breyta hefir orðið 10. og 11. grein í frumvarpi alþingis, því eins og greinir þessar voru orðaðar, höfðu þær enga almenna reglu um afleiðingarnar af því, ef vistarráð eru ólöglega rofin, heldur miða ákvarðanir sínar við einstök tilfelli; svo hefir og þótt réttast, að 12. grein í frumvarpi alþingis, er snertir sérstaklegt tilfelli, sé ekki höfð sem grein út af fyrir sig, heldur sé henni steipt saman við 8. grein, þar sem rétt er um skyldu hjúa að fara í vistina; á þessari síðarnefndu grein hafa og verið gjörðar fáeinar lítilfjórlegar orðabreytingar.

Um 12. grein.

Grein þessi er, að fáeinum orðabreytingum undanskildum, samhljóða 14. grein í frumvarpi alþingis.

Um 13. grein.

Grein þessi er að öllu samhljóða 16. grein í hinu eldra frumvarpi stjórnarinnar. Að vísu hefir alþingi stungið upp á þeirri breyting, að upphaf greinarinnar sé þannig: »Nú er hjúnið komið í vist til húsbónda, og skal hann veita því viðunanlegt, og s. frv.» og ætti þessi breyting að vera til þess að vekja athygli á, að nú komi í lögnum ákvarðanir þær, er við eiga eptir að hjúnið er komið í vistina; en þar eð slíkar ákvarðanir þegar byrja í næstu grein á undan, með því þar er einnig rétt um það, sem getur fyrir komið eptir að hjú er komið í vistina, þá þótti ekki vera ástæða til að gjöra þessa breyting á greininni.

Um 14. grein.

Grein þessi er samhljóða 15. grein í frumvarpi stjórnarinnar, og einnig 16. grein í frumvarpi alþingis, nema að því leyti þingið hefir stungið upp á, að í niðurlagi greinarinnar sé höfð ákvörðun um, að hjúnið hafi í protabúi húsbónda forgöngurétt til síðustu 12 mánaða kaups næst löglegum veðskuldum. En með því stjórnin verður að álíta, að það eigi bezt við, að reglan um forgöngurétt

þann, sem hjúíð kynni eiga að hafa í þrotabúi húsbónda, komi síðar í lagaboðinu, eins og var í hinu eldra stjórnarfrumvarpi, þá mun þess síðar getið í athugasemdunum um 30. grein, sem taka þarf fram um þetta atriði.

Um 15. grein.

Þessi grein er að öllu samhljóða 17. grein í frumvarpi stjórnarinnar og alþingis.

Um 16. grein.

Grein þessi er tekin óbreytt eptir 18. grein í hinu eldri frumvarpi stjórnarinnar. Að vísu hefir alþingi stungið upp á, að greininni sé breytt, og að hún komi á öðrum stað í lagaboðinu verði, 13. grein, og hljóði þannig: «Eigi má hjú setja annan fyrir sig í vist án samþykkis húsbónda, nè heldur til að gegna verkum sínum nema húsbóndi leyfi, eða bráð nauðsyn krefji.» En hinn fyrri kafli greinar þessarar virðist vera óþarfur, með því það er vitaskuld, að hjú ekki getur sett annan fyrir sig án samþykkis húsbónda. Þetta leiðir einnig af ákvörðuninni í síðari kafla greinarinnar; því þegar hjúinu er bannað að fá annan til að gegna einstökum verkum fyrir sig, þá má það því síður láta annan vinna allt, sem það á að vinna. Varla verður heldur fallizt á ákvörðunina í niðurlagi greinarinnar; því þó einhverjar þær orsakir, sem hjúíð eigi getur að gjört, banni því að gegna verkum sínum, þá virðist það samt sem áður vera sjálfsagt, að samþykki húsbónda eigi að þurfa til þess, að hjúíð megi láta annan vinna verk þessi.

Af þessum orsökum þótti ekki ástæða til að breyta þeirri grein stjórnarfrumvarpsins, sem hér er um rætt, og eigi heldur að flytja hana á annan stað í greinaröðinni.

Um 17. grein.

Í þessa grein eru teknar ákvarðanirnar úr 18. og 21. grein í frumvarpi alþingis. og að eins gjörðar nokkra orðabreytingar til að gjöra ákvarðanir þessar skiljanlegri.

Um 18. grein.

Grein þessi samsvarar að öllu 19. grein í frumvarpi alþingis; að eins ber þess að geta, að auk dálíttillar orðabreytingar, hefir verið gjörð sú breyting á greininni, að hæsta stig sektarinnar fyrir

mótþróa og áreitni í verkum er látið vera 50 rd. í staðinn fyrir 30 rd. með tilliti til þess, að alþingi hefir stungið upp á, að sleppt væri þeirri hinni líkamlegu refsing, sem ákveðin er í 21. grein í stjórnarfrumvarpinu, og þótti mega fallast á þessa uppástungu þingsins.

Um 19. grein.

Þessi grein er tekin óbreytt eptir 22. grein í hinu eldra stjórnarfrumvarpi. Viðvíkjandi grein þessari hefir alþingi (sjá 20. grein í frumvarpi þess) stungið upp á mjög verulegri breyting, með því það hefir viljað veita húsbónda rétt til að beita húsaga við hjúð án tillits til aldurs »fyrir illyrði þess eður áreitni í verki«, þó skuli hann hvorki misbjóða því nè heldur misþyrma, svo að það bíði meiðsli af; þar að auki hefir þingið stungið upp á, að ef húsbóndi refsar hjúð fyrir engar sakir, eður fyrir aðrar sakir, en nú var getið, þá skyldi það metið, sem við vandalaus gjört væri.

En eptir áliti stjórnarinnar verður með engu móti fallizt á þessa uppástungu alþingis. Það má álíta ótilhlýðilegt og gagnstætt hugsunarhætti þessa tíma, að hjú sæu háð húsaga, sem orðin eru fullorðin og uppeldi þeirra lokið, og hafa ef til vill verið í þeirri stöðu, að þau hafa átt með sig sjálf, og hafa börn sín hjá sér til uppfósturs, og varla getur hjá því farið, þó alþingi fullyrði hið gagnstæða, að almenningssálitið á Íslandi mundi verða því mótfallið að veita húsbændum svo yfirgripsmikið vald til að við hafa húsaga; þetta virðist og hvorki vera nauðsynlegt nè hagfellt til að ráða við vond hjú. Að vísu hefir þingið, svo sem áður er á vikið, viljað takmarka húsagann á þann hátt, að hann skuli við hafður án þess, að hjúinu sæ misboðið nè heldur misþyrmt svo það bíði meiðsli af. En auk þess, að húsbóndanum með þessu er beinlínis veitt heimild til að misþyrma hjúinu, ef hann að eins gjörir það á þann hátt, að það ekki bíður meiðsli af, þá er þessi takmörkun yfir höfuð þýðingarlítill, þar eð engin hegning er við því lögð, ef húsbóndi fer lengra en honum eptir þessu er leyfilegt, með því hann að eins ætti að sæta hegning eptir 2. kafla greinarinnar, ef hann refsar hjúð annaðhvort fyrir engar sakir, eður aðrar sakir en illyrði eður áreitni í verki. Á hinn bóginn virðist að öllu leyti eðlilegt, að húsbónda sæ veittur yfirgripsmeiri réttur til að beita húsaga við hjú, sem er á þeim aldri, að uppeldi þess

ekki er lokið, með því hann, þegar svo er, er í stað foreldra; virðist því engin ástæða til, svo sem alþingi hefir stungið upp á, að einskorða húsagann með tilliti til þessara hjúa við þau tilfelli, þegar þau hafa í frammi við húsbóndann sjálfan illyrði eður áreitni í verki, heldur virðist og að húsaga eigi að mega beita við þau í öðrum tilfellum, t. a. m. fyrir óhlýðni, þrjózku, varmennsku o. s. frv. Konungsfulltrúi hefir og í álitsskjali sínu um uppástungu alþingis látið í ljósi áþekka skoðun þeirri, sem hér hefir verið frá skýrt.

Um 20—24. grein.

20., 21., 22 og 24. grein eru teknar óbreyttar eptir 22., 23., 24. og 26. grein í frumvarpi alþingis, sem aptur að öllu eru samhljóða 25., 24., 26. og 28. grein í hinu eldra frumvarpi stjórnarinnar. En hvað snertir 23. grein, þá hefir stjórnin fremur kosið 27. grein í hinu síðarnefnda frumvarpi, heldur en 25. grein í frumvarpi alþingis; þó er bætt við »eður þeim mönnum« á eptir »sveit« og er það samkvæmt grein alþingis. Það virðist sem sè réttara, eins og er í frumvarpi stjórnarinnar, að það sè tekið fram sem almenn regla í lögnum, að samningur um, að vistinni skuli lokið vegna sjúkdóms, ekki sè skuldbindandi fyrir hjúið; og þar sem alþingi hefir til fært sem ástæðu fyrir breyting þeirri, er það stakk upp á, að menn eigi að reyna að girða fyrir að húsbóndi gjöri hjúinu svo harða kosti, að það neyðist til að fara í burtu, þá virðist sú ástæða vera þýðingarlaus, þar eð húsbóndi ekki getur sett hjúinu aðra eður harðari kosti en lög heimila.

Um 25. grein.

Stjórninni hefir virzt ástæða til að fallast á 27. grein í frumvarpi alþingis, þó með orðabreyting til þess að gjöra regluna skilmerkilegri. Að vísu má óttast fyrir, að ákvörðunin um endurgjaldsskyldu þeirrar sveitar, þar sem hjúið á framfærslurètt, muni gefa tilefni til miskliðar milli hreppanna innbyrðis, en samt sem áður hefir stjórnin ekki viljað hafna uppástungu alþingis, er það hefir fallizt á í einu hljóði, um slíkt atriði, sem hér er um rætt.

Um 26. grein.

Í grein þessari eru 1.—7. tölul. samhljóða 2.—8. tölul. í 28. grein í frumvarpi alþingis, nema að því einu leyti, að ísjarvert

þótti að hafa í 1. tölulið «rógi» við hliðina á «illyrðum» við húsbóndann. Einnig er 8. og 11. töluliður að efninu til samhljóða 1. tölul. í greininni í frumvarpi alþingis; einungis þótti miður vel til fallið að vitna til annarar greinar á undan, og virtist réttara að taka berlega fram hvað það væri, er ætti að hafa í för með sér afleiðing þá, sem greinin um hljóðar. Frumvarp alþingis hefir engar ákvarðanir er svari til 9. og 10. töluliðs; en ákvarðanir þessar voru í hinu eldra frumvarpi stjórnarinnar, og hefir hér að framan við 7.—11. grein verið skýrt frá, hvers vsgna ekki virðist eiga að sleppa þeim úr lögunum.

Um 27. grein.

Viðvíkjandi þessari grein skal þess getið, að þar sem hjúið eptir 33. grein í stjórnarfrumvarpinu að eins átti að missa kaup fyrir það, sem eptir var vistartímans, ef það var rekið úr vist fyrir einhverjar þær orsakir, sem taldar eru í næstu grein á undan, þá hefir alþingi aptur á móti, samkvæmt áðurgreindri grundvallarreglu, sem fyrirkomulagið á 11. grein er byggt á, viljað að hjú, þegar svo er ástatt, skyldi eiga að greiða húsbónda jafnmikið og hann hefði átt að gjalda því í kaup, þó með þeirri nákvæmari ákvörðun, að hjúinu beri kaup, eptir því sem tveir óvilhallir menn undir eiðstilboð meta fyrir þann tíma, sem það hefir unnið í vísinni. Eins og frá er skýrt í athugasemdunum við 7.—11. gr. hér að framan, virðist nú stjórninni að vísu ekki vera næg ástæða til að hafna að öðru leyti uppástungum alþingis í greindu tilliti; en þó virðist eigi ákvörðunin um mat tveggja óvilhallra manna vera hagfelld. Reyndar verður því ekki neitað, að verið getur að vinna hjúsins ekki sé húsbóndanum jafnmikils virði á öllum tímum árs; en bæði er ómögulegt að búa til sérstaklegar reglur um þetta, enda virðist það og auðveldlega geta leitt til gjöræðis, að álit tveggja óvilhallra manna sé hér látið skera úr málum. Þar að auki vantar í frumvarp alþingis ákvörðun um, hver eigi að taka til menn þessa; og ef sýslumaður ætti að gjöra það, svo sem að líkindum hefir verið til ætlazt, þá yrði því samfara nokkur kostnaður. Eigi verður heldur betur séð, en að mennirnir sjálfir yrðu að fá borgun fyrir starfa sinn, en um það vantar einnig ákvarðanir þær, sem þörf er á. Það virðist því vera eðlilegast og einfaldast, að hjúið sé látið fá vissan part af umsömdu kaup, að réttri tiltölu við þann tíma, sem það er búið að vinna í vitsinni;

þessa reglu virðist og alþingi hafa aðhyllzt, þegar svo er ástætt að hjú deyr á vistarímanum, smbr. niðurlag 24. greinar í frumvarpi alþingis. Samkvæmt þessum athugasemdum hefir nú greinin verið samin, og er einnig tekin í hana ákvörðunin úr 32. grein í frumvarpi alþingis; og virtust ákvarðanirnar á þann hátt verða skilmerkilegri.

Um 28. grein.

Grein þessi er að öllu samhljóða 30. grein í frumvarpi alþingis og 34. grein í frumvarpi stjórnarinnar.

Um 29. grein.

Að undanskildum nokkrum orðabreytingum, er litlu skipta, er grein þessi samhljóða 31. og 33. grein í frumvarpi alþingis, og virtist einnig skilmerkilegra að steypa þeim tveim greinum saman í eina grein.

Alþingi þótti þurfa að hafa í lagabodinu ákvörðun um, hvernig að skuli farið, ef hjú er vístráðið til næsta árs á eftir, og hjú eður húsbóndi riptar vistarráðunum áður en hið nýja vistarár byrjar, og eru því ákvarðanir um þetta í 34. grein í frumvarpi þingsins. En með því ekki er torvelt að leiða reglurnar um þetta sérstaklega tilfelli út af hinum almennu ákvörðunum laganna og greinin er mjög flókin og eigi auðskilin alþýðumönnum, einkum sökum hinna mörgu tilvitnana til annari ákvarðana í lögnum, þá hefir þótt réttast að sleppa henni úr frumvarpinu.

Um 30. grein.

Grein þessi er tekin að öllu óbreytt eftir 38. grein í frumvarpi stjórnarinnar. Þess er þegar getið við 14. grein frumvarpsins hér að framan, að stjórnin álíti, að hafa ætti síðar í frumvarpinu ákvarðanirnar um forgöngurætt hjús í þrotabúi húsbónda, en alþingi vildi þar á móti hafa regluna um þetta sem niðurlagsákvörðun í 16. grein í frumvarpi þingsins. Alþingi hefir og viljað veita hjúi forgöngurætt til síðustu 12 mánaða kaups »næst löglegum veðskuldum«, og fært það til, að þingið hvorki álíti að D. L. 5—14—37 í heild sinni, né opið bréf 23. júlím. 1819, sè lögleitt á Íslandi. En stjórnin verður að álíta, að nefnd grein í hinni dönsku lögbók sè beinlínis gildandi regla á Íslandi um skuldaröð í þrotabúum, og að engin ástæða sè til að raska henni á þann hátt, sem alþingi hefir stungið upp á; að hinu leytinu

virðist og stjórninni sanngjarnt, að hjúið hafi forgöngurétt til matarverðs fyrir eitt ár.

Um 31. grein.

Þessi grein er einnig tekin óbreytt eptir 39. gr. hins eldra stjórnarfrumvarps. Að vísu hefir alþingi í 35. grein frumvarps síns stungið upp á, að bætt væri við greinina þessari ákvörðun: «og skal sá, er fjárnámið gjörir, ásamt með tveim skilríkum mönnum, er hann með sér kveður, leggja út skuldina í þeim gjaldgengum aurum, sem húsbóndi vill helzt án vera»; en engin ástæða þykir vera til að setja sérstaklegar reglur um fjárnám það, sem hér er um rætt, heldur virðist í því efni eiga að fara eptir hinum almennu ákvörðunum í opnu bréfi 2. aprílm. 1841.

Um 32. og 33. grein.

Þessar greinir eru að öllu samhljóða 36. og 37. grein í frumvarpi alþingis, en þær eru aptur orðrættar eins og 40. og 42. grein í hinu eldra frumvarpi stjórnarinnar.

BÆNARSKRÁ

frá síra B. Vigfússyni um styrk til viðhalds Hóla kirkju.

Með álitsskjali og bænarskrá til stjórnarinnar, dags. 12. febr. 1862, er málaflutningsmaður Jón Guðmundsson samdi og undirskrifaði í umboði mínu, var þess farið á leit af minni hálfu og byggt á þar til færðum rökum og fylgiskjölum, er skjal þetta sýnir og skýrskotar til, *annaðhvort* að stjórnin sjálf taki við hinni fornu Hóladómkirkju með skráðni hennar og áhöldum, portion hennar og ítökum öllum, og að henni verði svo stjórnað og haldið uppi á opinberan kostnað, — *ellegar* að öðrum kosti, að hún, eður núverandi eigandi jarðarinnar Hóla fengi veitt:

1. Hæfilegt endurgjald fyrir Hólaprentverkið, annaðhvort af tekjum prentsmiðju landsins eður úr rikissjóði.
2. Fullar bætur fyrir portion kirkjunnar, er safnað var til frá

því 1784 til 1808, en jafnframt eytt, án þess eiganda væri í nokkru um að kenna.

3. Þeir 50 rd., sem í skilnaðarskránni 1767 og reglug. 1. maí 1789 voru lagðir til kirkjunnar ár hvert, bæði frá 1802 til þessa dags og framvegis,

en eiganda Hóla verði þá gjört að skyldu að taka við kirkjunni og halda henni framvegis uppi, eins og hún er nú, svo og gjöra hana að nýju á sinn kostnað, þegar þess þarf við.

Stiptsyfirvöld landsins sendu þessa bænarskrá til stjórnarinnar með álitsskjali sínu 19. apr. s. ár. En kirkju- og kennslumála-stjórnin svaraði aptur háttnefndum yfirvöldum vorum með bréfi 19. febr. 1863 á þá leið, að *»synja yrði um það, sem hær væri beðizt«*. Ekki er synjan þessi byggð á röksemdaleiðslu, er hreki röksemdir álitsskjalsins 12. febr. 1862 fyrir þeim réttindum og óímótmælanlega réttlátum kröfum kirkjunnar, er tæð niðurlagsatridi eru byggð á, og engar aðrar ástæður í stjórnarbréfinu eru til færðar, er geti helgað eða réttlætt synjunina.

Eg vona, að enginn taki til þess eða undrist það, þó að eg, vegna hinnar fornu og æruverðu Hóla-dómkirkju, geti ekki unað við þessar snubbóttu afsvars-undirtektir stjórnarinnar. Því að þó svo sè, eins og eg hefi viðurkennt í álitsskjalinu 12. febr. 1862, að eg hafi nú um nálægt 40 ára tíma haft á hendi umsjón og fjárhald kirkju þessarar frá því er eg varð privat-eigandi hins forna byskupseturs Hóla í Hjaltadal, hinn 4. í tölunni frá því jörðin var seld við opinbert uppboð 1802, — þá hefi eg ekki haft þetta fjárhald og umsjón kirkjunnar á hendi hvorki sem proprietarius eður eigandi jarðarinnar og eigi heldur sem beneficiarius í Hóla-prestakalli; því prestinum til Hóla í Hjaltadal hefir aldrei, sem slíkum, verið lögð sú skylda á herðar, og sem eiganda jarðarinnar Hóla gátu eigi fremur mër, heldr en hinum 3 næstu eigendum þar á undan, uppálagzt neinar proprietarii skyldur við kirkjuna. Þess vegna hefi eg ekki hreift þessu máli nè hreifi því enn af þeim ástæðum, að eg viti eður þurfi að færast undan eður létta af mër neinum juridiskum skyldum eða skuldbindingum við Hólakirkju, því þessleiðis skyldur eða skuldbindingar getur vissulega engi sýnt nè sannað, að á mër hvíli, nè heldur á þessari eignarjörðu minni, heldur er það að eins af áhuga og rækt til hinnar fornu dómkirkju, sem hær stendur á lóð minni í hinu sama tignarlega formi eins og hún var byggð í fyrir rúmum 100 árum síðan; er hún

nú mjög farin að fynast, eins og gefur að skilja, og þarf því bráðrar aðalviðgjörðar við, ef hún á ekki að falla smám saman algjörlega, eða fyrning hennar að ágjörast svo mjög, að endurreisnaraðgjörð hennar hlyti að verða margfalt kostnaðarsamari, heldur en ef undið væri að henni von bráðar og ekki mjög úrtímis.

Eg vona líka, að engi góður Íslendingur sé sá, að hann láti sig engu skipta, þó að Hóla-dómkirkja, þetta eina tignarlega minnismerki, sem hér er til á landi, eigi að eins um Hólabyskupsdæmi, heldur einnig hið eina musteri hér á landi frá næst umliðnum öldum, sem er byggt grunnmúrað úr steini jafntraustlega, og sem heldur öllu formi og stíl óbreyttum frá því, er kirkjan var þannig endurreist frá stofni fyrir rúmri öld síðan, verði látin eiga sig sjálf og hrynja svo smám saman í grunn niður, heldur vilji að minnsta kosti allir þjóðfulltrúar Íslendinga leggja það til og styðja að því, að þessum veglega menjagrip og eign gjörvalls landsins verði við haldið á opinberan eður alls landsins kostnað, og mun hið heiðraða alþing því fremur aðhyllast, að sá vegurinn sé valinn, þar sem enginn getur neitað því, að það sé forsjáleysi og umsjónarleysi hins opinbera að kenna og engu öðru, bæði það, að Hóla-dómkirkja er sumpart alsvipt hinum helztu og arðsömustu uppruna-réttindum sínum, tekjustofnum og helztu dýrgripum, er hún átti, og sömuleiðis, að prentverkið er gengið undan henni og 28 ára portion hennar (frá 1784—1808) farin forgörðum að mestu.

Þess vegna mun það ekki geta dulizt fyrir neinum, og engi sem skoðar og rannsakar fylgilaust allar ástæður málefnis þessa, mun geta neitað því, að það er *hið opinbera* og engi nema það, er sú skylda hvílir á, að við halda Hóla-kirkju, ef henni skal við halda, sem engi mun draga efa á, og það er og verður einungis *hið opinbera* og engi annar, sem hlýtur að bera ábyrgðina af því, ef þessi merkilegi menjagripur landsins er látinn fynast til þurðar og hrynja svo niður. Það er eins alkunnugt, eins og það er ljóslega útskýrt í álitsskjali mínu 12. febrúar 1862, að Hóladómkirkja átti sjálf enda frá fyrstu stofnun Hólabyskupsdæmis miklar eignir og margs konar arðsöm blunnindi, einkum reka-ítök og rekaréttindi viðs vegar um stíptið, og að hún auðgaðist æ meir og meir bæði að þessu leyti og öðrum eignum og dýrgripum fram eptir öldunum, einkum um þau nál. 450 árin frá 1106, er Hólabyskupsdæmi var fyrst stofnað og til þess er

siðabótin var hér innleidd 1550. En Hóla­kirkja var rúin ýmsum dýrgripum sínum og liggjandi fè því, er mestur auður hennar stóð í, þegar eptir siðaskiptin, og allar tekjur Hólastólsgózanna (eins og Skálholtsstólsgózanna syðra) rýrnuðu smám saman einkum að því leyti, að innstæðukúgildin fækkuðu hvað af hverju í harðærunum á 17. og 18. öldinni, jafnframt því, að þarfir Hólaskóla og allur kostnaðurinn til hans, er einnig hvíldi á hinu sameiginlega gózi stólsins og kirkjunnar, fór vaxandi, eptir því sem aðsókn vísindamanna-efnanna að skólanum varð stöðugri og meiri, heldur en á dögum hinna katólsku byskupa. En allt um það var samband dómkirkjunnar og staða hennar til byskupsstólsins jafnan sú, eins og líka lá í eðli hlutarins, að hún, að því leyti sem hennar sèrstöku réttindi og hlynnindi eigi hrykki fyrir, hlyti að hafa jafnan rétt til viðhalds, uppihalds og endurreisnar, hvort sem þar til út­heimtist meira eða minna, eins og byskupsstóllinn og byskups­dæmið sjálft, af hinu sameiginlega gózi stólsins og kirkjunnar. Og þó að hin grunnmúraða kirkja, sem hér stendur enn, fengi ýmsar verulegar fjárveitingar til þessarar uppbyggingar frá stofni, á árunum 1758—1763, bæði frá konunginum sjálfum og konungs­ættinni, og fyrir kollektuna, er allramildilegast var leyfð 1757, þá kom það ekki til af því, að stjórnin eða Hólabyskupinn áleti stóls­gózinu óskýlt að kosta til þessarar endurbyggingar af sameiginlegu fè og tekjum, heldur af því, að það var álitid hinu sameiginlega gózi og eignum um megn, eins og tekjur þess voru þá gengnar til rýrðar, að standast svo óvanalegan og feykimikinn byggingar­kostnað allan í senn.

Þessi skoðun, að kirkjan að Hólum hafi jafnan haft sjálfsagðan rétt á því, að henni væri við haldið, hvort sem að til þess út­heimtist meira eða minna af tekjum hins sameiginlega stólsgóz, og að sèrstaklegar eignir og réttindi sjálfrar hennar ekki hafi þá getað álitizt nærri nægilegar til þess, kemur fram og er ítarlegar staðfest bæði í skilnaðarskránni frá 1767, þar sem eru lagðir út og ákveðnir staðfast 25 rd. spesíe árlega kirkjunni til viðurhalds, þó að hún væri þá nýbyggð að eins fyrir 4 árum, og þar að auki enn fremur 25 rd. 28 sk. sp. árlega undir eins og jafnmiklum út­gjöldum, er þá hvíldu á stólnum, og sem eru tilgreind í skránni sjálfri, væri af létt, en það er talið víst, að mundi verða innan skamms, og enn fremur er í reglugjörð 1. maí 1789 (Cap. II § 2., litr.

Q og ½ 3 litr. E) kirkjunni útlagðar henni til viðurhalds og ákveðnar 4 nafngreindar jarðir og öll afgjöld af þeim árlega.

Allt um það, þegar allar Hólastólsjarðirnar voru seldar við uppboð árin 1802—1805, þá er eigi annað sýnna, en að dómkirkjan á Hólum hafi verið skoðuð af hinum konunglegu umsjónarmönnum eins og annar sá hlutur, er engi réttindi eða kröfur hefði og eigi þyrfti heldur nein réttindi að áskilja. Allar þær stólsjarðir, þar sem dómkirkjan sjálf átti sèrskilin reka-ítök fyrir landinu, voru seldar eptir hinum almennu söluskilmálum stjórnarinnar, rétt eins og hinar aðrar stólsjarðir, þar sem kirkjan átti engi reka-ítök fyrir landinu; reka-ítök og réttindi kirkjunnar fyrir þeim jörðunum, er þau lágu, voru alls ekki undan skilin nè áskilin henni, þegar þær jarðir voru seldar, og leiddi þar af, að þessar sömu jarðir eður eigendur þeirra eignuðu sèr þessi verulegu reka-ítök kirkjunnar; þessi réttindi hafa einnig verið álitin undan henni gengin með þessu móti upp frá því er jarðirnar voru seldar, eptir því sem ráða má af hæstaréttardómi 14. maí 1844. Eins var það, þegar kom að sölu Hólastaðar sjálfs 1802; hann var þá boðinn upp og seldur eptir hinum sömu almennu söluskilmálum stjórnarinnar, og engum aukaskilmálum bætt þar við áhrærandi kirkjuna, að neinu leyti; kaupandi var ekki bundinn neinum skilyrðum eða skyldum í tilliti til hennar, og henni var ekki svo mikið sem áskilinn réttur til reits þess, er hún stendur á, og til kirkjugarðsstæðis, og því síður var það með einu orði tekið fram, að kaupandi skyldi taka að sèr kirkjuna framvegis, með eður án portionar þeirrar, er hún átti þá, er salan gjörðist, eptir réttum reikningum, og halda henni við á sinn kostnað, hvort heldur í því lagi og ásigkomulagi, sem hún var þá eður í minna formi.

En það var heldur ekki von, að neitt því um líkt væri áskilið til handa kirkjunni við kaupanda Hólastaðar, þar sem það er birt af kanselibréfi einu, dags. 6. eða 16. febrúar 1813, að jarðamatsnefndin, er hær var sett um aldamótin og hafði jafnframt á hendi alla umsjón og framkvæmd með Hólastólssölunni, hafði þegar, eptir það salan var nýafgengin, stungið upp á því meðal annars við rentukammerið, að jafnsnart og Hólakirkja þyrfti aðalaðgjörðar við, skyldi rífa hana í grunn niður og flytja burt frá Hólum, en byggja upp aðra sóknarkirkju að Kálfsstöðum, því þar væri hún hagnalegar sett. Kanselið byggir einmitt á þessari uppástungu synjun sína og afsvar upp á bréf stíptsstjórnarinnar, sem þá var hær yfir

landinu, dags. 27. ágúst 1811, þar sem hún fór þess á leit við stjórnarráðið, að veittur yrði árlegur styrkur til viðhalds Hóla-kirkju úr konungssjóði, eður af andvirði Hólastólsjarðanna og vöxtum þess, er runnið hefði inn í rikissjóð. En einmitt með þessum tillögum sínum hefir stiptsstjórn landsins viðurkennt, að engi skylda hvíldi á eiganda Hólastaðar, sem proprietario til þess að við halda kirkjunni.

Af þessu, sem hér er útlistað, og af álitsskjali mínu 12. febr. 1862, hvar af eg leyfi mér að láta fylgja afskript hér með, sem og af annari ítarlegri útlistun frá sjálfum mér, er eg samdi í fyrra og einnig fylgir, mun verða ljóst, að á mér sem eiganda Hóla liggja engar skyldur eða skuldbindingar til að viðhalda Hóla-kirkju auk heldur að endurbyggja hana, hvorki að einu leyti né neinu, og að mér er það þess vegna á sjálfsvaldi, að afsala mér og afsegja alla umsjón hennar og fjárhald með því að standa full skil á portion hennar eptir árlegum reikningum, er héraðsprófasturinn hefir rannsakað.

En til þessa neyðarúrræðis og sem mér er svo þvert um geð, skirrist eg við að grípa, fyrr en virðast má, að fullreynt sé að Hóla-kirkja geti enga réttingu fengið á þessum réttlátu aðalkröfum sínum til hins opinbera, að minnsta kosti að svo miklu leyti sem augsýnilega útheimtist til aðal-aðgjörðar þeirrar, er nú liggur fyrir, og til þess að henni verði sómasamlega við haldið í framtíðinni.

Eg leyfi mér því að biðja hið háttvirta alþingi Íslendinga, að taka málefni þetta til meðferðar og góðra greina, og rita síðan konungi þegnsamlega bænarskrá í sömu stefnu, sem farið var fram á í álitsskjalinu til stjórnarinnar 12. febr. 1862, hvers niðurlagsat-riði eg hefi tekið fram að upphafi í bænarskrá þessari.

Hólum í Hjaltadadal, 30. júní 1865.

Benedikt Vigfússon.

Bænarskrá þessa gjöri eg að minni uppástungu.

Reykjavík, 11. júlí 1865.

Arnþjótur Ólafsson.

FYLGISKJAL

við bænarskrá frá síra B. Vigfússyni um styrk til viðhalds Hóla-
kirkju.

Eptir bréfi hinna háu stiptsyfirvalda 12. marz 1851 til núverandi eiganda Hólastaðar í Skagafjarðarsýslu, herra præpositus honorarius Benidikts Vigfússonar, og samkvæmt fullmakt þeirri til mín, sem þar neðan undir er rituð, dags. 3. marz 1858, sjá fylgiskjal nr. 1, leyfi eg mér hér með auðmjúklega, að bera fram þetta álit mitt, er hér eptir kemur, áhrærandi hina fyrri Hóladómkirkju, sem þar stendur enn á staðnum, og sem er enn og hefir jafnan verið, síðan byskupsstóllinn var niðurlagður, og stólgózið selt ásamt byskupsgarðinum árið 1802, aðalkirkjan í prestakallinu Hólum, Viðvík í Skagafjarðarsýslu, og lýtur þetta álit mitt að:

1. Þeim réttindum og kröfum, er tæð kirkja, qua cathedral og dómkirkja í ríku og voldugu byskupsdæmi hafði, bæði eptir eðli hlutarins og landsvenju, og samkvæmt ýmsum þar að lútandi sérstaklegum lagaákvörðunum til uppihalds og viðurhalds af sameiginlegu gózi byskupsdæmisins, að því leyti að sérstaklegar tekjur kirkjunnar og réttindi hennar reyndust þar til ónógar.

2. Þeim sérstaklegu og upprunalegu eignum kirkjunnar sjálfrar, tekjustofnum hennar og réttindum.

3. Að hve miklu leyti hið opinbera eður stjórnin hafi með því að selja Hólastólsgóz og byskupssetrið Hóla, og enn fremur flesta hina upprunalegu og sérstaklegu tekjustofna, ítök og réttindi dómkirkjunnar, — en með þeirri sölu eru allar eignir og ítök byskupsdómsins og dómkirkjunnar, nema fáeinir rekapartar, er síðar skulu tilgreindir, orðnir eign einstakra manna — getað losað við þær kröfur, er Hóladómkirkja hafði til uppihalds sér og viðurhalds af allri stofnuninni, það er að segja, af byskupsdæminu sjálfu, eður þá hins vegar, að hve miklu leyti ætla meg, að eigandi Hólastaðar hafi, þá er hann keypti staðinn eður jörðina, tekizt þá skyldu á hendur að halda sjálfur kirkju uppi.

Nú er vèr lítum til þess, hversu byskupsdæmi og klaustur komust upp hinar fyrstu 11 aldir eptir Krists burð, og þá sér í lagi, hvernig Hólabyskupsdæmi hófst, og hversu það efldist smátt og smátt að virðing og auðæfum fram að siðaskiptunum, þá liggur það í augum uppi, að byskupssetrið og kirkjan á Hólum var

óaðskiljanleg frá byskupsdæminu sjálfu, og að Hólastólskirkja var sjálfsagður skilmálinn fyrir tilveru byskupsdæmisins, og að Hólastólskirkja hefði því, sem siðferðisleg og lögleg persóna, óefandi heimtingu á, að af sameiginlegum eignum og öðrum tekjum byskupsdæmisins væri greiddur kostnaður sá, er hvert skipti viðþurfti til að halda Hólakirkju uppi, og til að prýða hana, og eins ef reisa þyrfti hana að nýju. Nú vil eg þá fyrst drepa stuttlega á hversu byskupsstóll hófst og kirkja var sett á Hólum í Hjaltadal, og síðan vil eg leyfa mér að leiða rök að því, að stjórnin hafi óþessinnis kannast við þá hina náttúrulegu meginröksemd, er áðan gat eg um.

Í Íslendingasögum frá 12. og 13. öld segir svo, að Oxi Hjaltason, höfðingi mikill, hafi fyrstur manna reist kirkju að Hólum í Hjaltadal, hér um bil 50 árum eptir að kristni var lögtekin á Íslandi, eður um 1150 (sjá sögu Jón byskups helga II kap). 45 eður 50 árum síðar, felldu Norðlendingar þá bæn að Gissuri byskupi Ísleifssyni, er þá var einn byskup yfir land allt — en Ísleifur byskup faðir Gissurar, var fyrstur innlendur byskup yfir Íslandi, og setti byskupsstól í Skálholti á föðurleifð sinni, — að hann mundi vilja setja byskupsstól annan í Norðlendingafjórðungi. Gissur byskup bar þetta mál upp á alþingi fyrir hina vitrustu menn og höfðingja, og var það síðan ráðs tekið, að Gissur byskup gaf upp þann fjórðung byskupsdæmis síns, til þess byskupsstóll skyldi vera í Norðlendingafjórðungi, svo sem þeir báðu. Síðan ræðst það af, að stóll Norðlendingabyskups skyldi vera að Hólum í Hjaltadal, því að sá eini prestur er þar hjó, er Illugi hét, og var Bjarnason, varð til þess af öllum Norðlendingum að rísa upp af föðurleifð sinni og staðfestu fyrir guðs sakir og kirkjunnar nauðsyn. Var síðan Jón Ögmundsson kjörinn til byskups Norðlendinga; hann tók byskupsdóm, og settist að stóli að Hólum í Hjaltadal 1106. Kirkja sú brann, er Oxi Hjaltason hafði gjöra látið, en Jón byskup lét ofan brjóta kirkju þá, er áður var, en lét reisa aptur mikla kirkju og volduga, og sparaði ekki til þeirrar kirkjugjörðar, það er guðs heiður mátti þá vera meiri en áður, og hæfði kirkju byskupsdómsins.

Byskupsstóllinn að Hólum í Hjaltadal efldist nú jafnan meir og meir að virðingu og auðæfum þau 450 ár er liðu frá því hann var þar settur, og þar til siðaskiptin urðu hér á landi, en þó gat eigi hjá því farið, að á þeim tímum, þá er menn gáfu (að minnsta kosti var það á landi hér) svo ríkulegar gjafir í löndum og lausum

eyri, ítökum og ískyldum til kirkua og klaustra, og þó einkum til byskupsstólanna og stólskirknanna, svo og til annara þeirra hluta er til guðspakka voru lagðir, að menn sæju svo um, að Hólastóls kirkja hefði bæði tekjur sér til viðurhalds, og einnig rétta heimtöngu á, að af tekjum byskupsdæmisins sjálfs væri greiddur sá kostnaður, er þurfa kynni til þess, að prýða kirkjuna, stækka hana og reisa að nýju o. s. frv., ef tekjur hennar sjálfrar hrykki eigi til. Ef nú svo hefði eigi verið, þá yrðu menn að ætla, sem þó er óhugsanda, að Hólastólskirkja hefði verið ver farin, en hver kirkja önnur hér á landi, svo bændakirkjur sem staðakirkjur; því það er vitanlegt, að þótt til hverrar kirkju, hvað lítilfjörleg sem hún annars er, séu upphaflega lagðar jarðir og ýms ítök svo sem reki hvala og víða o. s. frv., veiði í ám og vötnum, skógarhögg og hrisrif í annars landi, upprekstur og selför, og eru þó eigi ínytjar og afgjöld af ítökum þessum nè heldur af kirkjujörðum vanalega taldar með tekjum kirkjunnar, heldur nýtur staðarprestur þeirra eður þá kirkjudrottinn, nema það, sem greitt er af þessum tekjum bændakirkna í mótuna til sóknarprestsins, þá voru og lagðar til kirkna fastar árstekjur, svo sem er fjórðungur tíundar af fasteign og lausafé sóknarmanna; svo á og hver kirkja að lögum og landsvenju, (de jure et de facto) veðrætt á jörðum þeim, er liggja til kirkjunnar og brauðsins, svo að kirkjunni verði fullvel og hæfilega uppihaldið, og hún endurbætt og víðreist að nýju, o. s. frv. með tekjunum af allri kirkjueigninni, ef hennar eigin tekjur, og afgreiðslur af ítökum þeim, er nú voru talin, reyndust til þess ónógar.

Sannarlega eru fá dæmi þess, og ég þekki ekkert, að nokkur kirkja hér á landi, veri hún svo fátæk sem hún vera vill, eigi ekki eitthvert ítak eður hlunnindi þess konar, sem fyrr eru talin, og því merkilegra og auðugra brauðið er, því fleiri og betri eru vanalega ítök þau og hlunnindi, er til kirkjunnar liggja. Hin almennustu og beztu ítök kirkna eru sannarlega rekarnir, bæði trjáreki og hvalreki, því þótt mikill hvalreki sé hér fremur sjaldgæfur, þá hefir hann þó opt orðið kirkjum að góðu liði, með því að þær hafa getað keypt fyrir hvalinn smíðisefni, og líka borgað smíðalaun og vinnukaup, er taka þurfti kirkju, en af trjáreka sínum hafa þær fengið nógan efnivið til aðgjörða og til að reisa þær að nýju.

Nú hefi eg skýrt að nokkru frá aðalrættindum og tekjum kirkna á Íslandi, sem þær hafa almennt sér til uppihalds; en nú vil eg leyfa mér að heimfæra þetta til Hólastóls dómkirkju. Fram að

siðaskiptunum, eður frá 1106 til 1550 efldist byskupsstóllinn meir og meir. Hólabyskupar gjörðust æ völdugri og ríkari, og kirkjan sjálf að Hólum auðgaðist af alls konar gjöfum; henni voru gefnar jarðir, dýrgripir, og önnur gersemi, svo og rekar og reka-ítök hér og hvar yfir allan Norðlendingafjórðung, og allan þenna tíma læk enginn efi á því, að kirkjan að Hólum í Hjaltadal ætti rétta heimtingu á, að henni væri uppihaldið, að hún væri stækkuð, prýdd og reist að nýju; menn voru heldur eigi í vafa um, hvaðan taka skyldi kostnaðinn, ef hún hefði eigi nóg fê til af sínum eignum. Þar sem kirkjan á staðnum var sem höfuð og herðar, og sem lifæð alls byskupsdæmisins, eins og hver önnur kirkja er lifæð sóknar þeirrar er undir hana heyrir, þá hlaut hún, eptir reglum þeim, er settar voru um allar kirkjur á landinu, að hafa vafalausan veðrætt í öllum stólseignum Hólabyskupsdæmis, og í árstekjunum af þeim. Þessu var og í rauninni (de facto) þannig varið með kirkju Hóla- staðar allan þenna tíma fram að siðabótinni; en tvær hinar næstu aldir gat þetta aldrei orðið að umtalsefni, með því að kirkja sú að Hólum, sem gjör var 1394, stóð þar til hún féll niður í ofsaveðri árið 1624. Ári síðar var þá gjör aptur trækirkja, og er það sögn manna, að hún hafi verið miklu minni en hin fyrri; en þess skal hér við getið, að hinn elzti sonur Danakonungs gaf efnivið og tjöru til þeirrar kirkjugjörðar. En Gísli byskup Magnússon fékk leyfi hjá stjórninni að brjóta kirkju þessa niður árið 1754, og að reisa aptur aðra kirkju úr rauðum sandsteini úr Hólabyrðu. Menn unnu að þessari kirkjusmið í 6 ár, og var kirkjan albúin 1763; í hvelvingunni yfir höfuðdyrunum er greipt lítil marmarahella, og þar á standa þessi orð: »Hinum þrieina guði og Friðreki konungi hinum V.« Þetta veglega musteri drottins hefir staðið síðan. Kostnaðurinn til þessarar kirkjugjörðar var nú eigi allur greiddur úr sjóði byskupsstólsins og dómkirkjunnar, því að 6000 rd. voru gefnir þar til af kollektu þeirri, er safnað var til eptir konunglegu leyfisbréfi dagsettu 18. marz 1757 til að forða Hólastól við falli og eyðingu. Bréf þetta sýnir og ljóslega, hve mjög tekjur stólsins voru gengnar til þurðar, og segir þar, að það hafi einkum orðið harðindisárin síðustu frá 1754 til 1756; en það er víst um það, að stólstekjurnar munu hafa rýrnað löngu áður, og það enda þegar eptir siðaskiptin, fyrir því að þá minnkaði vald og ríki klerkdómsins, og stólsjörðunum, sem þá voru næsta margar, var stjórnað æ ver og ver og ráðlauslegar; afleiðingar af ráðlagi þessu komu

þegar í ljós, þótt þeim væri eigi beinlínis lýst í embættisbréfum og skýrslum byskupanna og stjórnarinnar, eður hugsað væri um, að bæta að gagni úr þessum brestum, fyrr en konungsbréf komu út hingað um það efni árið 1755, er leiddi til Separationsactsins 27. júlí 1765, sem síðan var samþykktur af konungi 29. maí 1767, sja og reglug. 1. maí 1789, og 9. sept. 1791.

Þessar tilskipanir stjórnarinnar hníga nú reyndar einkum að því að aðskilja reglulega skólabúið á staðnum, laun kennara og önnur gjöld til skólans, og í öðru lagi stjórn á þeim stólsjörðum, er teknar voru af jarðagózi Hólastóls og lagðar til skólans, frá hinum jörðunum, er ætlaðar voru byskupsstólnum sjálfum, og skyldi af landskuldum þessara jarða, greiða byskupi laun hans, sem til voru tekin í konungsbr. 23. maí 1755, þá og kostnað þann, er gekk til að halda uppi byskupsstofunni og öðrum húsum staðarins, og einnig til að endurnýja innstæðukúgildi þau, er staðnum fylgdu, þá skyldi og greiða af landskuldunum byskupsekkjunni eptirlaun og annað fleira. En jafnframt þessu játaði stjórnin, að dómkirkjan ætti eigi síður rétt en skólinn eður byskupinn til að hafa vissar árstekjur af stólsjörðunum sér til viðurhalds, og lýsti stjórnin yfir þessu einum 4 árum síðar en kirkjan var gjörð af steini, sem fyrr er sagt, og í skilnaðarskránni (Separationsacten) eru lagðir 25 spesiudalir og von í öðrum 25 spesiudölum 28 skildingum ár hvert til viðurhalds dómkirkjunni (sjá lagas. Ísl. III, 583. og 587. bls.). Í innganginum til reglug. 1. maí 1789 er dómkirkjan gjör jafnrétthá byskupi og skólanum, til þess að fá upphald sitt af stólsgózinu, og þess vegna er í II. kap. reglug. 2. grein, staflíð Q tiltekið, að dómkirkjan skuli hafa sér til viðurhalds 50 rd. 38 sk. kúrants, sem eptir 3. gr. stafl. E skyldi greiðast af 4 nafngreindum jörðum, er allar lágu nærri kirkjunni. Þess má geta, að þá jafngiltu 4 spesiudalir hundraði (120 álnum eður 240 fiskum) álna, hvort heldur í löndum eður lausum eyri, sem og greinilega sèst í skilnaðarskránni 1767; en landskuldirnar af þessum 4 jörðum voru 1801 eigi meira en samtals 6 hndr. 50 áln. (sbr. Lagas. Ísl. VI 558. bls., tölu 210—213) en það er eptir landauraverði nú á tímum, er hundraðið er á 25—30 ríkisdala, að minnsta kosti 170 rd. ár hvert. En sjeu þeir 50 spesiudalir, sem til dómkirkjunnar voru lagðir að lögum, virtir til landaura eptir verði þeirra nú á tímum, þá fengi dómkirkjan í tekjur ár hvert 312½—375 rd. Reglug. 1. maí 1789 var að öllu yfirborðinu af tekin með reglug. 9. sept.

1791. Í reglug. þessari virðist að vera farið eptir aðalreglunni í skilnaðarskránni 1767 um stjórn á Hólastólseignum, og hversu tekjum þeirra skuli verja. En reyndar er eigi í henni tiltekin nein upphæð sér í lagi handa dómkirkjunni; en það er heldur eigi gjört handa skólanum, nè heldur byskupi, nema hvað laun hans og kennaranna, og aðrar tekjur þeirra voru tilteknar. En þó nú svo sè, þá má það virðast andsett, að í reglug. 9. sept. 1791 sè haldið óbreyttum ákvörðunum þeim, er standa í skilnaðarskránni um árstíllag það, sem dómkirkjunni er ætlað af stólstekjunum, sèr til viðgjörðar og annars tilkostnaðar ár hvert; í 16. grein reglugjörðarinnar, segir svo: »Ef nú dómkirkjan kann að þurfa talsverðrar viðgjörðar, þá skal presturinn segja forstöðumönnum frá því í tíma«, o. s. frv., og virðist grein þessi að benda til þess, að enn skyldi greiða allan kostnað til vanalegrar viðgjörðar og viðurhalds dómkirkjunnar ár hvert af þeim 50 spesíudölum, sem til þessa eru ætlaðir í skilnaðarskránni 1767, án þess að þyrfti að bera það undir forstöðumennina. Afgjaldið af þeim 4 jörðum, er dómkirkjunni eru ánafnaðar í reglug. 1. maí 1789, er allt um það eigi tilfært í portionsreikningi kirkjunnar eptir 1791, eins og áður var gjört.

Nú höfum vèr sèð, hversu að Hóla dómkirkja hefir notið hins almenna frumréttar kirkna á Íslandi til að fá af tekjum kyrkjueigna tillag, sem þær viðþurfa til uppihalds sér og viðurhalds, þótt þær eigi sjálfar eignir sér, tekjur, ítök og hlunnindi, og það eigi að eins í katólsku, heldur og, eins og reyndar allar aðrar kirkjur á landinu eptir siðabótina, og eptir að stjórnin í Danmörku tók að sér yfirstjórn Hólabyskupsdæmis, er hinir ríku katólsku Hólabyskupar áður einir höfðu. Stjórnin hefur jafnan kannast við þenna rétt Hólakirkju, þangað til 1802, að Hólabyskupssetrið, og allar aðrar jarðir Hólabyskupsdæmisins, dómkirkjunnar og skólans voru seldar.

Nú áður en eg athuga, hvort Hólakirkja hafi verið svipt þessum frumrétti sínum, þá er byskupssetrið og stólsjarðirnar voru seldar, vil eg leyfa mèr að drepa stuttlega á ítök, hlunnindi og jarðir þær allar, er Hóla-dómkirkja hefir eignazt, o. s. frv., þar eð svo má virðast, að þess hafi eigi verið gætt í flestum greinum, að þetta var eigin eign kirkjunnar, eður þá, að kirkjan hefur verið svipt sumum þeirra heinlínis, og hefir þetta átt sér stað við og við eptir siðaskiptin með nokkra dýrgripi og skruð kirkjunnar,

t. a. m. er þeir Kristófer Trondsen og Axel Juul, erindsrekar stjórnarinnar, tóku um sumarið 1551, gullkaleikinn frá Hólum, er stóð 9 merkur gulls, og mikið af borðbúnaði staðarins af silfri, er ásamt með silfri því, er þeir tóku frá öllum 4 klaustrum Hólabyskupsdæmis, vog 3, 676 lóð; þeir tóku þá og byskupskápana góðu, er Jón byskup Arason hafði þegið af páfanum; var hún síðan flutt til Reykjavíkur dómkirkju, eptir fyrirlagi Geirs byskups Vídalíns í bréfi 28. apríl 1814; og enn tóku þeir áttstrenda silfurflösku, sem að ráði Geirs byskups var síðan seld 1813 á 144 rd. bankóseðla, sem þá voru orðnir svo lítills virði, að umsjónarmenn kirkjunnar treystust eigi til að fá meira en 1 mark silfurs fyrir hvern, eður samtals 24 rd 24 sk. silfurverðs. Með konungsbréfi 14. júní 1799 var Hólakirkja svipt öldungis bótalaust *prentsmiðju sinni á Hólum*, er var milksilverð eign og gagnsöm, og þar með fylgdi prentréttur á flestum þeim guðsorðabókum, er hafa verið útgengilegastar fyrr og síðar. Á skilnaðarskránni 1767 sést, að prentsmiðjan var þegar á þeim tímum góð eign, því í skrá þessari eru árstekjurnar af henni að fráðregnum öllum kostnaði taldar 200 spesíudala (Lagas. Ísl. III 581. og 586. bls.). Guðbrandur byskup Þorláksson, er útvegaði prentsmiðjunna, og sjalfur átti hana, gaf hana eptir sinn dag Hóla-dómkirkju, og er þessi hinn síðasti vilji Guðbrandar byskups staðfestur með konungsbréfi 12. maí 1628. Prentsmiðjan var því eign Hólakirkju með réttu, enda er því játað í reglug. 1. maí 1789 II. kap. 7. gr. er svo segir, að prentsmiðjunni skuli stýrt vera framvegis fyrir hönd dómkirkjunnar, með því hún eigi hana. Þar sem nú löggjöfin segir hér með berum orðum, að prentsmiðjan sè lögmæt eign Hólakirkju, þá hljóta menn að skilja það, sem lögskýring þess, er stendur í skilnaðarskránni 1767 um prentsmiðjuna, og að árságóðinn af henni, er metinn var á 200 spesíudali, sem fyrr segir, skyldi koma upp í laun byskups. Í skilnaðarskránni er því svo litið á þetta mál, sem prentsmiðjan sè að eins eign allrar stofnunarinnar, en hitt eigi athugað, til hvers af þrennu hún helzt heyri, til byskupsdæmisins, dómkirkjunnar, eður skólans, en þetta er aptur tekið fram í þeirri grein, reglug. 1789, er áður er vitnað til. Annars fylgir hér með (sjá 2. fylgiskjal) yfirlit yfir uppruna prentsmiðjunnar, og hvernig henni hafi vegnað o. s. frv., þar til nú um aldamótin. Það má telja sem víst, að flest skjöl þau, er vitnað er til í yfirlitinu, muni vera til í skjalasafni byskups og stiptamtmanns, og eins frumritið af skipun Guðbrandar byskups

er staðfest er með konungsbræfi 12. maí 1628 (Finn. Jón. Hist. Eccles. III. Tom. 97. bls.).

Þrátt fyrir það að Hólaprentsmiðjan var lögmæt eign Hóladómkirkju, og hún átti mikilsverðan og gagnsaman einkarrétt til að láta prenta allar guðsorða- og guðfræðisbækur, og hinar helztu skólabækur, er prentaðar voru hér á landi (sbr. leyfisbr. 4. júní 1772), þá var þó með konungsbræfi 14. júní 1799 prentsmiðja þessi fengin »Landsuppfræðingarfélaginu« sáluga og lögð saman við »Sunnlenzka prentverkið«, er þá stóð undir stjórn félags þessa, og það án nokkurs endurgjalds eða loforðs um nokkra þóknun eður uppbót síðar meir. Að vísu er svo komið að orði í konungsbréfinu »að fjórðungi ábatans af prentsmiðjunum báðum saman mætti verja, ef ágóðinn annars yrði nokkur, að öllu samtöldu ár hvert, til að efla sanna bókvísi í Hólabyskupsdæmi«. En það er hvorttveggja, að boði þessu hefir aldrei verið gegnt, hvorki af hálfu »landsuppfræðingarfélagsins« nè af hálfu landsprentsmiðjunnar, en þótt hún hafi haft talsverðan árságóða nú síðan 1853, er sèð verður af reikningum hennar, enda mundi þetta boð, eins og það er nú lagað, aldrei geta komið hinum rétta eiganda Hólaprentsmiðjunnar, Hólakirkju, að nokkru liði þó framfylgt væri.

Rekar fyrir landi ýmsra jarða Hólastóls og Hólakirkju eður »fyrir landi dómkirkjunnar« sem það er kallað í eldri lagaboðum um þetta efni t. a. m. tilsk. 3. maí 1650, voru byskupssetrinu næsta þarflegir og gagnsamlegir fyrir sakir trjáreka, og á stundum hvalreka; en auk reka þessara átti Hólakirkja eptir máldögum sínum og rekaskráum þeim, er fullgiltar voru í erindisbræfi byskupanna 1. júlí 1746 16. grein, mörg, og sum stór og góð rekaitök, líkt og flestar aðrar kirkjur á landinu, á fjöru þeirra jarða, er Hólastóll og Hólakirkja áttu saman eða fyrir öðrum jörðum þeim, er alþýðlegar stofnanir, eður einstakir menn áttu, og er þá ýmist kveðið svo á, að kirkjan ætti t. a. m. fjórðung alls reka fyrir N. N. jörðu, eður hún ætti nokkurn hluta viðreka og annan hluta hvalreka fyrir landi N. N. jarðar, eður á tilteknum fjöruparti t. a. m. áttung viðreka, en sjöttung í hval, o. s. frv. Það má þykja náttúrulegt og sjálfsagt, að Hólakirkja ætti mörg og mikil rekaitök, þegar þess er gætt, að hún var höfuðkirkja (Kathedral-kirkja) í ríku byskupsdæmi, þar er flestar aðrar kirkjur áttu og eiga enn góð rekaitök, og að Skálholtskirkja, sem var höfuðkirkja eins og hin, átti marga og mikla reka og rekaitök, eins og fullkunnugt er; en sá

var munurinn, að Skálholtskirkja fækk að halda þeim, þegar Skálholt og Skálholtsjarðir voru seldar, en byskupsstóllinn lagður niður. Þessu var og þannig varið, er bezt verður séð á Hólamáldögnum, og þó einkum á »Sigurðarregistri« 1569, og »rekaskrá« Hólastaðar 1374; en það er safn af öllum rekum og rekaitökum, er Hólastóll og Hólakirkja höfðu áður fengið heimildir að. Í þeim er nú fyrst talað um *rekaitök Hólakirkju sjálfrar*, er hún hafði eignast smátt og smátt, og hafði *heimildir að sèr í lagi*, þótt annar ætti landið eður jörðina, enda átti Hólakirkja rekaitök fyrir sumum jörðum, þeim, er Hólastóll hafði síðar eignast. Máldagarnir telja nú fyrst *rekaitök Hólakirkju sèr í lagi*, og hefja upp fyrir vestan Eyjafjörð, og telja þaðan vestur í Skagafjörð til eystri ósa Héraðsvatnanna; en síðan byrja þeir aptur og telja í sömu röð *reka* alla, er Hólastóll og dómkirkjan áttu; áttu þau þá landið eður jörðina með öllum reka, nema hinn fyrri eigandi hefði selt eitt-hvert rekaitak undan jörð sinni.

Það er kunnugra, en frá þurfi að segja, að jarðir Hólastóls, Hólakirkju og Hólaskóla og Hólar sjálfir með öllu saman, voru seldar á uppboðsþingum árin 1802 og 1803 eftir konungsúrskurðinum 25. sept. og 2. okt. 1801; þess má þó reyndar geta, að stólsjarðirnar í Þingeyjarsýslu og Múlasýslunum báðum voru eigi seldar fyrr en 1805, eftir því sem til var tekið í söluskilmálum rentukammersins 13. marz 1802. Söluskilmálar þessir hljóða einungis um sölu á öllum stólsjörðunum, og í þeim finnst enginn skildagi um sölu á heimajörðinni Hólum, hvort kaupandi ætti að taka að sèr dómkirkjuna með öllum eigum hennar, ítökum og hlunnindum, svo og skyldum öllum, og þá einkum þeirri, að halda henni uppi á sinn kostnað, eður hann ætti þá að taka hana án alls þessa. Það verður heldur eigi séð, þegar að seldar voru Hóla stólsjarðir og heimajörðin, er kirkjan hefir nú staðið rúm 800 ára, að stjórnin hafi með nokkrum aukaskilmálum séð kirkjunni borgið svo sem með því, að hún haldi öllum sínum rekaitökum óskertum, eður að kaupanda væri gjört að skyldu, að halda kirkjunni uppi án nokkurs endurgjalds, eður að gefið væri loforð um, að til kirkjunnar skyldi leggjast árlegt tillag af andvirði stólsjarðanna, eður af leigunum af andvirðinu henni til viðurhalds, líkt og stiptisstjórnarnefndin stakk síðar upp á í bræfi 27. ágúst 1811 til kanselísisins; en kanselið synjaði þess í bræfi 6 (16?) febrúar 1813. Þess verður vel að gæta, að þessi uppástunga stiptisyfirvaldanna á

Íslandi og afstunga kanselfisins, er eigi styður synjunina á því, að eigandi Hóla sé skyldur til að halda kirkjunni uppi, sýna ljóslega að þetta hefir alls eigi gjört verið 1802, þá er Hólar voru seldir; þetta verður og sæð af vottorði sýslumanns um þingvitnaleiðslu í máli þessu 1826, er fylgir hér eptirrit af, nr. 3 a. og á því að boðnir voru 2040 rd. í Hóla, sem var næsta mikið í samanburði við kaupverð hinna annara Hólastólsjarða, og sem svarar meðalverði á 940 hndr. jörðum. Það er óhugsandi, að nokkur hefði viljað bjóða svona mikið í Hóla, og allra sízt jafnsæður maður og kaupandinn var, Stefán amtmaður Thórarensen, hefði minnsti grunnur á því legið, að eiganda Hóla væri skylt, að halda dómkirkjunni uppi um aldur og æfi á sinn eiginn kostnað. Það á eigi illa við, og er eigi þýðingarlaust, að minnast hér þess, að Skálholt var selt með öllum hinum mörgu og góðu rekaitökum dómkirkjunnar, er lágu hingað og þangað í Suðurumdæminu, að eins fyrir 407²/₃ rd.; en sá skildagi fylgdi líka, að kaupandi skyldi halda kirkjunni uppi á sinn kostnað, sem aðrir kirkjubændur. Næstum óskiljanlegt er það, að þeir menn, sem urðu fyrir sölunni á Hólum og Hólastólsjörðum, skyldu svo öldungis gleyma Hólakirkju, að þeir hvorki létu hana halda eignum sínum og ítökum, nè sáu henni borgið framvegis á nokkurn hátt, og mun það helzt að kenna uppástungu jarðamatsnefndarinnar, er einnig hafði sölu Hólastólsjarðanna með höndum til rentukammersins; en uppástunga þessi hljóðar þannig, eptir kanselibr. 6 (16?) febrúar 1813: »Þyrfti Hólakirkja *sérlega mikillar aðgjörðar við*, þá skyldi brjóta hana niður, með því að *hún lægi illa, og væri ofstór*, handa svo lítilli sókn, og reisa aðra kirkju mátulega stóra á Kálfsstöðum«. Annars sèst á kanselibrèfi þessu, er enn mun vera óprentað, að stjórnarráðin hafa að vísu ætlazt svo til, að eigendum Hóla yrði fyrst um sinn gjört að skyldu að *viðhalda* kirkjunni, og skyldu þeir í staðinn óhultir halda rekum þeim öllum, er dómkirkjan sjálf hefði átt til forna; en jafnframt er þar af auðsætt, að stjórnarráðin álitu eiganda Hóla-jarðar eigi skylt að hafa sjálfur kostnað fyrir mikilli aðgjörð og endurbygging á dómkirkjunni; því ef hún þyrfti þess við, ætti að brjóta hana niður, því hún lægi svo illa og væri of stór. Það sèst og enn á brèfi stiptamtmanns 3. ágúst og brèfi byskups 18. júní 1814 til kanselfisins, og eins á tveim brèfum frá kanselfinu aptur, dagsettum 15. okt. 1814, að fram til þessa tíma hafa menn

verið að hugsa um að taka Hólakirkju af, sem upp á var stungið, og eigi orðið útkljáð.

Af þessu hlýtur það að vera sprottið, að stjórnin lét það farast fyrir, að leggja þeim, sem keypti Hóla, nokkra skyldu á herðar við dómkirkjuna, og að skila eiganda jarðarinnar kirkjunni með portion sinni eptir reikningi, kirkjuskrúða og áhöldum, rekaitökum o. s. frv., heldur hafði stjórnin á hendi 6 ár hin næstu yfirstjórn kirkjunnar og fjárhald hennar, með því hún fól hinum sama manni fjárhaldið á hendur, er hafði fengið það 1784, síra Þorkatli Ólafssyni, er þá var dómkirkjuprestur, en varð síðan stíptprófastur í Hólabyskupsdæmi. Af úttekt þeirri, er gjörð var 1. október s. á. og hér fylgir með eptirrit nr. 4 a, sèst, að dómkirkjan átti þá í portion 114 hndr. 24 áln. og 196 rd. 54 sk. í krónum, sem verður eptir landauraverði þess, er hndr. var á 5 rd. kúr- ant, og eptir kúrants-og krónureikningi hér um bil alls 700 rd. (sbr. úttektina 3. maí 1808, nr. 4 b, samfast við nr. 4 a 6 bls); en eptir peningaverði landaura nú á tímum, þá verða 114 hnd. 24 áln. í gjaldgengum aurum eður jörðu að minnstakosti 2850 rd. Hefði nú verið sèð um að geyma þessa portion og ávaxta hana fyrir kirkjuna í tíma, þá er víst um það, að hún hefði getað orðið að álitlegri innstæðu, er þá hefði mátt geyma, þar til gjöra þurfti mikið við kirkjuna. En því fór svo fjærri, að sèð væri um þetta, að síra Þorkell Ólafsson var látinn halda allri portioninni ábyrgðar- laust og leigulaust, og þó jafnframt vera fjárhaldsmaður kirkjunnar þar til 1808, þá er héraðsprófastur að byskups boði, dagsettu 31. marz 1808 tók út Hólakirkju 3. maí s. á., er hér fylgir eptirrit af nr. 4 b (samfast við nr. 4 a.). Úttekt þessi sýnir, að kirkjan var þá orðin næsta hrörleg, og kirkjuskrúð og áhöld fornfáleg, og sumt vantaði, að fjárhaldsmaður kirkjunnar hafði eigi gjört, og fékkst heldur eigi til að gjöra nokkurn reikning eður reiðu fyrir nokkrum tekjum og gjöldum kirkjunnar 8 ár frá fardögum 1800 til fardaga 1808; að Hólakirkja hafði þau 16 ár frá 1784 til 1800 safnað saman 123 rd. 30 sk. kúrants (sbr fylgiskjal nr. 4 b 6. bls.) auk þeirra 114 hndr. 24 áln. og 196 rd. 54 sk. í krónum, eður hér um bil 700 kúrantdala, sem kirkjan átti í portion 1784, þá er síra Þorkell tók við henni, svo að fjárhaldsmaður stjórnarinnar fyrir Hólakirkju, eður réttara sagt, stjórnin sjálf, hefði átt, þá er prest- ur fór frá, að standa skil á 114 hndr. 24. áln., 196 rd. 54 sk. í krónum, og 123 rd. 30 sk. kúrants (auk portionarinnar þau 8 ár

frá 1800 til 1808), eður í minnsta lagi 823 kúrantdölum. Úttektargjörð þessi sýnir enn fremur, að síra Þorkell var svo fátækur (hann var þá kominn um sjötugt; hann deyði 29. janúar 1820, 82 ára gamall), að hann átti eigi annað fyrir portionsskuldinni en hálf Hraun í Slöttuhlíð, 3 hnd. 60 áln. að dýrleika, og virt eptir peningaverði á þeim tíma á 15 rd. 90 sk. kúrants, og nokkrar bækur frá Hólaprentsmiðjunni, sem bæði voru orðnar fúnar og vantaði í, svo þeim varð eigi komið út, og kirkjunni var heldur engin eign í þeim. Þess má annars geta, að í úttektargjörðinni segir, að síra Þorkell hafi sagt, þó hann hafi að vísu eigi sannað það, að skinnavara sú, er látin var upp í portionina 1784, og nam alls 13 hndr. 44 áln. (sbr. nr. 4 a bls. 2), hafi verið seld með öðrum búsafléifum staðarins, þá er Hólajarðirnar voru seldar, svo að andvirðið hefir runnið ásamt hinu inn í ríkissjóðinn. Það var og öll vorkunn, þótt prestur, sem annars var virðingaverður maður, gripi til kirkjuportionarinnar, sem hann hafði undir höndum, til þess að halda í sér lífinu, af því stjórninni fórst svo yfirburða naumingjalega við hann. Hann var kvaddur til að vera dómkirkjuprestur til Hóla um haustið 1769, og fór hann þangað um vorið 1770; síðan varð hann héraðsprófastur í Skagafjarðarsýslu 15 vetur, og var tvisvar settur stiptisprófastur milli byskupa. Auk presttekjanna af sókninni, sem er lítil og fámenn, hafði hann að eins 60 speiur í laun árlega, og 24 speiur fyrir fæði, eptir skilnaðarskránni 1767, og í reglug. 1. maí 1789 voru honum veittir 100 kúrantsdalir árlega í kaup, og fyrir fæði af tekjum Hólastóls. En er Hólajarðirnar voru seldar 1802, þá missti síra Þorkell laun sín, og varð að lifa launalaus í samfleytt 14 ár eða þar til um haustið 1816, er byskup lét hann vita, að hann fengi 50 rd. í eptirlaun árlega, og þar að auki mun hann hafa fengið borgað talsvert fê upp í embættislaun sín 14 ár að undan fögnu. Tveim árum síðar, eður 1818, mun hann hafa fengið í viðbót 100 rd. í eptirlaun, en hitt vita menn eigi, hvort stjórnin hafi heimtað af honum nokkuð upp í skuld þá, er hann var kominn í við kirkjuna og fyrr er getið.

Með því nú að það var í föstu ráði, undir eins og Hólar voru seldir, og svo næsta ár þar á eptir, að aftaka Hólakirkju; og með því kirkjan var eigi reglulega seld í hendur kaupanda jarðarinnar, þá leiddi þar af, að sjálfsögðu, að hvorki hann né hinir næstu eigendur Hóla, hafi neinar hvatir né tilefni fundið til þess, að

heimta kirkjuportionina, sem búið var að eyða, eður þá prentsmiðjuna, sem búið var að taka frá kirkjunni, eða þá að helga kirkjunni reka-ítök hennar o. s. frv. Þó má þess geta, að eigandi Hóla beiddi stjórnina í bréfi 1. marz 1809, að kirkjan næði að halda öllum reka-ítökum sínum ó-átöldum. Svo er að sjá sem stiptisstjórnarnefndin hafi mælt fram með bæninni, og jafnframt stungið upp á, að lagðir væru 50 rd. ár hvert úr ríkissjóði til uppihalds kirkjunni, eins og áður hafði verið gjört í skilnaðarskránni 1767, og reglugjörð 1. maí 1789. Þessari grein í bónarbréfinu svaraði kanselið í bréfi sínu 6 (16?) febr. 1813; en hinu um reka-ítökin svaraði kanselið eigi fyrr en í bréfi 14. október 1814, þegar það var búið að fá álit stiptamtmanns 3. ágúst, og byskups 18. júní 1814, og segir svo í bréfi kanseliisins: »að um reka-ítökin skuli fara sem lög standa til«. Annars má og geta þess, að í 4. kafla í bréfi Steingríms byskups Jónssonar til amtmannsins fyrir norðan dags. 28. nóvemb. 1825 segir svo: að það sé beinlínis *stungið upp á því*, í álitsskjali Geirs byskups til kanseliisins 18. júní 1814, að Hólakirkja *skyldi standa þar, sem hún nú stæði*, og eigendur Hóla skyldu kosta sjálfir viðgjörð á henni, en í þess stað skyldu þeir (eigendurnir) njóta ágóðans af rekum hennar (kirkjunnar), sem aðrir kirkjubændur, og standa engum þar á reikningsskap.

Hólakirkja fékk að vísu náð dálitlum rekaparti árin 1815—16. Það var hálfur reki víða og hvala «á Depli» í Skagafjarðarsýslu; en að öðru leyti var því eigi hreift, hver reka-ítök kirkjan ætti sem dómkirkja Hólastaðar, síðan kanselibréf 15. okt. 1814 vísaði kirkjunni til landslaga og réttar, eður til dóms og laga um þetta mál, þar til 1824—25, er Steingrímur byskup Jónsson skrifaði amtmanni fyrir norðan svo greinilega og röksamlega um þetta mál, og þó einkum í bréfi 28. nóvemb. 1825, og fyrir góðar undirtektir amtmanns vannst þó svo mikið á, að aptur náðust undir dómkirkjuna 8 reka-ítök fyrir annars landi norður í Þingeyjarþingi, eptir máldögum kirkjunnar, og ágóðinn af reka-ítökum þessum árin 1806—1826, það er að segja af trjáreka, því þessi 20 ár *rak* engan hval samtals 38 rd. 18 sk. í bréþpeningum (Repræsentativer) var 1826 fenginn í hendur eiganda Hóla, sem nú er; var hann þá nýbúinn að kaupa jörðina, og tókst hann, eptir beiðni Steingríms byskups á yfirferð hans 1826, fjárhald kirkjunnar á hendur. Var þá portion kirkjunnar að eins 28 rd. 81 sk. vöruverðs, eður 19 rd. 46 sk.

silfurs, auk þeirra 38 rd. 18 sk. og 3 hndr 90 álu. í Hraunslandi í Sléttuhlíð, sem áður er um getið; en kirkjan sjálf var þá mjög hrörleg og fornfáleg.

Síðan var viðarreki á þessum 8 reka-ítökum Hólakirkju í Þingeyjarþingi seldur eptir leyfisbréfi 7. marz 1853, og andvirðinu komið á vöxtu fyrir kirkjuna. En þótt þeir Steingrímur byskup og Grímur amtmaður kæmu fram með gildar ástæður, þá vannst þó ekkert á með þau reka-ítök Hólakirkju, er lágu í Skagafjarðar- og Húnavatnssýslu, er flest lágu fyrir landi þeirra jarða, er byskupsstóllinn og dómkirkjan höfðu átt saman. Síðar hefir að nokkru leyti verið skorið úr eignaprætu þessara reka-ítaka. Árið 1838 rak hval á Höfðafjöru, þar sem máldagarnir og önnur heimildarskjöl frá 14. öld eigna dómkirkjunni reka-ítak. Eigandi Hóla höfðaði því mál, og stóð það mál yfir frá því 1838 til 1844. Hólakirkju var dæmdur hvalurinn, og reka-ítak það, sem um var að ræða, í landsýfir-dóminum 28. júní 1841; en í hæstaréttardómi 14. maí 1844 var dæmdur af henni hvalurinn. Ástæðu fyrir þessum dómi hæstaréttar þekkja menn reyndar eigi, nema hvað ráða má af kanselíbréfi 16. des. 1845 til bæjarstjórnarinnar í Kaupmannahöfn, er fylgiskjal nr. 5 er eptirrit af, að hæstarétti hafi þótt, að í mál-sókninni hafi eigi verið sönnuð sú krafa (þ. e. af hálfu kirkjunnar) að Hólakirkja hefði átt reka-ítök fyrir Höfðalandi; en Höfði var seldur 1802 með öðrum Hólajörðum, án þess að nokkurt reka-ítak væri undan skilið. Nú með því dómkirkjan átti reka-ítök fyrir landi svo margra annara Hólastólsjarða, heldur en þetta, sem hér ræðir um fyrir Höfðalandi; en þessi reka-ítök hafði dómkirkjan eignast eptir sérstökum eldri heimildarskjölum, og fyrri heldur en jarðirnar sjálfar, þar sem ítök þessi lágu fyrir landinu, og það gleymdist, eður því var sleppt, eigi síður við sölu þessara hinna jarðanna, en þá Höfði var seldur, að áskilja dómkirkjunni reka-ítökin, og það þó að í tveimur hinum helztu jarðabókum, jarðabók Árna Magnússonar 1702 og Skúla Magnússonar 1760 sé tekið fram með skýrum orðum við Hóla (sbr eptirrit nr. 3 b.), að rekar og *reka-ítök* staðarins og *dómkirkjunnar, sèu talin upp í máldögum þeirra*», þá er það næsta líklegt og mjög hætt við, ef höfðað væri mál um reka-ítök dómkirkjunnar fyrir landi einhverrar annarar Hólastólsjarðar, að hlaupið yrði í það, að rekinn eður reka-ítakið hefði eigi verið áskilið kirkjunni, þá er jörðin var seld, líkt og gjört er í hæstaréttardómi þeim, er fyrr var nefndur, og sem varn-

araðili mundi skýrskota til, kirkjunni til ógagns. Að öllum líkindum hefir þá Hólakirkja misst öll reka-ítök sín í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu, sem að minnsta kosti er helmingur af öllum rekum hennar eptir máldögunum, og það einungis vegna þess, að sölunefndarmennirnir gættu eigi að áskilja kirkjunni reka sína alla eptir jarðabókunum og máldögunum við hverja einstaka jörð, þá er hún var seld. Nú er eigi svo gott úr því að ráða, hvort þessi gleymaska, að áskilja kirkjunni reka-ítök sín, hafi komið af skeytingarleysi sölunefndarmannanna, eður af þekkingarleysi þeirra á því, hvernig á stóð, þótt beinast liggi við að ætla, að það hafi komið af þekkingarleysi, þegar litið er til þess, að þeir áskildu eigi kirkjunni reka-ítök sín í Þingeyjarþingi, eður hvernig þeir hafa gleymt mörgu öðru við sölu stólsjarðanna, t. a. m., að láta dómkirkjuprestinn, sem þá var enn á lífi, fá nokkuð fyrir tekjur af jörðum þeim, er honum voru ánafnaðar í laun að lögum, sem fyrr segir, eður að greiða ýmsum brauðum í Hólabyskupsdæmi fulla borgun fyrir tekjur þær, er þau áður höfðu af stólsjörðunum, er þó eigi var gjört fyrr en 1842. Það verður heldur eigi með meiri röksemdum sagt, að það hafi verið ásetningur nefndarmanna, að gleyma réttindum Hólakirkju, svo sem vegna þess, að Hólakirkju ætti að aftaka, og hún þyrfti því eigi á reka-ítökum sínum að halda, eður þá vegna hins, að jarðirnar mundu hlaupa meira á uppboðsþinginu, ef kirkjunni væri eigi áskilin reka-ítök sín. En vist er um það, að jarðirnar hafa hlotið að hlaupa meira, af því að reka-ítökin voru eigi undan skilin, og því er það vafalaust, að andvirði fyrir reka-ítök Hólakirkju hafa, ásamt með kaupverði jarðanna, runnið inn í ríkissjóðinn, og er ríkissjóðnum því skylt að endurgjalda kirkjunni þann halla, er hún hefir beðið af opinberri ráðstöfun, hvort sem það nú er sprottið af skeytingarleysi eður ásetningi.

Hólakirkja hefir enn sömu stærð, og er með sama lagi, sem hún var, þá er hún var gjör 1757—1763. Síðan Hólakirkja missti dómkirkjunafnið 1802, hefir hún verið aðalkirkja í staðarbrauði; en þó varð hún það eigi statt og stöðugt, fyrr en hún var gjörð það 1814 eptir undirlagi stiptsýfirvaldanna, og að boðum stjórnarráðanna.

Stjórnin hafði eflaust fulla heimild til að ákveða, «að kirkjan skyldi vera þar, sem hún stæði», hvort sem hún svo var látin halda stærð sinni, eður minnkuð svo sem hæfði söfnuðinum, en

hitt verður eigi álitíð rétt, er byskup fór fram á í bréfi sínu til kanselisins 18. júní 1814, að eigandi Hóla skyldi á sinn kostnað, gjöra við kirkjuna, hvort sem hún þyrfti lítillar eður mikillar viðgjörðar við; enda er eigi minnst á uppástungu þessa einu orði í bréfi kanselisins 15. okt. 1814. Kaupanda Hóla var eigi lögð nein skylda á herðar til að halda kirkjunni uppi, hvorki þeirri, sem þá var, eður annari minni þegar Hólar voru seldir. Stjórnin eður erindsrekar hennar seldu Hóla, án þess að áskilja kirkjunni hinn minnsta rétt, og eigi svo mikið sem rétt til að standa kyrr á Hólum, hvað þá heldur að kaupandi ætti að annast kirkjuna í nokkru, heldur seldu þeir og förguðu sumum reka-ítökum og hlunnindum kirkjunnar, eins og 3 árum áður var með prentsmiðjuna, gleymdu að skila eiganda Hólakirkjunni, en létu prestinn hafa fjárhald hennar á hendi langan tíma, án þess að gjöra á nokkra breytingu, eður hafa nokkurt tillit með því, að kirkjan missti einskis í fremur en áður var, og einmitt þess vegna missti kirkjan portion sína. Stjórnarráðin álitu í bréfi sínu 6 (16?) febrúar 1813, að eigandi Hóla væri skyldur til, að halda kirkjunni uppi fyrst um sinn, en eigi um aldur og æfi, og heldur eigi skyldi hann vera skyldur að gjöra kirkjuna að nýju, því ef þyrfti að taka hana, þá átti að brjóta hana niður, og gjöra aðra minni kirkju á Kálfsstöðum. Þegar nú er búið að skerða svona og rýra réttindi Hólakirkju, sem nú er sagt, þá er eigi líklegt, að yfirstjórnendur kirkjunnar geti lagt eiganda hennar svo þunga byrði á herðar, að halda uppi nokkurri kirkju á sinn kostnað, hvað þá heldur jafnstórri kirkju sem hin forna dómkirkja er, eður yfir það fram, sem hin litlu efni kirkjunnar hrökkva til.

Ákvæði og úrskurður stjórnarinnar um Hólakirkju og efni hennar nú á hinum síðustu tímum, virðist að telja það sjálfsagt, að eigandi Hóla *se eigi kirkjudrottinn*, og að eigi liggi því á honum þær sömu skyldur við Hólakirkju, sem aðrir kirkjudrotnar hafa við sínar kirkjur; en skyldur þessar eru, eins og áður er sagt, almennt sprottnar af því, að kirkjan á æfinlega nokkuð í heimalandi, og þar að auki optast aðrar jarðir, sem að fornu hafa verið skeyttar til kirkjunnar; tekur kirkjubóndi allar landskuldir af kirkjujörðunum til sín, og leigur með, nema prestsmötuna, en þarf eigi að standa kirkjunni skil á því neinu; svo eiga og kirkjur opt ýms hlunnindi og ítök, svo sem reka-ítök, eins og áður er sagt, og tekur kirkjubóndi allan ágóðan af þeim í sinn sjóð, en eigi

rennur einn skildingur af því í portion kirkjunnar. En þá er Hólastaður og Hólajarðir voru seldar, var kirkjunni eigi áskilinn neinn hluti heimajarðarinnar, hvorki með berum orðum, nè heldur á þann hátt, að eiganda Hólastaðar væri gjört að skyldu, að halda kirkju uppi, eður þá lagt væri til hennar svo mikið sem eitt hundrað í nokkurri annari jörðu, af öllum þeim jörðum, er Hóla stóll og dómkirkjan áður áttu, í notum þess, er kirkjunni var á-nafnað í skilnaðarskránni 1767, og reglugjörð 1789. Af þessu er auðsætt, að Hólakirkja hefir eigi verið látin halda nokkurri þeirri eign eður ítaki, er veiti eiganda nokkur þau hlunnindi, að honum í þess stað sè skylt, að halda kirkjunni uppi á sinn kostnað.

Reyndar hefir byskupinn yfir Íslandi í bræfi sínu til kanseliis-ins 18. júní 1814, sem fyrr er getið, farið því á flot, að eiganda Hólakirkju væri gjört að skyldu, að halda kirkjunni uppi, en að hann nyti þá aptur ágóðans af rekunum og öðrum hlunnindum, *«sem aðrir kirkjubændur, án þess að gjöra kirkjunni nokkra grein fyrir því»*; en þegar kirkjan náði aptur reka-ítökum sínum í Þingeyjarþingi, árin 1825 og 1826, þá voru þeir Steingrímur byskup og Grímur amtmaður báðir fastir á því, að kirkjan nyti ágóðans af þeim, og það væri talið í portioninni með tekjum hennar, sem þó er gagnstætt allri landsvenju hér um bændakirkju, og hinu sama er farið fram í leyfisbræfi 7. marz 1853 til að selja reka-ítökin. Hið sama var og tekið fram í kanselibræfi af 4. nóvemb. 1847, er leyfði að selja hálf Hraun í Sléttuhlíð, með því að þar segir, að andvirðinu skuli komið á vöxtu handa kirkjunni; enda lá það miklu nær en með reka-ítökin, af því að jarðarpartur þessi var látinn upp í skuld til kirkjunnar, eða var því nær allt það, er hún fekk fyrir portion sína.

Að lyktum fylgir hér með staðfest eptirrit (tölul. 6), af skoðunargjörð prófasts á Hólakirkju 19. nóvemb. 1860, er lýsir nákvæmlega stærð og lögun kirkju þessarar utan og innan, hversu miklar og kostnaðarsamar viðgjörðir eigandi hennar, sem nú er, hefir gjöra látið, og þó einkum 1832, og hversu kappsamlegan áhuga hann hefir sýnt á því að prýða hana; hversu hann hefir gætt þess, að hið litla fè ávaxtist kirkjunni, er hún fekk fyrir reka-ítökin og hálf Hraun í Sléttuhlíð; skoðunargjörðin lýsir og því, að Hólakirkja, sem nú er orðin 100 ára gömul, muni áður en langt um liður, þurfa fullkominnar viðgjörðar við, er sjálfsagt muni kosta

nokkrar þúsundir dala, ef tilganginum skyldi náð, og kirkjan halda stærð sinni og fagra lagi.

Af því, sem nú er sagt mun öllum ljóst, að eiganda Hóla sé eigi skylt að halda uppi kirkjunni, sem nú er aðalkirkja í staðarbrauði, nè reisa hana að nýju, að minnsta kosti eigi yfir það fram er kirkjan á í sjóði, og árstekjur hennar hrökkva til, sem er sára lítið. Það er nú því um það að gjöra, hvort hin gamla og veglega dómkirkja, þetta helga minningarmark eptir annað af þeim tveim ríku byskupsdæmum á Íslandi, og eptir hina beztu og gjafmildustu konunga vora við Ísland, og stjórn þeirra, skyldi brotin niður, en önnur langt um minni sveitakirkja reist í staðinn, svo sem hæfði lítilli sókn, og það einungis fyrir þá sök, að stjórnin í svo mörgum greinum fremur hrapaði að því, að láta selja jarðir Hólastóls og Hólakirkju, og gleymdi þá að leggja til kirkjunnar hæfilegan hluta af þeim, henni til viðurhalds framvegis, eður að áskilja henni rétt sinn til að fá nokkuð af andvirði jarðanna, svo og það, að stjórnin leyfði, að kirkjan var svipt dýrmætri eign sinni prentsmiðjunni, án nokkurs endurgjalds eður uppbótar, og eins hitt, sem er næstum óskiljanlegt, að hún hirti eigi um, að láta kirkjuna halda portion sinni óskertri, eptir því sem reikningar hennar stóðu til, nè öðrum hlunnindum sínum og ítökum, svo sem reka-ítökum, og s. frv.

Áður en eg skil við þetta mál, verð eg að geta þess, að líkt athugaleysi eður hirðuleysi um annara réttindi, kom fram við sölu Hólajarðar, og get eg þessa einkum fyrir þá sök, að stjórnin varð svo drengilega við beiðanda umkvörtunum, þótt eigi væri fyrr en 40 árum síðar, og kannaðist við það, sem rangt hafði verið gjórt. Svo er mál með vexti, að nokkur brauð í Hólabyskupsdæmi höfðu fyrrum verið bætt á þann hátt, að prestunum var lögð mata, optast í smjöri af jörðum Hólastóls og dómkirkjunnar, og staðarprestinum, er líka var prestur í Hólasókn, voru veitt föst laun, sem fyrr er sagt. Einskis þessa var gætt, fremur en réttinda Hólakirkju í fátí því og flaustri, er var við jarðasöluna, því að enginn réttur var áskilinn nokkru brauði. Hinn há-aldraði prestur á Hólabrauðinu fékk að vísu eptirlaun, en þó eigi fyrr en 1816, og hlaut því að lifa við sult og seyru allan þenna tíma, er hann fékk eigi lögboðin laun sín. En svo var það 1842, að stjórnin veitti prestunum jafnvirði prestsmötunnar ár hvert framvegis, og greiddi þeim

úr rikissjóði fullar bætur fyrir það, er þeir höfðu í misst um undan farinn 40 ára tíma.

Í trausti þess, að stjórn vors milda konungs muni sýna hið sama veglyndi við Hólakirkju, er hefir engu vafasamari eða minni rétt til uppihalds sér af andvirði Hólajarða, en brauðin höfðu til prestsmötunnar, er það, að eigandi Hóla, sem er hinn fjórði eigandinn síðan jórðin var seld, og hinn eini af þeim öllum, er hefir kostað og gjört nokkuð til að halda kirkjunni uppi, að ávinna henni forn réttindi sín, - og að gæta þeirra, dirflst fyrir mína milligöngu að fram bera með lotningu þessa beiðni sína. Það má telja sjálfsagt, að stjórnin vilji eigi láta hina gömlu kirkju hjálparlausa og falla í rústir, til þess að komast hjá litlu gjaldi úr rikissjóðnum; enda mundi það vera hverjum góðum Íslendingi móti skapi, ef svo færi, og kynni það því að vera gott ráð, að bera þetta mál upp á alþingi til álita, einkum ef það fengi meira vald en það nú hefir yfir fjárhagsmálum landsins.

Ef nú stjórnin viðurkennir, að Hólakirkja eigi rétt á að vera haldið uppi, sem telja má sjálfsagt, þá eru tveir vegir fyrir hendi annar er sá, að hið opinbera taki sjálft við kirkjunni með skruði hennar og áhöldum, portion hennar og ítökum öllum, og að henni verði svo stjórnað og haldið uppi á opinberan kostnað, eður þá að kirkjunni, eður eiganda Hóla fyrir hönd kirkjunnar sé veitt:

1. Hæflegt endurgjald fyrir prentsmiðjuna, annaðhvort af tekjum prentsmiðju landsins, eður úr rikissjóði.

2. Fullar bætur fyrir portion kirkjunnar, er safnað var til frá því 1784 til 1808, en jafnframt eytt, án þess að eiganda væri í nokkru um það að kenna.

3. Þeir 50 rd., sem í skilnaðarskránni 1767 og reglugjörð 1. maí 1789 voru lagðir til kirkjunnar ár hvert, bæði frá því 1802, til þessa dags og árlega framvegis; en eiganda Hóla verði þá gjört að skyldu, að taka við kirkjunni, og halda henni framvegis uppi eins og hún er nú, svo og gjöra hana að nýju á sinn kostnað, þegar þess þarf við.

Nú er eg sendi þessa uppástungu til hinna háu stiptsýfirvalda leyfi eg mër þá auðmjúku bæn, að þau sendi hana til hlutaðeig-

andi stjórnarherra, eða konungs, ef þau geta, með næstu póstskeipsferð, og mæli sjálf fram með henni vel og kröptuglega.

Reykjavík, 12. febrúar 1862.

með lotningu

Jón Guðmundsson.

UPPÁSTUNGA

Þingmanns Borgfirðinga um ferðastyrk úr jafnaðarsjóði handa búfróðum mönnum.

Það er almennt játað í ræðum sem ritum, að hin mesta nauðsyn sé á, að endurbæta landbúnað vorn. Eptir því, sem umhugsun manna hefur vaknað betur um þetta efni, og orðið ljósari, eptir því hafa uppástungurnar orðið fjölbreyttari, sem og náttúrlegt er. Auk þess, sem menn nú á þessari öld, líkt og á hinni næstliðnu, hafa bæði ritað um jarðyrkju, garðrækt og jarðabætur, og jafnframt lagt stund á þetta í ýmsum hærðum með meiri eður minni áhuga og heppni, þá hafa og landsmenn nú fyrir nokkrum árum aflað sér þekkingar á margs konar jarðrækt erlendis, og hafa þeir sýnt af sér meiri rögg í þeirri grein en nokkru sinni áður, svo að enda eru nú eigi svo fáir menn í landinu, er annaðhvort hafa sjálfir numið jarðræktarfræði erlendis, eður þá numið hana aptur af þessum jarðfróðu mönnum. Hinum heiðruðu alþingismönnum er og kunnug sú tilraun til að bæta landbúnaðinn, að stofna búnaðarskóla í amti hverju, og nú eru eptir áskorun amtmannsins fyrir norðan, víðast hvar á öllu Norðurlandi stofnuð búnaðarfélög í hverjum hrepp, og enda sýslufélög sumstaðar. En þrátt fyrir allar þessar lofsverðu tilraunir, þá vantar samt, að minni hyggju, einn merkilegan lið, sem er, að búfróðir menn séu sendir um kring til þess að skoða búnaðarástand manna, og jarðabætur þeirra, og aðrar tilraunir í búskaparefnum, að athuga jarðlagið og annað, sem að framförum í laudbúnaði lýtur, og að veita mönnum tilsögn og leiðbeiningu í þeim greinum búskaparins, er tiltækilegastar eru á hverjum stað eptir atvikum; þetta hefir tíðkað verið í Noregi, og hefir þar harla vel gefizt, og svo mun

og hær verða, sem og gefur að skilja, því með þessu móti geta menn bæði, aflað sér þekkingar á búnaðarháttum manna, og jarðlagi í hverri sveit, og svo eins útvegað bændum lifandi tilsögn í þeim búskaparefnum, er þeir kynnu að æskja sér, því þessir menn eru sem umfarandi skóli. Það er áður sagt, að þeir menn séu til hær á landi, sem álitast megi vel hæfir til þess starfa, en sem nú geta eigi látið töluvert gagn af sér leiða, af því að þeir eru kyrrir hver á sínum stað, og vinnusvið þeirra er því mjög takmarkað. Kostnað til þessa virðist mér sjálfsagt að taka ætti af landinu, því bæði er fyrirtækið alveg héraðslegt (localt) og svo er það samhljóða því, er afráðið var með bændaskólana. Að svo stöddu getur þá einungis verið umtalsmál um, hvort taka eigi þenna kostnað af jafnaðarsjóðunum, eður búnaðarsjóðum amtanna, og finnst mér þá óefað, að það hljóti að vera af jafnaðarsjóðunum. En af því, að jafnaðarsjóðirnir í Vestur- og Suðurlandinu eru engan veginn færir um, að á þeim sé þyngt að nokkrum mun, sízt á meðan þeir hafa eigi lokið skuldum sínum, þá hefir mér hugkvæmt, að stinga upp á því með fram, að þetta komist þó á einungis fyrir norðan. Eigi þori eg að stinga upp á meira tillagi, en allt að 200 rd. árlega.

Af þessum og öðrum ótöldum ástæðum leyfi eg mér að stinga upp á:

Að hið heiðraða alpingi taki þetta mál til meðferðar, og riti hans hátign konungi vorum þegnlega bænarskrá þess efnis, að hann vilji svo fyrir skipa, að af hvers amts jafnaðarsjóði megi, eptir nákvæmri ráðstöfun amtmanns, verja allt að 200 ríkisdala ár hvert til sendiferða búfróðra manna í ömtunum, eður þá að þetta leyfi fáiast að eins fyrir norðurlandið.

Reykjavík, 12. júlí 1865.

Arnþóttur Ólafsson.

Visað til nefndarinnar í landbúnaðarmálinu.

ÁLITSKJAL

til konungs í málinu: Konunglegt frumvarp um að ferma og afferma gufuskip á sunnudögum og öðrum helgidögum. (Sbr. bls. 227).

Fulltrúi yðar konunglegu Hátignar lagði fram fyrir þing þetta frumvarp til opins bréfs fyrir Ísland, er leyfir að afferma og ferma gufuskip á sunnudögum og öðrum helgum dögum. Þingið kaus 3 manna nefnd til að rannsaka málið, ræddi það síðan á lögskipaðan hátt, og skal nú allraþegnsamlegast leyfa sér að segja álit sitt um það.

Þingið álitur þá fyrst og fremst, að löggjöf hvers lands eigi sem mest verður, að vera sniðin eptir hugsunarhætti og þörfum þeirra manna, er þar búa; en sé þetta rétt, þá leiðir þar af aptur beinlínis, að forðast ætti að breyta lögunum, meðan hugsunarháttur þjóðarinnar er óbreyttur, eður meðan þarfirnar eigi gjöra breytinguna nauðsynlega; einkum álitur þingið, að þetta gildi um öll þau lög, er gefin eru til að viðhalda og efla virðingu fyrir opinberri guðsdýrkun og fyrir helgi hvíldardagsins. Hvað nú snertir hin nýju helgidagalög hér á landi, þá mun mönnum hér almennt finnast, að þau í ýmsu tilliti séu heldur lín en of ströng, og því álitur þingið, að það sé gagnstætt hugsunarhætti þjóðarinnar, að þau séu í nokkru línuð án brýnustu nauðsynja, en þingið fær engan veginn séð, að nokkur brýn nauðsyn beri til þess, að koma hér á breytingu þeirri, sem frumvarpið fer fram á, því hingað til landsins koma nú engin gufuskip með farmi eður til að sækja farma, nema póstskipið eitt, og þingið verður að álíta það með öllu nauðsynjalaust, að fara sökum þessa eina gufuskips að undan þiggja öll gufuskip hinu almenna lagaboði. Að vísu vill þingið eigi efast um, að fleiri gufuskip fari að koma hingað með tímanum með farma eður til að sækja þá, en þingið getur eigi fundið, að í þessu liggi næg ástæða til að fara nú þegar að gefa lög fyrir slík ókomin tilfelli. Auk þessa eru það víst fleiri skip en gufuskip, er opt geta haft mikinn óhagnað af, að ferð þeirra sé tálmað, og þingið fær þá eigi séð, hvers vegna þeim, er svo á stendur, ætti að gjörast erfiðara fyrir, en öllum gufuskipum yfir höfuð. Þar eð nú þingið þannig af framanskriðuðum ástæðum verður að álíta, að breyting sú, sem frumvarpið fer fram á að gjörð sé á helgidagahalds lögum þessa lands, bæði yrði mjög óalþýðleg, og

líka beri enga brýna nauðsyn til hennar, þá leyfir það sér allra þegnsamlegast, með 17 atkvæðum gegn 8, að heiðast þess, að frumvarpið eigi komi út sem lög.

Reykjavík, 18. júlí. 1865.

Allraþegnsamlegast

Jón Sigurðsson. Jón Pétursson.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu: Konunglegt frumvarp til tilskipunar, er nákvæmar ákveður ýmislegt viðvíkjandi prestaköllum á Íslandi. (Sbr. bls. 262).

-
1. *Eiríkur Kuld og Stefán Jónsson*: Í 1. grein í staðinn fyrir orðin: «og allramildilegast staðfest» komi: «en sú brauðamatsgjörð skal endurskoðuð á hverjum 15 ára fresti og síðan allramildilegast staðfest». Samþ. með 17 atkv. gegn 4.
 2. 1. gr. frumvarpsins óbreytt eða með breytingu. Samþ. með 21 atkv.
 3. *Halldór Kr. Friðriksson*: að orðunum: «sem eptir brauðamatsgjörðinni 8, Garðar á Álptanesi» verði sleppt úr. Fellt með 15 atkv. gegn 4.
 4. *Eiríkur Kuld*: Upphafið á 2. grein: «Aðalbrauðin veitir H. H. konungurinn, en» falli burt, en eptir orðin «heyra til» sé bætt inn: «fyrsta». Fellt með nafnakalli með 16 atkv. gegn 7.
 5. 2. gr. frumvarpsins óbreytt eða með breytingu. Samþ. með 21 atkv.
 6. 3. gr. frumvarpsins óbreytt. Samþ. í einu hljóði.
 7. *Jón Pétursson*: Eptir orðin í 4. gr.: «sem þær eru goldnar með» bætist: «lögum samkvæmt». Samþ. með 14 atkv.
 8. *Nefndin*: í stað orðanna í 4. gr. í síðara lið: «verðlagsskráar verði á sérhverjum þeim eyri, sem gjaldendur greiða í tekjurnar» verði sett: «meðalverði allra meðalverða í hvers árs verðlagsskrá». Fellt með 11 atkv. gegn 11; 9., 10. og 11 töluliðir þar með fallnir.
 9. *Sama*: í stað orðanna í sömu grein: «nákvæman reikning» verði sett: «skýrsla».

10. *Sama*: Orðin í sömu grein: «og tilgreina hans hluta af þeim», falli burt.
11. *Sama*: Í stað orðanna í sömu grein: «reikningurinn um tekjurnar» verði sett: «skýrslan um tekjurnar» og «rèttur» breytist í «rètt».
12. 4. gr. frumvarpsins óbreytt eða með breytingu. Samþ. í einu hljóði.
13. *Jón Pétursson*: Eptir orðin í upphafi 5. greinar: «Í eptirlaun presta-ekkna» verði bætt inn í: «bæði eptir þá presta, sem deyja meðan þeir þjóna brauði, og líka eptir uppgjafapresta, ef þær voru þeim giptar meðan þeir þjónuðu brauðinu». Samþ. með 17 atkv.
14. *Eiríkur Kuld*: Eptir orðið «prestaekkna» í upphafi 5. greinar verði bætt: «sem rètt hafa til þeirra». Fallið við 13. tölul.
15. *Nefndin*: í stað orðanna í 5. gr. öðrum lið: «eptir samkomulagi við hana annaðhvort í skileyri» verði sett: «annaðhvort í skileyri, ef hún óskar þess» o. s. frv. Samþ. með 18 atkv.
16. *Eiríkur Kuld*: eptir orðin í 5. gr. 3. lið: «niðurjöfnun prófasts» verði bætt: «með ráði tveggja tilkvaddra presta, af hverjum annar ætíð sè viðkomandi sóknarprestur». Fellt með 15 atkv. gegn 6.
17. *Jón Pétursson*: orðin í 5. gr. 4. lið: «og presturinn eigi þarf að hafa til afnota fyrir sjálfan sig» falli burt. Samþ. með 14 atkv.
18. 5. gr. frumvarpsins óbreytt eða með breytingum. Samþ. með 21 atk.
19. 6. gr. frumvarpsins óbreytt. Samþ. í einu hljóði.
20. *Arnþjóttur Ólafsson*: Í 7. gr., í stað kaflans: «gefa af sèr 7 rd.» verði sett: «eru metin
150—350 rd. skulu greiddir $\frac{2}{3}$ sk. af hverjum dal.
350—500 — — — 1 — — — —
500—700 — — — $1\frac{1}{3}$ — — — —
700 og meira — — — $1\frac{2}{3}$ — — — —».
Samþ. með 14 atkv. gegn 7.
21. *Halldór Kr. Friðriksson*: orðin í 7. gr.: «eptir brauðamatsgjörðinni frá 1853» verði úr felld. Fallið við 20. tölulið.
22. *Sami*: Að tölunum í 7. gr. verði breytt þannig:
150—200 rd. skal greitt » rd. 48 sk.
200—250 — — — 1 — » —

250—300	—	—	—	1 rd.	48 sk.
300—350	—	—	—	2 —	» —
350—400	—	—	—	2 —	48 —
400—500	—	—	—	3 —	48 —
500—600	—	—	—	5 —	» —
600—700	—	—	—	7 —	» —
700 og þar fram yfir	10	—	»	—	—

Fallið við 20. tölulið.

23. *Jón Pálmason*: að orðin í 7. gr.: «700 og þar fram yfir» verði þannig breytt:
«700—800 . . . 7 rd.
800 og þar fram yfir 10 —».
Fallið við 20. tölulið.
24. 7. gr. frumvarpsins óbreytt eða með breytingum. Samþ. með 18 atkv.
25. *Nefndin*: í 8. gr. í stað orðanna: «1. dag janúarm. 18....» verði sett: «frá 6. degi júnimánaðar 1867». Samþ. með 21 atkv.
26. Frumvarpið í heild sinni óbreytt eða með á orðnum breytingum. Samþ. með 19 atkv. gegn 1.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um bænarskrá viðvikjandi forngripasafni í Reykjavík.
(Sbr bls. 234).

1. *Benedikt Sveinsson*: Breytingar- og viðauka-atkvæði við uppástungu nefndarinnar: Að fyrir aptan orðin: «úr ríkissjóði» verði bætt inn í: «fyrst um sinn og þangað til nákvæmar verður ákveðið um fjárhag Íslands». Samþ. með 11 atkv. gegn 4.
2. *Björn Pétursson*: eptir orðin «sem stjórnin» í uppástungu nefndarinnar verði sett: «felur stíptsyfirvöldunum nákvæmar að ákveða». Fellt með 14 atkv. gegn 2.
3. *Nefndin*: «Að alþingi riti konungi bænarskrá um, að honum vildi þóknast að veita 300 ríkisdali á ári úr ríkissjóði til eflingar forngripasafnsins hér í Reykjavík, og þóknunar umsjónar-

mönnum þess, eptir því, sem stjórnin nákvæmar ákvæði» (óbreytt eða með breytingum). Samþ. með 21 atkv.

4. Hvort rita skuli konungi bænarskrá samkvæmt því sem þingið hefir fallizt á. Samþ. í einu hljóði.

NEFNDARÁLIT

um gufuskipsferðir kring um strendur Íslands. (Sbr. bls. 64).

Til alþingis eru komnar að þessu sinni 5 bænarskrár, það er að skilja frá Þingeyjarsýslunum báðum, Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslum, og fundi að Kollabúðum, er allar fara fram á það, að alþingi ítreki þá bæn sína fyrir hans hátign konunginum, er það bar upp á hinu seinasta alþingi 1863, að gufuskipsferðum verði komið á kringum strendur Íslands. Lýsa allar þessar bænarskrár hinum mikla áhuga, er landsmenn hafa á þessu máli, sem líka má álíta eitt af hinum mestu velferðarmálum landsins, þar eð ekkert betra ráð verður fundið til þess, að bæta úr hinum miklu vandkvæðum og örðugleikum, sem eru á öllum samgöngum og milliflutningum hér á landi, og sem eðlilega fljóta af eðlisásigkomulagi þess, er gjörir hinum fáu og fátæku innbúum alveg um megn, að koma á þolanlegum vegum um landið.

Landsmönnum, er ritað hafa bænarskrár þessar, voru nú ekki kunnar hinar góðu undirtektir stjórnar vorrar undir þetta mál, eður það, að hún þegar hefir farið að semja við hið enska verzlunarhús Henderson & C um gufuskipaferðir þær, er hið síðasta þing bað um, og vissu ekki, að það voru sérstök atriði í þessum samningum, er hafa verið því til fyrirstöðu, að mál þetta yrði til lykta leitt, einkum það, að nefndu verzlunarhúsi ekki líkuðu áætlanir þær um kostnaðinn til þessara ferða, er komu fram með málinu frá hinu síðasta alþingi, og hafa því beiðendurnir ætlað, að fyrirstaðan gegn bænheyrslu hjá stjórninni í þessu efni mundi einkum koma af kostnaðinum, er hér af leiddi, og fara því flestar bænarskrárnar í þá stefnu, að þingið haldi fram við stjórnina þessari bæn landsmanna, en sýni þó um leið fram á, að þessu megi koma í kring með miklu minni tilkostnaði, en hið síðasta alþingi

stakk upp á, með því bæði að hafa skipið, er til ferðanna er haft, minna, en þingið gjörði ráð fyrir, og með því að fækka ferðunum kring um landið hér um bil um helming frá því, sem þá var stungið upp á, og ætla beiðendur, að milliferðir þær kring um landið, þótt ekki væru þær meiri en hér um ræðir, gætu orðið landinu til hinna mestu nota. Í nokkrum af bænarskránum er það líka tekið fram, að á meðan gufuskipið gangi kring um landið, geti menn sleppt póstgöngunum í landinu sjálfu, og unnið þannig upp nokkuð af tilkostnaðinum. Líka er þess óskað í sumum bænarskránum, að sjóforingi verði settur fyrir gufuskip það, er hér um ræðir, sem jafnframt geti haft eptirlit með fiskiveiðum útlendra þjóða.

Vér undirskrifaðir, er hið heiðraða þing hefir kosið í nefnd til að íhuga málefni þetta, verðum nú einhuga að vera á því, að þetta málefni, er beiðendur fara fram á, sè svo áriðandi, að þingið eigi af öllum kröptum að róa að því, að mál þetta fái sem allra fyrst framgang, og virðist oss bænarskrárnar innihalda verulegar uppástungur í þá átt, er gjöri stjórninni hægra fyrir að verða við þessari ósk landsmanna, þar sem þær benda á það úrræði, að hafa ferðirnar færri, og skipið, er til ferðanna væri haft, minna en ráð var fyrir gjört í áætlunum þeim, er fylgdu með tillögum hins síðasta alþingis, því vér ætlum líka, að með þessu yrði mikið gagn unnið fyrir landið, og að eðlileg aukning milliferðanna og milliflutninganna mundi seinna á hæfilegum tíma gjöra það að verkum, að ferðirnar fjölguðu, og til þeirra yrði haft annaðhvort stærra skip, eður fleiri smærri, eptir því sem þarfir landsins seinna meir sýndu að gæti borgað sig.

Aðaltilgangur þessara gufuskipsferða virðist oss nefndarmönnum ætti nú að vera sá, að létta flutninga fólks og farangurs þess milli fjærliggjandi héraða landsins, því torfærurnar á slíkum flutningum eru nú sem stendur svo miklar, að menn, sem flytja sig t. a. m. búferlum í fjarlæg hëruð, neyðast til að selja alla búslóð sína fyrir það, sem hún gengið getur á þeim stað, er þeir fara frá, og kaupa sèr aptur allt á ný þar, sem þeir flytja til, og liggur í augum uppi að af þessu flýtur, að þeir hvorki geta fengið eigur sínar hálfborgaðar á svipstundu, er þeir neyðast til að selja, og allt verður þeim fjarska dýrt og margt hvað ófáandi þar sem þeir flytja til, auk alls hins feykilega kostnaðar, er leiðir fyrir þá af því að ferðast langar leiðir landveg með fjölskyldu sína hér um land.

Annað atriði, er gjörir þessar gufuskipsferðir svo einkar nauð-

synlegar hér kringum landið, eru vöruflutningar kringum landið. Hinu heiðraða þingi og öllum innbúum þessa lands er það fullkunnugt, að engin innanlandsverzlun getur hér á komizt, eða orðið að neinu liði, nema með fjarskalegum kostnaði, sökum vegaleysis og vegalengdar, fyrr en ef slík ráðstöfun gæti á komizt, sem hér er ráð fyrir gjört, og það liggur í augum uppi, að gufuskipaferðir hafna á milli hér á landi, með nauðsynlegustu afurði landsins, kjöt og smjör, skreið og annað fiskifang og jarðepli, mundi vera hið einasta ráð til að setja hóflegt og sanngjarnt verð á þessar vöruhegundir í viðskiptum á milli landsmanna.

Líka viljum vèr leiða athygli þingsins að því, hvílikan lættir þessar hér um ræddu gufuskipsferðir gætu veitt öllum pósthlutningum hér um land, um þann hluta árs, sem skipið gæti gengið, með því að flytja póstsendingarnar frá öllum aðalhöfnum landsins til Reykjavíkur, og yrði þannig sneitt hjá öllum þeim kostnaði, er langferðir póstanna hafa í för með sér um meiri hluta ársins, þar sem póstgöngur þyrftu ekki með þessu móti að vera nema frá hinum einstöku hëruðum til þeirra hafna, þar sem gufuskipið kemur við á leið sinni.

Að endingu virðist oss líka, að hið heiðraða þing ætti að taka til greina þá uppástungu bænarskráarinnar, að fara þess á leit, að foringi úr sjóliði Dana verði á þessu skipi, og að skip þetta gefi gætur að fiskiveiðum útlendra, að svo miklu leyti er það gæti, og komi í veg fyrir óreglur þær er hljótast af því, er þeir gjörast of nærgöngulir.

Af framanskrifuðum ástæðum, og um leið og vèr vísum til hinna ýtarlegri skýringa um þetta mál, er finnst í skjölum þingsins um það í alþingistiðindunum 1863, ráðum vèr undirskrifaðir þinginu til að bera fyrir hans hátign konungiun bænarskrá um eptirfylgjandi atriði:

1. Að hið heiðraða alþingi beri þá allraþegnsamlegustu bæn fram fyrir hans hátign konung vorn, að hann bjóði stjórn sinni að annast um, að hæfilega stórt og hentugt gufuskip verði hið allra bráðasta fengið til að ganga sem póstskip umhverfis Ísland, allan þann hluta ársins sem fært er fyrir ísum og óveðrum.
2. Að skip þetta flytji ferðamenn, vörur og pósthæf milli allra helztu hafna á landinu, gegn fastákveðnu sanngjörnu verði.
3. Að yfir gufuskip það, er til þess verður haft, sè settur

- sjóforingi, sem hafi konunglegt umboð til að gæta þess jafnframt, að útlend fiskiskip veiði eigi í fiskhelgi landsins.
4. Að þessar innlendu gufuskipssferðir verði settar í náð og haganlegt samband við gufuskipssferðir milli Reykjavíkur og útlanda.

Reykjavík 15. júlí 1865.

Arnþjóður Ólafsson, Jón Sigurðsson. Stefán Jónsson.

formaður. *Sveinn Skúllason, Jón Hjaltalín.*

skrifari og framsögumaður.

UPPÁSTUNGA

hins 6. konungkjörna um að þingið riti konungi bænarskrá um að Reykjavík verði tekin upp í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða.

Eins og hinu heiðraða alþingi er kunnugt, lagði stjórnin fyrir alþingi 1863 frumvarp til tilskipunar um að taka hús í Reykjavík í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða. Þau urðu málalok þessa máls á þinginu, eins og sjá má í alþingistiðindunum 1863, fyrri parti, bls. 147, að þingið beiddist þess í einu hljóði, að hans háttign allramildlegast vildi veita frumvarpinu með nokkrum smábreytingum lagagildi frá 1. degi aprílm. 1864. Nú þótti Reykvíkingum það víst, að allar tálmanir mundu úr vegi ruddar fyrir þessu máli, sem svo er áriðandi fyrir framfarir bæjarins, og máli þeirra væri komið í gott horf; en vonir þeirra brugðust. Frumvarpið var lagt fyrir ríkisþing Dana nú í vetur, en nefnd sú, sem sett var í málinu, ræð frá, að gjöra frumvarpið að lögum, sökum þess að ríkisþingið hefði eigi þær skýrslur í höndum, sem því þótti þurfa, um húsin hér í Reykjavík og annað, sem að þessu máli lyti, og fæll svo málið niður, með því að löggæzluráðherrann, sem þá var, eigi kvaðst geta gefið þær skýrslur, sem nefndin þóttist þurfa. Þessi úrslit málsins ætla eg að hafi komið af ókunnugleika lögstjórnarráðherrans á því, hvað á undan var gengið í málinu; því að eg veit eigi betur, en að allar þessar skýrslur, sem þingið beiddist, hefði hann getað fengið úr skjölum þeim, sem bæjarstjórnin

hèr í Reykjavík og stiptamtmaður hafa áður sent um þetta mál löggæzluráðherranum, og sem að líkindum eru geymd í hinni íslenzku stjórnardeild í Kaupmannahöfn.

Á hinn bóginn vonast eg til, að öllum þingmönnum sé auðsætt, hversu mikilsvarðandi það sé fyrir Reykjavíkurbúa að geta komizt í eitthvert tryggt brunabótafélag, en að það eru afarmiklir örðugleikar á því, að þeir geti sjálfir stofnað slíkt félag, og ætla eg því eigi að eyða orðum að því í þetta skipti, en leyfi mér að eins, að beiðast þess, að hið heiðraða alþingi vildi taka málið enn að nýju til meðferðar og rita síðan hans hátígn allraþegnsamlegasta bænarskrá um :

Að honum allramildilegast vildi þóknast, að veita frumvarpi til tilskipunar, sem lagt var fyrir alþingi 1863, um að taka hús í Reykjavíkurbæ í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða, lagagildi frá 1. apríl 1866.

Reykjavík 18. dag júlím. 1865.

Halldór Kr. Friðriksson.

(Nefnd sett).

UPPÁSTUNGA

þingmannsins úr Suður-Múlasýslu um að rita ávarp til konungs.

Á fundi 6. þ. m. var, eins og hinu heiðraða þingi er kunnugt, öllum bænarskrám landsmanna um stjórnarbót vísað til nefndar þeirrar, er þá var sett í hið konunglega frumvarp um fjárhagsaðskilnaðinn milli Íslands og konungsríkisins Danmerkur, og því hreift um leið, að sú nefnd mundi, ef til vildi, semja ávarp til konungs jafnframt því, sem hún segði álit sitt um fjárhagsaðskilnaðinn. Eg fyrir mitt leyti get ekki annað en efazt um, að þessi nefnd finni sér skylt að rita konungi vorum ávarp, nema því að eins að henni sé falið það sérstaklega á hendur, en verð á hinn bóginn að álíta það bæði nauðsynlegt, einkum með tilliti til þess, að engin nefnd var sett í stjórnarbótarmálinu, og líka eiga mjög vel við, þar sem alþingi nú er haldið í fyrsta sinni síðan þessi konungur vor kom til ríkis, og það því heldur sem að hann fyrstur

sinna kynsmanna hefir sezt á veldisstólinn, og síðan ratað í þær raunir, sem vèr allir Íslendingar hljótum að taka hlutdeild í og harma ásamt hinum dönsku þegnum hans, bræðrum vorum og frændum.

Af þessum ástæðum leyfi eg mér að bera fram þá uppástungu:

Að hið heiðraða þing annaðhvort kjósi sérstaka nefnd til að rita vorum allramildasta konungi, hans hátign Kristjáni 9. allraþegnsamlegast ávarp í nafni alþingis, eða feli það þeirri nefnd, sem þegar er sett í málinu um fjárhagsaðskilnaðinn.

Reykjavík 18. júlím. 1865.

Björn Pétursson.

(Nefnd sett).

BÆNARSKRÁ

úr Borgarfjarðarsýslu um úttektar og skoðunarmenn.

Eins og hinar fornu sögur Íslendinga sýna það, að lagamenntun hefir verið mikið almennari í fornöld en nú er, eins sýna fornu lögin, að miklu fleiri af alþýðumönnum tóku þátt í stjórn héraðsmála en nú á tímum. En síðan tímar liðu fram, hafa sveitarmál og héraðsmál meir og meir verið falin á hendur einstöku mönnum, og þeir menn ávallt fækkað, sem ráðið hafa úrslitum þeirra. Í þessu tilliti viljum vèr nefna sér í lagi ýmsar skoðanir og úttektir, er fram fara í sveitum, og þegar vèr lítum til gjörðarmanna fornu, sjáum vèr, að þessum málum er nú í mörgum greinum skipað ver en þá. Nú er það ákveðið eða orðin venja, að skoðunar og úttektarmenn skuli vera tveir í hverri sveit. Þetta er í mörgu tilliti óhagkvæm ráðstöfun. Að sönnu meðkennum vèr að þessir menn geta öðlazzt töluverða æfingu í þess konar störfum og þeir því ættu að verða hæfari til að gegna þeim en aðrir; en vèr ætlum aðrar ástæður gildari sem tala á móti þessum fáu skoðunarmönnum. Eptir því sem fleiri af bændum taka þátt í héraðsmálum, eptir því læra þeir fremur að þekkja og virða köllun sína,

venjast fremur við opinber mál, og sjá að köllun þeirra nær lengra en einungis að sjá um hú sitt og eigin hagsmuni. Þegar skoðunar- og úttektarmenn eru einungis tveir, þá getur mjög opt svo á staðið, að þessir menn séu skyldir eður venzlaðir öðrum hverjum málspartinum, eður ef til vill óvildarmenn þeirra. Þannig ber það opt við að ekki verður notaður nema annar skoðunarmaðurinn eða má ske hvorugur; þá verður að taka aðra menn, og er þá opt svo langt til sýslumannsins, að ekki er hægt að fá þá tekna í eið, og verkið verður að framkvæmast af óeiðsvörnum mönnum. Hér við bætist það, að störfum þessum er of hlaðið á þessa tvo menn, að minnsta kosti sumstaðar, og þeir verða of opt kallaðir frá heimilisstörfum sínum. Við úttektir á prestsetrum ætlum vèr, að prófasturinn eigi að nefna úttektarmenn; það mun þó miður hagnægt, því með því móti munu þeir opt nefna óeiðsvarna menn, en þó virðist það eins áriðandi, að pretsetrin séu tekin út af eiðsvörnum mönnum eins og aðrar jarðir. Það bendir þannig margt til þess, að máli þessu ætti að skipa nokkuð öðruvísi, að skoðunar- og úttektarmenn ættu að vera nokkuð fleiri en nú eru. Að sönnu er það ákveðið eða stundum venjulegt, að þegar menn eru óánægðir með úttektir eða skoðunargjörðir, þá nefnir sýslumaðurinn helmingi fleiri menn til að gjöra yfirskoðun; þessa ákvörðun ætlum vèr í mörgu tilliti óhagkvæma, eins og hún mun, sem margir aðrir góðir gripir, vera upp tekin nú á seinni tímum, og eiga ekkert skylt við vora eldri löggjöf. Þannig mun það opt koma fyrir, að sýslumaðurinn nefnir helzt þá menn, er sá vill eða tiltekur sem yfirskoðunar beiðist, eða hver sem fyrstur verður til að beiðast hennar. Einnig eru dæmi til að þó fyrri úttektar- eða skoðunarmenn hafi orðið samdóma, hefir yfirskoðunarmennina greint á þannig, að tveir hafa verið samdóma hinum fyrri skoðunarmönnum, en tveir á móti, en þó hefir skoðun tveggja hinna seinast nefndu orðið gildandi, allt svo *sú skoðun, sem tveir* hafa haft á móti fjórum. Að þetta geti opt fyrir komið sjá allir að er mögulegt, en það er til þess að veikja tiltrú manna á slíkum yfirskoðunarmönnum. Vèr ætlum þannig að engin trygging eða réttarbót sé því samfara að hafa þessa yfirskoðunarmenn, þó það sýnist svo, og vèr ætlum það enga apturför þó yfirskoðanir væri afteknar. Vèr höldum að úttektir og skoðunargjörðir ættu að framkvæmast af gjörðarmönnum og þeim ætti ei að áfryja nema því að eins að það væri sýnilegt, að gjörðarmenn hefði breytt á móti lögum eða

sannfæringu, og sýnist þá eiga bezt við að þess konar málum væri beinlínis áfryð til dómstólanna. Mest sýnist undir því komið, að skoðunar- og úttektarmenn seú þannig út nefndir, að báðir málspartar hafi sem bezta tiltrú til þeirra. Til þess að víkja ei of mikið frá venjunni, og ef til vill til þess, að skoðunargjörðir hefði meiri festu, höldum vér að hreppstjórinn ætti að stjórna þeim. Þó nú gjörðarmenn ætti að vera helzt til kvaddir í þeim málum, þar sem tvo málsparta greinir á, þá sjáum vér þó ekkert á móti því, að sýslumenn eða hreppstjórar nefni virðingarmenn í dánarbúum af gjörðarmönnum þeim, sem vér ætlum að nefna eigi í sveitum, og að til þess þurfi ekki fasta virðingarmenn. Vér leyfum oss því að biðja hið heiðraða alþing vort að taka málefni þetta til ihugunar og athuga, hvort ekki eður að hve miklu leyti eptirfylgjandi greinir gætu tekizt til greina:

1. Sýslumenn skulu á manntalsþingum með ráði hreppstjóra nefna 6 menn í hverjum hrepp af hverjum gjörðarmenn skulu takast til starfa þeirra sem ákveðin eru í annari grein. Til þessa má hvern þann nefna sem hefir óflekkað mannorð og er 25 ára að aldri og ekki eldri en sextugur. Þó mega ei til þess nefnast verzlegir eða geistlegir embættismenn, læknar, málaflutningsmenn eða hreppstjórar.
2. Þegar einhver vill láta taka út jörð, skoða jarðabætur, skipta húsum eða jörðum, meta skemmdir jarða, meta jarða-afgjald, samkvæmt erindisbréfi 18. júlí 1848, jafna ágreining milli húsbænda og vinnuhjúa, virða jarðir eða lausafé, skoða vegabætur, eða framkvæma einhverja þá skoðunar- eða virðingargjörð sem gildandi lög ákveða, skal hann snúa sér til hlutaðeigandi sýslumanns eða hreppstjóra, hvers þeirra sem verkið á að framkvæma, með skriflegri beiðni um að kveðja vissa tölu manna til að framkvæma starfið. Sýslumaðurinn eða hreppstjórinn til taka þá vissan dag og rita á bónarbréfið nöfn þeirra 6 manna sem tilteknir eru í fyrstu grein. Af þessum tilteknu mömum hefir beiðandi rétt til að ryðja tveimur; síðan sendist bónarbréfið hinum málspartinum, sem einnig hefir rétt til að ryðja öðrum tveimur. Þeir tveir menn, sem þá verða eptir, skulu framkvæma verkið, sem hlutaðeigandi sýslumaður eða hreppstjóri stjórnar og bókar á venjulegan hátt, en atkvæðisrétt hafa þeir ekki, nema þegar gjörðarmenn greinir á.

3. Á hverju manntalsþingi skulu sýslumenn gefa gætur að því, að tala gjörðarmanna haldist við, svo ef þeir hafa fækkað á árinu, skal nefna aðra í staðinn.
4. Áður en gjörðarmenn framkvæma þau störf sem til eru tekin í 2. grein, eiga þeir að rita nöfn sín undir eið þann, sem þeim í því skyni er stílaður, hafi þeir ekki gjört það áður.
5. Þau málefni, sem þessir menn leiða til lykta, verður ekki áfrýjað, nema það sé sjáanlegt, að breytt hafi verið móti lögum eða sannfæringu, og skal þá vísa þeim til dómstólanna.
6. Í málum sem áhræra óðalsrættindi og í þeim málum, sem ákveðið er að sýslumaður skuli hafa meðdómsmenn, skal hann auk áðurgreindra 6 manna nefna aðra 6 menn, svo þeir verði samtals 12 að tölu. Af þessum 12 mönnum hefir hver málspartur rétt til að ryðja fjórum, en þeir fjórir, sem þá verða eptir, eru meðdómsmenn með sýslumanni.
7. Ef í einhverjum hrepp eru ekki svo margir menn, sem virðast hæfir til starfa þeirra, er áður eru nefnd, má kveðja þá menn er til vantar úr næstu hreppum.
8. Gjörðarmenn hafi 4 álnir um daginn en hreppstjórinn 5 ál., sem greiðist eptir meðal-alin verðlagskráarinnar auk ferðakostnaðar samkvæmt aukatekjureglugjörðinni frá 10. sept. 1830, 63. gr.

Kalastöðum og Guðrúnarkoti, 30. júní 1865.

Porv. Ólafsson. H. Jónsson.

Felld frá umræðum á þingi með 11 atkvæðum gegn 10.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu út af bænarskrám um að gufuskipsferðum kringum strendur Íslands verði komið á. (Sbr. bls. 288).

1. *Pjetur Guðjónsson*: Breytingaratkvæði við uppástungu nefndarinnar (2. tölul.): að í stað orðanna »hið allra bráðasta«, verði sett: »þegar kringumstæðurnar leyfa«. Fellt með 13 atkv. gegn 7.
2. *Nefndin* (1. uppástunguatriði):

- Að konungurinn bjóði stjórn sinni að annast um, að hæfilega stórt og hentugt gufuskip verði hið allra bráðasta fengið til að ganga sem póstskip umhverfis Ísland allan þann hluta ársins, sem fært er fyrir ísum og óveðrum. Samþ. með 21 atkv. gegn 1.
3. *Sama* (2. uppstunguatriði):
Að skip þetta flytji ferðamenn, vörur og póstræf milli allra helztu hafna á landinu gegn fastákveðnu sanngjörnu verði. Samþ. með 21 atkv.
4. *Eiríkur Kúld* og *Ásgeir Einarsson*: að hin eptirfylgjandi uppátunga nefndarinnar (tölul. 5), verði einungis tekin sem bendingaratriði inn í álitsskjalið til konungs. Fellt með 12 atkv. gegn 9.
5. *Nefndin*:
Að yfir gufuskip það, er til þess verður haft, sæ settur sjóforingi, sem hafi konunglegt umboð til að gæta þess jafnframt, að útlend fiskiskip veiði eigi í fiskhelgi landsins. Fellt með 15 atkv. gegn 5.
6. *Sama*:
Að þessar innlendu gufuskipsferðir verði settar í náið og hagnlegt samband við gufuskipsferðir milli Reykjavíkur og útlanda. Samþ. með 22 atkv.
7. Hvort rita skuli konungi bænarskrá samkvæmt þeim atriðum, sem samþykkt eru. Samþ. með 21 atkv.

BÆNARSKRÁ

til konungs um styrk handa forngripasafninu í Reykjavík. (Sbr. bls. 287).

Til alþingis kom að þessu sinni bænarskrá frá þeim tveimur mönnum, sem stiptsyfirvöldin höfðu falið á hendur umsjónina yfir forngripasafni því, sem nú er stofnsett hér í Reykjavík um styrk til eflingar safni þessu.

Alþingið kaus 3 menn í nefnd til að íhuga málið, ræddi það síðan á tveimur aðalfundum, svo sem lögákveðið er, og leyfir sér nú allraþegnsamlegast, að skýra hátign yðar frá skoðun sinni á þessu máli.

Þingið verður að játa, að mjög svo er æskilegt, að eigi að eins fornmenjar þær, sem enn kunna að finnast í landinu, og sem í einhverju geta skýrt sögu landsins og fornöld þess, kæmust á einn stað, þar sem þær yrðu varðveittar fyrir fullri glötun, og almenningur fengi færi á að kynnast þeim, heldur og að safni þessu yrðu útvegaðar myndir að minnsta kosti þeirra gripa, sem komnir eru út úr landinu, og geymdir eru í öðrum þess konar söfnum í öðrum löndum, og öðrum fornaldarleifum, og gæti safn þetta orðið til mikils fróðleiks og til þess að auka og skýra þekkingu landsbúa á hinum liðnu tímunum, eigi síður hér á landi en í öðrum löndum. En á hinn bóginn liggur það og í augum uppi, að safn þetta getur engum vexti eða viðgangi tekið, nema því að eins, að nokkru fæ verði til þess varið, því að bæði er það, að slíkt safn, er það eykst, þarf gott húsrúm, og það verður eigi fengið hér í Reykjavík nema gegn endurgjaldi, því að hér er ekkert það hús sem sè almennings eign, þar sem þessu safni verði fyrir komið. Í öðru lagi er það, að eigi er ætlandi til, að þeir menn, sem að sèr taka umsjón slíks safns, hafi hana á hendi og alla umönnun fyrir að safna, fyrir alls ekkert. Í þriðja lagi verður alls eigi búizt við, að eigendur slíkra gripa, sem æskilegt væri að kæmust í safnið, og sem næmi nokkru verði, láti alla slíka muni af hendi fyrir alls ekkert og allrasízt, að menn út um landið, þótt þeir vildu láta munina af hendi endurgjaldslaust, kosti sjálfir flutning þeirra til Reykjavíkur, og þar sem útlendir menn, sem um landið fara, einatt bjóða talsvert fæ fyrir slíka gripi, verður eigi við öðru búizt, en að safnið missi af mörgu, ef það ekkert fæ hefir til umráða.

Það er nú svo sem auðvitað, að eigi safnið að geta náð þeim vexti og viðgangi, sem æskjandi væri, þyrfti það á allmiklu fæ að halda, en þingið vill nú sem stendur eigi beiðast meira fjár í þessu skyni en til bráðustu þarfa safnsins, eða til að borga húsrúm handa því og nauðsynlegustu áhöld, þóknunar fyrir umsjónarmennina, og svo fyrir flutning á þeim munum, er safnið eignast, og því vill þingið eigi fara fram á meira, en 300 rd. tillag á ári, og beiðist þess allraþegnsamlegast, að þetta fæ megi greiðast fyrst um sinn úr ríkissjóði, en telur sjálfsagt, þá er útkljáð er um fjárhagssamband Íslands og Danmerkur, sem það vonar að verði áður langt um liður, að fjártillag þetta verði greitt af tekjum Íslands. Hversu fæ þessu verður að öðru leyti varið vill þingið eigi gjöra neina

uppástungu um, en felur það að öllu leyti stjórn yðar hátignar, eins og henni þykir réttast eptir ráðum stiðtsyfirvaldanna.

Samkvæmt því, sem þegar er sagt, leyfir þingið sér allra-þegnsamlegast í einu hljóði að beiðast þess:

Að yðar hátign vildi allramildilegast þóknast, að veita 300 rd. á ári, úr ríkissjóði fyrst um sinn og þangað til nákvæmar verður ákveðið um fjárhag Íslands, til eflingar forngripásafusins hér í Reykjavík, og þóknunar umsjónar-mönnum þess, eptir því sem stjórnin nákvæmar ákveður.

Reykjavík, 21. júlí 1865.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Halldór Kr. Friðriksson.

NEFNDARÁLIT

í málinu: Konunglegt frumvarp til laga um breytingu á 6. og 7. gr. í lögum 15. apríl 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi (lestagjald). (Sbr. bls. 105).

Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss, sem hér undir ritum nöfn vor, í nefnd til þess að segja álit vort um konunglegt frumvarp til laga um breyting á 6. og 7. grein í lögum 15. apríl 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi. Vör höfum rætt og íhugað þetta mál á tveimur nefndarfundum, en komumst því miður að raun um, að skoðanir nefndarinnar á málinu voru eigi á einn veg, hvar af það leiðir, að nefndin hlýtur að leggja álit sitt í tvennu lagi fram fyrir hið heiðraða þing.

Vör meiri hluti nefndarinnar, Eiríkur Kúld og Stefán Jónsson höfum við nákvæma yfirvegun komist til þeirrar niðurstöðu, að ráða þinginu frá að aðhyllast frumvarpið, og eru ástæðurnar fyrir því, þær er nú skal greina.

Vör leyfum oss þá fyrst, að geta þess, að oss finnst, sem engi brýn nauðsyn beri til, að fara nú þegar að leggja tolla eður gjöld á verzlunina eður annað, því þó auðvitað sé, að margt mætti gjöra með fê það, er fengist á þann hátt, þá virðist oss aptur á hinn bóginn, að nauðsynlegt sé, að fjárhagsskilnaðarmáli voru við

Dani verði að vera alveg til lykta ráðið, áður en farið er að leggja nýja tolla eður gjöld á landið.

Vér ætlum sem sè, að það geti verið sérhverjum ljóst, að á meðan vér eigi höfum fulla vissu fyrir því, hvað mikið fè Dana-stjórn eður hið danska ríkisþing lætur af hendi rakna við oss, verður eigi ætlazt á um það, hvað háa tolla vér þurfum á oss að leggja, eða hvernig þeim yrði haganlegast fyrir komið. Vér viljum líka geta þess, að á meðan þingið hefir að eins ráðgefandi atkvæði, eins og nú á sèr stað, og á meðan því er synjað um fullnaðar-atkvæði í fjárhags- og skattamálinu, virðist oss næsta ísjárvert, að það fari að gefa atkvæði sitt í hverjum þeim málum, sem snerta nýja tolla eður nýjar álögur.

Þar næst viljum vér geta þess, að oss þykir það ekki svo til-tækilegt, að fara nú þegar að íþyngja verzluninni með nýjum álögum, það eru nú að eins liðin 11 ár síðan verzlunin var leyst úr þeim fornu ófrelsisböndum, sem á henni lágu, og það er nú í fyrstu vonir, að hinir heillaríku ávextir hinnar frjálsu verzlunar sèu farnir að sýna sig. Ætti nú að fara að íþyngja verzluninni með nýjum álögum, drægi það eflaust mikið úr framförum þeim, sem verzlunin hjá oss hefir tekið nú á seinni árum. Auk þess mundu nýjar álögur á verzl-unina vekja óánægju meðal almennings, því eins og kunnugt er, drottinnar hær á landi og er rótgróið í meðvitund þjóðarinnar hið mesta hatur gegn öllum álögum og óeðlilegum böndum á verzl-uninni, og eru það eðlilegar afleiðingar af því ófrelsi, sem verzl-unin hær á landi var háð um margar aldir. Vér viljum enn frem-ur geta þess, að hinn núverandi tími er hinn óhentugasti til, að leggja nýja tolla á landsmenn eður íþyngja þeim með auknum álögum. Vér göngum sem sè út frá því, að þó svo sè í orði kveðnu, að hinn umræddi tollur hvíli á verzluninni, og sè greidd-ur af þeim mönnum, er verzlunina eiga, þá er það óbeinlínis álaga á landsmenn, sem þeir óbeinlínis greiða aptur í vasa kaup-manna. Nú er það alkunnugt, að undan farin ár hafa verið harð-ærisár bæði til lands og sjávar, og að efnahagur og atvinnuvegur landsmanna eru mjög aðþrengdir á ýmsa vegu, eins og ljósast sèst af þeim bænarskrám, sem komið hafa úr ýmsum hèruðum bæði til þessa þings og næstu þinga á undan um uppgjöf á skyldu-gjöldum og lán og hjálp frá stjórninni. Vér ætlum því, að lands-mönnum mundi verða ofraun í, ef auknar væru álögur á þeim, hvort sem væri beinlínis eða óbeinlínis.

Hvað frumvarpinu sjálfu viðvikur, þá þykir oss það í sumum greinum heldur ónákvæmt og ýmsar ákvarðanir þess ósanngjarnar. Vör tökum til dæmis fyrstu greinina um upphæð lestagjaldsins; þar er sem sè ákveðið, að gjaldið sè 2 til 4 rd. eptir því, hverrar tegundar farmurinn er, og ástundum getur hann orðið 6 rd. (sbr. 2. gr.) af þeim skipum, sem getið er um í 7. gr. laganna 15. apríl 1854. Vör getum nú eigi skilið þessa ákvörðun öðruvísi en svo, að þó svo standi á, að helmingur, tveir hlutir eða meira af farmi skipsins sèu kol, timbur eða salt, sem eptir áminnstri ákvörðun frumvarpsins að eins á að sæta 2 rd. lestagjaldi, en að eins lítill hluti farmsins sè annarar tegundar, þá eigi að greiða hið hærre lestagjald af öllum farminum sem sè 4—6 rd., og er þetta auðsær ójöfnuður, auk þess sem að lestagjaldið getur orðið í þeim tilfellum, sem nú var getið allt of þung áлага.

Vör viljum og taka það fram hér, að vör verðum að álíta 2 rd. tollinn á ódýrri vöru of háan í raun og veru og ætlum, að löggjöfin 15. apr. 1854 með fram þess vegna til taki ekki hærri toll af dýrari vörum, svo að hvað jafni upp annað. Þessari skoðun virðist og stjórnin hafa fylgt, með því að ákveða 4 rd. gjald af lestarrúmi á útlendum skipum, sem hún síðan 1854 hefir gjört til að vinna útlendar þjóðir til að veita jafnrétti, þar sem það ei áður var, og sýnir þetta, að stjórnin hefir álitið 2 rd. gjaldið nægilega hátt, og það svo, að aðrar þjóðir álitu það nóg til að hliðra til í verzlunarskiptum, til að komast hjá svo háu lestagjaldi sem 4 rd. eru. Það er og aðgætandi, að undir eins og ætti að ákveða þetta ójafna gjald af lestarúminu, flyti þar af beinlínis ný tilsjón með þeim förmum, er verzlunarskip flyttu út hingað (Control), sem hér yrði ómögulega við komið nema með svo afarháum kostnaði, að líklega nemdi meiri útgjöldum en það gjald, sem á tiltekinn hátt gæti fengizt við þessa hækkun lestagjaldsins, auk þess, sem slík tilsjón, eins og nú stendur, mundi hér ófáanleg, svo að í nokkru lagi fari.

Af því, sem hér er tekið fram, getum vör, meiri hluti nefndarinnar, ekki annað en ráðið hinu heiðraða alþingi til að beiðast þess, að ofan umgetið frumvarp nái ekki lagagildi.

Reykjavík, 20. júlí 1865.

Eiríkur Kúld, Stefán Jónsson.
framsögumaður.

ÁGREININGSATKVÆÐI.

Þar á mót hef eg ekki getað fallizt á það með mínum heiðruðu meðnefndarmönnum, að ráða alþingi frá, að aðhyllast hið áminnsta konunglega frumvarp. Að því, er snertir þá nauðsyn, sem er á að auka tekjur landsins sakir hinna árlega vaxandi útgjalda, þarf eg ekki annað en skýrskota til ástæðanna fyrir frumvarpinu, eins og mér líka virðist það ótilhlýðilegt, að þingið skuli allt af biðja um fè úr ríkissjóði, til að koma á fót nýjum stofnunum, og efla þarfleg fyrirtæki hér á landi, en skorast þó undan að leggja nokkuð í sölurnar. Að láta málið biða eptir því, að fjárhagsskilnaðarmáli voru við Dani verði alveg til lykta ráðið, sýnist mér öldungis óráðlegt, því að eg þykist sjá fram á, að það, ef til vill, yrði öllum framförum landsins til fyrirstöðu alla þá stund, sem fjárhagsmálið ekki verður útkljáð, og sè eg ekki heldur, að frumvarp það, sem hér ræðir um, geti í nokkru tilliti riðið í bága við upphæð þeirra tolla, sem vèr seinna meir kynnum að þurfa á oss að leggja. Enn fremur finnst mér uppástunga frumvarpsins um hækkun á leiðarbrèfa og lestarúmsgjaldi fyrir óhófs- og óþarfavörur, bæði eðlileg, sanngjörn og verzluninni alls ekki um of íþyngt með því, og get eg einnig í þessu tilliti skýrskotað til ástæðanna fyrir frumvarpinu, og er sú aðferð með tilsjón með skipsförmunum og gjaldheimtum, sem stungið er upp á í frumvarpinu, bæði einföld, og sýnist eiga hér vel við. Af þessum ástæðum get eg ekki annað en ráðið þinginu til að aðhyllast hið konunglega frumvarp öldungis óbreytt; og til vara, að þingið biðji um, að nýrri grein verði bætt inn í frumvarpið, sem líklega kæmi inn milli 4. og 5. greinar á þessa leið:

Fè því, sem þannig vinnst með hækkuðu leiðarbrèfa- og lestarúmsgjaldi, samkvæmt 1. og 2. grein, skal árlega varið til að koma á fót nýjum stofnunum, eða efla nytsamlega fyrirtæki í landinu sjálfu.

Reykjavík, 20. dag júlí m. 1865.

P. Pétursson.

NEFNDARÁLIT

í málinu um takmörkun brauðasameininga, o. s. frv. (Sbr bls. 171).

Hið heiðraða þing hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd til að segja álit vort, um bænarskrá til þingsins frá sýslufundi í Skaga-fjarðarsýslu, dags. 20. f. m., sem fer því á flot, að þingið semji og sendi konungi þá þegnlega bænarskrá:

1. Að hann hlutist til þess við stjórn sína, að engar brauðasameiningar eigi sér stað hér eptir á Íslandi, til þess að prestar þurfi að þjóna fleirum en tveim kirkjum í sama brauði, heldur verði að eins nágranna prestar settir til að þjóna þeim brauðum til bráðabyrgða, sem enginn fæst til að sækja um; og 2., að í þeim brauðum, sem nú eru fleiri en 2 kirkjur í, verði kirkjunum fækkað annaðhvort með því, að aftaka kirkjur með ráði hlutaðeigandi safnaða, þar sem því má að ósekju við koma, ellegar þá með sundrungu slíkra brauða, þegar þau ei að síður virðast að geta heitið lífvænleg fyrir prestana. Seinna fekk þingið oss til meðferðar aðra bænarskrá úr sömu sýslu, er fer því á flot, að konungsúrskurðurinn frá 25. sept. 1854 verði afnuminn þannig, að hinum fornu Hjaltastaða þingum verði slegið upp við næstu presta-skipti, og þau síðan veitt með sömu skyldum og réttindum eins og áður, og að konungur enn þjóði stjórn sinni allramildilegast að sjá um, að presturinn í Hólabrauðinu fái Viðvík, sem fast ákveðna bújörð, annaðhvort eptirgjaldslaust, eða þá að minnsta kosti ekki fyrir meira eptirgjald en svari lögleigunni af því verði, sem hún var seld fyrir við Hólastólsjarða söluna 1802.

Báðar þessar ofangreindu bænarskrár höfum vör tekið til í-hugunar og skulum nú leyfa oss, að segja álit vort um hverja þeirra sér í lagi á þessa leið:

Hvað nú hina fyrr töldu bænarskrá frá sýslufundinum snertir, þá byggir hún beiðni sína einkum á því, að verkahringur presta, þar sem þeir hafa fleiri kirkjum að þjóna en tveimur, verði svo stór og margbrotinn, að það hamli þeim frá, að stunda svo ræki-lega stöðu sína, sem þyrfti, bæði hvað barna-uppfærðing og messu-gjörðir snertir; með því söfnuðirnir í þeim brauðum, hvar fleiri kirkjur eru en tvær, ekki geti átt kost á messugjörðum nema 3. og 4. hvern sunnudag, sem hljóti að spilla og deyfa kirkjurækni manna.

Vér játum það fúslega, að of stór og margbrotinn verkahringur presta, hlýtur að hafa mjög mikla annmarka í för með sér, bæði fyrir þá og söfnuði þeirra, og að það væri æskilegast, ef því yrði við komið, að verkasvið prestsins væri hvervetna svo lag- að, að það væri sem hægast bæði fyrir hann að stunda embætti sitt, og fyrir söfnuðinn að ná til prestsins. En vér ætlum, að þeir erfðleikar, sem svo víða hér á landi því miður eiga sér stað, bæði fyrir prest og söfnuð, spretti ekki eingöngu af því, að prestar hafi of mörgum kirkjum að þjóna, heldur öllu fremur af vegalengd, vatnsföllum og ýmsum öðrum torfærum einkanlega á útkjálkabrauðum, með því það eru mörg prestaköll hér á landi með 2 kirkjum, sem eru fullt eins ervið og hin, sem hafa 3 eða jafn- vel 4 kirkjur. Að visu er það satt, að þar sem prestar hafa 3 eða 4 kirkjur, verður barna-uppfræðingin stopulli, þegar ráð er gjört fyrir því, að prestar fræði þau ekki nema við messugjörðir, en hvorki álitum vér rétt að byggja á þessu, þar eð skylduræknir prestar munu ekki þannig einskorða barna-uppfræðingu, og má líka að hinu leytinu segja, að börnin eiga hægra með, að koma til kirkju og njóta þar uppfræðingar prestsins, heldur en ef færri kirkjur væri í sama prestakalli með sömu stærð; það er að visu satt, að messugjörðir verða að því skapi færri, sem kirkjur eru fleiri í einhverju prestakalli, en aptur er það því meiri lægðar- auki fyrir söfnuðinn og einkanlega fyrir börn og gamalmenni, að sækja kirkju, sem kirkjuvegurinn er skeimri, og vér álitum það ekki alveg rétt, að kirkjurækni þurfi að fara eða fari eptir því, hve opt messað er á hverjum stað, því eptir því ættu söfnuðirnir að vera kirkjuræknastir, þar sem ekki er nema ein kirkja, en það virðist ekki staðfest af reynslunni. Þó vér þannig sèum að nokkru leyti samdóma ástæðum bænarskráarinnar að því, er snertir þá annmarka, sem eru samfara ofstórum og margbrotnum verkahring presta yfir höfuð, getum vér ekki dregið af þessu aðra ályktun en þá, að alla varkárni verði við að hafa í sameiningu brauða hér á landi, og hafa nákvæmt tillit til þess, að hvorki verði verkasviðið ofstórt og margbrotið fyrir viðkomandi prest, nè söfnuðunum þannig gjört örðugra fyrir. En slík varúð ætlum vér, að hafi verið við höfð, að minnsta kosti á seinni tímum, þar sem stiptsyfir- völdin ætíð hafa borið slík mál undir álit brauðamatsnefndarinnar, hlutaðeigandi héraðsprófasts, sóknarprests, og beztu manna í söfn- uðunum, og þó ekki sameinað brauðin nema fyrst um sinn til

reynslu, og vèr höfum því síður ástæðu til að halda, að frá þessari varkárnisreglu verði vikið eptirleiðis, sem það nú lítur út fyrir, að prestar muni fást til hinna rýru brauða áður en langt um líður, og að því sú ástæða til brauðasamsteypu algjörlega hverfi, eins og líka þessi umræða málsins hér á þinginu hlyti að vera ánægjanleg bending fyrir stiptsyfirvöldin, ef hennar þyrfti við. Eins og það því er álit vort, að lægð og erviðleiki brauða hér á landi, sè engan veginn eingöngu komið undir því, að ekki sèu fleiri kirkjur en tvær í sama brauði, og að þessi kirknataka í brauðunum sè ekki nægileg trygging fyrir því, að verkahringur presta sè hæfilega afskammtaður, eins álitum vèr af áðurtöldum ástæðum óþarft að þingið riti konungi bænarskrá í þá stefnu, að meiri varúð sè eptirleiðis við höfð í sameiningu brauða hér á landi. En því síður getum vèr ráðið þinginu til, að aðhyllast hið síðara niðurlagsatriði bænarskráarinnar, að í þeim brauðum, sem nú eru fleiri en 2 kirkjur, verði kirkjunum fækkað, annaðhvort með því að aftaka kirkjur með ráði hlutaðeigandi safnaða, þar sem því má að ósekju við koma, ellegar þá með sundrungu slíkra brauða, þegar þau ei að síður virðast að geta heitið lífvænleg fyrir prestana. Vèr höfum áður sýnt, að erviðleiki brauða er kominn undir ýmsu fleiru en kirknatölunni, og að það verður ekki til hlitar úr honum bætt, með því að afnema þær, og skulum ekki fara mörgum orðum um það, hversu hættulegt og ísjárvert það er yfir höfuð að tala, þannig að fækka kirkjum, ekki einungis í tilliti til hins kristilega trúarlífs, heldur og með tilliti til inntekta brauðanna, einkum þegar um bændakirkjur er að tala, þar eð reynslan hefir sýnt, að þar sem þær hafa verið lagðar niður, þá hafa eigendurnir þegar fram líðu stundir, færzt undan að greiða prestsmötu eptir hin dauðu kúgildi, og slíkt orðið að ganga í málarekstri. Til þessara annmarka á fækkun kirkna virðast beiðendurnir að hafa fundið, með því þeir hafa bætt því við, að ei skyldi aftaka kirkjur, nema því mætti að ósekju við koma, en þessi viðbætir gjörir bæn þeirra mjög þýðingarlitla, með því það optast nær yrði saknæmt og ógjörlegt, að aftaka kirkjur, eins og þeir hafa stungið upp á. Þess vegna hafa þeir og haft þá vara-uppástungu, að þeim brauðum sem hefðu fleiri kirkjur en tvær yrði sundrað, þegar þau ei að síður virðast að geta heitið lífvænleg. Með tilliti til þess, að það sýnist að hafa verið meining beiðendanna, að því brauði, sem hefði fleiri kirkjur en tvær, yrði skipt í tvennt, eða 2 brauð gjörð

úr einu, þá skulum vér geta þess, að viðast hvar þar sem fleiri kirkjur eru en tvær, þar eru tekjur prestsins mest komnar undir búenda tölunni, því þar eru optast nær fáar kirkjujarðir, sem presturinn fái afgjald af, og í þingabrauðum alls ekki. Væri nú þessum brauðum skipt í tvennt, þá yrðu flest þeirra ef ei öll, öldungis ólífvænleg fyrir prestinn, og þar eð þetta er það skilyrði sem heiðendurnir hafa bundið við þessa bæn sína, þá yrði bænin sjálf, þó henni yrði framgengt, þýðingarlitil eða þýðingarlaus, með því það nálega ætíð mundi verða niðurstaðan, að helmingur slíkra brauða yrði álitinn of tekjulítill til þess, að nokkur vildi um hann sækja, eða gæti haft af honum sémilegt uppeldi fyrir sig og sína.

Að því er snertir hina bænarskrána frá 81 innbúum Miklabæjar og Viðvíkurprestakalla, sem nefndinni var fengin til meðferðar, og sem fer því á flot, að konungsúrskurður frá 25. sept. 1854 verði úr lögum numinn, þannig að hinum fornu Hjaltastaðþingum verði slegið upp við næstu prestaskipti, og þau síðan veitt með sömu skyldum og réttindum, eins og áður m. m. þá skulum vér geta þess, að hin áminnsta brauðasameining hefir vakið megna óánægju hjá ekki allfáum í þessum söfnuðum, og að hún, þrátt fyrir allar sáttatilraunir enn þá við helzt hjá einstöku mönnum, einkum í Hofstaðasókn, svo þeir að sögn í nokkur ár ekki hafa sókt kirkju sína, og er þetta ótilhlýðilegt í sjálfu sér, og hlýtur að gefa af sér hneixli; þegar nú litið er á stærð og erviðleika þessara þannig sameinuðu brauða, þá má óhætt fullyrða, að mörg brauð hér á landi eru langtum erviðari, en þegar þau eru borin saman við önnur prestaköll í Skagafjarðarsýslu, má telja þau, einkum Miklabæjarbrauðið, með hinum erviðari þar. Erviðleiki brauðanna sýnist ekki heldur hafa gefið helzta tilefnið til óánægju þeirrar, sem þessi brauðasameining hefir valdið, heldur öllu fremur hitt, að hún hafi fram farið eptir yfirvalds tilhlutun, án þess að álits og samþykkis viðkomandi safnaða hafi verið leitað. Vér getum ekki álitnið, að þetta mál sé svoléiðis undir búnið, að þingið eigi að senda konungi bænarskrá um, að allrahæstur úrskurður 25. sept. 1854 verði nú þegar úr lögum numinn, þar eð réttarkröfu heiðendanna hefir enn ekki verið fullnægt, svo að málið hafi verið borið undir álit safnaðanna, og bænarskráin getur ekki sízt í formlegu tilliti komið í stað þess; þar að auki er það hugsanlegt, að óánægja þessi eins og hún er undir komin, kunni að jafnast áður en prestaskipti verða; það sýnist líka, sem það í öllu

tilliti mætti fullnægja beiðendunum, ef stiptsyfirvöldin vildu heita því, að mál þetta skyldi verða tekið fyrir til nýrrar ihugunar við næstu prestaskipti, og þá einnig borið undir álit beztu manna í söfnuðinum.

Af þessum ástæðum leyfum vèr oss að ráða þinginu til, að vísa máli þessu, fyrir milligöngu alþingisforsetans, til konungsfulltrúa með þeirri ósk, að hann vilji hlutast til um það við stiptsyfirvöldin, að þau sem fyrst gefi söfnuðunum í Miklabæjar- og Viðvíkur prestaköllum fyrirheit um, að áminnt brauðasameiningarmál skuli verða tekið fyrir til nýrrar ihugunar við næstu prestaskipti, og þá borið undir álit beztu manna í viðkomandi söfnuðum.

Reykjavík, 19. júlí 1865.

Ólafur Sigurðsson. Pétur Pétursson, Helgi G. Thordersen,
framsögumaður. formaður.

Benidikt Sveinsson. Halldór Jónsson.

ÁLITSSKJAL

til konungs í málinu: Konunglegt frumvarp um ýmislegt viðvikjandi prestaköllum á Íslandi. (Sbr. bls. 285).

Til að hugleiða og segja álit sitt um frumvarp það til tilskipunar, er nákvæmar ákveður ýmislegt viðvikjandi prestaköllum á Íslandi, sem fulltrúi yðar hátignar hefir lagt fyrir þetta þing, kaus þingið 5 manna nefnd, og ræddi það síðan á 2 aðalfundum, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast, að uppkveða álit sitt um það á þessa leið:

Þingið viðurkennir fullkomlega, að málefni þetta sè mikilsvarðandi, og að nauðsyn beri til, að hinum eldri ákvörðunum þar að lútandi verði breytt, sumpart til þess, að gefa þeim, einkum að því er áhrærir eptirlaun prestaekkna, sína sönnu og upprunalegu þýðingu, sumpart til þess, að því er áhrærir ársgjaldið til uppgjafapresta og prestaekkna, að meiri jöfnuður á komist, og að gjald þetta verði svo aukið, að nokkurt verulegt gagn verði að því fyrir hlutaðeigendur.

Hins vegar er það álit þingsins, að brauðamatsgjörðin frá 1853, sem nýjar lagaákvæðanir hér að lútandi verða að byggjast á, sé ekki svo nákvæm og gallalaus, sem æskilegt væri, að minnsta kosti á einstöku brauðum, og helzt þeim, er einhver hlynnindi fylgja, og að verðlag gjaldaura sé nú orðið talsvert breytt, frá því er þá var, auk annara breytinga, sem síðan hafa orðið á ýmsum brauðum. Kom því fram á þinginu það breytingaratkvæði við 1. grein frumvarpsins, að í stað orðanna »allramildilegast staðfest« kæmi: »en sú brauðamatsgjörð skal endurskoðuð á hverjum 15 ára festi, og síðan allramildilegast staðfest«. En þar eð þingið ekki gat fallizt á þetta breytingaratkvæði þannig orðað, og það þó hafði komið fram bæði í nefndarálitinu, og í þingræðum, að endurskoðun brauðamatsins væri nauðsynleg, samþykkti þingið með 17 atkvæðum gegn 4, að í ástæðum álits skjalsins til yðar hátignar skyldi tekið fram það atriði þessa breytingaratkvæðis, að nauðsyn mundi til bera, að brauðamatið yrði endurskoðað á hverjum 15 ára fresti.

2. grein frumvarpsins var samþykkt óbreytt með 21 atkvæði, og sömuleiðis hin 3 í einu hljóði.

Við 4. grein frumvarpsins aðhylltist þingið með 14 atkvæðum, það viðauka-atkvæði, að eptir orðin: »sem þær eru goldnar með«, í fyrra lið greinarinnar, verði bætt: »samkvæmt lögum«, og ætti þá sama skýring heima við orðin í seinna lið sömu greinar: »sem gjaldendur greiða í tekjurnar«. Með þessari breytingu var 4. grein frumvarpsins samþykkt í einu hljóði.

Þar eð ágreiningur hefir stundum upp komið um, hvort ekkjum uppgjafapresta bæri að lögum réttur til eptirlauna, var stungið upp á, að til skilningsauka á lagaboðinu væri eptir orðin í upphafi 5. greinar: »Í eptirlaun prestaekknar« bætt inn: »bæði eptir þá presta, sem deyja meðan þeir þjóna brauði, og líka eptir uppgjafapresta, ef þær voru þeim giptar, meðan þeir þjónuðu brauðinu«, og var viðauki þessi samþykktur með 17 atkvæðum. Sömuleiðis var stungið upp á, að orðin í öðrum lið þessarar greinar: »eptir samkomulagi við hana« falli burt, og í stað þeirra verði eptir orðin: »annaðhvort í skileyri eður«, bætt inn í: »ef hún óskar þess«, þar eð engi vafi gæti eptir þessu verið um rétt ekkjunnar til að kjósa hvorn greiðslumátann, sem hún vildi, og var þessi breyting samþykkt með 18 atkvæðum. Við 4. lið greinarinnar var borið upp það breytingaratkvæði, að sleppa út orðunum »og presturinn

eigi þarf að hafa til afnota fyrir sjálfan sig», þar eð heldur þótti með þessum orðum, prestinum í hag, dregið úr þeim rétti, sem konungsbréf 5. júní 1750, 4. gr. gefur ekkjunni; og samþykkti þingið með 14 atkvæðum að fella burt þau tilfærðu orð. Að þessum breytingum til greina teknum, samþykkti þingið 5. gr. frumvarpsins með 21 atkvæði. Við 6. grein var ekki stungið upp á neinni breytingu, og var hún samþykkt í einu hljóði. Við 7. grein var það athugað, að ekki væri tiltölulegur jöfnuður á árgjaldi af öllum flokkum brauðanna, og þar sem sanngirnni mælti með því, að betri brauðin ættu að bera meir en tiltölulegt árgjald við hin rýrari, þá ætti í frumvarpinu sumstaðar hið gagnstæða sér stað. Komu því fram tvö breytingaratkvæði í þessa stefnu, og var annað þeirra þannig orðað: í stað kaflans gefa af sér 7 rd.» verði sett: »eru metin:

150—350 rd. skulu greiddir	$\frac{2}{3}$ sk. af hverjum dal
350—500 — — —	1 — — — —
500—700 — — —	$1\frac{1}{3}$ — — — —
700 og meira — — —	$1\frac{2}{3}$ — — — —,

samþykkt með 14 atkvæðum gegn 7. Með þessari breytingu var 7. gr. samþykkt með 18 atkvæðum.

Í 8. grein frumvarpsins þótti hæfilegra að binda löggilding þess við 6. dag júnímánaðar, þar fardaga-ár presta byrji með þessum degi, og samþykkti þingið með 20 atkvæðum, að í stað orðanna: «1. dag janúarm. 18..» verði sett: «frá 6. degi júním. 1867». Síðan var frumvarpið í heild sinni með áorðnum breytingum samþykkt með 19 atkvæðum gegn 1. Samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu leyfir þingið sér allraþegnsamlegast, með 19 atkvæðum gegn 1, að ráða yðar hátign til að láta frumvarpið öðlast lagagildi frá 6. júním. 1867, 1.—3. gr. óbreyttar (1. og 2. gr. með 21 atkvæði, 3. gr. í einu hljóði).

4. gr. í einu hljóði með þeirri breytingu (sem samþykkt var með 14 atkvæðum), að í fyrra lið verði eptir orðin: «sem þær eru goldnar með» bætt inn í: «lögum samkvæmt» (og á þá sama skýring heima við orðin í seinni lið sömu greinar «sem gjaldendur greiða í tekjurnar»).

5. gr. (með 21 atkvæði) með þessum breytingum:

- a) að í 1. lið verði eptir orðin: «Í eptirlaun presta-ekkna» bætt inn í: «bæði eptir þá presta, sem deyja meðan þeir þjóna brauði, og líka eptir uppgjafapresta, ef þær voru þeim giptar,

meðan þeir þjónuðu brauðinu» (var þessi viðauki samþykktur með 17 atkvæðum).

b) að í öðrum lið verði orðin: «eptir samkomulagi við hana» felld úr; en eptir orðin: »annaðhvort í skileyri eður» verði bætt inn í: «ef hún óskar þess» (viðtekið með 18 atkvæðum).

c) að í 4. lið verði orðin: »og presturinn eigi þarf að hafa til afnota fyrir sjálfan sig«, felld úr (viðtekið með 14 atkvæðum).

6. gr. óbreytt á einu hljóði.

7. gr. (með 18 atkvæðum) með þeirri breyting (sem samþykkt var með 14 atkvæðum gegn 7), að í stað kaflans «gefa af sér.... 7 rd.» verði sett: «eru metin:

150—350 rd.	skulu greiddir	$\frac{2}{3}$ sk.	af hverjum dal
350—500 —	—	1	— — —
500—700 —	—	$1\frac{1}{3}$	— — —
700 og meira —	—	$1\frac{2}{3}$	— — —

8. gr. (með 21 atkvæði) þannig orðaða, að í stað orðanna: «1. dag janúarm. 18..» verði sett: «frá 6. degi júním. 1867».

Reykjavík, 20. júlí 1865.

Allraþegnsamlegast

Jón Sigurðsson. Halldór Jónsson.

NEFNDARÁLIT

í málinu Konunglegt frumvarp til laga um brennivínsverzlun og brennivínsveitingar. (Sbr. bls. 129).

Hið heiðraða alþingi kaus oss finnm, sem hér ritum nöfn vor undir í nefnd, til að íhuga og kveða upp álit vort um konunglegt frumvarp til laga um brennivínsverzlun og brennivínsveitingar á Íslandi.

Vér höfum íhugað málefni þetta, og vandlega rætt það með oss á fundum, og skulum nú skýra hinu heiðraða alþingi frá skoðum vorri á máli þessu, og er hún sú, sem nú skal greina;

Þegar vér litum á ástæður þær, sem stjórnin hefir haft til að leggja fyrir alþingi frumvarp til lagaboðs um álögur á brennivín það, og aðra áfenga drykki, sem flutt er hingað til landsins, þá játum vér fúslega, að margt er það og mikilvægt, sem hvetur til slíks; því að bæði er það, að eigi land vort nokkrum framförum og endurbótum að taka, eða því jafnvel eigi að fara æ hnign-

andi, þarf landstjórnin að skerast í málið, og því leggja fè til margra stofnana og endurbóta, sem eigi verður ætlazt til, að landsmenn sjálfir komi á eða geti komið á, nema því að eins að almennur skattur verði lagður á landið, annaðhvort beinlínis eða óbeinlínis. Nefndin verður og fúslega að játa, að hún sèr eigi annan gjaldstofn, er hæfilegri sè til nýrra álaga, en brennivínið og aðra tilbúna áfengi drykki, sem auk þess, að þeir beinlínis heimta mikið fè úr landinu, og veikja þannig fjárafla landsins, þá er nautn þeirra víða hér á landi mjög svo óhófleg, að hún einnig spillir óbeinlínis velmegun landsins, er sannarlegt drep fyrir siðgæði landsbúa, og styður að ónytjungsskap og fátækt; og væri það sannarlegur velgjörningur, ef þær ráðstafanir yrðu gjörðar, er drægu úr þessari óhóflegu nautn, og hinum illu afleiðingum hennar, og nefndin verður að líta svo á, að stjórninni sè kunnandi þakkir, fyrir, að hún sýnir það, að hún vill styðja að þessu, og víst væri það reynandi, að leggja toll á aðflutning brennivínsins og annara vínfanga, ef ofnautn þeirra kynni að minnka við það að nokkru. Nefndin væri því fús á að ráða þinginu til, að ganga að tolli á brennivíni, ef sá tollur kæmi landinu að sönnu gagni, eða honum væri varið til að efla framfarir þess og til nýrra endurbóta; en það getur nefndin eigi sèð að verði, þar sem fèð á að ganga beinlínis í rikissjóð; og það yrði því eigi til annars, en að minnka það tillag, sem Danir nú þykjast leggja Íslandi á ári hverju; en fèð mundi eigi verða meira en áður til endurbótanna. Það liggur og í augum uppi, að nú er hvað óhentugastur tími til nýrra skattaálaga, meðan ekkert er útkljáð enn fjárhagssamband Íslands og Danmerkur, og þingið getur að voru álitu ekki rætt, nè á að ræða um neina tolla á landið, meðan það ekkert vald hefir yfir því fè, sem það samþykkir að á sè lagt. Allt öðru máli væri að gegna, ef það fè sem fengist með þessu móti væri látið ganga í sjóð sèr, og því varið beinlínis og sérstaklega til einhverra þeirra stofnana, sem landið þarfnast; og ef stjórnin vildi ganga að því, efumst vèr eigi um, að alþingi samþykkti tollinn, og ætti að samþykkja hann. En hvorki liggur það boð nú fyrir, nè heldur getur nefndin búizt við, að þau boð verði gjörð af hendi stjórnarinnar, svo lengi sem fjárhagsmálið er eigi til lykta leitt, því það virðist auðsætt, að fjárhagsaðskilnaðurinn og stjórnarbotin verður að ganga á undan rætti alþingis til að ráða álögum á landið, og hvernig fè þess er varið. En þótt það boð kæmi, og alþingi fengi þannig

ráð yfir nokkrum tekjum landsins, og ekkert væri þá því til fyrirstöðu, að alþingi fællist á tollinn, þá getum vér nefndarmenn þó eigi séð, að þessi tollur, eins álagður eins og frumvarp stjórnarinnar ætlast til, geti orðið til nokkurs verulegs hagnaðar fyrir landið; því bæði er tollur sè, sem frumvarpið tekur til, að vorri skoðun allt of lítill, til þess að draga úr drykkjuskap, og þannig álagður, að tekjurnar af honum yrðu því nær engar, þegar til heimtingarinnar kæmi, og skulum vér nú í fáum orðum leitast við að sýna fram á þetta.

Þar sem stjórnin segir í ástæðunum fyrir frumvarpi sínu, að eptir skýrslum þeim, sem dómsmálastjórnin hafi fengið, hafi árið 1863 verið fluttur til Íslands 581,932 pottar brennivíns og annara vínfanga, þá viljum vér alls eigi í neinu rengja skýrlur þessar, og það þykjumst vér sannfærðir um, að eigi er gjört of mikið úr aðflutningunum. Nú virðist oss auðsætt, eigi tollurinn að gjöra brennivínið og aðra áfenga drykki þeim mun dýrari, að dýrleikinn dragi úr ofnautninni, að þá megi tollurinn eigi vera minni, en að minnsta kosti 4 skildingar á hverjum potti brennivíns, og 8 skildingar á hverjum potti annara vínfanga; en þá yrði þó tollurinn af brennivíninu einu, eins og það er talið í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu, 21,570 rd. 56 sk., og af öðrum áfengum drykkjum 5,353 rd. 16 sk., eða til samans 26,903 rd. 72 sk., eða nær því þrefalt við það, sem stjórnin ætlar að fást muni, eptir því, sem hún hugsar sèr tollinn á lagðan, og sem er að eins 9—10 þúsundir rd., en það yrði að eins að meðaltali 1½ sk. á pottinn af hverri tegund vínfanga, eða rúmlega það, og liggur það í augum uppi, að slíkur tollur, þótt hann kæmi jafnt niður á alla kaupmenn landsins, eins og oss virðist vaka fyrir stjórninni að verða mundi, eigi tálmaði að neinu óhóðlegri brennivínsnautn; því að þeir menn, sem annars eru hneigðir til drykkjuskapar mundu lítt hirða um slíka álögu. En auk þess, að tollurinn eptir frumvarpi stjórnarinnar er næsta lítill og mundi alls eigi hafa þau áhrif, sem til er ætlazt, þá virðist oss auðsætt, þegar betur er að gætt, að hann í reyndinni yrði miklu minni en hún ætlar; því að í fyrsta lagi er það, að þar sem í stjórnarfrumvarpinu er gjört ráð fyrir, að 1—2000 rd. muni fást fyrir leyfisbréf til brennivínsveitinga, og upp úr ársgjaldi því, sem leggja á á brennivínsveitingarnar, þá getum vér eigi séð, að nokkur maður hèr á landi muni kaupa slíkt veitingabréf, nema 1 maður hèr í Reykjavík, og ef til vill, á Ísafirði og

Akureyri, því að hér á landi eru alls engir veitingamenn, enda engin ástæða til að ætla, að þeir muni koma upp fyrst um sinn upp til sveita. Íslendingum er eigi svo varið, að þeir selji matargreiða þeim sem hans æskja eður þurfa, enda svo strjálbyggt, og gestkvæmd svo lítil á hverjum stað fyrir sig, að þótt einhver vildi selja mönnum greiða, dytti engum búanda í hug að kaupa slíkt leyfisbréf til brennivínssölu, því að borgun þess og endurgjaldið yrði margfalt meira, en það, sem hann seldi af brennivíni, og má því að vorri skoðun óhætt sleppa úr tekju-áætluninni þessu fê, nema svo sem 50—100 rd., og því síður má búast við nokkrum tekjum fyrir brennivínsveitingar, sem kaupmönnum er leyft að selja brennivín, í svo litlum skömtum, sem vera skal eptir 1. gr.; því að þótt þeim sè bannað, að selja brennivín til nautnar þar á staðnum, þá verður það til engrar tálmunar, því að kaupendur þurfa ei annað en ganga með það, sem þeir hafa keypt út fyrir búðardyrnar og neyta þess þar. Líkt færi og um afgjaldið af brennivínssölunni, að þótt það eigi hyrfi með öllu, þá yrði það talsvert minna, en stjórnarfrumvarpið ætlast til. Stjórnin telur nú 60 kaupmenn hér á landi, og gjörir ráð fyrir, að þeir muni allir kaupa leyfisbréf til brennivínssölu, og gjalda 100 rd. á ári fyrir að nota bréfið, og við það muni fást um 6,000 rd., og lausakaupmenn muni greiða um 2,000 rd. En þetta horfir allt öðru vísi við, þegar betur er að gætt. Þetta gjald kemur mjög svo ójafnt niður; því að smákaupmaðurinn, sem selur að eins, ef til vill, 10 tonnur brennivíns um árið, á að gjalda sömu upphæð og sá, sem selur 100 tonnur, eða þaðan af meira, og sem því alls eigi finnur til álögunnar, og getur selt brennivínið eins ódýrt eptir sem áður. Af þessu leiðir beinlínis og augsýnilega, að smákaupmennirnir verða að hætta allri brennivínssölu, og hún kemst í hendur einstökum mönnum, en sem eigi gjalda meira fyrir það. Og þar sem 2 eða fleiri kaupmenn eru á sama verzlunarstaðnum, eru, þótt báðir standi jafnt að vígi, mestu líkindi til, að þeir reyni með einhverju móti til, að koma sèr þannig saman um brennivínssöluna til þess að spara sèr útgjöldin, að eigi verði nema einn, sem gjaldi fyrir leyfið á hverjum verzlunarstað fyrir sig. Vèr nefndarmenn verðum því að telja víst, að þótt kaupmenn hér á landi sèu 60, þá verði þó gjaldendurnir eigi nema svo sem 26, eins og kaupstaðir þeir eru margir, þar sem sölubúðir eru reistar og verzlun rekin, og gjaldið verði því eigi meira, en í hæsta lagi 2,600—3000 rd., og

eins mundi fara um gjald lausakaupmanna, svo að á endanum yrðu allar þær tekjur, sem fengjust við þenna toll, svo sem 3000 rd., eða rúmlega það.

Af ástæðum þeim, sem vèr nú þegar höfum talið, verðum vèr nefndarmenn því einhuga að leggja það til við hið heiðraða alþingi:

Að ráða hans hátign konunginum frá, að frumvarp þetta nái lagagildi.

Reykjavík, 20. júlí 1865.

H. Kr. Friðriksson, Sighvatur Árnason. Jón Bjarnason.
formaður og framsögum. *Ólafur Sigurðsson. Ásgeir Einarsson.*

NEFNDARÁLIT

um breytingu á reglugjörð 29. ágúst 1862 um bæjarstjórn á Akureyri.
(Sbr bls. 181).

Alþingi hefir kosið oss í nefnd til þess að segja álit vort um bænarskrá, er bæjarstjórnin á Akureyri hafði sent því um breyting á reglugjörð 29. ágúst. 1862. Þá er vèr nefndarmenn fórum að athuga þetta mál, gátum vèr eigi orðið á eitt sáttir um nauðsyn breytingarinnar, og skiptumst því í meiri og minni hluta.

Meiri hlutinn verður nú að álíta, að þar sem bæjarfulltrúarnir og bæjarfógetinn hafa skrifað undir bænarskrána, þá hljóti bæn þeirra að vera á góðum rökum byggð, og þar eð vèr hljótum að játa, að bæjarstjórnin á Akureyri bæði þekki best hagi bæjarins, og hið sérstaklega ásigkomulag, og að hana varði líka mest um, hvernig bæjarmálefnum sè þar skipað að lögum, þá verðum vèr að ætla, að þingið eigi að varast að synja Akureyrarbúum um liðsinni sitt til að fá þá breytingu á lögum, er þeir álíta næsta hentuga, og að þingið geti því eigi réttilega borið það fyrir sig móti ósk beiðenda, að það sem eigi við í Reykjavík, það hljóti og að eiga við á Akureyri, því það væri að hafa ofmikla löngun til að sníða Akureyri stakk eptir Reykjavík. Nú vitum vèr, að ákvarðanir þær í 19. og 20. grein reglugjörðarinnar 29. ágúst 1862, er bæjarstjórnin vill fá breytt, eru gjörðar af þingnefndinni 1859, svo sem sjá má af athugasemdunum við greinir þessar í frumvarpi hennar;

þær eru því eigi með fyrsta byggðar á ósk, nè sniðnar eptir þörfum Akureyrarbúa.

Svo virðist sem þær ákvarðanir, að áætlun og niðurjöfnun skuli fram fara áður en fjárhagsárið byrjar, sè einungis byggðar á þeirri ímynduðu nauðsyn, að fè þurfi þegar í byrjun fjárhagsársins til þeirra eiginlegu bæjarþarfa. Þetta er og svo í Reykjavík, en því er eigi svo varið á Akureyri, því að gjöldin til bæjarþarfa eru svo harla lítil, að gjöldin til fátækra-framfæris eru því nær öll gjöldin. Akureyri líkist því miklu fremur sveit en bæ í þessu efni, og því er von á, að hún biðji um, að lögin verði að þessu leyti sama efnis. Breyting sú á 19. gr. reglugjörðarinnar, sem bænarskráin fer fram á, er í því fólgin, að áætlunin sè gjörð hina fyrstu virku daga, eptir fardaga, í stað þess, að nú skal hún gjörð fyrir lok marzmánaðar, eður 9 vikum og 4 dögum áður en fjárhagsárið byrjar. Breyting þessi hefir óneitanlega þann kost, að menn vita miklu betur í fardögum, en svo löngum tíma fyrir þá, hve mikið fè þurfi að ætla til fátækra það ár, því þurfamönnum er vísað til sveitar sinnar í fardögum, þegar þeir hafa áður verið við bú, eður á Krossmessu (14. maí) hafi þeir verið í vist. Eins er það í hreppnum sjálfum, að menn geta eigi fyrir sèð þegar í marzmánuði, hverjir muni flosna upp, eður þurfa sveitarstyrks, heldur í fardögum eður rétt fyrir þá. Þetta atriði er harla þýðingarmikið á Akureyri, af því að nálega öll gjöldin ganga til fátækra, svo sem áður er sagt. Sama er að segja um breytingu á 20. gr., sem er í því fólgin, að færa niðurjöfnunina frá maímánaðarlokum til septemberloka, að hún hefir þann kost, að menn geta jafnað miklu réttara niður á menn í september en í maí; því fyrst er það, að enginn getur ætlazt til, að bæjarstjórnin geti með fullri vissu sagt fyrir í maí, hversu margir flytji burt úr bænum nè heldur inn í bæinn í næstu fardögum, og getur þetta valdið talsverðum ruglingi, þar sem jafnað er niður á þá sem fara burt þegar á eptir, og eiga því eigi að borga, en aptur sleppt þeim er koma. Í annan stað getur bæjarstjórnin eigi þekkt réttilega tíund manna fyrr en þeir hafa talið fè sitt fram á vorþingi eptir fardaga. Þessi tekjugrein verður því óviss fyrr en eptir vorþing. Í þriðja lagi er þess að geta, að allt það fè, sem jafnað er niður á bæjarbúa »eptir efnum þeirra og ástæðum« hlýtur eptir reglugjörðinni að miðast við næsta fjárhagsár á undan, en eptir breytingunni við efni manns og ástæður á fjárhagsárinu sjálfu, sem er miklu réttara og eðlilegra.

Af þessum ástæðum er það álit vort, að hið heiðraða alþingi sendi konungi vorum bænarskrá um þessar breytingar á reglugjörð 29. ágúst 1862.

Að í stað orðanna í upphafi 19. gr. »fyrir lok hvers marzmánaðar« setjist »hina fyrstu virku daga eptir 6. júní« og fyrir »næsta fardagaár« setjist »það fardagaár«, og fyrir þessi orð í annari klausu 20. gr. »maímánaðar«, setjist »septembermánaðar«, og fyrir »á Mikjálsmessu« komi »fyrir lok nóvembermánaðar«.

Reykjavík 20. dag júlím. 1865,
Stefán Jónsson. Arnljótur Ólafsson.
formaður. framsögumaður.

Eg get með engu móti fallizt á skoðun hinna heiðruðu meðnefndarmanna minna í þessu máli, enda eru ástæður þeirra mjög svo léttvægar í mínum augum, og í rauninni engar aðrar en þær, að *bæjarstjórnin* á Akureyri, en alls eigi *Akureyrarbúar* yfir höfuð, eins og meiri hlutinn kemst að orði óskar þeirra. Breytinguna verð eg enn að telja bæði óþarfa og óeðlilega, og ósk um hana einungis sprottna af vanþekkingu og ólægni bæjarstjórnarinnar. Óþörf er hún sökum þess, að bæjarstjórninni, ef hún annars er fær um stjórn nokkurra bæjarmálefna, eigi er ofætlun að geta búið til áætlun yfir útgjöld bæjarins næsta ár, svo sem tveim mánuðum á undan byrjun reikningsársins, svo að það yfirlit komi sanni næst, enda er henni heimilað í löggjöfnni, ef útgjöld þau ber að höndum, sem hún eigi sá fyrir, að gjöra viðauka-áætlun yfir þessi útgjöld, og jafna þeim síðan niður, og þótt aðaláætlunin sé gjörð fyrst í júnímánuði, þá geta eins fyrir það einhver ófyrirsén útgjöld komið fyrir einhvern tíma á árinu, og bæjarstjórnin getur aldrei búið svo um hnútana, að engin ófyrirsén útgjöld *geti* að höndum borið, eptir það áætlunin er gjörð. Það væri þá miklu nær, að gjöra enga áætlun og enga niðurföfnun, fyrr en reikningsárið væri liðið, því að þá gæti bæjarstjórnin fyrst vitað fyrir víst, að engin slík gjöld kæmu að höndum þeim. Óeðlileg er þessi breyting sökum þess, að gjaldendur eiga fyllstu heimtingu á, að fá að vita fyrir fram, til hvers bæjarstjórnin ætlar að verja fé þeirra, og alls eigi nóg að þeir fái að vita það, þegar fènu er eytt. Fjárhag manna veit bæjarstjórnin ekkert meira um í septembermánuði, heldur en í maímánuði; því að hún á að jafna niður eptir ástæð-

um manna, eins og þær eru þá, þegar niðurfjöfnunin fer fram, en hvorki á hún að geta, nè getur getið sér í vonirnar, hvort fjárhagur þeirra muni versna eða batna um ókominn tíma, enda getur slíkt að borið eins síðari hluta ársins, eins og hinn fyrri, og komi slíkt fyrir, að gjaldendur eigi geti greitt það gjald, sem á þá var lagt, verður það eins og hver önnur ófyrirsæn útgjöld. Við þessa breytingar-uppástungu bæjarstjórnarinnar á Akureyri er það og athuga-vert, að hér er alls engin meðmæling eða álit frá amtmanni, sem geti styrkt það eða réttlætt, og hans atkvæði ætti þó sannlega að meta mikils í efni þessu. Mær virðist það og næsta undarlegt, ef þingið nú færi að biðja um breytingu á því, sem það tvívegis áður hefir beðið um í einu hljóði, og það þvert ofan í þá lagaákvörðun, sem það nú fyrir fáum dögum hefir í einu hljóði samþykkt fyrir Ísafjörð, og þetta atriði er að minni ætlun svo mikilsvert fyrir þingið, að það ætti vel að hugsa sig um, áður en það færi að rífa það niður, sem það hefir svo nýlega byggt upp. Eg verð að telja víst, að þingið ásamt mér, óski, að lög vor sæu sem stöðugust, en eigi að það, sem lög eru í dag verði ólög á morgun nema brýn nauðsyn beri til, enda vill svo vel til, að þessi breyting, sem hér ræðir um, er einungis til að ala upp óvanda í mönnum, en eigi til neins hagnaðar fyrir Akureyrarbúa.

Af þessu verð eg að ráða þinginu frá, að beiðast neinna breytinga að þessu sinni í reglugjörð 29. ágúst 1862.

Reykjavík 21. dag júlím. 1865.

Halldór Kr. Friðriksson.

UPPÁSTUNGA

hins 3. konungkjörna um skógarækt og trjáplöntun hér á landi.

Það er nú almennt viðurkennt af öllum náttúrufræðingum, að þegar löndin fyrst byggðust, voru þau skóglönd, og kalla menn því það tímabil, er gengið hefir á undan jarðræktar-tímabilinu, skóga-öldina. Svo segja og hinar fyrstu sögur vorar, að þegar land vort byggðist, þá var það skógi vaxið milli fjalls og fjöru; en síðan hafa skógar þessir smáeyðst, bæði af mannavöldum og ýmsu

öðru, er hér yrði of langt upp að telja, landi voru til hins mesta skaða, bæði upp, á loptslag og jarðvegsgæði.

Það liggur í augum uppi, að skaparinn hefir ætlað skógana til þess, að mynda jarðveg og vaxtarmold jarðarinnar, og að of mikil eyðilegging þeirra þess vegna raskar þessari ákvörðun. Laufið sem fellur af skóginum, hversu lágvaxinn sem hann er, skýlir jörðunni fyrst, en síðan rotnar það, og myndar það, er menn kalla vaxtarmold og jarðsýru, af hverri grasið vex og upp sprettur, og þess vegna eru allir skógar mjög grasi vaxnir milli hrísanna, og gildir þetta einkum um breiðbláða skóga, svo sem birki-, beyki- og eikarskóga.

En það er eigi alleina þau gæði, er nú voru talin, er skógarnir hafa í för með sér, heldur eru þeir til margfaldra heilla fyrir menn og skepnur. Skógarnir draga til sín sagga og óhollar gufur úr jörðunni, og gjöra þannig, auk þess sem áður er sagt, jarðveginn hollari og heitari, því mikill jarðarsaggi hindrar sólargeislana frá að þrengja sér niður í jarðveginn og veita moldinni þann náttúrlega yl, sem er nauðsynlegur fyrir allan jarðargróða. Hér af kemur það þá, að þar sem skógar voru áður en nú eru upprættir, þar verður þurrlendi opt að mýrlendi, og vart munu hér finnast margar fúa mýrar, án þess menn finni þar augljósar og meiri eða minni skógarleifar. Margar af mýrum vorum hafa áður verið skógi vaxið þurrlendi, en þegar skógararræturnar misstust við eyðileggingu skóganna, þá óx vatnið, og við of mikið vatn getur allt þurrlendi orðið að mýrlendi. Þess vegna segja og náttúrufræðingar með fullum rétti, að eyðilegging skóganna auki vatnsmegnið, kæli jarðveginn og loptslagið, eins og vatnsaukinn líka á hinn bóginn leggi undirrót til jarðfalla og eyðileggingar jarðvegsins.

Enn fremur má eigi gleyma því, að blöð skóganna útanda lífslopti, og gjöra því andrúmsloptið heilnæmara og hollara bæði fyrir menn og skepnur; þeir eru sönn landsheill bæði fyrir menn og skepnur, og sjálfan jarðveginn.

Náttúrufræðingur nokkur frakkneskur hefir nýlega sýnt fram á það, hvílikum jarðusla-eyðilegging skóganna hefir valdið, jafnvel á þessu suðlæga landi, og telur hann þar við fjarska mikið svæði eyðilagt og uppblásið á þenna hátt; en geti þetta átt sér stað undir 40. mælistigi norðlægrar breiddar, þá má geta nærri hvernig fara muni þegar dregur 25 mælistigum norðar á jarðarhnettinum. Það er og svo sem enginn vafi á, að eyðilegging skóganna hér á landi

hefir valdið mikilli apturför, og gjört land vort bæði kaldara og óhollara en það var í landnámstíð og löngu eptir það, því sökum auka vatnsmegnsins verða skriður og jarðföll æ meir og meir eyðileggjandi, og allur sá skaði, sem af þessu flýtur fyrir fósturjörð vora, verður því meiri og hraparlegri, sem skógar vorir allviða hafa verið meira rifnir en höggfir.

Hver sem farið hefir yfir skógalönd vor, þau sem enn þá eru við lýði, verður að hafa tekið eptir því, að innan um skógarrunnana finnast moldarrjóður með upprótuðum jarðvegi, og skoði menn þetta jarðarrót eptir nokkurn tíma, þá sjá menn, að þar sem áður var grænn skógarrunni, þar er að stuttum tíma liðnum kominn nakinn og ber melur, og þykir mér ómælt, hversu mikill jarðvegur á þenna hátt hefir eyðilagzt á landi voru. Auk þessa er skógurinn höggvinn til kolagjörðar og eldiviðar á hinum óhentugasta tíma, sem sè á vorin, löngu áður en hríslurnar eru farnar að setja fræ, og væri það mikil bót í máli, ef skógurinn væri að eins höggvinn á haustin, því þá gæti þó fræið komið jörðunni til góða.

Eptir því, sem eg hefi bezt getað eptir tekið, eru birkiskógar vorir fljótir að vaxa, og hafa margar birkihrislur náð fullum þroska á 15 til 20 ára bili; en þó er þetta nokkuð komið undir jarðvegnum, og hversu vel skógurinn er friðaður; eyðilegging skóganna er því í raun og veru óumflýjanleg, því enginn skógur getur staðið um langan aldur; en það varðar miklu hvort hann er eyðilagður af manna höndum eða af kröptum náttúrunnar, því verði hann elli dauður, þá hefir hann við skógarfræið, sem fellur á jörðina, plantað sig sjálfur margfalt sinnum áður hann leið undir lok; en sè hann eyðilagður af mannahöndum á óhentugasta tíma, eður með jarðarróti, eins og áður er um getið, vex hann aldrei framar, heldur verður þar melur eða flag, hvar hann áður stóð.

Eg hefi sjálfur sèð það á ferðum mínum herna um landið, að birkiskógar vorir eru víða að aukast, þar sem þeir eru dálítið friðaðir; en eigi að síður er það óumflýjanlega nauðsynlegt, að þeir sèu höggfir bæði til eldiviðar og kolagjörðar. Friðunin eintóm getur alls ekki frelsað birkiskóginn frá að falla, því honum er af náttúrunni ætlað að falla eptir vissu áratölu. Það sem hér er höfðefnið er að hann sè rétt höggvinn, og að jafnótt sèu plantaðir nýir skógar, og það á stærra svæði en því, sem fallið hefir fyrir öxinni. Á henna hátt mættu skógar vorir fara sífellt vaxandi, jafnvel þótt þeir væru höggfir meir en nú tíðkast. Að rífa skóg, eð-

ur uppræta hríslur með rótum, ætti alveg að bannast, og ungur skógur ætti aldrei að höggvast, fyrr en hann er fullvaxinn, eður fariun að hrörna.

Til að sjá um, að þessu yrði framgengt, og að þeir skógar, sem nú eru til gætu útbreiðst og aukizt sem mest, þyrftu að vera settir menn, eins hér og í öðrum löndum.

Það hefur áður verið talað um það, hvort eigi mundi mega koma upp trjávexti hér á landi, og hafa meiningar manna verið mjög tvískiptar um það mál. Flestir virðast þó að hafa haft þá hugmynd, að trjávöxtur mundi eigi geta átt sér stað á landi voru, heldur mundi hér að eins geta vaxið birki, fjalldrapi, víðir og reynir; en þessu er að mínu áliti engan veginn þannig varið, og eg er sannfærður um, að fleiri tegundir af viðartrjám, geta eigi einungis vaxið vel, heldur og náð talsverðum þroska hér á landi. Þessa sannfæringu fekk eg fyrst af viðkynningu við mjög lærðan og ágætan skógaumsjónarmann í Danmörku, herra Slotsgartner Ridder Rothe. Hann var þegar eg kynntist honum, umsjónarmaður allra opinberra skóga á Sjálandi, og lystigarða Kristjáns konungs 8., og með því hann var skipaður til að hafa umsjón yfir lystiskógnum við Klampenborg, hvar eg þá var læknir, átti eg opt samræður við hann um þetta efni. Spurði hann mig opt ýtarlega um, hverjar tilraunir hefðu gjörðar verið með trjáplöntun hér á landi, og sagði eg honum frá þeim hið ýtrasta eg vissi. Kvað hann slíkt engar tilraunir heldur kák eitt, sem alstaðar mundi hafa misheppnast, og það jafnvel á Sjálandi sjálfu hefðu menn ætlað að koma upp trjávexti þar á þenna hátt. Hann spurði mig nákvæmlega um landslag vort, jarðargæði og meðalhita á vetrum og sumrum, og hvað frostið gæti orðið mest hjá oss, og skýrði eg honum glögglega frá því. Þóttist hann af öllu þessu geta séð, að trjáskógar yrðu að geta vaxið hér á landi, ef réttilega væri að farið, og hlyti slíkt að leiða til hins mesta gagns fyrir allt landið; hafði hann slíkan áhuga um þetta mál, að hann kvaðst vilja tala þar um við Kristján konung 8., og bað mig að róa að því öllum árum að hrinda þeirri hjátrú er hér kynni að eiga sér stað um þetta mikilvæga málefni.

Þá kynntist eg við annan mann í Danmörku, sem Ree heitir; hann var jarðyrkjumaður, og hafði komið hingað til landsins á yngri árum sínum með greifa Raben. Hann hafði hina sömu skoðun á þessu og hinn fyrirtaldi, og kvað það slóðaskap einn af stjórnmálum.

inni og landsmönnum, að hær væri eigi fyrir löngu síðan byrjað að planta skóga.

Hinn 3. maðurinn er talaði við mig um þetta mál, var timburmeistari Klens, sem var hær í 3. sinni fyrir 2 árum síðan, og var honum slík alvara, að eg mátti lofa honum því, að eg skyldi hreifa því á alþingi, en hann kvaðst mundi styðja málið þar ytra, með öllu móti er hann gæti.

Af Berlinsku tíðindum frá 6. apríl þessa árs, sè eg að þessu máli hefir verið hreift á ríkisdeginum, og þó það eigi að vera barið niður í blaði þessu, þá vantar þar allar ástæður, og er ritgjörð sú auðsjáanlega skrifuð af manni, er líkast til aldrei hefir stigið fæti á þetta land, og hefir enga hugmynd um, hve áriðandi trjáskóga plöntun er fyrir land þetta; er slíkum mótbárum hægt að hrinda, og sýna að þær sèu í lausu lopti byggðar.

Auk þessa sem nú var sagt, er mér kunnugt, að tengdafaðir minn sálugi, faktor Baagøe, er lengi var verzlunarstjóri fyrir Örum og Wulf á Húsavík, og sem var mjög laginn á alla jarðarrækt, lét planta þar í túni, sem hann átti nálægt 1200 plöntur af ýmsum trjáviðartegundum, svo sem furu, greni, birki og reyni, er hann hafði fengið hjá landbúnaðarfélaginu í Danmörku, og hafði þetta svo góðan framgang, að þegar hann fór, stóð þessi skógur í bezta vexti og blóma allt á 5. ár, og höfðu trjáplönturnar tekið miklum framförum, enda þótt þessar tilraunir væru gjörðar, svo að segja á nyrta horni landsins; en því miður féll þetta niður, og var upprætt, þegar Baagøe sál. var farinn frá Húsavík. Líkar tilraunir gjörðu þeir Jón heitinn Salómonsson og Þorlákur á Skriðu, og svo hafa áreiðanlegir menn sagt mér, að tilraunir þeirra hafi vel heppnast, og borið ljós vitni um það, að trjárækt megi takast hær að fullu sè vel á haldið.

Það virðist nú á hinn bóginn að liggja í augum uppi, að þar sem stóreflis skógar finnast í mörgum norðlægum löndum, Noregi, Svíaríki, Rússlandi og Síberíu, þá hljóti trjávöxtur að geta blómgastr hær, sè réttilega að farið, og að því gengið með nægu afli, en enginn þarf að búast við því, að slíkt geti komið af sjálfu sér, eða náð talsverðri framför, meðan eigi eru nema einstakir menn á strjáli og um stuttan tíma, er stuðli að þessu.

Eg get ómögulega ímyndað mér, að hin heimskulega mótbára, sem heyrzt hefir móti trjáplöntun hær á Íslandi, sem sè sú, að brennisteinninn í jörðunni ætti að vera til hindrunar fyrir trjá-

plöntunina, verði framfar framfærð af nokkrum heilvita manni, því það má nú vera hverjum kunnugt, sem dálítið vita í landaskipunarfræði og jarðræktarfræði, að eldfjöllin eldri og nýrri, sem hvervetna hafa brennistein í sér, eru almennt skógum þakin, og líka er það kunnugt, að menn á seinni tímum einmitt hafa við haft brennisteinsdupt til að strá á jörðina, hvar silkiormatræn vaxa, og hefir engum dottið í hug, að þetta mundi gjöra silki-ormatrjánnum hinn minnsta skaða.

Eg fyrir mitt leyti þykist sannfærður um, að jarðvegurinn nálægt hinum mörgu hverum vorum, þar sem er mátulegur ylur í jörðunni, mundi sérlega vel fallinn til trjáplöntunar, og að træn í honum mundu að öllum líkindum ná fljótum og miklum þroska; enda hefi eg og við hverri fundið marga steingjörfinga, bæði af skógarstofnum og skógarlaufum, sem sýna, að margir þeirra hafa í fyrndinni verið umkringdir skógum.

Það má virðast óþarfi, að fara mörgum orðum um það, hvílikt gagn landi þessu mætti af því standa, ef trjáplöntun kæmist hér á. Allir vita mjög svo ljóslega, hvílikt kynnstur af peningum og landvörum árlega dragast út úr landinu fyrir trjávið, og hversu mikið viðlendi er hér til skógaræktar og trjáplöntunar, án þess þetta þurfi í minnsta máta að standa hinn annari jarðarrækt vorri í vegi. Það er að vísu satt, að hinar nauðsynlegu girðingar á hinum nýju trjáskógum mundu kosta talsvert erviði; en hvar á jarðarhnettinum getur maðurinn framleitt gæði jarðarinnar nema með fyrirhöfn og erviði? Vær höfum svo mikið af grjóti hér í landi, að hjá oss má, við það, sem er í öðrum löndum, hvar grjótið kostar ærna peninga, heita hægðarleikur, að gjöra girðingar úr grjóti, enda sýna hinir mörgu og stóru landamerkjagjarðar og varnargarðar forfeðra vorra, að þeir létu sér eigi slíkt í augum vaxa.

Svo sem lítið dæmi upp á það, hversu lítið tréfræ og skógarfræ nú kostar erlendis, vil eg geta auglýsingar, sem opt hefir staðið í Berlingsku tíðindunum um verð á ýmsum tréfræum á Stóra-Ravnsborg, Nörrebro nr. 5; en verðið er þetta.

1. Birkifræ (*Betula alba*) 12 sk. pundið. 2. Siberískt furufræ 48 sk. pundið. 3. Grenifræ (*apies excelsa*) 28 sk. pundið. 4. Hvítfuran (*apies pectinata*) 24 sk. pundið. 5. Askur (*traxinus excelsior*) 12 sk. pundið. 6. Fjallafurufur (pinus montana) 1 rd. pundið.

Að endingu vona eg þess, að alþingi gefi máli þessu, sem

mjög er í varið fyrir land vort, góðan róm, setji nú þegar nefnd í málið, og biðji stjórnina um :

1. Að hún láti kunnuga menn nú þegar semja almennar reglur um viðhald og aukningu birkiskóga vorra, sem sæu gefnar út á prent og útdreifðar um land.
2. Að stjórninni megi þóknast nú þegar næsta ár að senda upp hingað æfðan og vel valinn »Forstmann«, er ferðist um suðuramtið, einkum Borgarfjarðarsýslu, Kjósarsýslu, Árnessýslu og Rangárvallasýslu, og til taki þá staði, hvar og hvernig trjáplöntun virðist haganlegast og best mega við koma, og semji hann síðan álit sitt um málið, og leggi til þau ráð, er hagkvæmust þykja; en síðan sè álit hans prentað og útbýtt meðal almennings.

Reykjavík, 14. júlí 1865.

J. Hjaltalín.

(Nefnd sett).

UPPÁSTUNGA

hins 5. konungkjörna um stofnun kennara-embættis hér í Reykjavík í sögu Íslands og íslenzkri fornfræði.

Eins og alkunnugt er blómgaðist allur fróðleiki hér á landi í fornöld, en þó einkum sagnafræðin, og rituðu forfeður vorir margar og stórar sögubækur bæði um það, er gjörðist á norðurlöndum yfir höfuð og einkum hér á landi; eru sögur þessar hafðar í hinum mestu metum um heim allan og munu ætíð halda uppi heiðri hinna fornu Íslendinga, er vèr allir höfum að rekja kyn vort til. En nú er líkt komið fyrir oss í þessu efni sem öðru; sagnafræðin er því nær út dáin meðal vor, og engir Íslendingar rita nú lengur sögur, eins og líka þekking á sögu landsins frá því fornöldinni sleppir, er meðal vor næstum liðin undir lok.

Með því samt þjóðlíf vort nú er farið að vakna nokkuð aptur, og vèr allir höfum áhuga á því, að stuðla til þess eptir megni, að land vort nái viðurreisn og fari aptur að taka framförum bæði í andlegum og líkamlegum efnum, þá er það með öllu eðlilegt,

að vèr viljum leggja allt kapp á það, að sagnafræðin aptur megi fara að glæðast hér á landi. En þó nú sagnafræðin yfir höfuð sé einhver hinn nytsamasti og fallegasti fróðleikur, þá er það þó hverri þjóð næst að þekkja vel sögu sjálfrar sinnar; þetta er og hvervetna viðurkennt, og hver þjóð nú á dögum kostar ærnu fè til að grennslast eptir sögu sinni og skýra hana sem best, og kosta menn til að halda opinbera fyrirlesta í hinni. En þó aðrar þjóðir hafi mikla hvöt til þessa, þá höfum vèr Íslendingar hana, sökum forntíðar vorrar, eigi hvað minnsta, og eg er með öllu sannfærður um, að ætti þingið sjálft að ráða fjárhag sínum væri það fíust á, að veita talsvert fè til þess, að grennslast eptir sögu landsins og útbreiða þekkingu á henni; vèr höfum líka menn, eins og vèr allir vitum, er mjög eru kunnugir sögu vorri, en þá vantar tíma og efni til að mega leggja sig svo eptir henni, sem þörf væri.

Af framan töldum ástæðum leyfi eg mér að stínga upp á því við hið heiðraða þing, að það allraþegnsamlegast beiði konung vorn: að hann allramildast stofnsetji hér í Reykjavík fast kennara-embætti í sögu Íslands og íslenskum fornfræðum, með 1600 rd. launum, og að kennara þeim gjörist að skyldu að halda opinbera fyrirlestra á veturna í vísinda greinum þessum í hið minnsta í klukkustund hvern rúmhelgan dag.

Reykjavík, dag 21. júlí, 1865.

Jón Pétursson.

Felld með 10 atkvæðum gegn 9.

NEFNDARÁLIT

í málinu um stofnun lagaskóla hér á landi (Sbr. bls. 165).

Hið heiðraða alþing hefir kosið oss í nefnd, til að segja álit vort um bænarskrá, er til þingsins hefir komið frá fundi á Kollabúðum 14. f. m. og sem þar var samþykkt í einu hljóði, þess efnis, að þingið biðji konung vorn þegnsamlega um, að sem fyrst verði settur á stofn lagaskóli hér á landi samkvæmt konunglegri auglýsingu til þingsins frá 8. júní 1863, og bræfi kirkju og kennslu-

stjórnarinnar 28. desemb. s. á., og því meðfylgjandi undirstöðuatriðum um fyrirkomulag á nefndum skóla, og ef mögulegt væri, ekki síðar en á næstkomandi vori, og að kostnaðurinn til skólans verði að minnsta kosti fyrst um sinn til bráðabyrgða og þangað til fjárhagsmálefni Íslands er komið í kring, borgaður af ríkissjóðnum, en skyldi því eigi geta orðið framgengt, þá að hann verði greiddur til bráðabyrgða úr einhverjum sjóði landsins.

Nefndin hefir nú ihugað mál þetta og leyfir sér, að skýra þinginu frá álitinu sínu um það á þessa leið:

Það kynni við fyrsta álit að sýnast svo, sem þingið eigi gæti sinnt bænarskrá þeirri, er hér um ræðir, af því að eigi væri líkindi til, að bænarskrá frá þinginu um stofnun lagaskóla á Íslandi fengi nú sem stendur bænheyrslu vors milda konungs, þar sem svo er sagt í hinni konunglegu auglýsing til þessa þings, að ekki verði gjörðar nú sem stendur neinar ráðstafanir út af þegulegri bænarskrá alþingis um stofnun kennsluskóla handa lögfræðingum á Íslandi, með tilliti til þess, að málefnið um fjárhagsstöðu Íslands framvegis er enn óútljád. — En jafnvel þó nefndin hafi ítarlega og nákvæmlega ihugað þetta atriði í hinni konunglegu auglýsingu, getur hún ómögulega annað en álitíð, að hindrun sú fyrir stofnun skólans, sem þannig er tekin fram í hinni konunglegu auglýsingu sé þannig að skilja, að ríkissjóðurinn ekki geti tekið að sér kostnað þann, er leiðir af lagaskólanum, en engan veginn á þann veg, að heitirði það um lagaskóla á Íslandi, sem hinn há sæli konungur vor, Friðrik hinn 7. gaf þjóð vorri í allramildastri auglýsingu 8. júní 1863, sé í minnsta máta skert.

Nefndin getur þannig alls ekki dregið í efa, að það sé eigi síður ósk vora allramildasta konungs, Kristjáns níunda, en hans há sæla fyrirrennara, að skólinn komist á, svo framarlega sem fæ fæst til hans. Nefndin verður þannig að álíta, að það, sem þingið hafi að gjöra í þessu máli, sé að eins að finna ráð til þess, hvernig fæð til skólans geti fengizt, og það því fremur, sem stjórnarráðin fyrir kirkju- og kennslu-málunum hafa samið greinileg undirstöðuatriði, eins og áður er á vikið fyrir kennslunni í skólanum m. m.

Hvað nú fæ til skólans snertir, þá getur nefndinni ekki hugsazt annað tiltækilegra, einkum þar það er svo mikils áriðandi fyrir landið, að skólinn, sem fyrst geti tekið til starfs, en:

Að þingið biðja þegnsamlega konung vorn, að hann allramildilegast vilji sjá svo til, að kostnaðurinn til lagaskóla

þess hér á landi, sem heitinn er í allrahæstri auglýsingu, til alþingis 8. júní 1863, verði fyrir fram greiddur úr ríkissjóði, og að síðan verði lagt fyrir næsta alþingi lagafrumvarp um það, hvernig fæ það skuli verða endurgoldið ríkissjóðnum af landinu, og líka um það, hvernig kostnaðurinn til skólans framvegis skuli greiðast af því.

Reykjavík, 24. d. júlím. 1865.

Benidikt Sveinsson, *Eiríkur Kúld,* *Jón Pétursson.*
skrifari. formaður og framsögumaður.

BÆNARSKRÁ

til konungs í málinu um gufuskipsferðir kringum strendur Íslands.
(Sbr. bls. 296).

Til alþingis eru komnar að þessu sinni 5 bænarskrár, það er að skilja frá Þingeyjarsýslum báðum, Eyjafjarðar og Skagafjarðarsýslum og fundi að Kollabúðum, er allar fara fram á það, að alþingi ítreki þá bæn sína fyrir hans hátígn konunginum, er það bar upp á hinu síðasta alþingi 1863, að gufuskipsferðum verði komið á kringum strendur Íslands. Lýsa allar þessar bænarskrár hinum mikla áhuga, er landsmenn hafa á þessu máli, sem líka má álíta eitt af hinum mestu velferðarmálum landsins, þar eð ekkert betra ráð verður fundið til þess að bæta úr hinum miklu vandkvæðum og örðugleikum, sem eru á öllum samgöngum og milliflutningum hér á landi og sem eðlilega fljóta af eðlisásigkomulagi þess er gjörir hinum fáu og fátæku innbúum alveg um megn að koma á þolanlegum vegum um landið.

Landsmönnum, er ritað hafa bænarskrár þessar, voru nú ekki kunnar hinar góðu undirtektir stjórnar yðar hátígnar undir þetta mál, eður það, að hún þegar hefir farið að semja við hið enska verzlunarhús Henderson & Co. um gufuskipaferðir þær, er hið síðasta þing bað um, og vissu ekki að það voru sérstök atriði í þessum samningum er hafa verið því til fyrirstöðu, að mál þetta yrði til lykta leitt, einkum það, að nefndu verzlunarhúsi ekki líkuðu áætlanir þær um kostnaðinn til þessara ferða, er komu fram með

málinu frá hinu síðasta alþingi, og hafa því beiðendurnir ætlað, að fyrirstaðan gegn bænheyrslu hjá stjórninni í þessu efni mundi einkum koma af kostnaðinum, er hér af leiddi, og fara því flestar bænarskrárnar í þá stefnu, að þingið haldi fram þessari bæn landsmanna, en sýni þó um leið fram á, að þessu megi koma í kring með miklu minni tilkostnaði en hið síðasta alþingi stakk upp á, með því bæði að hafa skipið, er til ferðanna er haft, minna en þingið gjörði ráð fyrir, og með því að fækka ferðunum kringum landið hér um bil um helming frá því sem þá var stungið upp á, og ætla beiðendur, að milliferðir þessar, þótt ekki væri þær meiri en hér um ræðir, gæti orðið landinu til hinna mestu nota. Í nokkrum af bænarskránum er það líka tekið fram, að á meðan gufuskipið gangi kringum landið geti menn sleppt póstgöngunum í landinu sjálfu og unnið þannig upp nokkuð af tilkostnaðinum.

Þingið kaus 5 menn í nefnd til að íhuga málefni þetta og ræddi það síðan á lögskipaðan hátt á tveim aðalfundum, og leyfir sér nú allraþegnsamlegast að skýra yðar konunglegu hátign frá óskum sínum og bænum í þessu efni. Þingið verður þá fyrst að vera á því, að þetta málefni, er beiðendur fara fram á, sé svo áriðandi, að þingið eigi af öllum kröptum að róa að því, að mál þetta fái sem allra fyrst framgang, og virðist því bænarskrárnar innihalda verulegar uppástungur í þá átt, er gjöri stjórninni hægra fyrir að verða við þessari ósk landsmanna, þar sem þær benda á það úrræði að hafa ferðirnar færri, og skipið er til ferðanna væri haft, minna en ráð var fyrir gjört í áætlunum þeim, er fylgdu með tillögum hins síðasta alþingis, því þingið ætlar líka að með þessu yrði mikið gagn unnið fyrir landið, og að eðlileg aukning milliferðanna og milliflutninganna mundi seinna á hæflægum tíma gjöra það að verkum, að ferðirnar fjölguðu og til þeirra yrði haft annaðhvort stærra skip eður fleiri smærri, eptir því sem þarfir landsins seinna meir sýndu að gæti borgað sig.

Aðaltilgangur þessara gufuskipsferða virðist þinginu ætti nú að vera sá að létta flutninga á fólki og farangri þess milli fjærliggjandi héraða landsins, því torfærurnar á slíkum flutningum eru nú sem stendur svo miklar, að menn sem flytja sig t. a. m. búferlum í fjarlæg hëruð neyðast til að selja alla búslóð sína fyrir það sem hún gengið getur á þeim stað, er þeir fara frá, og kaupa sér aptur allt á ný þar sem þeir flytja til; og liggur í augum uppi, að af þessu flýtur, að þeir hvorki geta fengið eigur sínar hálf-

borgaðar á svipstundu, er þeir neyðast til að selja og allt verður þeim fjarska dýrt og margt hvað ófáandi þar sem þeir flytja til, auk alls hins feykilega kostnaðar er leiðir fyrir þá af því, að ferðast langar leiðir landveg með fjölskyldu sína.

Annað atriði, er gjörir þessar gufuskipsferðir svo einkar nauðsynlegar, eru vöruflytningar kringum landið. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að engin innanlandsverzlun getur hér á komizt eða orðið að neinu liði nema með fjarskalegum kostnaði sökum vegaleysis og vegalengdar fyrri en ef slík ráðstöfun gæti á komizt sem hér er ráð fyrir gjört; og það liggur í augum uppi, að gufuskipsferðir hafna á milli hér á landi með nauðsynlegustu afurði landsins, kjöt og smjör, skreið og annað fiskifang og jarðepli mundu vera hið einasta ráð til að setja hóflegt og sanngjarnt verð á þessar vörutegundir í viðskiptum á milli landsmanna.

Líka leyfir þingið sér að leiða athygli yðar konunglegu hátignar að því, hvílíkan lættir þessar hér um ræddu gufuskipsferðir gætu veitt öllum pósthlutningum hér um land um þann hluta árs sem skipið gæti gengið, með því að flytja póstsendingarnar frá öllum aðalhöfnum landsins til Reykjavíkur, og yrði þannig sneitt hjá öllum þeim kostnaði, er langferðir póstanua hafa í för með sér um meiri hluta ársins, þar sem pósthöngur þyrftu ekki með þessu móti að vera nema frá hinum einstöku héraðum til þeirra hafna, þar sem gufuskipið kemur við á leið sinni.

Af framanskrituðum ástæðum, og um leið og þingið skýrskotar til hinna ítarlegri skýringa nm þetta mál er finnst í allraþegnsamlegastri bænarskrá frá alþingi því sem haldið var 1863, leyfir þingið sér allraþegnsamlegast (með 21 atkvæði) að bera eptirfylgjandi bænatriði fram fyrir yðar konunglegu hátign.

1. Að yðar hátign allramildilegast mætti þóknast, að bjóða stjórn yðvarri að annast um, að hæfilega stórt og hentugt gufuskip verði hið allrabráðasta fengið til að ganga sem pósthöngur umhverfis Ísland allan þann hluta ársins sem fært er fyrir ísum og óveðrum (með 21 atkv. gegn 1).
2. Að skip þetta flytji ferðamenn, vörur og pósthæf milli allra helztu hafna á landinu gegn fastákveðnu sanngjörnu verði (með 21 atkv.).
2. Að þessar innlendu gufuskipsferðir verði settar í náð og

haganlegt samband við gufuskipsferðir milli Reykjavíkur
og útlanda (með 22. atkv.).

Reykjavík 21. júlímánaðar 1865.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Sveinn Skúlason.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um konunglegt frumvarp til laga um brennivínsverzlun og
brennivínsveitingar á Íslandi. (Sbr. bls. 310).

-
1. *Nefndin*: Að alþingi ráði H. H. konunginum frá, að frumvarp
þetta nái lagagildi. Samþ. með 18 atkv. gegn 5.
 2. *Arnþjótur Ólafsson*: Að alþing ráði H. H. konunginum frá að
gjöra frumvarp þetta að lögum, en ráði aptur til þess, að nýtt
frumvarp verði lagt fyrir þingið, byggt á þessum undirstöðu-
greinum:
 - a, að í mesta lagi verði 4 sk. tollur lagður á hvern pott af
brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, svo sem rommi,
konjaki o. s. frv.
 - b, að kaupmenn telji fram undir eiðs tilboð, hve marga potta
af áfengum drykkjum þeir flytji með skipi hverju til verzl-
unar sinnar.
 - c, þyki lögstjóranum eður þeim öðrum, er hafa kynni umsjón
yfir þessu (sbr. opið bréf 28. desbr. 1836), ástæða til að
vefengja framtal manns, þá hefir hann rétt til að rannsaka
málið og skapa honum síðan upphæð tollsins, og skal fram-
teljandi gjalda kostnaðinn, ef svo reynist, að undan hafi
verið dregið, og tvöfaldan toll af því undan dregna.
 - d, að í lagafrumvarpinu standi sú grein, að það verði eigi að
lögum fyrr en fjárhagurinn sé að skilinn. Fellt með 15
atkv. gegn 5.Allt annað fallið við þessa atkvæðagreiðslu.
Frumvarpsins fyrsta grein.
 3. *Jón Hjaltalín*: á eptir orðin „þarf hær eptir“, verði sett inn
í: „fyrst um sinn“.

4. *Sami*: í staðinn fyrir »100 rd. gjald á ári« verði sett: »1000 rd. gjald á ári«.
5. *Pétur Pétursson*: í staðinn fyrir orðin: »Borgun þessi og árgjald rennur í ríkissjóðinn«, verði sett: »Borgun þessari og árgjaldi skal verja til að koma á fót nýjum stofnunum og efla nýtsamleg fyrirtæki í landinu sjálfu«.
6. Frumvarpsins 1. gr. óbreytt eða með breytingum.
Frumvarpsins önnur grein.
7. *Pétur Pétursson*: að orðin »til ríkissjóðsins« falli burt.
8. Frumvarpsins 2. gr. óbreytt eða með breytingu.
Frumvarpsins þriðja grein.
9. *Pétur Pétursson*: Orðin í 3. gr. seinustu klausu »Borgunin og árgjaldið rennur í ríkissjóðinn« falli burt.
10. Frumvarpsins 3. gr. óbreytt eða með breytingu.
11. Frumvarpsins 4. gr. óbreytt.
12. Frumvarpsins 5. gr. óbreytt.
13. Frumvarpsins 6. gr. óbreytt.
Frumvarpsins sjöunda grein.
14. *Jón Hjaltalín*: Orðið »aðra« (»alla aðra áfenga drykki«), falli burt.
15. *Sami*: Í stað orðanna, »sem búnir eru til úr brennivíni«, verði sett: »hverju nafni sem nefnast«.
16. Frumvarpsins 7. gr. óbreytt eða með breytingum.
17. Frumvarpið allt í heild sinni, óbreytt eða með áorðnum breytingum.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um konunglegt frumvarp til laga um breyting á 6. og 7. grein í lögum 15. dag aprílm. 1854 um sigling og verzlun á Íslandi (lestagjald). (Sbr. bls. 299).

1. *Meiri hluti nefndarinnar*:
að alþing beiðist þess, að frumvarpið nái ekki lagagildi. Samþ. með 19 atkv. gegn 3.
Allt annað fallið með þessari atkvæðagreiðslu.

2. *Arnþjóður Ólafsson*: Að frestað verði að gjöra frumvarpið að lögum þangað til fjárhagurinn er að skilinn.
3. *Minni hluti nefndarinnar*:
að alþing aðhyllist hið konunglega frumvarp öldungis óbreytt.
4. Frumvarpsins 1. gr. (óbreytt).
5. Frumvarpsins 2. gr. (óbreytt).
6. Frumvarpsins 3. gr. (óbreytt).
7. Frumvarpsins 4. gr. (óbreytt).
8. *Pjetur Pjetursson* (vara-uppástunga): að skotið verði inn milli 4. og 5. gr. í frumvarpinu nýrri grein svo látandi:
»Fè því, sem þannig vinnst með hækkuðu leiðarbrêfa- og lestarúmsgjaldi, samkvæmt 1. og 2. grein, skal árlega varið til að koma á fót nýjum stofnunum, eða efla nytsamleg fyrirtæki í landinu sjálfu«. Fellt með 17 atkv. gegn 5.
9. Frumvarpsins 5. gr. (óbreytt).
10. Frumvarpið í heild sinni (óbreytt eða með viðauka).

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um breyting á reglugjörð 29. ágúst 1862 fyrir Akureyri.
(Sbr. bls. 314).

1. *Meiri hluti nefndarinnar*: í stað orðanna í reglug. 29. ág. 1862 19. gr. »fyrir lok hvers marzmánaðar«, verði sett: »hina fyrstu virku daga eptir 6. júní«. Fellt með 12 atkv. gegn 9.
2. *Sami*: fyrir orðin »næsta fardaga-ár« verði sett: »það fardaga-ár«. Fellt með 11 atkv. gegn 3.
3. *Sami*: í 20. gr. fyrir orðið »maímánaðar« verði sett: »septembermánaðar«. Fellt með 11 atkv. gegn 8.
4. *Sami*: fyrir orðin í sömu grein: »á Mikjálsmessu« komi »fyrir lok nóvembermánaðar«. Fallið.
5. Hvort rita skuli konungi bænarskrá um breyting á reglug. 29. ág. 1862 samkvæmt því sem þingið hefir samþykkt. Fallið.
(*Minni hluti nefndarinnar*: að alþing beiðist engra breytinga að þessu sinni á reglug. 29. ágúst 1862).

NEFNDARÁLIT

um sveitarstjórnarlög handa Íslandi. (Sbr bls. 199).

Alþing hefir skipað oss undirskrifaða í nefnd, til að segja álit vort um bænarskrá, sem til þingsins er komin frá Gullbringu- og Kjósarsýslu þess efnis, að þingið biðji konung vorn allraþegn-samlegast um að láta sem allrabráðast leggja fyrir þingið frumvarp til endurbótar á sveitastjórnarlögum Íslands. Höfum vör rætt mál þetta með oss, og leyfum oss að kveða upp álit vort um það á þessa leið:

Eins og því vart mun verða neitað, að mörgum sveitastjórn-arathöfnum mundi verða miklu hraðar og fremur að geði sveita-bænda ráðið til lykta, en hingað til hefir átt sér stað, ef sveita-stjórnirnar sjálfar fengi meiri áhrif og verkun á málefni en verið hefir til endilegra úrslita þeirra, svo hefir og stjórn konungs vors viðurkennt, hve sanngjarnar þær óskir landsmanna séu, sem á undan förunum árum hafa verið fram bornar fyrir hana í þá stefnu, þar sem hún árið 1855 lagði fyrir þingið frumvarp til sveitastjórn-arlaga fyrir Ísland, og hefir síðan, þótt þetta almenna frumvarp af sínum ástæðum ekki hafi getað náð lagagildi, sýnt það, að henni er hugað um þetta málefni, með því að hún síðan hefir gefið Ak-ureyrar kaupstað sveitastjórnarlög fyrir sig, og ætlar nú að gjöra hið sama fyrir Ísafjarðar kaupstað, enda má það með fullum sannni viðurkenna, að hin brýnasta nauðsyn er fyrir hendi, til að gjöra einhvern enda á því fyrirkomulagi, sérstaklega á fátækramálefnum, sem nú er eftir reglugjörð 8. jan. 1834, því þó reglugjörð þessi á sínum tíma væri veruleg umbót á því, er þá átti sér stað um þessi málefni, hefir hún þó, eins og réttarbótin við hana frá 6. júlí 1848, jafnan gefið tilefni til misskilnings og ágreininga milli sveitastjórna, sýslna og amta, og sýnir það bezt hinn mikli grúi amtsúrskurða, sem árlega fellur um sveitfesti og forsorgun fátækra hér í landi, enda er og eigi allsjaldan farið þannig í kringum lög-gjöf þessa, án þess hægt sé við að ráða, að ákvarðanir hennar eigi koma að notum sem vera skyldi. Þannig munu ekki vera allfá dæmi til, að sveitarstjórnir einkum í sveitunum koma af sér ónytjungum og iðjuleysingjum, sem í sveitinni þykja miður uppbyggilegir í sjávarplázin, og jafnvel veita þeim styrk á laun við hlutaðeigandi sveitarstjórn, unz þeir hafa unnið þar sveitfesti, og

eru orðnir skyldu-ómagar sjávarhreppanna, og eins hafa sveitarstjórnirnar, til að koma af sér sveitarbyrðum gipt saman öreiga og ónytjunga, þvert á móti ákvörðunum tilskipunar 30. apríl 1824 § 10, eins og kunnugt má vera af lögstjórnarbræfi 28. febr. 1862 (sjá Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands VIII. bls. 553 og eptirf.) ekki að tala um hversu örðugt það er orðið fyrir yfirvöldin, að fá sannar upplýsingar hjá sveitastjórnunum um verustaði og veru sveitarómaga í þeim hreppum, hvar hætt er við, að þeir hafi unnið sér framfærslurétt, og hversu tregt það gengur að fá úrskurðum yfirvaldanna um endurgjald fyrir þeginn sveitarstyrk, framkvæmt, og er nefndinni kunnugt eitt dæmi upp á það, að eitt þvilíkt framfærslumál hefir verið á rekstri milli hlutaðeigandi sveitastjórna og yfirvaldsins í Suðuramtinu í 16 ár.

Nefndin telur það víst, að á þetta mundi komast betra skipulag, ef sveitarstjórnirnar fengju frjálsari ráð um hagi sveitanna, en hingað til hefir verið, og eins og hún verður að viðurkenna sveitarstjórnnum eru gefin nokkuð meiri áhrif en áður var á hagi þeirra sjálfra með tilskipun 26. maí 1863, um lausamenn og húsmenn á Íslandi, svo ætlar hún að tilskipun þessi muni í þeim efnum koma betri reglu á en verið hefir, ef vel er til gætt.

Nefndin álítur það eigi ætlunarverk sitt, að koma með neinar uppástungur um það, hversu sveitarstjórninni skuli til hagað eptirleiðis, eður um það hversu langt vald hennar eigi að ná í hverri stjórnargrein fyrir sig, með því hún verður að álíta það sem gefið, að stjórnin að nýju muni leggja hið eldra frumvarp sitt fyrir þingið, með þeim athugasemdum, sem hún finnur ástæðu til að gjöra við eldri uppástungur alþingis þar að lútandi; en það vill hún samhuga leggja til,

Að þingið biðji hans hátign konunginn sem fyrst láta leggja fyrir alþing frumvarp til reglugjörðar um sveitastjórn á Íslandi.

Reykjavík, 24. júlí 1865.

<i>Pjetur Guðjónsson,</i>	<i>Stefán Thordersen,</i>	<i>Björn Pétursson.</i>
formaður.	framsögumaður.	skrifari.

NEFNDARÁLIT

í málinu um að löggiltur verði kaupstaður í Borgarnesi við Brákarpoll. (Sbr. bls. 190).

Hið heiðraða alþing hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd til að ihuga og segja álit vort um bænarskrá þá, er til þingsins kom frá Mýrasýslu um löggildingu á nýju kaupþúni við Brákarpoll í Borgarhrepp í Mýrasýslu.

Bænarskrá þessi er undirskrifuð af 212 búandi mönnum í Mýrasýslu, embættismönnum og bændum, og sýnir það, að þetta er almennt og eindregið áhugamál sýslubúa, hvað oss virðist mjög eðlilegt, þegar litið er á allar þar að lútandi kringumstæður.

Til alþingis 1855 var frá Mýrasýslu send bænarskrá sama efnis, en sökum þess, að innsigling á Brákarpoll var þá flestum mjög óþekkt, reði nefnd sú, sem þá hafði málið til meðferðar, frá að biðja um löggildinguna, af ótta fyrir hættulegri innsiglingu, sjá alþingistiðindi 1855 bls. 451.

Þó nú Mýramenn hafi ekki síðan þar til nú sent alþingi bæn um þetta efni, vitum vér þó með vissu að þeir hafa haft vakandi áhuga og eptirlangan á því, enda þótt þeir um þetta árabíl, hafi sem sagt ekki um það beðið, sem helzt hefir orsakast af þessu þrennu: 1. vegna harðæris og ýmislegs hnekkis á búnaðinum, af ýmsum orsökum, sem ætíð dregur úr kjarki og áhuga manna í flestum eignum. 2. að nokkrir íbúar vesturhluta sýslunnar einkum í 3 hreppum, hafa rekið verzlun á Straumfirði, síðan kaupmenn fengu leyfi til að verzla þar, og 3. að nokkrir Reykjavíkurkaupmenn hafa nokkur sumur, einkum hin næstliðu, flutt vörur á Brákarpoll, og hefir það bætt úr þörfum nokkurra manna; en vegna þess, að flutningar þessir hafa reynzt hvíkulir og stundum á óhagkvæmri tíð, hafa þeir alls ekki fullnægt þörfum allra Mýramanna, með því líka fjöldamargir innbúar Borgarfjarðarsýslu hafa sótt þangað og munu sækja, ef verzlun eykst þar. Nú í sumar hafa fjögur kaupfór, meira og minna fermd alls konar vörum verzlað á Brákarpoll, og hafa þó fjöldamargir Mýramenn og Borgfirðingar orðið að ferðast hingað suður til Reykjavíkur, til að reka verzlun, og vitum vér til, að margir þeirra hafa nú eins og optar beðið af því óbætanlegt tjón, þar þeir hafa vegna illrar veðuráttu orðið að liggja hær og á Akranesi, svo vikum hefir skipt, en flestir ráðast heldur til að

fara þá leið heldur en landveg, vegna vegarins, sem bæði er langur og slæmur, nefnilega 3 þingmannaleiðir yfir bratta og grýtta hálsa, eins og kunnugir menn þekkja, og útheimtir því það ferðalag miklu fleiri hesta heldur en aðrar húsþarfir. En auk þess, sem sjóleiðin af Akranesi hefir í för með sér óbætanlegt tjón í vinnumissi og tímaspilli, þá er hún líka hættuleg, og viljum vèr alvarlega leiða athygli hins heiðraða þings að því óttalega manntjóni, sem einn á sér stað, og viljum vèr einungis minnst á þau tvö skip, sem nýlega hafa farizt á þeirri leið, (auk margra annara), nl. annað 1862 með 13 manns og hilt 1864 með 11 manns, allt úrvalsfólk, flest úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, auk mjög mikilla fjármuna, og er ekki að undra þó slíkt hreifi tilfinningar manna, um hvað vèr undir skrifaðir getum vitni borið, og sèrilagi einn okkar, og er ekki ólíklegt, að þetta atriði ásamt öðrum kringumstæðum hafi knúð Mýramenn til að framsenda þá upphaflega nefndu bænarskrá; þetta atriði mun líka hafa verið einhver sterkasta hvötin til þess, að nokkrir Mýramenn, sendu bænarskrá til alþingis 1863, um að fá Krossvík á Akranesi löggilta, sem þeir þó hafa álitit og álita enn, langtum óhagkvæmari verzlunarstað, heldur en Brákarpoll, eins og nefnd bænarskrá bendir til, því auk þess, að hún er undirskrifuð einungis af fáum mönnum í efstu hreppum Mýrasýslu, tekur hún það með herum orðum fram, því þar segir *úr því það fèkkst ekki á Brákarpolli*», sjá fyrri part alþingistiðindanna 1863 bls. 148, en allraljósast hefir þó sannast nú í 3 ár, nl., 1863, 1864, og nú í sumar, eins og áður er á vikið, hvað Brákarpollur er hentugur verzlunarstaður, og hvað afmíkil verzlun getur orðið þar, því þessi nýnefndu 3 ár, hafa þar legið um tíma 4—6 kaupför, send frá kaupmönnum í Reykjavík, með vörur til Mýramanna, og Borgfirðinga, en þó ekki fullnægt öllum, sem að sækja; að Brákarpollur sè hentugri verzlunarstaður fyrir efri hluta Borgarfjarðarsýslu, heldur en Lambhússund á Akranesi er óefað; um það vitnar líka álit nefndar þeirrar er sett var á alþingi 1863 í málið um Lambhússund, og sömuleiðis bænarskráin til konungs frá þinginu um það mál sama ár, þar sem segir,» að hægast sè fyrir alla Borgfirðinga, að sækja kaupstefnu niður á Akranes, þegar Brákarpolli sleppi»; sjá fyrri part alþingis tíðindanna 1863, bls. 264 og bls. 304; nokkrir ókunnugir menn hafa hreift því, að minni þörf sè nú að fá Brákarpoll löggiltan, fyrst nýbúið sè, að löggilda Straumfjörð. Það er nú að vísu svo, að nokkrir menn í 3 hreppum hafa

góð not af verzlun þar, eins og áður er sagt, en þetta fullnægir alls ekki þörfum allra sýslubúa, því meiri hluti sýslunnar á ómögu-legt með að færa sér í nyt verzlun á Straumfirði sökum hinna ófæru vega, sem eru á allar síður í kringum hann; því má líka nærri geta, að almenningur úr Mýrasýslu mundi ekki árlega reka alla sína verzlun í Reykjavík og ferðast þangað yfir svo hættulegan sjóveg eða torsóttan landveg, sem áður er lýst, ef hitt væri til-
tækilegt; svo og líka er verzlun á Straumfirði ekki nema litinn tíma sumars á skipum, og engar líkur til, að þar verði kauptún reist; ei heldur eru líkur til, að verzlun við Lambhússund verði svo öflug, að hún fullnægi öllum Mýramönnum, auk allra Borgfirð-
inga; enda hefir Brákarpollur flesta kosti til að bera, í tilliti til verzlunar fram yfir hina báða, sem meðal annar sèst af því, að nú í ár hafa Reykjavíkur kaupmenn sent á Brákarpoll og látið verzla þar, en ekki á Lambhússundi þó lögilt sè, og er þetta órækur þegj-
andi vottur un, að verzlun muni langtum fremur blómgast á Brák-
arpolti, sem ekki er undarlegt, því Brákarpollur liggur svo innarlega, og mitt í milli hinna blómlegustu og beztu sveita í Mýra-
Hnappadals- og Borgarfjarðarsýslum, því 13 hreppar geta á einum degi ferðast að Brákarpolti með lest; þeir eru þessir: í Mýra og Hnappa-
dalssýslum, Kolbeinsstaðahreppur, Hraunhreppur, Álptaneshreppur, Borgarhreppur, Stafholtstungur, Norðurárdalur, Þverárhlið og Hvít-
ársíða, og í Borgarfjarðarsýslu, Hálsasveit, Reykholtisdalur, Lundar-
reykjadalur, Skorradalur og Andakílshreppur.

Vegir allir að Brákarpolti úr öllum hær töldum hreppum, er alveg óbrattir, og flestallir sémilega góðir yfirferðar, eptir því sem hær á landi er um að gjöra, og nú árlega verið að endurbæta þá, samkvæmt hinni nýju vegabóta tilskipun. Vatnsföll, sem yfir þarf að fara eru þessi: 1. Hvítá, á leið þeirra úr Borgarfjarðarsýslu, sem ekki fara á skipum niður eptir Hvítá, og Borgarfirði, eða yfir hann utar, en á henni eru nægar ferjur, sèr í lagi lögferjan á Ferjukoti, og er hún á hentugasta stað fyrir alla úr þeim þremur síðast töldu hreppum, en úr efstu hreppunum má fara hvort heldur vill á vöðum eða ferjum ofar yfir Hvítá. 2. Vatnsfall er Norðurá á leið íbúanna í efri hluta Mýrasýslu og efri hluta Borgarfjarðar-
sýslu, þeirra sem fara ofarlega yfir Hvítá. Norðurá er að sönnu vont vatnsfall á vorin í leysingum, en ef ekki þyrfti að reka verzlun á einbundinni tíð, þá er hún sjaldan svo lengi ófær, að hún hindri til skaða ferðamenn, með því að á henni er gott vað á

þjóðveginum, líka eru ferjur á henni og hún gott ferjuvatn. Hið 3. vatnsfall er Langá á leið íbúa Hnappadalssýslu og vestri hluta Mýrasýslu, en hún er minna vatnsfall en Norðurá og sjaldan ófær á sumrum.

Hvað viðvikur innsiglingu, höfn og húsastæði á og við Brákarpoll, þá er nú orðin reynsla fyrir því, að innsigling er þar góð, því þó Borgarfjörður sé nokkuð langur og ekki mjög breiður, þá er það nægilegt rúm til að slaga út og inn, en vegna strauma verður að sigla inn með aðfalli en út með útfalli, ef mótvindur er. Höfnin má heita ágæt því skip geta þar legið hvort sem vill á þurru um fjöru, á slöttum, blautum leir, grjótlansum, rétt upp við land, eða á floti utar á höfninni; hún er yfirgnæfánlega rúmgóð, því eyjar, sem liggja út frá vesturlandinu utar í firðinum mynda stóra vík, sem skip geta legið á hvar sem vill; einnig hamla eyjar þessar öllum sjógangi. Pollurinn eða höfnin innan til myndast af tveim eyjum, sinni hverju megin hafnarinnar, og snýr hafnarmynnið beint að þeim áðurnefndu eyjum utar í firðinum, og er því höfnin lokuð fyrir öllum sjógangi.

Upp undan miðri höfninni er stór grasflöt á milli tveggja holta og er þar skjól af öllum áttum, og hið bezta húsastæði og nægt af hleðslugrjóti; einnig er þar skammt frá ágætt efni í jarðeplagarða, bæði hvað áhærir jarðveg og hleðslu-efni, það eru sandblendin moldarflög og grjót í kring, sem nú er til einskis notað.

Þær innlendu vörur, sem helzt yrði verzláð á Brákarpolli, og sem nú er verzláð þar, eru alls konar sveitarvörur, svo sem ull, smjör, tólg, kjöt, bæði nauta og sauða, máské nokkuð af æðardún, einnig ef búsettir kaupmenn væru þar, gætu þeir fengið mikið af fiski, því flestir búendur í fyrirtöldum hreppum láta einn eða fleiri menn róa til fiskjar á suðurnesjum um vetrarvertíðina, en ef Brákarpolls kaupmenn ættu salthús á suðurnesjum og væru þar byrgir af salti, mundu þeir geta eignazt allan þann fisk, sem viðskiptamenn þeirra hefðu ráð á, og sem þeir ekki brúkuðu til heimila sinna beinlínis.

Þegar nú til þess er lítið, að stjórnin hefir um síðast liðin rúm 20 ár löggilt 9 kaптún hér á landi, eptir bænum alþingis og þjóðar vorrar, svo að í öllum sýslum landsins, þar sem annars nokkur höfn er til, eru nú 1—4 löggilt kaптún, og allir viðurkenna, að af þessu leiði ómetanlegan hagnað og hægðarauka bæði fyrir kaupmenn og landsmenn, þá sjáum vèr ekki hvað því geti verið til

fyrirstöðu, að Brákarpollur verði löggiltur verzlunarstaður, og því fremur sem fáir eða engir verzlunarstaðir hér á landi eru betur fallnir til verzlunar, enda virðist oss að Mýrasýsla ekki hafi nú sem stendur jafnrétti við aðrar sýslur landsins í þessu efni.

Af þessum framan töldu ástæðum, samt mörgum ótöldum, álitum vèr yfirgnæfandi nauðsyn, að þessari hér umræddu bæn Mýramanna geti orðið framgengt og fullnægt. Vèr álitum það líka samkvæmt undan farinna ára meiningu og breytni stjórnarinnar, alþingis, og þjóðar vorrar, og viljum því ráða hinu heiðraða alþingi til að það sendi vorum allramildasta konungi þegnlega bænarskrá um:

Að hans hátign allramildilegast mætti þóknast að löggilda kauptún við Brákarpoll í Borgarhrepp í Mýrasýslu.

Reykjavík, dag 22. júlí 1865.

Hjálmur Pétursson. *Arnlfótur Ólafsson.* *Björn Pétursson,*
formaður og framsögumaður. skrifari.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um stofnun lagaskóla. (Sbr. bls. 324).

- A. Breytingaratkvæði *Sveins Skúlasonar* (samþykkt af nefndinni):
að í staðinn fyrir niðurlagsatriði nefndarinnar komi svo hljóðandi uppástungur:
1. að alþing biðji konung vorn um, að hann mildilegast vilji skipa svo fyrir, að lögfræðingaskóli sá, sem heitið er í allra-hæstri auglýsing til alþingis 1863 komist á hér á landi, og skóla þessum verði skipað eptir undirstöðu-atriðum kirkju- og kennslustjórnarinnar, dagsettum 28. desbr. 1863.
 2. að til þessa lagaskóla verði fyrst um sinn greiddur fjárstyrkur úr ríkissjóði eptir nákvæmari ákvörðun stjórnar Hans Hátignar, en
 3. að síðan verði lagt fyrir næsta alþing lagafrumvarp um það, hvernig fè það skuli endurgoldið ríkissjóðnum af landinu, og líka um það, hvernig kostnaðurinn til skólans framvegis skuli greiddur. (Samþ. með nafnakalli með 19 atkv. gegn 3).

Jón Guðmundsson:

»Að við lagaskólann verði þegar stofnsett forstöðumanns-embætti með 1500—2000 rd. launum. Fellt með 20 atkv.

B. *Nefndin* (sem hún hefir fallið frá):

Að alþing biðji konung, að hann allramildilegast vilji sjá svo til, að kostnaðurinn til lagaskóla þess hær á landi, sem heitinn er í allrahæstri auglýsingu til alþingis 8. júní 1863, verði fyrir fram greiddur úr ríkissjóði, og að síðan verði lagt fyrir næsta alþing lagafrumvarp um það, hvernig fæ það skuli verða endurgoldið ríkissjóðnum af landinu, og líka um það, hvernig kostnaðurinn til skólans framvegis skuli greiðast af því. Fallið við tölul. 1.

NEFNDARÁLIT

í málinu um að auka réttindi prentsmiðjunnar á Akureyri (Sbr. bls. 175).

Til alþingis komu að þessu sinni 3 bænarskrár úr Suðurmúla-, Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslum áhrærandi prentsmiðjuna á Akureyri.

Í bænarskránum úr Suðurmúla- og Eyjafjarðarsýslum er því farið á flot, að prentsmiðju norður- og austuramtsins á Akureyri sé veitt jafnrétti við landsprentsmiðjuna í Reykjavík, til að gefa út hverja þá bók, sem fyrir kemur og einstakir menn eigi hafi forlagsrétt til. En bænarskráin úr Skagafjarðarsýslu fer fram á það, að öll einkaréttindi landsprentsmiðjunnar sé af numin, og skyldi hún eigi að því búnu geta staðið jafnfætis öðrum prentsmiðjum, þá skyldi hún seld í hendur einstökum mönnum til fullkominnar eignar og umráða. Þingið fól oss, sem ritum nöfn vor hær undir, að ihuga þetta mál, og höfum vör gjört það, eptir því sem vör höfðum framast föng á, og skýrum nú hinu heiðraða þingi frá skoðun vorri á málinu á þessa leið:

Nefndinni virðist nú, að hær sé einkum tvenns að gæta, fyrst er það, hvort eigi beri brýna nauðsyn til, að tvær prentsmiðjur að minnsta kosti séu á landi hær, og hvort þær geti báðar þrífzt og orðið að tilætluðum notum; og í annan stað, hvort það sé til-

tækilegt, að halda lengur í hin fornu einkaréttindi landsprentsmiðjunnar, og hvort þau séu nauðsynleg henni til viðrhalts. Hvað snertir hið fyrra atriðið, þá ætlum vèr það hljóti að liggja í augum uppi, að ein prentsmiðja hér á landi getur eigi aðdugað öllum þeim störfum, sem þarfir vorar í bókræðislegum efnum af oss heimta á þessum tímum. Þessu til sönnunar viljum vèr geta þess, að þó svo sè, sem almennt er viðurkennt, að stjórn landsprentsmiðjunnar hér í Reykjavík sè í mjög góðu lagi, og öll prentstörf gangi þar greiðlega, þá hefði hún alls eigi getað staðið í skilum við almenning með bókaprentun, ef prentsmiðjan á Akureyri hefði eigi verið til að létta af henni ýmsum þeim störfum, sem með rætti mátti af henni heimta. Þannig hefir Akureyrar-prentsmiðjan prentað ýmislegt í þarfir hins opinbera auk blaðsins Norðanfara og ýmsra smábæklinga, sem út hafa komið við og við á Akureyri. Auk þess er það eigi lítið, sem prentað hefir verið á ýmsum tímum í Kaupmannahöfn af íslenskum bókum, og sem prentsmiðjan hér hefði getað náð í, ef hún hefði getað bætt á sig meiri störfum, en hún þegar hefir. Að vísu hefir eigi verið kvartað undan skorti á nauðsynlegum guðsorðabókum hér við prentsmiðjuna þessi síðustu ár; en það hyggjum vèr að komi öllu heldur til af því, að flestar hinar alþýðlegustu húslestrarbækur hafa verið prentaðar í Kaupmannahöfn, og að minna hefir selzt af bókum meðal almennings þessi síðustu harðindaár en áður var, heldur en afhinu, að prentsmiðjan hafi haft nægar byrgðir af tæðum bókum. Nefndin leyfir sèr að leiða athygli þingsins sèr í lagi að því, að tíminn, sem nú yfir stendur virðist tákna það, að vèr eigum og þýðingarmikið tímabil fyrir höndum. Það virðist horfa beint við, að gagngjörð bót og breyting á stjórnarháttum þessa lands og stjórnarsambandi voru við Dani eigi nú skammt í land. Þá hyggjum vèr og, að það muni vinnast áður langir tímar líða, að öll skólamenntun verði innlend, eins á hinum æðri sem lægri stigum. Við þetta mun bókmenntalíf vort taka nýja stefnu og verða fjörugra og aflmeira, en það hefir áður verið. Við það að þjóðin fær meira sjálfsforræði og frjálsara atkvæði í sínum eigin málum, vaknar hjá henni nýtt líf og nýr áhugi, sem fyrst kemur í ljós í bræfum og bóka-gjörðum um ýms efni og í ýmsar áttir. Þá hið fyrsta sennur almenningur hina miklu nauðsyn sem á því er, að hafa góð og vel rituð dagblöð og tímarit, er haldi þjóðinni vakandi og beini aðalmálum hennar í rétta stefnu. Vèr ætlum því, að sá tími sè í

nánd, ef ekki þegar kominn, að tveim prentsmiðjum verði fullfengið með að fullnægja þörfum og kröfum þjóðar vorrar í bókmenntalegu tilliti.

Hvað hinu öðru atriði viðvíkur, sem nefndinni ber að hugleiða um einkaréttindi landsprentsmiðjunnar til að gefa út ýmsar hinar eldri guðfræðisbækur, þá gjörir hún þá aðalathugasemd um öll einkaréttindi yfir höfuð, að þau eru óeðlilegt band á frjálsræði manna og gagnstæð hinni frjálslegu skoðun manna á þessari öld. Öll einkaréttindi mega álítast neyðarúræði, sem einungis er við haft, þegar um það er að ræða, að hafa fram einstök fyrirtæki, koma upp nýjum stofnunum, o. s. frv. En tíðast mun það, að einkaleyfin eru, þegar svo á stendur, bundin við víst tímabil, og að þau hverfa eptir lengri eða skemmri tíma liðinn. Sèu einkaleyfin þannig löguð, að þau skerði eða þrengi um of að andlegu frelsi manns, verða þau fyrst óþolandi og óhafandi. Einkaleyfi landsprentsmiðjunnar í Reykjavík eru þeirrar tegundar, sem síðast var getið. Þau eru eitt af þessum gömlu menjum fornrar einokunar hér á landi, enda eru þau óvinsæl og leið öllum almenningi. Og þar sem nú landsprentsmiðjan hefir í fjölda ára notið einkaréttinda sinna í næði, og stendur föstum fótum, hvað efnahag og aðrar kringumstæður snertir, þá virðist oss, að sá tími sè nú þegar kominn, að takmarka eigi einkaréttindi hennar, eða af nema þau með öllu.

Nefndin gjörir nú ráð fyrir, að þeirri mótbáru verði hreift gegn þessu, að ísjárvert sè, að stofna landsprentsmiðjunni í þann vanda, að veita annari prentsmiðju hér á landi jafnrétti gagnvart henni. Oss virðist þessi mótbára býsna léttvæg og ástæðulítill. Vèr höfum áður sýnt fram á það, að tvær prentsmiðjur muni fá nóg að starfa hér á landi, ef þær neyttu vel krapta sinna, og væru jafnréttiháar. Við það kæmist eðlileg keppni milli þeirra og afleiðingarnar mundu verða þær, að öll rittföng yrðu meira vönduð en áður við prentsmiðjurnar og bækurnar yrðu ef til vill seldar við sanngjarnara verði en ella mundi. Þessu til sönnunar er það, að síðan prentsmiðjan á Akureyri var stofnuð, hefir landsprentsmiðjan tekið miklum framförum; forlagsbækur hennar hafa lækkað í verði, og allur frágangur á prentverkinu er vandaðri en áður var. Það er því síður ástæða til að óttast fyrir forlögum landsprentsmiðjunnar, þó prentsmiðjunni á Akureyri sè veitt jafnrétti við hana hvað einkaleyfin snertir, að hún stendur samt sem áður svo miklu

betur að vígi en Akureyrar-prentsmiðjan. Fyrst er það, að efna-
hagur landsprentsmiðjunnar stendur á fastari fótum en hinnar, svo
hún getur þess vegna færzt meira í fang, þar næst situr hún fyrir öllum
prentstörfum við alþingi, sem gefur henni álitlegar tekjur annað-
hvort ár, og í þriðja lagi mun svo fara hær eptir sem hingað til,
að flestar bækur og blöð verði ritað í Reykjavík, sökum þess, að
þar er aðsetur skólans og hinna lærðustu landsmanna. Mun lands-
prentsmiðjan því sitja fyrir prentun á öllum þeim blöðum og bók-
um, sem út koma í Reykjavík, og hyggjum vör, að henni verði
fullfengið með það, þegar tímar líða. En hins vegar verður nefnd-
in að ráða þinginu frá því að fallast á bænarskrá Skagfirðinga, er
biður um, að öll einkaréttindi landsprentsmiðjunnar sé afnumin,
því þar af leiddi, að allar prentsmiðjur um allan heim mætti ó-
hindraðar prenta þær bækur, er landsprentsmiðjan þykir hafa
einkarétt til að prenta, og viljum vör því einungis binda oss við
hinar bænarskrárnar.

Af þessum ástæðum viljum vör ráða hinu heiðraða þingi til,
að senda hans hátign konunginum bænarskrá þess efnis:

Að prentsmiðjunni á Akureyri verði veitt jafnrétti við prent-
smiðjuna í Reykjavík til að gefa út allar þær íslenzkar
bækur, er enginn einstakur maður hefir prentarétt til.

Reykjavík 26. júlím. 1865.

Stefán Jónsson, Sveinn Skúlason. Arnljótur Ólafsson,
formaður og framsögumaður. skrifari.

UPPÁSTUNGA

Þingmanns Norður-Þingeyinga um þjóðhátíð í minning Íslands
byggingar.

Eins og hinu heiðraða þingi er kunnugt, hefir verið vakið
máls á því í blöðunum, að árið 1874 væri liðin 1000 ár frá bygg-
ingu föðurlands vors, og athugi landsmanna leiddur að því, hve
tilhlýðilegt það væri, að landsmenn í minning þessa hældu þjóð-
hátíð, og gjörðu eitthvað það, er gæti haldið á lopt fyrir eptirkom-
endum vorum sýnilegum votti þess, að vör Íslendingar á þessari

öld hefðum haft tilfinningu fyrir því háleita og fagra, er felst í þessum viðburði og endurminningunni um það, þegar hinn elzti ættfaðir þjóðar vorrar, hinn fyrsti landnámsmaður, Ingólfur Arnarson, skildi við eignir og óðul í Noregi, af því að hann vildi heldur taka sér hólfestu í óbyggðu og ókundu landi sem frjáls maður en þola ríki Haraldar konungs hárfagra. Það hefir og verið tekið fram að á þessari þjóðbátíð ætti bæði í ræðum og ritum að halda uppi minningu þessa viðburðar og líka reisa eitthvert sýnilegt minningarmark þessum elzta ættföður hinnar íslensku þjóðar.

En af því að ekkert slíkt verður gjört, svo að það sé samboðið virðingu þjóðarinnar, nema að töluvert fæ væri framlagt til þess, en vör Íslendingar á hinn bóginn erum fámenn þjóð og félítill, er ekki ráð nema í tíma sé tekið, þegar um eitthvað svo stórt er að ræða, að það á að gefa eptirkomendum vorum rétta hugmynd um menntunarstig vort og áhuga á alþjóðlegu máli.

Af því eg undirskrifaður álít, að ekkert liggi þjóðþingi voru nær, og fulltrúum landsmanna, en að gjörast forgangsmenn fyrir slíku máli, sem svo er samtvinnað þjóðerni voru og þjóðfrægð, þá leyfi eg mér að bera fram fyrir hið heiðraða þing þá áskorun, að það taki málefni þetta til nákvæmrar ihugunar, og leyfi eg mér að benda hinu heiðraða þingi á eptirfylgjandi atriði í þessu máli.

1. Að þingið skori á stiptamtanninn yfir Íslandi, og land- og bæjarfógetann í Reykjavík til þess að ganga í nefnd með einum manni, er þingið kys úr sínum flokki, til þess að standa fyrir málefni þessu, veita viðtöku og ávaxta fæ það, sem inn kæmi með almennum samskotum og auglýsa um það árlega reikninga.
2. Að hver þingmaður taki að sér í sínu kjördæmi, að skrifa sýslumanni, prófasti, prestum og öðrum merkustu mönnum um málið, skora á þá að gangast fyrir almennum árlegum samskotum um land allt, og senda jafnóðum tillög þau, sem innkoma til nefndar þeirrar í Reykjavík, sem um er getið í 1. gr.
3. Að fæ þessu verði síðan á sínum tíma varið, eptir nákvæm-

ari ákvörðun alþingis, til verðugrar minningar um Íslands-
bygging og hinn fyrsta ættföður vorn Ingólf Arnarson.

Reykjavík 26. júlí 1865.

Virðingarfyllst.

Sveinn Skúlason.

Felld frá nefnd með 14. atkvæðum gegn 7.

BÆNARSKRÁ

úr Vestur-Skaptafellssýslu um nýja skoðunargjörð á klaustra- og
einkum Flögugjörðum.

Ástkæru landar, alþingismenn Íslendinga!

Eins og flestum yðar, heiðruðu alþingismenn, mun kunnugt, eru nú þegar liðin rúm 100 ár síðan Skúli landfógeti Magnússon skoðaði og virti til afgangss klaustra- og Flögugarðir í Skaptafells-
sýslu; það var nokkrum árum fyrir árið 1769. Þessi skuldsetning Skúla landfógeta hefir án efa, þá þegar, þótt næsta ósanngjörn, eins og hún enn ber með sér, og óhafandi, því að á næsta 10 ára bili voru af stjórninni skipaðar 2 skoðunargjörðir, hvor af annari, sem þá hvor um sig lækkaði að miklum mun skuldsetninguna 1769. En síðan 1779, þegar þeir Magnús lögmaður Ólafsson og Jón sýslumaður Jónsson fjölluðu að lyktum um álit sitt um jarðir þessar, hefir alls engin almenn nè áreiðanleg skoðun verið gjörð á fyrr nefndar jarðir, og má þó nærri geta, hverri breytingu jarðeldurinn mikli (þ: Skaptareldurinn) 1783 hefir olluð ekki einungis á einstökum jörðum, sem helzt lágu fyrir eldsambrotunum, heldur og á öllum klaustra- og Flögugjörðum, austan Mýrdalssands. Hið eina tillit, sem tekið hefir verið til tjónsins, er leiddi af jarðeldinum frá stjórnarinnar hálfu, sem snertandi allar jarðirnar yfir höfuð, mun vera bréf rentukammersins 26. júní 1787, sem segir skoðunargjörð Skúla ómerkilega (þ: ógilda). Við þetta rentukammerbréf og hinar fyrr nefndu skoðunargjörðir hvílir nú enn í dag, að því leyti sem eins og áður er á vikið, aldrei hefir síðan verið gjörð nein almenn nè lögleg skoðunargjörð á jarðirnar. En eins og það liggur í augum uppi, að jarðir þessar

hlutu mjög svo að breytast, að landstærð og landgæðum, við jarðeldinn til hins lakara, eins er hitt ekki síður auðsætt, að það hefir hlotið að verða næsta misjafnt, að hve miklu leyti, eður hversu tiltölulega þær hafi náð sèr aptur, eptir því, sem leið frá eldgosinu, svo sumar jarðirnar bíða aldrei bætur þess skaða, er þær þá urðu fyrir, þar sem aptur aðrar bera þess nú engar menjar. Og að því slepptu, sem Skaptáreldurinn hefir að verkum gjört í bráð og lengd, með tilliti til hinna einstöku jarða, þá má nærri geta, að á jafnlöngu tímabili, og þó skemmra væri en heil öld, hlýtur að koma mjög mikil breyting á jarðirnar yfir höfuð, þar sem eins er ástatt og hér, einkum fyrir austan Mýrdalssand, að stórvötn, foksandur, eldgos, öskufall og skriður hjálpast að kalla má hvervetna og árlega til að eyðileggja og breyta landinu; enda eru nú sumar þær klaustrajarðir, sem áður og það fyrir ekki meira en 20—30 árum voru í mestum blóma, að kalla lagztar í eyði fyrir sandfoki og vatnságangi, þetta á sèr stað á vel flestum jörðum í Langholtssókn, og á nokkrum fleiri, en sumar eru af sèr gengnar af skriðum og landbroti, þar sem aðrar aptur á móti standa við í stað, og ef til vill eru þær jarðir til, sem fremur fara batnandi að landstærð eður slægjum. Þessi gjörsamlega og almenna skemmd og breyting á jörðunum, sem þó er svo misjöfn með tilliti til einstakra jarða, hlýtur nú að gjöra hina fornu skuldsetningu á þeim svo rangláta og ósanngjarna yfir höfuð, að ekki er við hana unandi, og það eykur heldur ekki all-lítið á óánægju klausturlandsetanna, með byggingu þeirra fyrir ábýlisjörðum þeirra, að öll landamerki klaustrajarðanna eru nú, eptir svo fjarskalangan tíma annaðhvort glötuð, eður svo mjög fallin í gleymsku, að umboðsmanni þeirra er ekki unnt, að gefa nein óbyggjandi skilríki fyrir landareign hverrar einstakrar jarðar, svo ábúendurnir verða að vera í fullri óvissu um hvað þeir eiga eður mega nota af landinu, já vita ekki einu sinni eptir hvað þeir gjalda.

Það mætti nú ef til vill álíta málefni þetta þess eðlis, að hið nýja jarðamat hafi gjört við þeim vankvæðum, sem að framan eru talin, en þegar betur er athugað, er auðsætt, að það getur ekki átt sèr stað, því að hvorki var það ætlunarverk jarðamatsmanna, að gjöra skoðunargjörð á jarðirnar, nè heldur að ákveða landamerki þeirra, sízt sèrstaklega fyrir hinar umræddu jarðir, heldur var, að því er vèr vitum bezt starfi þeirra fólgin í því, að *meta* hið sanna *verð* hverrar jarðar, án þess að matið hafi enn, sem

komið er, haft nokkur veruleg nè gildandi áhrif á skuldsetningu þeirra eður leigumála. Og þó nú svo hefði verið, sem vèr höfum leitt rök að, að ekki er, þá hafa klaustrajarðirnar svo mjög breytzt á þeim 15 árum, sem síðan eru liðin, að fyllsta nauðsyn væri samt sem áður á, að gjöra nýja skoðunargjörð á þær, sem gæti gjört auðveldara, að setja á þær sanngjarnan leigumála, eptir því sem þær nú eru.

Til þess að koma í veg fyrir og ráða bót á þeirri ósanngirni, ójöfnum og vankvæðum, sem vèr þannig höfum sýnt fram á, að nú á sèr stað með byggingu klaustra- og Flögu-jarða í Vestur-Skaptafellssýslu, sjáum vèr ekkert annað heillavænlegra, eður vissara, en að nefnd manna fremji hið allra fyrsta nýja skoðunargjörð á allar hinar nefndu jarðir, tiltaki nákvæmlega um leið landamerki og í-tök hverrar einstakrar jarðar, og jafnframt ákveði það afgjald er eptir landgæðum og landrymi virtist sanngjarnt, að lagt væri á hverja jörð.

Vèr erum þess fullöruggir, að þegar þær góðir bræður hafið með nærgætni og sanngirni virt fyrir yður þetta mikilsvarðandi málefni vort, að þær þá eptir ýtrustu kröptum styðjið að því, að alþingi hlutist til:

Að á verði komið á opinberan kostnað nýrri skoðunargjörð á klaustra- og Flögu-jörðum í Vestur-Skaptafellssýslu, og þar af leiðandi nýrri skuldsetningu, sem og nákvæmum landamerkjum jarðanna, svo að sem allra fyrst geti komizt á hæfilegur og sanngjarn jöfnuður á afgjald og gjaldmáta nefndra jarða.

Ritað að Leiðvelli 22. maí 1865.

(123 nöfn).

Visað forsetavegininn til hlutaðeigandi yfirvalda með 20 atkvæðum gegn 2.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu viðvíkjandi bænarskrá úr Gullbringusýslu um sveitarstjórnarlög. (Sbr. bls. 332).

Nefndin:

Að alþingi biðji H. H. konunginn sem fyrst að láta leggja fyrir þingið frumvarp til reglugjörðar um sveitastjórn á Íslandi. Samþ. með 19 atkvæðum.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu viðvíkjandi bænarskrá úr Mýrasýslu um að stofnaður verði verzlunarstaður í Borgarnesi við Brákarpoll. (Sbr. bls. 334).

Nefndin:

Að alþingi riti konungi þegnlega bænarskrá um, að Hans Hátign allramildilegast mætti þóknast að löggilda kauptún við Brákarpoll í Borgarhreppi í Mýrasýslu. Samþ. með 14 atkv. gegn 11.

Björn Pétursson, vara-uppástunga:

Að alþingi riti hans hátign konunginum bænarskrá um, að öllum innlendum fastakaupmönnum verði leyft að verzla af skipum með alls konar vörur á Brákarpoll í Mýrasýslu. Samþ. með 15 atkv. gegn 7.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu viðvíkjandi bænarskrá úr Eyjafjarðarsýslu o. fl. um aukning réttinda prentsmiðjunnar á Akureyri. (Sbr. bls. 339).

1. Nefndin:

Að alþingi sendi H. H. konunginum bænarskrá þess efnis,

að prentsmiðjunni á Akureyri verði veitt jafnrætti við prentsmiðjuna í Reykjavík til að gefa út allar þær íslenskar bækur, er enginn einstakur maður hefir prentarétt til. Fellt með 12 atkv. gegn 10.

2. *Sveinn Skúlason*: Að bætt sé við uppástungu nefndarinnar (nr. 1) þessu:

»Það er að skilja messusöngsbókina, barnalærdómsbókina, passíusálma, handbók presta og Hallgrímskver«. Fallið við tölulið 1.

NEFNDARÁLIT

um lögleiðslu danskra lagaboða.

Hið heiðraða þing hefir kosið oss, er ritum nöfn vor hér undir í nefnd, til að bera upp álit vort um það, hvort ástæða mundi til, að þingið beiðist þess, að nokkuð af lagaboðum þeim er út hafa komið fyrir Danmörku síðan alþing seinast var haldið yrði hér lögleitt, og þess vegna lagt fyrir næsta þing sem lagafrumvarp.

Vér höfum nú vandlega skoðað öll þau lagaboð, er konungsfulltrúinn í þessu skyni fékk þinginu til álita, og finnst oss, að þau öll séu svo einstaklegs eðlis, að þremur undanskildum, að eigi geti risið nein spurning um, að lögleiða þau hér. Þau 3, sem eru meira almenns eðlis, eru:

1. lög 31. marz 1864 um eptirgjörð á íþróttaverkum.

2. lög 19. apríl s. á. um eiðtöku Gyðinga, og

3. dómsmálastjórnarinnar auglýsing 31. okt. s. á., um lækkað verð á ýmsum læknislyfum; en nefndin álitur samt eigi nauðsyn á að fá, að svo stöddu, laga-ákvörðun hér á landi þess efnis, er hin 2 fyrstnefndu hljóða um, þar sem Gyðingar enn eigi hafa tekið sér hér bólfestu, nè heldur er að óttast fyrir, að eptirgjörð listaverka muni fremur hér eptir en hingað til eiga sér hér stað, meðan högum vorum í þessu efni er svo varið, sem enn er. Hvað hina nefndu auglýsingu þar á móti snertir, þá álitur nefndin að það væri æskilegt og hagfellt, að dómsmálaráðherrann mætti fá

allrahæst leyfi, áþekkt því, sem honum er gefið í kgl. resol. 1. maí 1862, cfr. auglýsingu dómsmálastjórnarinnar 12. júlí 1862 í Danmörku til að lækka verðið á ýmsum læknislyfum og lyfja-efnum hér á landi, frá því sem þau kosta eptir verðlagi (Taxt) lyfsölumannanna; og þar sem þaðanir á sauðfè á seinni árum eru farnar talsvert að tíðkast hér á landi, þá virðist nefndinni enn fremur, að nauðsyn beri til þess, að á líkan hátt yrði verðið lækkað á:

1. brenndu kalki.
2. pottösku, og
3. hjartarhornsolíu.

Af þessum ástæðum leyfir nefndin sér, að ráða þinginu til að beiðast þess allraþegnsamlegast:

Að dómsmálaráðherranum verði veitt allrahæst leyfi til, samkvæmt kgl. resol. 1. maí 1862, cfr. dómsmálastjórnar-auglýsingu 12. júlí s. á., að lækka á sama hátt og í Danmörku verðið á ýmsum sankynja læknislyfum og lyfja-efnum einnig hér á landi, og enn fremur á:

1. brenndu kalki,
2. pottösku, og
3. hjartarhornsolíu.

Reykjavík, 28. júlí 1865.

Jón Pétursson,
form. og framsögumi,

Benidikt Sveinsson.

Jón Guðmundsson,
skrifari.

NEFNDARÁLIT

um málið, að taka Reykjavík upp í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða. (Sbr. bls. 291).

Hið heiðraða alþingi kaus oss þrjá, sem hér ritum nöfn vor undir, í nefnd til að íhuga og kveða upp álit vort um uppástungu frá einum af oss, að alþingi ritaði hans hátign konunginum allraþegnsamlegasta bænarskrá þess efnis, að frumvarp það til tilskipunar, sem lagt var fyrir alþingi 1863, um að taka hús í Reykja-

víkurbæ í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða, næði lagagildi frá 1. degi aprilmánaðar 1866.

Vér höfum ihugað og rætt mál þetta með oss, og skulum nú skýra hinu heiðraða þingi frá skoðun vorri á því.

Með því þetta mál var rætt hér á þingi 1863, og þingmenn þeir, sem eigi eru því fullkunnugir, geta fengið skýringu um það í alþingistíðindunum 1863, fyrri parti bls. 41—52 og 133—139, vonumst vér þess, að vér eigi þurfum að eyða mörgum orðum að því að þessu sinni, hversu áriðandi þetta mál er fyrir framfarir og eflingu Reykjavíkur; en þetta mál snertir í rauninni eigi að eins Reykjavík eina, heldur varðar mál þetta land allt, þar sem hér er um að ræða, að verja einn hluta landsbúa fyrir afarmiklu fjártjóni, ef illa vill til, og koma margra þúsund ríkisdala fasteignum þeirra í fullt gildi og fullt verð.

Frumvarp það, sem stjórnin lagði fyrir alþingi 1863 um þetta efni, samþykkti þingið í einu hljóði með nokkrum smábreytingum, (sjá alþingistíðindin 1863, fyrri partinn bls. 147) og beiddist þess allraþegnsamlegast, að frumvarpið mætti fá lagagildi frá 1. d. aprilmán. 1864, og þar sem í 10. gr. var ákveðið, að dómsmálastjórninni skyldi á hendur falið, nákvæmar að ákveða um allt annað sem þurfa þætti, svo sem um lýsing húsanna, virðing þeirra og innskrift til ábyrgðar, heimting og borgun brunabótagjalds, o. s. frv. og þingið 1863 gekk óskorað að þessu, og stjórninni þannig var í sjálfs vald sett, að gjöra hverjar helzt ákvarðanir um þessi efni, sem henni kynni að þykja nauðsyn til bera, þá urðu allir að telja vist, að enginn tálmi yrði á útkomu lagaboðsins; enda verður meiri hluti nefndarinnar að ætla, að löggæzlustjórnin hafi bæði verið og þótt vera búin að undirbúa þetta mál svo fyllilega, að þegar alþingi hefði gengið að frumvarpinu, þá vantaði ekkert nema undirskript hans hátignar konungsins; því að stjórnin sjálf kallaði frumvarpið »frumvarp til tilskipunar«, og gaf með því í skyn, að eigi þyrfti að leita framar atkvæða annara um þetta mál, svo sem t. a. m. ríkisþings Dana; vér verðum og að líta svo á, sem þetta mál alls eigi hefði þurft að ná til atkvæða þess þings, því að stjórnin hefir sjálfsagt orðið að hafa fengið jáyrði brunabótafélags hinna dönsku kaupstaða, að taka Reykjavík í félag sitt, einmitt með þeim skilyrðum og skuldbindingum, sem voru framteknar í sjálfu lagafrumvarpinu 1863. Félag þetta hefir með öllu serskildan sjóð, sem alls eigi stendur í neinu undir yfirráðum nè atkvæði ríkisþingsins.

En þetta fór allt öðruvísi. Löggæzluráðherrann sem þá var, sendi reyndar sumarið 1864 hingað til Reykjavíkur 2 frumvörp til reglugjörða þeirra, sem um er getið í 10. grein frumvarpsins, til þess að bæjarstjórnin hér í Reykjavík og stiptamtmaður gæti sagt um þau álit sitt, og bæjarstjórnin féllst á frumvörp þessi óbreytt, og sendi þau svo aptur með síðustu gufuskipsferð í haust; en um sama leyti lagði tæður ráðherra frumvarpið til tilskipunar um, að taka hús í Reykjavík í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða, fyrir ríkisþing Dana, án þess að vèr getum séð, að þess hefði þurft við, eptir því sem áður er sagt, eða nokkur brýn ástæða væri til þess; og það virðist líka að nokkru leyti að vera viðurkennt í hinni allrahæstu auglýsingu til þessa alþingis 9. fyrra mánaðar I, 4.

Nefnd sú, sem sett var í málinu þar á þinginu, ræð frá löggildingu frumvarpsins, sökum þess, að henni þótti ýmsar skýrslur vanta um hús hér í Reykjavík, og löggæzluráðherrann, sem þá var kvaðst eigi geta gefið neina skýringu um það efni, og féll svo málið niður. Meiri hluti nefndarinnar getur nú eigi betur séð, en skýrsluleysi það, sem nefndin kvartar um, hljóti að hafa verið ástæðulaus viðbára, því að 13. dag nóvembermánaðar 1857 ritaði bæjarstjórnin hér stjórninni í Danmörku, mjög svo nákvæmlega um þetta mál, og nákvæma lýsingu á bænnum, og það bréf hlýtur þó að liggja í skjalasafni hinnar íslensku stjórnardeildar í Kaupmannahöfn, og hefði því bæði nefndinni og löggæzluráðherranum verið hægt að fá þessar skýrslur. Og þótt eigi hefðu nægar skýrslur verið fyrir hendi, var löggæzlustjórninni innanhanda, að beiðast þeirra frá bæjarstjórninni hér í Reykjavík, og til þess var nógur tími frá því stjórnin fékk álit alþingis 1863, og til þess um haustið 1864, enda hefði bæjarstjórnin hér, eins og hennar var skylda til, gefið allar þær upplýsingar svo fljótt og vel, sem auðið hefði verið. En hefði stjórninni þótt nauðsyn til bera að skipa eitthvað fyrir um, hversu húsinn skyldu vera framvegis, eða hvaða breyting á þeim skyldi gjörð, eða svo sem að líkindum var við að búast, viljað skipa fyrir um fyrirkomulag slökkviliðsins, og endurbót á slökkvitölunum og annað, sem að því efni lýtur, þá þurfti engra skýringa að leita hingað um það, því að stjórninni og brunabótafélaginu var frjálst að gjöra þær ákvarðanir um það efni, sem nauðsynlegar hefðu þótt, og á hinn bóginn varð eigi til þess ætlazt, að bæjarstjórnin hér færi að gefa neinar

skýringar af sjálfsdáðum, meðan hún eigi vissi, hverra æskt var, eða hverra þurfti, og því síður að hún færi að stinga upp á neinum ákvörðunum fyrir ókominn tíma, þar sem hún enga vitneskju fékk um, í hvaða stefnu þær ættu að vera. Í hinni konunglegu auglýsingu til alþingis núna er og svo að orði kveðið, að eigi verði meira við þetta mál gjört *nú sem stendur*, og virðist beint liggja í þeim orðum, að stjórnin líti svo á þetta mál, sem það kunni enn að eiga uppreistarvon, og engan veginn sé enn loku fyrir skotið, að það nái fram að ganga; meira hluta nefndarinnar virðist þvert á móti felast í því hvöt fyrir þingið, að endurnýja þá allraþegnsamlegustu bæn sína, að hans hátign konunginum allramildilegast vildi þóknast, að veita frumvarpi því, sem hér ræðir um, lagagildi sem fyrst. Og enda þótt meiri hlutinn eigi sjái hverjar þær skýringar eru, sem stjórnin þarf við í þessu efni, hvort heldur handa sjálfri sér, eða ríkisþinginu, ef leggja á frumvarpið fyrir það aptur, þá er það sjálfsagt, að stjórnin muni heimta þær, og þingið þurfi eigi að beiðast þess, og við verðum að óska, að hún gjöri það sem allra fyrst, svo að þetta velferðarmál Reykjavíkurbúa þurfi eigi lengur að dragast, og þeir að minnsta kosti fái fulla vissu um, og það sem allrabráðast, hvort þeir geti fengið ábyrgð fyrir húsum sínum hjá brunabótafélagi hinna dönsku kaupstaða, eða hvort þeim verði synjað um það með öllu, og þeir verði því að leita annara úrræða.

Af ástæðum þeim, sem þegar eru teknar fram, verður meiri hluti nefndarinnar því að ráða hinu heiðraða þingi til, að rita hans hátign konunginum allraþegnsamlegasta bænarskrá um :

Að hans hátign allramildilegast vildi þóknast, að veita frumvarpi því til tilskipunar, sem lagt var fyrir alþingi 1863, um að taka hús í Reykjavíkurbúkaupstað í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða, lagagildi frá 1. d. aprilmánaðar 1866, með þeim smábreytingum, sem þingið 1863 stakk upp á.

Alþingi 29. dag júlímánaðar 1862.

H. Kr. Friðriksson, Jón Guðmundsson.

formaður og framsögumaður.

ÁGREININGSATKVÆÐI.

Eg get ekki verið meðnefndarmönnum mínum samdóma um það, að þingið eigi nú að senda konungi vorum bænarskrá um þetta

málefni, eptir að ríkisþingið svo nýlega hefir gjört það apturreka, með því mér virðist það auðsætt, að þá bænarskrá mundi bera að hinum sama brunni, sem bæn og álit þingsins frá 1863. En þó eg að öllu leyti hljóti að fallast á þeirra álit um nauðsyn og nytsemi hins umbeðna, verð eg samt að álíta annan veg réttari og óhultari, má ske líka greiðari og fljótarnari til að ná því en þann, er þeir vilja fara. Það er nefnil. að ætlun minni réttast, að bæjarstjórnin í Reykjavík gegnum amtið leiti til lögstjórnarinnar með fyrirspurn um, hvers konar upplýsingar það hafi verið, sem nefndinni, er sett var í ríkisþinginu í vetur til að segja álit sitt um málið, þótti skorta; og þegar bæjarstjórnin hefir fengið að vita þetta, að hún þá sendi lögstjórninni þær upplýsingar, sem þótt hafa vanta, og biðji hana svo að setja málið á ný í hreifingu á ríkisdeginum, fyrst hún hefir fundið nauðsyn á að bera málið undir hann. Fá málið ekki framgang á þenna hátt, mun það eigi heldur vinna neitt við eintóma bænarskrá til konungs, því að í henni óttast eg fyrir að stjórnin muni sjá að eins þrákelkni eða þrábeiðni, sem um sinn gæti spillt álit þessa velferðarmáls Reykjavíkur kaupstaðar hjá henni. Eg verð þar hjá að lýsa því yfir, að úr því málið ávallt hefir átt svo örðugt uppdráttar á ríkisþingum Dana, sem kunnugt er, þá þætti mér miklu réttara, að ekki væri lengur verið að seilast eptir þeim gæðum til útlanda, sem menn, með þeim áhuga, sem Reykjavíkurbúar hafa á málinu, ættu hæglega að geta fengið hjá sjálfum sér, með því að stofna brunabætur af tillögum kaupstaðarbúa sjálfra.

Reykjavík, datum ut supra.

Pétur Guðjohnsen.

FYRIRSPURN

Þingmanns Suður-Múlasýslu til konungsfulltrúa.

Til alþingis 1859 kom bænarskrá frá þinghöfðafundi» í Norðurmúlasýslu» um betri stjórn og afnot kristfjárjarða. Var þá nefnd sett til að fhuga málið og komst þingið að lyktum til þeirra niður-

stöðu, að biðja konung um ýmsar endurbætur í þessa stefnu, sjá alþingistíðindi 1859 bls 924—926).

Í hinni konunglegu auglýsingu til alþingis 1861 er þess getið, að dómsmálastjórnin sé búin að skrifa byskupinum á Íslandi um þetta mál. En með því að mörgum mönnum í kjördæmi mínu er annnt um málið, og ætla, að það eptir svo langan tíma muni vera komið frá byskupinum til stjórnarinnar, þá var eg beðinn, áður en eg fór að heiman, að gjöra fyrirspurn til konungsfulltrúa um, hvað málinu liði, svo framarlega sem þess væri ekki getið í hinni konunglegu auglýsingu til þessa þings.

Nú með því að stjórnin ekki hefir minnzt á þetta kristfjárjarðamál síðan 1861, svo mér sé kunnugt, leyfi eg mér að mælast til að hinn hæstvirti konungsfulltrúi vildi gefa þær upplýsingar, þessu máli viðvíkjandi, sem stjórnin ef til vill hefir gefið honum.

Reykjavík, 29. júlím. 1865.

Björn Pétursson.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um dönsku lagaboðin. (Sbr. bls. 348).

-
1. Að alþing beiðist þess allraþegnsamlegast:
að dómsmálaráðherranum verði veitt allrahæst leyfi til, samkvæmt kgl. tilsk. 1. maí 1862 cfr. dómsmálastjórnarinnar auglýsingu 12. júlí s. á., að lækka á sama hátt og í Danmörku verðið á ýmsum samkynja læknislyfum og lyfjaefnum einnig hér á landi, og enn fremur á
 1. brenndu kalki,
 2. pottösku og
 3. hjartarhornsolíu. Samþykkt í einu hljóði.
 2. Sama: orðin í uppástungunni nr. 1: «konungl. resol. 1. maí 1862 cfr. dómsmálastjórnarinnar auglýsingu 12. júlí s. á.» breytist þannig: «konungl. tilskipun 12. júlí 1862 og dómsmálastjórnarinnar auglýsing s. d.». Samþ. í einu hljóði.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um, að Reykjavík verði tekin í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða. (Sbr. bls. 349).

1. *Meiri hluti nefndarinnar*: að alþingi riti H. H. konunginum allra-þegnsamlegasta bænarskrá um:

að H. H. allramildilegast vildi þóknast að veita frumvarpi því til tilskipunar, sem lagt var fyrir alþingi 1863, um að taka hús í Reykjavíkur kaupstað í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða, lagagildi frá 1. d. aprílmánaðar 1866, með þeim smábreytingum, sem þingið 1863 stakk upp á. Samþ. með 20 atkv.

Allt annað fallið við 1. tölulið.

Minni hluti nefndarinnar (Pétur Guðjónsson):

að alþingi sendi enga bænarskrá um þetta mál.

2. *Vara-uppástunga síra Eiríks Kúlds*:

að alþingi vísi máli þessu forsetavegin til dómsmálaráðgjafans, með meðmælingu sinni.

3. *Vara-uppástunga Dr. Hjaltalíns*:

að þingið vísi máli þessu forsetavegin til stiptamtmanns með meðmælingu sinni.

UPPÁSTUNGA

þingmanns Snæfellinga o. fl. um toll af brennivíni.

Eins og það liggur ljóst fyrir hverjum þeim, sem hugsar um hagi Íslands og þekkir tekjuskort þess til að koma nokkru því til leiðar, landinu til framfara og viðreisnar, er fæ þarf til, eins má honum þykja sjálfsagt, að full og brýn nauðsyn sé til að leita að einhverjum þeim tekjustofni þaðan sem fæ geti fengizt hinu áminnsta augnamiði til framkvæmdar, án þess þó að landsmönnum sé um of íþyngt, eður að nýir tollar sæu lagðir á fjárstofna þá í landinu, sem þegar hafa nóg að bera.

Að vísu er oss nú af hálfu stjórnarinnar gjörður kostur á, að fjárhagur vor verði aðskilinn frá Danmörku, og oss gefið for-

ræði fyrir fè voru, svo það kynni í fljótu bragði að virðast svo sem hagur vor bráðhendis mundi þannig breytast, að eigi bæri brýna nauðsyn til að skerast í mál þetta að svo stöddu, eða leita að nýjum tekjustofni, fyrr en fjárhagsaðskilnaðurinn er kominn á. En það er bersýnilegt, að stjórnin sjálf lítur á þetta mál eins og vèr, því um leið og hún gefur oss kost á fjárhagsaðskilnaðinum, þá leggur hún 2 frumvörp fyrir þingið, sem benda á 2 nýja tekjustofna, sem sè aukið lestagjald og nýjan toll á áfenga drykki.

En að þingið að þessu sinni gat eigi fallizt á tæð frumvörp stjórnarinnar, kom og eigi til af því, að það væri eigi samdóma stjórninni í því, að landið þyrfti þess fjár með, sem þannig gæti fengizt, heldur af hinu, að bæði þótti fyrirkomulag tolla þessara óhagkvæmt, og einkum þó sökum þess, að gjald þetta átti að renna inn í ríkissjóðinn, sem stjórnin ekki á ráð yfir, nema með samþykki ríkisdagsins, og þótti því tvísýnt, að fè þessu yrði varið til þess, er landsmenn helzt óskuðu. Þar sem nú málið þannig strandaði á þinginu á þessum skerjum, en alls ekki á tregðu landsmanna að leggja á sig tolla sèr til framfara, þá finnum vèr oss knúða til að stinga upp á því, að tollur sè lagður á brennivín og alla áfenga drykki, svo sem þann eyri, er þar til sè hæfilegastur, þannig: að á hvern pott af brennivíni sèu lagðir 6 sk. og 16% á aðra áfenga drykki, hverju nafni sem nefnast. Fè það, er þannig fengist, skyldi renna í sérstakan sjóð, og því eingöngu varið af hans hátign konunginum eptir tillögum alþingis landinu til viðreisnar.

Vèr álitum þess ekki þurfa að gjöra uppástungu um það, hvernig fè þessu skyldi stjórna, hvað innheimtu tollsins snertir, útborgun fjárins, o. s. frv., þar eð oss virðist að eigi bezt við, að stjórnin legði fyrir næsta alþing frumvarp um þetta efni í heild sinni. Að eins látum vèr þess getið, að oss virðist að þetta fyrirkomulag ætti að eins að vara þangað til, að fullur aðskilnaður yrði á fjárhag Íslands og konungsríkisins Danmerkur.

Samkvæmt því, sem þegar er sagt, leyfum vèr oss að stinga upp á því við hið heiðraða þing, að það biðji þegnsamlega um:

1. Að tollur verði lagður á brennivín það, sem hingað flyzt til landsins, 6 sk. á hvern pott, og sömuleiðis 16% tollur á aðra hingað flutta áfenga drykki, eptir verði þeirra hær, hverju nafni sem nefnast.
2. Að fyrir næsta þing verði lagt frumvarp um innheimtu og stjórn þessa tolls m. m., og

3. Að þetta fyrirkomulag, sem þannig yrði ákveðið, standi að eins, unz fjárhagsaðskilnaður Íslands og Danmerkur er fullkomlega á kominn, og hin eptirvænta stjórnarbót allra-mildilegast veitt.

Reykjavík, 31. júlí 1865.

Sveinn Níelsson. Jón Pétursson. Benidikt Sveinsson.

Arnþjótur Ólafsson.

Felld frá nefnd með 13 atkv. gegn 6.

ALITSSKJAL

til konungs í málinu konungl. frumvarp um brennivínsverzlun og brennivínsveitingar. (Sbr. bls. 329).

Fulltrúi yðar konunglegu hátignar lagði af hendi stjórnarinnar fyrir alþingi þetta frumvarp til laga um brennivínsverzlun og brennivínsveitingar á Íslandi, til þess að þingið segði um það álit sitt.

Þingið kaus fimm manna nefnd til að íhuga málið, og ræddi það síðan, svo sem lög bjóða á tveimur aðalfundum sínum, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast að skýra frá skoðun sinni á máli þessu svo sem nú skal greina.

Þingið getur eigi annað en játað það fúslega, að sannlega eru ástæður þær margar og merkar, sem til þess eru, að leggja fremur öllu öðru toll á brennivín það og aðra áfenga drykki, sem slutt er hingað til landsins. Þingið játar það gjarnsamlega, að landið muni engum framförum taka nè geta tekið, nema því að eins, að landsstjórnin skerist í málið, og eigi að eins skipi fyrir um ýmislegt, heldur og leggi fè til margra nýrra stofnana og endurbóta, sem eigi verður ætlazt til að landsbúar hafi sambeldni til að koma á af eigin rammleik eða af sjálfsdáðum. En til þess, að landstjórnin geti lagt fè fram til nokkurra verulegra endurbóta, verður eigi hjá því kom-izt, að leggja tolla á landið, annaðhvort beinlínis eða óbeinlínis. Og þegar um nýjar álögur væri að ræða, var þingið einhuga á þeirri skoðun, að enginn hæfilegri gjaldstofn væri til en brennivínið og aðrir áfengir drykkir, enda kom það og fram í umræðum þessa máls, að ef sá tollur væri haganlega á lagður og nógu mikill, mundi

mega fá talsvert fê upp úr honum, þegar litið er á, hversu mikið flyzt til landsins af þessum varningi, eptir verzlunarskrám þeim, sem dómsmálastjórnin hefir fengið, og getið er um í ástæðunum fyrir frumvarpi því, sem lagt var fyrir þingið. Þingið verður og að játa, að fyllsta ástæða er til að gjöra sem beztar ráðstafanir til að sporna gegn hinni óhóflegu nautn þessara drykkja, sem hér á sér stað, einkum við sjávarsíðuna; því að þeir eru hinir skaðvænustu af öllum munaðarvörum, með því óhófleg nautn þeirra eigi að eins dregur beinlínis mikið fê út úr þessu hinu fátæka landi, heldur og óbeinlínis spillir velmegun landsbúa, og það sem er enn verra, siðgæði þeirra og sómatilfinningu. Þingið verður því að játa, að þegar þessi tollálaga er skoðuð frá þessari hliðinni, þá sê full ástæða til hennar, og gjaldstofninn hinn hæfilegasti. En það voru aðrar ástæður sem þingið eigi gat gengið fram hjá gegn tollinum að þessu sinni, og er það einkum ásigkomulag það, sem enn er á sambandinu millum Íslands og konungsríkisins, og sumpart það, hversu ætlazt er til eptir frumvarpinu, að tollurinn yrði á lagður, og skal þingið nú allraþegnsamlegast leyfa sér að skýra yðar konunglegu hátign frá skoðun sinni, einkanlega á þessum tveimur atriðum.

Þegar litið er á samband Íslands og Danmerkur nú sem stendur, og vald alþingis, þá getur þingið eigi betur sêð, en að það sê næsta óhentugur tími til að leggja nýja skatta á landið, hvort heldur beinlínis eða óbeinlínis. Þetta er einkanlega svo ísjárvert, meðan ekki er útkljáð um fjárhagssamband Íslands og Danmerkur. Vald yðar konunglegu hátignar er enn að réttinum til óbundið að því er Ísland snertir, nema að því einu sem tilsk. 8. marz 1843 á kveður; alþingi er enn að eins ráðgefandi þing, en hefir enn ekkert ákveðið vald fengið til skatta-álögu, nè heldur fullt atkvæði yfir því fê, sem landsbúar leggja fram. Á hinn bóginn hafa Danakonungar afsalað sér einveldi sínu í Danmörku, og eru því bundnir af atkvæði ríkisdagsins, og af því leiðir, að öll þess konar lagaboð er snerta fjárhagsmálefni eru lögð fyrir ríkisþing Dana til samþykkis, enda þótt þau snerti Ísland eitt; meðan því fjárhagssamband Íslands og Danmerkur er óútkljáð og fê Dana og Íslendinga rennur allt í einn sjóð, og ríkisþingið ræður öllum tillögunum og alþingi eigi hefir fengið meira vald, en það enn þá hefir, er það auðsætt, að það er eigi alþingi Íslendinga, með samþykki yðar konunglegu hátignar, sem leggur tollana á, heldur er það ríkisþing

Dana, sem þó eigi hefir neinn atkvæðisrétt að lögum í þeim málum, er varða Ísland eitt. Allt öðru máli hefði verið að gegna, ef þessar hinar nýju toll-álögur hefðu átt að ganga í sjóð sèr, og þeim átt að verja til sèrstakra þarfa Íslands eptir atkvæði alþingisins eins; þá mundi þingið með fúsu geði hafa gengið að þessum álögum. En alþingi gat eigi fundið ástæðu til að sleppa þeim rétti sínum, sem eptir eðli sínu er svo augljós, og það eigi getur sleppt sem fulltrúalping þessa lands, og á hinn bóginn gat það eigi treyst því, að neinn árangur yrði, þótt það nú færi að biðja um eða áskildi sèr fullt atkvæði um það, hversu þessu fè væri varið, svo lengi sem það eigi fær fullt löggjafarvald í öllum innlendum málum.

Þegar þingið á hinn bóginn lítur á, hversu þessari toll-álögu er hagað eptir ákvörðunum frumvarpsins, þá virðist álögunni eigi svo haganlega fyrir komið, eða hún á lögð eptir þeim grundvallarreglum, að hún gæfi af sèr neinar verulegar tekjur, þegar til framkvæmdarinnar kæmi, og hefði því þingið orðið að búa til nýtt frumvarp eptir allt öðrum grundvallarreglum.

Þinginu virðist það auðsætt, að eigi tollurinn að gjöra brennivín og aðra áfenga drykki svo miklu dýrari en nú er, að dýrleikinn einn dragi úr brennivínskaupum landsmanna, þá verði tollurinn að vera talsvert hærri, en frumvarpið ætlast til; því að eptir því, sem þar er gjört ráð fyrir, að tollurinn yrði 9—10 þúsundir ríkisdala, þá yrði álagan að eins 1½ sk. að meðaltölu á hvern pott vínfanganna, þótt allt kæmi til skila, og er auðsætt, að slík álaga, þótt hún kæmi jafnt niður á alla verzlunarmenn, mundi að engu tálma óhóflegri nautu brennivíns. En auk þess, að tollurinn yrði helzt til litill, til þess að hafa þau áhrif, sem frumvarpið ætlast með fram til, að draga úr ofdrykkju, þá verður þingið og að ætla að tekjurnar af honum mundu í reyndinni verða miklu minni, en í frumvarpinu er ráð fyrir gjört; því að þar sem í frumvarpinu er sagt, að 1—2000 rd. muni fást fyrir leyfisbréf til brennivínsveitinga, og upp úr árgjaldi því, sem leggja ætti á brennivínsveitingar, þá þykist þingið með vissu geta sagt, að enginn maður muni hèr á landi kaupa slíkt leyfisbréf, nema einn maður hèr í Reykjavík og, ef til vill, 1 á Ísafirði og annar á Akureyri; því að hèr á landi eru engir veitingamenn, og engar líkur til, að þeir muni verða upp til sveita, að minnsta kosti fyrst um sinn. Það er eigi síður Íslendinga að selja ferðamönnum greiða, og landið svo strjálbyggt,

og gestkvæmd svo lítil á hverjum einstökum stað, að þótt einhver búandi vildi byrja á því, að veita mönnum greiða gegn borgun, þá gæti hann þó með engu móti unnið það til, að kaupa leyfisbréf til brennivínsveitinga, því að borgun þess og árgjaldið yrði meira en það, sem hann seldi af brennivíni, og því síður ætlar þingið, að landið fái nokkrar tekjur af brennivínsveitingum hér á landi, þar sem kaupmönnum er leyft, eptir 1. gr. frumvarpsins, að selja brennivín í svo litlum skömmtum, sem vera skal, og hver getur því keypt hjá þeim, og neytt þess hvar sem vera skal, nema að eins í búðinni hjá þeim. Þingið er því með öllu sannfært um, að tekjugrein þessari megi með öllu sleppa úr áætluninni, nema í hæsta lagi svo sem 50—150 rd., sem veitingamenn á hinum 3 kaupstöðum landsins kynnu að gjalda.

Líkt færi og um afgangið af brennivínssölunui, að það yrði talsvert minna, en frumvarpið gjörir ráð fyrir. Þar sem í frumvarpinu eru taldir 60 kaupmenn hér á landi, og hver þeirra muni kaupa leyfisbréf til brennivínssölu, og við það muni fást um 6,000 rd., og lausakaupmenn muni greiða um 2,000 rd., þá ætlar þingið vist, að þetta mundi fara allt öðruvísi, þegar til reyndarinnar kæmi. Því að þegar allir kaupmenn eiga að gjalda jafnt, hvort sem þeir hafa mikla verzlun eða litla, hvort sem þeir selja 10 tunnur brennivíns eða 100, þá virðist það liggja í augum uppi, að gjaldið kemur ójafnt á, og að smákaupmennirnir eigi geta selt við sama verði og hinir stærri; því að þeir, sem mikla verzlun hafa, finna alls eigi til slíkrar álögu, og geta selt brennivínið jafnódyrt eptir sem áður, eða þá lagt þetta gjald á aðrar vörur, svo að enginn verði þess var; en það geta eigi smákaupmennirnir gjört, og af því leiðir þá, að þeir verða að hætta allri brennivínsverzlun, og jafnvel allri verzlun yfir höfuð, eptir því sem hér hagar, og þannig kemst brennivínsverzlunin í hendur einstökum mönnum, án þess þó, að þeir gjaldi meira fyrir það. Og þar sem tveir eða fleiri kaupmenn eru á sama staðnum, og standa jafnt að vígi, er mjög hætt við, að þeir reyni til með einhverju móti, að koma sér saman um brennivínssöluna sín á milli, svo að eigi verði nema einn, sem gjaldi fyrir brennivínssöluna á hverjum verzlunarstaðnum fyrir sig, til þess að spara útgjöldin, án þess að það verði verzlun þeirra til nokkurs hnekkis. Þingið ætlar því, að þótt kaupmenn séu um 60 hér á landi nú sem stendur, þá séu mikil líkindi fyrir, að af þeim muni að eins verða svo sem 26—30, sem greiði nokkuð fyrir

brennivínssöluna. Eiginlegir lausakaupmenn eru nú sem stendur fáir hér á landi; en sama mundi þó raunin verða um þá, eins og fastakaupmennina, að gjaldið frá þeim mundi langtum minna en ætlaðt er á í frumvarpinu, svo að þegar til heimtingarinnar kæmi á þessu gjaldi fyrir brennivínssölu og brennivínsveitingar, ætla þingið víst, að það mundi eigi reynast meira, en svo sem 3000 rd. eða rúmlega það. Þegar því ástæðurnar breyttust og alþingi gæti gengið að þessum tolli, þá ætlaði þingið, ef þetta gjald ætti að verða nokkuð verulegt, og eigi verða til hnekkis sumum verzlendum, að gjaldið þá ætti að leggja á eptir því, hversu mikið hver kaupmaður seldi, eða eptir pottatölu, og var það tekið fram á þinginu, að þetta gjald mætti alls eigi minna vera en 4 sk. af hverjum potti, og jafnvel að það ætti að vera 8 sk., og að þessi tollur yrði heimtur eptir sömu reglu og tíundin, og lagaboð það, sem kæmi út um slíkan toll, yrði að styðjast við þenna grundvöll; því að annars mundi gjaldið bæði verða lítið, og koma misjafnt niður.

Af framanskriðuðum ástæðum leyfir þingið sér því allraðegnsamlegast með 18 atkvæðum gegn 5 að beiðast þess:

Að frumvarp það til laga um brennivínsverzlun og brennivínsveitingar á Íslandi, sem lagt var fyrir þingið, nái eigi lagagildi.

Reykjavík, 31. dag júlím. 1865.

Allraðegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. H. Kr. Friðriksson.

ÁLITSSKJAL

til konungs í málinu: Konunglegt frumvarp um lestagjald. (Sbr. bls. 330.)

Fulltrúi yðar konunglegu hátignar lagði fyrir alþingi að þessu sinni frumvarp til laga um breytingu á 6. og 7. grein í lögum 15. dag aprílm. 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi.

Þingið tók mál þetta til lögboðinnar meðferðar, kaus þriggja manna nefnd til að íhuga málið og kveða fyrst upp um það álit sitt, ræddi það síðan á lögboðinn hátt á tveimur aðalfundum, og

leyfir sèr nú allraþegnsamlegast, að skýra yðar hátign frá skoðun sinni á málinu svo sem nú skal greina:

Þingið verður að vera á þeirri skoðun, að nú sè mjög óhentugur tími til, að leggja nýja tolla á landið vegna þess, að enn er óútkljáð um fjárhagssamband Íslands og Danmerkur, og hefir þingið þegar allraþegnsamlegast leyft sèr að bera fram ástæður sínar fyrir þeirri skoðun sinni í allraþegnsamlegasta álitsskjali sínu um frumvarp til laga um brennivínssölu og brennivínsveitingar á Íslandi, og leyfir sèr allraþegnsamlegast í því efni að skýrskota til þess. En auk þess eru aðrar sèrstaklegri ástæður, sem þinginu virðast vera gegn því, að íþyngja verzluninni yfir höfuð með tollálögum nú um þessar mundir. Það eru að eins liðin 11 ár, síðan verzlun lands þessa var losuð við þau hin óeðlilegu bönd, sem á henni höfðu legið um langan aldur, og dregið úr henni allt fjör, og hefir því enn eigi náð því afli, sem vonanda er að hún nái, þegar hún hefir náð nokkurri festu í sinni eðlilegu rás; en ef nú þegar ætti að fara að íþyngja hinni frjálsu verzlun með nýjum álögum, þegar hún fyrst er farin að bera ávöxtu, mundi það ef-laust verða henni til mesta hnekkis í framförinni og veikja um of þetta litla fjör, sem í hana er komið á hinum síðustu árum.

Af þessum sökum virðist þinginu mjög ísjárvert, að íþyngja verzluninni yfir höfuð, eða leggja tolla á allan varning, hvort heldur væri nauðsynjavörur eða munaðarvörur, en það yrði þó svo eptir frumvarpi þessu, enda kæmi tollurinn mjög ójafnt niður, ef sama gjald ætti að hvíla á skipinu eptir lestatali, hvort það flytti t. a. m. steinkol, timbur, salt og annan þess konar varning mest megnis eða munaðarvöru eina og þá vöru, sem miklu verði næmi, enda er það líka viðurkennt af stjórnarinnar hálfu í ástæðunum fyrir frumvarpinu. Lestagjald er og þess eðlis, að það á að þingsins skoðun að vera sem minnst að auðið er, og þeirri skoðun hefir þingið áður fylgt, þegar það hefir rætt verzlunarmálið. Auk þess verður þingið og að geta þess, að ástæður landsins eru nú sem stendur eptir hin undan förnu hörðu ár þannig, að óráðlegt virðist, að leggja nokkurn nýjan toll á nauðsynjavörur þær, sem til landsins verða fluttar, og sèst það ljósast af þeim bænarskrám, sem hafa komið frá landsmönnum bæði um uppgjöf á skyldugjöldum og um lán og hjálp frá stjórninni.

Af framantöldum ástæðum leyfir þingið sér allraðegnsamlegast, að beiðast þess með 19 atkvæðum gegn 3:

Að frumvarp það, sem hér ræðir um, nái ekki lagagildi.

Reykjavík 31. júlí 1865.

Allraðegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Eiríkur Kúld.

BÆNARSKRÁ

til konungs um lagaskóla. (Sbr. bls. 338).

Til alþingis kom að þessu sinni bænarskrá frá almennum fundi á Kollabúðum í Barðastrandarsýslu þess efnis, að þingið allraðegnsamlegast beiðdi yðar konunglegu hátign allramildilegast að skipa svo fyrir, að sem fyrst verði settur á stofn kennsluskóli handa lögfræðinga-efnum á Íslandi, samkvæmt konunglegri auglýsingu til þingsins 1863, og bréfi kirkju- og kennslustjórnarinnar 18. des. s. á., og því meðfylgjandi undirstöðu-atriðum um fyrirkomulag á nefndum skóla, þess er jafnframt beðizt, að skóli þessi yrði stofnsettur, ef mögulegt væri, ekki síðar en á næstkomandi vori, og að kostnaðurinn til hans verði að minnsta kosti fyrst um sinn til bráðabyrgðar og þangað til fjárhagsmálefni Íslands er komið í kring, borgaður af rikissjóðnum; en skyldi því ekki geta orðið framgengt, þá að hann verði greiddur til bráðabyrgða úr einhverjum sjóði landsins.

Þingið kaus þriggja manna nefnd til að íhuga þetta mál, og kvað sú nefnd upp álit sitt um það, en alþing ræddi það síðan á tveimur aðalfundum, eins og lög standa til, og leyfir þingið sér nú allraðegnsamlegast að bera upp fyrir yðar konunglegu hátign álit sitt og bænir á þessa leið:

Með þakklæti viðurkennir þingið þá landsföðurlegu umhyggju yðar háðsæla fyrirrennara, er lýsir sér í auglýsingu til alþingis 8. júní 1863, með því þar svo skýrt er tekin fram sú mildilega ósk konungsins, að uppfylla þegnsamlega bæn alþingis, er það hafði endurnýjað optar en einu sinni, að kennsla handa lögfræðinga-efnum kæmist hér á fót, sem fyrst að verða má; það kom þess vegna

þinginu mjög á óvart, er það fékk að vita með auglýsingu yðar konunglegu hátignar 9. júní þ. á. að frekari ráðstafanir um stofnun þessa lagaskóla hafi ekki enn orðið gjörðar, fyrir því að mál-efnið um fjárhag Íslands og samband þess við konungsríkið er enn þá óútljád; því þó að þingið frá sínu sjónarmiði geti ekki séð neina verulega fyrirstöðu í þessu atriði, þá verður það þó að skilja þenna boðskap svo, að ríkissjóðurinn teljist undan, að taka að sér þann kostnað, er leiðir af lagaskólanum. En eigi að síður getur þingið engan veginn skilið þenna boðskap svo, að heityrði það, sem yðar hásæli fyrirrennari gaf þjóð vorri í allramildustu auglýsingu sé þar með í minnsta máta skert.

Þingið getur þannig alls ekki dregið í hinn minnsta efa, að hið konunglega heityrði standi fast og að það sé eigi síður ósk yðar konunglegu hátignar, en yðar hásæla fyrirrennara, að skóli þessi komist á, svo framarlega sem fè fæst til hans. En þegar þingið á að vísa á fè til stofnunar þessarar, svo að skólinn sem fyrst geti tekið til starfa, þá verður það allraþegnsamlegast að benda yðar hátign til, að það hefir ekki enn fengið neitt atkvæði í fjárhagsmálefnum og fjárstjórn landsins, þó þessa hafi opt verið beðizt. Það virðist því ekki geta með sanngirni orðið heimtað, að alþing nú sem stendur, skuli geta vísað á, hvar taka ætti hér í landi fè þetta, meðan málefnið um fjárhag landsins ekki er komið í kring, og sjálfsforræði alþingis í fjárhagsmálefnum þess. En þingið verður jafnframt fyrir hvern mun að álíta það mjög svo á-riðandi, að skóli þessi komist sem fyrst á; og þegar það jafnframt lítur á það, að fjártillag það, sem hér ræðir um, ekki er mjög mikið, getur það alls ekki efazt um, heldur telur víst, að yðar konunglega hátign muni finna nægar ástæður til, að hlutast til um að ríkissjóðurinn láti til fè þetta um sinn, og að það verði síðan endurgoldið af landsins hálfu.

Þingið álítur það nauðsynlegt í þessu skyni, jafnframt því og það nú biður um fè til stofnunar þessarar úr ríkissjóðnum, að biðja um að lagt verði fyrir næsta þing frumvarp um, hvernig fè þetta skuli endurgoldið ríkissjóðnum aptur af landinu og eins um það, hvernig kostnaðurinn til skólans framvegis skuli greiddur.

Eptir framan sögðu leyfir alþingi sér allraþegnsamlegast, (með 19 atkvæðum gegn 3) að bera þá bæn fram fyrir yðar konunglegu hátign, að yðar hátign mætti þóknast mildilegast að skipa svo fyrir:

1. Að lögfræðingaskóli sá, sem heitið er í allrahæstri auglýsingu til alþingis 1863, komist á hær á landi, og skóla þessum verði skipað eptir undirstöðu-atriðum kirkju- og kennslustjórnarinnar, dagsettum 28. des. 1863.
2. Að til þessa lagaskóla verði fyrst um sinn greiddur fjárstyrkur úr ríkissjóði eptir nákvæmari ákvörðun stjórnar yðar hátignar.
3. Að síðan verði lagt fyrir næsta alþing lagafrumvarp um það, hvernig fê það skuli endurgoldið ríkissjóðnum af landinu, og líka um það, hvernig kostnaðurinn til skólans framvegis skuli greiddur.

Reykjavík, 3. ágúst 1865.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Eiríkur Kúld.

NEFNDARÁLIT

í málinu um trjáplöntun. (Sbr. bls. 317).

Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss, sem hær ritum undir nöfn vor, til að segja álit vort um »uppástungu um skógarrækt og trjáplöntun«, er upp borin var á þinginu af hinum 3. konungkjörna þingmanni, justizr. Dr. Hjaltalín. Eptir að vær vandlega höfum íhugað og rætt þetta mál, leyfum vær oss virðingarfyllst, að láta í ljósi álit vort um það á þessa leið.

Eins og vær ekki getum annað en álitid það mjög nauðsynlegt, að almenningur hefði fyrir sér skýrar og ljósar reglur um það, hvernig viðhalda og auka megi birkiskóga vora, þannig verður nefndin að álíta það mjög æskilegt, að alvarlegar tilraunir yrðu gjörðar með trjáplöntun hær á landi; því eins og það liggur í augum uppi, að trjáplöntun, ef hún heppnaðist, hlyti að verða til hinna mestu nota, þannig verðum vær einnig að álíta, að trjáplöntun, réttilega byrjuð og áframhaldin, ætti að geta tekizt hær á landi; því bæði er það, að hær er nægt landrými og nógur jarðvegur, og líka er það alkunnugt, að meðalhiti lands þessa er talsvert hærri, en sumra hinna norðlægu landa, þar sem trjávöxtur,

eins og kunnugt er, hefir hingað til viðhaldizt í bezta lagi. Í uppástungunni er þess og getið, að þær lítilfjörlegu tilraunir, sem gjörðar hafa verið hér á landi, hafi óneitanlega sýnt, að trjávöxtur muni hér geta átt sér stað með nákvæmri og góðri þössun, og nefndin verður að álíta, að þar sem trjáplöntun hefir komizt á góðan veg hjá einstöku mönnum, og að eins fallið niður við fráfall þessara manna, þá muni naumast geta verið vafi á því, að hún hljóti að geta náð stöðugum viðgangi, ef að hið opinbera, eður stjórnin tæki málið að sér, og veldi þessu til framkvæmdar fróða og duglega menn, sem sé þá, er vanir væru trjáplöntun á þeim stöðum sem líkastir væru landi voru að lands- og loptslagi, t. a. m. jökku heiðunum og með fram Vesturhafinu.

Nefndin vill því samhuga leggja það til, að þingið gefi þessu máli góðan gaum; og þar sem hún að öðru leyti getur skýrskotað til uppástungunnar um ítarlegri upplýsingar, málinu viðvíkjandi, leyfir hún sér að geta þess, að hún ekki eins og uppástungumaður hefir farið fram á, vill binda bæn sína um ferðir »forstmannsins«, við nokkurt einstakt hérað, heldur allt landið. Nefndin vonar, að hið heiðraða þing ekki láti sér þetta mál í léttu rúmi liggja og er einnig fullörugg um, að ef þingið tekur vel undir málið, þá muni stjórnin, sem svo þráfaldlega hefir áður sýnt, að henni væri annnt um framfarir vorar, með því ótilkvödd að senda hingað vísindamenn í landsins þarfir, ekki nú, af alþingi tilkvödd, láta sitt eptir liggja.

Af fyrirtöldum ástæðum leyfir nefndin sér því, að ráða hinu heiðraða alþingi til, að rita konungi þegnsamlegasta bænarskrá þess efnis:

1. Að hans hátign konunginum mætti þóknast, að láta semja og prenta almennar reglur um viðhald og aukningu hinna íslenzku birkiskóga, og útbýta þeim síðan meðal almennings.
2. Að hans hátign allramildilegast mætti þóknast, að senda hingað æfðan og duglegan »forstmann«, einkum þann, er hefði fengizt við trjáplöntun á jökku heiðunum, eður með fram Vesturhafinu, til að ferðast um landið, og útvelja þá staði, sem bezst virtust fallnir til trjáplöntunar, og segja

síðan álit sitt um, hvernig þessu bezt mundi verða fyrir komið.

Reykjavík, 2. ágústm. 1865.

Jón Hjaltalín, *Stefán Thordersen,* *Björn Pétursson,*
formaður. framsögumaður. skrifari.

NEFNDARÁLIT

í málinu: Konunglegt frumv. um laun handa hreppstjórum.

Alþingi hefir kosið oss í nefnd til að íhuga og segja álit vort um konunglegt frumvarp til tilskipunar um laun handa hreppstjórum á Íslandi. Vær höfum á fundum rætt málefni þetta með oss, og leyfum oss nú að leggja álit vort um það fyrir hið heiðraða þing.

Eins og hinu heiðraða þingi er kunnugt hefir þessu máli verið hreift bæði á undan förnum þingum og af landsmönnum yfir höfuð, og ætíð viðurkennt bæði af þinginu og þjóðinni að brýn nauðsyn beri til þess að bæta kjör hreppstjóra (sjá bænarskrá til konungs frá alþingi 1863 um laun hreppstjóra; alþingist. bls. 396—399). Oss virðist því óþarft að fara enn á ný að taka fram þær mörgu og mikilvægu ástæður sem þar að lúta. Stjórnin hefir einnig viðurkennt þetta með því að leggja fyrir þingið frumvarp það sem hér um ræðir.

Upphæð launa þeirra, sem getið er í 1. gr. frumvarpsins er samkvæm uppástungu alþingis 1863, nefnil. frá 20—60 rd. á ári; vær álitum þessa upphæð hæfileg laun að meðaltali til þess að hreppstjórar væru sómasamlega haldnir fyrir störf þau er á þeim hvíla og það einungis sem réttar og lögregluþjónar.

Í þriðju grein frumvarpsins er ákveðið að tveir þriðjungar af launum þessum skuli greiddir af hreppnum eptir sömu reglum og aukaútsvarið, og heimtir ásamt með því. Með því að taka upp áminnzta ákvörðun sem lýtur að því að borga þannig hreppstjórum fyrir störf þeirra sem sveitarstjóra, verður sú niðurstaðan, að hreppstjórar fengju eða ættu að hafa meiri part launa sinna úr sveitar-sjóði, eða óbeinlínis af fátækra fê, er vær álitum óeðlilegt og gagn-

stætt eldri og yngri landslögum vorum og þeirri óátaldri réttarvenju að borga ekki fyrir nein fátækra störf eða umsvif málefna þeirra, og hið sama liggur til grundvallar fyrir hinu konunglega frumvarpi til alþingis 1855 um sveitarstjórn á Íslandi, sömuleiðis bæjarstjórnarlaga hinna íslensku kaupstaða; og því síður virðist ástæða til þess nú, sem menn vænta þess að nýtt skipulag komist bráðum á sveitastjórn vora, er hægi umsvif hreppstjóra í þeim efnum; og þess utan viljum vér geta þess að vér álitum eptir nærverandi tíma og ára óáran, að laun hreppstjóra byggð á þessum grundvelli kæmi þeim að litlum eða engum notum, því þessi bágbornu árferði hafa í för með sér sívaxandi sveitarþyngsli, og víða hvar að mestu gjöreydda sveitarsjóði, hvar af leiðir að hreppstjórar hafa einatt fullt í fangi með að sjá sér fært að leggja svo mikið gjald eða byrði á hreppsbúa sína, í samanburði við efnahag þeirra, sem útheimtist til forsorgunar fátækum, og til styrktar öðrum þurfamönnum hreppsins. Það er auðsætt að féleysi og fátækt hreppsins er sú helzta orsök til erviðrar sveitarstjórnar, hvar af leiðir, að því meira sem hreppstjórinn hefir fyrir stjórninni því minni von er um að hann fái nokkra borgun fyrir starfa sinn á þann hátt sem hér um ræðir. Að þessu yfirveguðu verður nefndin eindregið að ráða þinginu frá að aðhyllast þá uppástungu í 3. grein frumvarpsins að hrepparnir borgi tvo þriðjunga þess fjár sem gengur til launa handa hreppstjórum.

Vér getum ekki heldur fallizt á það atriði í 3. gr. frumvarpsins er til tekur að einn þriðjungur af launum hreppstjóra skuli greiddur úr jafnaðarsjóði amtsins, auk heldur meira, og því síður að þessi $\frac{1}{3}$ af launa-upphæð þeirri sem ákveðin er í 1. gr. séu nægileg laun handa hreppstjórum fyrir störf þeirra sem lögregluþjóna, því þessi $\frac{1}{3}$ nemur ekki meira að meðaltali en frá 6 rd. 64 sk. til 20 rd. á ári, og virðist það harla lítið í samanburði við störf þau sem hreppstjórum, bæði með lögum og af sýslumönnum eru á hendur falin, á einn og annan hátt; það er því álit vort að eigi sé um of að ákveða hreppstjórum í laun einungis í þessu skyni þá tilteknu upphæð í 1. gr. til viðbótar við hina ákveðnu þóknun er hvílir í skattfrelsi eptir konungsúrskurði dags. 21. júlí 1808, og annara þinggjalda.

En hvað jafnaðarsjóði amtanna snertir, þá eru gjöld þeirra orðin svo þungbær, að oss virðist ófært að auka þau á ný, og sér í lagi vegna þess að öll útgjöld þessara sjóða hvíla einungis

á lausafönu í landinu, en ekki öðru, fyrir utan öll önnur lögboðin gjöld er á því hvíla. Tollurinn til jafnaðarsjóðanna er nú orðinn á nærverandi tíma sem svarar nálega hálfri tíund, það virðist því óviðurkvæmilegt og öldungis ófært að hlaða þannig aptur og aptur ofan á þenna eina gjaldstofn, og vera þar með misboðið jafnrétti manna, er vèr viljum enn fremur sýna fram á. Ef hreppstjórum væri launað úr jafnaðarsjóðum amtanna, eða með öðrum orðum af þeim tolli, sem einungis hvílir á lausafönu, þá borguðu landbúnaðarhrepparnir auðsjáanlega ekki einasta sínum eigin hreppstjórum, heldur þar á ofan að miklu leyti hreppstjórum margra sjávarsveita, sem mjög litla lausafjártíund gjöra í samanburði við hina, og margir af þessum sjávarhreppum eru illa að efnum búnir yfir höfuð, hafa mikil sveitarþyngsli, eru víðlendir og í öllu tilliti hinir erviðustu fyrir hreppstjóran, hvar af leiddi að laun hreppstjóra þessara sveita yrðu að vera á hæstu tröppunni, en eru þó á hinn bóginn á þeirri lægstu með tillagið til jafnaðarsjóðsins. Með því að sýna fram á þetta, sèst undir eins, hve ójafnt og ósanngjarnlega að kemur niður jafnaðarsjóðsgjaldið á landi voru. Af þessum ástæðum verður nefndin einnig að ráða hinu heiðraða þingi frá því að aðhyllast það atriði í 3. gr. frumv., sem ákveður $\frac{1}{3}$ af launum þessum úr jafnarsjóði amtsins.

Eftir að nefndin hafði nú þannig grandgæfilega yfirvegað þetta mál yfir höfuð að tala, komst hún sameiginlega að þeirri niðurstöðu, eins og áður er sýnt fram á, að hreppstjórar eigi að fá sómasamleg laun fyrir störf þeirra sem réttar- og lögregluþjónar, og þau laun eigi að greiðast úr almennum sjóði, en ekki af hverjum hreppi eða hverju amti út af fyrir sig, því það virðist koma æði óeðlilega niður eins og vèr höfum tekið fram, bæði fyrir greiðendurna og hina sem þiggja eiga.

En af því almennur landssjóður er enn eigi fyrir hendi, hlýtur meiri hluti nefndarinnar að komast að líkri niðurstöðu og alþing 1863, nefnil. að þessi umræddu hreppstjóra-laun verði fyrst um sinn að borgast úr ríkissjóði, eða allt svo lengi að fjárhagur Íslands og Danmerkur er óaðskilinn, og laun þessi á meðan reiknuð Íslandi til útgjalda, eins og hver önnur laun embættismanna laudsins, sem borguð eru úr ríkissjóði, er eigi nemi minni upphæð en 6,000 rd., er að fengnum fjárhagsaðskilnaði leggist á almennan laudsjóð Íslands.

Samkvæmt þessari skoðun á málinu ræður meiri hluti nefnd-

arinnar hinu heiðraða alþingi til að biðja konung vorn allraþegn-
samlegast um:

Að hans hátign allramildilegast vilji veita til launa handa
hreppstjórum á Íslandi sem lögregluþjónum 6,000 rd. á ári
fyrst um sinn úr ríkissjóði.

Reykjavík, 3. ágúst 1865.

Sighvatur Árnason, Ásgeir Einarsson. Jón Bjarnason.
framsögumaður.

En við (*Arnþjótur Ólafsson* og *Jón Pálmason*) getum eigi
verið samnefndarmönnum vorum samþykkir í því að vísa hrepp-
stjórum á laun úr ríkissjóði, því vèr ætlum að það sé eigi til neins
nú, þar eð stjórnin hefir talið það sjálfsagt, að engin laun gætu
fengizt úr ríkissjóði handa hreppstjórum, og svo hefir þingið verið
því alveg mótfallið að auka tekjur landsins, svo að landið hefir eigi
fè til að koma þeim málefnum sjálft fram, er fè þarf til; en af því
nú að þingið hefir samþykkt að senda bænarskrá til konungs vors
um frumvarp til nýrra sveitastjórnarlaga, þar sem síðasta þing
felldi bænarskrá sama efnis (alþt. 1863, I. 78), þá verðum vèr að
ætla, að nýrrar sveitastjórnar sé eigi langt að biða, og álitum því
réttast að þetta mál biði þess, með því og að vèr ímyndum oss
að þá verði lögregluþjónusta hreppstjórnanna aðskilin frá stjórn
þeirra á fátækramálefnum og öðrum sveitamálum.

Af þessum ástæðum verður minni hluti nefndarinnar að ráða
þinginu til að senda H. H. konunginum þá bænarskrá:

Að máli þessu verði frestað, þar til frumvarp til nýrra
sveitastjórnarlaga verður lagt fram fyrir þingið.

Arnþjótur Ólafsson,
formaður.

Jón Pálmason: Samþykkur, að undanskilinni lítilli orðabreyt-
ingu: nefnil. að eg finn þessari klausu ofaukið: »og svo hefir
þingið er fè þurfi til«, enda álit eg að þessi orð séu byggð
á skökkum skoðunarmáta.

BÆNARSKRÁ

til konungs í málinu um löggildingu Brákarpolls.

Til alþingis þessa kom bænarskrá frá Mýrasýslu um, að þingið beiðist þess allraþegnsamlegast, að löggiltur yrði verzlunarstaður í Borgarnesi við Brákarpoll í Borgarhrepp í Mýrasýslu og var bænarskrá þessi undirskrifuð af 212 mönnum, bæði embættismönnum og bændum í sýslunni.

Alþingi kaus þriggja manna nefnd til að íhuga þetta mál, ræddi það síðan á tveim aðalfundum á lögskipaðan hátt, og leyfir sér nú þegnsamlegast að láta í ljósi álit sitt og tillögur á þessa leið:

Frá Mýrasýslu var send bænarskrá til alþingis 1855, sama efnið, en sökum þess að innsigling á Brákarpoll var þá flestum mönnum lítið kunnug og óreynd, ræði nefnd sú, er þá hafði málið til meðferðar, frá að biðja um löggildinguna.

Þó nú Mýramenn hafi ekki síðan þar til nú sent bænarskrá til alþingis um þetta efni, þá hefir það þó eigi komið til af því, að vilji þeirra hafi breytzt, heldur hinu, að áhugi þeirra hefir dregizt nokkuð frá því af öðrum ástæðum, með því líka að nokkrir íbúar vestri hluta sýslunnar, einkum í þremur hreppum, hafa haft góðan styrk af verzlun á Straumfirði síðan þar var löggilt höfn, og nokkrir kaupmenn frá Reykjavík hafa um nokkur sumur einkum hin síðast liðnu, flutt vöru á Brákarpoll, og hefir það bætt úr þörfum margra manna, enda hefir undan farið harðæri eigi dregið all-lítið úr kjarki og áhuga manna. En vegna þess, að flutningarnir hafa reynzt hvíkulir og stundum á óhagkvæmri tíð, hafa þeir alls ekki nægt þörfum Mýramanna, og því síður sem mjög margir innbúar Borgarfjarðarsýslu hafa sótt þangað, og munu sækja, ef þar yrði löggilt verzlun; nú í sumar sendu fjórir Reykjavíkur kaupmenn sitt skipið hver á Brákarpoll, með vörum til Mýramanna og Borgfirðinga, en þó hafa fjöldamargir þeirra orðið að ferðast suður til Reykjavíkur til að verzla þar, og hafa þeir nú eins og optar beðið af því óbætanlegan skaða, þar þeir hafa vegna óhagstæðrar veðráttu, orðið að liggja í Reykjavík og á Akranesi svo vikum hefir skipt, en auk þess tímaspillis og vinnumissis, sem hér af leiðir, er sjóleiðin milli Akranes og Reykjavíkur mjög hættuleg, því opt hafa farizt skip og bátar á þeirri leið, með mönnum og gózi nú seinast 2 hin

stærstu skip sem til voru á Akranesi, annað 1862, með 13 mönnum, og hitt 1864 með 11 mönnum, flestum úr Mýra og Borgarfjarðarsýslum, ank mikillar sveitavöru, sem hið fyrr nefnda skipið átti að færa til Reykjavíkur, og kaupstaðarvöru sem hið síðar nefnda var að sækja þangað; þó neyðast flestir til að fara þá leið, og leigja skip á Akranesi til ferðarinnar heldur en að fara alla leið landveg, því sá vegur er bæði langur og slæmur, fullar þrjár þingmanna-leiðir, yfir einhverja þá bröttustu og grýttustu hálsa, sem til eru á landi hér, og er því þessi leið ófær meiri part ársins. Þessir ervið-leikar, maunatjón og fjármuna missir kúðði nokkra menn í efri hluta Mýrasýslu, ásamt með Borgfirðingum, til að senda bænarskrá til alþingis 1863, um að fá löggilt kaþptúu við Lambhússund á Akranesi í Borgarfjarðarsýslu, en þessi bænarskrá Mýramanna bendir þó til þess, að við Brákarpoll sè hentugri verzlunar staður, því að einmitt í þeirri bænarskrá segir, að þeir beiðist löggildingar þessa verzlunarstaðar, af því það fekkst ekki á Brákarpalli. Til hins sama bendir og álit nefndar þeirrar, er sett var á alþingi 1863 í málinu um Lambhússund, og á sömu skoðun var alþingið sjálft, eins og sjá má af allraþegnsamlegustu bænarskrá þeirri, er þingið sendi yðar hátígn um það mál, þar sem segir, að haganlegast sè fyrir alla Borgfirðinga, að sækja kaupstefnu niður á Akranes þegar Brákarpalli sleppir, en allraljósast hefir þó sannazt nú í síðustu þrjú ár, hvað Brákarpollur er hentug verzlunarhöfn, og hvað afl-mikil verzlun getur orðið þar, því hvert þessara þriggja ára hafa þar legið um tíma 4—6 kaupför, frá kaupmömum í Reykjavík með vörur, en þó ekki fullnægt þörfum Mýramanna og Borgfirðinga og hafa því margir orðið að ferðast til Reykjavíkur, eins og áður er sagt. Þannig hefir nú þessara ára reynsla leitt það í ljós, að Brákarpollur er hinn hentugasti og bezt fallni verzlunarstaður fyrir Mýramenn og Borgfirðinga, og er það hin órækasta sömnuu fyrir þessu, að Reykjavíkurkaupmenn vilja heldur nota flutninga-leyfið á Brákarpoll, en verzlunarleyfið á Lambhússund.

Þegar nú litið er til afstöðu Brákarpolls, og þess héraðs, sem þar liggur um kring, þá sèst ljóslega, hversu eðlilegt er að kaupmenn sækj þangað, því innbúar þrettán hreppa í Mýra- og Hnappa-dals- og Borgarfjarðarsýslum, geta á einum degi ferðazt með lest að Brákarpalli sem þeir hvorki geta að Straumfirði nè Lambhússund-um. Við umræður málsins var því reyndar hreift, að minni þörf væri á að fá Brákarpoll löggiltan, af því áður sè fengin löggilding

á Straumfirði, en vegna þess að vegir allir þar um kring eru lítt færir sökum foræða, og svo hins, að verzlun þar er enn engin, nema um lítinn tíma sumars, svo að fáir geta notað hana, þar sem aptur á móti vegir allir að Brákarpolli úr öllum áðurtöldum hreppum eru alveg óbrattir ög víðast góðir yfirferðar, eptir því sem hér á landi er um að gjöra, og hafa nú tekið talsverðum um-bótum síðan tilskipunin frá 15. marz 1861 varð gildandi.

Ár þær sem yfir þarf að fara, og sem teljandi eru, eru þrjár, og eru tvær þeirra því nær á öllum tímum árs góður yfirferðar, og vöð á þeim góð, en á hinni þriðju (Hvítá) eru bæði vöð og nægar ferjur þar sem ekki eru vöðin.

Hvað viðvíkur innsiglingu, höfn og húsastæði við Brákarpoll, þá er nú orðin reynsla fyrir því, að innsigling er þar góð og hættu-lauss, skip þau sem þangað hafa farið undanfarin ár, jafnvel 60 lesta að stærð, hafa ekkert tjón beðið, eða þeim í neinu á hlekkzt. Höfnin má heita góð, því skip geta legið þar, hvort sem vill á þurru um fjöru, rétt upp við land, á blautum grjótlausum leir-botni, eður á floti utar á höfninni; hún er yfirgnæfanlega rúmgóð, því eyjar sem liggja frá vesturlandinu utar í firðinum, mynda stóra vík, sem skip geta legið á hvar sem vill; pollurinn eða höfnin innan til myndast af tveim eyjum, sinni hverju megin, og snýr mynnið beint að þeim áður nefndu eyjum utar í firðinum, og er því höfnin lokuð fyrir öllum sjógangi, upp undan miðri höfninni er hið bezta húsastæði, og nægt af hleðslugrjóti, einnig er þar skammt frá ágætt efni í jarðeplagarða, þar sem nú eru sandblend-in moldarflög og til einskis notuð.

Þar eð land það, sem liggur að Brákarpolli, er eign prests-setursins Borgar, var þeirri mótbáru hreift við umræður þessa máls, að af því ekki væri fyrir fram fengið leyfi hlutaðeigandi prests og stiptsyfirvalda, væri óráðlegt að fara því á flot, að biðja um að löggilda þar kaupsún; en þingið verður að álíta, að ekki sé ástæða til að óttast þessa mótbáru, þar þessleiðis orsakir hafa aldrei að undan förnu orðið til fyrirstöðu samkynja málum, og því síður er að óttast fyrir þessu, sem land það er hér ræðir um, er mjög svo gróðurlaust, gagnslaust og afskekkt frá öðru landi prestssetursins; yrði það því eptir kringumstæðunum hreinn ávinningur fyrir prest-inn á Borg, ef þar yrði kaupsún reist, þar eð hann þá, svo sem sjálfsagt er, fengi lóðartoll af húsunum, eins og um undan farin ár hafnartollinn; ei heldur hafa komið fram nein mótmæli frá hon-

um, nè frá hlutaðeigandi stiptsyfirvöldum, heldur þar á mót hefir presturinn á Borg sjálfur skrifað fyrstur manna undir bænarskrá þá sem til þingsins var send um þetta mál.

Eins og áður er sagt, eiga flestir Mýramenn og Borgfirðingar skemmstu verzlunarleið að Brákarpolti af öllum þeim stöðum, þar sem annaðhvort nú eru löggiltir verzlunarstaðir, eða mönnum gæti til hugar komið að löggilda þá, og með því flestir hreppar í báðum þessum sýslum eru góðar landsveitir, hafa sýslubúar alls konar sveitavarning, eigi all-litinn, svo sem, ull, smjör, tólg, kjöt, auk þess er þar og nokkuð af æðardún; þótt verstaða sé eigi þar í nándinni, þá gætu þó kaupmenn, þeir sem á Brákarpolti verzluðu, fengið talsverðan fisk hjá sýslubúum, þar sem þeir flestir senda vinnumenn sína til róðra í aðrar veiðistöður um vetrarvertíðina.

Þegar nú til þess er lítið, að yðar hátign hefir nú um rúm síðast liðin 20 ár, löggilt hær á landi 9 kauptún, eptir beiðni alþingis og þjóðar vörrar, svo að í öllum sýslum landsins, þar sem annars nokkur höfn er til, eru nú 1—4 löggilt kauptún, sem af sér leiðir hina mestu hægð og hagnað, bæði fyrir landsmenn og kaupmenn, og flest virðist að mæla fram með Brákarpolti, þá vonar alþingi, að yðar hátign muni og allramildilegast finna ástæðu til, að löggilda einnig hinn hær um rædda verzlunarstað, og leyfir sér því allraþegnsamlegast að bera fram þá bænarskrá:

1. (með 14 atkv. gegn 11), að yðar hátign allramildilegast vildi þóknast að löggilda kauptún í Borgarnesi við Brákarpoll í Borgarhrepp í Mýrasýslu.
2. En skyldi þetta ekki geta orðið veitt, þá biður þingið þess allraþegnsamlegast til vara (með 15 atkv. gegn 7), að öllum innlendum fastakaupmönnum verði leyft að verzla þar af skipum með alls konar vöru.

Reykjavík, 5. ágúst 1865.

Allraþegnsamlegast

Jón Sigurðsson. Hjálmur Pétursson.

BÆNARSKRÁ

til konungs um sveitarstjórnarlög.

Frá Gullbringu- og Kjósarsýslu er að þessu sinni til alþingis komin bænarskrá þess efnis, að þingið biðji yðar konunglegu hátign um, að frumvarp til sveitarstjórnarreglugjörðar mætti sem fyrst verða lagt fyrir alþing.

Til að ihuga mál þetta og segja álit sitt um það, kaus þingið 3 manna nefnd, og hefir síðan á lögskipaðan hátt rætt það á 2 aðalfundum og leyfir sér nú allraþegnsamlegast að láta í ljósi álit sitt og óskir um það á þessa leið :

Það er fyrir löngu orðin almenn tilfinning manna, að sveitastjórn lands þessa ekki sæ í svo góðu lagi sem þó mundi unnt, og hafa menn ljósastan vott um þetta, þegar menn að gæta, hvernig fátækra málefni, sem eru einhver helztu atriði sveitastjórnanna, ganga hér hjá oss, þó ekki séu þau hið einasta dæmi er til mætti færa, því til þessa þings hafa einnig komið bænarskrár um betra fyrirkomulag á stjórn jafnaðarsjóðanna og eru þeir þó einnig einn hluti af fyrirkomulagi sveitastjórnanna.

Þessa sömu skoðun virðist og einnig stjórn yðar hátignar að hafa haft, þar sem fyrir þingið 1855 var lagt frumvarp til tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi.

Að vísu hefir frumvarp þetta með þeim breytingum er þingið á því gjörði ekki enn þá orðið að lögum, en þrátt fyrir það verður þingið að álíta, að flestum umvarðandi greinum sveitastjórnanna hér á landi yrði fljótar, betur og þjóðlegar framgengt ef ný lög kæmust á, og er það þess vegna að þingið nú með 19 samhljóða atkvæðum allraþegnsamlegast leyfir sér að beiðast þess :

Að yðar konunglega hátign allramildilegast mætti þóknast sem fyrst láta leggja fyrir alþing frumvarp til reglugjörðar um sveitastjórn á Íslandi.

Reykjavík, 5. ágúst 1865.

Allraþegnsamlegast

Jón Sigurðsson. Stefán Thordersen.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu viðvikjandi uppástungu um skógarrækt og trjáplöntun á Íslandi. (Sbr. bls. 365).

A. *Eiríkur Kúld*:

Að alþing riti konungi þegnsamlegasta bænarskrá þess efnis:

1. Að Hans Hátign konunginum mætti þóknast að skipa svo fyrir, að samdar og prentaðar verði almennar reglur um viðhald og aukningu hinna íslenzku birkiskóga, og reglum þessum síðan útbýtt meðal almennings. Samþ. með 23 atkv.
2. Að H. H. allramildilegast mætti þóknast að senda hingað æfðan og duglegan skógfræðing til að ferðast um landið og útvelja þá staði, sem bezt virtust fallnir til trjáplöntunar, og segja síðan álit sitt um, hvernig þessu bezt mundi verða fyrir komið. Samþ. í einu hljóði.

B. *Nefndin*:

Að alþing riti konungi þegnsamlegasta bænarskrá þess efnis:

1. Að H. H. konunginum mætti þóknast að láta semja og prenta almennar reglur um viðhald og aukningu hinna íslenzku birki-skóga, og útbýta þeim síðan meðal almennings. Fallið við tölul. 1.
2. Að H. H. allramildilegast mætti þóknast að senda hingað æfðan og duglegan »forstmann«, æinkum þann, er hefði fengið við trjáplöntun á józku heiðunum eður með fram Vesturhafinu, til að ferðast um landið og útvelja þá staði, sem bezt virtust fallnir til trjáplöntunar, og segja síðan álit sitt um, hvernig þessu bezt mundi verða fyrir komið. Fallið við tölul. 2.
Hvort rita skuli konungi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu? Samþ. í einu hljóði.

NEFNDARÁLIT

í málinu: »Frumvarp til laga um laun handa íslenzkum póstem-bættismönnum».

Hið heiðraða þing hefir kosið oss í nefnd til þess að segja

álit vort um konunglegt frumvarp um laun handa íslenskum póst-embættismönnum. Þá er vèr nefndarmenn höfðum rætt þetta mál með oss, gátum vèr eigi orðið á eitt sáttir um aðalskoðun málsins, og skiptist því nefndin í tvennt, og er nú álit meiri hlutans: *Benedikts Sveinssonar, Arnljóts Ólafssonar, Sveins Skúlasonar og Jóns Péturssonar* á þessa leið:

Í 1. gr. launafrumvarpsins er stungið upp á að setja launaðan skrifstofufulltrúa í aðalpóststjórninni í Kaupmannahöfn, er hafi á hendi umsjón, eigi að eins yfir póstferðum milli Íslands og Danmerkur, heldur og að hann hafi yfirstjórn yfir póstmálefnum hér á landi, sem bezt verður séð af reglugjörðarfrumvarpi því, er konungsfulltrúi hefir lèð nefndinni.

Meiri hlutinn gat nú með engu móti fallizt á það, að skrifstofufulltrúi í hinni dönsku póststjórn í Kaupmannahöfn skyldi fá yfrumsjón yfir póstmálefnum vorum hér á landi, af því að slík tilhögun hefir það óumflýjanlega í för með sér, að hert yrði enn harðara að því stjórnarbandi, er heldur oss svo föstum við Kaupmannahöfn, og sem nú á þó að fara að losa um. Vèr fáum eigi betur séð, en að slík uppástunga frá stjórninni sé alveg gagnstæð þeim vilja hennar, að fjárhagurinn sé aðskiliun, og að landstjórnin hér fái meira vald yfir landsmálum vorum, en hingað til hefir verið. Og hvort sem nú heldur er, að fjárskilnaðurinn og stjórnarbotin á lengra eður skemmra í land, þá er þó uppástunga þessi stjórnleg (politisk) apturför frá því ásigkomulagi sem nú er, og þykir oss óráðlegt, að alþingi stuðli til þess, að svo verði. Í öðru lagi viljum vèr geta þess, að oss finnst bezt, ef á allt er litið, að stjórnardeildin íslenska hafi að minnsta kosti fyrst um sinn, eður þar til útsèð er um fjárhagiun, hin sömu afskipti af póstaafgreiðslunni í Kaupmannahöfn og póstferðunum milli landanna, sem hún hefir haft hingað til. Í þriðja lagi höfum vèr það á móti þessari uppástungu, að hún virðist hljóta að draga þann dilk eptir sig, sem talað er um í 4. og 5. gr. frumvarpsins til hins opna brèfs, er síðar skal verða á vikið. En aptur á móti verðum vèr að aðhyllast 2., 3. og 4. gr. launafrumvarpsins, þó oss raunar finnist laun póstmeistarans vel mikil, þá litið er til þess, að hann afgreiðir þó eigi fleiri en svo sem 35 pósta á ári, eptir því sem til ætlazt er í frumvarpinu til reglugjörðarinnar.

Af þessum ástæðum verður meiri hluti nefndarinnar að ráða

þinginu til að fella 1. gr. frumvarpsins, en samþykkja 2.—4. gr. sem 1.—3. gr.

ÁLIT MINNI HLUTANS.

(*Bergs Thorbergs, Jóns Guðmundssonar og Péturs Guðjónssonar*).
um konunglegt frumvarp til laga, um laun handa íslenskum póst-embættismönnum.

Vér getum eigi verið meiri hlutanum samdóma um, að hið fyrirhugaða fyrirkomulag á póstmálefnastrjórn Íslands hafi í för með sér svo mikilsverða annmarka, að rétt sé fyrir þá sök að hafna því fyrirkomulagi, sem bæði póstmálafrumvörp stjórnarinnar, og hvort þeirra fyrir sig, gjöra nú kost á. Það er von vor, að stjórnin muni framvegis með afli og framkvæmdarsemi leitast við að bæta úr þeim miklu brestum, sem nú eru á póstgöngunum hér á landi, og vér álitum því mjög varúðarvert fyrir þingið, að koma fram með nokkrar þær tillögur í þessu máli, er gætu gjört stjórninni erfiðara fyrir með að ná tilgangi sínum. Vér getum eigi séð, að það sé rétt álitid af meiri hlutanum, að það sé nein stjórnleg apturför, þó yfirstjórn póstmálefna vorra verði lögð undir aðalpóststjórnina í Danmörku, að minnsta kosti svo lengi sem Ísland er ekki búid að fá fjárhagsráð og stjórn út af fyrir sig, með því póstmálefnið eru svo sérstaklegs eðlis, að því leyti hina umboðslegu hlið þeirra snertir, að þau ekki geta álitizt að standa í svo nauðsynlegu sambandi við hin almennu landstjórnarmálefni, að þau eigi vel geti heyrt undir aðra yfirstjórn. En hvað snertir póstmálefni, að því leyti þau eru löggjafarmálefni, er það vitaskuld, að alþingi á sömu hlutdeild í þeim og verið hefir. Það fyrirkomulag, sem hér er um rætt, er og að eins ætlað til bráðabyrgða og kemur því ekki í neinn bága við fjárhagsaðskilnaðinn og hina fyrirhuguðu stjórnarbreytingu á Íslandi, með því vér og álitum það sjálfsagt, og að öllu leyti samkvæmt áformi stjórnarinnar, að það verði ákveðið í hinum nýju stjórnarskipunarlögum Íslands, hver hafa skuli á hendi yfirstjórn á póstmálefnum landsins, en álitum óþarft, og meira að segja verulegum innanlands framförum vorum til fyrirstöðu að láta póstmálið að öðru leyti bíða eptir úrslitum stjórnarmálsins. Vér höldum miklu fremur hina bráðustu nauðsyn á, að sem fyrst verði undið að því, að bæta úr vandkvæðum þeim, sem eru á póstmálalögum vorum og póstgöngum, eptir því, sem ásigkomulag landsins leyfir, og vér treystum því, að hin mikla reynsla

og þekking, er aðalpóststjórnin í Danmörku hefir í þessu efni, geti orðið málefni til hinna mestu bóta. Vær álitum að vísu eðlilegast og samkvæmast því fyrirkomulagi, sem að öðru leyti á sér stað um afgreiðslu íslenskra málefna í Danmörku, að skrifstofufulltrúi sá, sem um er rætt í 1. grein frumvarpsins, sè skipaður í hinna íslensku stjórnardeild, þó að hin síðustu úrslit póstmálanna sjálfra annars heyri undir aðalpóststjórnina, og vær stingum því upp á, að greininni verði breytt því samkvæmt; en ef álitid yrði, að þessu mætti eigi haganlega fyrir koma, eður að slík uppástunga á nokkurn hátt yrði máli þessu til fyrirstöðu, álitum vær réttast að til vara sè beðið um, að greinin haldist óbreytt. Að öðru leyti finnum vær eigi ástæðu til að stinga upp á neinum breytingum við frumvarpið, og skulum sérstaklega geta þess, að oss virðast launin handa póstmeistararum vera hæfilega ákveðin í 2. grein, og höldum að þau muni með engu móti mega minni vera.

Með þessum athugasemdum leyfir minni hlutinn sèr að ráða þinginu til, að leggja það til að niðurlagi í álitsskjali sínu um málefni þetta:

Að áðurgreint frumvarp til laga um laun handa íslenskum póstembættismönnum verði gjört að lögum með þeirri einu breyting, að í 1. grein verði sett «í hinna íslensku stjórnardeild», í staðinn fyrir «í aðalpóststjórninni», en *til vara*: að frumvarpið verði gjört óbreytt að lögum.

Reykjavík, 4. ágúst 1865.

<i>Benedikt Sveinsson,</i> formaður.	<i>Bergur Thorberg.</i>	<i>Pétur Gudjohnsen,</i> skrifari
<i>Arnþjótur Ólafsson,</i> framsögumaður.	<i>Jón Pétursson.</i>	<i>Sveinn Skúlason.</i>
	<i>Jón Guðmundsson.</i>	

NEFNDARÁLIT

í málinu: »Frumvarp til opins bréfs fyrir Ísland, er skipar fyrir um ýmislegt, er snertir póstgöngur«.

Hið heiðraða þing hefir og falið hinna sömu nefnd á hendur til álits annað konunglegt frumvarp til opins bréfs fyrir Ísland, er

skipar fyrir um ýmislegt er snertir póstgöngur, og tvær bænarskrár, aðra úr Þingeyjar- en hina úr Ísafjarðarsýslu áhrærandi þetta efni. Nefndin skiptist og í tvær deildir um þetta frumvarp, sem var eðlileg afleiðing af hinni ólíku skoðun á 1. gr. lagafrumvarpsins.

Meiri hlutinn *Benidikt Sveinsson, Arnljótur Ólafsson, Sveinn Skúlason og Jón Pétursson* verður nú að ráða þinginu til að hafna frumvarpi þessu að svo stöddu. Fyrsti kafli frumvarps þessa (sbr. 1—3. gr.) hljóðar um bréfa sendingar og blaða með skipum manna, einkum er þau fara hafna á milli hær á landi. Fyrst er nú það, að reglur þær, sem settar eru í greinum þessum, eru æði margbrotnar; en þó höfum vér einkum það á móti þessum kafla, að hær eru svo fáar skipaferðir hafna á millum, sem og stjórnin sjálf játar, og svo verða heldur eigi pósthús á nærri því öllum verzlunarstöðum í landinu, og þó svo færi nú, sem stjórnin segir, »að slíkar ferðir kunni að komast á, áður en langt um líður«, þá finnst oss réttara að biða þess tíma, en að fara að búa til lög í þeirri von, að þau kunni einhvern tíma að eiga við. Vér vitum og aldrei til þess, að Íslendingar hafi eigi getað komið bréfum með skipum, er þeir hafa óskað þess, en bréf konunglegs erindis eru skipstjórar skyldir að taka. Oss finnst því lagaboð um þetta efni alveg óþarft og eigi gjöra annað en skapa ýmsa vafninga. Hinn næsti kafli frá 4.—6. gr. veitir póststjórninni einkarétt til að senda bréf og öll skrifuð skjöl frá Íslandi til annara landa, og leggur sektir við, ef einkaréttur þessi er brotinn. Vér erum sannfærðir um, að slík ákvörðun mundi verða fjarskalega óvinsæl hær á landi, sem von er, því Íslendingum eru leið öll einkaréttindi í sjálfa sér, og svo hafa þeir vanizt því unn aldur og æfi, að borga eigi undir bréf sín til Danmerkur. Svo kæmi og fram nokkurs konar ójöfnuður eptir síðari klausu 4. gr., af því að eigi verða pósthús eður bréfasöfn á nærri því öllum kaupunum. Þótt nú þriðji kafli frumvarpsins, sem felst í 7. gr., kynni einhverju siuni að verða til einhverra nota, þá getum vér engan veginn álitid hann nauðsynlegan, því póstar hafa aldrei svo vér vitum þurft að kvarta yfir hjálparleysi manna við sig, eins og hverjum þeim gefur að skilja, er þekkir lítið eitt til gestrisni Íslendinga.

Af þessum ástæðum verður meiri hluti nefndarinnar að leggja það til, að alþingi biðji Hans Hátign konunginn, að gjöra eigi frum-

varp til opins bréfs fyrir Ísland, er skipar fyrir um ýmislegt er snertir póstgöngur, að lögum fyrst um sinu.

ÁLIT MINNI HLUTANS

(*Bergs Thorbergs, Jóns Guðmundssonar og Péturs Guðjohnsens*)
um konunglegt frumvarp til opins bréfs fyrir Ísland, er skipar fyrir um ýmislegt er snertir póstgöngur.

Þó að minni hluti nefndarinnar, að því er snertir 3. gr. í lagafrumvarpi þessu, verði að álíta, að hún, eins og líka málsgrein sú í upphafi 1. gr., sem stendur í sambandi við hana, »og eigi eru höfð til stöðugra milliflutninga«, sé óþörf og tilgangslaus, eins og kringumstæðurnar eru nú hér á landi, og þó hann (3. minni hlutinn) þess vegna sé á þeirri meiningu, að þær ákvarðanir ætti ekki að sinni að löggilda, þá getur samt minni hlutinn ekki verið samdóma meira hlutanum um það, að þingið eigi alveg að ráða frá, að frumvarpið fái lagagildi, þar sem minni hlutinn hlýtur þó að viðurkenna, að í því eru ýmsar ákvarðanir, sem koma mættu í góðar þarfir, þegar póstgöngur landsins eru komnar í reglubundið og fast horf, og verðum vör einkanlega að vekja athygli alþingis að því, að auk þess, sem ýmsar ákvarðanir frumvarpsins, þegar þær eru skoðaðar út af fyrir sig, geta orðið til verulegs léttis og hægðar fyrir landsmenn sjálfa, einkum umhverfis verzlunarstaðina í hinum afskekktari héraðum, eins og vör munum nákvæmar taka fram síðar, þá virðist mjög ísjárvert og enda ógjörandi, að kasta frumvarpi þessu, er stjórnin hefir skoðað, eins og er í raun og veru, sem ómissandi lið í því umbætta fyrirkomulagi á póstmálum landsins, er hún vissulega stefnir að, og hefir þegar lagt undirstöðuna til með báðum þeim frumvörpum, sem nú eru lögð fyrir þingið, og uggir oss því, að það gæti haft óheillavænleg áhrif á greiðan framgang þessa máls, er vör álitum svo mikils umvarðandi, ef frumvarpi þessu yrði hafnað, eins og meiri hlutinn leggur til, og jafnvel ollað því, að stjórnin hætti við það, eður frestaði því um óákveðinu tíma.

Með tilliti til frumvarpsins sjálfs, og hinna ýmsu ákvarðana þess, verður minni hlutinn sérstaklega að taka það fram, að ef milliferðaskipum milli hafna á landinu yrði sleppt undan þeirri skyldu, að flytja bréf og sendingar hafna á milli þegar reglulegar póstgöngur eru komnar á, þá mundi það að öllum líkindum gefa tilefni til þess, að póststofnunin missti ekki svo lítið af tekjum

þeim, sem hún bæði gæti haft og ætti að hafa, þar sem mjög hætt yrði við, að landslýðurinn mundi heldur sæta tækifæri til að koma bréfum sínum og sendingum með þessum milliferðum, en að láta þær fara með landpóstunum, og þar sem þessar skipaferðir milli hafnanna á landinu einmitt falla á þeim tíma ársins, þegar póstgöngurnar á landinu eru tíðastar, er það auðsætt, að hér yrði, ef til vill, um talsvert burðargjald að ræða.

Minni hlutinn finnur því síður ástæðu til að hafna frumvarpinu sakir einkaréttar þess, sem póststjórninni er áskilinn í 2. kafla frumvarpsins 4.—6. gr. til að senda bréf, alls konar skrifuð skjöl og eyðublöð útfyllt með skrifuðu lettri, sem þess konar sendingar eru það, sem minnst er varið í að verðinu til í samanburði við annað, sem jafnan er sent með skipaferðum milli Íslands og Danmerkur og frumvarpið lætur alveg frjálst, auk þess sem það líka lætur hinar umtöluðu bréfasendingar frjálsar frá þeim stöðum, þar sem ekkert pósthús, póstafgreiðandi né bréfasafnari er; minni hlutanum virðist það því fremur eðlilegt, að aðalpóststjórnin hefir áskilið einkarétt í þessari grein, sem þessar sendingar ekki komast hjá því, að snerta hina dönsku póststofnun, og það enda að nokkru leyti þótt yfirstjórn hinna íslenzku póstmála yrði lögð undir hana í gegnum hina íslenzku stjórnardeild; auk þessa virðist minni hlutanum það auðsætt, að hinni íslenzku póststofnun muni, einkum í byrjun hennar, ekki veita af öllum þeim tekjum, sem henni gæti orðið lagðar til, og muni þær þó hvergi nærri hrökkva fyrir til að standast þann kostnað, er henni auðsjáanlega verður samfara, eins og að því eigi heldur megi gleyma, að ráð má gjöra fyrir, að landið sjálft á sínum tíma verði að taka upp á sig kostnaðinn við póststofnunina, þegar fjárhagsaðskilnaður þess frá Danmörku er kominn á, og landið hefir fengið stjórn út af fyrir sig.

Þó að minni hluti nefndarinnar þannig ekki geti fallið á, að frumvarpið beri að fella, hefir hann þó álitid nauðsynlegt að stinga upp á smábreytingum við niðurlag 1. og 2. gr., með því að hin fyrrnefnda gæti valdið nokkrum misskilningi, ef hún er látin óbreytt, og ákvörðunin í hinni síðarnefndu um, að skipstjóri skuli fá borgun á þeim stað er hann tók við bréfunum, þegar hann sýni skýrteini fyrir því, að hann hafi skilað þeim á réttum stað, sýnist ekki koma alls kostar vel við, þar sem það getur andvitað opt að horið, að skipstjóri aldrei síðan komi á þann stað, hvar hann tók við póstsendingunum.

Með skýrskotun til þess, er stjórnin hefir talið sem ástæður fyrir frumvarpinu, og til þess sem hér að framan er til greint, verður minni blutinn að ráða þinginu til að fallast á frumvarpið, þó með þeim breytingum, er hér skal greina.

1. Að frumvarpsins 3. grein og orðin: »og eigi eru höfð til stöðugra milliflutninga«, í upphafi 1. greinar, verði úr felld.
2. Að síðasta málsgrein 1. gr. verði þannig orðuð: »undir bréfasendingar þær, sem hér er um rætt, skal borgaður almennur bréfburðareyrir, og fái skipstjóri helming hans, ef þær eru með frimerkjum«.
3. Að upphafið á síðasta atriði 2. gr. verði þannig: »undir eins og skipstjóri er búinn að skila af sér póstsendingunum, eptir þeim reglum, sem að ofan er getið, þá á hann tilkall til að fá hjá þeim, er við sendingunum tekur, eptir ákvörðunum hér að framan« 4 skildinga, o. s. frv.

Reykjavík, 4. ágúst 1865.

<i>Benidikt Sveinsson,</i> formaður.	<i>Bergur Thorberg.</i>	<i>Pétur Guðjohnsen,</i> skrifari.
<i>Arnþóttur Ólafsson,</i> framsögumaður.	<i>Jón Pétursson.</i>	<i>Sveinn Skúlason.</i>
	<i>Jón Guðmundsson.</i>	

BÆNARSKRÁ

til konungs í málinu um að taka hús í Reykjavík í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða. (Sbr. bls. 355).

Til alþingis kom að þessu sinni frá einum þingmanni uppástunga þess efnis, að alþingi ritaði yðar konunglegu hátign allraþegnsamlegasta bænarskrá um, að frumvarp það til tilskipunar, sem lagt var fyrir þingið 1863 um að taka hús í Reykjavíkurbæ í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða, allramildilegast mætti öðlast lagagildi frá 1. degi aprílmánaðar 1866.

Alþingi kaus þriggja manna nefnd til að ihuga og kveða upp álit sitt um mál þetta, ræddi það síðan, svo sem lögboðið er, á tveimur aðalfundum, og leyfir sér nú allraþegnsamlegast að lýsa

fyrir yðar konunglegu hátign skoðun sinni á þessu máli, svo sem nú skal greina.

Þingið þykist eigi þurfa að lýsa því fyrir yðar konunglega hátign, hversu áriðandi þetta mál er fyrir Reykjavíkurbúa, og jafnvel fyrir land allt, þar sem hér ræðir um, að verja hlutaðeigandi húseigendur fyrir óbætanlegu fjártjóni, ef illa vill til, og koma eignum þeirra, sem eru þó nokkur hundruð þúsund dala virði, í fullt verð. Þingið þarf og eigi að lýsa þeim áhuga, sem Reykjavíkurbúar hafa á því, þar sem þeir nú þegar í meir en tuttugu ár hafa svo ákæft barizt fyrir því að fá ábyrgð fyrir húsum sínum. Það vakti því eigi all-litla gleði hjá þeim, þegar yðar hátignar hásæli fyrirrennari lét leggja fyrir alþingi 1863 frumvarp til tilskipunar um, að taka hús í Reykjavíkurkaupstað í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða, og frumvarp þetta var samþykkt af þinginu án nokkurra verulegra breytinga, og því varð eigi séð, að neitt gæti framar orðið til tálmunar útkomu lagaboðs þessa, þar sem dómsmálastjórin er sjálfur forstöðumaður brunabótafélags dönsku kaupstaðanna, og það því síður, sem honum var áskilinn fullur réttur til í 10. gr. frumvarpsins, að skipa fyrir um ýmislegt, sem að þessu máli laut, eptir því sem honum þætti nauðsyn til bera. En hversu mjög hafa eigi vonir bæði þingsins og Reykjavíkurbúa brugðizt í þessu efni. Eins og sjá má af auglýsingu yðvarrar hátignar, 9. dag júním. þ. á., var frumvarp það til tilskipunar, sem hér um ræðir, lagt fyrir ríkisþing Dana 1864 til samþykkis; nefnd sú, sem sett var í málinu í þjóðþinginu, ræð frá löggildingu þess, og féll svo málið niður um stund. Alþingi hefir reyndar enga skýrslu í höndum, fyrir hverjar sakir, að þessar urðu málalyktir, en þykist þó hafa fulla vissu fyrir, eptir því sem stendur í dönskum blöðum, að nefndin í þjóðþinginu hafi borið fyrir skort á skýrslum um, hversu húsum hér væri hagað í Reykjavík, og um ýmislegt í þá stefnu, og dómsmálastjóri sá, sem þá var, kvaðst eigi geta gefið neinar slíkar skýringar. Þetta kom Reykjavíkurbúum og þinginu því óvæntara, sem bæjarsjórn Reykjavíkurkaupstaðar í bréfi 13. dag nóvemberm. 1857 lýsti ásigkomulagi bæjarins í öllu því, sem að þessu máli laut, eins og það þá var svo vandlega, sem henni var framast auðið, og ætluðu menn, að þær skýrslur mundu nægja, og munu þær liggja í skjalasafni hinnar íslensku stjórnardeildar í Kaupmannahöfn. Það er sjálfsagt, að bærinn hefir bæði aukizt síðan 1857, og húsum verið breytt, en sú breyting er að þingsins ætlun

heldur til bóta, og mörg hús síðan breytt svo, að óhættara er fyrir eldsbruna en áður. En ef einhverra upplýsinga þykir enn þurfa, og það er málinu til fyrirstöðu verður þingið að vona þess, að dómsmálastjórnin beiðist þeirra hæðan, sem fyrst að verða má, og er þá svo sem auðvitað, að bæjarstjórn Reykjavíkur og stípt-
amtmaður muni gefa þær; en á hinn bóginn væri það tilgangs-
laust, að bæjarstjórnin hær í bænum færi að semja skýringar um
þetta mál, meðan hún enga vitneskju fær um hverjar eða hvers
konar skýringar þykir vanta.

Alþingi treystir því, að þær af mildi yðvarri viljið líta á nauð-
syn Reykjavíkurbúa í þessu áriðandi velferðarmáli þeirra, og það því
fremur, sem orðin í auglýsingu yðar konunglegu hátignar til þessa
alþingis virðast að benda til þess, að mál þetta kunni enn að eiga
uppreistarvon, og því dirfist þingið að bera þá allraþegnsamlegustu
bæn fram fyrir yðar konunglegu hátign, með 20 atkvæðum:

Að yðar hátign allramildilegast vildi þóknast, að veita laga-
frumvarpi því til tilskipunar, sem lagt var fyrir alþingi 1863
til álita, um að taka hús í Reykjavíkurborg á brunabóta-
félag hinna dönsku kaupstaða með þeim smábreytingum,
sem alþingi þá stakk upp á, lagagildi frá 1. d. apríl.
1866.

Reykjavík, 3. ágúst 1865.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Halldór Kr. Friðriksson.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar um laun handa
hreppstjórum á Íslandi. (Sbr. bls. 367).

-
1. *Halldór Kr. Friðriksson*: að þingið í stað frumvarpsins allra-
þegnsamlegast beiðist þess, að hreppstjórum á Íslandi verði
veitt sama gjaldfrelsi og þeim var veitt með konungsúrskurði
21. d. júlímán. 1808, og enn fremur, að hreppstjórar verði
framvegis lausir við gjald til amts-jafnaðarsjóðanna. Fellt
með 18 atkv. gegn 2.

Frumvarpsins 1. grein.

2. *Eiríkur Kúld, Jón Sigurðsson og Jón Guðmundsson*: að upphafið á 1. gr. verði þannig orðað: »Hreppstjórar skulu hér eptir sem hingað til vera skyldir til að hafa hreppstjórn á hendi launalaust um 3 ár, nema að því leyti sem þeir eru undanþegnir að greiða þinggjöld, en haldi þeir áfram hreppstjórn, eða takist á hendur þau störf að nýju, skal þeim veitt 20 til 40 dala þóknun á ári úr sveitarsjóði til endurgjalds fyrir störf þeirra, eptir stærð hreppanna (o. s. frv. greinin óbreytt). Fellt með 18 atkv. gegn 5.
3. *Halldór Kr. Friðriksson* (til vara): í stað »20—60 rd. laun« verði sett: »10—30 rd. laun«. Fellt með 19 atkv. gegn 3.
4. Frumvarpsins 1. gr. óbreytt eða með breytingu. Felld með 14 atkv. gegn 9.
Þá fallið allt fram að tölul. 14.
5. Frumvarpsins 2. gr. óbreytt.

Frumvarpsins 3. grein.

6. *Halldór Kr. Friðriksson* (til vara): að 3. gr. verði þannig orðuð: Laun þau, er hverjum hreppstjóra þannig eru ákveðin, skulu fyrst um sinn greidd úr jafnaðarsjóði amtsins.
7. Frumvarpsins 3. gr. óbreytt eða með breytingu.
(*Eiríkur Kúld, Jón Sigurðsson og Jón Guðmundsson*: að grein þessi falli úr).

Frumvarpsins 4. grein.

8. *Eiríkur Kúld, Jón Sigurðsson og Jón Guðmundsson*: í staðinn fyrir »15 ár« verði sett »10 ár«. Tekið aptur.
9. *Hinir sömu*: í staðinn fyrir »10 til 30 rd.« verði sett »20 til 60 rd.« Tekið aptur.
10. *Halldór Kr. Friðriksson* (til vara): í staðinn fyrir »10 til 30 rd.« verði sett »5 til 15 rd.«
11. Frumvarpsins 4. gr. óbreytt eða með breytingum.
12. *Eiríkur Kúld, Jón Sigurðsson og Jón Guðmundsson*: að bætt verði við nýrri grein (5. gr.) þannig hljóðandi:
»Tilskipun þessi öðlast lagagildi frá 6. degi júnímánaðar 1867«.
13. Frumvarpið allt í heild sinni, óbreytt eða með áorðnum breytingum.
(*Meiri hluti nefndarinnar*: að frumvarpið verði fellt).
14. *Meiri hluti nefndarinnar* (Sighvatur Árnason, Jón Bjarnason

og Ásgeir Einarsson): að Hans Hátign konungurinn allra-mildilegast vilji veita til launa handa hreppstjórum á Íslandi, sem lögregluþjónum, 6000 rd. á ári fyrst um sinn úr ríkis sjóði. Fellt með 15 atkv. gegn 6.

15. *Sami*: Viðauka-atkvæði við nr. 14: Þessari upphæð skiptir stjórnin milli amtanna, með hliðsjón af uppástungum amt-manna, síðan skal ákveðin upphæð launa þeirra, er bera hverj-um einstökum hreppstjóra með reglugjörð, sem amtmaður samþykkir fyrir hvert amt, eptir uppástungum hlutaðeigandi sýslumanns; reglugjörðin gildir um sex ára tímabil og skal auglýst almenningi á prenti. Fallið við 14. tölul.
16. *Benedikt Sveinsson*, breytingaratkvæði við uppástungu minni hluta nefndarinnar (nr. 17): að fyrir orðin »þar til frumvarp fyrir þingið, komi: »þangað til hin fyrirhugaða stjórn-arbót Íslands er komin á«. Fellt með 13 atkv. gegn 7.
17. *Minni hluti nefndarinnar* (Arnþjóttur Ólafsson, Jón Pálmason): Að máli þessu verði frestað, þar til frumvarp til nýrra sveita-stjórnarlaga verður lagt fram fyrir þingið. Samþ. með 11 atkv. gegn 9.

UPPÁSTUNGA

hins 3. konungkjörna um nokkur undirstöðu-atrði í læknamálinu.

Eins og hinum heiðruðu alþingismönnum mun kunnugt vera, hefir stjórnin í hinni konunglegu auglýsingu til alþingis þ. á. ekki gengið inn á uppástungur alþingis í læknaSKIPUNARMÁLINU 1863, heldur skýrskotar hún í þessari sinni auglýsingu til þess, sem kon-ungsfulltrúi lét í ljósi um læknaSJÓÐINN 1859, um sama leyti sem hún nú í gegnum konungsfulltrúa lætur leggja fyrir þetta þing fyrirspurn um það, »hvort þing þetta, þrátt fyrir það, þó uppá-stungur þær, er gjörðar voru frá seinasta þingi um stofn-un spítala í Reykjavík o. s. frv. eigi hafi fengið framgang, vilji láta verja þeim 200 rd, sem, samkvæmt konungsúrskurði af 12. ágúst 1848, borgast áttu úr hvers amts jafnaðarsjóði til kennslu fyrir hina svo kölluðu aðstoðarlækna — sem, in parenthesi sagt, aldrei nú í 17 ár hefir komizt nema á pappírinn — framvegis

megi verja til eflingar þeirri læknakennslu, er nú er stofnuð hér í Reykjavík», og skal eg í þessu tilefni leyfa mér eptirfylgjandi athugasemdir:

Eins og sjá má af öllum þingtíðindum frá 1857, hefir alþingi jafnan haldið því fram, og það á ýmsa vegu, að tveim hundruð dólum, er hér um ræðir úr hvers amt jafnaðarsjóði, væri varið til eflingar læknakennslunnar hér á landi, svo það virðist varla, að menn fremur geti verið í nokkrum efa um þetta mál. Eg hefi svo að segja á hverju ári ritað til amtmanna í Norður-og Vesturamtinu, og skorað á þá, að útiláta þetta gjald; en þetta hefir komið fyrir ekkert, og það jafnvel þótt ministerið sjálft hafi áður mælt til þess af þeim. Eg skil eigi, að nokkrum geti dottið það í hug, að þar sem alþingi 1848 vildi gefa peninga þessa til þeirrar svo kölluðu aðstoðarlæknakennslu, sem auðsjáanlega gat til einskis, leitt þá mundi það nú, þegar fóst læknakennsla er á komin, sem þó er vouandi að verði að meira haldi, vilja draga þá til baka, og þó hefi eg mátt án þeirra vera nú í samfleytt 4 ár, og þar af hefir flotið að mikill hluti þeirra 300 rd, sem ætlað var að eg hefði fyrir læknakennsluna um árið, hafa gengið til að kaupa bækur og verkfæri fyrir, og hefi eg þó með þessu móti ekki enn þá getað fengið nema lítið eitt af því nauðsynlegasta.

Það sjá nú allir, að þetta eru ekki viðunandi kjör, og að ómögulegt er að halda það út til lengdar.

Það mætti þó sannarlega eigi minna vera, en að landlæknirinn, sem á að kenna hinar ýmsu greinir læknisfræðinnar, hefði eitt eða tvö herbergi, hvar í hann gæti kennt og haft verkfæri þau og bækur, sem til kennslu þessarar heyra, en slík herbergi með hita og ljósi, stólum, borði, hyllum og hreingjöringu, getur maður varla haft fyrir minna en 150 rd. um árið; þá veitir, eptir því sem nú er komið, ekkert af 120 rd. fyrir bækur og tímarit um árið, og í hið minnsta árlega 200 rd. fyrir kennslu áhöld (Præparater) og verkfæri. Þarna eru þá komnir 470 rd; en þeim 130 rd. sem eptir verða, skyldi varið sumpart til útbýtingar í húsaleigustyrk handa lærisveinum, og annara smá-útgípta, er þurfa þætti, og ómögulegt er fyrir að komast.

Eg óttast mikið fyrir, að það verði örðugt, þegar fram í sækir, að fá nóga lærisveina til læknakennslunnar, nema því að eins, að þessir lærisveinar gætu sætt líkum kostum, hvað kennslustyrk snertir, sem þeir á prestaskólanum, og eg hefi því meiri ástæðu fyrir þess-

um ótta mínum, sem eg veit að þörf væri á að lengja kennslutímann til allt að fjórum árum, því þó eg með hinni ýrtruðu fyrirhöfn hafi reynt að kenna læknisfræðina á 3 árum, er það í raun og veru allt of naumur tími, þegar menn koma að slíkri kennslu vífandi utan að, án þess að hafa numið nokkuð í forspjallsvísindunum áður, eða gengið á spítala erlendis, eins og sumir af lærisveinum þeim, er eg hefi haft til kennslu þessi árin, hafa gjört.

Samkvæmt þessu, sem nú er sagt, verð eg að hafa þá vissu von til alþingis, að það mæli kröptuglega fram með því, að peningar þessir verði hið allrabráðasta útlátnir í þarfir þeirrar hær verandi læknakennslu.

Þar eð stjórnin með auglýsingu sinni til alþingis hefir gefið það til kynna, að hún vill eigi láta skerða læknasjóðinn með því að taka af honum til að auka kennsluna, byggja spítala, og setja hær reglulegan læknaskóla, þá verð eg að biðja alþingi kröptuglega að mæla fram með því, að þingið riti hans hátign konunginum þegnsamlega bænaraskrá um það, að lækna-embætti þau, sem upp á var stungið nú fyrir 10 árum síðan, sem sè 1855 og síðan 1857 (sjá alþingistiðindi 1855, bls. 562 og alþingistiðindi 1857, bls. 458) nú verði stíptuð jafnótt og íslenzkir kandiðatar fást í þessi embætti, hvort þeir heldur koma frá Kaupmannahöfn eða hëðan úr Reykjavík, og með því nú eru fleiri lækna-efni komin undir examen í Kaupmannahöfn, þá ættu þessi embætti að verða upprètt jafnótt og þeir eru búinir, og þeim fyrst um sinn, unz fjárhagsmál Íslands er útkljáð, launað úr ríkissjóði með hinum sömu launum og hær aðslæknar nú hafa hær á landi. Eg vona, að stjórnin og alþingi líti á nauðir landsins, og sjái hversu bráð nauðsyn beri til, að fyrirkomulagi þessu sè eigi skotið á frest, heldur sè tækifærið notað jafnótt og það frambýðst til að bæta úr lífsnauðsynjum landsmanna, sem nú, þegar sóttir ganga, mega hrynja niður læknishjálparlausir, fólksfjölgun landsins til óbætanlegs skaða.

Eg verð að minna stjórnina og alþingi á það, að ekkert sárnar almenningi meira, en þegar menn sjá, að bænum þeirra um þetta efni er lítill eða seinn gaumur gefinn, og er það vorkunn, því ekkert getur verið sárara, en vita sig læknishjálparlausan, hvað sem upp á kemur, og að vita fólk kveljast eigi alleina heilum dögum, heldur og jafnvel mörgum vikum saman án allrar hjálpar. Á hinn bóginn verða menn að gæta að því, að málefni þetta þolir enga bið, þegar mögulegt er orðið að fá læknaefni, og eg verð

Því fremur að hafa fullt traust á, að stjórnin láti eigi mál þetta bíða þeirra úrslita, sem stjórnar- og fjárhagsmálefni voru enn þá kynnu að mega bíða eftir, heldur leggi þann kostnað, er þarf til hinna nýju lækna-embætta, á rikissjóðinn fyrst um sinn, því eg fyrir mitt leyti er sannfærður um, að það finnst svo margir góðir og velþenkjandi menn á rikisdeginum, að þeir mundu aldrei neita landinu um »Forskud« af nokkrum þúsund ríkisdöllum til að koma læknaSKIPUNinni hér á landi í svo gott horf, sem tíminn og kringumstæðurnar leyfa.

Eins og sjá má af alþingistiðindunum frá 1855, bls. 562, beiddist alþingi þess þá, að stofnuð yrðu 6 ný lækna-embætti hér á landi, sem sé: 1. í Árnessýslu 2. í Skaptafellssýslum 3. í Keflavík fyrir Suðurnes og Gullbringusýslu, 4. í Barðastrandar- og Strandasýslu, 5. í Þingeyjarsýslu og 6. í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Árið 1857 fór alþingi fram á sömu beiðni, en enn nú er eftir 10 ár ekkert gjört við þetta mál. Stjórnin hefir nú án efa svo mikla afsökun í því, að þetta hefir dregið svo lengi sökum þess, að hingað til hefir vantað íslenska læknaSKANDÍDATA í þessi embætti, því allir vita, að það er jafnan til lítilla nota, að senda danska lækna upp hingað; en úr þessari fyrirstöðu fer nú að greiðast, þar sem fleiri læknaSKANDÍDATAR bráðum geta fengið bæði úr Kaupmannahöfn og hððan úr Reykjavík.

Eins og þinginu er kunnugt, hefir það æskt betra fyrirkomulags á tekjum til læknaSJÓÐSINS, og með því stjórnin í vor setti hér nefnd manna til að íhuga þetta mál, er vonandi að það fái bráðum góðan framgang; eigi að síður virðist mér það eigi eiga illa við, að menn enn nú riti konungi bænarskrá um það efni, svo að stjórnin sjái, að þingið er enn sem fyrr eindregið á því, að tekjur læknaSJÓÐSINS gætu aukizt sem mest.

Samkvæmt því, sem nú er sagt, leyfi eg mér að stinga upp á, að þingið riti hans hátign konunginum bænarskrá um eftirfylgjandi atriði:

1. Að stjórninni mætti þóknast að sjá svo um, að þeir 200 ríkisdalir, sem samkvæmt konungsúrskurði af 12. ágúst 1848 ákvarðaðir eru að borgast skuli úr hverju amti árlega til kennslu fyrir aðstoðarlækna, hér eftir verði árlega borgaðir til eflingar læknakennslunni í Reykjavík.
2. Að þingið biðji hans hátign konunginn um, að stofnuð

verði hér á landi 6 ný lækna-embætti í framan nefndum sýslum, jafnótt og íslenzkir kandidatar frá Kaupmannahöfn eða hér úr Reykjavík geta í þau fengizt, og að kostnað-urinn, sem til þess þarf, verði fyrst um sinn, meðan Ísland eigi hefir fengið sín eigin fjárforráð, borgaður úr ríkissjóði.

3. Að stjórnin, hið allrafyrsta hún getur, komi á betra fyrirkomulagi á hinum árlegu inntektum lækna sjóðsins, einkum hvað spítalahlutina snertir.

Reykjavík 8. ágúst 1865.

Jón Hjaltalín.

Visað til nefndarinnar í læknamálinu.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu: «Frumvarp til laga um laun handa íslenskum póstem-
bættismönnum». (Sbr. bls. 376).

-
1. *Minni hluti nefndarinnar* (Bergur Thorberg, Jón Guðmundsson, Pétur Guðjónsson)
að í stað orðanna í 1. gr. frumvarpsins »í aðal póststjórn-
inni« verði sett »í hinni íslenzku stjórnardeild«. Fellt með
nafnakalli með 18 atkv. gegn 7.
 2. *Pétur Pétursson*, Breytingar-atkvæði við 1. gr. frumvarpsins:
í stað »800 rd. á ári« komi »1000 rd. á ári«, og í stað
»1000 rd« komi »1200 rd.«. Fellt með 20 atkv. gegn 4.
 3. Frumvarpsins 1. gr. óbreytt eða með breytingu. (*Meiri hluti
nefndarinnar*: Benedikt Sveinsson, Arnljótur Ólafsson, Sveinn
Skúlason og Jón Pétursson: að grein þessi verði úr felld).
Samþ. með 15 atkv. gegn 6.
 4. Frumvarpsins 2. grein (óbreytt). Samþ. með 24 atkv.
 5. *Meiri hluti nefndarinnar*: Viðauka-atkvæði við 2. grein:
»Póstmeistarinn hefir æðstu umsjón og úrskurðarvald yfir öll-
um póstmálefnum í póstumdæmi Íslands«. Fellt með 12 atkv.
gegn 12.
 6. *Ásgeir Einarsson*: Viðauka-atkvæði við 2. grein: »Hann

hefir æðsta úrskurð um póstmálefni á Íslandi«. Felld með 12 atkv. gegn 11.

7. *Meiri hluti nefndarinnar*: Viðauka-atkvæði við 3. gr. Fyrir aptan orðin: »á ári hverju« bætist inn í: »þangað til fjárhagur Íslands og Danmerkur er að skilinn«. Samþ. með 14 atkv. gegn 3.
8. Frumvarpsins 3. grein (óbreytt eða með breytingu). Samþ. með 14 atkv. gegn 3.
9. *Eiríkur Kúld*: að sett verði inn í 4. gr. »árið 1866«. Samþ. með 15 atkv.
10. *Sami*: að bætt sé við 4. gr. þessum orðum: »og stendur þangað til fjárhags- og stjórnarbótarmál Íslands er til lykta leitt«. Fallið við tölul. 7.
11. Frumvarpsins 4. gr. (óbreytt eða með breytingum). Samþ. með 11 atkv.
12. (Greinaskipanin).
13. Frumvarpið allt í heild sinni. Samþ. með 19 atkv.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um konunglegt frumvarp til opins bréfs fyrir Ísland, er skipar fyrir um ýmislegt, er snertir póstgöngur. (Sbr. bls. 379).

-
1. *Minni hluti nefndarinnar* (Bergur Thorberg, Jón Guðmundsson, Pétur Guðjónsson): að orðin í 1. gr. frumvarpsins: »og eigi eru höfð til stöðugra millumflutninga«, falli úr. Samþ. með 16 atkv. gegn 1.
 2. *Sami*: að síðasta málsgrein í 1. gr. frumvarpsins verði þannig orðuð: »Undir bréfasendingar þær, sem hér er um rætt, skal borgaður almennur bréfburðareyrir, og fái skipstjóri helming hans, ef þær eru með frímerkjum«. Samþ. með 14 atkv.
 3. Frumvarpsins 1. gr (óbreytt eða með áorðnum breytingum). Samþ. með 16 atkv.
 4. *Minni hluti nefndarinnar*, að upphafið á síðasta atriði í 2. gr. frumvarpsins verði þannig: Undir eins og skipstjóri er búinn að skila af sér póstsendingunum, eptir þeim reglum, sem að ofan er getið, þá á hann tilkall til að fá hjá þeim, er við

sendingunum tekur, eptir ákvörðununum hér að framan«, 4 skild-
inga o. s. frv. Samþ. með 15 atkv.

5. Frumvarpsins 2. grein (óbreytt eða með breytingu). Samþykkt með 15 atkv.
6. Frumvarpsins 3. grein (*minni hluti nefndarinnar*: að þessi grein verði úr felld). Felld með 13 atkv. gegn 3.
7. Frumvarpsins 4—8. grein (óbreyttar). Samþ. með 15 atkv.
8. Frumvarpið allt í heild sinni, óbreytt eða með breytingum (*Meiri hluti nefndarinnar*: Benedikt Sveinsson, Arnljótur Ólafsson, Sveinn Skúlason og Jón Pétursson: að alþing biðji H. H. konunginn að gjöra eigi frumvarp þetta að lögum fyrst um sinn). Fellt með 15 atkv.
9. *Jón Sigurðsson* frá Gautlöndum: að það verði skýrt tekið fram í álitsskjali alþingis til konungs um málið:
 - a, að samningurinn 13. febrúar 1863 um pósthafskipsferðir milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur, sè óhagfelldur að því leyti, að engin ákvörðun er um það, hverja borgun skipstjóri má mesta taka fyrir far og flutning með gufuskipinu; og í annan stað því yfirlýst, að það sè mjög svo áriðandi, að gufuskiði byrji hina fyrstu ferð sína á vorin hingað til lands, eigi seinna en 1. d. marzmán. ár hvert.
 - b, að alþingi því, er haldið verður 1867, sè gefinn kostur á að segja álit sitt um, hvernig ferðum gufuskipsins skuli hagað framvegis, eða eptir að sá tími er liðinn, sem samningur sá gildir, er áður var getið. Samþ. með 15 atkv. gegn 6.

NEFNDARÁLIT

í málinu um styrk til viðurhalds Hóladómkirkju. (Sbr. bls. 257).

Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss í nefnd, til að segja álit vort um bænarskrá viðvíkjandi Hólakirkju. Vör höfum nákvæmlega rannsakað þetta mál og lesið hin umfangsmiklu skjöl þess, og er nú álit vort á þessa leið.

Nefndin hlaut þegar í stað að vera eindregin á því, að alþingi

ætti að styðja bæn þessa með hinum beztu tillögum og meðmælum sínum, bæði af því að Hólakirkja er svo helgur og dýrmætur menjagripur fornaldar vorrar, og væri því óviðurkvæmilegt nú á þessum tímum, er menn almennt virða svo mjög og kappkosta, að geyma svo vel allar jafnvel hinar lítilfjörlegustu fornmenjar, að þingið læti sér það liggja í léttu rúmi, þótt Hólakirkja yrði að hrynja niður fyrir fátæktar sakir, og í öðru lagi af því, að nefndin fær eigi betur sæð, en að Hólakirkja hafi rétt til nægilegra efna sér til viðurhalds, ef lítið er til réttarsögu hennar að fornu og nýju. Það er og enn, að nefndin hlýtur að treysta því, að stjórn hans hátignar muni fyrir tillögur alþingis svara beiðanda mildilega. Eptir þessa almennu athugasemd skulum vér nú snúa oss að efni bænarskránnar sjálfrar. Þar sem nú beiðandi hefir tekið það svo sterklega fram í bæn sinni, að hann eigi sé eigandi Hólakirkju, þá hlýtur nefndin að vísu að játa, að allmargt megir telja þessari skoðun til gildis í sjálfu sér, sem og gjört hefir verið í bænarskránni 12. febrúar 1862, er tengd er við mál þetta sem fylgiskjal; en nefndin verður þó að leiða það hjá sér, að taka atriði þetta til á-lita, einkum fyrir þá sök, að þótt hætt sé við, að eigandi Hóla muni afsala sér fjárhaldi og umsjón kirkjunnar í hendur hins opinbera, ef hann enga bænheyrslu fær, þá er samt nú eigi um slíkt að ræða, og slíkt afsal hlýtur jafnan að vera eiganda eigið verk, en kemur alls eigi þinginu við.

Nefndin hefir og athugað, hvort eigi væri tiltækilegt, ef stjórnin gæti eigi fallizt á hin einstöku bænaratriði, að koma fram með þá uppástungu, að stjórnin vildi veita um sinn fjárstyrk til aðalviðgjörðar kirkjunnar eptir skoðunargjörð, er stiptsyfirvöldin annist um, og síðan hæfilegt árgjald til kirkjunnar, sem ásamt portion hennar geti nægt til að halda kirkjunni sómasamlega uppi. Nefndin hlýtur að bera það traust til stjórnarinnar, að hún vilji styrkja þetta hið veglega musteri svo, að það falli eigi í rústir, og að stjórnin enda muni kannast við, að kirkjan á Hólum eigi sanngjarna kröfu til sjóðs þess, er tekjur hennar af jörðum og rekum hafa runnið í, við Hólajarðasöluna 1802—5, og að hún muni því vilja rétta kirkjunni hjálparhönd á þann hátt, að veita henni nauðsynlegan styrk úr ríkissjóði, bæði til þess, að gjört verði við hana nú svo sem þarf, og að hún framvegis hafi svo mikið fê sér til viðurhalds, að hún geti haldið stærð þeirri og lagi, sem hún nú hefir.

Í annan stað hlaut og nefndin að taka til greina þá aðra uppástungu beiðanda, að hið opinbera taki að sèr kirkjuna með portion hennar og skruði, ef stjórnin gæti eigi fallizt á að veita kirkjunni nokkurn styrk. Nefndin hlýtur að mæla fram með þessari uppástungu, sem því eina hentuga úrræði, ef kirkjan getur engan fjárstyrk fengið, en portion hennar er alveg ónóg til að halda henni uppi; enda verður og nefndin að álíta, að það eigi næsta vel við, að hið opinbera taki að sèr og annist að öllu leyti slíka kirkju sem Hóla­kirkja er og á að vera.

Vér skýrskotum til bænarskránnar sjálfrar og fylgiskjalsins um hvort bænatriðið sèr í lagi og röksemdaleiðslu fyrir þeim, en leyfum oss að eins, að taka hær fram nokkrar hinar helztu ástæður, er hvert bænatriðið hefir við að styðjast.

1. Þar sem beiðandinn biður um hæfilegt endurgjald fyrir prentsmiðjuna fornu á Hólum, þá er sú bón hans byggð á því, að Guðbrandur byskup gaf dómkirkjunni prentsmiðjuna eptir sinn dag, og var gjöf sú staðfest af konungi (sjá testament Guðbrandar 14. desemb. 1612, staðfest með konungsbréfi 12. maí 1628, sbr tilskipun 1. maí 1789 II. kap. 7. gr.), en prentsmiðjan var síðan lögð saman við prentsmiðjuna sunnlenzku með konungsbréfi 14. júní 1799, og eru Hóla­kirkju þar áskilin engin hlunnindi fyrir, en sjálfsagt má telja, að stjórnin hafi þó eigi ætlað að svipta Hóla­kirkju þessari eign sinni endurgjaldslaust.

2. Bæn sú, er hær um ræðir, er byggð á úttekt dómkirkjunnar 1. okt. 1784 í hendur dómkirkjuprestinum, síra Þorkatli Ólafssyni. Átti þá kirkjan álitlegan sjóð, sem allur eyddist hjá presti, svo og árstekjur hennar; fram til 3. maí 1808, er kirkjan var aptur tekin út af honum. Þá vildi prestur engan reikning gjöra 8 síðustu árin, og gat þá eigi borgað meira, en svo sem 16 kúrantdala virði upp í portion kirkjunnar, sem þá var orðin full 700 kúrantdala. Nefndin vill og gjöra þá orðabreyting á þessari grein, að fyrir orðið «eiganda» setjist «eigendum Hóla», því að Stefán amtmaður, er fyrstur keypti Hóla, seldi jörðina 1806 aptur Páli rektori Hjalmarssyni og Gísli prokonrektori Jónssyni.

3. Við bænatriði þetta hefir nefndin engu að bæta.

Af ástæðum þeim, sem að framan eru taldar, leyfir nefndin sèr að ráða hinu heiðraða þingi til að senda hans hátign konunginum þá bænarskrá með beztu meðmælum sínum, að hans hátign mætti þóknast að veita eiganda Hóla:

A. annaðhvort:

1. Hæfilegt endurgjald fyrir Hólaprentsmiðjuna, annaðhvort af tekjum prentsmiðju landsins eður úr ríkissjóði.
2. Fullar bætur fyrir portion kirkjunnar, er safnað var til frá því 1784 til 1808, en jafnframt eytt án þess eigendum Hóla væri í nokkru um að kenna.
3. Þá 50 rd., sem í skilnaðarskránni 29. maí 1767 og reglugjörð 1 maí 1789, voru lagðir til kirkjunnar ár hvert, bæði frá 1802 til þess dags, er borgun er greidd, og framvegis.

B. eður:

veita um sinn fjárstyrk úr ríkissjóði til aðalviðgjörðar Hóla-kirkju eptir skoðunargjörð á henni, sem stiptsyfirvöldin annist um að fram fari, og síðan hæfilegt árgjald til kirkjunnar, er ásamt árstekjum hennar geti nægt til að halda henni sómasamlega uppi, með því lagi og stærð, er hún nú hefir.

C. eður þá, ef hvorugt hið fyrr talda getur fengist:

að hans hátign konungurinn hlutist svo til, að hið opinbera taki nú þegar að sèr kirkjuna með skróði hennar og portion til allrar umsjónar og viðrhalts framvegis.

Reykjavík, 9. ágúst 1865.

Arnlfótur Ólafsson, Pétur Pétursson, Jón Guðmundsson.
framsögumaður. formaður.

NEFNDARÁLIT

í málinu um skyldur svaramanna í hjónabandsmálum. (Sbr. bls. 184).

Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss, er hér ritum nöfn vor undir, í nefnd til að segja álit vort um bænarskrá, sem þinginu var send frá Mýrasýslu, undir rituð af 158 búendum þeirrar sýslu. Bænarskrá þessi fer því á flot, að þingið leitist við að fá nokkrar þær ákvarðanir teknar í lög, er hamli því, að öreigar og óráðsmenn nái að kvongast eins óbundið og skilyrðalaust og hingað til hefir tíðkast.

Samkvæmt boði þingsins höfum vér nú tekið málefni þetta til

yfirvegúnar, og leyfum oss að skýra frá áliti voru um það á þessa leið:

Vér getum eigi annað en verið samdóma bænarskrá þeirri, sem hér ræðir um í því, að giptingar öreiga- og óráðsmanna svona óbundnar og skilyrðislausar, eins og þær enn þá eru eptir löggjöf vorri, sæu hið mesta drep fyrir hvert sveitarfélag út af fyrir sig, og allt þjóðfélagið yfir höfuð; þeir sem lengi hafa alið aldur sinn í sveit og fengizt við fátækramálefni, þekkja það glöggst af reynslunni á mýmörgum dæmum, hvílikt tjón af því leiðir bæði fyrir sveitarfélögin og persónurnar sjálfar, þegar verið er að gipta einungis til að losa þann hreppinn, sem konu-efnið er sveitlægt í við þýngsli sem á stundum liggur við að sæu komin á sveitina áður, vegna konu-efnisins, og þegar svona stendur á hefir reynslan sýnt, að sveitastjórnirnar hafa því miður tekið á móti óreyndum ónyttingum jafnvel úr fjarlægustu sveitum og sýslum, hafi þeir að eins haft passa og gipt þá strax þessum snótum, áður menn vissu nokkur veruleg skil á manninum, að hann væri hæfur til að vera húsfaðir og ektamaki, og sent svo þessi hjón optast felaus með ómegð sinni á framfærissveit mannsins; það hefir nú opt verið fyrir sem hin sterkasta ástæða gegn því, að nokkur takmörkun væri lögð á hið óbundna giptingarleyfi, að öll þess konar bönd stríddu móti manulegu frelsi og eðli hjónabandsins, og að þau bönd leiddu af sér lauslæti og almenna siðaspillingu; en hvað fyrri atriðið snertir, hljótum vér að álíta að mannlegt frelsi sé engan veginn fólgið í slíku sjálfræði, heldur í skynsemi sem hlýði nauðsyn mannfélagsins, og að því er hinu síðara viðvikur, þá er það alveg víst, að óbundnar giptingar miklu fremur tæla og leiða ungt og staðfestulítið fólk til lauslætis og siðaspillingar, því vonin um hjónabandið skilyrðislaust, gjörir hlutaðeigendur ókærnari, og verður það þannig optlega notað til að draga skýlu yfir lauslátan lifnað; og enn fremur hljótum vér að taka það fram, að oss virðist atvinnuleysið einmitt gagnstætt eðli og tilgangi hjónabandsins, því eins og almennt er viðurkennt, þá er tilgangur þess engan veginn að eins æxlun kynsins, heldur einnig sá, að fæða og uppala börnin þannig, að þau á sínum tíma geti orðið nýtir meðlimir mannfélagsins, en hversu þeir foreldrar megja fá þessu ætlunarverki til vegar komið, sem strax eptir giptinguna hljóta sakir óráðs, orbyrgðar og volæðis að skilja samvistir, það ætlum vér liggi svo í augum uppi, að engra útskýringa við þurfi; það virðist einnig í

öðrum greinum samkvæmt anda löggjafarinnar, að nokkur bönd væru lögð á giptingar alþýðunnar, því eins og alkunnugt er, eru slík bönd ekki allfá meðal hinna æðri stéttanna; þannig er prestur undir viðlagða lagahegningu bannað að gefa vissa embættismenn í hjónaband, ef þeir eigi á lögboðinn hátt hafa sæð ekkjum þeirra og börnum borgið með fjárstyrk eptir þeirra dag; og ef það er nauðsynlegt, að takmarka þannig giptingaleyfi þeirra, sem eiga vissa atvinnu eða embætti, þá virðist sem hitt liggi þó nokkru nær, að þeir, sem eru öreigar og enga atvinnu hafa, væru ekki látnir alls kostar sjálfráðir um að innganga hjónaband. Árið 1859 komu tvær bænarskrár til alþingis um þetta efni, og var þá sett nefnd í málinu og konungi send bænarskrá um takmörkun á öreiga- og óráðsmanna-giptingum. Konungur bænheyrði ekki alþingið, og vísaði einungis til mótmæla þeirra, er konungsfulltrúi tilfærði á þinginu 1859, sjá konungl. auglýsing til alþingis 1861; en er vör yfirvegum ástæður þær, er konungsfulltrúi tilfærði, þá virðast oss þær engan veginn yfirgnæfanlegar móti þörfinni á nokkurri takmörkun þessara umtöluðu giptinga, hvað og flestir þingmenn þeir, er þá voru á þingi, og bezt þekktu ástand og þarfir búnaðarlífsins, tóku skarplega fram. Árið 1861 komu enn nú tvær bænarskrár um þetta efni til alþingis, en að þingið þá ekki sendi bænarskrá til konungs, kom af því, að hin áðurnefnda konunglega auglýsing lá þá fyrir þinginu, og mun það því hafa örvænt bænheyrslu, en samt sem áður sýnir þetta þarfir og áhuga þjóðarinnar á málefni þessu. Af framantöldum ástæðum viljum vér ráða þinginu til, að rita vorum allramildasta konungi bænarskrá um, að tilskipun frá 30. apríl 1824 um hjúskaparmál verði aukin á þann hátt, sem nú skal greina.

1. Auk þess, sem fyrir er mælt í tilskipun frá 30. apríl 1824, um hjúskaparmál, skulu það hér eptir lög, ef sá, er giptast vill, hefir engan lífvænlegan atvinnuveg, þegar um lýsingar er beðið, þá skulu svaramenn ábyrgjast, að engin sveitarþyngsli hljóttist af honum eða hans skyldu-ómögum, sem eru, eða verða kunna, þau fyrstu þrjú ár frá næstu fardögum eptir giptinguna í þeim hreppi hvar hann á framfærisrætt.
2. Það er að minnsta kosti lífvænlegur atvinnuvegur:
 - a, í sveit, að maðurinn eigi eða hafi í eignarhaldi tvö mál-nytukúgildi og aðra búshluti að þessu skapi, og hafi jarð-

næði til ábúðar í þrjú ár, sem fóðri að minnsta kosti þrjú kúgildi og tvö hross.

b, í verstöðum eða við sjávarsíðuna skal maðurinn hafa að minnsta kosti búð með tilhlýðilegum vergögnum leigða í þrjú ár, og taki tvo hluti af sjó í þeirri verstöðu.

c, ef maðurinn er handverks- eður daglaunamaður, þá sanni hann með skilríkjum, er til verða tekin í 4. grein, að hann eigi eður hafi í eignarhaldi í þrjú ár jafnálitlegan hjargræðis- eður atvinnuveg og taldir eru undir *a* og *b* hér að framan.

3. Hver sá, er giptast vill, og hefir einhvern af þeim í næstu grein áskildu hjargræðis- eður atvinnuvegum, er ekki skyldur að útvega sér þriggja ára ábyrgðina hjá svaramönnum.
4. Nú er vafasamt, hvort sá, er giptast vill, hefir nokkurn af þeim í 2. grein áskildu atvinnuvegum, þá skal hreppstjóri í þeirri sveit, með tveimur skilríkum bændum fullveðja, vera skyldur að gefa prestinum vottorð um, hvort maðurinn þurfi þriggja ára ábyrgðina eður eigi, og má, þegar þessa vottorðs þarf með, hreppstjórinn ekki vera svaramaður.
5. Prestur má ekki byrja á lýsingum, fyrr en hann hefir fengið í hendur á skrifuðu og innsigluðu skjali játningu svaramanna á skyldum þeirra, líka þriggja ára ábyrgðinni, ef hennar þarf, svo og vottorð hreppstjóra, ef þess þarf. Öll þessi skilríki innfærir presturinn í sína embættisbók.
6. Ef nokkur þykist hafa orsök að átelja, að hreppstjóri, svaramenn eður prestur hafi eigi gætt skyldu sinnar, samkvæmt lögum þessum, þá er prestur skyldur að gefa þeim, er á telur, útskrift af embættisbókinni um hjónabandið. Virðist þeim, er á telur, að lagabrot hafi átt sér stað við giptinguna, þá meðhöndlist málið sem opinbert lögreglumál; leiðist þá í ljós, að nokkur af hlutaðeigendum hafi gjört sig sekan í afbrigði þessara laga, þá sektist hann frá 10 til 50 ríkisdala eptir málavöxtum, auk málskostnaðar, nema brotið sé þess eðlis, að straffs varði, þá dæmist eptir þeim lögum.
7. Allar sektir út af afbrigði þessara laga til falla fátækra sjóðnum í þeim hreppi, hvar giptingin fram fór.

Reykjavík, 8. ágúst 1865.

Jón Hjaltalín, Hjálmur Pétursson, Jón Bjarnason,
framsögumaður. skrifari.

NEFNDARÁLIT

í konunglegu álitsmáli áhrærandi endurskoðun laganna 19. jan. 1863 um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi.

Eptir fyrirlagi konungsfulltrúans á þessu alþingi byggðu á lögstjórnarbræfi 10. júní þ. árs, og skilyrði því, sem fram er tekið í 5. grein launabótarlaganna 19. jan. 1863, kaus hið heiðraða þing oss undirskrifaða í nefnd til að taka til yfirvegunar og endurskoðunar tæð lög 19. jan. 1863, og bera síðan upp álit vort um það, hvort ástæður eða tilefni muni vera til að stinga upp á breytingum á lögum þessum.

Við höfum yfirvegað mál þetta og rætt það með oss á fundum, og berum nú upp fyrir hið heiðraða alþingi samhuga álit vort á þessa leið:

Þegar alþing 1859 hafði til meðferðar frumvarp til þessara sömu laga, sem þinginu voru nú fengin til endurskoðunar-álita, aðhylltist þingið þá skoðun, að embættismenn á Íslandi ætti, að laununum til, að standa jafnhliða embættismönnum í Danmörku, að svo miklu leyti sem mögulegt væri. Nefndinni finnst ekki gjörandi, að þingið missi sjónar á þessari grundvallarskoðun, heldur að það haldi henni fastri. Og þar eð nú stjórnin hefir ekki gefið þinginu neina bendingu um, að hún áliti ástæðu til að sínu leyti, að breyta launabótarupphæðum laganna að einu nè neinu leyti, og eigi hefir heldur til þingsins komið nein uppástunga í þá átt, nè heldur nein bænarskrá frá einstökum mönnum, um launabækkun, og þar eð ekki heldur virðist nein ástæða til, að stinga upp á breytingum á laununum sakir hlutfalls þess, er verið hefir á hinum síðustu árum milli peninga og landaura hær á landi, þá getum vér ekki ráðið þinginu til, að fara fram á neina breytingu á lögum þessum, með tilliti til þeirra embættislauna, er þau ákveða í 1. gr.

Eptir framanskriðri skoðun vorri virðist heldur ekki næg ástæða til, að stinga upp á breytingu á skrifstofufé því, og aðstoðarfé, sem ákveðið er í 2. grein laganna.

Með tilliti til ástæðna þeirra, sem hær koma á eptir fyrir breytingunni á 4. grein laganna, sem og vegna þess, að launaviðbótin í 1. gr. hlyti nú að voru áliti að standa óhöggð, að minnsta kosti um hin næstu 6 ár, eður til loka fjárlaga ársins 1872, þá verðum vér að stinga upp á, að niðurlag 3. gr.: «Og skal launa-

viðbótin — — — sem nú eru laus«, verði látið burt falla, og það því fremur, sem stjórnin nú á hinum seinustu árum, hefir veitt nýjum embættismönnum hin sömu laun óskerð, sem formönnum þeirra í sömu embættum voru veitt með lögum þessum; tæð ákvörðun í niðurlagi 3. gr., er því orðin *de facto* þýðingarlaus.

En þó að nefndin finni eigi næga ástæðu til að leggja það til, að aftekið verði grundvallar skilyrðið í 5. grein laganna, eða að sú grein verði með öllu úr felld, heldur verðum vèr að stinga upp á að hún haldist með þeirri breytingu, að í stað ártalsins 1865—66, verði sett: 1871—72, með því nefndinni þykir líka eiga bezt við, að nýkosið alþing fái lögin næst aptur til endurskoðunar, úr því endurskoðunar ákvörðun þessari er haldið, þá virðist nefndinni, að bæði leiði það af undanförunum ástæðum, og öðrum kringumstæðum, sem almennt eru skilyrði fyrir hækkun eða lækkun embættislauna, yfir höfuð, — en vart verður gjört ráð fyrir, að þessleiðis kringumstæður komi hær fyrir á hinu næsta 10—20 ára tímabili og sízt þannig, að nægar ástæður verði til að lækka nein þau embættislaun, er hær ræðir um, frá því sem þau eru ákveðin í lögnum, — að launaviðbótin eptir þessum lögum, eigi að veita sama og jafnan rétt til biðlauna og eptirlauna, eins óg bæði hin fyrrverandi *lægri* laun sömu embættismanna, sem varð að álíta óviðunanleg eg ónóg eins og þau voru, og eins og öll önnur embættislaun í konungsríkinu, samkvæmt eptirlaunalögum 5. jan. 1851. Því þegar þess er gætt, að launaviðbót þessi var ekki nein bráðabyrgðar eða skyndiveiting, heldur nauðsynja umbót á kjörum þeirra embættismanna er hær ræðir um, og að hún var jafnframt byggð á jafnrætti því, er að sjálfsgöðu hlyti að eiga sér stað um samkynja embættismenn, hvar sem þeir væru í ríkjum og löndum konungs vors, þá virðist það segja sig sjálft, að undir eins og launaviðbót þessi er nú, við endurskoðun laganna, álitin sem óskerðandi embættislaun, að minnsta kosti þangað til næsta endurskoðun fer fram, þá yrði þeir embættismenn harðar úti, og fyrir ástæðulausum halla í eptirlauna kjörnum, sem nú gilda að lögum, ef 4. grein laganna, er útilokar þá og ekkjur þeirra frá eptirlaunum af launaviðbótinni, eins og hún er nú orðuð í lagabæðinu, væri látin haldast óhreytt. Nefndin verður því að ráða til, að lagagrein þessari verði breytt samkvæmt ástæðum þeim, er vèr hær tókum fram.

Að svo útlistuðu máli, leyfir nefndin sér að ráða þinginu til,

um leið og það ritar hans hátign konunginum allraþegnsamlegast álitsskjal um málið, að taka þar fram að niðurlagi þá þegnlegu bæn:

1. Að launaviðbót sú, sem nokkrum embættismönnum á Íslandi var veitt með lögunum 19. jan. 1863, verði látin haldast óbreytt, sem virkileg embættislaun í almennum skilningi. Sömuleiðis það skrifstofufé og aðstoðarfé, sem um er rætt í 2. grein laganna.
2. Að ákvörðunin í niðurlagi 3. gr.: «og skal launaviðbótin. — — — sem nú eru laus», verði felld úr gildi.
3. Að í stað 4. greinar komi ný grein þannig orðuð (eður að konungi þóknist að ákveða með sérstöku lagaboði ákvörðun í þá stefnu): «að launaviðbót sú, sem 1. gr. laga þessara ákveður, skuli hér eptir veita sama rétt til biðlauna og eptirlauna, samkvæmt eptirlauna lögunum 5. jan. 1851, eins og önnur embættislaun.
4. Að í stað ártalsins í 5. gr. laganna: 1865—66, verði sett 1871—72».

Reykjavík, 12. ágúst 1865.

Halldór Jónsson, Jón Guðmundsson, Jón Bjarnason.
skrifari. formaður og framsögumaður.
Jón Sigurðsson. Ólafur Sigurðsson.

NEFNDARÁLIT

um konunglegt frumvarp til tilskipunar um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss í nefnd til að íhuga og segja álit vort um konunglegt frumvarp til tilskipunar um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi. Eins voru og fengnar nefndinni til álita bænarskrár 8 að tölu: 1. úr Suður-Múlasýslu frá fundi á Vallanesi. 2. úr Vestur-Skaptafellssýslu með 141 nöfnum undir. 3. úr Barðastrandarsýslu frá fundi að Kollabúðum, 4. úr Eyja-fjarðarsýslu frá sýslufundi á Akureyri, 5. úr Ísafjarðarsýslu frá

fundi á Ísafirði, 6. úr Snæfellsnessýslu frá fundi í Stykkishólmi, 7. úr Skagafirði með 75 nöfnum undir og 8. frá fundi í Reykjavík.

Þessar bænarskrár lúta yfir höfuð að tala að eins að einni af fjárveikjum þeim, sem frumvarpið hljóðar um, sem sè hinum al-kunna sótt næma fjárkláða, sem nú þegar í 10 ár hefir gengið um suðuramtið og gjört svo mikinn hnekki hinum helzta atvinnuvegi landsbúa, og fara því sumar fram, að fè því, sem enn er veikt eða grunað af þessari veiki, sè eytt eða lógað, sumar því, að það verði læknað, en öruggir verðir settir til að aðgreina það frá hinu heilbrigða og varna útbreiðslu kláðans á þann hátt, sem alþingi ræði seinast til 1863.

Það er nú þaunig auðsætt, að tæðar bænarskrár eru yfir höfuð takmarkaðra efnis, en hið konunglega frumvarp, og að þær ganga í nokkuð aðra stefnu en það.

En það er á hinn bóginn jafn-auðsætt, að þær eru allar á þeirri grundvallarhugsun þjóðarinnar byggðar, að fjárkláðinn sè hið mesta drep fyrir landslýðinu, og að hin brýnasta nauðsyn því beri til, að útrýma honum hið bráðasta á einn eður annan hátt, og á þessari viðurkenningu er einnig frumvarp stjórnarinnar byggt.

Stjórnin hefir nú hingað til ekki getað fallizt á tillögur alþingis um mátann eður meðölin til að útrýma fjárkláðanum, sem þó hafa verið byggð á almennum vilja og áleti þjóðarinnar, og á hinn bóginn hefir stjórninni enn þá ekki heppnast að útrýma fjárkláðanum með þeim hætti, sem hún hefir látið fram fylgja. Eptir því, sem hingað til hefir gengið með að samrýma skoðun stjórnarinnar og landsmanna í þessu máli, og einkum með tilliti til, að stjórnin ekki hefir fallizt á frumvarp alþingis 1863 óbreytt, nè heldur sett önnur lög í málinu, þá hlýtur nefndin að álita, að verulegar breytingar á frumvarpi því, sem hér um ræðir, mundu að eins verða til þess, að halda málinu enn í hinu sama aðgjörðalítla og ískyggilega horfi um óákveðinn tíma. En þar sem slíkur dráttur stríðir ekki að eins móti velferð, ósk og áhuga þjóðarinnar, heldur og á móti þeim vilja stjórnarinnar, sem hún hefir sjálf jafnan haldið fram og hlýtur að liggja til grundvallar fyrir frumvarpinu sjálfu, þá verður nefndin að álita ráðlegast, að ráða hinu heiðraða þingi til að fallast á stjórnarfrumvarpið hvað aðalstefnu þess snertir í þeirri vissu von og með því örugga trausti, að stjórnin muni leiða þetta velferðarmál landsins, sem hún svo sterklega hefir tekið að sér, bæði fljótt og vel til þeirra lykta, sem

landslýðurinn þráir svo mjög og aðalatvinna hans er svo verulega komin undir.

En jafnframt og nefndin þannig ræður til þess, að fallast á frumvarp stjórnarinnar, hvað aðalstefnu þess snertir, lækningarnar, leyfir hún sér að eins að stinga upp á fáeinum breytingum við hinar einstöku greinir, og vekja athygli þingsins á nokkrum atriðum, sem nefndinni hafa virzt einkum og sér í lagi ihugunarverð.

Viðvíkjandi 3. gr. sbr. 6. gr. Eins og getið er um í ástæðunum fyrir 6. gr. frumvarpsins, áleit alþingi 1863, að ísjárvert væri að íþyngja að mun jafnaðarsjóðum amtanna, með því gjöld þau, sem á þeim hvíla, eru orðin býsna tilfinnanleg á seinni árum fyrir almenning, og ræði því til að leggja kostnaðinn sem mest á eiganda hins sjúka fjár. En eins og tekið er fram í ástæðum stjórnarfrumvarpsins, hefir stjórninni þótt ótækilegt, að leggja frekari byrgðir á hinn einstaka fjáreiganda en þær, sem leiða af aðskilnaði fjárins, lækningum og annari meðferð, og þessa grundvallarreglu byggir stjórnin á því, að eðlilegast sé að *allt* það eptirlit, sem haft er eptir tilhlutun hins opinbera og í þess hag, sé borgað úr almennum sjóði. Nefndin hefir nú rækilega ihugað þetta atriði og komið til þeirrar niðurstöðu, að uppástunga sú, sem getið er um í ástæðunum fyrir 6. gr. frumvarpsins, að konungsfulltrúinn hafi gjört, sem sé að leggja eptirlitskostnað þann, sem ræðir um í 3. og 6. gr. á *sveitirnar*, muni vera hinn réttasti og hagfelldasti meðalvegur í þessu efni. Nefndin getur ekki annað en lagt áherzlu á það atriði, að með þessu móti vinnst það, að kostnaðurinn í fyrsta máta leggst einmitt á sauðféð, sem eptirlitið er við haft til að varðveita, en ekki á ósamkynja gjaldstofna, og í annan stað er það jafnvel fyrirsjáanlegt, að eptirlitið með sauðfénu og ástandi þess yfir höfuð, muni verða svo misjafnt í hinum einstöku lreppum landsins, að það yrði miður sanngjarnt, að láta þá alla bera jafna byrði, hvað sauðféð snertir, og að þetta aptur mundi valda því, að innbyrðis keppni og áhugi milli sveitanna í því, að varðveita féð fyrir næmum sjúkdómum og við hafa yfir höfuð góða hirðingu á því, mundi verða sljófari. Á hinn bóginn virðist nefndinni, að grundvallarskoðun stjórnarinnar sé með þessu móti alls eigi haggð, hvað hinn einstaka fjáreiganda snertir, er allt sveitarfélagið, sem hann er í, ber byrðina ásamt honum. Nefndinni virðist þessi niðurstaða þeim mun eðlilegri og aðgengilegri,

sem vèr, eins og siðar skal getið, ætlum oss, sem viðauka við hið konunglega frumvarp, að stinga upp á almennu eptirliti yfir land *allt*, sem meðal annars geti sameinað og dregið í eina heild eptirlit það m. m., sem frumvarpið ráðgjörir í hverri sveit fyrir sig.

Samkvæmt þessum athugasemdum ætlar nefndin því að stinga upp á, að 3. gr. verði orðuð.

Um 4. grein.

Að visu ræður nú nefndin til, að þessi grein sé látin óbreytt, en hlýtur jafnframt í fyrsta máta að taka sterklega fram þá yfirgnæfandi þýðingu, sem hún verður að gefa grundvallarreglu frumvarpsins um *strangan aðskilnað á sjúku og heilbrigðu fè*, bæði yfir höfuð að tala í hverri næmri fjárveiki sem er, og sérstaklega viðvikjandi hinum næma fjárkláða. Eins og eðlilega og óumflýjanlega flýtur af ásigkomulagi Íslands og búnaðarástandi þess, þá verður nefndin að lýsa því yfir, að full framkvæmd þessarar grundvallarreglu hljóti hér eptir, eins og hingað til hefir reyndin á orðið í fjárkláðamálinu, að vera hreint og beint óumflýjanlegt skilyrði fyrir því, að lækningastefna frumvarpsins komi landi voru að sönnnum og tilæluðum notum, og þá eigi siður fyrir því, að lækningareglan vinni þá hylli og traust meðal alþýðu, sem nauðsyn krefur, eigi lögin að festa þær rætur, sem til ætlað er af stjórninni, bæði með tilliti til fjárkláðans og næmra fjárveikinda yfir höfuð. Nefndin þykist nú og mega ráða það af ástæðum stjórnarfrumvarpsins fyrir þessari grein, að þessi grundvallarregla hennar sé þannig að skilja, að allur sá aðskilnaður á sjúku og heilbrigðu fè, sem nauðsynlegur er til þess, eptir eðli þess sjúkdóms sem í hvert skipti er um að ræða, skuli eiga sér stað eptir því sem best hentar eptir kringumstæðunum til framkvæmdar lækningunum og til varnar því, að sýkin fái nokkurt ráðrúm til að útbreiðast eða setji heilbrigt fè í hættu, og sér í lagi álítur nefndin það vitaskuld, að hlutaðeigandi yfirvöld hafi þannig eptir grein þessari fulla heimild til og séu skyldug til, að setja verði millum sjúkra og heilbrigðra sveita, *þegar svo á stendur*, að heimavöktun einstakra manna er annaðhvort ómöguleg, eða getur ekki verið fulltrygg til að varna samgöngum.

Í annan stað verður nefndin að taka það fram viðvikjandi þessu mikilsunvarðandi átriði, sem einmitt hefir hvað mest hvatt hana til að fallast á stjórnarfrumvarpið, að hún álítur það sjálfsagt, að

reglur þær, sem hinir konunglegu erindsrekar gáfu og auglýstu 1859, (sjá hinar almennu reglur hinna konunglegu erindsreka 14. sept. 1859, samanber bréf hinna sömu 22. júní s. á.), almenningi til eptirbreytnis viðvíkandi fjárkláðanum, standi með öllu óhaggaðar, hvað það atriði snertir, eptir hve langan tíma fê það skuli álitid grunlaust og læknað, sem fjárkláða hefir fengið, eður samgöngur hefir haft við fê, sem óttast má fyrir, að hafi sýkt það; enda yrði og aðskilnaðurinn á sjúku og heilbrigðu fê alls eigi nægur eða tryggjandi hvorki fyrir lækningarnar sjálfar nè fyrir þá, sem hið heilbrigða fê eiga, nema því að eins, að tímatakmarkið sê ekki sett of þröngt í þessu tilliti, þar sem það á hinn bóginn er einmitt hið öflugasta meðal til að ávinna lækniugunum traust meðal almennings, að eigi sê að óttast kláða í því fê, sem lögin eður reglur hins opinbera telja heilbrigt, og þykist nefndin eigi þurfa annað en benda hinu heiðraða þingi á hinn almenna og megua ótta og kvíðboga, sem alþýðan á Íslandi í heild sinni hefir án afláts borið, og ber enn þann dag í dag fyrir því, að kláðinn útbreiddist víðsvegar út um landið, meðan hann væri nokkurstaðar að finna.

Um 7. gr.

Nefndin verður að ráða til að grein þessari verði breytt þannig, að *allur* sá kostnaður, sem hún ráðgjörir, falli á eiganda fjárens, með því hêr ræðir um óafbatanlegt hirðuleysi eiganda, sem eigi virðist eiga að koma sveitafélaginu eður hinu opinbera til neinnar byrði.

Fyrir utan þær breytingar, sem nefndin þannig leggur til að gjörðar verði á hinum einstöku greinum frumvarpsins, stingur hún einnig upp á því við hið heiðraða þing, að bætt verði aptan við frumvarpið nýrri grein, er yrði sú 8. gr. í tölunni, að í henni yrði ákveðið, að þriðjungur sektanna eptir 5. og 7. falli til upp-ljóstrarmanns, hvort sem hann er utansveitar eður innan, en tveir þriðju hlutir til sveitarinnar, þar sem brotið gegn þessum lagagreinum hefir átt sêr stað.

Enn fremur verður nefndin með tilliti til þess, hve bráð nauðsyn ber til þess, að frumvarp þetta fái lagagildi, og landslýðurinn geti sem fyrst notið þeirra ávaxta, sem fljót og óbyggjandi framkvæmd í þessu velferðar og áhugamáli þjóðarinnar hlýtur að hafa í för með sêr, að stinga upp á því, að þingið óski þess í niðurlagsatriðum þeirrar bænarskrár, sem það sendir konungi vorum um þetta mál, að hann mildilegast gjöri frumvarpið að lögum þeg-

ar í haust, þannig að það geti komið língað sem lög með síðustu gufuskiptisferð og náð þá þegar lagagildi til framkvæmda.

En jafnframt því sem nefndin leggur það til, að hið heiðraða þing fallist á frumvarp stjórnarinnar með áviknum breytingum og athugasemdum, sem nefndin eigi gjörir sér í hugarlund að stjórnin eigi muni geta fallist á, getur nefndin eigi annað en gengið nokkuð ýtarlegar inn í þetta málefni yfir höfuð, og skoðað það frá almennara og yfirgripsmeira stjórnarmiði en þetta frumvarp stjórnarinnar beinlínis og bókstaflega gjörir.

Það virðist sem sè auðsætt, að eins og þetta frumvarp stjórnarinnar yfirgripur ekki að eins þá tegund fjárkládans, sem hefir reynt svo sóttuæm og skaðleg hér á landi, heldur einnig hvers konar *önnur* sóttuæm og skaðleg fjárveikindi yfir höfuð, þá verður nefndin að álíta, að það miði eður stefni, enda þótt óbeinlínis, jafnframt að því, að sigrazt verði á og burtrutt sem flestum þeim hindrunum og annmörkum sem hvað mest eru og geta verið góðri fjárrækt til hnekkis og fyrirstöðu. Að lækningaregla frumvarpsins hafi þetta mikilvæga mið fyrir augum, verður nefndin að byggja á, ekki einungis af því, að hinir einstöku menn er sterkast og stöðugast hafa haldið fram lækningareglunni á móti gagnstæðri skoðun yfirborðsins af landsmönnum, hafa jafnan réttlætt hana með því og talið þann kost hennar mestan, að einmitt lækningarnar hlýti að leiða til betri meðferðar og þrifa á sauðfenu, en þetta aptur til betri fjárræktar og meiri og stöðugri fjárfjölgunar yfir höfuð að tala, — heldur hefir og stjórnin sjálf haldið fast við lækningaregluna einmitt frá þessu sama sjónarmiði, að minnsta kosti síðan 1859; eins og meðal annars hin riflega fjárveitning er lögstjórnin verkaði að og hafði fram á ríkisdeginum 1859—1860, virðist að hafa verið mest byggð á því, að efla og umbæta fjárræktina með sem almennustum og eindregnustum lækningum. En eins víst og það virðist, að sjálf stjórn konungs vors hafi þá haft þetta mark og mið fyrir augum, og einnig síðan byggt fastheldni sína við lækningarnar á þessari undirstöðu, eins virðist hitt auðsætt, að framkvæmdarvaldið hér á landi hafi misst sjónar á þessu augnamiði stjórnarinnar, eða sjálfsagt mislukkazt svo með ráðstafanir sínar í málinu og í því að verja hinu veitta fè, að þessi hinn augljósi tilgangur hennar til að efla fjárræktina, kom að minnsta kosti ekki öðruvísi í ljós en svo, að hann hlaut að verða misskilinn af yfirborði landsmanna, (þar sem öll aðalviðleitnin lenti ein-

ungis í því að lækna hið kláðasjúka fè, og þó með næsta tvísýn um árangri víða, en engar ráðstafanir gjörðar nè neinu af hinu mikla fè varið jafnframt til neins þess, er gæti orðið fjárræktinni til bóta, eða hrundið henni í betra horf, eigi svo mikið í læknuðu sveitunum auk heldur víðar). En að valdstjórninni hér syðra mistókst svona og hefir misheppnast síðan að fá þessum atriðis tilgangi stjórnarinnar framgang og fulla þýðingu, verðum vèr einkanlega að eigna það, að *lög* hefir vantað til þess að styðjast við og fara eptir í þessu sèrstaklega máli, bæði fyrir yfirvöldin og hina undirgefnu.

En skoði maður nú málið í heild sinni, og einuig frá þessu sjónarmiði, og byggi lækningaregluna og framfylgi henni eptir haggfelldu *lögákvæðnu* fyrirkomulagi, á þessari mikilvægu undirstöðu, þá er hvorttveggja víst, að engum Íslendingi kemur til hugar eða hefir nokkurn tíma dottið í hug, að neita því, að betrun sauðfjárræktarinnar er eitt af aðalvelferðarmálum Íslands, og heldur ekki hinu, að henni er yfir höfuð að tala næsta ábótavant í mörgum og verulegum greinum.

Nefndin getur nú að vísu ekki álitid það ætlunarverk sitt, að sína fram á og útlista út í hörgul, þau mörgu og margvíslegu atriði í sauðfjárræktinni, sem taka yrði til greina, ætti hún að mun að ná almennum framförum hér á landi, en á hinn bóginn getur hún ómögulega leitt hjá sèr, að taka það fram, að frumvarp stjórnarinnar, og framkvæmd sú, er það ráðgjörir, að eins snertir einn hlekk í stórri keðju hvað fjárræktina snertir, sem vart má gjöra ráð fyrir, að komið geti að verulegum og sönnum notum á Íslandi, yfir höfuð, nema meira sè aðgjört í þessu efni. Á hinn bóginn hlýtur nefndin að vera fóst á því, að enginn tími sè betur lagaður en þessi, og að lagafrumvarp þetta gefi einmitt hið bezta tilefni og tækifæri bæði til þess, að endurnýja athygli stjórnarinnar, sem svo kappsamlega hefir tekið að sèr fjárkláðalækningarnar, að fjárræktinni hér á landi yfir höfuð, og til þess, að gjöra framgangs-máta hennar í fjárkláðamálinu alþýðlegan og vinsælan í augum landsbúa, enda verður því og alls eigi neitað, að fjárlækningarnar á Íslandi, ef þær ættu að verða almennt viðhafðar, og leiða til nokkurs alþjóðlegs árangurs, samt grundvallarreglan, sem einmitt er þar á byggð: „strangur aðskilnaður á sjúku og grunuðu fè frá heilbrigðu“, útheimti mörg óumflýjanleg skilyrði, sem mjög víða ýmist algjörlega, einkum á Suður- og Vesturlandi vanta, en ýmist er næsta

ábótavant, svo sem holl og rúmgóð fjárhús, er vanta algjörlega í sumum sveitum, nægileg og góð hey, hirðingu og þrif einkum á vetrardag, kynval og ótal annað fleira.

Af ástæðum þeim, sem vèr nú höfum stuttlega dregið á, verður nefndin að álíta, að það sé með öllu samkvæmt og í anda þeirrar grundvallarreglu, og aðalhugsunar, sem stjórnarfrumvarpið er byggt á, og yfir höfuð að tala stefnu stjórnarinnar í fjárkláðamálinu, að ráðstafanir séu nú þegar gjörðar til viðreisnar og blómgunar fjárræktinni á Íslandi, eigi að eins með tilliti til hinna næmu fjárveikinda, sem frumvarpið gjörir einkanlega að umtalsefni, heldur og með tilliti til góðrar meðferðar, þrifa og kynbetrunar fjárins m. m. Og með því nú þvílík afskipti hins opinbera af sauðfènu hér á landi, hljóta að áliti nefndarinnar, að vera ofvaxin hinum venjulegu embættismönnum eingöngu, sem heldur ekki almennt geta álitizt að hafa næga þekkingu í þessháttar efnum, og með því þessi afskipti stjórnarinnar, eigi þau að geta komið að hinum tilætluðu notum, verða enn fremur að vinna hylli og traust hjá almenningi og allri alþýðu manna, þá leyfir nefndin sér að stinga upp á því, að þingið biðji um, að skipuð verði 3. manna nefnd í hverju amti, og með tilliti til þess að hér á landi vantar dýralækna, sem og eigi heldur mundu geta fengizt án mjög tilfinnanlegrar byrði fyrir landið, þá sé einn af héraðslæknunum í hverri þessari nefnd, sem hafi þann starfa á hendi, að ganga yfirvöldunum til handa, eigi að eins í því að framfylgja lækningum hins sótnæma fjárkláða í suðuramtinu og að uppræta hann sem fyrst, beint eptir lögum þeim, sem hér ræðir um, heldur einnig í því, að efla jafnframt og jafnhliða fjárræktarþekkingu og áhuga meðal almennings, og fá alþýðuna til að fylgja fúslega þeim reglum og ráðstöfunum, er gefnar mættu verða fjárlækningunum og fjárræktinni yfir höfuð til blómgunar. Til frekari styrkingar þessari uppástungu, tekur nefndin það enn fremur fram, að ekki að eins nokkrar af hinum fyrrnefndu bænarskrám til alþingis, sem nefndinni voru fengnar til meðferðar, taka sérstaklega fram nauðsynina á þessleiðis aðstoðarnefndum við valdstjórnina til framkvæmdar í fjárkláðamálinu, heldur er það jafnframt alkunnugt, að margar þegusamlegar bænarskrár til konungs, er voru sendar frá ýmsum héraðsfundum á næstliðnu vori, tóku einnig hið sama at-riði fram og lögðu á það sérlega áherzlu, svo nefndin þykist eigi geta verið í vafa um, að stjórnin mundi taka þessari bæn þingsins og þjóðarinnar allskostar vel. Eins og nefndin líka ekki þykist

þurfa að hika sér við að ráða þinginu til að stinga upp á þeim mönnum, sem það þykist helzt mega bera traust til að leysa þetta ætlunarverk af hendi.

Með tilliti til þess, að stjórnin hefir áður verið svo örlynd með að leggja fê til framkvæmdar þessu málefni, sem og til þess, að mikill hluti af því fê, sem ríkisdagurinn veitti í þessu skyni árin 1859—1860 (vêr ætlum 10—13000 rd.), gekk aptur inn í ríkissjóðinn, þykist nefndin mega gjöra ráð fyrir, að stjórnin muni verða fús á, að sjá um að fê yrði veitt úr ríkissjóðnum til að launa aðstoðarnefndum þessum sanngjarnlega starfa sinn, að minnsta kosti fyrst um sinn meðan fjárhags aðskilnaðurinn ekki er kominn í kring. En með því nefndinni þykir það svo miklu varða, að eigi geti orðið nein fyrirstaða á skipun þessara nefnda sökum þessa atriðis, þá ræður hún þinginu til vara til þess, að biðja um fê það, sem hêr um ræðir, að eins sem skyndilán úr ríkissjóði, er endurborgist honum aptur smátt og smátt með 6% afborgun úr jafnaðarsjóðum landsins, en það verði aptur endurgoldið sjóðum þessum jafnóðum eður árlega fyrir niðurföfnun, annaðhvort eptir sömu reglum sem alþingiskostnaðurinn, eður þá eptir hlutfalli tíundarbærra hundræða þeirra í millum, og sér nefndin eigi betur en að grundvallarregla stjórnarfrumvarpsins, sem áður er getið í ástæðunum fyrir 3. og 6. gr. um eptirlit hins opinbera með fjárræktinni á Íslandi, komi hêr einka vel við, þar sem ræðir um landið allt í heild sinni og eflingu og framfarir í aðalatvinnuvegi þess.

Samkvæmt öllu því, sem nú er sagt, leyfir nefndin sér að ráða hinu heiðraða þingi til:

1. Að biðja hans hátign konung vorn mildilegast að veita frumvarpinu lagagildi þannig, að það komi hingað sem lög til framkvæmda, með síðustu póstskeipsferð í haust komanda, en jafnframt að á frumvarpinu verði gjörðar eptirfylgjandi breytingar:
a, Að 3. gr. orðist þannig: Hreppstjórnir og aðstoðarmenn þeirra skulu eptir því sem amtmaður gjör ákveður o. s. frv.
Borgun þessari skal sýslumaður jafna niður á allan sauðfênað í hverjum hreppi, eptir þeim reglum, sem gilda um dýratolla, og kalla hana inn á manntalsþingum ásamt öðrum manntalsþingsgjöldum.

- b, Að orðunum í 7. grein: »á kostnað eiganda, og má gjöra fjárnám hjá honum fyrir kostnaðinum« verði þannig breytt:

»Allan kostnað til þessa borgar eigandi, og má gjöra fjárnám hjá honum fyrir kostnaðinum«.

c, Að nýrri grein verði bætt aptan við frumvarpið, sem þá verður 8. grein, þannig hljóðandi:

8. grein.

»Þriðjungur sekta þeirra, sem nefndar eru í 5. og 7. gr. falli til uppljóstrarmanns, hvort sem hann er utan hrepps eður innan, en hinir tveir hlutir til sveitarinnar, þar sem laga-
»brotið gegn greinum þessum hefir átt sér stað«.

2. Að þingið biðji konung vorn þegnsamlega um:

a, Að hann mildilegast láti skipa 3 manna nefnd í hverju amti til aðstoðar valdstjórninni í fjárkláðalækningunum og í öllum þeim efnum sem lúta að efingu fjárræktarinnar á Íslandi yfir höfuð.

b, Að hann mildilegast sjái svo um, að fè verði veitt úr ríkissjóðnum að minnsta kosti fyrst um sinn meðan fjárhagur Íslands og Danmerkur eigi er aðskilinn, til að launa nefndum þessum sanngjarnlega starfa sinn, en til *vara*

c, Að fè þetta verði veitt sem skyndilán úr ríkissjóði móti 6% árlegri afborgun úr jafnaðarsjóðum Íslands unz lánið er að fullu greitt,

d, Að alþingi stingi nú þegar, og á sèrstökum aðalfundi upp á mönnum í nefndir þær, sem nú var getið.

Reykjavík 12. dag ágústmán. 1865.

Benidikt Sveinsson, Jón Pálmason. Stefán Jónsson.
framsögumaður.

Sighvatur Árnason. Jón Guðmundsson, Hjálmur Pétursson.
formaður.

Eg fellst á niðurlagsatriðið undir 1. tölulið í heild sinni, en mér virðist að vísu í ástæðunum vera heldur mikil áherzla lögð á fjárverðina. Eg álit nóg, að í álitsskjalinu til konungs sè bent á, að þó það sjáist af ástæðunum fyrir frumvarpi stjórnarinnar, að hún hafi ekki eins mikið traust á fjárvörðum til að hindra útbreiðslu næmrar fjársýki, eins og alþingi hefir áður látið í ljósi að það hefði, þá megi eigi að síður álíta, að 4. gr. frumvarpsins sè því ekki til fyrirstöðu, að skipaðir sèu fjárverðir, þegar svo er ástátt, að þeir, eptir því sem tilhagar, verði að álítast einasta eður hagfelldasta úrræðið til að framkvæma aðskilnað þann, sem boðinn er í frumvarpinu.

Hvað því næst snertir niðurlagsatriðin undir 2. tölulið, þá verð eg að álíta, að nefndir þær, sem hér er um rætt, varla muni geta orðið að tilætluðum notum, ef þær hafa svo að segja enga dýralæknisfræðislega þekkingu við að styðjast, og að þær muni varla svara þeim kostnaði, er til þeirra mundi ganga. Ef til væri að minnsta kosti einn dýralæknir í hverju amti, álít eg þar á móti, að það geti orðið til mikils góðs fyrir framfarir fjárræktarinnar að skipa landbúnaðarnefndir, eina í hverju amti, og ætti þá dýralæknirinn að eiga sæti í henni. Eg get því eigi fallið á uppástungurnar undir 2. tölulið, er lúta að því að nú þegar sé beðið um nefndir þessar, en til að undirbúa að þær seinna gætu komið á, og að minnsta kosti til að fá fleiri dýralækna í landinu en nú eru, sem álitast má ómissandi vegna fjárlækninga yfir höfuð, án tillits til landbúnaðarnefndanna, þá ræð eg þinginu til að biðja um:

Að stjórnin gjöri þær ráðstafanir, er nauðsynlegar virðast, til að fjölga dýralæknum hér á landi, þannig að einn dýralæknir að minnsta kosti sé í hverju amti.

Reykjavík 12. dag ágústmán. 1865.

Bergur Thorberg.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu viðvíkjandi Hólakirkju.

1. *Nefndin*: að eiganda Hóla í Hjaltadal verði veitt:

A. annaðhvort:

1. Hæfilegt endurgjald fyrir Hólaprentsmiðjuna, annaðhvort af tekjum prentsmiðju landsins eður úr ríkissjóði.
2. Fullar bætur fyrir portion kirkjunnar, er safnað var til frá því 1784 til 1808, en jafnframt eytt, án þess eigendum Hóla væri í nokkru um að kenna.
3. Þá 50 rd., sem í skilnaðarskránni 29. maí 1767 og reglugjörð 1 maí 1789, voru lagðir til kirkjunnar ár hvert, bæði frá 1802 til þess dags, er borgun er greidd, og framvegis. Fellt með 13 atkv. gegn 11.

B. eður:

Veita um sinn fjárstyrk úr rikissjóði til aðalviðgjörðar Hóla-kirkju eptir skoðunargjörð á henni, sem stiptsyflrvöldin annist um að fram fari, og síðan hæfilegt árgjald til kirkjunnar, er ásamt árstekjum hennar geti nægt til að halda henni sómasamlega uppi, með því lagi og stærð, er hún nú hefir. Samþykkt með 13 atkv. gegn 8.

C. eður þá, ef hvorugt hið fyrr talda getur fengist:

Að hans hátign konungurinn hlutist svo til, að hið opinbera taki nú þegar að sér kirkjuna með skruði hennar og portion til allrar umsjónar og viðurhalds framvegis. Fellt með 12 atkv. gegn 11.

2. *Sveinn Skúlason*: Ef ekkert af því undan farna verður veitt, að Hans konunglegu Hátign þá mætti þóknast að veita eiganda Hóladómkirkju gjafsókn til að sækja mál á hendur rikissjóðnum um hin fornu ítök Hóla-kirkju, sem undan henni hafa gengið við sölu stólgózanna, eða þá gegn núverandi eigendum þessara í-taka. Fellt með 13 atkv. gegn 5.

3. *Nefndin*: að alþingi sendi H. H. konunginum bænarskrá (um það sem samþykkt verður) með beztu meðmælum sínum. Samþykkt með 13 atkv. gegn 8.

4. *Eiríkur Kúld*: að alþing vísi máli þessu fyrir milligöngu forseta til stjórnarinnar. Fallið við 3. tölul.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um skyldur svaramanna í hjúskaparmálum (til að sporna við giptingum öreiga og óráðsmanna).

-
1. *Benedikt Sveinsson*, breytingaratkvæði við 1. uppháttungu nefndarinnar (nr. 2, samþykkt af nefndinni): að orðunum »hvar hann á framfærisrètt« verði breytt í: »hvar hann á *eða öðlast* framfærisrètt á þessu tímabili«. Samþykkt með 18 atkv.

2. *Nefndin* (1. upphást.):

Auk þess, sem fyrir er mælt í tilskipun frá 30. apríl 1824, um hjúskaparmál, skulu það hér eptir lög, ef sá, er giptast

vill, hefir engan lífvænlegan atvinnuveg, þegar um lýsingar er beðið, þá skulu svaramenn ábyrgjast, að engin sveitarþyngsli hljóttist af honum eða hans skyldu-ómögum, sem eru, eða verða kunna, þau fyrstu þrjú ár frá næstu fardögum eptir giptinguna í þeim hreppi hvar hann á framfærissrætt. Samþykkt með 17 atkv. gegn 2.

3. *Sighvatur Árnason*, viðauka-atkvæði við 1. uppástungu nefndarinnar (nr. 2): »Ef sá, er giptast vill, á framfærissrætt í öðrum hrepp en konu-efnið, skal annar þessara ábyrgðarmanna eiga heima í öðrum hrepp en framfærslusveit hennar«. Fellt með 9 atkv. gegn 8.
4. *Ólafur Sigurðsson*, að nefndarinnar 2a (nr. 9) verði þannig orðað: »... í sveit, að maðurinn eigi eitt málnytukúgildi fyrir sig og hvert sitt skylduhjú, og aðra búshluti að þessu skapi, og hafi jarðnæði til ábúðar í þrjú ár, sem fóðri þenna fænað. Fellt með 18 atkv. gegn 4.
5. *Jón Pálmason*, að í stað orðanna í nefndarinnar 2a (nr. 9): »tvö málnytu-kúgildi«, verði sett: »þrjú málnytu-kúgildi«. Fellt með 13 atkv. gegn 9.
6. *Stefán Thordersen*, að eptir orðin í nefndarinnar 2a (nr. 9): »og hafi jarðnæði til ábúðar í þrjú ár«, verði sett: »sem að minnsta kosti er fimm hundruð að dýrleika eptir hinu nýja jarðamati«. Fellt með 14 atkv. gegn 4.
7. *Nefndin*: að orðin í uppástungunni 2b (nr. 9): »í þeirri verstöðu«, falli burt. Samþykkt með 16 atkv.
8. *Benedikt Sveinsson*, að orðin í uppástungu nefndarinnar 2c (nr. 9): »í eignarhaldi«, falli burt. Samþykkt með 17 atkv.
9. *Nefndin* (2. uppást.):

Það er að minnsta kosti lífvænlegur atvinnuvegur:

- a, í sveit, að maðurinn eigi eða hafi í eignarhaldi tvö málnytukúgildi og aðra búshluti að þessu skapi, og hafi jarðnæði til ábúðar í þrjú ár, sem fóðri að minnsta kosti þrjú kúgildi og tvö hross.
- b, í verstöðum eða við sjávarsíðuna skal maðurinn hafa að minnsta kosti búð með tilhlýðilegum vergögnum leigða í þrjú ár, og taki tvo hluti af sjó í þeirri verstöðu.
- c, ef maðurinn er handverks- eður daglaunamaður, þá sanni hann með skilríkjum, er til verða tekin í 4. grein, að hann eigi eður hafi í eignarhaldi í þrjú ár jafnálitlegan bjarg-

ræðis- eður atvinnuveg og taldir eru undir *a* og *b* hér að framan. Samþykkt með 16 atkv. gegn 6.

10. *Nefndin* (3. uppst.):

Hver sá, er giptast vill, og hefir einhvern af þeim í næstu grein áskildu hjargræðis- eður atvinnuvegum, er ekki skyldur að útvega sér þriggja ára ábyrgðina hjá svaramönnum. Samþykkt með 17 atkv.

11. *Nefndin* (4. uppst.):

Nú er vafasamt, hvort sá, er giptast vill, hefir nokkurn af þeim í 2. grein áskildu atvinnuvegum, þá skal hreppstjóri í þeirri sveit, með tveimur skilríkum bændum fullveðja, vera skyldur að gefa prestinum vottorð um, hvort maðurinn þurfi þriggja ára ábyrgðina eður eigi, og má, þegar þessa vottorðs þarf með, hreppstjórinn ekki vera svaramaður. Samþykkt með 16 atkv. gegn 1.

12. *Benedikt Sveinsson*, Breytingaratkvæði, samþykkt af nefndinni, að orðunum í 5. uppstungu nefndarinnar (nr. 13): »öll þessi skilríki o. s. frv. . . embættisbók», verði breytt þannig: «Allra þessara skilríkja skal getið í embættisbók prestsins». Samþykkt með 15 atkv.

13. *Nefndin* (5. uppstunga):

Prestur má ekki byrja á lýsingum, fyrr en hann hefir fengið í hendur á skrifuðu og innsigluðu skjali játningu svaramanna á skyldum þeirra, líka þriggja ára ábyrgðinni, ef hennar þarf, svo og vottorð hreppstjóra, ef þess þarf. Öll þessi skilríki innfærir presturinn í sína embættisbók. Samþykkt með 16 atkv.

14. *Benedikt Sveinsson*, Breytingaratkvæði við 6. uppstungu nefndarinnar (nr. 17): að í stað orðanna «svaramenn eður prestur» verði sett: »eður svaramenn». Samþykkt með 12 gegn 8.

15. *Sami*, að orðunum í sömu grein (nr. 17): «Virðist þeim er á telur, o. s. frv.» verði breytt þannig: «Virðist réttaranum, er málið er á talið fyrir honum» o. s. frv. Samþykkt með 13 atkv. gegn 2.

16. *Sami*: breytingaratkvæði við niðurlag sömu greinar (nr. 17), samþykkt af nefndinni: að í stað orðanna, »að straffs varði, þá dæmist eptir þeim lögum», komi, »að meiri hegningu varði eptir öðrum lögum, þá dæmist það eptir þeim». Samþykkt með 17 atkv.

17. *Nefndin* (6. uppstunga):
Ef nokkur þykist hafa orsök að átelja, að hreppstjóri, svaramenn eður prestur hafi eigi gætt skyldu sinnar, samkvæmt lögum þessum, þá er prestur skyldur að gefa þeim, er á telur, útskrift af embættisbókinni um hjónabandið. Virðist þeim, er á telur, að lagabrot hafi átt sér stað við giptinguna, þá meðhöndlist málið sem opinbert lögreglumál; leiðist þá í ljós, að nokkur af hlutaðeigendum hafi gjört sig sekan í afbrigði þessara laga, þá sektist hann frá 10 til 50 ríkisdala eptir málavöxtum, auk málskostnaðar, nema brotið sé þess eðlis, að straffs varði, þá dæmist eptir þeim lögum. Samþykkt með 15 atkv.
18. *Sama* (7. uppstunga):
Allar sektir út af afbrigði þessara laga til falla fátækra sjóðnum í þeim hreppi, hvar giptingin fram fór. Samþykkt með 17 atkv.
19. *Sighvatur Árnason*, vara-uppstunga: að enginn prestur megi hær eptir gipta neinn þann kvennmann, er hafi skyldu-ómögum fyrir að sjá, þá er auðsjáanlega mundu falla, eða eru, sveitinni til þyngsla, nema því að eins, að samþykki sé fengið hreppstjórnarinnar í þeim hreppi, þar sem brúðguma-efnið á framfærslurætt. Felld með 9 atkv. gegn 9.
20. *Arnþjóður Ólafsson* (ný uppstunga): «Hver sá maður er ári lengur stendur í skuld um þegið lán, styrk eður tillag af fátækra sjóði, hann skal upp þaðan háður tilsjón og atkvæði sveitastjórnarinnar í öllum fjármálefnum sínum; svo skal hann og ganga að hverri þeirri vinnu, sem sveitastjórnin vísar honum á, enda sé vinnan honum eigi ofvaxin. Fallin.
21. Hvort rita skuli konungi bænarskrá um málið (þau atriði sem samþykkt eru). Samþykkt með nafnakalli með 17 atkv. gegn 8.

NEFNDÁRÁLIT

í málinu: Konunglegt frumvarp til laga um nýtt fyrirkomulag á fjárhagssambandinu millum Íslands og konungsríkisins.

Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss, er ritum nöfn vor hér undir, í nefnd til að ihuga og segja álit vort um konunglegt frumvarp til laga um nýtt fyrirkomulag á fjárhagssambandinu milli Íslands og konungsríkisins. Svo hefir þingið og vísað til nefndar þessarar 8 bænarskrám, er til þingsins hafa komið úr ýmsum hær- uðum landsins um stjórnarbót og þjóðfund.

Eptir að vör höfum vandlega ihugað málefni þetta og rætt það með oss á fundum, leyfum vör oss að skýra frá álitinu voru um það á þessa leið, og snúum oss þá fyrst að aðalætlunarverki nefndarinnar, hinu konunglega frumvarpi, og munum þar á eptir ræða um bænarskrárnar.

Nefndin verður að vera samþykk þeirri skoðun, sem liggur til grundvallar fyrir frumvarpinu, og sem hin íslenska fjárhagsnefnd, er skipuð var í Kaupmannahöfn árið 1861, hefir yfirlýst, að aðskilnaðurinn á fjárhag Íslands og konungsríkisins megi álitast gagnlegur, en að hann verði að hafa í för með sér, ef hann eigi að koma Íslandi að notum, verulega breytingu á stjórnarfyrirkomulagi Íslands, einkum að því, að yfirstjórn landsins fengi aðsetur í landinu sjálfu fremur en nú er, og að alþingi öðlist löggjafarvald í fjármálum landsins og í öðrum íslenskum löggjafarmálum. Vör viðurkennum nú að vísu, að nauðsyn sé á, að komast að fastri niðurstöðu um fjárhagsaðskilnaðinn og skilyrðin fyrir honum, áður en stjórnarskipunarmál vort verði leitt til lykta, með því fjárhagsmálefnið verður að leggjast undir atkvæði hins danska ríkisþings; en á hinn bóginn álitum vör þessi tvö málefni svo samvaxin, að fjárhagsaðskilnaðurinn geti ekki komið á fyrr en svo, að jafnframt verði gjörð breyting á fyrirkomulaginu á stjórn landsins í þá átt, sem að ofan er á vikið, með því breyting sú, er hlyti að verða á atkvæði og aðgjörðum alþingis um fjármál, og á hinni umboðslegu yfirfjárstjórn landsins, ætti að ákveðast í þeim lögum, er skipuðu fyrir um stjórnarfyrirkomulagið í heild sinni. Þessi skoðun virðist og vera að öllu leyti samkvæm frumvarpi stjórnarinnar, þegar litið er á ákvörðunina í niðurlagi 2. gr., og sú ákvörðun borin saman við ástæðurnar; að vísu er þar einnig bent á, að reglurnar um meðferð fjárlaganna á alþingi geti átt heima í sérstaklegum ís-

lenskum lögum, og neitum vèr því að vísu eigi, að svo geti verið, en vèr verðum, eins og áður er á vikið, eigi að síður að álíta haggfelldara, ef ekki nauðsynlegt, að slíkar reglur komi fram í þeim lögum, er skipa fyrir um stjórnarskipunarmálið í heild sinni, en ekki í sérstaklegum lögum, er þannig snertu að eins eitt atriði í stjórnarskipuninni; yrðu þau lög og að leggjast fyrir þing hér á landi, og mundi það að líkindum tefja fyrir stjórnarbótarmálinu, ef slík lög ættu fyrst að komast í kring.

Nú er vèr virðum fyrir oss sjálfan fjárhagsaðskilnaðinn skulum vèr fyrst og fremst taka fram, að allir, er fengizt hafa við fjárhagsmálefni Íslands á síðari tímum, hafa verið á sama máli um það, að aðskilnaðurinn sè ómögulegur nema á þann hátt, að greitt sè til landsins fè úr ríkissjóði, þar eð gjöld þess eru töluvert meiri en tekjurnar. En menn hafa með ýmsu móti komizt að ýmislegri niðurstöðu um upphæð tillagsins og ásigkomulag þess, þar sem menn hafa stungið upp á, að árgjaldið skyldi vera bæði fast og laust, eingöngu fast, og loksins að eins fastákveðið um vissa áratölu, en að þeim tíma liðnum skyldi tillagið ákveðið að nýju. Með þessu síðasta móti er ákvörðun frumvarps þess, er vèr eigum að segja álit vort um, en þar á móti fór fjárhagsnefnd sú, er skipuð var í Kaupmannahöfn fram á fast tillag, og tvær af þeim þrem deildum, er nefndin skiptist í, einnig laust tillag, er ætti að fara minnkandi eptir tiltekna áratölu. Önnur af þessum tveim deildum nefndarinnar stakk upp á föstu árstillagi, að upphæð 29,500 rd. á ári, og bráðabyrgðartillagi að upphæð 12,500 rd. á ári, og skyldi það að tíu árum liðnum minnka um 500 rd. á ári. Eins og sjá má af ástæðunum fyrir frumvarpinu hefir dómsmála-stjórnin álitid þessa uppástungu bezt fallna af uppástungum þeim, er fram komu í nefndinni, til að byggja á henni, þegar málefni þessu væri haldið lengra fram, en eigi að síður hefir sú skoðunin orðið ofan á í frumvarpinu, er fjárstjórnin hélt fram, að tillagið skyldi að eins fastákveðið um tiltekið tímabil, en að þeim tíma liðnum skyldi það á ný ákveðið með lögum, hversu mikið tillagið seinna ætti að vera.

Vèr álitum skyldu vora að ráða þinginu til, að fara svo nærri frumvarpi stjórnarinnar, sem mönnum sýnist ýtrast fært. Eigi að síður þorum vèr ekki að ráða þinginu til, að fallast á uppástungu frumvarpsins óbreytta. Það virðist vera meiningin í 7. gr. frumvarpsins, þar sem ákveðið er, að eptir 12 ár skuli ákveðið með

lögum að nýju, hve mikið tillagið skuli vera, að ríkisþing Dana skuli eitt gjöra ákvörðun þessa, en þetta virðist oss leiða til mikillar óvissu fyrir Ísland, þar sem menn ekki gætu verið vissir um, nema menn, ef til vill, kynnu að verða í einu sviptir svo að segja öllu tillaginu, þó menn ekki sæju sér fært að útvega svo mikið fê, sem óumflýjanlegt væri til hinna opinberu gjalda landsins. Þó hér við kynni verða gjörð sú mótbára, að ríkisdagurinn geti einnig nú þegar neitað um sérhvert tillag til Íslands í fjárlögunum, svo að sú áhætta, sem hér sé talin, sé ekki nema í orði kveðnu, þá ber þess að gæta, að allt öðru máli er að gegna meðan fjárhagurinn er óaðskilinn, og ríkisþingið hefir ályktunaratkvæði um tekjur og gjöld landsins, heldur en þegar alþingi er húið að fá atkvæði þetta, og ríkisþingið eiginlega er laust allra mála, og hefir eigi lengur neinn veg eða vanda af fjárhagsmálum Íslands á ári hverju, og væri þá eðlilegt, að ríkisþingið kynni að verða tregt á framvegis að veita fê, sem það ef til vill ekki gæti sæð að væri öldungis nauðsynlegt til að leggja, þó þing hér á landi, sem hefði atkvæði um þau málefni, er fênu ætti að verja til, álitu að svo væri. Þau vandræði, sem upp á kynni að koma, ef fjárhagsmálefni Íslands væri skipað á þenna hátt, er að voru álitu svo ískyggleg, að vèr verðum að halda, að betra sé, að allt standi eins og nú er, heldur en að fjárhagsaðskilnaðurinn komist á á þann hátt. Þegar vèr og litum á, hvernig sú nauðsyn er til orðin að miklu eður öllu leyti, sem gjörir það að verkum, að Ísland eigi getur tekið að sér fjárhagsstjórn sína, nema það fái árgjald úr ríkissjóði, getum vèr eigi heldur betur sæð, en að þetta bendi á, að nokkurt tillag að minnsta kosti eigi að vera fast, eður þannig ákveðið, að landið hafi vissu fyrir, að það missi það eigi nema það sjái sér fært, án þess að vera. Reikningshalli sá, eður munur á tekjum og gjöldum landsins, sem gjörir tillagið óumflýjanlegt, er að miklu eður öllu leyti framkominn þar við, að hinar opinberu eignir landsins hafa seldar verið, og andvirði þeirra runnið inn í ríkissjóðinn. Hér hafa því horfið fastir tekjustofnar, en gjöldin, sem á þeim hvíldu, hafa eigi að eins viðhaldizt, heldur jafnvel aukizt mjög eptir því, sem tímar og kringumstæður hafa breytzt. Þetta á sér í lagi við um stólsgózin. Tekjurnar af þeim voru ætlaðar til launa handa byskupum og til kostnaðarins við skólana, og hrukku riflega fyrir þeim gjöldum; þegar gózin voru seld, tók ríkissjóðurinn að sér gjöldin, en fékk andvirði jarðanna, er mun hafa svar-

að hér um bil til þess, er jarðirnar gáfu af sér eptir þáverandi verði á landaurum. En síðan hafa landaurar hækkað svo mjög í verði, að afgjöldin af jörðum þessum, eins og ein deildin í fjárhagsnefndinni í Kaupmannahöfn sýndi fram á, nú mundu hlaupa nálega 32,000 rd. Ef menn á annan hátt vilja finna hvers virði stólsgózin væru nú á dögum, þá skal þess getið, að þau öll saman eptir hinu nýja jarðamati eru að dýrleika 15,494 hndr. og gjöri menn þá hvert hundr. á 40 rd., sem eigi mun of hátt, yrðu öll gózin 619,760 rd. virði, en árlegir vextir af því fæ væru hér um bil 24,790 rd. Af þessu má sjá, að efni þau, sem byskupsstólarnir áttu, hefðu verið nægileg til að uppfylla þarfir skólanna, eins og þær eru nú orðnar, en eins og áður er á vikið virðist ríkissjóðurinn hafa tekið að sér, að sjá þessum þörfum borgið, og sýnist eigi verða heimitað með sanngirni, að landið taki gjöld þessi að sér, nema með því skilyrði, að því verði aptur á móti veitt fjártillag, er svari byrði þessari. Annað atriðið, er orðið hefir ollandi þess, að reikningshallinn hefir komið fram, er sala sú, er smátt og smátt hefir framfarið á hinum svokölluðu konungsjörðum á Íslandi, er ávallt hafa verið taldar sérstakleg eign Íslands, en ekki ríkiseignir (Domainer), og afgjaldið af þeim ávallt verið talið með tekjum Íslands. Af þessum jörðum er talið að alls hafi verið selt fyrir 168,704 rd. 81 sk., og yrðu vextir af því fæ 6,748 rd. 16 sk. eða hér um bil 6,750 rd. Þetta tvennt gjörir til samans, ef farið er eptir *afgjaldinu* af stólsgózunum, 38,750 rd., en ef farið er eptir *áætluninni um verð* jarða þessara, 31,540 rd.

Vér höfum ekki tekið fram þessi atriði til að byggja á þeim kröfur eða uppástungur um neina vissa fjárupphæð, heldur til að leitast við að sýna, með því sambandi sem á sér stað milli þessara atriða og reikningshallans, að *edlilegast* sé, að tillag það, sem veitt kynni verða til að jafna reikningshallann, yrði veitt sem fast tillag. Þessi skoðun liggur og, að því er oss virðist, til grundvallar fyrir uppástungum þeirrar deildar í fjárhagsnefndinni í Kaupmannahöfn, er dómsmálastjórnin hallaðist að. Vér erum á sama máli og þessi deild fjárhagsnefndarinnar um, að menn verði, þegar ræða skal um upphæð tillagsins, að byggja á því ástandi, sem nú er, og líta á þarfir landsins, eins og þær nú eru orðnar. Vér verðum og að vera á því, að eptir því sem nú er ástatt í landinu, þoli það ekki neinar frekari beinlínis skattaálögur, en þær, er nú hvíla á því, og þó nokkurt fæ kynni að geta fengizt með

óbeinlínis álögum, einkum á verzlunina, þá eru á hinn bóginn þarfirnar margar, sem menn eigi enn hafa séð sér fært að uppfylla vegna fêleysis, eins og það líka virðist með öllu óumflýjanlegt, að stjórnarbreyting sú, er fjárhagsaðskilnaðinum hlyti að verða samfara, hefði eigi all-lítinn nýjan kostnað í för með sér.

Uppástunga deildar þessarar um upphæð hins fasta tillags, var byggð á því: *a*, að reikningshallinn í reikningi Íslands hefði verið á ári 17,000 rd. þar við er bætt *b*, til eptirlauna 7,500 — en eptirlaunin höfðu eigi áður verið talin með gjöldum Íslands, og enn fremur *c*, launahækkun handa embættismönnum á Íslandi 5,000 — kemur þannig fram hið fasta tillag 29,500 — Vêr álítum að menn eigi að halda sér við þessa upphæð, það sem hún nær, en bæta við hana þeim nýju gjöldum, er síðar hafa áfallið, eður sem hafa komið öðruvísi fram, en uppástungumennirnir hafa ráð fyrir gjört.

Það er nú að vísu eigi svo hægt að sýna með vissu, hve mikinn kostnað launahækkun embættismanna hafi í för með sér að meðaltali eptir grundvallarreglunum í lögum 19. janúarmánaðar 1863, en launahækkun sú, m. m., er talin er í þeim lögum, er að upphæð 8,320 rd., en þar að auki var búið að hækka laun tveggja embættismanna (forstöðumanns prestaskólans og rektors hins lærða skóla) rétt áður, án þess að uppástungumennirnir hafi getað haft tillit til þess í meðaltals reikningi sínum um reikningshallann, nema að minnsta kosti að mjög litlum hluta, og svo hefir einnig nokkrum embættismönnum síðan verið veitt aldurs viðbót eptir þeim reglum, sem lögin frá 19. jan. 1863 eru byggð á. Vêr höldum réttast að finna hvað launahækkunin muni kosta á þenna hátt:

Það sem bæta þarf við laun embættismanna, þau er þeir áður höfðu, til þess að þeir nái þeirri launa-upphæð, sem *embættismenn eiga að byrja með*, eptir reglunum í launalagafrumvarpi því, er lagt var fyrir ríkisþingið, er að upphæð . . . 3,850 rd. Viðbót eptir embættisaldri getur eptir reglum frumvarpsins mest orðið alls 13,000 rd. og reiknum vêr hêr með helming þeirrar upphæðar

Flyt 3,850 rd.

	Fluttir	3,850 rd.
sem meðaltölu		6,500 —
	til samans . .	10,350 —

Hér frá dregst það, sem laun nokkurra embættismanna (undirkennaranna við prestaskólann, yfirkennara og þriggja undirkennara við hinn lærða skóla) voru hærri áður, en þau laun, er þeir menn eiga að byrja með eptir hinum nýju reglum	950 —
verður þá eptir . .	9,400 —

Eptir annari gr. í lögum 19. jan. 1863:	
a, skrifstofufé handa byskupi og landfógeta	600 rd.
b, hækkun á aðstoðarfé við skólann	370 rd.
Ætlum vær því að álíta megi, að launahækkun þessi m. m. kosti	10,370 —
og þar eð hún í áðurgreindri uppástungu að eins er reiknuð til	5,000 —
ætti við að bæta	5,370 —

Í fjárlögunum fyrir 1864—65 hefir verið bætt við þessum gjöldum: a, 16 nýjar ölmusur við skólann 1600 rd., b, laun handa bæjarfógeta á Akureyri 200 rd., c, styrktarfé handa uppgjafaprestum og prestaekkjum 500 rd. Þessum til samans	2,300 —
ætti að voru áliti því að bæta við áðurgreinda	7,670 —
og yrði þá allt hið fasta tillag	29,500 —
eður ef það væri hækkað upp í hálft þúsund	37,170 —
Hið lausa tillag, er sá hluti fjárhagsnefndarinnar, er vér höllumst að, stakk upp á, er	37,500 —
og yrði þá allt tillagið	12,500 —
	50,000 —

Nefndin hefir fylgzt að í skoðunum sínum allt hingað að; en um upphæð hins fasta árgjalds, sem Danmörku bæri að greiða Íslandi, eptir að fjárhagsaðskilnaðurinn er ákominn verður nefndin eigi á eitt sátt. Vær meiri hlutinn, Jón Guðmundsson, Jón Sigurðsson, Halldór Jónsson, Ásgeir Einarsson, álitum, að oss beri að stíga feti framar en þegar er skeð á þeim vegi, sem öll nefndin hefir farið hingað að, og sem lagður er af fyrstu deild fjárhagsnefndarinnar í Kaupmannahöfn. Viðbót sú, er öll nefndin hefir orðið ásátt um að bæta eigi við hið fasta árgjald, er 8000 rd, en vér meiri hlutinn hyggjum að hér við beri enn fremur að bæta ymsum fleiri gjöldum, sem eptir reglum þeim, er fjárhags-

nefndin í Kaupmannahöfn hefir sett, og í eðli sínu heyra undir hið fasta árgjald. Þannig ætlum vèr, að alla þá upphæð, sem ætluð er til eptirlauna, beri að telja með í hinu fasta árgjaldi, eins og líka fjárhagsnefndin hefir gjört að nokkru leyti. Eptir uppástungu tæðrar nefndar, eða rættara sagt fyrstu deildar hennar, er gjört ráð fyrir, að 7500 rd. af eptirlauna upphæðinni, teljist með hinu fasta tillagi, en 1568 rd. með lausa tillaginu, og fáum vèr eigi sæð, á hverju það er byggt. Þá er og fjárupphæð sú, er nefndin hefir gjört ráð fyrir að þyrfti til eptirlaunanna, of lág. Því fyrst er það, að eptirlauna upphæðin hlýtur að fara árlega vaxandi fyrst um sinn, sökum þess, að eptirlaunalögin 5. jan. 1851, sem lögleidd eru hér á landi með opnu bræfi 31. maí 1855, eru svo ung, að þau hafa eigi enn náð til að verka á eptirlauna upphæðina, nema að eins í mjög fáum tilfellum. Í annan stað mun eigi verða hjá því komizt, að veita embættismönnum yfir höfuð að tala eptirlaun af launaviðbót þeirri, sem veitt er í lögum 19. jan. 1863, og eykur það eigi svo lítið upphæð eptirlaunanna með tímanum. Nefndin hefir því miður eigi í höndum neinar skýrslur um það, hvað upphæð eptirlaunanna er há nú sem stendur, og verður hún því að leggja álitsskjöl fjárhagsnefndarinnar til grundvallar. Eptir álitsskjali hennar nr. 1 var upphæð eptirlaunanna fjárhagsárið 1850—51, 5,560 rd., en 1860—61, 9,068 rd. Hefir þá upphæð eptirlaunanna farið vaxandi á því 10 ára tímabili, sem hér ræðir um, hér um bil um 330 rd. að meðaltali á ári. Nú telst oss svo til, að eptirlaunin fari vaxandi að sömu eður meiri tiltölu, um hið næsta 10—20 ára tímabil frá 1860 að telja af þeim ástæðum, sem áður eru taldar. Yrði þá eptirlauna-upphæðin fjárhagsárið 1870—71 orðin eptir sömu tiltölu rúmir 12000 rd. og það er einmitt sú upphæð, sem vèr meiri hluti nefndarinnar ætlum að telja eigi með hinu fasta árgjaldi, en af þessum 12000 rd., eru í hinu fasta tillagi taldir 7500 rd., svo það, sem að voru áliti þarf til eptirlauna að bæta við hið áðurtalda fasta tillag 29,500 + 8,000 rd. er 4,500 rd. En þar við minnkar þá hið lausa tillag, sem fyrsta deild fjárhagsnefndarinnar 1861 hefir stungið upp á, um 1550 rd.

Enn fremur á styrkur til opinberra bygginga, eptir því sem nú á stendur, beinlínis heima í hinu fasta árgjaldi. Fjárhagsnefndin hefir ætlað til þessa 3,000 rd. árlega fyrst um sinn, eður í 12 ár, og telur tæða upphæð með hinu lausa tillagi. Vèr meiri hluti nefndarinnar ætlum, að þessi upphæð sè of lág, því bæði eru bygg-

ingar þessar svo margar, að mikið fæ hlýtur. árlega að meðaltali að þurfa þeim til viðurhalds, þó þær væru nú í góðu ásigkomulagi; og svo fer þessu nú svo fjærri, að til að mynda hin stærsta af þeim, hús hins lærða skóla, sem ekki er steinhús, heldur af timbri, er nú, þó það sé byggt fyrir fáum árum, orðið svo á sig komið, að varla mun verða hjá því komið, að byggja það að nýju áður langt um líður; og hinar aðrar byggingarnar, dómkirkjan, kirkjan og skólahúsið gamla á Bessastöðum, og amtmannssetrið á Friðriksgáfu, eru sömuleiðis svo á sig komnar, að miklu fæ verður bráðum að kosta til viðgjörða þeim. Er það því álit vort, að ekki megi ætla minna fæ hinum opinberu byggingum til viðurhalds en 5000 rd. árlega, og stingur því meiri hlutinn upp á 5000 rd. viðbót við hið fasta árgjald í þessu skyni. En aptur falla þá burt, þeir 3000 rd., sem í lausatillaginu eru af fyrstu deild fjárhagsnefndarinnar 1861 hér til ætlaðir.

Sömuleiðis er það álit vort, að þá 3000 rd., sem þessi nefndardeild hefir talið með hinu lausa tillagi til launaviðbótar eptir kornverði, beri að telja með hinu fasta tillagi, eins og embættislaun yfir höfuð, því þó þessi gjaldagrein ekki sé lögakveðin og stígi upp og niður eptir kornverði, mun þó ekki verða hjá því komið, að hún viðhaldist (eða föst launahækkun í hennar stað), og mun hún að meðaltali heldur verða meiri en minni en 3000 rd.

Eptir áðursögðu er það álit meiri hluta nefndarinnar, að við það fasta tillag, sem öll nefndin var komin að, . . . 37,500 rd. beri að bæta til eptirlauna 4,500 rd. til opinberra bygginga 5,000 — til launaviðbóta eptir kornverði 3,000 — 12,500 — (en þar af eru 7500 rd. af fyrstu deild fjárhagsnefndarinnarinnar 1861 taldir í hinu lausa tillagi).

Verður þá hið fasta tillag alls 50,000 —

Að vísu mundi nú sanngjarnt, að bæta við þetta fasta tillag nokkru, eptir áætlun, sem hin fyrirhugaða breyting á landsstjórninni mundi auka á útgjöld landsins, einkum ef tillit væri tekið til bendingarinnar í 6. gr. frumvarpsins, og þetta liggur mjög svo nærri, því þessi kostnaðarauki hlyti að verða árlegur og viðvarandi, eins og hver önnur embættislaun, og af honum hlyti enn fremur að leiða nýja viðbót eptirlauna. Svo er það í þessu tilliti mjög svo mikilvægt og eptirtektavert atriði, að konungsríkið Danmörk mundi við fjárhagsaðskilnaðinn losast við æ hækkandi tillag

til Íslands. Ef allt stæði eins og nú er, mundi nefnilega ekki verða hjá því komizt, að útgjöld landsins yxu árlega talsvert, og þarf ekki aðra sönnun fyrir þessu, en reynslu umliðins tíma, eins og líka fjárhagsnefndin (fylgiskjal nr. 1) víða hefir tekið fram. Það verður ekki gjört lítið úr þessu atriði; því sú skoðun, að aðskilnað fjárhagsins beri að byggja á ástandi því, sem nú er, hlýtur þó að vera byggð á þeirri réttlætis- eða sanngirnis-undirstöðu, að hið árlega tillag frá Danmörku sè sjálfsgöð og eðlileg afleiðing af reikningsleysi fyrri tíma, og því óeðlilega sambandi, sem átt hefir sèr stað milli Danmerkur og Íslands, og að Danmörk, ef sambandið ætti að haldast, yrði að halda áfram að leggja til Íslands, það, sem það sjálft ekki gæti borið af því, sem nauðsynlegt væri, til þess að það gæti tekið nokkurn þátt í framförum tímanna og öðlæzt æ meiri viðreisn úr því volæði, sem meðal annars einokun verzlunarinnar á fyrri tímum steypiti því í, og er þessu enn, sem vonlegt er, mjög lítið á veg komið.

En þó vèr eptir því sem hèr er sagt álitum, að það sem nauðsyn bæri til að í þessu skyni væri aukið við tillagið, heyri eiginlega til hins fasta árgjalds, viljum vèr þó, til að fjarlægjast sem minnst frumvarpið, fallast á, að því væri bætt við þau 5000 rd. sem eptir áðursögðu eru eptir af því, af fyrstu deild fjárhagsnefndarinnar tiltekna lausa tillagi, og af þeirri ástæðu að landið með tímanum smátt og smátt mundi geta tekið að sèr þessi gjöld, þegar stjórn þess væri haganlega fyrir komið; og viljum vèr, þar sem vèr gjörum ráð fyrir, að þau í 6. gr. frumvarpsins nefndu gjöld verði landinu að svo komnu óviðkomandi, í þessu skyni

að eins stinga upp á	5000 —
yrði þá lausa árgjaldið	10000 —
og allt árgjaldið fyrst um sinn	60000 —

Og er þetta sú minnsta upphæð, sem vèr getum ímyndað oss að nýju fyrirkomulagi stjórnarskipunarinnar yrði á komið með, eða að fulltrúar þjóðarinnar, sem þetta mál fengi til meðferðar, gæti fallizt á.

Í ofangreindri upphæð árgjaldsins er eins og áður er á vikið ekkert tillit haft til gjalda þeirra, er snerta stjórn Íslands í höfuðstaðnum, þar eð stjórnarfrumvarpið ekki gefur tilefni til þess, og upphæð þeirra er óviss. Álitum vèr því, að þetta atriði þurfi ekki að koma hèr til skoðunar.

Vèr þurfum ekki að taka það fram, að Kollektusjóðurinn og

allir aðrir sérstakir sjóðir Íslands verði eins hér eptir og hingað til landsins fullkomin eign.

Minni hlutinn (*Arnljótur Ólafsson, Benedikt Sveinsson og Bergur Thorberg*) játar að vísu, að ýmsar af þeim tölustærðum, sem ofangreind tillagsupphæð 50000 rd. er byggð á, séu í sjálfu sér of lágt settar, og að þetta einkum eigi sér stað um það fê, sem ætlað er á, að ganga muni til eptirlauna og til opinberra bygginga, en minni hlutanum virtist þó eigi ráðlegt, að fara hærra í uppástungu sinni, til þess að fjarlægjast frumvarp stjórnarinnar sem minnst.

Eg, Benedikt Sveinsson, athuga í þessu tilliti enn fremur, að þó eg viðurkenni, að jafnvel tölu-upphæð meiri hlutans sê að vísu ekki í sjálfu sér of hátt tiltekin, ætti Ísland við fjárhagsaðskilnaðinn að fá fljóta og greiða viðreisn úr því ásigkomulagi og ástandi, sem það nú er í, og sprottið er af ýmsu gömlu stjórnarfyrikomulagi m. m., þá er eg fullkomlega sannfærður um, að ef stjórnin ekki getur fengið svo mikið fê hjá ríkisdeginum, eður jafnvel ekki einu sinni það, sem minni hlutinn fer fram á, þá muni það vera tiltækilegra fyrir þingið, að hverfa að stjórnarfrumvarpsins 7. gr. eins og hún er hvað fjártillagið snertir, en að eiga það á hættu, að fjárhagsaðskilnaðurinn farist fyrir sökum ofhárrar kröfu af vorri hálfu, því eg þykist sannfærður um, að Íslendingar vilji nokkuð til vinna, að fá frjálst fjárforæði og stjórnarbót. Eg ætla og að það sê nokkuð athugavert fyrir alþing, að kveða hart að í fjárhagsaðskilnaðarmálinu, með því það er hér að eins, eptir minni hyggju, að skoða sem undirbúning uudir stjórnarskipunarmál Íslands í heild sinni, og að þingið því gjöri réttast í því, að ganga þann veg, sem minnst fjarlægir áhuga landsmanna, og vilja og framkvæmdir stjórnarinnar. Frá þessu stjórnarmiði álit eg hyggilegast fyrir þingið, að það fylgi svo þessu máli, að vakandi áhugi þess lýsi sér á þeirri ósk, að stjórnarskipun landsins mætti verða sem fyrst ákveðin á fundi í landinu sjálfu, byggð á þeirri fjártillags-undirstöðu, sem bræður vorir Danir, vilja frekast veita oss.

Á þessum ástæðum ræð eg þinginu til, að fallast á frumvarpsins 7. gr. *til vara*, þó með þeirri breytingu, að á eptir orðin: «með lögum» bætist: «og með samþykki alþingis».

Vér skulum þvínæst minnst á hinar einstöku greinir frumvarpsins.

Við 1. gr. stingum vér upp á þeirri breytingu, að ekki verði

höfð í henni nein tíma-ákvörðun um, hve nær tilhögun sú, sem þar er umrætt, eigi að komast á; virðist oss hagfelldara að bætt sé aptan við frumvarpið nýrri grein, er ákveði um, hve nær lögin í heild sinni fái gildi, en eptir því sem vör höfum áður ávikíð, ætti það að vera jafnframt því, að hin nýja stjórnarskipun, sem fyrirhugað er að veita Íslandi, kæmist á.

Í samhljóðun við það, að þessi breyting sé gjörð á 1. gr., ætti upphaf 2. greinar að breytast þannig, að »alþingi tekst á hendur« sé sett í staðinn fyrir »frá sama tíma tekst alþingi á hendur«; álitum vör og réttast, eptir því sem áður er sagt, að bætt sé aptan við greinina þessum orðum: »í stjórnarskipunarlögum Íslands«.

Við 6. gr. Þar sem nefndin í ástæðunum fyrir 1. gr. frumvarpsins, og hinni nýju 8. gr., er hún stingur upp á, hefir orðið samhuga á því, að stínga upp á að lög þessi skuli ekki ná gildi fyrr en hið nýja stjórnarfyrikomulag Íslands og staða þess í konungsrikinu sé algjörlega ákveðin með lögum, þá þykir nefndinni næsta ísjárvert, að láta 6. gr. frumvarpsins haldast óbreytta, með því vör fáum eigi betur sæð, en að með 6. gr. óbreyttri, mundi sú skoðun liggja næst, að þessum lögum væri ætlað að ráða algjörlega til lykta mjög verulegu atriði í stjórnarskipunarmálinu sjálfu, þar sem er að ræða um allar þær stjórnarathafnir á æðsta stigi, er þó jafnan verða að eiga hin síðustu úrslit sín, hjá konungi og ríkisráði hans.

Af þessum rökum hefir nefndin stungið upp á breytingum á 6. gr. samkvæmt þessari skoðun, og vill ráða þinginu til að aðhyllast hana. En hvað snertir ákvörðun greinarinnar um kostnaðinn við gufuskipsferðirnar millum Íslands og Danmerkur, þá getur eigi nefndin sæð, að þörf sé á að hafa slíka ákvörðun í frumvarpi þessu, og stingur þess vegna upp á að henni sé sleppt.

Hvað snertir 7. gr., þá leiðir það af því, sem vör höfum að ofan tekið fram, að vör stingum upp á, að orðunum »talin frá...« sé sleppt, að í staðinn fyrir »42000 rd.« sé sett í uppástungu meiri hlutans »60000 rd.« og í uppástungu minna hlutans »50000 rd.«, og að ákvörðuninni um hið fasta tillag, sem deildir nefndarinnar hafa stungið upp á, verði þannig fyrir komið, að áskilið sé, að samþykki alþingis þurfi til þess, að tillagið geti nokkru sinni orðið minna en 50000 rd. á ári eptir uppástungu meiri hlutans, eður 37,500 rd. eptir uppástungu minni hlutans. Þessar uppástungur nálgast mjög að forminu til frumvarp stjórnarinnar, og að efninu

til láta þær eins og frumvarpið vera komið undir ákvörðun að 12 árum liðnum, hve hátt tillagið skuli þar á eptir vera. Eins og því var hreift af fjárhagsnefndinni í Kaupmannahöfn, að réttast væri, að út væru gefin óuppsegjanleg skuldabréf fyrir hinu fasta tillagi, eins höfum vèr álitid réttast að stinga upp á að svo væri gjört, þegar upphæð tillagsins yrði ákveðin að nýju eptir 12 ár.

Vèr skulum því næst snúa oss að bænarskrám þeim, er vísað hefir verið til nefndarinnar; þær eru 8 að tölu, og úr þessum hêr-uðum landsins: 1. Skagafjarðarsýslu, 2. Eyjafjarðarsýslu, 3. Þingeyjarsýslu, 4. Vestur-Skaptafellssýslu, 5. Strandasýslu, 6. Barðastrandarsýslu, 7. Snæfellsnessýslu, 8. Ísafjarðarsýslu. Allar þessar bænarskrár lúta að því, að alþingi eigi að biðja konung vorn um að Íslandi verði sem fyrst veitt stjórnarbót og að málið um stjórnarbreytinguna verði lagt fyrir þjóðfund hêr á landi samkvæmt konungsbrèfi 23. sept. 1848, og sè kosið til hans eptir kosningarlög-unum 28. sept. 1849.

Bænarskrár þessar lýsa því berlega, að það sè eindreginn vilji og skoðun þjóðarinnar, að alþing eigi ekki að ræða stjórnarbótarmálið, heldur eigi að leggja það fyrir þjóðfund, og að þjóðinni gefist kostur á, að kjósa fulltrúa einmitt til þess, að ræða það mál. Sama skoðun hefir komið fram í bænarskrám til þingsins 1863 og 1861, og þingið sjálft hefir í hvorttveggja skiptið aðhyllt þessa skoðun.

Meiri hluti nefndarinnar (*Arnþótur Ólafsson, Ásgeir Einarsson, Benedikt Sveinsson, Halldór Jónsson, og Jón Sigurðsson*) verður að álíta þessa skoðun rétta og á rökum byggða. Stjórnarbót er í því fólgin, að konungurinn veitir þjóðinni, eður selur henni í hendur meira eður minna af valdi sínu. Þegar því stjórnarbót á að komast á, þá kemur þjóðin fram gagnvart konungi sem sjálfær persóna, og getur þannig stjórnarbót ekki rêttilega orðið til, nema með samkomulagi milli beggja hlutaðeigenda, konungsins og þjóðarinnar. — Af þessu leiðir eðlilega sú nauðsyn, að þjóðin kjósi sèr fulltrúa til þess af hennar hálfu að semja við konungdóminn um stjórnarbótina, og er það auðsætt, að þjóðin getur eigi til þessa notað þá fulltrúa, sem að eins hafa komið fram fyrir hennar hönd, sem ráðgefandi, og hún heldur ekki hefir fengið það umboð í hendur, að semja um stjórnarbót.

En auk þess, að það er samkvæmt ósk þjóðarinnar, eðli hlutarins sjálfs, og allramildasta loforði í konungsbrèfi 23. sept. 1848,

þá erum vèr sannfærðir um, að það sè heppilegra fyrir afdrif stjórnarbótarmálsins, að það verði rætt á þjóðfundi en á alþingi, því þjóðfundurinn hlýtur eptir eðli sínu að finna miklu betur en alþing til þeirrar skyldu og nauðsynjar að ráða þessu allsherjarmáli til lykta.

Að öðru leyti finnur meiri hluti nefndarinnar eigi ástæðu til að fara út í hin einstöku atriði í bænarskránum, en skýrskotar til þess, sem hann að framan hefir tekið fram um samband það, sem honum virðist eiga sèr stað millum stjórnarbótarmálsins og fjárhagsmálsins.

Minni hlutinn (Bergur Thorberg og Jón Guðmundsson) skýrskotar aptur á móti til sambands þess, sem stjórnin sjálf eins og alþingi að undanfögnu hefir lagt til grundvallar milli beggja málanna, fjárhagsmálsins og stjórnarbótarmálsins, og að lagafrumvarp það, sem hér liggur fyrir, stefnir að því, að ráða til lykta, *án þess* sérstökum fundi í landinu sjálfu sè ætlað nè áskilið atkvæði þar um, einu hinu langverulegasta atriði í stjórnskipun hverrar þjóðar sem er, þar sem fullt fjárforræðis og skattavalds-atkvæði er áskilið alþingi framvegis í 2.—4. gr. frumvarpsins, og er það því álit þessa minni hluta, sem einnig hefir komið fram hjá alþingi að undanfögnu, einkanlega í bænarskrá þess um stjórnarbót 9. ágúst 1853, að eins og það leiðir af sjálfu sèr, að, með því aukna valdi og verkahring alþingis, sem leiðir af ákvörðunum í 2.—4. gr. frumvarpsins, hljóti samsvarandi embættis- og framkvæmdarvald í einu lagi og á einum stað (*concentreret*) að grundvallast hér í landinu sjálfu sem allrafyrst, eins sè ekkert verulegt í móti því, að *fyrirkomulagi* slíkrar yfirstjórnar, eins og þar af leiðandi nákvæmari ákvarðanir um sambandið milli slíkrar stjórnar hér innanlands, og hinna æðstu og síðustu úrslita stjórnarmálanna á efsta stigi í Danmörku, verði ráðið til lykta af konunginum og alþingi í sameiningu samkvæmt niðurlagsgrein alþingistilskipunarinnar. Jón Guðmundsson verður og að bæta hér við þeirri athugasemd, að þess leiðis sérstakur fundur, sem meiri hlutinn stingur upp á, til þess að ráða stjórnarbótarmálinu til lykta, og með þeim kosningum og öðru fyrirkomulagi, er meiri hlutinn hugsar sèr, hefir, að hans áliti, aldrei legið til grundvallar fyrir hinum ítrekuðu bænarskrám þjóðarinnar og alþingis um „þjóðfund“, enda verður hann að álíta sérstakan fund, með svo felldu fyrirkomulagi, alveg þýðingarlausan. Minni hlutinn finnur því eigi fulla ástæðu

til að biðja um þjóðfund til að ræða stjórnarbotarmálið, heldur álitur nægja að biðja um, að frumvarp um málefni þetta verði lagt fyrir þing hér á landi, svo fljótt sem kringumstæðurnar leyfa.

Af framanskrituðum ástæðum ræður nefndin þinginu til að biðja um:

- I. Að frumvarpið verði gjört að lögum með þessum breytingum.
 1. Í fyrstu grein falli burt »frá », og verði því upphaf greinarinnar þannig orðað: »Með þeirri takmörkun, er leiðir af ákvörðuninni í 7. gr. laga þessara, skal lokið starfa þeim o. s. frv.»
 2. Upphaf annarar greinar orðist þannig: »Alþingi tekst á hendur meðferðina, o. s. frv.»
 3. Við aðra grein sè bætt þessum orðum: Í stjórnarskrá Íslands.
 4. Í stað sjöttu greinar komi ný grein þannig hljóðandi: Það skal nákvæmar ákveðið í stjórnarskipunarlögum Íslands, að hve miklu leyti Ísland eigi að bera útgjöld þau, er leiða af stjórn þess í höfuðstaðnum».
 5. Sjöunda grein sè þannig orðuð:
 - a, Eptir uppástungu meiri hlutans:» Í 12 ár skulu greiddir til Íslands 60,000 rd. á ári úr sjóði konungs-rikisins. Þegar sá tími er liðinn, ber að ákveða með lögum að nýju, hve mikið tillag skuli greitt; þó má það eigi minna vera en 50,000 rd. á ári, nema alþingi veiti til þess samþykki sitt; skulu þá útgefin óuppsegjanleg skuldabréf fyrir tillaginu».
 - b, Eptir álitni minni hlutans: »Í 12 ár skulu greiddir til Íslands 50,000 rd. á ári úr sjóði konungs-rikisins. Þegar sá tími er liðinn, ber að ákveða með lögum að nýju, hve mikið tillag skuli greitt; þó má það eigi minna vera en 37,5000 rd. á ári, nema alþingi veiti til þess samþykki sitt; skulu þá útgefin óuppsegjanleg skuldabréf fyrir tillaginu».
 - c, Vara-uppástunga B. Sveinssonar: Að þingið fallist á 7. gr., þó með þeirri breyting, að á eptir orðin: »með lögum», bætist: »og samþykki alþingis».
 6. Við frumvarpið sè bætt nýrri grein þannig hljóðandi:

»8. grein. Lög þessi öðlast gildi frá sama tíma, sem hin nýju stjórnarskipunarlög Íslands».

II. a, Meiri hlutinn:

1. Að hans hátign konungurinn mildilegast vilji kveðja til þjóðfundar hér á landi, svo fljótt sem kringumstæður leyfa, og
2. Að fyrir fund þenna verði lagt frumvarp til nýrra stjórnarskipunarlaga handa Íslandi.

b, Minni hlutinn:

Að frumvarp til nýrra stjórnarskipunarlaga handa Íslandi verði, svo fljótt sem kringumstæðurnar leyfa, lagt fyrir þing hér á landi.

Reykjavík 14. dag ágústmán. 1865.

Bergur Thorberg, Arnljótur Ólafsson, Jón Guðmundsson.
formaður og framsögumaður. skrifari. *Jón Sigurðsson.*

Halldór Jónsson. Benedikt Sveinsson. Ásgeir Einarsson.

ATKVÆÐASKRÁ

í konunglegu álitsmáli viðvíkjandi endurskoðun laganna 19. janúar 1863, um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi.

1. *Bergur Thorberg og Halldór Kr. Friðriksson*: að niðurlagsatriði í álitsskjali þingsins til konungs verði orðað á þessa leið: »að launabót sú og annað fè, sem embættismönnum á Íslandi var veitt með lögum 19. janúarmán. 1863, haldist framvegis eptir grundvallarreglunum í frumvarpi því, sem lagt var fyrir ríkisþingið 1862, og sem lög þessi voru byggð á, og að launabót þessi veiti hér eptir sama rétt til biðlauna og eptirlauna sem önnur embættislaun«. Samþ. með 19 atkv.
2. *Nefndin*: að alþingi taki fram í niðurlagi álitsskjals síns til konungs þessi atriði:
a, að launaviðbót sú, sem nokkrum embættismönnum á Íslandi var veitt með lögum 19. janúar 1863 verði látin haldast óbreytt, sem virkileg embættislaun í almennum skilningi;

- sömmuleiðis það skrifstofufé og aðstoðarfé, sem um er rætt í 2. grein laganna.
- b*, að ákvörðunin í niðurlagi 3. greinar: »og skal launaviðbótin . . . sem nú er laus«, verði felld úr gildi.
- c*, að í stað 4. greinar komi ný grein þannig orðuð (eða að konungi þóknist að ákveða með sérstöku lagaboði ákvörðun í þá stefnu): »að launaviðbót sú, sem 1. gr. laga þessara ákveður, skuli hér eptir veita sama rétt til biðlauna og eptirlauna, samkvæmt eptirlauna-lögunum 5. janúar 1851 (*Arnlfótur Ólafsson*: 31. maí 1855), eins og önnur embættislaun«.
- d*, að í stað ártalsins í 5. grein laganna: »1865—1866«, verði sett: »1871—72«. Fallið.
3. *Jón Hjaltalín og Pétur Guðjónsson*: að alþingi biðji um þá breyting í 2. grein, að:
- aðstoðarfé það, sem greinin nefnir, skiptist þannig:
- Söngkennari og organisti 320 rd.
Leikfímniskennarinn . . . 250 —
Dyravörður 300 —
Til umsjónar við skólann 230 —
Samþykkt með 15 atkv. gegn 3.
4. *Eiríkur Kúld*: að 5. grein laganna sé felld burt. Fellt með 11 atkv. gegn 4.

NEFNDARÁLIT

í læknaSKIPUNARMÁLINU m. m.

Til alþingis komu að þessu sinni ýmislegar bænarskrár og uppástungur um betra fyrirkomulag á læknaSKIPUNinni hér á landi, og viljum vèr meðal þessara nefna. 1. Uppástungu landlæknisins um ýmisleg atriði, kennslu hans viðkomandi, sem og um aukningu lækna-embætta. 2. Fyrirspurn frá stjórninni um það, hvort alþingi vilji láta verja þeim 200 rd., sem ætlaðir voru úr hvers amts jafnaðarsjóði til kennslu aðstoðarlækna samkvæmt konungsúrskurði 12. ágúst 1848, til aðstoðar læknakennslunni í Reykjavík. 3. Bænar-

skrá úr Skaptafellssýslu eystri um lækni fyrir þá sýslu. 4. Bæn úr Ísafjarðarsýslu um að samin verði rit um almenna heilbrigðisfræði og útbýtt meðal almennings. 5. Bænarskrá úr Strandasýslu um árlegan 100 rd. styrk handa aðstoðarlækni Jóni Guðmundssyni á Hellu. 6. Bænarskrá úr Þingeyjarsýslu syðri um aukatekjureglugjörð fyrir lækna.

Nefnd sú, er alþingi setti í þessi mál, hefir nú á 3 fundum íhugað og rætt þessar uppástungur og bænarskrár, og leyfir sèr nú að skýra þinginu frá álitinu um þær á þessa leið.

Nefndin verður með einum huga að vera því samdóma, að brýnasta nauðsyn beri til að fjölga læknum hér á landi, og álitur hún að læknishjálpin hér, ef hún ætti að vera nokkurn veginn nægileg fyrir landið, þyrfti að vera byggð á þeirri undirstöðu, að lækni yrði skipaður í hverri sýslu; en með því þessari aðalstefnu verður ekki fullnægt að svo komnu, ýmsra orsaka vegna, þá verður nefndin af alefli að mæla fram með því, að 7 ný lækna-embætti verði stofnuð svo fljótt sem framast er unnt, í þeim sýslum sem nú skal greina.

1. Í Þingeyjarsýslu, og ætti sá lækni að vera búsettur á Húsa-vík.
2. Lækni í Norður-Múlasýslu, sem búi í Vopnafirði.
3. Í Austur-Skaptafellssýslu, með læknisaðsetri á Papós.
4. Lækni fyrir Barðastrandar- og Strandasýslu, sem helzt ætti að búa í Reykhólasveit.
5. Lækni fyrir Árnessýslu, sem ætti að búa á Eyrarbakka.
6. Lækni í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu, sem ætti að vera búsettur við Hvítá að sunnanverðu.
7. Lækni fyrir Keflavík, Suðurnes og Gullbringusýslu, sem ætti að hafa aðsetur sitt í Keflavík.

Nefndin verður eindregið að vera á því, að mæla með því, að þessi lækna-embætti verði stofnuð svo fljótt sem lækna-efni geta fengið í þau annaðhvort frá háskólanum eða frá læknakennslunni í Reykjavík. En til þess að fá laun handa þessum nýju læknum, sèr nefndin ekkert annað ráð, en biðja hans hátign konunginn um, að þetta fè verði veitt úr ríkissjóði þar til fjárhagur Íslands er aðskilinn frá Danmörku.

Hvað nú það atriði snertir, sem stjórnin ber nú undir álit þingsins um að þeir 200 rd., sem samkvæmt konungsúrskurði 12. ágúst 1848, átti að verja til kennslu aðstoðarlækna hér á landi,

framvegis verði veittir til eflingar læknakennslunni hjá landlækninum í Reykjavík, þá hefir nefndin verið á einu máli í því, að þar eð stjórnarherra nú með bræfi til konungsfulltrúa þ. á. hefir spurt þingið um, hvort það, þrátt fyrir það, þótt uppástungu þess frá 1863 um spítala og aukna læknakennslu í Reykjavík, eigi hafi orðið framgengt, samt sem áður vilji láta verja þeim áðurnefndu 200 rd. úr hvers amts jafnaðarsjóði árlega, þá eigi þingið nú að ítreka þessa bæn sína og sýna þar með, að það sé einlægur vilji þess, að þetta gjald verði framvegis varið til læknakennslunnar í Reykjavík samkvæmt uppástungu landlæknisins til alþingis þ. á.

Með því ein bænarskrá frá Þingeyjarsýslu fer fram á það, að þingið taki til yfirvegunar, hvort eigi væri réttast, og jafnvel óskar þess, að samin og lögleidd yrði aukatekjureglugjörð fyrir lækna hér á landi, þá hefir nefndin einnig tekið þetta mál til yfirvegunar, og jafnvel þó hún játi, að þetta væri án efa æskilegt mjög, þá varð hún þó að hallast að þeirri meiningu, að slíkt þyrfti meiri undirbúnings með en tæki væri á að sinni, og sá hún sér þess vegna eigi annað fært, en ráða þinginu til að skjóta slíkri reglugjörð á frest í þetta sinn.

Þar sem bænarskráin úr Ísafjarðarsýslu fer þess á flöt, að samin yrði almenn heilbrigðisfræði handa landsmönnum, þá verður nefndin að vísu að vera því samdóma, að þessa sé full þörf, en með því landlæknirinn, sem situr í nefndinni hefir skýrt henni frá, að nú liggi fyrir 2 handrit til prentunar um þetta efni, þá hefir nefndinni virzt óþarfi að fara frekara í þetta mál að svo komnu, einkum þar sem það líka liggur í augum uppi, að ómögulegt virðist að koma við hér á landi fullkomnum heilbrigðisreglum, fyrr en húsabygging gæti komizt í betra lag og bæirnir orðið betur lagaðir og rúmbetri, en allar framkvæmdir um það mál, virðast komnar undir því, að allir búnaðarhættir vorir og húsabyggingar gætu fengið þá umbót, sem tímarnir og fólksfjölgunin útheimta.

Eins og landlæknirinn hefir tekið fram, þráir allur almenningur svo eptir, að spítalatekjurnar til hins svo kallaða lækna sjóðs gætu komizt í betra hof, og með því nefnd hefir verið sett hér í Reykjavík til að ræða um þetta mál, álitur nefndin, að það muni, ef til vill, geta flýtt fyrir málinu hjá stjórninni, að þingið nú eins og fyrr ítreki þá bæn við stjórnina, að mál þetta verði sem fyrst til lykta leitt.

Eftir að nefndin hafði nákæmlega yfirvegað bænarskrá þá, er

komið hefur frá Strandasýslu um það, að aðstoðarlækni Jóni Guðmundssyni á Hellu í tæðri sýslu mætti framvegis veitast 100 rd. styrkur árlega úr hinum almenna læknaþjóði, og að bænarskrá hér um yrði rituð til konungs, þá verður nefndin að benda á það, að þó hún ýmsa orsaka vegna ekki treysti sér til að mæla fram með því, að manni þessum verði veitt þannig árlegt gjald, hlýtur hún að álíta mjög svo æskilegt, að hann fái styrk til að geta fyrst um sinn haldið áfram lækningatilraunum sínum, og verður nefndin þá að álíta, að minni styrkur geti ei orðið að liði en sá, að honum hið fyrsta verði að eins einu sinni veittir 100 rd., og gæti slíkt orðið honum bráðabyrgðaraðstoð til meðalakaupa.

Samkvæmt framanskriðu verður nefndin að ráða þinginu til, að það sendi hans hátign konunginum allraþegnsamlegasta bænarskrá um:

1. Að stofnuð verði 7 ný lækna-embætti í þeim sýslum, er nú skal greina.
 - a. Læknisembætti í Austur-Skaptafellssýslu, og sé læk'nirinn skyldur að taka sér aðsetur á Papós.
 - b. Í Þingeyjarsýslu, og hafi læk'nir aðsetur á Húsavík.
 - c. Í Barðastrandarsýslu og Strandasýslu, og sé læk'nir skyldur að búa helzt í Reykhólasveit.
 - d. Í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu, og búi sá læk'nir við Hvítá að sunnanverðu.
 - e. Í Árnessýslu, og búi læk'nirinn á Eyrarhakka.
 - f. Fyrir Suðurnes og Gullbringusýslu, og sé læk'nirinn skyldur að búa í Keflavík.
 - g. Í Norður-Múlasýslu, og búi sá læk'nir í Vopnafirði.
2. Að læk'nar þessir fái sömu laun og hinir aðrir föstu læk'nar hér á landi, sem og húsaleigustyrk.
3. Að veitt verði úr rikissjóði fyrst um sinn, unz fjárhagur landsins er aðskilinn, það er hér til útheimtist.
4. Að þeir 200 rd. úr hvers amts jafnaðarsjóði, sem samkvæmt konungsúrskurði 12. ágúst 1848 áttu árlega að borgast til kennslu fyrir hina svo kölluðu aðstoðarlækna, hér eptir verði árlega lagðir til eflingar læknakennslunni í Reykjavík.
5. Að stjórnin svo fljótt sem auðið er komi á betra fyrirkomulagi á tekjum læknaþjóðsins svo þær megi aukast sem bezt.
6. Að aðstoðarlækni Jóni Guðmundssyni á Hellu í Strandasýslu verði veitt úr læknaþjóðnum 100 rd. styrkur til að halda fram

lækningum meðan eigi kemur nýr læknir til Barðastrandar- og Strandasýslu.

Reykjavík, 14. ágúst 1865.

Jón Hjaltalín, Stefán Eiríksson. Ásgeir Einarsson. Eiríkur Kúld,
form. og framsögnum. skrifari.

Jón Sigurðsson.

NEFNDARÁLIT

í landbúnaðarlagamálinu. (Sbr. bls. 167 og 221).

Hið heiðraða þing hefir kvatt oss undirskrifaða í nefnd, til þess vör segðum álit vort um nokkrar bænarskrár og uppástungur, er því hafa borizt að þessu sinni áhrærandi ýms atriði í landbúnaðarlögum vorum. Viljum vör í fám orðum skýra frá hinum helztu uppástungu-atriðum tæðra bænarskráa áður en vör gjörum þinginu grein fyrir álitinu voru á þeim, og að hverri niðurstöðu vör erum komnir um málið í heild sinni.

Fyrst er þá uppástunga þingmanns Rangæinga, sem í niðurlagsatriðum sínum fer því á flót, að öll þau lög, sem snerta jarðabyggingar, réttindi landsdrottna og leiguliða m. m., séu endurskoðuð, breytt og aukin og dregin saman í eina löggjöf. Að lög þessi gildi jafnt fyrir eignir einstakra manna sem hinar opinberu eignir. Og að það sé með lögum ákveðið, að hverju byggingarbræfi skuli þinglýst, og sé ólöglegt ella. Þá er það enn fram tekið, að það skuli vera ákveðið í hinum nýju lögum, hvað lögmæt ábúð sé, og að eigendum og umboðsmönnum jarða verði gjört greiðara fyrir en nú á sér stað, að fá útburð framkvæmdan á leiguliðum, þegar lögmætir byggingar-skilmálar eru rofnir; þá er og gjört ráð fyrir því, að leiguliði fái borgun fyrir þær umbætur, er hann gjörir á ábyli sínu, fram yfir lögmæta ábúðarskyldu, er greiðist af landsdrottni, og að jarðabætur gæti áunnið leiguliðum fasta ábúð.

Í öðru lagi fer uppástungan fram á það, að í þeim sveitum sem landbúnaðurinn er aðalbjargræðisvegur eigi ekkert býli að vera minna en svo, að það fleyti 5 hundruðum í lifandi fê, auk hrossa og innstæðu, en heimajarðir eða höfuðból helmingi meira.

Sè býli minna en hér er gjört ráð fyrir, skal það jafnskjótt sem losnar leggjast niður og sameinast hinum öðrum býlum á eigninni. Þegar minni hluti í jörðu, en nú var sagt, gengur að erfðum eða sölum, skulu þeir sem eiga meiri hluta í eigninni, hafa innlausnarrétt til hins minni hluta. Eigi fleiri en einn eina jörð í sameiningu, skal sá er mest á í henni, hafa öll umráð yfir henni, og eins yfir hjáleigum þeim og afbýlum sem undir hana liggja, nema sameigendur kjósi heldur umboðsmann til. Í þriðja lagi er stungið upp á, að allar kirkju-egnist, lénsgarðir presta o. s. frv. seljist í umboð í hverju lögsagnarumdæmi fyrir sig, á líkan hátt og nú er með konungs- og klaustra-egnist; skulu prestar vera háðir valdi umboðsmanna þeirra, er þeim verða settir, og víkja af ábýlum sínum á sama hátt og leiguliðar, ef þeir ekki gegna lögmætum ábúðarskyldum. Í fjórða lagi skal matsmannanefnd verða sett í hverri sýslu, er hafi þann starfa á hendi, að álita og úttaka hverja jörð í sýslunni á hverju 6 ára tímabili. Skal nefndin álita og skrifa upp hverrar jarðar utan- og innanbæjarhús, jarðabætur, ásigkomulag túna og engja, úthaga, hlynnindi m. m. Einnig á hún að álita landamerki og kynna sér ábúð á hverri jörðu með mörgu fl. Fyrir þetta starf skal nefndin fá til launa sem svarar hálfu úttektarkaupi af hverju lögbýli árlega.

Hin önnur uppástunga, sem nefndinni var fengin til meðferðar, er bænarskrá frá héraðsfundi Þingeyinga með 28 nöfnum undir. Hefir hún engar beinar uppástungur að niðurlagi, heldur tekur fram þá aðalgalla, sem nú eru á úttektum og húsabyggingum jarða hér á landi; þykir uppástungumönnunum sem slíkt mundi bæta mega með nýjum og ákveðnari laga-ákvörðunum, en þeim sem nú eru gildandi í þessu efni. Stinga þeir enn fremur upp á því, að nefnd manna sè skipuð í hverjum hreppi til að taka út jarðir, meta álag á þær og einnig meta til peningaverðs hús hverrar jarðar eins og þau fyrir koma við úttektina. Svo skyldi og nefndin meta til verðs, hvað mikið hús á hverri jörðu mundi kosta, væru þau byggð í því formi, og svo vönduð sem þörf væri á. Með því nú að taka þann verðsmun sem upp kæmi við matið, og gjöra hann að eins konar ískyldu kvöð á hverri jörðu, sem skyldi greiðast árlega með ákveðnum umbótum á húsabyggingum, og aflúkast á ákveðnu árabili, t. a. m. 30 árum, þá hyggja uppástungumennirnar, að með þeim hætti mundu allar húsabyggingar hér á landi komast í viðunanlegt horf með tímanum.

Þriðja bænarskráin er úr Vestur-Skaptafellssýslu með 105 nöfn um undir; hefir hún það eina niðurlagsatriði, að þingið biði hans hátígnu konung vorn, með löggjöf, að hvetja búendur hér á landi til jarðabóta, annaðhvort með verðlaunalofofðum eður á annan til-tækilegan hátt; og enn fremur að réttindi leiguliða, með tilliti til jarðabóta verði með lögum ákveðin.

Enn fremur hefir nefndinni verið fengin til meðferðar uppástunga þingmanns Borgfirðinga um styrk handa búfróðum mönn-um til að ferðast um landið og kynnast búnaðarháttum manna. En með því þessi uppástunga, er alveg sérstaklegs efnis, og á eigi beinlínis neinn skyldugleika við aðalætlunarverk nefndarinn-ar, hefir hún eigi séð sér fært að koma með beinar uppástungur um þetta efni; en lætur þess jafnframt getið, að hún er uppástungu-manninum samþykk í því, að það væri í sjálfu sér mjög ákjósan-legt, að áminnzt ferðalög búfræðinga gæti komizt á hér á landi, þegar þeir menn fengjust sem álitast mættu hæfir til þess konar starfa.

Eftir að nefndin hefir þannig skýrt frá aðal-inntaki þeirra bænarskráa, er henni voru fengnar til meðferðar, leyfir hún sér að skýra í fáum orðum frá álitinu á hinum helztu atriðum þessa máls.

Nefndin álitur að hið fyrsta atriði í uppástungu þingmanns Rangæinga sé aðalmergurinn máls þessa. Hún er sem sé uppástungumanninum samþykk í því, að landbúnaðarlög vor þurfi að takast undir ítarlega endurskoðun; því þó ýmsar ákvarðanir hinna eldri laga, t. a. m. Jónsb. Landsleigub. eigi enn vel við, sökum þess, að þær eru orðnar svo inngrónar hugarfari og réttar meðvitund manna hér á landi, þá er aptur ýmislegt bæði í Landsleigubálki, og í þeim tilskipunum, sem út hafa komið á seinni tíð, sem á miður vel við, og er orðið úrelt. Svo vantar og mikið á, að landbúnaðarlög vor fullnægi kröfum þessara tíma, að því er snertir réttarsambandið á milli landsdrottins og leiguliða, og þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru um ábúð jarða og meðferð þeirra m. fl. Nefndin sér sér ekki fært, með þeim takmarkaða tíma, sem hún hefir yfir að ráða, að útlista þetta mál nákvæmlega, með því líka að henni virðist það þýðingarlaust, eftir þeirri niðurstöðu sem hún hefir komizt að.

Nefndin vill láta það liggja milli hluta, hvort ýms þau atriði, sem uppástungurnar fara fram á, eigi vel við í nýjum landbúnað-

arlögum eður ekki. Vær skulum að eins geta þess, að uppástunga þingmanns Rangæinga, um lögskipaðar sýslunefndir í hverri sýslu, og með svo víðum verkahring, sem þar er gjört ráð fyrir, ætlum vér að ekki muni verða til sérlegra nota, því þó svo kynni að fara, sem reyndar er þó ólíklegt, að einhverjir fengjust til að takast þau störf á hendur, sem uppástungan ætlast til að heyri undir sýslunefndirnar, þá mundi naumast það gagn verða að nefndum þessum, sem svari þeim umsvifum, ómökum og kostnaði, sem þar af mundi leiða. Yfir höfuð að tala ætlum vér, að þvílíkar nefndir mundu enga verulega praktiska þýðingu hafa, eins og líka störf þau, sem þeim eptir uppástungunni er ætlað að hafa á hendi, eru langt um of yfirgripsmikil og margbrotin, til þess þau verði forsvaranlega af hendi leyst. Eins hyggur nefndin, að það muni eigi allskostar tiltækilegt, að svipta presta umráðunum yfir ábýlum þeirra á þann hátt sem farið er fram á í uppástungunni (sbr. 10. niðurlagsatriði). Nefndin verður sem sè að álíta það mjög vel tilfallið, að prestar hér á landi leggi stund á búnað, þar sem því verður við komið, og semji sig, yfir höfuð að tala, að háttum bænda, eins og alla jafna hefir átt sér stað, síðan klerkastétin náði forræði staða og kirkna hér á landi undir sig. Mun svo fara hér eptir sem hingað til, að búnaðurinn verður prestunum drjúgastur til fram-búðar af tekjum þeirra, eins og einstakir þeirra geta verið og munu verða fyrirmynd bændastéttarinnar í búnaði og ýmislegri háttþryði. Yrði nú uppástungunni framgengt, hyggur nefndin, að þar af mundi leiða, að fleiri en færri prestar mundu sneiða hjá búskap og kjósa heldur hinn óvildari kostinn, að lifa af tekjum sínum, annaðhvort í húsmennsku eða þurrabúð. Gæti þá svo farið, að þeir veldi sér þá aðsetursstaði í prestaköllum, sem söfnuðunum væri hvað óhaganlegastir. Svo er og annað hitt, að umboðslaun þau, sem gjört er ráð fyrir í uppástungunni, nefnilega $\frac{1}{6}$ af jarðagjöldunum, drægi eigi all-lítið úr tekjum presta, sem sannarlega eru allvíða helzt til of rýrar.

Það atriði í bænarskrá Þingeyinga sem höndlar um úttektir jarða m. m. getur nefndin heldur ekki aðhyllt eins og það liggur fyrir. Að meta það, hvað mörg hús hverri jörðu skyldu fylgja, og hvernig löguð eða hvað háu verði þau myndu nema, ætlar nefndin að sè það vandaverk, sem varla eður ekki væri auðið að leysa rétt af hendi, auk þess sem slíkar skoðanir matsmanuanna og ýms atvik önnur myndu leiða til þess, að ágreiningur yrði um húsa-

matið, og þá skyldukvöð, sem í því skyni legðist á jarðirnar. Gæti auðveldlega rekið að því, að dómstólarnir hlyti að skera úr í þess konar málum, og er þá verr farið en heima setið. Svo er og öll sú tilhöggun við jarða úttektirnar, sem bænarskráin fer fram á, svo umfangsmikil og margbrotin, að þar af mundi leiða, að þær ráðstafanir sem gjörðar yrði í þessa stefnu, kæmust sjaldnast lengra en á pappírinn, og yrði að eins til að auka hlutaðeigendum ómak og kostnað. Hið eina sem gjört yrði í þessa stefnu og sem gæti orðið að nokkru liði, er það, að nefnd manna væri skipuð í hverjum hreppi, sem hefði á hendi allar jarða úttektir, og sem þá einnig fengi vald til, að hafa hönd í bagga með um húsabyggingar á jörðunum, það er að skilja í hverju formi húsin skyldu byggjast, og að þau væri þannig löguð, að heilbrigði manna og skepna, sem í þeim ætti að búa, væri engin hættu búin. Lengra hyggur nefndin að eigi sé vert að fara, með því að strangar lagaákvæðanir í þessu efni, mundu leggja óeðlileg bönd á eignar og umráðarétt manna, en þó ekki verða að þeim notum sem til er ætlað.

Hvað bænarskrána úr Skaptafellssýslu snertir, þá getur nefndin eigi ráðið þinginu til, að konungi sé rituð bænarskrá um verðlaunalofofð fyrir jarðabætur, eptir því sem bænarskráin fer fram á. Þess konar hvetjandi tilraunir ætlum vér að koma ætti fram fyrir félagsskap og samtök í landinu sjálfu. En að ákveða réttindi leiguliða með tilliti til jarðabóta, ætlar nefndin að heyri beinlínis undir hin íslensku landbúnaðarlög og þann undirbúning, sem nefndin ráðgjörir í þá stefnu.

Eptir þessar fáu athugasemdir, sýr nefndin sér að aðalætlunarverki sínu, sem sé því, að sýna fram á, hvernig máli þessu verður beint á hinn greiðasta og réttasta veg. Eins og áður er ávíkið hefir nefndin eigi séð sér fært að fara langt inn í þetta mál, eins og hún getur heldur ekki ráðið þinginu til að taka nokkur einstök atriði þess fyrir, til að beiðast um þau sérstaklegra lagaákvæðana. Nefndin verður að halda fast við það, sem hún hefir áður sagt, að landbúnaðarlög vor þurfi og eigi að endurskoðast og umbætast öll í heild sinni; því væri einstakir kaflar laganna teknir fyrir, og þeim breytt á þenna eður hinn hátt, eptir því sem velta vildi, mundi það valda ósamkvæmni og glundroða í löggjöfnni. Oss virðist, að landbúnaðarlög vor ætti að vera sem allra samkvæmust sjálfum sér, og byggð á grund-

velli hinna eldri laga, þeirra laga sem gilt hafa um margar aldir, og sem því eru orðin inngróin meðvitund þjóðarinnar og samvaxin lífi hennar. Á þessum grundvelli virðist oss að þeir megi eigi missa sjónar, sem fjalla um og undirbúa landbúnaðarlögin, eins og líka ber að taka hæfilegt tillit til þeirrar réttarvenju og viðtekta, sem rutt hafa sér til rúms meðal almennings á seinni tíð og sem að vísu geta verið nokkuð frábrugðnar hver annari í hinum ýmsu hëruðum landsins, en munu þó allar eiga rót sína í hinum eldri lögum. Svo krefur og framför tímans þess, og þær breytingar sem orðnar eru á búnaðarháttum og lífi manna, að nýjum og samsvarandi ákvörðunum sé bætt inn í löggjöfina, sem verndi og effi framfaraviðleitni manna á seinni tíð. Til að undirbúa þau lög, sem hër um ræðir, útheimtist því ekki einasta nákvæm þekking á hinum eldri lögum, heldur einnig nákvæmur kunnugleiki á réttarvenjum og viðtektum víðsvegar um landið, búnaðar- og landsháttum m. fl., og enn fremur ljóst yfirlit yfir sambandið milli hinna eldri laga, og hinnar yngri réttarvenju.

Það virðist nú, að reyndar sé eigi um marga vegi að velja um þetta mál. Sá vegurinn sem næst liggur, er hinn gamli alfaravegur þingsins að biðja konunginn um, að hann vilji bjóða stjórn sinni að annast um, að landbúnaðarlögin verði endurskoðuð, og nýtt frumvarp í þá stefnu lagt fyrir þingið á sínum tíma. Að þessum vegi hafa nokkrar af hinum yngri tilskipunum orðið að lögum hër á landi, og þarf eigi annað en lesa þær til þess að sjá af hverjum toga þær eru spunnar, því sumar þeirra bera þess of mörg merki, að þær eru af útlendri rót runnar, og því er það eigi að undra, þó á hverju þingi komi fram ýmsar raddir um breyting á þeim. Nefndin leggur samt ekki neina sérlega áherzlu á þetta, því henni virðist það mega vel fara, að sumar almennar lagaákvæðanir séu hinar sömu, eða mjög svipaðar hër og í konungsríkinu. En um landbúnaðarlög vor er reyndar allt öðru máli að gegna; hër eru búnaðarhættir mjög ólíkir því sem er í Danmörku. Landbúnaðarlög vor hin eldri, t. d. Jónsb. Landsleigubálkur, eru eins og alkunnugt er, svo gjörsamlega ólík landbúnaðarlögum Danmerkur, að engum getur til hugar komið að leggja dönsk lög til grundvallar við tilbúning íslenzkra landbúnaðarlaga, enda hafa og tilraunir þær, sem gjörðar hafa verið til að innleiða hër ýmsa kafla úr hinum dönsku landbúnaðarlögum, t. a. m. hefðarlögin, og lög um erfðafestu misheppnast, og mætt sterkri mótspyrnu hër á landi.

Stjórnin sjálf hefir reyndar viðurkennt þessa skoðun, því þegar tilrætt var um endurskoðun Landsleigubálks, á dögum kanslísins sáluga, er svo að skilja sem það hafi eigi treyst sér til að fást við það mál, sökum ókunnugleika á því, hvernig hér til hagar, og því varð sú niðurstaðan, að nefnd þeirri, sem skipuð var hér í Reykjavík 1845, til að endurskoða skattalögin, var falið á hendur að endurskoða Landsleigubálk um leið. Það eru nú reyndar liðin 20 ár síðan þetta fór fram, og enginn hefir orðið árangurinn svo menn viti; mundi því eigi mega renna grun í það, að bera mundi að sama brunni, þó stjórnin færi að fást við málið að nýju, og árangurinn, ef til vill, verða að eins sá, að vèr seint og um síðir fengjum eitthvert frumvarp til landbúnaðarlaga, sniðið eptir dönskum lögum og réttarvenjum, og því fyrirkomulagi sem er í Danmörku.

Nefndin verður því að ráða þinginu til að velja annan veg með þetta mál, og sem nú skal bent á með fáum orðum. Vèr ætlum að þingið sjálft ætti með þeim kröptum, sem það hefir yfir að ráða, að taka landbúnaðarlögin undir endurskoðun og undirbúa frumvarp það til nýrra landbúnaðarlaga sem hér ræðir um. Þetta hyggjum vèr að gæti á komizt á þann hátt, að þingið kysi 7 menn í nefnd úr sínum flokki, þá er það treystir bezt, til að endurskoða og undirbúa landbúnaðarlögin til næsta þings. Af þessum 7 mönnum ætti 3 að vera búsettir í Reykjavík eða í grennd við hana, en hinir 4 skyldu kosnir sinn úr hverjum landsfjórðungi. Þessir 3 menn yrði eptir þessu *föst nefnd*, eða aðalnefnd, en hinir 4 aukaneftarmenn, eða bræflegir meðlimir nefndarinnar. Nefndarstörfunum mætti haga á þann hátt, að hin fasta nefnd, hefði á hendi endurskoðun laganna, auk þess sem hún gjörði þær breytingar og viðauka við hin eldri lög, sem nauðsyn bæri til. Þessar breytingar- og viðauka-uppástungur sínar ætti hún síðan að senda aukameðlimum nefndarinnar til álita og til þess þeir stingi upp á þeim breytingum og viðaukum við þær, sem þeim kynni virðast ástæða til, eptir þeim réttarvenjum og viðtektum sem gilda í hinum ýmsu hëruðum landsins. Að lokum ætti öll nefndin að eiga fund með sér skömmu á undan næsta alþingi, til að sameina hinar margbreyttu uppástungur, sem kynnu að hafa fram komið í málinu, og undirbúa frumvarp til landbúnaðarlaga, sem lagt yrði fyrir þingið til álita og umræðu. Með þessu fyrirkomulagi ætlum vèr að fengizt full trygging fyrir því, að landbúnaðarlög vor yrði

af innlendri og eðlilegri rót runnin, og það ætlum vèr sè aðalat-
riðið í þessu máli.

Samkvæmt þessu hefir nefndin orðið samþykk um eptirfylgjandi
niðurlagsatriði.

- a, Að alþingi sendi H. H. konunginum enga bænarskrá að
þessu sinni um landbúnaðarmálefni. En að það í þess
stað velji 7 manna nefnd í þinginu á aðalfundi til að
endurskoða hin íslenzku landbúnaðarlög og undirbúa frum-
varp til nýrra landbúnaðarlaga.
- b, Að þegar málið er nægilega undirbúið af nefndinni, þá
taki þingið það á ný til lögskipaðrar meðferðar og riti
konungi vorum þegnlega bænarskrá um það í heild sinni.
- c, Að kosningu nefndarinnar sè þannig hagað, að 3 af nefnd-
armönnum sè lögfróðir, og búsettir í Reykjavík eða í grennd
við hana, en hinir 4 sèu búsettir sinn í hverjum lands-
fjórðungi.
- d, Að erindisbréf nefndarinnar sè samið af forseta þingsins,
og tveimur mönnum öðrum, er þingið kýs honum til að-
stoðar.

Reykjavík 15. ágúst 1865.

Jón Sigurðsson,
formaður og framsögumaður.

Jón Hjaltalín.

Ásgeir Einarsson.

Björn Pétursson.

Benedikt Sveinsson.

Jón Pétursson.

Sighvatur Arnason: Með skýrskotun til
uppástungna minna í tilliti til þess er
nefndin í þessu áleti sínu lætur í ljósi
aðra skoðun á ýmsum atriðum þeirra.

ÁLITSSKJAL

til konungs, um frumvarp til laga um laun handa íslenzkum póst-
embættismönnum. (Sbr. bls. 376).

Eptir allrahæstu boði yðar hátignar, hefir verið borið undir á-
lit alþingis frumvarp til laga um laun handa íslenzkum póstem-
bættismönnum.

Þingið skipaði 7 manna nefnd til að íhuga málefni þetta og ræddi það síðan á lögskipaðan hátt á tveim aðalfundum og leyfir sér nú, að kveða upp þegnlegt álit sitt um það á þessa leið:

Af 1. grein frumvarpsins og ástæðunum fyrir henni sér þingið, að það er fyrirhugað, að leggja undir aðalpóststjórnina í Kaupmannahöfn yfirstjórn hinna íslensku póstmálefna, bæði þeirra er snerta póstferðirnar millum Íslands og Danmerkur og þeirra, er snerta póstgöngur hér á landi. Sú skoðun kom að vísu fram á þinginu, að það væri í sjálfu sér óeðlilegt að leggja hin innlendu póstmálefni vor undir aðalpóststjórnina í Danmörku einmitt á þeim tíma þegar ráðgjört er að veita Íslandi fjárforræði og auka vald og verkahring yfirstjórnarinnar hér á landi. En þar eð það fyrirkomulag, sem hér er um rætt, eptir því sem ástæður frumvarpsins bera með sér, að eins er ætlað til bráðabyrgða, virtist þinginu það eigi geta komið í neinn bága við fjárhagsaðskilnaðinn og hina fyrirhuguðu stjórnarbreyting hér á landi, með því þingið og álitur sjálf-sagt, og að öllu leyti samkvæmt áformi stjórnarinnar, að það verði ákveðið í hinum nýju stjórnarskipunarlögum Íslands, hver hafa skuli á hendi yfirstjórn á póstmálefnum landsins, en álitur óþarft og jafnvel verulegum innanlands framförum vorum til fyrirstöðu, að láta póstmálið að öðru leyti bíða eptir úrslitum stjórnarbótarmálsins; eins og þinginu einnig þótti ógjörningur að koma með nokkrar þær tillögur í máli þessu, er gætu gjört stjórninni erviðara fyrir að koma á það sem greiðustu og beztu skipulagi. Það er von og traust þingsins, að stjórnin muni framvegis með afli og framkvæmdarsemi leitast við að bæta úr þeim hinum miklu brestum, sem eru á póstgöngum vorum og póstmálefnum, eptir því sem ásigkomulag landsins leyfir, og það getur eigi efazt um, að hin mikla reynsla og þekking, er aðalpóststjórnin í Danmörku hefir í þessu efni, muni verða málefninu til hinna mestu bóta.

Með því gjöld þau, sem um er rætt í 3. grein frumvarpsins, sjálfsagt ættu að hvíla á Íslandi eptir fjárhagsaðskilnaðinn, heldur þingið að vel ætti við að skjóta inn í grein þessa orðum, er gæfu til kynna að gjöld þessi að eins þangað til eigi að tilfærast í fjárhagslögum Dana; svo þykir og þinginu áriðandi að hið nýja fyrirkomulag gæti komizt í kring sem allra fyrst, og stingur upp á að tíma-ákvörðunin um launaskipun þá, er frumvarpið ræðir um, verði látin vera 1. d. aprilm. 1866.

Með þessum athugasemdum leyfir þingið sér með 19 atkvæðum, allraðegnsamlegast að ráða til:

Að áðurgreint frumvarp til laga um laun handa íslenskum póstembættismönnum verði gjört að lögum, með þessum breytingum:

a, Að upphaf 3. greinar verði þannig orðað: Í fjárhagslögunum skal á ári hverju þangað til fjárhagur Danmerkur og Íslands er aðskilinn tilfært fæ það o. s. frv. (með 14 atkvæðum mót 3.).

b, Að sett verði inn í 4. grein árið «1866». (með 15 atkvæðum).

Reykjavík, 17. ágúst 1865.

Allraðegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Bergur Thorberg.

ÁLITSSKJAL

til konungs, um frumvarp til opins bréfs fyrir Ísland, er skipar fyrir um ýmislegt, er snertir póstgöngur. (Sbr. bls. 392).

Eftir allrahæstu boði yðar hátignar hefir verið borið undir álit alþingis frumvarp til opins bréfs fyrir Ísland, er skipar fyrir um ýmislegt, er snertir póstgöngur.

Þingið skipaði 7 manna nefnd til að íhuga málefni þetta og vísaði einnig til þeirrar nefndar tveim bænarskrám, er til þess höfðu komið um endurbót á póstgöngum hér á landi m. m., og ræddi það síðan málið á lögskipaðan hátt á tveim aðalfundum, og leyfir sér nú að kveða upp þegnlegt álit sitt um það á þessa leið:

Þingið verður að vísu að álíta, að ákvarðanir frumvarpsins um rétt póststjórnarinnar til að koma póstsendingum með skipum hafna á milli á Íslandi, hafi nú sem stendur ekki sérlega mikla þýðing, með því slíkar millumferðir eru eigi mjög tíðar hér á landi, en á hinn bóginn verður þingið að viðurkennu, að ákvarðanir frumvarpsins yfir höfuð geti komið í góðar þarfir þegar fram líða stundir og eftir að póstgöngurnar eru komnar í reglubundið og fast horf og orðið til verulegs léttis og hægðar fyrir landsmenn, einkum

umhverfis verzlunarstaðina í hinum afskekktari hëruðum, en eptir því, sem til hagar hër á landi, virðist þinginu eigi þörf á að hafðar sèu í frumvarpinu hinar sèrstaklegu ákvarðanir sem eru í 3. gr. um þau skip, er eiga að vera á ferðum til flutninga frá höfnum á Íslandi, með því slíkir stöðugir millumflutningar, sem ákvarðanir þessarar greinar gjöra ráð fyrir, eru óþekktir hër á landi, og er það þess vegna álit þingsins, að sú grein ætti helzt að falla burt, til þess að lagaboðið á þann hátt yrði einfaldara og ljósara, enda mætti og ef þess konar skipaferðir kæmust á, hafa not af þeim eptir 1. og 2. grein. Þessu samkvæmt ættu og þessi orð að fulla burtu í öndverðri 1. grein «og eigi eru höfð til stöðugra millumflutninga».

Þingið leyfir sèr enn fremur að stinga upp á tveim smábreytingum við frumvarpið. Önnur breytingin snertir niðurlag 1. gr. Þinginu virðist þessi orð «ef fest hafa verið á þær (póstsendingarnar) frímerki eður hann gjörir það» geti valdið misskilningi, og stingur upp á, að í stað þeirra sè sett: «ef þær eru með frímerkjum». Hin breytingin snertir upphafið á síðasta atriði 2. greinar. Þar er svo ákveðið að þegar skipstjóri leggur fram skýrteini frá póstskrifstofunni á þeim stað, er hann kemur til, um að póstsendingarnar sèu til skila komnar, þá eigi hann tilkall til að fá þá borgun, sem um er rætt í greininni á póstskrifstofunni, *á þeim stað, er hann fór frá*. En þessi ákvörðun virðist þinginu ekki eiga alls kostar vel við á Íslandi þar sem það mjög opt getur við borið, að skipstjóri aldrei síðan komi á þann stað, er hann fór frá og tók þar við póstsendingunum, og álitur þingið þess vegna hagsfelldara, að skipstjóri geti fengið borgunina þar, sem hann skilar sendingunum af sèr.

Eptir því horfi, sem póstmálefni landsins nú er komið í, finnur þingið að vísu ekki ástæðu til, að bera upp fyrir yðar hátign neina sèrstaklega bæn út af ofangreindum bænarskrám; en leyfir sèr þó allraþegnsamlegast að geta þess, að í annari af bænarskrám þessum er bent á, að ýmsir annmarkar sèu á tilhöguninni á póstgufuskipsferðunum millum Íslands og Danmerkur, og á samningi þeim, er gjörður hafi verið við útgjörðarmenn gufuskipsins, og var það þegar málið var rætt á þinginu samþykkt með 15 atkv. móti 6, að benda á það í þessu allraþegnsamlegasta álitsskjali þingsins:

a, Að samningurinn frá 13. febrúarm. 1863 um póstgufuskips-

ferðir milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur sè óhagfelldur að því leyti, að engin ákvörðun er um það, hverja borgun skipstjóri má mesta taka fyrir far og flutning með gufuskipinu, og að það sè mjög svo áriðandi, að gufuskipið byrji hina fyrstu ferð sína á vorin hingað til lands eigi seinna en 1. dag marz-mánaðar ár hvert, og

- b, Að það sè æskilegt, að alþingi því, er haldið verður 1867, sè gefinn kostur á að segja álit sitt um, hvernig ferðum gufuskipsins skuli hagað framvegis, eða eptir að sá tími er liðinn sem samningur sá gildir, er áður var getið.

Með þessum athugasemdum leyfir þingið sèr með 15 atkvæðum allraþegnsamlegast að ráða til:

Að ofangreint frumvarp til opins bréfs fyrir Ísland, er skipar fyrir um ýmislegt er snertir póstgöngur, verði gjört að lögum með þessum breytingum:

- a, Að orðin í 1. grein «og eigi eru höfð til stöðugra milliðlutninga» falli úr (með 16 atkvæðum móti 1).

- b, Að síðasta málsgrein í 1. grein verði þannig orðuð: «Undir bréfasendingar þær, sem hér er um rætt, skal borgaður almennur bréfburðareyrir, og fái skipstjóri helming hans ef þær eru með frímerkjum (með 14 atkvæðum).

- c, Að upphafið á síðasta atriði í 2. grein frumvarpsins verði þannig: «Undir eins og skipstjóri er búinn að skila af sèr póstsendingunum eptir þeim reglum, sem að ofan er getið, þá á hann tilkall til að fá hjá þeim, er við sendingunum tekur, eptir ákvörðunum hér að framan, 4 skildinga og s. frv. (með 15 atkvæðum) og

- d, Að 3. grein verði úr felld (með 13 atkvæðum móti 3).

Reykjavík, 17. ágúst 1865.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Bergur Thorberg.

NEFNDARÁLIT

í málinu um jafnaðarsjóðsgjaldið.

Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss, er ritum nöfn vor hér undir, í nefnd til að íhuga og segja álit vort um 3 bænarskrár, er til þingsins hafa komið, um gjöldin til jafnaðarsjóðanna m. m. Bænarskrár þessar, sem eru: Ein frá Vestur-Skaptafellssýslu, ein frá Austur-Skaptafellssýslu og ein frá þingmanni Rangeyinga, fara fram á eptirfylgjandi atriði:

1. Að niðurfjöfnun jafnaðarsjóðsgjaldsins ár hvert verði framvegis byggð á skipulegri áætlun yfir tekjur sjóðsins og útgjöld á hinu komanda ári, er amtmaður búi til ásamt með 2 hinum næstu þjóðkjörnu alþingismönnum (eður: er amtmaður búi til í byrjun árs hvers, með 4 manna nefnd, er alþingi kys til 5 eður 6 ára tímabils), en sú áætlun verði síðan auglýst í blöðunum.
2. Að útgjöld jafnaðarsjóðsins verði nákvæmar og fastar ákveðin, en að full trygging fáiist fyrir því, að eigi verði látin lenda á honum nein útgjöld án fullrar lagaheimildar.
3. Að ákveðið verði með lögum, að enginn kostnaður til fjárlækninganna verði framvegis látinn lenda á jafnaðarsjóðunum.
4. Að tekjur sjóðsins verði framvegis með lögákveðnu föstu og réttvísu fyrirkomulagi yfir höfuð, og að auka-útsvarið aldrei megi yfirstíga lög-ákveðna upphæð.
5. Að jafnaðarsjóði suðuramtsins verði hið allra bráðasta endurgoldinn allur sá kostnaður, sem á hann hefir verið lagður út af fjárkláðanum og fjárkláðamálinu.

Eptir að nefndin hafði vandlega íhugað málefni þetta og rætt það með sér á fundum, varð sú raun á, að hún gat eigi orðið á eitt sátt um það, og skiptist hún í tvær deildir. Í meiri hlutanum urðu: Arnljótur Ólafsson, Bergur Thorberg og Stefán Thordersen, en í minni hlutanum: Jón Guðmundsson og Sighvatur Árnason.

Meiri hlutinn leyfir sér nú að skýra þinginu frá álitinu um málið á þessa leið:

Um 1. atriði. Þetta er það atriði í bænarskránum, er oss virðist mest íhugunarvert; en jafnvel þó vèr eigi neitum því, að það kunni að vera hagfellt, að í ýmsum atriðum komizt breyting á það fyrirkomulag, sem nú sér stað um stjórn jafnaðarsjóðanna,

og um niðurjöfnunina á gjaldinu til þeirra, getum vèr þó eigi betur sèð, en að ákvarðanir um þetta efni eigi heima í almennum sveitastjórnarlögum. Þessari skoðun hefir og stjórnin lýst yfir, því bæn alþingis 1859 um, að vald amtmannanna yfir jafnaðarsjóðunum yrði takmarkað, er í konunglegri auglýsingu til alþingis dags. 1. júním. 1861 II 4, svarað á þá leið, að eigi hafi þótt ástæða til að láta búa til frumvarp til sèrstaklegs lagaboðs um þetta atriði, með því það sè óaðgreinanlegur liður í sveitastjórnarmálinu, og beri því að skipa fyrir um það í sambandi við sveitastjórnarmálið sjálft. Þar sem því nú jafnframt þessu er heitið í greindri auglýsingu, að lagt skuli verða fyrir alþingi, jafnskjótt og því verði við komið, lagafrumvarp um fyrirkomulag á sveitastjórnarmálinu yfir höfuð, og þar sem þingið hefir nú í þetta skipti samþykkt bænarskrá til konungs um að sveitastjórnarmálinu, sem jafnaðarsjóðamálið í þessu tilliti að vorri hyggju er einn liður af, virðist oss þingið ekki eiga að gjöra neitt sèrstaklega út af því atriði, sem hèr er um rætt. Einn nefndarmaður hreifði því, að ástæða kynni að vera til þess, að gefa stjórninni bending um, að haft yrði í sveitastjórnarlögunum tillit til jafnaðarsjóðanna, en hinir nefndarmennirnir í meiri hlutanum álitu slíka bendingu óþarfa, bæði vegna þess, að þessa virtist að minnsta kosti að nokkru leyti gætt í hinu gamla sveitastjórnarfrumvarpi, og þar að auki sæist af auglýsingu 1. júní 1861, sem fyrr er getið, að stjórnin ætlaði að taka þetta atriði til greina í sveitastjórnarlögunum, þegar þau á ný yrði lögð fyrir alþingi, eins og alþingi líka þá sjálft fær kost á að gjöra þær uppástungur um þetta efni, er hagfelldastar þykja. Vèr skulum enn fremur að eins leyfa oss að benda á, að þó alþingi nú færi að biðja um sèrstaklegar ákvarðanir um stjórn jafnaðarsjóðanna, virðist oss mjög ólíklegt, að stjórnin færi að breyta þeirri skoðun sinni, sem hún hefir í ljósi látið í þessu tilliti.

Um 2. og 3. atriði. Það sem hèr er farið fram á, virðist einkum eða eingöngu spröttið af því, að hlutaðeigendur una því illa, að jafnaðarsjóður suðurumdæmisins hefir undan farin úr orðið að bera ýmisleg gjöld vegna fjárkláðans. Við Arnljótur Ólafsson og Stefán Thordersen játum að vísu, að tilefni til umkvörtunar mundi að vísu hverfa að miklu leyti, ef lög kæmi út um kláðamálið; en vèr ætlum fyrst og fremst enn mjög óvíst, hvort svo verði, og í annan stað, þótt svo yrði, þá mundi þó verða ástæða til að verja fè úr jafnaðarsjóðnum einmitt til þess máls eptir sem

áður, svo sem til varða, er frumvarpið talar ekkert um; og ef á allt er litið, þá ætlum vèr, að auðveldlega geti komið fyrir ný fyrirtæki og nýjar nauðsynjar í ömtunum, er geti orðið spurning um, hvort jafnaðarsjóður ætti að kosta eður eigi. En af því vèr á einn bóginn ekki viljum binda hendur á framkvæmdarvaldinu svo, að það geti eigi varið, og það svo skjótlega sem nauðsyn krefur, fè úr jafnaðarsjóðunum um það fram, sem lögákveðið er, til þeirra fyrirtækja eða málefna, er varða annaðhvort almenningsheill, eður heill einhvers sérstaks umdæmis, og vèr á hinn bóginn verðum að álita það í alla staði haganlegt og eðlilegt, að þjóðin fái að taka nokkurn þátt í þeim álögum á sjálfa sig, er hún er eigi skyldug til að gjalda að lögum, þá höfum vèr hugsað oss nokkrar bráðabyrgðarákvarðanir, er skyldi standa, þangað til sveitastjórninni er skipað að lögum, og fyrir því höfum vèr leyft oss út af þessum atriðum bænarskránna, að koma fram með þær uppástungur, er vèr tengjum aptan við álit meiri hluta nefndarinnar. Bergur Thorberg álitur, að þar eð hið konunglega frumvarp til tilskipunar um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, er þingið hefir til meðferðar, hefir ákvarðanir um, hvernig kostnaður sá, er rís af fjárkláða, skuli greiddur, virðist oss ekki ástæða til, að leggja það til, að þetta atriði verði sérstaklega tekið til greina. Að öðru leyti skulum vèr að eins geta þess, að þó æskilegt væri í sjálfu sér, að öll gjöld jafnaðarsjóðanna væri lögákveðin, virðist þó ísjárvert, að þetta sè svo fast bundið, að amtmanni yrði ómögulegt, ef brýn nauðsyn bæri til þess, að verja nokkru fè úr sjóðnum í þarfir umdæmisins; er það vitaskuld, að amtmaður hefir fulla embættisábyrgð af slíkum ráðstöfunum. En eigi er hætt, að sú ábyrgð verði þýðingarlítill, þar sem reikningar sjóðanna bæði eru endurskoðaðir í hlutaðeigandi stjórnarráði, og einnig auglýstir almenníngi á prenti, svo sem lögboðið er.

Um 4. atriði. Hinn fyrri liður þessa atriðis um, að tekjur jafnaðarsjóðsins framvegis verði með lög-ákveðnu föstu og réttvísu fyrirkomulagi yfir höfuð, er að vísu nokkuð óákveðinn; en vèr ætlum, að hann muni einkum lúta að niðurjöfnun á jafnaðarsjóðsgjaldinu, og skýrskotum vèr þá til þess, sem að framan er sagt um fyrsta atriði, með því það er álit vort, að ákvörðun um þetta efni eigi heima í almennum sveitastjórnarlögum. Hinn síðari liður þessa atriðis fer fram á, að auka-útsvarið til jafnaðarsjóðanna aldei megi yfirstíga lög-ákveðna upphæð. Í þessu efni skulum vèr geta

þess, að oss virðist mjög ísjárvert, að ákveðin sé með lögum slík upphæð, sem hér er um rætt, því ef upphæðin væri sett fremur lágt, gæti að því komið, að slík ákvörðun hepti framkvæmdarvald amtmanns um of, og ef upphæðin væri ákveðin svo há, sem þó yrði nauðsynlegt, að ekki þyrfti að óttast fyrir, að þetta gæti að höndum borið, þá virðist oss ákvörðunin þýðingarlítill.

Um 5. atriði, sem að eins er tekið fram í bænarskránni frá Vestur-Skaptafellssýslu, skulum vér geta þess, að vér höldum með öllu óráðlegt og árangurslaust, að fara fram á endurgjald það, sem hér er um rætt; enda virðist og bæn þessi með fram sprottin af þeim misskilningi, að menn hafi enn til umráða það fè, sem ekki hafi eytt verið af þeirri upphæð, sem ríkisþingið leyfði að verja mætti til fjárkláðans; en það er í augum uppi, að þessu er ekki þannig varið, því þó leyft sé í fjárlögunum að verja megi vissri upphæð til einhvers málefnis, þá er þetta æfinlega bundið því sjálfsagða skilyrði, að þess þurfi við það fjárhagsár, sem þau fjárlög gilda fyrir.

Uppástungur vorar í þessu máli verða því:

A. Arnljóts Ólafssonar og Stefáns Thordersens:

Að ráða hinu heiðraða þingi til að senda konungi vorum þegnsamlega bænarskrá um þessar uppástungur:

1. Að alþingi kjósi hvert sinn 2 menn í umdæmi hverju, til þess þinga á millum að ákveða með amtmanni, hvort, og að hve miklu leyti, verja skuli fè úr jafnaðarsjóði hvers umdæmis til þeirra fyrirtækja og málefna, sem eigi eru lögákveðin.
2. Að amtmaður skuli hvert sinn, er slík málefni bera að höndum, kveðja menn þessa til fundar við sig. Amtmaður er forseti, stýrir fundum, og lætur bóka tillögur og atkvæði fundarmanna. Kostnað af fundarhaldi og ferðalögum fundarmanna skal greiða úr jafnaðarsjóði hvers umdæmis.

Auk þessa viljum við stinga upp á því við þingið, hvort það eigi álit á alveg nauðsynlegt til þess, að tilhögun þessi komist á nú þegar:

Að alþingi kjósi nú þegar þessa tvo menn í umdæmi hverju í von um mildilegast samþykki konungs.

B. Bergs Thorbergs:

Að ráða hinu heiðraða alþingi frá, að senda konungi bænarskrá um þetta málefni, eða gjöra frekara í því.

ÁLIT MINNI HLUTANS.

(Jóns Guðmundssonar og Sighvats Árnasonar í jafnaðarsjóðsmálinu).

Þeir 3 heiðruðu meðnefndarmenn okkar, sem eru í meiri hluta nefndarinnar, játa, að það kunni að vera hagfellt, að í ýmsum greinum komist breyting á fyrirkomulag það, sem nú á sér stað í stjórn og ráðsmennsku jafnaðarsjóðanna. En þegar hinn heiðraði meiri hluti er sambuga kominn að þessari þýðingarmiklu niðurstöðu, þá klofnar hann í tvennt um hrið, en grær svo saman aptur. Meiri hluti hans, síra Arnljótur Ólafsson og síra Stefán Thordersen vilja aðhyllast 1. atriðið með ákveðnum skilyrðum og takmörkunum, en svo verður meiri hlutinn allur sammála um hin atriðin.

1. atriði bænarskránna fer fram á, að niðurfjöfnun jafnaðarsjóðsgjaldsins ár hvert, eður með öðrum orðum, hin árlegu útgjöld hans verði framvegis byggð á *skipulegri áætlun*, yfir tekjur og útgjöld hvers sjóðs á hinu komandi ári, er amtmaður búi til ásamt með 2 næstu þjóðkjörnum þingmönnum o. s. frv., og virðist einkum lúta að þessu atriði ágreiningur og athugasemdir meiri hlutans um, að bæði sé hér að ræða um sveitastjórnarmálefui í sjálfu sér, og svo hafi stjórnin sett þetta spursmál í samband við sveitastjórnarmálið yfir höfuð.

Því verður ekki neitað, að stjórnin hefir að visu, og það með fyrstu óskorað af alþingi eður Íslendingum, sett spursmálið um áætlunarstjórn *yfir öllum* opinberum sjóðum og stiptunum hér á landi, er amtmenn hafa yfirumsjón með, í samband við málið um sveitastjórn á Íslandi; samanber 27. grein í stjórnarfrumvarpi til sveitastjórnarlaga á Íslandi, er lagt var fyrir alþing 1855 (alp. tíð. 1855. Viðb. A. bls. 11 og 12). Hin sama skoðun er aptur ítrekuð í konungs auglýsingu til alþingis 1861 II 4, að því er áhrærir jafnaðarsjóðina. En fyrst er nú þess að gæta, að stjórnin hefir þá einmitt hér með viðurkennt og lýst yfir, að fyrirkomulagi því, sem nú er á stjórn jafnaðarsjóðanna, sé ábótavant, og að nauðsynlegt sé að breyta því, og að hinn réttasti og eðlilegasti vegur, er til þess liggi, sé sá, að vanalegt áætlunarvald væri ákveðið fyrir stjórnarnefnd manna, er amtmaðurinn væri oddviti í. Þessari réttu grundvallarreglu getur stjórnin engan veginn gengið frá nè afneitað henni, og það því síður, sem einmitt er á henni grundvallað stjórnar og yfirfjárráða fyrirkomulag nálega allra annara sjóða og stofna-

ana í Danmörku, eins og í öðrum löndum, einkum þeirra, er verða að hafa meiri eður minni hluta af tekjum sínum til þess að standast hin árlegu útgjöld með niðurfjöfnun á gjaldþegnana. Það er engi sá smábær í Danmörku, að við ekki nefnum jafnaðarsjóði amtanna, að ekki sé áætlunarnefnd, er leggi niður og ákveði hinar árlegu tekjur og útgjöld; það er og kunnugt, að allar þrjár bæjarstjórnarreglugjörðirnar, sem hér á landi eru útgengnar, grundvalla áætlunarvaldið til þess, að ákveða árlegar tekjur og útgjöld; og þó að reglug. 8. jan. 1834 ákveði ekki með þerum orðum áætlunarfyrirkomulagið í sveita- eða fátækramálum hér á landi, þá hefir það samt smám saman rutt sér til rúms, og er það mjög víða til sveita hér, að prestur og hreppstjóri kveðja hina beztu sveitabændur í nefnd með sér, til þess að leggja niður og búa til skipulega áætlun um, hve miklu þurfi að niðurfafna til þess og hins ársins í þarfrir sveitarinnar.

Af þessum ástæðum verðum við að vera fastir á því, að svo veruleg og ómissandi grundvallarregla, sem að áliti allra þjóða er fólgin í áætlunarvaldinu, þar sem þar í er álitin fólgin hin eina hafandi trygging fyrir rétttri stjórn opinberra sjóða og stofnana, og fyrir eðlilegri og sjálfsagðri hluttöku gjaldþegnanna í ákvörðunum og tilhögun skatta þeirra og álaga, sem á þeim hvíla, hafi helzt til of lengi átt að biða réttvíslegrar framkvæmdar, að því er stjórn jafnaðarsjóðanna snertir, og verðum vér að vera því fastari á þessu, sem útgjöld allra jafnaðarsjóðanna hér á landi og jafnframt álögurnar á almenning, hafa vaxið meira en 200%, eður meir en þrefaldast frá því, sem þær voru að 20 ára meðaltali næst fyrir 1855, þegar stjórnin fann þó nauðsyn á því sjálf að fyrri bragði, að lögleiða þessa almennu reglu á stjórn allra opinberra sjóða og stíptana þessa lands.

Og þó að stjórnin hafi síðan frestað lögum þessum svo óskiljanlega, og aldrei um næstliðin 10 ár leitað samkomulags af nýju við þingið, með því að leggja fyrir nýtt frumvarp, eins og hún hefir þó gjört í öllum öðrum málum, þar sem eigi hefir gengið saman með henni og þinginu í fyrsta sinn, þá fannst okkur að þetta megi engan veginn álitast yfirgnæfandi ástæða til að fresta jafnframt svo verulegri sérstakri réttarbót, sem þeirri, er hér ræðir um, og það um svo alveg óákveðinn tíma, eins og stjórnin virðist að hafa miðað sjálft sveitastjórnarmálið við.

Þeir 2 meðnefndarmenn úr meiri hlutanum, herra Arnljótur

Ólafsson og herra Stefán Thordersen vilja nú með uppástungum sínum hér að framan, bæta jafnt og jafnframt úr hvorutveggi vankvæðum þeim, er 1. og 2. niðurlagsatriði bænarskránna taka fram. En að svo einbundið og takmarkað áætlunarvald, eins og þetta, sem uppástungur tæðra meðnefndarmanna vilja láta nægja, mun að visu vera óþekkt og óheyrt, hvar sem leitað væri, því á annan bóginn stefna þær að því, að kippa fótunum undan sjálfsögðu atkvæði löggjafarvaldsins um hverja nýja ráðstöfun sem er, og þar af leiðandi útgjöld, er yrðu að lenda á jafnaðarsjóðunum. En þetta fyrirkomulag yrði þó gagnstætt þeim grundvallarreglum, sem löggjafinn sjálfur og alþing hafa aðhyllzt, og gjört að reglu í þeim málum; sbr. meðal annars undirbúninginn til opins bréfs 10. febrúarmánaðar 1847 og 24. nóvember 1856, og frumvörp stjórnarinnar í fjárkláðamálinu 1863 og 1865; en á hinn bóginn útiloka uppástungur þessar áætlunarvaldið, að því, er snertir allar aðrar tekjur og útgjaldagreinir jafnaðarsjóðanna, heldur en þær, sem eru *ekki* lögheimilaðar.

En að því, er 2. uppástungu-atriði bænarskránna viðvíkur að öðru leyti, þá þarf ekki lengra að fara til þess, að leita að fullu tilefni til þeirra, heldur en til hinnar feykilegu hækkunar jafnaðarsjóðsgjaldanna á hinum síðustu árum, og líta jafnframt á, að einmitt þann kostnað, sem að svo að segja eingöngu hefir valdið hækkun þessari, hefir stjórnin *ekki fyrr en nú* með frumvörpum sínum í fjárkláðamálinu 1863 og 1865 leitast við að gjöra að *lögákveðnum* kostnaði. Þegar þessa er gætt, og það er borið saman við grundvallarreglur og ákvarðanir ýmsra laga, er lúta að gjöldum þeim, er á jafnaðarsjóðunum liggja, og þar á meðal einkum hins fyrr nefnda opna bréfs 24. nóvember 1856, þá getur naumast nokkur vafi verið á, að bæði lögstjórnin og háyfirvöldin hér á landi hafi að visu stigið fæti lengra í því, að leggja á jafnaðarsjóðinn gjöld þau, er hér ræðir um, heldur en skýlaus lagaheimild er til.

Aptur finnum vèr eigi næga ástæðu til að greina á við hina meðnefndarmenn okkar um 3. og 5. atriði bænarskránna, og sízt á þessu stigi málsins eða með þeirri stefnu, er við viljum beina því í. En aptur verðum við að vera á gagnstæðri skoðun um hið 4. atriði bænarskránna. Í Danmörku er það, eins og kunnugt er, ákveðið með opnu bréfi 31. desember 1819, að gjald það, sem árlega þurfi að jafna niður handa jafnaðarsjóðunum, megi aldrei yfirstíga lögákveðna upphæð, og fáum við eigi sæð, að slíkt fyrir-

komulag þurfi að verða ísjárverðara hér heldur en þar, þó að hér yrði ákveðið með lögum, hve miklu mætti jafna mest niður árlega á hvert lausafjórðundað; við álitum því meiri og brýnni nauðsyn á þessari lagareglu hér, á meðan engin önnur trygging er fengin og gjörð gildandi fyrir skipulegri stjórn sjóða þessara hér á landi, t. d. áætlunarvalds grundvallarreglan. Hið síðast nefnda lagaboð 31. desember 1819 sýnir líka ljóslega, að ákvörðun sú, sem hér ræðir um, verður ekki skoðuð sem sveitastjórnareðlis, eða ákvörðun um það sett í samband við lög um sveitastjórn.

Vér höfum sýnt fram á hér að framan, að þar sem stjórnin setti sjálf sveitastjórnarmálið í hreifingu með lagafrumvarpi, er hún lagði fyrir alþingi 1855, en hefir þó, þrátt fyrir síðari ítrekunarbænaðarskrár hëðan, ekki reynt að ná samkomulagi við þingið um þetta mál, með því að leggja fyrir nýtt frumvarp, eins og hún hefir þó gjört í flestum öðrum málum á sama tímabili, þar sem eigi hefir viljað ganga saman með henni og þinginu í 1. eður 2. sinn, þá virðist hún annaðhvort að vera alveg horfin frá, að halda því máli lengra, eða þá, að hún ætlar sér að fresta því um óákveðinn tíma, hver veit hvað lengi. Eptir slíku sjáum vér ekki, að öðrum eins nauðsynja umbótum, eins og þeim, sem hér ræðir um, megi með neinu móti slá á frest. Hið heiðraða þing hefir nú samþykkt og sent konungi ítrekunar bænaðarskrá um, að stjórnin flýti sem mest fyrir sveitastjórnarmálinu, og skiptir hér þá eigi nema tvennu, að *annaðhvort* frestast málið enn, eða stjórnin leggur nýtt frumvarp til sveitastjórnarlaga fyrir næsta alþingi, og viljum vér með þeim fyrirvara ráða þinginu til, að biðja konunginn þess, að í því frumvarpi verði teknar til greina ákvarðanir þær til tryggingar fyrir betri stjórn jafnaðarsjóðanna, sem hér er stungið upp á, og nefndin öll er að vísu samdóma um, að sé hagfelld og nauðsynleg; en skyldi stjórnin þar á móti ekki sjá sér fært, að leggja frumvarp til sveitastjórnarlaga fyrir næsta þing, að þá sé konungur beðinn þess, að frumvarp verði lagt fyrir næsta alþingi um betra fyrirkomulag á stjórn jafnaðarsjóðanna á Íslandi, og að þar í verði lögð til undirstöðu atriði þau, sem hér eru fram tekin og nefndin öll hefir að vísu fallizt á.

Eptir framanskriðuðum ástæðum leyfum við minni hlutinn okkur, að ráða hinu heiðraða þingi til að rita konungi bænaðarskrá um þetta mál, og biðja hans hátígn hlutast til um,

A. að eptirfylgjandi atriði um fastara og tryggara fyrirkomulag á

stjórn jafnaðarsjóðanna á Íslandi verði sem fyrst lögákveðin.

1. Að niðurjöfnun jafnaðarsjóðs gjaldsins og önnur stjórn þeirra sjóða verði byggð á skipulegri áætlun yfir tekjur og útgjöld þessara sjóða hið komanda ár, er amtmaður búi til í byrjun hvers árs með 4 manna nefnd, er alþingi kys til 5 eður 6 ára tímabils í senn; en sú áætlun verði síðan anglýst í blöðunum.
 2. Að engi útgjöld verði látin lenda á jafnaðarsjóðunum, nema því að eins, að bæði ráðstafanir þær, sem slík útgjöld hafa í för með sér, sèu lögákveðnar, eður nauðsyn þeirra helguð með sérstökum lögum, og sòmuleiðis aðalupphæð kostnaðarins, eða það, hve hár hann megi mestur verða.
 3. Að hið árlega aukauitsvar, sem er niðurjafnað á hvert tíundarbært lausafjórðundað, yfirstígi aldrei lögákveðna upphæð.
- B. Að konungur mildilegast leggi svo fyrir, að hær að lútandi ákvarðanir *annaðhvort* verði teknar upp í frumvarp það til laga um sveitastjórn á Íslandi, er lagt yrði fyrir næsta alþingi 1867, *ellegar*, ef það yrði ekki, að sérstaklegt lagafrumvarp, byggt á framanskrifuðum undirstöðu-atríðum verði samið og lagt fyrir næsta alþingi.

Reykjavík, 18. ágúst 1865.

Jón Guðmundsson, Bergur Thorberg, Sighvatur Árnason.
formaður. framsögumaður.

Stefán Thordersen. Arnljótur Ólafsson.

ÁTKVÆÐASKRÁ

í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi. (Sbr. bls. 402).

-
1. *a, Magnús Jónsson*: að í fyrstu grein frumvarpsins í stað orðanna »einkum á vorin, áður en fè er hleypt á fjall«, komi »einkum á haustin þá fè kemur af afrétt og á vorin fyrri hluta aprílmánaðar«. Samþykkt með 17 atkv. gegn 3.

- b*, Frumvarpsins 1. gr. (óbreytt eða með breytingu). Samþ. með 20 atkv.
- c*, *Magnús Jónsson*: Að í 2. gr. frumvarpsins á eptir orðið »ráðstafanir«, sè bætt inn í »og verk er þeim verða á hendur falin«. Fellt með 9 atkv. gegn 8.
- d*, *Sami*: Að síðasti liður greinarinnar: »Aðstoðarmenn þessir — er um rætt« falli burt. Fellt með 20 atkv.
- e*, Frumvarpsins 2. gr. (óbreytt eða með breytingum). Samþ. með 19 atkv.
- f*, *Magnús Jónsson*: Að í uppástungu nefndarinnar 1 a (staflíð *h*), eptir orðið »hreppstjórnir og«, sè í stað »aðstoðarmenn« sett: »innanhrepps aðstoðarmenn«. Og við enda staflíðsins sè bætt: »en utanhrepps aðstoðarmönnum sè borgaður starfi sinn af amtsjafnaðarsjóðnum«. Tekið aptur.
- g*, *Pétur Pétursson*: Að í stað orðanna í sömu uppástungu »borgun þessari« sè sett »helmingur borgunar þessarar greiðist úr jafnaðarsjóði amtsins, en helmingi« (skal sýslumaður o. s. frv.) Fellt með 16 atkv. gegn 3.
- h*, *Nefndin*:
Að 3. gr. frumv. orðist þannig: Hreppstjórnir og aðstoðarmenn þeirra skulu eptir því sem amtmaður gjör ákveður o. s. frv.
Borgun þessari skal sýslumaður jafna niður á allan sauðfænað í hverjum hreppi, eptir þeim reglum, sem gilda um dýratolla, og kalla hana inn á manntalsþingum ásamt öðrum manntalsþingsgjöldum. Samþ. með 19 atkv. gegn 2.
- i*, *Pétur Guðjónsson*: Að eptir orðin í 3. gr. frumvarpsins, »fá hæfilega borgun«, sè bætt inn í, »þó ekki yfir 9 mörk um daginn«. Samþ. með 13 atkv. gegn 6.
- k*, Frumvarpsins 3. gr. (óbreytt eða með breytingum). Samþ. með 20 atkv. gegn 1.
- l*, *Halldór Jónsson* (vara-atkvæði), að fallist stjórnin ekki á breytingarnar í 3. gr. verði frumvarpsgreinin löggilt óbreytt. Fellt með 13 atkv. gegn 7.
- m*, *Magnús Jónsson*: Að eptir orðin í 4. gr. frumvarpsins: »aðskilin frá heilbrigðu fæ«, sè bætt inn í, »og hið allra fyrsta tekið undir lækningu«. Samþ. með 14 atkv. gegn 5.
- n*, *Sami*: Að í sömu grein, eptir orðin: »lögreglustjóri gjöra þær« sè bætt inn í »frekari«.

- o, Frumvarpsins* 4. gr. (óbreytt eða með breytingum). Samþ. með 20 atkv.
- p, Jón Sigurðsson:* (Viðauka-atkvæði við 4. gr. frumvarpsins): Að við enda greinarinnar verði bætt: «Þegar nauðsyn krefur skulu og settir öruggir verðir á takmörkum hinna heilbrigðu og grunuðu héraða eptir ráðstöfun amtmanns». Fellt með 11 atkv. gegn 11 með nafnakalli.
- q, Magnús Jónsson og Jón Hjaltalín:* Að nýrri grein (er þá yrði hin 5.) verði við bætt, þannig hljóðandi:
«Stjórnin sjái um, að næg fænaðarmeðöl sé ávallt til í lyfjabúðinni, eður í þeim hëruðum er líkindi eru til, að veikindi kunni að dyljast í, og skulu það við fjárkláða ávallt vera hin valzisku kláðalyf». Tekið aptur.
- r, Frumvarpsins* 5. og 6. gr. (óbreyttar). 5. gr. samþ. með 19 atkv. 6. gr. a samþ. með 20 atkv. 6. gr. b samþ. með 16 atkv. gegn 2.
- s, Nefndin:*
Að orðunum í 7. gr. fr.: «á kostnað eiganda, og má gjöra fjárnám hjá honum fyrir kostnaðinum» verði þannig breytt: «Allan kostnað til þessa borgar eigandi, og má gjöra fjárnám hjá honum fyrir kostnaðinum» samþ. með 19 atkv. 7. gr. með breytingum samþ. með 18 atkv.
- t, Sama:*
Að nýrri grein verði bætt aptan við frumvarpið, (sem þá verður 8. grein), þannig hljóðandi:
«Þriðjungur sekta þeirra, sem nefndar eru í 5. og 7. gr. falli til uppljóstrarmanns, hvort sem hann er utan hrepps eður innan, en hinir tveir hlutir til sveitarinnar, þar sem laga- brotið gegn greinum þessum hefir átt sér stað». Samþ. með 12 atkv. gegn 10.
- u, Frumvarpið* allt í heild sinni (óbreytt eða með áorðnum breytingum). Samþ. með 19 atkv. gegn 3.
- v, Bergur Thorberg:* Að í stað orðanna: «með síðustu póstskaipsferð í haust komanda» í uppástungu nefndarinnar, sé sett: «eigi seinna en með fyrstu póstskaipsferð á næsta ári». Samþ. með 12 atkv. gegn 5.
- x, Nefndin:*
Að þingið biðji hans hátign konung vorn mildilegast að veita frumvarpinu lagagildi þannig, að það komi hingað sem lög til

framkvæmda (samþ. með 17 atkv. gegn 3) með síðustu póstskaupsferð í haust komanda: Fallið við v.

2. *Jón Sigurðsson*: Að í staðinn fyrir uppástungu nefndarinnar (4, a, b, c, e) komi: «Að þingið biðji konung vorn allraþegn-samlegast um: að hann mildilegast láti skipa þriggja manna nefnd í Suðuramtinu, valdstjórninni til aðstoðar í fjárkláðalækningunum og þeim eignum, sem þar að lúta». Fellt með nafnakalli með 18 atkv. gegn 4.

3. *Sami* til vara: Að staflíður 4a, orðist þannig: «að konungur mildilegast láti skipa 5 manna nefnd í hverju amti, valdstjórninni til aðstoðar í öllum þeim eignum, sem lúta að fjárlækningum yfir höfuð og eflingu fjárræktarinnar á Íslandi». Fellt með 15 atkv.

4. *Nefndin*:

Að þingið biðji konung vorn þegnsamlega um:

a, Að hann mildilegast láti skipa 3 manna nefnd í hverju amti til aðstoðar valdstjórninni í fjárkláðalækningunum og í öllum þeim eignum sem lúta að eflingu fjárræktarinnar á Íslandi yfir höfuð. Fellt með 10 atkv. gegn 9.

b, Að hann mildilegast sjái svo um, að fæ verði veitt úr ríkissjóðnum að minnsta kosti fyrst um sinn meðan fjárhagur Íslands og Danmerkur eigi er aðskilinn, til að launa nefndum þessum sanngjarnlega starfa sinn, — en til vara

c, Að fæ þetta verði veitt sem skyndilán úr ríkissjóði móti 6% árlegri afborgun úr jafnaðarsjóðum Íslands unz lánið er að fullu greitt. Fallið.

(Jón Sigurðsson, að þessi staflíður verði úr felldur).

d, *Jón Sigurðsson*: að uppástunga nefndarinnar hær næst á eftir orðist þannig: «Amtmenn með ráði sýslumanna kveðji menn í nefndir þessar, hver í sínu amti». Fallið.

e, *Nefndin*:

Að alþingi stingi nú þegar, og á sèrstökum aðalfundi, upp á mönnum í nefndir þær, sem nú var getið. Fallið við tölu-lið 4 a.

5. *Benedikt Sveinsson*: (samþykkt af nefndinni). «Að stjórnin hlutist til um, að næg fjárlækningameðöl, einkum hin valzisku þaðmeðöl, fái á lyfjabúðum með niðursettu verði, og í verzlunarstöðum landsins». Samþ. með 20 atkv.

6. *Jón Sigurðsson*: «Að stjórnin gjöri þær ráðstafanir, sem nauð-

synlegar virðast til að efla dýralæknislega þekkingu hér á landi, einkum með því:

a, að fjölga innlendum dýralæknum svo, að minnsta kosti verði einn í hverju amti.

b, að veita efnilegum mönnum fjárstyrk til að nema dýralækningafræði erlendis, og ferðastyrk til að kynna sér fjárræktar- aðferðina í þeim löndum, þar sem fjárræktin getur orðið Íslendingum til fyrirmyndar«. (Samþykkt af nefndinni). Samþ. með 18 atkv.

7. *Halldór Kr. Friðriksson*: »Að stjórnin gjöri þær ráðstafanir, að nokkrir Íslendingar læri sem fyrst dýralækningafræði og rétta meðferð á skepnum, og þeir á eftir setjist að hér á landi, og fái viðunanleg laun úr opinberum sjóði«. Frá fallið.
8. *Minni hluti nefndarinnar* (Bergur Thorberg): »Að stjórnin gjöri þær ráðstafanir, er nauðsynlegar virðast til að fjölga dýralæknum hér á landi, þannig að einn dýralæknir að minnsta kosti sé í hverju amti«. Fallið við 6. tölul.
9. *Halldór Kr. Friðriksson*: »Að stjórnin gjöri þær ráðstafanir, að yfirvöldin hér á landi styðji að því, að það verði almenn venja, að bændur baði sauðfænað sinn, að minnsta kosti einu sinni á ári hverju, úr hinum valziska kláðalegi, eða öðrum þeim lyfjum, er dýralæknar telja hagkvæm til að verja óþrifum«. Fellt með 12 atkv. gegn 6.
10. *Halldór Kr. Friðriksson* og *Hjálmur Pétursson*: »Að stjórnin gjöri þær ráðstafanir, að samin verði og prentuð á opinberan kostnað alþýðleg rit, um ýmsar greinir er lúta að góðri fjárrækt og kynbetrun«. (Samþykkt af nefndinni). Samþ. með 21 atkv.

NEFNDARÁLIT

í konunglegu álitsmáli: Frumvarp til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi. (Sbr. bls. 236).

Eptir fyrirmælum lögstjórans í álitsskjali til konungsfulltrúa á þessu þingi, dagsettu 12. júní þessa árs. og konungsúrskurði 9.

sama mánaðar, kaus hið heiðraða alþingi oss í nefnd, til að bera upp álit og tillögur um frumvarp það til laga *um vinnuhjú á Íslandi*, er lagt var fyrir þingið 1861 og aptur 1863. Lýsir lögstjórinn því röksamlega yfir í tæðu álitsskjali sínu, að hann hafi eigi álitnið það rétt, að ráða hans hátign konunginum til, án þess að taka þær uppástungur, sem alþing hefir stungið upp á, til nokkurra greina, að löggilda frumvarp það, sem seinast var lagt fyrir þingið, heldur bæri, að senda málið af nýju til alþingis, og hafi því hans hátign konungurinn 9. júní þessa árs, þóknast að fallast á, að frumvarp það til laga um vinnuhjú á Íslandi, sem lagt var fyrir þingið 1863, aptur verði lagt fyrir það á fundi þeim, sem nú stendur yfir.

Eptir að vèr höfum nákvæmlega yfirvegað þetta mál, og lagt niður með oss hinar nýju ástæður lögstjórnarinnar í tæðu álitsskjali gegn uppástungum þingsins 1863, og borið saman og metið sem grandgæflegast hinar undangengnu ástæður, bæði stjórnarinnar og alþingis 1861 og 1863, jafnframt og vèr höfum rætt með oss á fundum, bæði málið í heild sinni, og hinar einstöku greinir þær, er ágreiningurinn hefir verið og er einkanlega um, leyfir nefndin sèr nú, að bera upp álit sitt og tillögur á þessa leið:

Við fyrstu grein.

Nefndin hefir enn nákvæmlega yfirvegað allt, sem fram er komið fyrr og síðar, með og móti þeim aldurstakmörkum 16 ára og 18 ára aldursins, er stjórnina og þingið hefir greint á um frá upphafi þessa máls. Í álitsskjali lögstjórnarinnar 12. júní þ. árs, sýnist 16 ára aldurstakmarkið að vera skoðað sem nokkurs konar *ný* uppástunga, sem gjörir breytingu á þar að lútandi ákvörðunum og réttarvenju, er hær á landi hafi gilt að undanfögnu í þeim efnum, sem hær ræðir um, og virðist þessi hin sama skoðun að hafa komið fram í hinum undan gengnu ástæðum stjórnarinnar. En þvert á móti einmitt 18 ára aldurs-takmarkið er *ný* uppástunga, eins og þegar var tekið fram af hjúalaganefndinni 1859, og hefir verið sýnt fram á í ástæðum alþingis, bæði 1861 og 1863 (alþt. 1861, 1777—8, og alþt. 1863 1. p. 329—31 og 494—96), og stefnir þessa frumvarps uppástunga einmitt að því, ef ekki að brjóta niður, þá samt að því, að gjöra yfrið þýðingarmikla breytingu bæði á ýmsum grundvallarreglum íslenskra laga og réttar, sem lúta að 16 ára aldurs-takmarki persónulegs frelsis á ýmsum laga-ákvörðunum seinni tímanna, hvar á meðal einkum má færa

til dæmis 6. gr. í fátækra reglugjörð 8. jan. 1834 og tilskipun 30. apríl 1824, § 3, 1. tölulið, og á almennri og fastri réttarvenju og réttarmeðvitund landsmanna. Aldurs-takmarkið fyrir því að fermdi *maðurinn eða konan fái full ráð yfir persónu sinni*, án þess að vera í þeim efnum beinlínis háður aptrandi umráðum og atkvæði annara, er nefnilega eptir íslenskum lögum og rétti sannarlega eins ákveðið og þýðingarmikið aldurstakmark, eins og hin tvö, sakalögaldurinn, bundinn við full 15 ár, og aldurs-takmarkið fyrir fjárforræðinu bundið við full 18 ár. Og þó að þetta síðara aldurs-takmark og hitt aldurs-takmarkið fyrir persónulegu forræði yfir sjálfum sér, kunni í Danmörku að vera fallið saman í ýmsum greinum og réttarspursmálum, og að þetta valdi þar ekki neinum verulegum glundroða eða viðsjálum eptirköstum og afleiðingum, eins og nú virðist gefið í skyn í álitsskjali lögstjórnarinnar 12. júní þessa árs, þá álitur nefndin, að þetta sé að minnsta kosti enginn sá kostur, er sé eptirsóknarverður, eða að gjörandi sé að láta hann ryðja sér til rúms hér á landi fyrir nýja laga-ákvörðun, er væri þvert á móti ýmsum eldri ákvörðunum íslenskra laga, og mundi raska fastri réttarvenju, er aldrei hefir reynzt óhagkvæm, nè neinum vandkvæðum bundin og enginn borið sig upp undan henni fyrr nè síðar. Þar sem lögstjórninni enn af nýju þykir ísjárvert, að börn, undir eins og þau eru orðin 16 ára, geti farið frá foreldrum sínum og komið sér í vist, þá ber slíkt mjög sjaldan að, nema ef það væri til þess, að t. d. 16—17 vetra stúlka trúlofaðist manni og færi til hans sem hjú, hjá sjálfum honum eða foreldrum hans til að giptast einhvern tíma á hinu sama vistarári eða í lok þess, eins og hér er svo algengt. En að öðru leyti eru víst mjög fá dæmi til, að börn leitist við að rífa sig frá foreldrum á aldursbilinu frá 16 til 18 ára, heldur miklu fremur einmitt *eptir* þann tíma, því þá fyrst fara menn að verða eptirsóknarverðir í vist; að öðru leyti verður nefndin um þetta atriði að vísa til ástæðna alþingis fyrir 1. gr. stjórnarfrumvarpsins 1863; en aptur má ekki missa sjónar á því, að spurningin um 16 ára aldurstakmarkið, og um breytingu þess, hefir miklu meiri og verulegri praktiska þýðingu, þar sem *foreldralaus* ungmenni eiga í hlut, og einkum þau, sem hafa upp alizt á sveit. — Með 16 ára aldrinum er að lögum (reglugjörð 8. jan. 1834, 6. gr.) á enda bæði rétturinn mannsins til framferis af sveitum, og þá líka jafnframt réttur sveitastjórnarinnar og annara til þess, að takmarka persónulegt

frelsi hans í því, að ráða vistarstað sínum, því 11. gr. húsagatilskipun. 3. júní 1746 er numin úr lögum með sérskildu lagaboði; á því má ekki missa sjónar. Hverjir eru þá hér á landi og eptir gildandi lögum vorum »forráðamenn« (Foresatte) þessara manna, sem svona stendur á? Hreppstjóri og sveitastjórnendur eru það ekki; ef maðurinn er felaus, eins og í þessu tilfelli má optast ganga út frá, þá hefir hann engan fjárræðismann, hvorki skyldan né vandalausán. 18 ára aldurs-takmarkið í 1. gr. frumvarpsins, ef þetta væri aðhyllt, yrði þá, þegar svona stendur á, að veita hreppstjórn og sveitastjórn *aptur* þann rétt, er húsagatilskipun 1746, 11. gr. *áður* veitti, þó að þessi lagagrein einmitt sé upphafin með sérstökum lögum; og þar af gæti þá einatt leitt þá óþolandi takmörkun á persónulegu frelsi manna hér, og þá beru mótsögn við ákvörðunina í tilskipun 30. apríl 1824, § 3, 1., að hreppstjórinn ætti til dæmis að geta meinað foreldralausri stúlku 16—18 ára, er hefði uppalizt á sveit að nokkru eða öllu, að taka aðgengilegu eiginorði efnilegs manns, ef að hann ekki gengi að eiga hana samstundis, heldur yrði að binda eiginorð sitt því skilyrði, að hún færi sem vinnukona til sín eða foreldra sinna, utan-hrepps um tveggja missira tíma eður skemur.

Við aðra grein.

Nefndin verður einnig að ráða frá því enn af nýju, að þingið aðhyllist þessa grein frumvarpsins, þrátt fyrir hinar nýju og ítarlegu ástæður lögstjórnarinnar fyrir henni, heldur séu yfirgnæfandi ástæður fyrir því, eptir sem áður, að halda 2. greininni í þingsfrumvarpinu 1863 óbreyttri. Ákvörðunin sem fellst í öðrum lið stjórnarfrumvarps greinarinnar virðist óþörf, sumpart með tilliti til hinnar beinu ákvörðunar, í fyrsta lið sömu greinar í þingsfrumvarpinu 1863, sumpart eptir ákvörðuninni í 5. gr. sama frumvarps, er vér einnig ráðum til að verði haldið óbreyttri. Og í annan stað leiðir það beinlínis af báðum þessum ákvörðunum og öðrum, sem þar á eru byggðar, í þingsfrumvarpinu 1863, er allar ganga út frá því sem *adalreglu*, að *vistarráð*, sem slík, skuli ekki gild fyrir skemmri tíma en 12 mánuði; hin lögheimiluðu afbrigði frá þessu, þau er nauðsynleg virðast, eru fólgin í seinasta lið 2. gr. í þingsfrumvarpinu, og fyrir þeirri undantekningarákvörðun eru ástæður gefnar í álitsskjali þingsins 1863, og virðast þau vera bundin við hinn næsta hjúaskildaga á eptir, að því leyti slíkur samn-

ingur væri gjörður og yrði álitinn *vistarsamningur* en ekki vinnu samningur («Arbeidsleie»).

Það getur varla komið af öðru en sumpart af miður ljósri þekkingu á því hvernig hér hagar til í landi og sumpart af því, að misst er sjónar á öðrum sérstaklegum og verulegum lagaákvörðunum, er mundu missa alla þýðingu og eigi ná fullum framgangi, ef ákvörðun um skemmri vistartíma heldur en til 12 mánaða væri hleypt hér að, þegar lögstjórnin enn að nýju í álitsskjali 12. júní þessa árs, telur slíka ákvörðun «verulega takmörkun á samningsfrelsi manna, er hvorki sé nauðsynleg nè hagfelld». Fyrri dæmið, sem í álitsskjalinu er til fært þessu til sönnunar, er sprottið af þekkingarskorti á því, hvernig búferlisflutningi manna hér á landi er almennt varið, því hann á sér ekki stað yfir höfuð að tala nema um fardagaleytið, eður einmitt 10—20 dögum eptir hjúaskildagann; en ef hér væri jafnframt haft fyrir augum það atvik, að húsbóndinn flytji sig búferlum til útlanda, er að visu getur komið fyrir, en vart nema úr kaupstöðunum, þá fellst þar að hótandi ákvörðun er einmitt gengur út frá 12 mánaða vistarráðunum, í frumvarpsins 9. gr. Að hjú giptist að haustinu til er að visu eigi óalgengt, en sé brúðguminn *búsettur maður*, þá er víst ekkert dæmi til eða þá mjög einstaklegt, að brúðurin sé annars manns vistráðið hjú frá hinum næsta hjúaskildaga á undan, heldur einmitt brúðgumans sjálfs eður foreldra hans; í hinum einstakari eður miklu færri tilfellum verður *annaðhvort*, að húsbóndinn vinnst til þess að sleppa brúðurinni svona á miðju vistarárinu, og er honum það einmitt sjálfum óþast í hag eptir að heyskapartíminn er liðinn, en hinn margfallt arðminni og langi vetrartími fer í hönd, eða að hjónabandinu er frestað þangað til vistarsamningurinn er á enda um næstu krossmessu; en sé sá er giptist að haustinu einhleypur maður án heimilisforstöðu eður annars hjú sjálfur, þá stendur vistarsamningur beggja hjónanna eptir sem áður til hins næsta hjúaskildaga og það hvort sem hin nýju hjón eru samheimilis eður ekki.

En auk þeirra ástæðna, er teknar voru fram fyrir 12 mánaða vistinni á alþingi 1863 (alþ.t. sama ár 1. parti bls. 331—334 og 427—8): að vistarráð til skemmri tíma en 12 mánaða þekkjast ekki hér á landi, hvorki í kaupstöðunum nè til sveita, og eiga sér í raun rætti alls ekki stað yfir höfuð að tala. Að samningur milli húsbónda og manna úr hjúastétt fyrir skemmri tíma, t. d. 1—3 mánuði, er alls ekki skoðaður hér á landi sem vistarsamningur

(Tyendecontract, Tyendeforhold) heldur *vinnusamningur* (Arbeidsleie), að ákvörðunin í 3. gr. frumvarpsins um að sama hjúið megi ráða sig hjá fleirum, t. d. til helminga, þriðjunga o. s. frv. stríðir alls ekki móti réttarvenjunni um 12 mánaða vistina, heldur er einmitt byggð á þessari sömu grundvallarreglu, og að ef ný lagaákvörðun hleypti hær að óþekktri hugmynd og leyfi til *skemmri vistarráða*, yfir höfuð að tala, hlyti sjálfsagt þar af að leiða, að ákvarðanirnar í tilskipun 26. maí 1863 um ólöglega lausamennsku yrðu að miklu leyti þýðingarlausar og valdstjórninni ómögulegt að fylgja þeim fram, þar sem hinn ólöglegi lausamaður gæti þá jafnan skotið því fyrir, að hann væri *vistráðið hjú*, þar sem hann þó að eins væri sléttur og réttur daglaunamaður á þeim og þeim stað, um fárra vikna tíma; auk þessa finnst nefndinni ekki ofaukið að taka fram tvö atriði:

1. 12 mánaða vistarráðin, sem hin almenna reglan, eiga að styðjast bæði við ómuna réttarvenju og fasta og almenna réttar-meðvitund, og jafnframt við hreina og beina nauðsyn, eptir því, sem hær stendur á, og þess vegna útiloka þau hugmyndina um *skemmri vistarráð*, er eigi fá staðizt með neinu móti jafnframt hinnri aðalgrundvallarreglunni. Þessu til sönnunar viljum vér að eins taka fram það dæmi, sem dögum optar kemur fyrir viðs vegar um land, nefnilega að sjálft *hjúið*, sem hefir vistráðið sig til 12 mánaða, getur einmitt á þessu sama tímabili sem vistarsamningurinn gildir, *»ráðið sig«* hjá, 3. og 4. manni um 6—8 vikna tíma, að vísu *ekki sem hjú* eptir hugmynd réttaryenjunnar hær, en þó *til heimilis* hjá hverjum þessara, er þannig fá yfir honum fullan húsbóndarétt, þó að þeir sæu ekki húsbændur hans eptir hugmyndinni um vistarráð og vistarsamninga, því það er eigi nema sá eini, hvers 12 mánaða *hjú* að þessi sami maður er. Þannig er það algengt, að það sæ tekið fram í 12 mánaða vistarsamningum, að hjúið *sjálft* megi *»ráða sig«* í skiprúm hvar sem það vilji, *»ráða sig«* í vinnu að vorinu t. d. í kaupstöðunum, og ráða sig í kaupavinnu um sláttinn hjá einum og sama manni. Það er auðauðsætt, að þessi algenga og hagfellda landsvenja hlýtur ýmist að hverfa og missa alla festu og áreiðanlegleik, en ýmist að koma á hana glundroði, ef ákvörðun væri tekin upp í lögin um skemmri vistarráð en til 12 mánaða og um alveg óákveðinn tíma.

2. Í fátækrareglugjörð 8. jan. 1834, og opn. br. 6. júlí 1848, er framfærisrétturinn til sveitar bundinn við það, að sá sem á

hlut að máli, hafi átt *heimili* í hreppnum um *ákveðinn ára tíma samfleytt*. Hér getur því 12 mánaða vistin ráðið réttum úrslitum hvað hjúin snertir, og er auðvelt einmitt fyrir þessa ákvörðun að komast að rétttri niðurstöðu um það, hvort dvöl hjúsins í hreppnum hafi náð eða ekki náð yfir eins mörg ár, eins og tæð lög gjöra að skilyrði, af því sóknarpresturinn þegar hann tekur sóknarmannatal sitt beggja megin nýársins um leið og hann húsvitjar, getur æfinlega verið viss um að rita hjúid *heimilisfast* þar sem það er vístráðið fyrir það vistarárið frá skildaga (14. maí) árið fyrir til skildaga (14. maí) árið eftir, þó að það sé ekki heima, heldur ráðið hjá 3. manni um sama leyti. En sú trygging og víska, sem hér í er fólgin með tilliti til að geta ákveðið framfærisrétt manns, hlyti alveg að hverfa, eður þá að mestu leyti, ef að ákvörðun um *skemmri* vistarráð væru lögleidd; því þar með yrði prestinum ómögulegt að ákveða og rita þann mann heimilisfastan í sinni sókn, sem ekki fyndist þar á neinum bæ um það leyti sem hann tæki sóknarmannatalið, og sálnaregistrið væri fullgjört, og það enda þótt hjúid væri að öðru leyti mestan hluta ársins í sóknnum hans, en aptur yrði hinn presturinn, þar sem svo vildi til, að hjú væri t. d. mánaðarvist (eftir hugmynd stjórnarinnar) þegar manntalið væri tekið, að skrifa það þar til heimilis í sínum sóknnum, þó að það hefði ýmsar vistir utansóknar alla hina 11 mánuði ársins.

Ennfremur verður nefndin að ráða þinginu til að fallast fremur á 3—6. gr. í þingsfrumvarpinu 1863, heldur en 3—6. gr. í stjórnsrfrumvarpinu, samkvæmt ástæðum þeim og atkvæðafjölda á þingi, er þessar greinir voru samþykktar með í hitt eð fyrra, og með því ekkert er heldur fundið athugavert móti þessum greinum í tæðu álitsskjali lögstjórnarinnar.

Þar á móti verður nefndin að ráða þinginu til að taka til greina athugasemdir stjórnarinnar við 7—9. og 11.—13. greinir alþingisfrumvarpsins 1863. Eins og hið heiðraða þing mun minnst, og sjá má af alþingistiðindunum 1863 (I. part. 328—336 og 404—410) skiptist þingnefndin þá í meiri og minni hluta eður 4: 1, um þessar og fleiri greinir frumvarpsins; vildi meiri hlutinn halda þeim frumvarpsins greinum óbreyttum að mestu, en samt varð upp á á þinginu, að breytingaruppástungur minni hlutans við 7.—9. og 11.—13. gr. nálega hinar sömu, sem þingið aðhylltist 1861, voru samþykktar með að eins litlum atkvæðamun. Nefndinni þykir því eigi þurfa fleiri nè annara röksemda við, til stuðnings

þeirri skoðun sinni að þingið eigi að halda 7. og 8., 11.—13. gr. stjórnarfrumv. alveg óbreyttum, og 9. gr. með þeim breytingum, er síðar segir, heldur en þeirra, sem fólgna eru í ástæðum stjórnarfrumvarpsins 1863 áhrærandi tæðar greinir, í nefndaráliti meira hlutans s. árs, og nú í álitsskjali lögstjórans 12. júní þ. árs.

Aptur verður nefndin að stinga upp á, að þingið samþykki við þenna kafla frumvarpsins breytingar þær, er nú skal greina.

1. Við 9. gr., að hún verði orðuð samkvæmt breytingaruppástungu meiri hlutans 1863, tölulið 27 (alþingist. 1863, I. p. 407) og að í niðurlagi greinarinnar verði við bætt þeirri ákvörðun: »nema því að eins, að hann útvegi því aðra vist jafngóða«.

2. Að milli 9. og 10. gr. stjórnarfrumvarpsins kæmi hin sama nýja gr., sem þingið samþykkti 1863 og byggði á ástæðum þeim, er þá voru teknar fram í álitsskjalinu til konungs (alþt. 1863, I. p. 503—4): »Ef húsbóndi annaðhvort með hótunum« — — »fyrir vistartíma þann, sem um var samið«. Þessi sama grein, var hin 10. í tölunni í hjúalagafrumvarpi stjórnarinnar, er lagt var fyrir þingið 1861, en var felld úr á því þingi, stingur nú nefndin upp á, að hún verði hér 10. gr. og að tölur greinarinnar sem þar eptir koma breytist eptir því.

Að niðurlag 10. gr. frumvarpsins, sem nú verður 11. gr., breytist þannig: »Matarverð karlmanns skal vera eitt hundrað á landsvísu fyrir hverja 12 mánuði, en kvennmanns þriðjung minna«.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem tilfærðar eru í álitsskjali lögstjórnarinnar, er nú kom til þingsins og niðurstöðu þeirri sem meiri hluti þingnefndarinnar 1863 komst að um 19. gr. stjórnarfrumvarpsins er þingið þá felldi, verður nefndin enn að nýju að leggja til, að þingið haldi þessari grein að eins með þeirri litlu breytingu í upphafi hennar sem leiðir af aldurstakmarks breytingunni í 1. gr.: »hjú eru undir húsaga þangað til þau eru orðin 16 ára, o. s. frv«. Grein þessi verður þannig hin 20. í röðinni.

Enn fremur verður nefndin eptir sömu ástæðum að ráða þinginu til, að aðhyllast enn breytingu þá við 24. gr. stjórnarfrumvarpsins, er þingið 1863 samþykkti í 60. tölulið (bls. 413). Sömuleiðis leiðir það af breytingunni, sem stungið er upp á í 10. gr. stjórnarfrumvarpsins hér að framan, að matarverðs ákvörðuninni í 29. gr. verður að víkja við og að orða hana samkvæmt þessu.

Af framanskrifuðum ástæðum verður nefndin að ráða hinu heiðræða alþingi til að rita konungi þegnsamlegt álitsskjal um málið og

biðja hans hátign að gjöra frumvarpið til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi, sem lagt var fyrir alþingið 1863, að lögum með eptirfylgjandi breytingum.

Að 1.—6. gr. frumvarpsins verði þannig orðaðar:

1. Að í stað 1. gr. frumvarpsins komi ný grein þannig orðuð:

»Hver maður, sem er fullra 16 ára að aldri, má að lögum ráða sig hjú, þó með ráði og vilja sóknarprests síns, sè hann ófermdur. Vistarráðum þeirra, sem yngri eru en 16 ára, ráða foreldrar eða aðrir forráðamenn.

2. Að í stað 2. gr. frumvarpsins komi ný grein þannig orðuð:

Engin vistarráð skulu vera bindandi til lengri tíma en 12 mánaða í senn, en gild skulu vistarráð, þótt skemur sè um samið, þó því að eins, að þau standi til næsta hjúaskildaga á eptir.

3. Að í stað 3. gr. frumvarpsins komi ný grein þannig orðuð.

»Heimilt skal hjú, eins og verið hefir, að vista sig hjá tveim eða fleirum til helminga, þriðjunga o. s. frv.

4. Að í stað 4. gr. frumvarpsins komi ný grein þannig orðuð.

»Hinn almenni skildagi vinnuhjúa skal framvegis vera á ári hverju 14. dag maimánaðar, samt skal í hëruðum þeim, þar sem hjúaskildagi nú er haldinn á öðrum tíma árs, fara eptir venju þeirri sem verið hefir, nema berlega hafi verið tekið fram, þegar vistarráðin gjörðust, að skil-daginn skuli vera annar.

5. Að í stað 5. gr. frumvarpsins komi ný grein þannig orðuð:

»Ef hjú ræður sig hjá öðrum manni fyrir jól, þá skulu þau vistarráð ógild, nema húsbóndi eða hjú hafi látið hitt vita, að það eigi vilji endurnýja vistarráðin fyrir næsta ár.

»Ef maður ræður vísitandi annars hjú, þá verður hann um það sekur 5–10 rd.

6. Að í stað 6. gr. komi ný grein þannig orðuð.

»Húsbóndi skal, nema öðruvísi sè um samið, láta sækja vistarráðið hjú sitt í ákveðinn tíma og farangur þess, er ekki nemi meiru en klyfjum á einn hest, og skal húsbóndi ann-

ast þann flutning á sinn kostnað, og ekki láta það rýra um samið kaup.

Ef húsbóndi vitjar ekki hjúsins á réttum tíma, skal hann annast um, að koma því fyrst um sinn fyrir á öðrum stað, og greiða því, auk um samins kaups, allan þann kostnað, sem dvöl þess annarstaðar hefir í för með sér; en hjúi skal skylt að vinna húsbónda allt það gagn, sem það getur á þeim stað, sem það dvelur á um stundarsakir. Vitji húsbóndi ekki hjúsins fyrir þingmárumessu, er hjúið ekki lengur bundið við vistarráðin og varðar það húsbónda eptir 11. gr. Hið sama er og ef hjúið flytur sig sjálft á hann og hann ekki vill veita því viðtöku án löglegra orsaka, og skal hann þá að auki greiða því sanngjarnan ferðakostnað fram og til baka.

7. Við 9. grein.

a, að hinni fyrri málsgrein verði þannig breytt:

»Nú flytur húsbóndinn, eptir að vistarráðin eru gjörð, en áður en vistartíminn byrjar, 3 þingmannaleiðir á landi, eða 5 vikum sjóar lengra burtu frá þeim bústað hans, þar sem hjúið átti að fara í vist, þá er því« o. s. frv.

b, að aptan við greinina sé bætt:

»Nema því að eins, að hann útvegi því aðra vist jafngóða«.

8. Að milli 9. og 10. gr. frumv. komi ný grein (sem þá verður 10. gr.) þannig orðuð:

»Ef húsbóndi annaðhvort með lokkunum, hótunum eður á annan ólöglegan hátt heldur hjúi kyrru í vist hjá sér eptir skildaga, þá skal hann, ef önnur lög ákveða ekki meiri hegningu, eptir því sem málið er lagað, sektast um 2—25 rd. og gjalda skaðabætur fyrir það tjón, sem af þessu hlýzt. Varni hann eður aptri hjúinu frá, að komast í tækan tíma í aðra vist, er það hefir ráðið sig í, og hjúið fyrir þá sök missir af vistinni, þá greiði hann hjúinu allt það kaup, er því var heitið í þeirri vist, er það átti að fara í, og matarverð fyrir vistartíma þann, sem um var samið«.

9. Að niðurlag 10. gr. frumv. (sem nú verður 11. gr.) verði þannig breytt:

»Matarverð karlmanns skal vera eitt hundrað á lands-

vísu fyrir hverja 12 mánuði, en kvennmanns þriðjungi minna.

10. Að upphafi 19. gr. stjórnarfrumvarpsins (sem nú verður hin 20. í tölunni) verði breytt þannig:

»Hjú eru undir húsaga þangað til þau eru orðin 16 ára o. s. frv.«

11. Að 24. gr. 2. málsg. verði þannig breytt:

»Nú flytur húsbóndi samt hjúid burt, þá skal hann sæta sektum eptir 21. gr. (verður 22. gr.) eður og þyngri hegningu eptir öðrum lögum o. s. frv.«

12. Við 29. gr.:

Að eptir »10 álnir« bætist inn í: »ef það er karlmaður, en þriðjungi minna, ef það er kvennmaður«.

Reykjavík 19. ágúst 1865.

Jón Guðmundsson. Halldór Jónsson. Pétur Pétursson.
framsögumaður skrifari formaður

Ásgeir Einarsson. Jón Pálmason.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um endurbót læknaskipunarinnar á Íslandi, m. m.

1. *Benedikt Sveinsson*: Að stofnað verði lækniskennslu embætti í Reykjavík, til aðstoðar landlækninum, með 900 rd. launum, er takist úr læknasjóðnum, og verði það embætti skipað þeim lækni, sem æður sè í því, að þekkja og fást við íslenska sjúkdóma. Fellt með 16 atkv. gegn 7.
2. *Sveinn Skúlason*: Að nýtt kennara-embætti verði, undir eins og hæfur maður fæst í það, stofnað í Reykjavík til aðstoðar landlækninum í kennslunni við læknaskólann, og skuli honum veitast 900 rd. úr læknasjóðnum. Fellt með nafnakalli með 13 atkv. gegn 12.
3. *Björn Pétursson*: Að eptir orðin: »að stofnuð verði« í uppástungu nefndarinnar 1. (í upphafinu nr. 12) verði bætt inn í »hèr á landi«. Samþ. sem orðabreyting.
4. *Benedikt Sveinsson*: Að uppástunga nefndarinnar 1f (um

- lækni fyrir Suðurnes og Gullbringusýslu) verði sett sem vara-uppástunga við uppástunguna um nýtt kennaraembætti í Reykjavík (nr. 1). Fallið.
5. *Sveinn Skúlason*: Að uppástunga nefndarinnar 1f (um lækni fyrir Suðurnes og Keflavík — nr. 12f) verði úr felld. Felld með 16 atkv. gegn 2.
 6. *Sami*: Að aptan af uppástungum nefndarinnar (nr. 12) 1a—e og g verði numin ákvörðunin um bústað læknanna. Samþ. með 18 atkv.
 7. *Benedikt Sveinsson*: Að aptan af uppástungum nefndarinnar 1a—g (nr. 12) falli orðin »og sè«, »og hafi«, »og búi« o. s. frv. til endans. Fallið.
 8. *Björn Pétursson*: Að síðari málsgrein staflaðanna a, b, c, d, e, f, g, sem byrjar með »og«, o. s. frv. falli burt. Fallið.
 9. *Stefán Thordersen*: Að í uppástungum nefndarinnar 1a—g (nr. 12) falli burtu allt það, sem þar er ákveðið um bústað læknanna, en nýrri grein sè bætt inn í á eftir staflað g þannig hljóðandi:
 »Allir þessir læknar skulu skyldir að búa þar sem ákveðið er í veitingarbréfi þeirra, og skal þetta alla jafna tiltekið í veitingarbréfunum«. (Samþykkt af nefndinni). Samþ. með 17 atkv. gegn 1.
 10. *Jón Guðmundsson*: Að í stað »Austur-Skaptafellssýslu« í uppástungu nefndarinnar 1a verði sett: »er nái yfir sveitirnar milli Breiðamerkursands og Mýrdalssands«, og að orðin: »og sè . . . á Papós« falli burt. Felld með 16 atkv. gegn 4.
 11. *Hjálmur Pétursson*: Að í stað orðanna í uppástungu nefndarinnar 1d (nr. 12d) »við Hvítá að sunnanverðu«, verði sett: »fyrir vestan Hvítá í Borgarhreppi, eða neðarlega í Staðholts-tungum«. Fallið við tölul. 6.
 12. *Nefndin* (uppástunga 1a—g):
 Að stofnuð verði 7 ný læknaembætti í þeim sýslum, er nú skal greina:
 a, læknisembætti í Austur-Skaptafellssýslu, og sè læknirinn skyldur að taka sèr aðsetur á Papós. Samþ. með 23 atkv. gegn 1.
 b, læknisembætti í Þingeyjarsýslu, og hafi sá lækni aðsetur á Húsavík. Samþ. með 23 atkv.
 c, læknisembætti í Barðastrandar- og Strandasýslum, og sè

- sá læknir skyldur að búa helzt í Reykhólasveit. Samp. með 23.
- d*, læknisembætti í Borgarfjarðar og Mýrasýslum, og búi sá læknir við Hvítá að sunnanverðu. Samp. með 24 atkv.
- e*, læknisembætti í Árnessýslu, og búi læknirinn á Eyrarbakka. Samp. með 24 atkv.
- f*, læknisembætti fyrir Suðurnes og Gullbringusýslu, og sè læknirinn skyldur að búa í Keflavík. Samp. með 20 atkv. gegn 2.
- g*, læknisembætti í Norður-Múlasýslu og búi sá læknir í Vopnafirði. Samp. með 24 atkv.
13. *a* *Pétur Guðjónsson*, viðauka-atkvæði við uppástungu nefndarinnar (nr. 12*a—g*): Að þessir læknar og allir hinir eldri læknar landsins öðlist rétt til að kaupa sjálfir læknismeðöl frá útlöndum, halda lyfjabúð og fara með meðalasalölu. Samp. með nafnakalli með 14 atkv. gegn 11.
13. *b* *Nefndin* (uppástunga 2):
Að læknar þessir fái sömu laun og hinir aðrir föstu læknar hér á landi, sem og húsaleigustyrk. Fellt með 13 atkv. gegn 9.
14. *Benedikt Sveinsson*: Að læknar þeir, sem skipað verður í þessi embætti, taki sèr bólfestu á þeim stað í sýslu hverri, sem hentastur er eptir héraðsstærð og landslagi (somp. með 20 atkv.), og byrji að minnsta kosti með 3—400 rd. föstum launum. Fellt með 14 atkv. gegn 10.
15. *Jón Guðmundsson*: Að læknar þessir byrji með 400 rd. launum, er hækki um 100 rd. þriðja hvort ár, unz þau hafa náð 800 rd. upphæð. Samp. með 24 atkv.
16. *Nefndin* (uppástunga 3):
Að veitt verði úr ríkissjóði fyrst um sinn, unz fjárhagur landsins er aðskilinn, það er hér til útheimtist. Samp. með 24 atkv.
17. *Stefán Thordersen*: Vara-uppástunga við undanfarandi uppástungu nefndarinnar (nr. 16), samþykkt til vara af nefndinni: »að lánað verði úr ríkissjóði o. s. frv. (áður nefnt fè). Felld með 15 atkv. gegn 6.
18. *Jón Guðmundsson*. Uppástunga í stað 4. uppástungu nefndarinnar (nr. 20): að til eflingar læknakennslu hér á landi,

sem er ákveðin með konungsúrskurði 29. ágúst 1862, verði veitt úr læknaþjóði Íslands: Fellt með 13 atkv. gegn 9.

a, húsaleigustyrkur handa 4 lækna-stúdentum 40 rd. hverjum 160 rd.

b, húsaleigustyrkur fyrir kennslustofu, samt eldivið og ljós 140 —

c, til bókakaupa og verkfæra 200 —

Samtals árlega 500 —

Fellt með 13 atkv. gegn 9.

19. *Sami*, Vara-uppástunga: Að tæðir 500 rd. verði veittir sem skyndilán úr læknaþjóðnum fyrst um sinn í 3 ár, gegn endurgjaldi af landinu á þann hátt, sem alþing 1867 nákvæmar ákveður. Fellt með 13 atkv. gegn 10.

20. *Nefndin* (uppástunga 4):

Að þeir 200 rd. úr hvers amts jafnaðarsjóði, sem samkvæmt konungsúrskurði 12. ágúst 1848 áttu árlega að borgast til kennslu fyrir hina svokölluðu aðstoðarlækna, hér eptir verði árlega lagðir til eflingar læknakennslunnar í Reykjavík. Samp. með 13 atkv. gegn 6.

21. *Stefán Jónsson*, viðauka-atkvæði við uppástungu nefndarinnar (nr. 20): Þó svo, að læknar í hinum ömtunum eigi heimting á þessu fè, ef þeir kenna nokkrum lækna-efnum eða aðstoðarlæknum. Samp. með 12 atkv. gegn 10.

22. *Sighvatur Árnason*: Að 600 rd. verði hér eptir árlega veittir úr læknaþjóðnum til eflingar læknakennslunni í Reykjavík. Tekið aptur.

23. *Arnþjóður Ólafsson*, vara-atkvæði: Ef hið umbeðna fæst eigi, þá sé veittir enn fremur úr spítalasjóðnum 400 rd. til lækna-kennslu fyrst um sinn, og 200 rd. um tvö ár til að kaupa fyrir verkfæri og bækur handa læknakennslunni. Samp. með 13 atkv. gegn 8.

24. *Nefndin* (uppástunga 5):

Að stjórnin, svo fljótt sem auðið er, komi á betra fyrirkomulagi á tekjur læknaþjóðsins, svo þær megi aukast sem mest. Samp. með 22 atkv.

25. *Jón Guðmundsson*: Að fyrir orðin «úr læknaþjóðnum» (nr. 33) verði sett «úr jafnaðarsjóði vesturamtsins». Fellt með 12 atkv. gegn 8.

26. *Benedikt Sveinsson*: Að fyrir orðin: «úr læknaþjóðnum» verði sett: «af þeim 4000 rd., sem ætlaðir eru til óvissra útgjalda á Íslandi». Samp. með 18 atkv.

27. *Ásgeir Einarsson*: Í staðinn fyrir orðin »úr læknaþjóðnum« komi: »af leigum læknaþjóðsins«. Fallið við tölul. 26.
28. *Jón Sigurðsson*: Eptir orðin »100 rd. styrkur« verði sett: »eitt skipti fyrir öll«. Samþ. með 12 atkv. gegn 9.
29. *Arnþjóður Ólafsson*: Eptir orðin: »100 rd. styrkur« verði sett »í tvö ár«. Fallið.
30. *Sami og Jón Pétursson*: Að niðurlag í 6. uppástungu nefndarinnar (nr. 33.) »meðan ei kemur . . . Strandasýslu« verði felld úr. Fallið.
31. *Stefán Thordersen*: Að þessu verði bætt við 4. uppástungu nefndarinnar (nr. 20.): »Að fráskildum 100 rd., er árlega veitist aðstoðarlækni Jóni Guðmundssyni á Hellu í Strandasýslu, meðan hann fæst við lækningar. Fallið.
32. *Ásgeir Einarsson*; Að aðstoðarlækni Jóni Guðmundssyni á Hellu í Strandasýslu verði veittur árlega 100 rd. styrkur úr jafnaðarsjóði vesturamtsins, meðan hann fæst við lækningar, af þeim 200 rd., sem til eru teknir í úrskurði af 12. ágúst 1848, meðan ekki kemur reglulegur læknir í Barðastrandar-sýslu, sem Strandasýslu innbúar gætu náð til. Fallið.
33. *Nefndin* (uppástunga 6):
Að aðstoðarlækni Jóni Guðmundssyni á Hellu í Strandasýslu verði veittir úr læknaþjóðnum 100 rd. styrkur til að halda fram lækningum, meðan ei kemur læknir til Barðastrandar- og Strandasýslu. Fallið.
34. *Ásgeir Einarsson*, vara-uppástunga: Að þessi 100 rd. styrkur veitist af þeim 4000 rd., sem ætlaðir eru til óvissra útgjalda Íslands. Fallið.
35. *Sveinn Nielsson*, viðauka-atkvæði við 6. uppástungu nefndarinnar (nr. 33): Að dannebrogsmanni Þorleifi Þorleifssyni í Bjarnarhöfn verði úr ríkissjóðnum veittir 100 rd. einu sinni fyrir allt í heiðurs skyni. Samþ. með 17 atkv.
36. *Björn Pétursson*, viðauka-atkvæði við sömu uppástungu: Að kandidat Bjarna E. Thorlacius, aðstoðarlækni í Austfirðinga-fjórðungi, verði hér eptir veittur úr ríkissjóði helmingur hinna lögákveðnu læknislauna í Austfirðingafjórðungs-læknisdæmi, meðan hann gegnir því embætti og það eigi verður veitt. Samþ. með 19 atkv. gegn 1.
37. Hvort rita skuli konungi bænarskrá um þau atriði, sem samþykkt eru. Samþ. með 20 atkv.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu: frumvarp til laga um nýtt fyrirkomulag á fjárhagssam-
bandinu millum Íslands og konungsríkisins.

1. *Eiríkur Kúld*: Að alþingi ráði hans hátign konunginum frá, að gjöra frumvarp þetta að lögum í því formi, sem það nú er. Samþ. með nafnakalli með 14 atkv. gegn 11.
2. *Sami*: Að alþingi lýsi því yfir í álitsskjali sinu til konungs, að það með þakklátsemi til hans hátignar, taki á móti því tilboði um algjört fjárforræði fyrir alþing o. s. frv., sem lýsir sér í grundvallarreglunum í frumvarpsins 1.—4. grein. Samþ. með 15 atkv. gegn 10.
Þá fallið allt til tölul. 14 og eptir hann allt fram að 27. tölul.
3. *Nefndin*:
Í fyrstu grein falli burt »frá», og verði því upphaf greinarinnar þannig orðað: »Með þeirri takmörkun, er leiðir af ákvörðuninni í 7. gr. laga þessara, skal lokið starfa þeim o. s. frv.»
4. Frumvarpsins 1. gr. (óbreytt eða með breytingu).
5. *Nefndin*:
Upphaf annarar greinar orðist þannig: »Alþingi tekst á hendur meðferðina, o. s. frv.»
6. *Arnþjótur Ólafsson*: Að fyrir aptan orðin «á hendur» bætist inn í: «með fullu fjárforræði».
7. *Nefndin*:
Við enda 2. gr. frumv. sè bætt þessum orðum: í stjórnarskrá Íslands.
8. Frumvarpsins 2. gr. (óbreytt eða með breytingu).
9. Frumvarpsins 3. og 4. gr. (óbreyttar).
10. Frumvarpsins 5. gr. (óbreytt — *Jón Sigurðsson*: Að 5. gr. falli alveg burt).
11. *Nefndin*:
Í stað sjöttu greinar komi ný grein þannig hljóðandi:
Það skal nákvæmar ákveðið í stjórnarskipunarlögum Íslands, að hve miklu leyti Ísland eigi að bera útgjöld þau, er leiða af stjórn þess í höfnðstaðnum».
12. *Arnþjótur Ólafsson* (viðauka-atkvæði við 6. gr. nefndarinnar

- (staflíð 11), að við niðurlag greinarinnar bætist: «og sè haft sèrstakt tillit til þessara útgjalda í tillaginu».
13. Frumvarpsins 6. gr. (óbreytt eða með breytingu).
 14. *Benedikt Sveinsson*: Að öll breytingaratkvæði við 7. gr. frumvarpsins, sem innibinda í sèr tölu-upphæðir, verði að eins tekin upp í ástæður álitsskjalsins með sínum ástæðum, en ekki gengið sèrskilt til atkvæða um hvert einstakt þeirra. Samþ. með 16 atkv. gegn 7.
 15. *Eiríkur Kúld*: Að alþingi taki fram í álitsskjali sínu til konungs, að tillag það, sem greiða skal til Íslands úr ríkissjóði Dana, verði að minnsta kosti ákveðið til 80,000—90,000 dala árgjalds, eða höfuðstóls þess, er til þess svari.
 16. *Sami* til vara: að upphæðin í 7. gr. frumvarpsins verði ákveðin til 90,000 rd. sem fast árgjald.
 17. *Sveinn Skúlason*: Að tillag Danmerkur til Íslands verði við fjárhagsaðskilnaðinn 120,000 rd., en fari minnkandi árlega um 10,000 rd., unz það er orðið 40,000 rd., sem þá viðhelzt sem fast tillag.
 18. *Jón Sigurðsson*: Að í breytingaruppástungu meira hluta nefndarinnar (staflíð 20) við 7. gr., setjist: «75,000 rd.» fyrir 60,000 rd.
 19. *Halldór Jónsson*: Að 7. gr. frumvarpsins verði þannig orðuð:

»Úr sjóði konungsríkisins skal Íslandi greitt:

 - a, fast árgjald 50,000 rd. eða 4% leiga af 1,250,000 rd. sem út skulu gefin fyrir óuppsegjanleg ríkisskuldabréf.
 - b, í 12 ár 10,000 rd. árlega; þegar sá tími er liðinn fer þetta síðarnefnda árgjald minnkandi um 500 rd. á ári hverju.
 20. *Nefndin*:

Sjöunda grein sè þannig orðuð:

 - a, Meiri hlutinn: »Í 12 ár skulu greiddir til Íslands 60,000 rd. á ári úr sjóði konungs-ríkisins. Þegar sá tími er liðinn, ber að ákveða með lögum að nýju, hve mikið tillag skuli greitt; þó má það eigi minna vera en 50,000 rd. á ári, nema alþingi veiti til þess samþykki sitt; skulu þá útgefin óuppsegjanleg skuldabréf fyrir tillaginu».
 - b, Minni hlutinn: »Í 12 ár skulu greiddir til Íslands 50,000 rd. á ári úr sjóði konungs-ríkisins. Þegar sá tími er liðinn, ber að ákveða með lögum að nýju,

hve mikið tillag skuli greitt; þó má það eigi minna vera en 37,500 rd. á ári, nema alþingi veiti til þess samþykki sitt; skulu þá útgefin óuppsegjanleg skulda-bréf fyrir tillaginu».

21. *Benidikt Sveinsson* (til vara): Að á eftir orðin í 7. gr. frumvarpsins: »með lögum að nýju» bætist: »og eftir samþykki alþingis».
22. Frumvarpsins 7. gr. (óbreytt eða með breytingum).
23. *Arnþjótur Ólafsson*: Að 8. grein orðist þannig: Lög þessi öðlast gildi hér á landi í stjórnarskrá Íslands.
24. *Nefndin*:
Við frumvarpið sè bætt nýrri grein þannig hljóðandi:
»8. grein. Lög þessi öðlast gildi frá sama tíma, sem hin nýju stjórnarskipunarlög Íslands».
25. *Halldór Jónsson* (Viðauka-atkvæði við 8. gr. nr. 24.): »en tillagið eftir 7. gr. reiknast frá 1. apríl 1867».
26. Frumvarpið allt í heild sinni (óbreytt eða með áorðnum breytingum).
27. *Eiríkur Kúld*: Að alþing biðji um, að þjóðfundur verði sem fyrst samankallaður samkvæmt loforði konungs 23. september 1848 og kosningarlögum 28. september 1849, og að fyrir þenna fund verði lagt frumvarp til algjörðrar stjórnarskipunar í heild sinni, sem sè byggt á fyrr nefndum grundvallarreglum 1.—4. grein. Samþ. með 17 atkv. gegn 4.
28. *Arnþjótur Ólafsson*: Að fyrir aptan orðin »hér á landi« í uppástungu meira hlutans (nr. 29) verði bætt inn í: »eftir kosningarlögum 28. septbr. 1849 og samkvæmt konungsbréfi 23. september 1848«. Fallið.
29. *Meiri hluti nefndarinnar* (uppást. II. a):
1. Að hans hátign konungurinn mildilegast vilji kveðja til þjóðfundar hér á landi, svo fljótt sem kringumstæður leyfa, og
2. Að fyrir fund þenna verði lagt frumvarp til nýrra stjórnarskipunarlaga handa Íslandi. Fallið.
30. *Jón Sigurðsson*: Að bætt verði við uppástungu meira hlutans (nr. 2) þessu: »og að á þessum fundi verði fjárhagsskilnaðarmáli Íslands og Danmerkur alveg til lykta ráðið«. Fallið.
31. *Minni hluti nefndarinnar*:
Að frumvarp til nýrra stjórnarskipunarlaga handa Íslandi

verði, svo fljótt sem kringumstæðurnar leyfa, lagt fyrir þing hér á landi. Fallið.

32. *Eiríkur Kúld*: Að alþing biðji hans hátign konunginn að skipa svo fyrir, að stjórn landsins í öllum greinum verði færð í þá stefnu, sem geti bezt undirbúið hina fyrirhuguðu stjórnarþót. Fellt með 10 atkv. gegn 7.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um endurbót landbúnaðarlaganna.

1. *Stefán Thordersen* og *Eiríkur Kúld*: Uppástunga í staðinn fyrir uppástungu nefndarinnar:

Að alþing biðji hans hátign konunginn að skipa svo fyrir, að nefnd manna í landinu sjálfu endurskoði hin íslenzku landbúnaðarlög og undirbúi frumvarp til nýrra landbúnaðarlaga, sem lagt yrði fyrir alþing svo fljótt sem orðið getur. Fellt með 15 atkv. gegn 8.

2. *Halldór Kr. Friðriksson*:

Að alþing allraþegnsamlegast beiðist þess, að hans hátign konungurinn skipi svo fyrir, að fimm manna nefnd sé skipuð í landinu sjálfu, til að endurskoða hin íslenzku landbúnaðarlög, og undirbúa frumvarp til nýrra landbúnaðarlaga, er lagt verði fyrir alþing svo fljótt sem orðið getur. Fallið.

3. *Nefndin* (uppástunga a):

Að alþingi sendi H. H. konunginum enga bænarskrá að þessu sinni um landbúnaðarmálefni. En að það í þess stað velji 7 manna nefnd í þinginu á aðalfundi til að endurskoða hin íslenzku landbúnaðarlög og undirbúa frumvarp til nýrra landbúnaðarlaga. Samþ. með 13 atkv. gegn 7.

4. *Sama* (uppástunga b):

Að þegar málið er nægilega undirbúið af nefndinni, þá taki þingið það á ný til lögskipaðrar meðferðar og riti konungi vorum þegnlega bænarskrá um það í heild sinni. Samþ. með 15 atkv. gegn 6.

5. *Jón Sigurðsson* (breytingaratkvæði við uppástungu nefndarinnar c, nr 6):

Að kosningu nefndarinnar sé þannig hagað, að þrír af nefndarmönnum sé búsettir í Reykjavík eða í grennd við hana, og sé tveir þeirra lögfróðir, en hinir o. s. frv. Samþ. með 13 atkv. gegn 6.

6. *Nefndin* (uppástunga c, óbreytt eða með breytingu):

Að kosningu nefndarinnar sé þannig hagað, að 3 af nefndarmönnum sé lögfróðir, og búsettir í Reykjavík eða í grennd við hana, en hinir 4 séu búsettir sinn í hverjum landsfjórðungi. Samþ. með 14 atkv. gegn 6.

7. *Nefndin* (uppástunga d):

Að erindisbréf nefndarinnar sé samið af forseta þingsins, og tveimur mönnum öðrum, er þingið kys honum til aðstoðar. Felld með nafnakalli með 12 atkv. gegn 6.

ATKVÆÐASKRÁ

í konunglegu álitsmáli um frumvarp til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi.

-
1. *Nefndin*:

Að í stað 1. gr. frumvarpsins komi ný grein þannig orðuð:

»Hver maður, sem er fullra 16 ára að aldri, má að lögum ráða sig hjú, þó með ráði og vilja sóknarprests síns, sé hann ófermdur. Vistarráðum þeirra, sem yngri eru en 16 ára, ráða foreldrar eða aðrir forráðamenn. Samþ. með 19 atkv. gegn 5.

2. Frumvarpsins 1. gr. Fallin.

3. *Nefndin*:

Að í stað 2. gr. frumvarpsins komi ný grein þannig orðuð:

Engin vistarráð skulu vera bindandi til lengri tíma en 12 mánaða í senn, en gild skulu vistarráð, þótt skemur sé um samið, þó því að eins, að þau standi til næsta hjúaskildaga á eptir. Samþ. með 19 atkv. gegn 1.

4. Frumvarpsins 2. gr. Fallin.

5. Frumvarpsins 3. gr. Samþ. með 17 atkv. gegn 1.

6. *Nefndin*:

Að í stað 4. gr. frumvarpsins komi ný grein þannig orðuð.

»Hinn almenni skildagi vinnuhjúa skal framvegis vera á ári hverju 14. dag maímánaðar, samt skal í hèruðum þeim, þar sem hjúaskildagi nú er haldinn á öðrum tíma árs, fara eptir venju þeirri sem verið hefir, nema berlega hafi verið tekið fram, þegar vistarráðin gjörðust, að skildaginn skuli vera annar. Kom ekki til atkvæða því það var sama og 4. gr.

7. Frumvarpsins 4. gr. Samþ. með 17 atkv. gegn 1.

8. *Nefndin*:

Að í stað 5. gr. frumvarpsins komi ný grein þannig orðuð:

»Ef hjú ræður sig hjá öðrum manni fyrir jól, þá skulu þau vistarráð ógild, nema húsbóndi eða hjú hafi látið hitt vita, að það eigi vilji endurnýja vistarráðin fyrir næsta ár.

»Ef maður ræður vísvitandi annars hjú, þá verður hann um það sekur 5-10 rd. Samþ. með 22 atkv.

9. Frumvarpsins 5. gr. Fallin.

10. *Nefndin*:

Að í stað 6. gr. komi ný grein þannig orðuð.

»Húsbóndi skal, nema öðruvísi sé um samið, láta sækja vistarráðið hjú sitt í ákveðinn tíma og farangur þess, er ekki nemi meiru en klyffjum á einn hest, og skal húsbóndi annast þann flutning á sinn kostnað, og ekki láta það rýra um samið kaup.

Ef húsbóndi vitjar ekki hjúsins á réttum tíma, skal hann annast um, að koma því fyrst um sinn fyrir á öðrum stað, og greiða því, auk um samins kaups, allan þann kostnað, sem dvöl þess annarstaðar hefir í för með sér; en hjú skal skylt að vinna húsbónda allt það gagn, sem það getur á þeim stað, sem það dvelur á um stundarsakir. Vitji húsbóndi ekki hjúsins fyrir þingmaríumessu, er hjúíð ekki lengur bundið við vistarráðin og varðar það húsbónda eptir 11. gr. Hið sama er og, ef hjúíð flytur sig sjálft á hann, og hann ekki vill veita því viðtöku án löglegra orsaka, og skal hann þá að auki greiða því sanngjarnan ferðakostnað fram og til baka. Samþ. með 21 atkv.

11. Frumvarpsins 6. gr. Fallin.
12. Frumvarpsins 7. gr. Samþ. með 19 atkv.
13. Frumvarpsins 8. gr. Samþ. með 19 atkv.
14. *Nefndin*:
 - a, að hinni fyrri málsgrein verði þannig breytt:

»Nú flytur húsbóndinn, eptir að vistarráðin eru gjörð, en áður en vistartíminn byrjar, 3 þingmannaleiðir á landi, eða 5 vikum sjóar lengra burtu frá þeim bústað hans, þar sem hjúið átti að fara í vist, þá er því« o. s. frv.
 - b, að aptan við greinina (9. gr. frumv.) sé bætt:

»Nema því að eins, að hann útvegi því aðra vist jafngóða«. Samþ. með 21 atkv.
15. Frumvarpsins 9. gr. (breytt eða óbreytt).
16. *Nefndin*:

Að milli 9. og 10. gr. frumv. komi ný grein (sem þá verður 10. gr.) þannig orðuð:

»Ef húsbóndi annaðhvort með lokkunum, hótunum eður á annan ólöglegan hátt heldur hjúi kyrru í vist hjá sér eptir skildaga, þá skal hann, ef önnur lög ákveða ekki meiri hegningu, eptir því sem málið er lagað, sektast um 2—25 rd. og gjalda skaðabætur fyrir það tjón, sem af þessu hlýzt. Varni hann eður aptri hjúinu frá, að komast í tækan tíma í aðra vist, er það hefir ráðið sig í, og hjúið fyrir þá sök missir af vistinni, þá greiði hann hjúinu allt það kaup, er því var heitið í þeirri vist, er það átti að fara í, og matarverð fyrir vistartíma þann, sem um var samið«. Samþ. með 13 atkv. gegn 8.
17. *Björn Pétursson*: Að orðin »og matarverð« (í fyrri málsgrein 10. greinar frumvarpsins), og öll síðari málsgreinin »matarverð skal« o. s. frv. falli burt. Fellt með 13 atkv. gegn 8.
18. *Nefndin*:

Að niðurlag 10. gr. frumv. (sem nú verður 11. gr.) verði þannig breytt:

»Matarverð karlmanns skal vera eitt hundrað á landsvísu fyrir hverja 12 mánuði, en kvennmanns þriðjungi minna. Samþ. með 20 atkv.
19. Frumvarpsins 10. grein (breytt eða óbreytt). Samþ. með 16 atkv. gegn 1.
20. Frumvarpsins 11. grein. Samþ. með 17 atkv.

21. *Björn Pétursson*: Viðanka-atkvæði til vara við 11. gr. frumvarpsins (ef breytingaratkvæðið við 10. gr. verður fellt), að aptan við greinina bætist:
 »og skaðabætur að auki, eitt hundrað á landsvísu, eður þess ígildi fyrir hverja 12 mánuði, og að tiltölu fyrir skemmri tíma«. Fellt með 11 atkv. gegn 5.
22. Frumvarpsins 12. grein. Samþ. með 19 atkv.
23. Frumvarpsins 13. grein. Samþ. með 19 atkv.
24. Frumvarpsins 14. grein. Samþ. með 19 atkv.
25. Frumvarpsins 15. grein. Samþ. með 19 atkv.
26. Frumvarpsins 16. grein. Samþ. með 19 atkv.
27. Frumvarpsins 17. grein. Samþ. með 19 atkv.
28. *Björn Pétursson*: Að fyrir orðin (í 18. gr. frumvarpsins) »húsbónda sinn« verði sett, »húsbændur sína«, og fyrir orðin »hans hönd« verði sett »þeirra hönd«. Samþ. með 17 atkv.
29. Frumvarpsins 18. grein. Samþ. með 17 atkv.
30. *Nefndin*:
 Að upphafi 19. gr. stjórnarfrumvarpsins (sem nú verður hin 20. í tölunni) verði breytt þannig:
 »Hjú eru undir húsaga þangað til þau eru orðin 16 ára o. s. frv.« Samþ. með 17 atkv.
31. Frumvarpsins 19. grein (óbreytt eða með breytingu). Samþ. með 17 atkv.
32. Frumvarpsins 20. grein. Samþ. með 19 atkv.
33. Frumvarpsins 21. grein. Samþ. með 19 atkv.
34. Frumvarpsins 22. grein. Samþ. með 19 atkv.
35. Frumvarpsins 23. grein. Samþ. með 19 atkv.
36. *Nefndin*:
 Að 24. gr. 2. málsg. verði þannig breytt:
 »Nú flytur húsbóndi samt hjúð burt, þá skal hann sæta sektum eptir 21. gr. (verður 22. gr.) eður og þyngri hegningu eptir öðrum lögum o. s. frv.« Samþ. með 20 atkv.
37. Frumvarpsins 24. grein. Samþ. með 16 atkv.
38. Frumvarpsins 25. grein. Samþ. með 17 atkv.
39. Frumvarpsins 26. grein. Samþ. með 17 atkv.
40. Frumvarpsins 27. grein. Samþ. með 17 atkv.
41. Frumvarpsins 28. grein. Samþ. með 17 atkv.
42. *Nefndin*: (breytingaratkvæði við 29. gr. frumvarpsins)
 Að eptir »10 álnir« bætist inn í: »ef það er karlmaður,

- en þriðjungi minna, ef það er kvennmaður«. Samþ. með 17 atkv.
43. *Sighvatur Árnason*: Að í staðinu fyrir orðin »10 álnum« verði sett »frá 5 til 10 álnum« o. s. frv.« Fallið við 42. tölulið.
44. *Björn Pétursson*: (ef viðauka-atkvæðið við 11. gr. verður eigi samþykkt) að orðin »og matarverði . . . vistarverunnar«, verði úr felld. Fallið við 42. tölulið.
45. Frumvarpsins 29. grein. Samþ. með 16 atkv.
46. Frumvarpsins 30. grein. Samþ. með 16 atkv.
47. *Björn Pétursson*: (ef viðauka-atkvæðið við 11. gr. verður eigi samþykkt) að orðin í 31. gr. frumvarpsins »og matarverð« falli burt. Fallið.
48. Frumvarpsins 31. grein. Samþ. með 17 atkv.
49. Frumvarpsins 32. grein. Samþ. með 17 atkv.
50. Frumvarpsins 33. grein. Samþ. með 17 atkv.
51. Frumvarpið allt í heild sinni (óbreytt eða með áorðnum breytingum). Samþ. með 17 atkv.
52. *Ásgeir Einarsson*: Vilji konungurinn ekki samþykkja hjúlagamálið, eins og það nú kemur frá alþingi, þá biðji þingið, að málinu verði frestað fyrst um sinn. Samþ. með nafnakalli með 15 atkv. gegn 8.

BÆNARSKRÁ

til konungs um að veittur verði fjárstyrkur úr ríkissjóði til að viðhalda kirkjunni á Hólum í Hjaltadal.

Til þings þessa kom bænarskrá frá eiganda Hóla í Hjaltadal, herra prófasti síra Benedikt Vigfússyni. Í bænarskrá þessari biður hann þingið um að taka mál Hóla-dómkirkju til meðferðar, og rita yðar hátign um það þegnlega bænarskrá í sömu stefnu sem bænarskrá hans 12. febr. 1862 hafði fram á farið.

Þingið kaus þriggja manna nefnd í málið, ræddi það síðan á tveim aðalfundum, svo sem lög eru til, og leyfir sèr nú allraþegn-samlegast að skýra yðar hátign frá skoðun sinni á máli þessu.

Þingið varð að álíta, að þótt bænatriði þau, er beiðandi fór fram á, væri á rökum byggð, þá ætti þó betur við að koma með nýja bæn, svo að eigi virtist svo sem höggvið væri ofan í sama farið, með því að bænatriði þessi voru hin sömu sem þau er stóðu í bænarskrá hans dagsettri 12. febr. 1862 til stjórnar yðar hátignar. Þingið var á þeirri skoðun, að Hóla-dómkirkja mundi hafa réttar- og sanngirniskröfur til sjóðs þess, er eignir hennar runnu inn í við sölu Hólastólsjarða árin 1802—5; og með því nú að álitið er eptir hinum síðustu skýrslum um ástand kirkna, að Hólakirkja þurfi bráðrar aðalviðgjörðar við, en sjóður hennar mundi engan veginn hrökkva til þess, þá varð þingið að álíta, að réttast væri að bera þá bæn fram fyrir yðar hátign sem á einn bóginn miðaðist við sanna þörf hinnar fyrr verandi dómkirkju á Hólum til fjárstyrks í viðbót við sjóð hennar og árstekjur bæði til hinna fyrstu aðalviðgjörðar og til sómasamlegs viðurhalds framvegis, en á hinn bóginn styddist á almennri réttar- og sanngirniskröfu kirkjunnar til ríkissjóðsins, fyrir halla þann er hún hefir beðið á sérstökum eignum sínum og árstekjum við opinberar ráðstafanir og Hólajarðasöluna. Fyrir því vildi þingið eigi einskorða bæn sína við þau einstöku bænatriði, er bænarskrá beiðanda nú til þingsins og bænarskrá hans til stjórnar yðar hátignar 12. febr. 1862 batt sig við, heldur láta bæn sína vera í almennari orðatiltækjum, og því í raun rætti yfirgrípsmeiri. Fyrir þessa sök þótti þinginu eigi þörf á að taka það bænatriði fram sérstaklega, er fram kom á þinginu, og eigandi Hóla hafði líka óskað bréflaga, að tekið væri til greina, að yðar hátign mætti þóknast að veita honum gjafsókn til að sækja mál á hendur ríkissjóðnum um hin fornu ítök Hólakirkju, sem undan henni höfðu gengið við sölu stólsgózanna, eður þá gegn handhafendum þessara ítaka. Þar sem beiðandi hafði tekið það svo sterklega fram í bænarskrá sinni til þingsins, að hann væri eigi eigandi Hólakirkju, heldur að eins fjárhaldsmaður hennar, þá hlaut þingið að játa, að allmargt mætti að vísu telja skoðun þessari til gildis í sjálfu sér, en þingið varð og að álíta, að slíkt kæmi eigi þinginu við, því bæði hlýti það að vera beiðandans eigið verk að afsala sér fjárhaldi kirkjunnar og öllum veg og vanda af henni framvegis, og svo mundi vilji hans í því efni fara eptir því, hvort hann fengi mildilega áheyrn hjá yðar hátign eður þá eigi, og hlýti því að bíða síns tíma. Fyrir þessa sök varð þingið á því, að eigi mundi nú eiga við að bera þá bæn fram

að yðar hátign hlutaðist annars svo til, að hið opinbera tæki nú þegar að sér kirkjuna með skróði hennar og portion til allrar umsjónar og viðurhalds framvegis, þótt næsta margir þingmenn styddi bæn þessa.

Af þessum ástæðum leyfir alþingi sér að senda yðar hátign þá allraþegnsamlegustu bænarskrá með beztu meðmælum sínum, samþykkt með 13 atkvæðum gegn 8.

Að yðar hátign mætti þóknast að veita eiganda Hóla um sinn fjárstyrk úr ríkissjóði til aðalviðgjörðar Hólakirkju, eptir skoðunargjörð á henni, sem stiptsyfirvöldin annist um að fram fari, og síðan hæfilegt árgjald til kirkjunnar, er ásamt árstekjum hennar geti nægt til að halda henni sómasamlega uppi, með því lagi og stærð er hún nú hefir.

Reykjavík, 24. ágúst 1865.

Allraþegnsamlegast

Jón Sigurðsson. Arnlfjótur Ólafsson.

ÁLITSSKJAL

til konungs um frumvarp til tilskipunar um laun handa hreppstjór-um á Íslandi.

Fulltrúi yðar hátignar lagði fram á þessu þingi frumvarp til tilskipunar um laun handa hreppstjórum á Íslandi. Alþingi kaus 5 manna nefnd í málið, ræddi það síðan á lögskipaðan hátt, og leyfir sér nú allraþegnsamlegast að kveða upp um það álit sitt á þessa leið.

Alþingi viðurkennir fúslega, að mjög mikil nauðsyn beri til að bæta kjör hreppstjóra; en það getur aptur á mót eigi fallið á, að þeim sé launað af hreppunum nè heldur úr jafnaðarsjóðunum, sem stungið er upp á í frumvarpinu. Alþingi verður að halda fast við þá skoðun, sem það lét í ljósi á síðasta þingi, að hreppstjórar ætti engin lögákveðin laun að fá sem fátækra forstjórar, og er skoðun þessi, hvað hreppstjóra og presta snertir, samkvæm hinum elztu lögum hér á landi, sem alla tíð staðið hafa óbreytt nema hvað konungsúrsk. 21. júlí 1808 undanþág hreppstjóra útsvari til

fátækra, en sem var aptur af tekið með konungsúrsk. 14. apríl 1819. Samkvæmt þessu eru og í hinum yngstu lögum um stjórn bæjarmálefna í kaupstöðunum engin laun ætluð bæjarfulltrúunum. Af þessari skoðun leiðir þegar beinlínis, að þingið getur eigi fall-
 izt á, að hreppstjórunum sèu ákveðin laun úr hreppssjóði; svo verður og þingið að ætla, að það mundi eigi svo óviða verða óþokkasælt og gagnslítið fyrir hreppstjóra að þiggja laun sín úr hreppssjóði, einkum fyrir þá sök, að næsta margir hreppar, einkum sunnan- og vestanlands, eru svo fátækir að hin mestu vandræði eru að geta jafnað niður á menn svo miklu sem sveitabyngslin út-
 heimta, hvað þá heldur meira. Afleiðingin yrði því sú, að hreppstjórar mundu eigi geta fengið af sèr að taka laun sín í hinum örsnauðu hreppum, sem einmitt eru hinir örðugustu, og hlyti því frumvarpið, ef það væri gjört að lögum, að fara á mis við tilgang sinn í reyndinni. Eins getur þingið eigi sèð fært að þyngja megi á jafnaðarsjóðunum, því bæði er gjaldið til þeirra orðið næsta hátt í sjálfu sèr, og svo leggst gjald það því nær alveg á lausafè, sem er hið eina aflafè (productiv capital) allra sveitarmanna, en kemur svo létt niður á sjávarmanninn, með því að lausafjártíund hans er svo mjög lítil í samanburði við hina. Þegar nú þannig tollur þessi er í sjálfu sèr svo gagnstæður tveim hinum helztu skatta-
 reglum, að hann liggur á aflafè og kemur næsta ójafnt niður, þá hlýtur þingið að vera því alveg mótfallið að auka þannig gjöld jafnaðarsjóðanna, því auk annara vandkvæða leiddi það til þess, að sveitabændurnir yrði skyldaðir til að launa hreppstjórum í sjávar-
 hreppunum, að mjög miklum hluta. Þingið verður hins vegar að játa, að það treystir sèr eigi til að finna hvaðan laun eigi að taka handa hreppstjórum, þar eð þingið hefir eigi getað unnið stjórnina til að fallast á uppástungur þess um hvaðan launin skyldi taka; enda verður það og að ætla, að þar eð þetta mál er að vissu leyti einn liður úr sveitastjórnamálinu, að réttast sè, að það bíði þess tíma, að sveitastjórnarmálið verður tekið fyrir í heild sinni.

Af þessum ástæðum leyfir þingið sèr, með 11 atkvæðum gegn 9, allraþegnsamlegast að heiðast þess:

Að máli þessu verði frestað þar til frumvarp til nýrra sveitastjórnalaga verður lagt fram fyrir þingið.

Reykjavík 24. ágúst 1865.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Arnljótur Ólafsson.

ÁLITSSKJAL

til konungs í málinu: Konunglegt, frumvarp til tilskipunar um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

Fulltrúi yðar konunglegu hátignar lagði fyrir þetta þing konunglegt frumvarp til tilskipunar um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi. Þingið kaus 7 manna nefnd til að fluga þetta mál, og voru henni einnig fengnar til álita 8 bænarskrár, er til þingsins komu úr ýmsum hëruðum landsins, viðvíkjandi fjárkláðum, nefnilega 1. úr Suður-Múlasýslu frá fundi á Vallanesi. 2. úr Vestur-Skaptafellssýslu með 141 nöfnum undir. 3. úr Barðastrandarsýslu frá fundi að Kollabúðum. 4. úr Eyjafjarðarsýslu frá sýslufundi á Akureyri. 5. úr Ísafjarðarsýslu frá fundi á Ísafirði. 6. úr Snæfellsnessýslu frá fundi í Stykkishólmi. 7. úr Skagafirði með 75 nöfnum undir og 8. frá fundi í Reykjavík.

Eftir að nú nefndin hefir kveðið upp álit sitt um málið, og þingið síðan rætt það á lögskipaðan hátt á tveim aðalfundum; leyfir þingið sér þegnsamlegast að bera upp fyrir yðar konunglegu hátign álit og tillögur sínar á þá leið, sem nú skal greina.

Bænarskrár þær, sem áður var getið, lúta yfir höfuð að tala að eins að einni af fjárveikjum þeim, sem stjórnarfrumvarpið hljóðar um, sem sè hinum almenna sótnæma fjárkláða, sem nú þegar í 10 ár hefir gengið um suðuramtið og gjört svo mikinn hnekki hinum helzta atvinnuvegi landsbúa, og fara því sumar fram, að fè því, sem enn er veikt eða grunað af þessari veiki, sè eytt eður lógað, sumar því, að það verði læknað, en öruggir verðir settir til að aðgreina það frá hinu heilbrigða og varna útbreiðslu kláðans á þann hátt sem alþingi ræði seinast til 1863.

Það er nú þannig auðsætt, að tæðar bænarskrár eru yfir höfuð takmarkaðra efnis, en hið konunglega frumvarp, og að þær ganga í nokkuð aðra stefnu en það.

En það er á hinn bóginn jafn-auðsætt, að þær eru allar á þeirri grundvallarhugsun þjóðarinnar byggðar, að fjárkláðinn sè hið mesta drep fyrir landslýðinn, og að hin brýnasta nauðsyn því beri til, að útrýma honum hið bráðasta á einn eður annan hátt, og á þessari viðurkenningu er einnig frumvarp stjórnarinnar byggt.

Stjórn yðar hátignar hefir nú hingað til ekki getað fallt á tillögur alþingis um mátann eður meðölin til að útrýma fjárkláð-

anum, sem þó hafa verið byggð á almennum vilja og álitum Íslendinga, og á hinn bóginn hefir stjórninni enn þá ekki heppnast að útrýma fjárkláðanum með þeim hætti, sem hún hefir látið framfylgja. Eftir því sem hingað til hefir gengið með að samrýma skoðun stjórnar yðar hátignar og landsmanna í þessu máli, og einkum með tilliti til, að hún ekki hefir fallið á frumvarp alþingis 1863 óbreytt, án þess þó að önnur lög hafi verið sett í málinu, þá verður þingið að álíta, að verulegar breytingar á frumvarpi því, sem hér um ræðir, mundu að eins verða til þess, að halda málinu enn í hinu sama aðgjörðalitlega og ískyggilega horfi, sem það nú er í, um óákveðinn tíma. En þar sem slíkur dráttur stríðir ekki að eins móti velferð, ósk og áhuga Íslendinga, heldur og á móti þeim vilja stjórnarinnar, sem hún hefir sjálf jafnan haldið fram og hlýtur einnig að liggja til grundvallar fyrir þessu frumvarpi hennar, þá verður þingið að álíta ráðlegast, að fallast á stjórnarfrumvarpið, hvað aðalstefnu þess snertir, í þeirri vissu von og með því örugga trausti, að stjórn yðar hátignar muni leiða þetta velferðarmál landsins, sem hún svo sterklega hefir tekið að sér, bæði fljótt og vel til þeirra lykta, sem landslýðurinn þráir svo mjög og aðalatvinna hans er svo verulega komin undir.

En um leið og þingið þannig ræður til þess, að hið konunglega frumvarp, sem hér liggur fyrir, verði að lögum, ræður þingið einnig þegnsamlega til, að nokkrar breytingar verði gjörðar á hinum einstöku greinum þess, eins og líka þingið hlýtur að taka fram nokkur atriði, sem einkum lúta að því, hvaða skilning þingið verður að hafa á 4. gr. frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eins og þingið fellst á, að hagkvæmt sé að það sé sérstaklega tekið fram í greininni, á hverjum tímum árs hin almenna rannsókn fjárins eigi einkum og sér í lagi að fara fram, þannig verður og þingið að álíta, að nauðsynlegt sé að rannsókn þessi verði gjörð eigi síður á haustdag, en þá kemur úr söfnum, en á vorin, og að vörannsóknin aptur fram fari áður en þá er sleppt úr húsum og undan vetrarhirðingu. Samkvæmt þessu ræður þingið til, að í stað orðanna: »einkum á vorin« komi í greininni: »einkum á haustin, þá þá kemur af afreitt og á vorin fyrri hluta aprílmánaðar«.

Um 3. gr., sbr. 6. gr.

Eins og getið er um í ástæðunum fyririr 6. gr. frumvarpsins, áleit alþingi 1863, að ísjárvert væri að íþyngja að mun jafnaðar-

sjóðum amtanna, með því gjöld þau, sem á þeim hvíla, eru orðin býsna tilfinnanleg á seinni árum fyrir almenning, og ræði því til að leggja kostnaðinn sem mest á eiganda hins sjúka fjár. En eins og tekið er fram í ástæðum stjórnarfrumvarpsins, hefir stjórninni þótt ótíðleglegt, að leggja frekari byrðir á hinn einstaka fjáreiganda en þær, sem leiða af aðskilnaði fjárins, lækningum og annari meðferð, og þessa grundvallarreglu byggir stjórnin á því, að eðlilegast sè, að *allt* það eptirlit, sem haft er eptir tilhlutun hins opinbera og í þess hag, sè borgað úr almennum sjóði. Þingið verður nú samt sem áður að álíta, að uppástunga sú, sem getið er um í ástæðunum fyrir 6. gr. frumvarpsins, að konungsfulltrúinn hafi gjört, sem sè að leggja eptirlitskostnað þann, sem ræðir um í 3. og 6. gr. á *sveitirnar*, muni vera hinn réttasti og hagfelldasti meðalvegur í þessu efni. Þingið getur ekki annað en lagt mikla yfirgnæfandi áherzlu á það atriði, að með þessu móti vinnst það, að kostnaðurinn í fyrsta máta leggst einmitt á sauðfêð, sem eptirlitið er við haft til að varðveita, en ekki á ósamkynja gjaldstofna, og í annan stað er það fyrirsjáanlegt, að eptirlitið með sauðfènu og ástandi þess yfir höfuð, muni verða svo misjafnt í hinum einstöku hreppum landsins, að það yrði miður sanngjarnt að láta þá alla bera jafna byrði, hvað sauðfêð snertir, og að þetta aptur mundi valda því, að innbyrðis keppni og áhugi milli sveitanna í því, að varðveita fêð fyrir næmum sjúkdómum og við hafa yfir höfuð góða hirðingu á því, mundi verða miklum mun sljófari. Á hinn bóginn virðist þinginu, að grundvallarskoðun stjórnarinnar sè með þessu móti alls eigi haggað, hvað hinn einstaka fjáreiganda snertir, er allt sveitarfélagið, sem hann er í, ber byrðina ásamt honum. Að öðru leyti álítur þingið ljósast og eðlilegast, að þessum kostnaði sè jafnað niður eptir sömu reglum sem venja er til um dýratolla í hverri sveit. Þingið athugar enn fremur viðvíkjandi þessari grein, að því virtist orðin: »hæfilega borgun« vera um of óákveðin, og að hagfelldara væri, að til taka þá hæstu borgun sem gjöra mætti ráð fyrir. Samkvæmt þessu ræður þingið til, að eptir orðin »hæfilega borgun« verði sett: »þó ekki yfir 9 mörk um daginn«, og að aptan við greinina bætist svo hljóðandi ákvörðun: »Borgun þessari skal sýslumaður jafna niður á allan sauðfènað í hverjum hreppi, eptir þeim reglum, sem gilda um dýratolla, og kalla hann inn á manntalsþingum ásamt öðrum manntalsþingsgjöldum.

Um 4. grein.

Að vísu ræður nú þingið til, að þessi grein frumvarpsins verði gjörð að lögum eins og hún er, að eins með þeim viðauka að eptir orðin: » aðskilin frá heilbrigðu fè« komi: »og hið allra fyrsta taka það undir lækningu«; en þingið hlýtur jafnframt í fyrsta máta, að taka sterklega fram þá yfirgnæfandi þýðingu, sem það verður að gefa grundvallarreglu frumvarpsins um *strangan aðskilnað á sjúku og heilbrigðu fè*, bæði yfir höfuð að tala í hverri næmri fjárveiki sem er, og sérstaklega viðvíkjandi hinum næma fjárkláða. Eins og eðlilega og óumflýjanlega flýtur af ásigkomulagi Íslands og búnaðarástandi þess, þá verður þingið að lýsa því yfir, að full framkvæmd þessarar grundvallarreglu, hljóti hér eptir, eins og hingað til hefir reyndin á orðið í fjárkláðamálinu, að vera hreint og beint óumflýjanlegt skilyrði fyrir því, að læknaðstefna frumvarpsins komi landi voru að sönnnum og tilætluðum notum, og þá eigi síður fyrir því, að lækningareglan vinni þá hylli og traust meðal alþýðu, sem nauðsyn krefur, eigi lögin að festa þær rætur sem nauðsyn krefur og tilætlazt er bæði með tilliti til fjárkláðans og næmra fjárveikinda yfir höfuð. Þingið þykist nú og mega ráða það af ástæðum stjórnarfrumvarpsins fyrir þessari grein, að þessi grundvallarregla hennar sé þannig að skilja, að allur sá aðskilnaður á sjúku og heilbrigðu fè, sem nauðsynlegur er til þess, eptir eðli þess sjúkdóms, sem í hvert skipti er um að ræða, skuli eiga sér stað eptir því sem bezt hentar eptir kringumstæðunum til framkvæmdar lækningunum og til varnar því, að sýkin fái nokkurt ráðrúm til að útbreiðast eða setja heilbrigt fè í hættu, og sér í lagi álitur þingið það vitaskuld, að hlutaðeigandi yfirvöld fái þannig eptir grein þessari fulla heimild til og lagaskyldu að setja verði millum sjúkra og heilbrigðra sveita, þegar svo á stendur, að heimavöktun einstakra manna er annaðhvort ómöguleg, eða geta ekki verið fulltrygg til að varna samgöngum.

Í annan stað verður þingið að taka það fram viðvíkjandi þessu mikilsumvarandi atriði, sem einmitt hefir hvað mest hvatt þingið til að fallast á stjórnarfrumvarpið, að það álitur sjálfsagt, að reglur þær, sem hinir konunglegu erindsrekar gáfu og auglýstu 1859, sjá hinar almennu reglur hinna konunglegu erindsreka 14. sept. 1859, samanber bréf hinna sömu 22 júní s. á. auglýst með stiptamtsbrèfi 28. sama mánaðar almenningi til eptirbreytni, viðvíkjandi fjárkláðanum standi með öllu óhaggaðar, hvað það atriði snertir,

eptir hve langan tíma fè það skuli álitíð grunlaust og læknað sem fjárláða hefir fengið, eður sanngöngur hefir haft við fè, sem óttast má fyrir, að hafi sýkt það; enda yrði og aðskilnaðurinn á sjúku og heilbrigðu fè alls eigi nægur eða tryggjandi hvorki fyrir lækningarnar sjálfar nè fyrir þá, sem hið heilbrigða fè eiga, nema því að eins, að tímatakmarkið sè ekki sett of þröngt í þessu tilliti, þar sem það á hinn bóginn er einmitt hið öflugasta meðal til að ávinna lækningunum traust meðal almennings, að eigi sè að óttast kláða í því fè, sem lögin eður reglur hins opinbera telja heilbrigt, og hlýtur þingið í þessu efni að taka hið fyllsta tillit til hins almenna og megna ótta og kviðboga, sem alþýðan á Íslandi í heild sinni hefir án afláts borið, og ber enn þann dag í dag fyrir því, að kláðinn útbreiddist víðs vegar út um landið, meðan hann er nokkurstaðar að finna.

Um 7. grein.

Þingið verður eindregið að ráða til, að grein þessari verði breytt þannig, að *allur* sá kostnaður, sem hún ráðgjörir falli á eiganda fjárins, með því hær ræðir um óafþanlegt hirðuleysi eiganda, sem eigi virðist eiga að koma sveitafélaginu eður hinu opinbera til neinnar byrði, og að orðunum í þessari grein: «á kostnað eiganda, og má gjöra fjárnám hjá honum fyrir kostnaðinum» verði þannig breytt: «allan kostnað til þessa borgar eigandi, og má gjöra fjárnám hjá honum fyrir kostnaðinum».

Fyrir utan þær breytingar, sem þingið þannig ræður til að gjörðar verði á hinum einstöku greinum frumvarpsins, virðist því einnig nauðsynlegt og hagfellt, að bætt verði aptan við frumvarpið nýrri grein, sem verður hin 8. gr. í tölunni, og að í henni sè ákveðið, að þriðjungur sektanna eptir 5. og 7. gr. falli til uppljóstrarmanns, hvort sem hann er útansveitar eður innan, en tveir þriðju hlutir til sveitarinnar, þar sem brotið gegn þessum laga-greinum hefir átt sér stað. Þingið verður nefnilega að leggja sérstaklega áherzlu á það, að það sè sem mest trygging fyrir því, að eigi sè dregnar dulur á kláða eður aðrar næmar fjárveikjur, og þó að slík ákvörðun, sem hær um ræðir, sè yfir höfuð að tala, hvað uppljóstrarmenn snertir, alls ekki annmarkalaus, þá virðist þó hitt eiga að ráða meiru, að hær ræðir um það málefni sem allan almenning varðar jafnt, og velferð hans er svo verulega undir komin, enda er og þessi ákvörðun einnig sterk óbeinlínis hvöt til þess, að menn vandi sögusagnir sínar í þessu efni.

Enn fremur verður þingið með tilliti til þess, hve bráð nauðsyn ber til þess, að frumvarp þetta fái sem fyrst lagagildi, og landslýðurinn geti sem fyrst notið þeirra ávaxta, sem fljót og óyggjandi framkvæmd í þessu velferðar- og áhugamáli þjóðarinnar hlýtur að hafa í för með sér, þegnsamlega að beiðast þess, að yðar konunglegu hátign mildilegast mætti þóknast að veita þessu frumvarpi lagagildi þannig, að það komi hingað sem lög til framkvæmda eigi seinna en með fyrstu póstskipsferð á næsta ári.

Það virðist sem sé auðsætt, að eins og þetta frumvarp stjórnarinnar yfirgrípur ekki að eins þá tegund fjárkláðans, sem hefir reynzt svo sótnæm og skaðleg hér á landi, heldur einnig hvers konar önnur sótnæm og skaðleg fjárveikindi yfir höfuð, þá verður þingið að álíta, að það miði eða stefni enda þótt óbeinlínis jafnframt að því, að sigrazt verði á og burtrutt sem flestum þeim hindrunum og annmörkum, sem hvað mest eru og geta verið góðri fjárrækt hér á landi til hnekkis og fyrirstöðu. Að lækningaregla frumvarpsins hafi þetta mikilvæga mið fyrir augum, verður þingið að byggja á, ekki einungis af því, að hinir einstöku menn, er sterkast og stöðugast hafi haldið fram lækningareglunni á móti gagnstæðri skoðun yfirborðsins af landsmönnum, hafa jafnan rættlætt hana með því og talið þann kost hennar mestan, að einmitt lækningarnar hlyti að leiða til betri meðferðar og þrifa á sauðfönu, en þetta aptur til betri fjárræktar og meiri og stöðugri fjárfjölgunar yfir höfuð að tala, heldur hefir og stjórnin sjálf haldið fast við lækningaregluna einmitt frá þessu sama sjónarmiði, að minnsta kosti síðan 1859, eins og meðal annars hin ríflega fjárveiting, er lögstjórnin verkaði að og hafði fram á ríkisdeginum 1859—1860, virðist að hafa verið mest byggð á því, að efla og umbæta fjárræktina með sem almennustum og eindregnustum lækningum. En eins víst og það virðist, að sjálf stjórn konungs vors hafi þá haft þetta mark og mið fyrir augum, og einnig síðan byggt fastheldni sína við lækningarnar á þessari undirstöðu, eins verður hitt auðsætt, að framkvæmdarvaldið hér á landi, hafi misst sjónar á þessu augnamiði stjórnarinnar, eða sjálfsagt mislukkazt svo með ráðstafanir sínar í málinu og í því að verja hinu veitta fê, að þessi hinu augljósi tilgangur hennar til að efla fjárræktina, kom að minnsta kosti ekki öðruvísi í ljós en svo, að hann hlaut að verða mis-skilinn af yfirborði landsmanna (þar sem öll aðalviðleitnin lenti einungis í því að lækna hið kláðasjúka fê, og þó með næsta tví-

sýnum árangri víða, en engar ráðstafanir gjörðar nè neinu af hinu mikla fê varið jafnframt til neins þess er gæti orðið fjárræktinni til bóta eða hrundið henni í betra horf, eigi svo mikið sem í læknuðu sveitunum auk heldur víðar). En að valdstjórninni hér syðra mistókst svona og hefir misheppnast síðan að fá þessum atriðis-tilgangi stjórnarinnar framgang og fullu þýðingu verðum vör einkanlega að eigna það, að lög hefir vantað til þess að styðjast við og fara eptir í þessu sérstaklega máli bæði fyrir yfirvöldin og hina undirgefnu.

En skoði maður nú málið í heild sinni og einnig frá þessu sjónarmiði og byggi lækningaregluna og framfylgi henni eptir haggfelldu *lög-ákvæðnu* fyrirkomulagi, á þessari mikilvægu undirstöðu, þá er það hvorttveggja víst, að engum Íslending kemur til hugar eða hefir nokkurn tíma dottið í hug að neita því, að betrun sauðfjárræktarinnar er eitt af aðal-velferðarmálum Íslands, og heldur ekki hinu, að henni er yfir höfuð að tala næsta ábótavant í mörgum og verulegum greinum.

En er þingið þannig fellst á stjórnarfrumvarpið með áðurgreindum breytingum, hlýtur það að vekja athygli yðar hátignar á því, að það er mjög nauðsynlegt og jafnvel óumflýjanlegt skilyrði fyrir framkvæmd þessara þannig fyrir huguðu laga, að næg fjárlækningameðöl, af hverjum þingið verður að álíta, að hin valzisku baðmeðöl séu hagkvæmust hér á landi, alla jafna fáist í lyfjabúðum landsins og í verzlunarstöðum þess, einkum Suðurlandi, þar sem hinn sóttnæmi fjárkláði hefir ílengst og það með niðursettu verði, á þann hátt sem þingið í annari bæn sinni nú þegnsamlegast hefir farið fram á, því bæði hefir reynslan sýnt, að skortur á baðmeðölum hér á landi, hefir mjög svo tálmað allri framkvæmd í lækningunum, og jafnvel gjört hana stundum ómögulega, og eins er það mjög áriðandi, að baðmeðölin fáist við svo vægu verði sem unnt er, þar sem hér á landi eigi að eins er að ræða um fátæka alþýðu, heldur einnig þá, sem óvön er því yfir höfuð að kosta sérstökum peningum til að baða sauðfænað sinn.

Enn fremur verður þingið að óska þess, að almennar nauðsynlegar ráðstafanir verði gjörðar til þess yfir höfuð að efla dýralæknislega þekkingu hér á landi, og auka og glæða áhuga almennings á ýmsum greinum sauðfjárræktarinnar hér á landi. Það álitur því mjög æskilegt, að fjölgað yrði innlendum dýralæknum, svo að einn yrði að minnsta kosti í amti hverju, og að efnilegum

unglingum yrði veittur fjárstyrkur til að nema dýralækningar erlendis og kynna sér fjármeðferð í þeim löndum, sem líkjast Íslandi, og eins að samin væru og prentuð á opinberan kostnað alþýðleg rit, er lytu að góðri fjárrækt og kynbetrun sauðfjárins.

Af öllum ofangreindum ástæðum leyfir þingið sér þegnsamlegast með 19 atkvæðum gegn 3, að óska þess.

1. Að frumvarpið með breytingum þeim, sem hjálagt fylgiskjal sýnir, verði gjört að lögum.
2. Að frumvarpið komi hingað sem lög til framkvæmda (með 17 atkvæðum gegn 3) eigi seinna en með fyrstu póstskeiðferð á næsta ári (með 12 atkvæðum gegn 5).
3. Að stjórnin hlutist til um, að næg fjárlækningameðöl einkum hin valzisku þaðmeðöl fái á lyfjabúðum með niðurstettu verði, og í verzlunarstöðum landsins. Samþykkt með 20 atkvæðum.
4. Með 18 atkvæðum, að stjórn yðar hátignar, gjöri þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar virðast til að efla dýralækningalega þekkingu hér á landi, einkum með því
a, að fjölga innlendum dýralæknum svo, að minnsta kosti verði einn í hverju amti.
b, að veita efnilegum mönnum fjárstyrk til að nema dýralækningafræði erlendis, og ferðastyrk til að kynna sér fjárræktaraðferðina í þeim löndum, þar sem fjárræktin getur orðið Íslendingum til fyrirmyndar.
5. Að stjórn yðar hátignar gjöri þær ráðstafanir, að samin verði á opinberan kostnað alþýðleg rit, um ýmsar greinir er lúta að góðri fjárrækt og kynbetrun. Samþykkt með 20 atkvæðum.

Reykjavík, 26. ágúst 1865.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Benedikt Sveinsson.

FRUMVARP (Fylgiskjal)

til tilskipunar um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

1. grein.

Lögreglustjórar og hreppstjórar skulu, hver um sig í því umdæmi, sem hann er settur yfir, vandlega gefa gætur að, hvort fjárkláði eður önnur næm fjárveikindi gjöri þar vart við sig. Þeir eiga því, svo opt sem ástæða virðist til þess vera, einkum á haustin þá

fè kemur af afreðt, og á vorin fyrri hluta aprílmánaðar (samb. með 17 atkv. gegn 3), að láta fram fara almenna rannsókn fjáris svo víða sem nauðsynlegt þykir (samb. með 20 atkv.).

2. grein.

Amtmanni skal á hendur falið, eptir uppástungum lögreglustjórans, að kveðja til hæflega menn í hverjum hrepp hreppstjór-um til aðstoðar, bæði í því, að komast að raun um heilbrigðis-ástand fjáris, og eins í því að framkvæma þær ráðstafanir, sem gjöra þarf. Ef slíkir menn ekki fást innanhrepps, má kveðja til þess menn úr öðrum hrepp eður annari sýslu. Aðstoðarmenn þessir og hreppstjórnir eiga tafarlaust að gefa lögreglustjóranum til vitundar, ef eitthvað það kemur fyrir, sem vekur grun um slíkan sjúkdóm, sem í 1. grein er um rætt (samb. með 19 atkv.).

3. grein.

Hreppstjórnir og aðstoðarmenn þeirra skulu, eptir því sem amtmaður gjör ákveður (samb. með 19 atkv. gegn 2), fá hæflega borgun, þó ekki yfir 9 mörk um daginn (samb. með 13 atkv. gegn 6) fyrir störf þau, er þeir eptir áður sögðu eiga að gegna, að því leyti þau hafa í för með sér verkfall og ferðalög frá heimilum þeirra. Borgun þessari skal sýslumaður jafna niður á allan sauð-fænað í hverjum hreppi, eptir þeim reglum, sem gilda um dýra-tolla, og kalla hana inn á manntalsþingum, ásamt öðrum mann-talsþingsgjöldum (samb. mek 19 atkv. gegn 2). (Öll greinin samb. með 20 atkv. gegn 1).

4. grein.

Ef vart verður slíkrar veiki, sem að ofan er um rætt, skulu hreppstjórnir og aðstoðarmenn þeirra sjá um, að hið sjúka fè verði þegar í stað stranglega aðskilið frá heilbrigðu fè, og hið allra-fyrsta taka það undir lækningu (samb. með 14 atkv. gegn 5); svo skal og því fè haldið sér, sem líkindi eru til, að veikindi kunni að dyljast í, unz grunlaust er. Hreppstjóri skal þegar skýra lögreglustjóranum frá því sem gjört hefir verið, og skal þá lögreglustjóri gjöra þær ráðstafanir, sem þörf er á (samb. með 20 atkv.).

5. grein.

Sýni lögreglustjóri, hreppstjóri eður aðstoðarmenn af sér nokkurt hirðuleysi eður vanrækt á þeim skyldum, sem ofangreindar ákvarðanir leggja þeim á herðar, skulu þeir bera af því ábyrgð til sekta eptir úrskurði amtmanns (samb. með 19 atkv.).

6. grein.

Eigandi þess fjár, sem sjúkt er eður grunað, skal skyldur að fara nákvæmlega eptir reglum þeim, sem honum verða fyrirskipaðar um aðskilnað á því, lækningar og aðra meðferð.

Kostnaðinn til þessa borgar eigandi; þar á móti skal kostnað þann, er eptirlitið af hálfu hins opinbera hefir í för með sèr, greiða eptir reglum þeim, er settar eru í 3. grein (samb. með 20 atkv.).

7. grein.

Nú sýnir eigandi annaðvort óhlýðni eður hirðuleysi í því að gegna skyldum þeim, sem á honum hvíla eptir næstu grein á undan, þá skal hann sæta sektum allt að 20 rd., og skal lögreglustjóri láta framkvæma það, sem nauðsyn krefur. Allan kostnað til þessa borgar eigandi, og má gjöra fjárnám hjá honum fyrir kostnaðinum (samb. með 19 atkv.) eptir úrskurði amtmanns. Ef slík atvik eru fyrir hendi, að grunur sè á, að eigandi ætli að skjóta eigum sínum undan fjárnáminu, þá má kyrrsetja þær, eður svo mikið af þeim, sem þarf til að borga með áfallinn kostnað. Ef eigi fæst full borgun, þá skal skjóta til því, sem vantar, úr jafnaðarsjóði amtsins; svo skal og kostnaðurinn greiddur úr þeim sjóði, ef það er efnaleysi eiganda að kenna, að hið opinbera verður að framkvæma þær ráðstafanir, sem þörf er á (samb. með 18 atkv.).

8. grein (ný grein).

Þriðjungur sekta þeirra, sem nefndar eru í 5. og 7. gr. falli til uppljóstrarmanns, hvort sem hann er utanhrepps eður innan, en hinir tveir hlutir til sveitarinnar, þar sem lagabrotið gegn greinum þessum hefir átt sèr stað (samb. með 12 atkv. gegn 10).

BÆNARSKRÁ

til konungs um skyldur svaramanna í hjúskaparmálum.

Til alþingis kom að þessu sinni bænarskrá frá Mýrasýslu með 158 nöfnum undir, hvar í kvartað er yfir of tíðum giptingum ör-eiga og óreglumanna; eru leidd rök að því í bænarskránni, að

þetta leiði með fram af því, að skyldur svaramanna í hjúskaparmálum séu of óákveðnar og þýðingarlitlar.

Þingið kaus þriggja manna nefnd til að íhuga þetta mál og hefir síðan rætt það á lögskipaðan hátt, og leyfir sér nú að lokum að láta í ljósi allraþegnsamlegast álit sitt um það á þessa leið:

Þingið verður að játa, að hinar þríföldu umkvartanir þjóðarinnar í þessu efni, bæði til þessa þings og að undanförnu, séu á yfirgnæfandi ástæðum byggðar, og að ákvarðanirnar í tilskipun frá 30. apríl 1824, um giptingar, séu ónógar til að fullnægja kröfum þessara tíma; dagleg reynsla virðist sanna það, að giptingar óráðsmanna og öreiga, leiða einatt eptir sig eynd og óhamingju fyrir þá sjálfa og fyrir sveitarfélagið, því þegar þeir menn eiga að fara að sjá fyrir konu og börnum, er það tíðast, að þeir komast í þá vandræðastöðu, sem eigi getur heyrt undir neinn þann flokk þjóðfélagsins, sem á lögboðinn hátt getur leitað sér atvinnu; verða svo afleiðingarnar þær, að í stað þess að verða sveitarfélaginu til uppbyggingar, verða þeir því til eyðileggingar og niðurdreps, og geta engum félagsskap eða hússtjórnarskyldum gegnt, hvorki með tilliti til barna-uppheldis né annars, hær að auk eru þau dæmi farin að tíðkast, að menn nota hið of frjálsa giptingarleyfi til að koma sveitarvandræðum af einni sveit á aðra, og hefir þar af leitt óvild og þrætur milli sveitarfélaganna, sem allopt hljóta að koma til úrskurða hlutaðeigandi yfirvalda og stjórnarráðs; þeirri mótbáru hefir verið hreift bæði nú og að undanförnu gegn takmörkun á giptingafrelsinu, að þess konar bönd á mannlegu frelsi séu óeðlileg og ósamboðin hinum rétta tilgangi hjónabandsins; þingið verður að álíta, að mannfrelsið í þessu sem öðru, verði að styðjast við skynsamlega takmörkun, þá takmörkun, sem leiðir af nauðsyn mannfélagsins; það frelsi sem eigi hlýðir þessari nauðsyn, leiðir einmitt eynd og ófrelsi yfir þá, er hlut eiga að máli, og yfir mannfélagið, því afleiðingarnar verða optast þær, að þegar þessir öreigar og óráðsmenn hafa inngengið í hjónabandið, og eiga að fara að sjá fyrir sér og sínum, verða þeir sveitarþurfar, og að því hlýtur að reka, að hjónin skilja en börnin sé tekin á sveitina; þegar svona er komið er frelsið og hin helgu bönd hjónaástariunar og móðurkærleikans slitin á hinn viðkvæmasta hátt, og er það hverju öðru ófrelsi sárara og tilfinnanlegra; en hversu að þessar persónur fullnægi þeim skyldum, sem með hjónabandinu eru þeim á herðar

lagðar, bæði með tilliti til mannfélagsins og uppeldis afkvæma sinna, ætlað þingið að engra útskýringa þurfi við.

Það virðist einnig í öðrum greinum samkvæmt anda löggjafarinnar, að nokkur bönd, meiri en nú eru, væru lögð á giptingar alþýðu, því eins og alkunnugt er, eru ýmsir æðri stéttar menn skyldir til, að gefa eða útvega nokkurs konar ábyrgð fyrir, að þeir sjái sér og sínum eptir siun dag borgið, áður þeir innganga hjónaband, en ef það virðist nauðsynlegt, að þeir menn sem hafa vissa atvinnu og embætti útvegi slíka ábyrgð fyrir fram, þá virðist ekki síður nauðsynlegt, að þeir menn sem engin efni og engan vissan atvinnuveg hafa, séu ekki látnir allskostar sjálfráðir að inn ganga þá mikilvægu og vandasömu hjónabandsstétt.

Þó nú þingið hljóti að viðurkenna, að hina brýnustu nauðsyn beri til að ráða bót á þeim vandkvæðum, sem í þessu efni eiga sér stað, sinnur það þó að hinu leytnu, hið mesta vandhæfi á að stinga upp á þeim takmörkunum á giptingafrelsinu, sem sè hagfelldar, og nái að eins til óreglumanna og ráðleysingja, sjálfsagt auk þeirra, sem áður eru undan skildir, þar eð þeir á stundum hafa um tíma næg efni við að styðjast, og eru álitnir fullveðja að því leyti, en þingið sinnur sér ekki fært að stinga upp á takmörkun á giptingaleyfi neinna þeirra manna, sem hafa næga fjármuni við að styðjast, og hafa óskert mannorð; þess vegna hefir það komizt að þeirri niðurstöðu, að binda giptingaleyfið við lögboðna stöðu og lífvænlegan atvinnuveg, en á hinn bóginn herða nokkuð á skyldum svaranna, þegar svo á stendur, að persónurnar hafa hvorugt þetta við að styðjast.

Þingið álitur að þetta veiti talsvert aðhald, einkum í því að koma í veg fyrir, að blásnauðir óreglumenn nái að hlaupa í hjónaband, og svo líka að það uppörfi hina ráðvandari og reglusamari fátæklinga, til dugnaðar og framsýni, til að komast í tölu þeirra manna sem á lögboðinn hátt geta verið í sjálfráðri stöðu, enda mundu þeir sömu eiga hægt með að fá svaramenn með ábyrgðarskyldu, ef þeim einhverra orsaka vegna væri nauðsynlegt að inn ganga hjónaband áður en þeir væru búnir að afla sér hins tiltekna lífvænlega atvinnuvegs.

Samkvæmt þessu leyfir þingið sér allraþegusamlegast að beiðast þess með 17 atkvæðum gegn 8, að eptirfylgjandi uppástungur verði sem fyrst lögleiddar hér á landi:

1. Auk þess sem fyrir er mælt í tilskipun 30. apríl 1824, um

hjúskaparmál, skulu það hér eptir lög, ef sá er giptast vill, hefir engan lífvænlegan atvinnuveg, þegar um lýsingar er beðið, þá skulu svaramenn ábyrgjast, að engin sveitarþyngsli hljóti af honum eður hans skyldu-ómögum sem eru eða verða kunna þau fyrstu þrjú ár frá næstu fardögum eptir giptinguna í þeim hreppi hvar hann á eður öðlast framfærissrætt á því tímabili, samþ. með 17 atkv. gegn 2.

2. Það er að minnsta kosti lífvænlegur atvinnuvegur:
 - a, í sveit, að maðurinn eigi eða hafi í eignarhaldi, tvö mál-nytukúgildi og aðra búshluti að þessu skapi og hafi jarð-næði til ábúðar í þrjú ár, sem fóðri að minnsta kosti þrjú kúgildi og tvö hross.
 - b, í verstöðum eða við sjávarsíðuna, skal maðurinn hafa að minnsta kosti búð með tilhlýðilegum vergögnum leigða í þrjú ár, og taki tvo hluti af sjó.
 - c, ef maðurinn er handverks- eður daglaunamaður, þá sanni hann með skilríkjum er til verða tekin í 4. grein, að hann eigi eða hafi í þrjú ár jafn-álitlegan hjargræðis- eður atvinnuveg, og taldir eru undir a og b hér að framan, samþ. með 16 atkv. gegn 6.
3. Hver sá, er giptast vill og, og hefir einhvern af þeim í næstu grein, áskildu hjargræðis- eður atvinnuvegum, er ekki skyldur að útvega sér þriggja ára ábyrgðina hjá svaramönnum, samþ. með 17 atkv.
4. Nú er vafasamt, hvort sá er giptast vill, hefir nokkurn af þeim í 2. grein áskildu atvinnuvegum, þá skal hreppstjóri í þeirri sveit með tveim skilríkum bændum fullveðja, vera skyldur að gefa prestinum vottorð um, hvort maðurinn þurfi þriggja ára ábyrgðina eður eigi, og má, þegar þessa vottorðs þarf með, hreppstjórinn ekki vera svaramaður, samþ. með 16 atkv. gegn 1.
5. Prestur má ekki byrja á lýsingum fyrr en hann hefir fengið í hendur á skrifuðu og innsigluðu skjali, játningu svaramanna á skyldum þeirra, líka þriggja ára ábyrgðina, ef hennar þarf, svo og vottorð hreppstjóra ef þess þarf; allra þessara skilríkja skal getið í embættisbók prestsins, samþ. með 16 atkv.
6. Ef nokkur þykist hafa orsök að átelja, að hreppstjóri eður svaramenn hafi ei gætt skyldu sinnar, samkvæmt lögum þessum, þá er prestur skyldur að gefa þeim er átelur útskrift af

embættisbókinni um hjónabandið. Virðist rættaranum, er málið er á talið fyrir honum, að lagabrot hafi átt sér stað við giptinguna, meðhöndlist málið sem opinbert lögreglumál; leiðist þá í ljós að nokkur af hlutaðeigendum hafi gjört sig sekan í afbrigði þessara laga, þá sektist hann frá 10—50 rd. eptir málavöxtum auk málskostnaðar, nema brotið sé þess eðlis, að meiri hegningu varði eptir öðrum lögum, þá dæmist eptir þeim, samþ. með 15 atkv.

7. Allar sektir út af afbrigði þessara laga, tilfalli fátækra sjóði í þeim hreppi hvar giptingin fram fór, samþ. með 17 atkv.

Reykjavík, 25. ágúst 1865.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Hjálmur Pétursson.

ÁLITSSKJAL

til konungs í málinu: konunglegt frumvarp til laga um nýtt fyrirkomulag á fjárhagssambandinum millum Íslands og konungsríkisins.

Fulltrúi yðar konunglegu hátignar lagði eptir allrahæstu boði yðru fyrir þetta þing til ihugunar og álita frumvarp til laga um nýtt fyrirkomulag á fjárhagssambandinu millum Íslands og konungsríkisins.

Þingið kaus 7 manna nefnd til að fluga mál þetta og kveða upp um það álit sitt fyrir þinginu, ræddi það síðan á lögboðinn hátt á tveimur aðalfundum, og leyfir sér nú allraþegnsamlegast að kveða upp álit sitt um málið, svo sem nú skal greina:

Það gat eigi annað en fengið alþingi mikillar gleði, er það sá, að frumvarp það, er lagt var fyrir þingið, átti við þær grundvallarreglur að styðjast, sem stjórnarbot sú og sjálfsforræði, sem Íslendingar hafa svo lengi þráð, verður á að byggjast, til þess að þeir geti staðið jafnfætis samþegnum sínum í konungsríkinu, og alþingið verður að lýsa því yfir fyrir yðar hátign, að það með mestu þakklátsemi tekur á móti því boði um fjárforræði, sem lýsir sér í grundvallarreglunum í frumvarpsins 1.—4. gr. En þá er þingið tók málið til ihugunar og umræðu, varð meiri hluti þings-

ins þó að líta svo á, sem þingið gæti eigi fallizt á frumvarp þetta í heild sinni í því formi, sem það lá nú fyrir, og leyfir sér allraþegnsamlegast, að bera fram ástæður sínar fyrir þessari skoðun sinni.

Frumvarp þetta ber það með sér, eins og líka sagt er í ástæðunum fyrir því, að það er ætlað til að verða lagt fyrir ríkisþingið í Danmörku á eftir, og alþingi er einungis ætlað, að segja álit sitt um það fyrir fram, er það þá einkum þau tvö atriði, sem til greina koma, annað um það, að ríkisþingið í Danmörku afsali sér því atkvæði, sem það hefir hingað til haft um fjárhagsmál þau, sem snerta Ísland, og hitt um það, hversu mikið fé ríkissjóðurinn skuli greiða Íslandi á ári hverju. Að því er hið fyrra atriðið snertir, þá er það að vísu svo, að ríkisþingið hefir nú atkvæði um fjármál Íslands, en því atkvæði virðist þinginu svo háttlað, að óþarft sé að búa til lög um breyting á því, eða að ríkisþingið með lögum þurfi að afsala sér þessu atkvæði, sem stjórnin hefir fengið því, og það hefir haft í þessu efni án nokkurra laga, og það virðist svo, sem stjórnin geti án þess komið sér saman við ríkisþingið um það efni, svo að það láti þessi fjárráð af hendi, og að minnsta kosti eigi alþingi ekkert atkvæði á það að leggja, á hvern hátt stjórnin komi þessu atriði fyrir. Auk þess er þess sérstaklega að gæta, að í 5. grein frumvarpsins er stungið upp á þeirri ákvörðun, að eptirlaun islenzkra embættismanna skuli framvegis verða greidd úr ríkissjóði, enda þótt þau séu beint ein af útgjöldum landsins, og virðist þar í felast, að ríkisþingið eigi þó að hafa, að minnsta kosti fyrst um sinn, hönd í bagga um fjárforræði vort, og það þar með skert að nokkru. Meiri hluti þingsins gat eigi séð, að alþingið gæti lagt neitt atkvæði á þetta fjárskilnaðarmál, nema í sambandi við stjórnarskipunarmál landsins í heild sinni, enda hafa þessi tvö mál ávallt áður verið skoðuð svo nákvæmlega sameinuð frá Íslands hálfu, að þau yrðu eigi sundur greind, og auðsætt virðist, að fjármálið verður að nokkru að lagast eftir því, hversu stjórnarskipun þessa lands verður fyrir komið, og það einmitt þegar sú skoðun er lögð til grundvallar, sem gjört er í frumvarpinu, þ. e. ástandið sem er. Í 6. grein frumvarpsins er og svo ráð fyrir gjört, að kostnaður sá, sem leiðir af stjórn landsins í Kaupmannahöfn, skuli fyrst um sinn greiddur úr ríkissjóði, en í því er fólgin óvissa um, bæði hversu þessari stjórn verður hagað, og einnig, hvort þann kostnað skuli ávallt greiða úr ríkissjóði, eða hvort hann muni síðar leggjast á

landið, án þess þó að árgjaldið úr ríkissjóð hækki að því skapi. Af öllu þessu leiðir fyllstu óvissu um, hvenær og hvernig stjórnsýsla-
 arþótarmáli voru muni lúka, eins og líka af því, að í sjálfu frum-
 varpinu er árgjald ríkissjóðsins til Íslands að eins ákveðið um ein
 12 ár, þótt ríkisþingið legði samþykki sitt á það, sem og er óvíst;
 en að þeim 12 árum liðnum er ekkert sagt, og engin vísan fengin
 um, hversu fara muni, heldur vísað til nýrra samninga. Öll þessi
 óvissa þótti meiri hluta þingsins svo mikilsverð, að næsta ísjárvert
 væri fyrir þingið, að ganga að þessu frumvarpi svona löguðu, eða
 ráða til, að það yrði að lögum.

Að því er hitt annað atriði snertir, hversu mikið árgjaldið
 skyldi vera, játar meiri hluti þingsins það reyndar, að ríkisþingið
 verður að hafa atkvæði um árgjaldsupphæðina, þar sem það hefir
 fjárhagsráð Danmerkur, en alþingi sá sér eigi fært, eins og áður
 er sagt, að kveða á um neina upphæð, meðan það ekkert vissi
 nákvæmar, en þetta frumvarp skýrir, um það, hversu stjórnarskip-
 uninni yrði fyrir komið, og ekkert frumvarp lægi fyrir um það,
 enda kom það fram í umræðunum, að stjórnarskipunarmálið yrði
 jafnvel að ganga á undan, áður en árgjaldið úr ríkissjóðnum yrði
 ákveðið. En um það var allur þorri þingmanna samdóma, að
 upphæð sú, sem til væri tekin í 7. gr. frumvarpsins, væri of lág,
 og Ísland gæti eigi sloppið með það árgjald, auk þess sem landið
 sjálft gæti lagt fram, ef það ætti nokkrum framförum að geta tekið;
 en það voru mjög sundurleitar skoðanir um það á þinginu, hversu
 mikið árgjaldið ætti að vera, og jafnvel nefnd sú, sem sett var til
 að ihuga málið, var á nokkuð ólíkri skoðun um það. Nefndin
 gekk út frá þeirri skoðun, sem fyrsta deild nefndar þeirrar, er
 skipuð var í Kaupmannahöfn 1861 eftir boði hins háseða fyrirrenn-
 ara yðar hátignar, lagði til grundvallar fyrir áliti sínu, þeirri, að
 nú gengju 29,500 rd. úr ríkissjóði til Íslands, en með því móti
 komst minni hlutinn að þeirri niðurstöðu, að árgjaldið yrði að
 vera 50,000 rd. um hin næstu 12 ár, og eftir þann tíma mætti
 það eigi minna verða en 37,500 rd.; því að það væri tillagið úr
 ríkissjóð nú orðið, þar sem við hina áður greindu 29,500 rd. yrði
 að bæta launahækkun embættismanna eftir lögum 19. janúar 1863
 að meðaltölu með skrifstofufé 5,370 rd.
 16 ölmusur, 1600 rd., laun bæjarfógeta á Akureyri 200

Flyt 5,370 rd.

	Fluttur 5,370 rd.
rd., og styrktarfè handa uppgjafaprestum og presta-ekkj-	
um 500 rd.	2,300 —
	til samans 7,670 —
og yrði þá hið fasta tillag	37,170 —
og vildi svo láta hækka það, svo það yrði	37,500 —
en lausatillagið hið sama sem fyrsta deild fjárhagsnefnd-	
arinnar í Kaupmannahöfn stakk upp á	12,500 —
	samtals 50,000 —

Einn í minni hluta nefndarinnar hafði þó til vara stungið upp á því, að 7. grein frumvarpsins yrði samþykkt með þeim viðauka, að eptir orðin: »með lögum að nýju« bætist »og með samþykki alþingis«.

Meiri hluti nefndarinnar aptur á móti ætlaði víst, að árgjaldið um hin næstu 12 ár mætti eigi minna vera en 60,000 rd., og eptir þann tíma eigi minna en 50,000 rd., því að við þau gjöld, sem minni hlutinn hafði talið, vildi hann bæta:

hækkun eptirlauna	4,500 rd.
styrk til opinberra bygginga	5,000 —
til launabóta eptir kornverði	3,000 —
	til samans 12,500 —

Auk þessa taldi meiri hlutinn það næsta sanngjart, að bæta við þetta fasta tillag nokkru fè til hinnar fyrirhuguðu stjórnarbótar, og auk þess væri það athugandi, að ríkissjóðurinn mundi við fjárhagsaðskilnaðinn losast við æ hækkandi tillag til Íslands, en hvorttveggja þetta vildi hann láta lenda í hinu lausa tillagi, og mætti þá ákveða það til 10,000 rd.; en þetta lausa tillag vildi þó einn nefndarmanna síðar hækka upp í 25,000 rd., því að enn væri eigi allt talið, sem nauðsyn bæri til að bæta. Frá öðrum þingmönnum komu fram tvær uppástungur um upphæð árgjaldsins, önnur sú, að árgjaldið skyldi vera upphaflega 120,000 rd., en minnka árlega um 10,000 rd. unz það væri orðið að eins 40,000 rd., og lá sú skoðun til grundvallar fyrir þeirri uppástungu, að hið fasta tillag skyldi vera sem næst því, sem minni hluti þingnefndarinnar hafði upp á stungið; en sökum ástands landsins væri nauðsyn á, að Íslendingar fengju nokkurt fè til muna til umráða fyrst um sinn, þangað til þeir hafa aukið tekjur sínar svo, að þeir gætu komið ýmsu í lag, sem nauðsyn ber til. Hin uppástungan var sú, að árgjaldið skyldi vera fast ákveðið þegar í upphafi, og mætti það

eigi minna vera en 80—90,000 rd., en ástæðurnar fyrir þessari uppástungu voru þær, að þótt lítið væri að eins til þeirra útgjalda til Íslands, sem nú lægju á ríkissjóðnum, þá yrðu þessi gjöld ávallt að fara vaxandi, bæði sökum þess, að peningar rýrnðu ávallt í verði móti öðrum varningi, og eins heimtuðu þær stofnanir, sem nú væru í landinu ævaxandi kostnað, og þótt eigi væri lítið á lengri tíma en hin síðustu 50 ár, þá hefði kostnaðurinn við þessar stofnanir aukizt á þeim tíma að minnsta kosti um fullan þriðjung, og sama væri um silfurverðið, að það hefði rýrnað um allan þriðjung, mætti því með mestu líkindum gjöra ráð fyrir, að eins mundi fara um hin næstu 50 ár, og væri því sú krafa mjög svo sanngjörn, að hið fasta árgjald væri ákveðið þriðjungi hærra, en það fæ er, sem ríkissjóðurinn leggur nú til Íslands, en ef það nú væri 50,000 rd., mætti árgjaldið framvegis eigi minna vera en 75,000 rd., en auk þess virtist mesta sanngirni mæla með því, að þar sem ástand landsins er komið í það horf, sem það er, eignir landsins seldar og andvirðið runnið inn í ríkissjóðinn, að ríkissjóðurinn styrkti landið til að koma á fót hinni fyrirhuguðu stjórnarbót, og greiddi því á ári í því skyni svo sem 10,000 rd.

En þótt meiri hluti þingsins eigi treystist til, að kveða upp með neina tiltekna upphæð á árgjaldinu, treystir hann þó því, að yðar konunglega hátign muni af ráðvísi yðvarri geta fengið samþykki ríkisþingsins til þess, að Íslendingar fái hæfilegt árgjald úr ríkissjóði, sem lagt verði til grundvallar í frumvarpi því til stjórnarskipunar Íslands, sem lagt yrði fyrir fulltrúaping Íslendinga síðar meir.

Þegar um stjórnarskipunarmálið er að ræða, verður alþingið enn að líta svo á, sem heityrði hins há sæla fyrirrennara yðar hátignar 23. sept. 1848 standi enn óefnt, enn óhaggað, að mál þetta skuli verða lagt fyrir sèrstakan fund í landinu sjálfu, og þá sjálfsagt þann fund, er bæði sè fjölmennari og hafi fyllra atkvæði en alþingi hefir, því að það verður að álitu meiri hlutans að vera hið fyrsta stig til þess, að Íslendingar sæti jafurètti við samþegna vora í konungsríkinu, og þingið treystir í fyllsta máta rèttvísi yðar hátignar í því, að stjórnarskipunarmál vort verði lagt fyrir slíkt þing, þar sem Íslendingar geti með jafnaðaratkvæði við ríkisþingið rætt fjárskilnaðarmálið, eins og hvern annan hluta stjórnarskipunarinnar. Með því einu móti geta menn sagt, að Íslendingar njóti jafnrèttis við samþegna vora í Danmörku.

Minni hluti þingsins (Arnþjóttur Ólafsson, Benedikt Sveinsson, Bergur Thorberg, Jón Guðmundsson, Jón Þétursson, Jón Sigurðsson frá Gautlöndum, Þétur Guðjónsson, Þétur Þétursson, Sveinn Nielsson og Sveinn Skúlason) leyfir sér samkvæmt rétti þeim, sem 61. grein alþingistilskipunarinnar veitir til þess, allraþegnsamlegast að lýsa því yfir fyrir yðar hátign, að hann eigi getur fallið á þau úrslit, sem málefni þetta hefir fengið hér á þinginu að því er snertir frumvarp það um nýtt fyrirkomulag á fjárhagssambandinu milli Íslands og Danmerkur, er yðar hátign lét bera undir álit þingsins, og verður að álíta þá skoðun skakka, er ráðið hefir þessum úrslitum. Minni hlutinn verður að álíta þann veg, er yðar hátign hefir valið, til að hrinda máli þessu áfram, eðlilegan og nauðsynlegan til að undirbúa bæði afskipti hins danska ríkisþings af fjárhagsaðskilnaðinum og hið endilega fyrirkomulag hans og framkvæmd í sambandi við þá hina nýju stjórnarskipun, er yðar hátign hefir fyrirhugað Íslandi. Nefnd sú er þingið skipaði til að íhuga málið, reði þinginu til að fallast á frumvarpið, með sem minnstum breytingum, og að þessu lutu þær uppástungur nefndarinnar um breytingar við 7. grein frumvarpsins, sem getið er um hér að framan; í álitsskjali nefndarinnar, er hún samdi eptir langa og ítarlega yfirvegun málsins, er ekki heldur hreift hinum minnsta efa um, að þingið ætti að aðhyllast frumvarpið á þenna hátt. Minni hlutinn getur nú að vísu ekki sýnt óyggjandi fram á, hvernig atkvæði hefðu fallið á þinginu um hinar einstöku greinir frumvarpsins, og um uppástungur nefndarinnar viðvikjandi þeim, með því að þær uppástungur eins þingmanns stóðu fremst á atkvæðaskránni, og fengu meiri hluta atkvæða, sem lutu að því, að ráða yðar hátign frá að frumvarpið „í því formi sem það nú er“, verði gjört að lögum, og með því svo var álitid, þegar þessi uppástunga hafði hlotið meiri hluta atkvæða, þó að vísu eigi munaði nema 3 atkvæðum, að hinar einstöku greinir frumvarpsins væru fallnar við þessa atkvæðagreiðslu og sömuleiðis breytingar- og viðauka-uppástungur nefndarinnar og einstakra þingmanna við þær. En minni hlutinn verður allraþegnsamlegast að lýsa þeirri skoðun sinni yfir fyrir yðar hátign, að þingið hefði átt að fara í sömu stefnu og nefndin, og því segja þegnlegt álit sitt um frumvarpið í heild sinni og hinar einstöku greinir þess, og að eins gjöra á því þær breytingar, er þingið hlaut að álíta nauðsynlegar og eðlilegar til þess að málið gæti náð sínum fyrr greinda tilgangi, og er minni hlutinn þess

fullviss, að yðar hátign mildilegast munduð hafa litið á þær breytingaruppástungur þingsins og tekið þær til greina, að því leyti yðar hátign gæti fundið að þær væru á rökum byggðar.

Minni hlutinn, sem ekki á kost á eptir þeim úrslitum sem málið hefir hlotið, að segja álit sitt, sem minni hluti þings, um hinar einstöku ákvarðanir frumvarpsins, leyfir sèr að endingu að bera þá þegnlegu ósk og von sína upp fyrir yðar hátign, að vísdomi yðrum muni takast að sjá ráð til þess, að þau afdrif sem þetta áhugamál þjóðarinnar hefir fengið hær á þingi, hamli eigi eðlilegum framgangi þess, og að greiða framvegis fyrir því til heillavænlegra úrslita fyrir land og lýð.

Samkvæmt því, sem þegar er sagt, leyfir meiri hluti þingsins sèr allraþegnsamlegast að beiðast þess :

1. Með 14 atkvæðum gegn 11, að frumvarp þetta verði eigi gjört að lögum í því formi, sem það nú er.
2. Með 17 atkvæðum gegn 4, að þjóðfundur verði sem fyrst saman kallaður samkvæmt loforði konungs 23. september 1848, og kosningarlögum 28. september 1849, og að fyrir þennan fund verði lagt frumvarp til algjörðrar stjórnarskipunar í heild sinni, sem sè byggt á fyrr nefndum grundvallarreglum í 1.—4. gr.

Reykjavík 26. ágúst 1865.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Halldór Kr. Friðriksson.

ÁLITSSKJAL

til konungs: áhrærandi frumvarp það til laga um vinnuhjú á Íslandi, sem lagt var fyrir alþing 1863.

Fulltrúi yðar hátignar á þessu alþingi lagði fyrir þingið 18. f. mán., bréf lögstjórans frá 12. júní þ. á., um tillögur og breytingaruppástungur alþingis 1863, við frumvarp það til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi, er stjórnin lagði þá fyrir alþingi. Segir svo í þessu bréfi lögstjórans, að yðar hátign hafi þóknast, að leggja svo

fyrir með allrahæstum úrskurði yðrum 9. s. mánu., að leita skyldi að nýju álits þessa alþingis um málið.

Eptir fyrirætlum konungsfulltrúans, sem hér á voru byggð, tók þingið nú málið til lögskipaðrar meðferðar af nýju, kaus í það 5 manna nefnd, er tók til nákvæmrar yfirvegunar og lagði niður fyrir sér ástæðurnar í bréfinu 12. júní þ. á., og hinar fyrri ástæður stjórnarfrumvarpsins ásamt ástæðum alþingis 1863.

Þingið ræddi málið síðan á 2 aðalfundum, og leyfir sér nú að bera upp um það þegnglegt álit sitt og tillögur á þessa leið:

Við 1. grein.

Þingið hefir enn yfirvegað nákvæmlega allt sem fram er komið fyrr og síðar, með og móti þeim aldurstakmörkum, 16 ára og 18 ára aldrinum, er stjórnina og þingið hefir greint á um frá upphafi þessa máls. Í bréfi lögstjórnarinnar 12. júní þ. á., sýnist 16 ára aldurstakmarkið að vera skoðað sem nokkurs konar *ný* uppástunga, sem gjöri breytingu á þar að lütandi ákvörðunum og réttarvenju, er hér á landi hafi gilt að undan förnu í þeim efnum sem hér ræðir um, og virðist þessi hin sama skoðun, að hafa komið fram í hinum undan gengnu ástæðum stjórnarinnar. En þvert í móti: einmitt 18 ára aldurstakmarkið er *ný* uppástunga, eins og þegar var tekið fram af hjúlaganefndinni 1859, og sýnt var fram á í ástæðum alþingis bæði 1861 og 1863 (alþingistið. 1861, 1777—8 bls. og alþingistið. 1863, 329—31 og 494—96 bls.), og stefnir þessi frumvarps uppástunga einmitt að því, ef ekki að brjóta niður, þá samt að því, að gjöra yfrið þýðingarmikla breytingu *bæði* á ýmsum grundvallarreglum íslenskra laga og réttar, sem lúta að, 16 ára aldurstakmarki persónulegs frelsis, á ýmsum lagaákvörðunum seinni tímanna, hvar á meðal einkum má færa til dæmis 6. grein í fátækrareglugjörðinni 8. jan. 1834, opið bréf 6. júlí 1848 og tilskipun 30. apríl 1824 § 3, 1. tölulið og á almennri og fastri réttarvenju og réttarmeðvitund landsmanna. Aldurstakmarkið fyrir því, *að fermði maðurinn eða konan fái sjálf full ráð yfir persónu sinni*, án þess að vera í þeim efnum beinlínis háður aptrandi umráðum og atkvæði annara, er nefnilega eptir íslenskum lögum og rétti sannarlega eins ákveðið og þýðingarmikið aldurstakmark eins og hin tvö: sakalögaldurinn, bundinn við full 15 ár og aldurstakmarkið fyrir fjárforræðinu bundið við full 18 ár; og þar sem fulltrúi yðar hátignar hefir enn á þessu þingi viljað halda því fram, að tilskipun 21. desember 1831, að því leyti hún lögleiði hér á landi

D. L. 3.—17. (N. L. 3.—19.), sè gildandi regla sem hér ræðir um, þá verður þingið að athuga, að auk þess sem tæður kaflar laganna einungis lýtur að *fjárforráðum* og *fjárhaldi* en ekki að forræði yfir persónu sinni og þar að lútandi réttindum (sbr. grundvallarreglu í N. L. 3.—18. og D. L. 3.—16. 2 og 4), þá hefir tæð tilskipun 1831 aldrei verið heimfærð nè henni beitt hér á landi til þess að takmarka frjáls umráð manna yfir persónu sinni, gagnstætt 6. grein í fátækrareglugjörð 1834 og eldri lögum. Og þó að aldurstakmark fjárforræðisins og hitt aldurstakmarkið fyrir persónulegu forræði yfir sjálfum sèr, kunni í Danmörku að vera fallið saman í ýmsum greinum og réttarspursmálum og að þetta valdi þar ekki neinum verulegum glundroða eða viðsjálum eptirkostum og afleiðingum, eins og nú virðist gefið í skyn í bræfi lögstjórnarinnar 12. júní þ. árs, þá verður þingið að álíta að þetta sè, að minnsta kosti engi sá kostur er sè eptirsóknarverður, eða að gjörandi sè að láta hann ryðja sèr til rúms hér á landi fyrir nýja lagaákvörðun er væri þvert í móti ýmsum eldri ákvörðunum íslenskra laga, og mundi raska fastri réttarvenju, er aldrei hefir reynzt óhagkvæm nè neinum vandkvæðum bundin, og engi borið sig upp undan henni fyrr nè síðar. Þar sem lögstjórninni enn af nýju þykir ísjárvert, að börn, undir eins og þau eru orðin 16 ára, geti farið frá foreldrum sínum og komið sèr í vist, þá ber slíkt mjög sjaldan að, nema ef það væri til þess, að t. d. 16—17 vetra stúlka trúlofaðist manni og færi til hans, sem hjú hjá sjálfum honum eður foreldrum hans til að giptast einhvern tíma á hinu sama vistarári eður í lok þess, eins og hér er svo algengt; en auk þessa verður þingið að athuga, að uppeldi barna, að því er hlýðni og auðsveipni snertir, er víða næsta ábótavant meðal hins fátæka almúga á Íslandi, einmitt í húsum foreldranna, eins og líka húsagatilskipun 3. júní 1746 § 12 gjörir ráð fyrir, svo að unglingurinn sýnir sig einatt ódælli hjá foreldrunum heldur en þegar hann er kominn til vanda-
lausra. En að öðru leyti eru víst mjög fá dæmi til, að börn leitist við að rífa sig frá foreldrum nauðugum á aldursbilinu frá 16—18 ára, heldur miklu fremur einmitt eptir þannu tíma, því þá fyrst fara menn hér að eiga meira undir sjálfum sèr, og að verða eptirsóknarverðari í vist; að öðru leyti verður þingið um þetta atriði að vísa til ástæðna alþingis fyrir 1. grein stjórnarfrumvarpsins 1863. En aptur má ekki missa sjónar á því, að spurningin um 16 ára aldurstakmarkið, og um bréytingu þess hefir miklu meiri og veru-

legri praktiska þýðingu bæði að því leyti, að unglingum yfir höfuð að tala sem eru þar til heimilis, hvort heldur hjá foreldrum eða vandalausum, þar sem þeir eiga illt atlæti og aðbúnað, og geta leiðzt til ills, eiga þar með frjálst að losa sig úr slíkum vistarstað sem fyrst, þar sem og í annan stað *foreldralaus* ungmenni eiga í hlut, og einkum þau sem hafa uppalizt á sveit. Með 16 ára aldrinum er að lögum (reglugjörð 8. jan. 1834 6. grein) á enda bæði rétturinn mannsins til framfæris af sveitinni, og þá líka jafnframt réttur sveitastjórnarinnar og annara, til þess að takmarka persónulegt frelsi þeirra í því, að ráða vistarstað sínum; því 11. grein í húsagatilskipuninni 3. júní 1746 er numin úr lögum með sèrskildu lagaboði, á því má ekki missa sjónar. Hverjir eru þá hér á landi og eptir gildandi lögum vorum «forráðamenn» («Foresatte») þessara manna, sem svona stendur á? Hreppstjóri og sveitastjórnendur eru það ekki; ef maðurinn er felaus, eins og í þessu tilfelli má optast ganga út frá, þá hefir hann engan fjárforræðismann hvorki skyldan nè vandalausan. 18 ára aldurstakmarkið í 1. grein frumvarpsins, ef það væri aðhyllt, yrði þá þegar svona stendur á að veita hreppstjórum og sveitastjórn *aptur* þann rétt er húsagatilskipunin 3. júní 1746, 11. grein *áður* veitti, þó að þessi laga-grein einmitt sè upp hafin með sèrstökum lögum; og þar af gæti þá einatt leitt þá óþolandi takmörkun í persónulegu frelsi manna hér, og þá beru mótsögn við ákvörðunina í tilskipun 30. apríl 1824, § 3, 1, að hreppstjórinn ætti t. d. að geta meinað foreldralausri stúlku 16—18 ára, er hefði uppalizt á sveit að nokkru eður öllu, að taka aðgengilegu eiginorði efnilegs manns, ef að hann ekki gengi að eiga hana samstundis, heldur yrði að binda eiginorð sitt því skilyrði, að hún færi sem vinnukona til sín eður foreldra sinna utanhrepps um tveggja missira tíma eða skemur.

Við 2. grein.

Þingið verður einnig að ráða frá því enn af nýju, að þessi grein frumvarpsins verði gjörð óbreytt að lögum, þrátt fyrir hinar nýju og ítarlegri ástæður lögstjórnarinnar fyrir henni, heldur virðist þinginu yfirgnæfandi ástæður fyrir því eptir sem áður, að halda 2. greininni í þingsfrumvarpinu 1863 óbreyttri. Ákvörðunin sem felst í 2. lið stjórnarfrumvarpsgreinarinnar virðist óþörf, sumpart með tilliti til hinnar beinu ákvörðunar í 1. lið sömu greinar í þingsfrumvarpinu 1863, sumpart eptir ákvörðuninni í 5. grein sama frumvarps, er þingið einnig verður að ráða til, að verði haldið ó-

breyttri. Og í annan stað leiðir það beinlínis af báðum þessum ákvörðunum, af grundvallarreglunni í 4. grein stjórnarfrumvarpsins og öðrum ákvörðunum, sem þar á eru byggðar í stjórnarfrumvarpinu, er allar ganga út frá sömu *aðalreglu*, að *vistarráð* sem slík, skuli ekki gild fyrir skemmri tíma en 12 mánuði; hin lögheimil-uðu afbrigði frá þessu, þau er nauðsynleg virðast, eru fölgin í seinasta lið 2. greinar í þingsfrumvarpinu og fyrir þeirri undan-tekningarákvörðun, eru ástæður gefnar í álitsskjali þingsins 1863, og hljóta þær, eins og þar er tekið fram, að vera bundnar við hinn næsta hjúaskildaga á eftir, að því leyti slíkur samningur væri gjörður og yrði álitinn *vístarsamningur* en *ekki* vinnusamningur («Arbeitsleie»).

Það getur varla komið af öðru, en sumpart af miður ljósri þekkingu á því, hvernig hér hagar til á landi, og sumpart af því, að misst er sjónar á öðrum sérstaklegum og verulegum lagaákvörðunum, er mundu missa alla þýðingu og eigi ná fullum framgangi, ef ákvörðun um skemmri vistartíma heldur en til 12 mánaða væri hleypt hér að, þegar lögstjórnin enn af nýju, í bréfi 12. júní þ. á., telur slíka ákvörðun «verulega takmörkun á samningsfrelsi manna, er hvorki sé nauðsynleg né hagfelld». Fyrri dæmið sem í bréfinu er tilfært, þessu til sönnunar, hlýtur að vera spröttið af þekkingarskorti á því, hvernig búferlisflutungi manna hér á landi er almennt varið, því hann á sér ekki stað yfir höfuð að tala nema um fardagaleytið eður einmitt 10—20 dögum eftir hjúaskildagann; en væri jafnframt haft fyrir augum það atvik, að húsbóndinn flytji sig búferlum til útlanda, er að visu getur komið fyrir, en vart nema úr kaupstöðunum, þá felst þar að lútandi ákvörðun er einmitt gengur út frá 12 mánaða vistarráðum, í frumvarpsins 9. grein. Að hjú giptist að haustinu til er að visu eigi óalgengt, en sé brúðguminn *búsettur maður*, þá er víst ekkert dæmi til eða þá mjög einstakleg, að brúðurin sé annars manns vistráðið hjú frá hinum næsta hjúaskildaga á undan, heldur einmitt brúðgumans sjálfs eður foreldra hans; í hinum einstakari og miklu færri tilfellum, verður *annaðhvort*, að húsbóndinn vinnst til þess að sleppa brúðurinni svona á miðju vistarárinu, og er honum það einmitt sjálfum optast í hag *eftir* að heyskapartíminn er liðinn, en hinn margfallt arðminni og lengri vetrartími fer í hönd, *eða* að hjónabandinu er frestað þaugað til vístarsamningurinn er á enda, um næstu krossmessu; en sé sá, er giptist að haustinu, einhleypur

maður án heimilisforstöðu eða annara hjú sjálfur, þá stendur vistarsamningur beggja hjónanna eptir sem áður til hins næsta hjúaskildaga, og það hvort sem hin nýju hjón eru samheimilis eður ekki.

En auk þeirra ástæðna, er teknar voru fram fyrir 12 mánaðavistinni á alþingi 1863 (alþið. s. á. 1. p. 331—334 og 427—8 bls.), að *vistarráð* til skemmri tíma en 12 mánaða þekkjast ekki hér á landi, hvorki í kaupstöðunum nè til sveita og eiga sér í raun rætti alls ekki stað, yfir höfuð að tala, að samningur milli húsbónda og manna úr hjúastætt fyrir *skemmri* tíma, t. d. 1—3 mánuði er alls ekki skoðaður hér á landi sem vistarsamningur (Tyendecontract Tyendeforhold) heldur vinnusamningur (»Arbeidsleie«), að ákvörðunin í 3. gr. frumv. um að sama hjúid megi ráða sig hjá fleirum t. d. til helminga til þriðjunga o. s. frv. kemur alls ekki í bága við rættarvenjuna um 12 mánaða vistina, heldur er einmitt byggð á þessari sömu grundvallarreglu, og að ef ný lagaákvörðun hleypti hér að óþekktri hugmynd og leyfi til *skemmri vistarráða* yfir höfuð að tala, hlyti sjálsagt þar af að leiða, að ákvarðanirnar í tilsk. 26. maí 1863 um ólöglega lausamensku yrði að miklu leyti þýðingarlausar, og valdstjórninni ómögulegt að fylgja þeim fram, þar sem hinn ólöglegi lausamaður gæti þá jafnan skotið því fyrir að hann væri *vistráðið hjú*, þar sem hann þó að eins væri sléttur og rættur daglaunamaður á þeim og þeim stað um fárra vikna tíma. Auk þessa finnst þinginu ekki ofaukið að taka fram 2 atriði:

1. 12 mánaða *vistarráðin*, sem hin almenna reglan, eiga að styðjast bæði við ómuna rættarvenju og fasta og almenna rættar meðvitund og jafnframt við hreina og beina nauðsyn, eptir því sem hér stendur á, og þess vegna útiloka þau hugmyndina um *skemmri vistarráð*, er eigi fá staðizt með neinu móti jafnframt hinn aðalgrundvallarreglunni, er líka óneitanlega ótal ákvarðanir byggjast á í sjálfu frumvarpinu. Þessu til sönnunar verður þingið að leyfa sér að eins að taka fram það dæmi sem dögum optar kemur fyrir viðsvegar um land, nefnilega að *sjálft hjúid*, sem hefir *vistráðið* sig til 12 mánaða, getur einmitt á þessu sama tímabili, sem vistarsamningurinn gildir, *»ráðið«* sig hjá þriðja og 4. manni um 2—8 vikna tíma, að visu *ekki sem hjú* eptir hugmynd rættarvenjunnar hér, en þó til veru hjá hverjum þessara, er þannig fá yfir honum fullan húsbóndarétt, þó að þeir sè ekki húsbændur hans eptir hugmyndinni um *vistarráð* og vistarsamninga, því það er eigi nema sá eini

hvers 12 mánaða *hjú* að þessi sami maður er. Þannig er það algengt að það sé tekið fram í 12 mánaða vistarsamningum, að hjúíð *sjálf* megi «ráða sig» í skiprúm hvar sem það vill,— «ráða sig» í vinnu á vorin t. d. í kaupstöðunum, og ráða sig í kaupavinnu um sláttinn hjá einum og sama manni. Það er auðsætt að þessi algenga og hagfellda landsvenja hlýtur ýmist að hverfa og missa alla festu og áreiðanlegleik, en ýmist að koma á hana glundroði, ef ákvörðun væri tekin upp í lögin um skemmri vistarráð en til 12 mánaða og um alveg óákveðinn tíma.

2. Í fátækra reglug. 8. jan. 1834, og opnu br. 6. júlí 1848 er framfærissrætturinn til sveitar bundinn við það, að sá sem á hlut að máli, hafi átt *heimili* í hreppnum um *ákveðinn áratíma samfleytt*. Hér getur því 12 mánaða vistin ráðið réttum úrslitum hvað hjúinn snertir, og er auðvelt einmitt fyrir þessa ákvörðun að komast að rætri niðurstöðu um það, hvort dvöl hjúsins í hreppnum hafi náð eða ekki náð yfir eins mörg ár eins og teð lög gera að skilyrði, af því presturinn, þegar hann tekur sóknarmanntal sitt beggja megin nýársins um leið og hann húsviðjar, getur æfinlega verið viss um að rita hjúíð *heimilisfast* þar sem það er vístráðið fyrir það 12 mánaða vistarárið frá skildaga (14. maí) árið fyrir til skildaga (14. maí) árið eptir, þó að það sé ekki heima heldur «ráðið» hjá 3. manni um sama leyti. En sú trygging og víska, sem hér í er fólgin með tilliti til að geta ákveðið framfærissrætt manns, hlýti alveg að hverfa eður þá að mestu leyti, ef að ákvörðun um *skemmri* vistarráð væri lögleidd; því þar með yrði prestinum ómögulegt að ákveða og rita þann mann heimilsfastan í sinni sókn, sem ekki fyndist þar á neinum bæ um það leyti hann tæki sóknarmanntalið og sálmaregistríð væri fullgjört, og það enda þótt hjúíð væri að öðru leyti mestan hluta ársins í sóknun hans; en aptur yrði hinn presturinn, þar sem svo vildi til að hjú væri t. d. í mánaðarvist (eptir hugmynd stjórnarinnar), þegar manntalið væri tekið, að skrifa það þar til heimilis í sínum sóknum, þó að það hefði ýmsar vistir utansóknar alla hina 11 mánuði ársins.

En þar sem þingið hefir orðið að aðhyllast 3. og 4. gr. stjórnsrfrumvarpsins óbreyttar, verður það aptur að ráða til að yðar há-tign gjöri ekki 5. og 6. gr. þess að lögum óbreyttar, heldur að í þeirra stað verði teknar hinar sömu greinar í alþingisrfrumvarpinu frá 1863.

Þar í móti hefir þingið nú fundið yfirgnæfandi ástæður til að

taka til greina athugasemdir lögstjórnarinnar í bræfi 12. júní þ. árs í sambandi með þar að lútandi ástæðum stjórnarfrumvarpsins 1863, á móti 7.—9. og 11.—13. gr. í þingsfrumvarpinu 1863, og hefir þingið því nú aðhyllt hinar samsvarandi greinarnar í stjórnarfrumvarpinu, að eins með þeim breytingum, er lögstjórnin í tæðu bræfi hefir ekki fundið neitt athugavert við, og sem þingið leyfir sér að taka fram í niðurlagi álitsskjalsins. Eins verður þingið af sömu rökum og með hliðsjón af ástæðum þeim, sem fyrir því atriði eru tilfærðar í álitsskjali alþingis 17. ágúst 1863 (alþingistið. 1863, 1. part bls. 503—4) að ítreka enn, að grein sú er var hin 11. í stjórnarfrumvarpi því, sem var lagt fyrir alþing 1861, en þá var felld, verði tekin upp í lagaboð þetta sem ný grein, milli 9. og 10. greinar, hvar af leiðir, að tölum greinanna sem á eftir koma verður að breyta þar eftir.

Við 18. gr. frumvarpsins, sem nú verður 19. gr., hefir þinginu fundizt ástæða til að aðhyllast þær breytingar, að í stað »húsbónda« verði sett »húsbændur«, og í stað orðanna: »fyrir hans hönd« verði sett: »fyrir þeirra hönd«.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem tilfærðar eru í bræfi lögstjórnarinnar, er nú kom til þingsins og niðurstöðu þeirri, sem meiri hluti þingnefndarinnar 1863 komst að, og alþingi 1861 að nokkru leyti, um 19. gr. stjórnarfrumvarpsins, er þingið 1863 felldi úr, hefir þingið enn af nýju fundið yfirgnæfandi ástæður til að biðja, að þessari grein verði haldið í frumvarpinu, að eins með þeirri breytingu í upphafi hennar (hún verður nú hin 20. í tölunni), sem leiðir af 16 ára aldurstakmarkinu, er þingið stingur upp á að verði haldið í 1. gr. frumvarpsins, af þeim ástæðum sem tilfærðar eru hér að framan.

Enn fremur hefir þingið nú, eftir þar að lútandi bendingu lögstjórnarinnar, og með hliðsjón af ástæðum þeim, er meiri hluti þingnefndarinnar 1863 byggði á, orðið að aðhyllast breytingu þá við 24. gr., er alþing 1863 samþykkti undir tölul. 60. á atkvæðaskránni (alp.t. 1863 1. p. bls. 413). Sömu leiðis leiðir það af breytingu, þeirri er þingið nú eins og 1863 aðhyllist við 10. gr. stjórnarfrumv., sem nú verður 11. gr., að matarverðsákvörðuninni í 29. gr. hefir orðið að víkja við og orða hana þessu samkvæmt.

Að lyktum verður alþingi að leyfa sér allra þegnsamlegast að taka fram, að þinginu þykir að vísu næsta mikilsvert að frumvarp þetta gæti nú um síðir orðið sem fyrst að lögum; en þinginu

þykja þau breytingaratriði, sem það hefir nú eins og jafnan fyrri orðið að halda fram við 1. og 2. gr. frumvarpsins með nálega öllum atkvæðum og samdóma álit, svo þýðingarmikil, að þinginu fannst eigi hikandi við, einkum og með sérstaklegu tilliti til yfirlýsinganna á þingi af hendi fulltrúa yðar hátignar um atriði þessi, að taka til greina þá varauppástungu er nú var upp borin í þessu skyni: «að ef hjúa lögin eins og þau koma nú frá alþingi, næðu ekki allrahæsta samþykki og staðfestingu yðar hátignar, þá vill þingið þegnsamlegast beiðast þess, að málinu verði frestað fyrst um sinn» þannig að frumvarpið nái ekki allrahæstu staðfestingu að svo komnu máli; því þingið sér vel fram á, og hefir þar fyrir sér almenna skoðun og almennings álit þjóðarinnar, er hefir átt kost á að kynna sér og meta hér að lútandi spursmál, að það sé betra að lögunum verði frestað að minnsta kosti fyrst um sinn heldur en að þau komi út með þeim ákvörðunum, er koma í stríð við eldri laga ákvarðanir vorar, eptir því sem þær hafa verið almennt skildar og þeim hefir verið beitt, og í bera mótsögn við almenna rættarmeðvitund hér á landi, rættarvenju og landsvenju.

Samkvæmt framanskriðuðu þegnsamlegu álit alþingis og tilfærðum ástæðum leyfir þingið sér að ráða til og biðja yðar konunglegu hátign:

1. með 17 atkv., að yðar hátign mætti þóknast að gjöra frumvarp það til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi, sem að allrahæsta fyrirlagi yðar hátignar var lagt fyrir alþingi 1863, og aptur nú til álita fyrir þetta þing, verði gjört að lögum, með þeim breytingum, sem frumvarp það sýnir, er hér með fylgir sem fylgiskjal.
2. *Til vara:* Ef yðar hátign ekki skyldi þóknast að samþykkja frumvarpið eins og það nú kemur frá alþingi, þá verði málinu frestað fyrst um sinn. Samþ. með 15 atkv. gegn 8.

FRUMVARP (Fylgiskjal.)

til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi.

1. grein.

Hver maður, sem er fullra 16 ára að aldri, má að lögum ráða sig hjú, þó með ráði og vilja sóknarprests síns, sè hann ófermdur. Vistarráðum þeirra, sem yngri eru en 16 ára, ráða foreldrar eða aðrir forráðamenn. Samþ. með 19 atkv. gegn 5.

2. grein.

Engin vistarráð skulu vera bindandi til lengri tíma en 12 mánaða í senn; en gild skulu vistarráð, þótt skemur sé um samið, þó því að eins, að þau standi til næsta hjúaskildaga á eptir. Samþ. með 20 atkv. gegn 1.

3. grein.

Heimilt skal hjúi, eins og verið hefir, að vista sig hjá tveim eður fleirum, til helminga, þriðjunga og s. frv. Samþ. með 17 atkv. gegn 1.

4. grein.

Hinn almenni skildagi vinnuhjúa skal framvegis vera á ári hverju 14. dag maímánaðar. Samt skal í hærðum þeim, þar sem hjúaskildagi nú er haldinn á öðrum tíma árs, fara eptir venju þeirri, sem verið hefir, nema berlega hafi verið tekið fram, þegar vistarráðin gjörðust, að skildaginn skuli vera annar. Samþ. með 17 atkv. gegn 1.

5. grein.

Ef hjú ræður sig hjá öðrum manni fyrir jól, þá skulu þau vistarráð ógild, nema húsbóndi eða hjú hafi látið hitt vita, að það eigi vilji endurnýja vistarráðin fyrir næsta ár.

Ef maður ræður vísitandi annars hjú, þá verður hann um það sekur 5—10 rd. Samþ. með 22 atkv.

6. grein.

Húsbóndi skal, nema öðruvísi sé um samið, láta sækja vistarráðið hjú sitt í ákveðinn tíma og farangur þess, er ekki nemi meiru en klyfjum á einn hest; og skal húsbóndi annast þann flutning á sinn kostnað, og ekki láta það rýra umsamið kaup.

Ef húsbóndi vitjar ekki hjúsins á réttum tíma, skal hann annast um að koma því fyrst um sinn fyrir á öðrum stað, og greiða því, auk umsamins kaups, allan þann kostnað, sem dvöl þess annarstaðar hefir í för með sér; en hjúi skal skylt að vinna húsbónda allt það gagn sem það getur, á þeim stað sem það dvelur á um stundarsakir. Vitji húsbóndi ekki hjúsins fyrir þingmaríumessu, er hjúið ekki lengur bundið við vistarráðin, og varðar það húsbónda eptir 11. grein, Hið sama er og, ef hjúið flytur sig sjálft á hann, og hann ekki vill veita því viðtöku án löglegra orsaka, og skal hann þá að auki greiða því sanngjarnan ferðakostnað fram og til baka. Samþ. með 22 atkv.

7. grein.

Húsbóndi getur neitað að vitja hjús, er hann hefir ráðið í vist til sín, eður að veita því móttöku, af þessum astæðum:

1. Ef hjúið, eptir að það var ráðið í vistina, hefir drýgt einhvern glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur.
2. Ef hjúið, um það leyti sem það á að fara í vistina, hefir einhvern næman eður viðbjóðslegan sjúkdóm, eður þau veikindi eður líkamamein, að víska sè fyrir því, að það verði ófært til vinnu allt fram að þingmáriumessu eður lengur.
3. Ef hjúið kann ekki til þeirra verka, sem áskilið var, að það skyldi kunna, þá er það var ráðið í vistina, og sem það þá þóttist kunna til, eður ef það hefir einhverja þá ókosti, er það þá neitaði að hafa.
4. Ef hjúið hefir tælt húsbóndann á sèr með fölsuðum vitnisburðum, þá er hann ræði það til sín. Samp. með 19 atkv.

8. grein.

Hverju hjúi er skylt að fara þegar í vistina, er húsbóndi vitjar þess; ef húsbóndi fyrst um sinn fær því annan samastað (sbr. 6. gr.), þá er því og skylt að fara þangað. Ef hjúið færir undan þessu án lögmætra orsaka, þá er húsbóndinn eigi lengar bundinn við vistarráðin, og varðar það hjúinu eptir 12. grein. Hið sama er og, ef svo hefir verið um samið, að hjúið skuli flytja sig sjálf í vistina og það að nauðsynjalausu dregur ferð sína viku lengur.

Nú getur hjúið eigi farið í vistina þegar húsbóndi vitjar þess, og er því eigi sjálfu um það að kenna, þá er húsbónda eigi skylt að vitja þess aptur, heldur skal hjúið sjálf kosta ferð sína í vistina og leggja af stað jafnskjótt og það getur; en dragi það að nauðsynjalausu ferð sína viku lengur, varðar það því eptir 12. gr. Samp. með 19. atkv.

9. grein.

Nú flytur húsbóndinn eptir að vistarráðin eru gjörð en áður enn vistartíminn byrjar 3 þingmannaleiðum á landi eður 5 vikum sjóar lengra burtu frá þeim bústað hans, þar sem hjúið átti að fara í vist, þá er því eigi skylt að fara í vistina. Ef húsbóndi flytur af landi burt, skal hann að auki greiða hjúinu kaup og matarverð fyrir vistartíma þann, er um var samið, nema því að eins, að hann útvegi því aðra vist jafngóða. Samp. með 21 atkv.

10. grein.

Ef húsbóndi, annaðhvort með lokkunum, hótunum eður á

annan ólöglegan hátt, heldur hjúi kyrru í vist hjá sér eptir skildaga, þá skal hann, ef önnur lög ákveða ekki meiri hegningu eptir því, sem málið er lagað, sektast um 2—25 rd., og gjalda skaðabætur fyrir það tjón, sem af þessu hlýzt. Varni hann eður aptri hjúinu frá að komast í tækan tíma í aðra vist, er það hefir ráðið sig í, og hjúið fyrir þá sök missir af vistinni, þá greiði hann hjúinu allt það kaup, er því var heitið í þeirri vist, er það átti að fara í, og matarverð fyrir vistartíma þann, sem um var samið. Samp. með 13 atkv. gegn 8.

11. grein.

Ef húsbóndi riptar vistarráðum án lögmætra orsaka, þá skal hann gjalda hjúi kaup og matarverð fyrir vistartíma þann, sem um var samið. Matarverð karlmanns skal vera eitt hundrað á landsvísu fyrir hverja 12 mánuði en kvennmanns þriðjungi minna. Samp. með 20 atkv.

12. grein.

Ef hjú riptar vistarráðum án lögmætra orsaka, þá skal það greiða húsbónda slíkt, sem hann hefði átt að gjalda því í kaup fyrir vistartíma þann, er um var samið. Samp. með 17 atkv.

13. grein.

Eigi má húsbóndi með neinum samningi afsala öðrum vistarráð yfir hjúi sínu, nema það samþykki. Nú deyr húsbóndinn, og skal þá vistarráðum áfram haldið með ekkju hans eður búi, ef búnaður stendur; en ef búi er brugðið, skal búi skylt að útvega hjúi aðra vist jafngóða, því að kostnaðarlausu, en ella gjalda því sem fyrir vistarrof (10. gr., sbr. 29. gr.). Samp. með 19 atkv.

14. grein.

Húsbóndi skal veita hjúi sínu viðunanlegt og nægilegt fæði, svo og láta veita því næga þjónustu og leggja því til venjulegan rúmfatnað, skæðaskinn og annað, eptir því sem venja er til í hverri sveit hjúum að veita auk kaups. Samp. með 19 atkv.

15. grein.

Hve mikið hjúið skuli hafa í kaup, í hverju og hve nær það skuli goldið, skal komið undir því, er húsbóndinn og hjúið hafa orðið ásátt um. Nú hefir ekki verið ákveðið um upphæð kaupsins og skal hjúið hafa svo mikið í kaup, sem þar er sveitarvenja að gjalda hjúum á því reki.

Geti hjú sökum klæðleysis eigi gengið að allri vinnu, hefir húsbóndi heimting á, að það taki nægileg fót upp í kaup sitt,

þótt hjúið hafi áskilið sér það í öðrum eyri, og skal það koma jafnt niður á alla aura, ef kaupið er áskilið í ýmsum ákveðnum aurum.

Rétt goldnir eru hjúi í kaup peningar og allir aðrir aurar þeir, er gjaldgengir eru í kaup eptir sveitarvenju, hafi ekki verið ákveðið milli húsbónda og þess, í hverju greiða skuli kaupið; og skal, þegar lagðir skulu peningar í hundruð, virða þá eptir verðlagsskrár meðalverði.

Hafi ekki verið öðruvísi um samið, skal eindagi kaupgjaldsins vera uudir eins og vistartíminn er á enda. Samþ. með 19 atkv.

16. grein.

Hjúið skal vera háð þeirri stjórn og reglu, er húsbóndinn setur á heimilinu, eður sá, sem fyrir hans hönd á yfir því að segja, og vera honum auðsveipið; það skal af ítrasta megni stunda gagn húsbónda síns, og ganga til allra verka, er því eru skipuð, nema einhver sérstakur óvanalegur háski fylgi þeim, og leysa þau af hendi eptir fremstu kröptum.

Nú er hjú ráðið til ákveðinna starfa, og skal því þó skylt að ganga að öllum heimilisverkum og öðrum störfum, sem eru samboðin stöðu þess, þegar þörf krefur og ekki er öðrum á að skipa. Samþ. með 19 atkv.

17. grein.

Eigi má hjú án samþykkis húsbónda fá annan til að gegna verkum sínum. Samþ. með 19 atkv.

18. grein.

Hjú skal bæta húsbónda sínum hvert það tjón eður skemmdir, er það veldur honum vísvitandi eður af skeytingarleysi, eður af því, að það eigi kann til þeirra verka, er það læzt kunna, er það ræðst í vistina, og eins hvert annað tjón eður skemmdir, er húsbóndi biður fyrir óhlýðni þess; svo á hjú og að greiða húsbónda skaðabætur fyrir vinnutjón það, er hann biður, fyrir það að hjú er sett undir laga-ákæru sökum glæpa, er það fremur. Skal húsbónda heimilt að halda jafnmiklu eptir af kaupinu, sem skaðabótunum nemur. Samþ. með 19 atkv.

19. grein.

Fyrir óhlýðni, þrjúzku, mótpróa eður illyrði við húsbændur sína eður þann, sem fyrir þeirra hönd á yfir því að segja, skal hjúið sektast um 1—20 rd.; en setji það sig upp á móti þeim eður áreiti þá í verkum, þá sektist það 5—50 rd., nema svo sè, að

það hafi unnið til meiri hegningar eptir öðrum lögum. Samp. með 17 atkv.

20. grein.

Hjú eru undir húsaga, þangað til þau eru orðin 16 ára. Sè húsaga beitt við slík hjú fyrir yfirsjónir þær, sem nefndar eru í 19. grein, fellur burt hegning sú, sem þar er ákveðin. Samp. með 17 atkv.

21. grein.

Nú sýkist hjú eður slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni sjálfs þess, þá skal það sjálft kosta lækninguna og endurgjalda húsbónda fæði og hjúkrun meðan það var sjúkt, og eigi á það heimting á kaupum fyrir þann tíma, sem það er frá verkum. Samp. með 19 atkv.

22. grein.

Ef hjú slasast eður veikist, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda, hvort heldur af því, að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá, að því voru um megn, eður og óvanalegan starfa þann, er einhverjum sérstaklegum háska er bundinn, eður af hverri annari orsök, er húsbónda verður gefin sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins, og greiða því skaðabætur fyrir verkafjón þess, ef nokkurt verður, eptir að það er frá honum farið. Eptir atvikum skal húsbóndi þar að auki sæta sektum frá 2—50 rd., nema hann hafi bakað sér þyngri hegning eptir öðrum lögum. Samp. með 19 atkv.

23. grein.

Nú veikist hjú eður slasast af öðrum atvikum, en nú voru talin (21. og 22. gr.), og skal það þá sjálft greiða þann kostnað, er leiðir af lækning þess og sérstaklegri aðhjúkrun, en húsbónda skal skylt að fæða það án endurgjalds. Sè legan ekki hálfum mánuði lengri um slátt eður um vertíð, eður mánuði lengri um aðra árstíma, þá skal hjúíð einskis í missa af kaupum sínu; en fatlist hjú lengur frá verkum en nú var sagt, missir það kaup um þann tíma, sem það var lengur veikt. Deyi hjúíð, hafa erfingjar þess eigi heimting á kaupum eptir það fyrir lengri tíma, en það var búið að vinna fyrir kaupum, áður en það varð ófært til verka. Samp. með 19 atkv.

24. grein.

Samningur milli húsbónda og hjús um, að vistinni skuli lokið undir eins og hjúíð verði sjúkt, er ekki skuldbindandi fyrir hjúíð;

og fari sjúkt hjú úr vist, annaðhvort af því vistarráðin hafa verið bundin slíkum skilmála, eða af því svo hefir verið um samið eptir að það varð veikt, þá losast hann eigi heldur gagnvart þeirri sveit eður þeim mönnum, er hjúíð kann að verða til þyngsla, frá skyldum sínum við það eptir þessari tilskipun. Samp. með 19 atkv.

25. grein.

Leggist hjú sjúkt, má eigi flytja það burt, enda þótt vistartíminn sé á enda, nema lækni eður sóknarprestur eður tveir aðrir skilríkir menn lýsi yfir því álití, að hjúinu sé ekkert mein þar af húíð, nè öðrum, ef sýkin er sótnæm. Nú flytur húsbóndi samt hjúíð burt, þá skal hann sæta sektum eptir 22. gr. eður og þyngri hegningu eptir öðrum lögum, og standast að auki allan kostnað af hjúkrun og lækning sjúklingsins. Samp. með 20 atkv.

26. grein.

Þegar hjú, sem veikist eður slasast í vistarverunni, á eptir tilskipun þessari sjálft að greiða lækningarkostnað og kostnað fyrir sérstaka hjúkrun þess, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, af sveitarsjóðnum þar sem hjúíð er í vist, er aptur skal fá það endurgoldið af framfærsluhrepp hjúsins.

Deyi hjú í vist skal húsbóndi annast greptrun þess, ef erfingjar eigi gjöra það, en fái aptur kostnaðinn endurgoldinn af eigum hjúsins, og að því, er þær eigi hrökkva til, af sveitarsjóðnum samkvæmt því, sem nú var sagt. Samp. með 17 atkv.

27. grein.

Húsbóndi má þegar reka hjú úr vist fyrir þær sakir, er nú skal greina:

1. Ef hjúíð leggur hönd á húsbóndann eða vandamenn hans á heimilinu, eða aðra, sem fyrir hans hönd eiga yfir því að segja, eða meiðir þá með illyrðum.
2. Ef hjúíð sýnir húsbóndanum freka og viðvarandi þrjózku, eður stöðugt skeytingarleysi eður ótrúmennsku í því, sem það á að gjöra.
3. Ef hjúíð tælir börn eður vandamenn húsbónða á heimilinu til illverka eður ósiðsemi, eður ef börnum á heimilinu er ber-sýnileg hættu búin af illri meðferð þess eður skeytingarleysi.
4. Ef hjúíð af varmennsku skemmir eigur húsbóndans, eður misþírmir skepnum þeim, er hann á eður hefir undir hendi.
5. Ef hjúíð sýnir af sér fjarska mikið eður ítrefkað skeytingar-

leysi með ljós, eld eður annan voða, er skaði getur hlotizt af á heimilinu.

6. Ef hjúið er aptur og aptur svo drukkið, þrátt fyrir áminningar húsbóndans, að það geti ekki gengið til allra verka.
7. Ef hjúið með ill-lyndi eður rógi raskar friði og reglu á heimilinu, og lætur eigi af því þrátt fyrir ítrekaðar áminningar húsbóndans.
8. Ef hjúið drýgir einhvern þann glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur.
9. Ef hjúið er haldið næmri eður viðbjóðslegri veiki, þegar það á að fara í vistina, eður fær slíka veiki í vistinni sökum ósiðsamlegs líferniss.
10. Ef hjúið hefir tælt húsbóndann með fölsuðum vitnisburðum, þá er hann ræði það til sín.
11. Ef hjúið eigi kann til þeirra verka, er áskilið var, að það skyldi kunna, og það sjálft læzt kunna, er það ræðst í vistina, eður það hefir nokkra ókosti, sem það þá neitaði að hafa. Samp. með 17 atkv.

28. grein.

Þegar hjú er rekið burt úr vist af einhverjum þeim ástæðum, sem tilgreindar eru í 27. grein, eða það hleypur burt úr vistinni án löglegra orsaka, skal það greiða húshónða slíkt, sem hann átti að greiða því í kaup fyrir vistartíma þann, er um var samið; þó skal þar frá dregið það, sem því ber í kaup eptir tiltölu rættri fyrir þann tíma, sem það hefir verið í vistinni. Auk þess skal hjúið sæta hegning þeirri og skaðabótum, er það með broti sínu að öðru leyti kann að hafa bakað sèr. Samp. með 17 atkv.

29. grein.

Þá hefir hjú löglegar ástæður til að ganga þegar úr vistinni:

1. Ef húsbóndi mispírmir hjúinu.
2. Ef húsbóndi leitast við að tæla hjúið til illverka eða lauslætis, eða ef aðrir heimilismenn gjöra sig bera að slíku, og húsbóndi ekki veitir hjúinu tilhlýðilega verndun, þótt það beri sig upp undan því við hann.
3. Ef húsbóndi lætur hjúið búa að staðaldri við illa og ónóga fæðu.
4. Ef húsbóndi meiðir freklega mannorð hjúsins, eður ber því á brýn glæpi, sem það er saklaust af.
5. Ef hjúið fær ekki kaup sitt í ákveðinn tíma.

6. Ef lífi eður heilsu hjúsins er hættu búin af veru þess á heimilinu.

7. Ef húsbóndi flytur af landi burt. Samp. með 18 atkv.

30. grein.

Ef hjúið fer úr vist fyrir nokkrar þær sakir, sem greindar eru í 29. gr. eður húsbóndi rekur það úr vist án löglega orsaka, þá á það heimting á kaupum fyrir vistartíma þann, er um er samið og matarverði 10 álnum, ef það er karlmaður en þriðjungi minna, ef það er kvennmaður, fyrir hvern mánuð þritugnættan, sem eptir er vistarverunnar. Auk þessa skal húsbóndi sæta þeirri hegning og skaðabótum, sem hann annars kann að hafa bakað sèr með framferði sínu. Samp. með 16 atkv.

31. grein.

Í protabúi húsbónda hefir hjú forgöngurètt til kaups og matarverðs eptir því, sem ákveðið er í laganna 5—14—37, þó ekki fyrir lengri tíma en eitt ár. Samp. með 16 atkv.

32. grein.

Fyrir eins árs kaupum og matarverði, er þó eigi má vera frá eldri tíma en ári því, er var á enda á næsta hjúaskildaga á undan, getur hjúið látið gjöra fjárnám hjá húsbónda, ef hann eigi mótmælir kröfunni. Samp. með 17 atkv.

33. grein.

Fógeti eður hreppstjóri, er fjárnám gjörir fyrir kaupum og matarverði, er hjú á hjá húsbónda, á eigi heimting á neinni borgun fyrir fjárnámið, nema hún geti fengizt hjá húsbónda eptir að hjúið er búið að fá sína kröfu borgaða að fullu. Samp. með 17 atkv.

34. grein.

Mál, er snerta það efni, sem um er rætt í þessari tilskipun, eiga fyrir lögreglurètt. Brot á móti 25. grein skulu sæta opinberri ákæru, en að öðru leyti skal fara með öll mál, er rísa út af tilskipun þessari, eins og lögreglumál einstakra manna. Samp. með 17 atkv.

ÁLITSSKJAL

til konungs í málinu um endurskoðun launabótalaganna 19. jan.
1863.

Fulltrúi yðar hátignar á þessu alþingi skoraði á alþingið, eptir fyrirmælum 5. gr. í lögunum 19. janúar 1863 og samkvæmt fyrir-
lagi til hans í lögsjórnarbræfi 10. júní. þ. árs., að það (þingið)
tækist á hendur eptir lögskipuðum þingreglum endurskoðun þessara
sömu laga, og ritaði síðan þegnsamlegt álitsskjal til yðar hátign-
ar um málið.

Alþingi tók því málið til meðferðar eptir þingsköpum réttum,
kaus í það 5 manna nefnd, ræddi það síðan á 2 aðalfundum, og
leyfir sér nú að bera upp um það þegnsamlegt álit sitt og tillögur á
þessa leið.

Þegar alþingi 1859 hafði til meðferðar frumvarp til þessara
sömu laga um launabót ýmsra embættismanna á Íslandi, — en um
það leyfir þingið sér að skýrskota til þegnsamlegasta álitsskjals
síns 18. ágúst 1859 (alþingistið. s. á. bls. 1887—1902), varð
þingið þá þegar að aðhyllast þá skoðun, að embættismenn á Ís-
landi ætti að laununum til, að standa jafnhliða embættismönnum í
Danmörku, eptir því sem framast gæti orðið. Nú, þegar er að
ræða um endurskoðun laga þessara, þykir ekki mega missa sjónar
á þessari grundvallarskoðun, heldur verður þingið að halda fast
við hana. Og þar sem nú stjórn yðar hátignar hefir ekki gefið
þinginu neina bendingu um, að hún að sínu leyti finni ástæðu til
að breyta launabótarupphæðum laganna að einu nè neinu leyti, og
eigi hefir heldur til þingsins komið nein þegnleg uppástunga í þá
átt nè heldur nein bænarskrá frá einstökum mönnum um launa-
hækkun, og þar eð eigi virðist heldur nein ástæða til að stinga upp á
breytingum á laununum sakir hlutfalls þess, er verið hefir á hin-
um síðustu árum milli peninga og landaura hér á landi, þá getur
þingið ekki ráðið til að gjörð verði nein breyting á launaviðbót
hinna ýmsu embættismanna, þeirri sem lögð er til grundvallar í
laganna 1. gr., heldur verður þingið að leggja til, að launabót þessi
verði látin haldast framvegis, og það með aldursviðbót til hlutað-
eigandi embættismanna eptir grundvallarreglunum í lagafrumvarpi
því, er lögsjórnin lagði fyrir ríkisþingið 1862. Sjálft þetta frum-
varp náði að vísu ekki beinlínis lagagildi í ríkisdeginum, en bæði

er auðsætt af umræðum og meðferð málsins þar á þinginu, að launabótalögin 19. jan. 1863, voru byggð á lagafrumvarpi þessu, og eins er það víst, að stjórnin og ríkisdagurinn hefir síðan fylgt ákvörðunum lagafrumvarpsins, að því er áhrærir þá launahækkun eptir embættisaldri sem hefir að borið eptir reglum frumvarpsins á hinu næstliðna fjárlagaár, og því sem nú stendur yfir. Auk þessa virðist líka, að hin sama grundvallarskoðun bæði hjá stjórninni og alþingi, er lögð var til undirstöðu fyrir launabót íslenskra embættismanna yfir höfuð að tala, hljóti að leiða það með sér, að embættismenn á Íslandi megi eiga vísa samsvarandi launahækkun eptir embættisaldri, eins og samkynja embættismenn í Danmörku.

Af þessu, sem nú var tekið fram, leiðir þá einnig, að hin síðasta málsgrein í 3. gr. laganna: »og skal launaviðbótin — í þau embætti sem nú eru laus«, ætti að áliti þingsins, að nemast burtu og falla úr gildi, því sú ákvörðun getur með engu móti samrýmzt þeirri niðurstöðu, sem þingið nú komst að, og fyrr var frá skýrt.

Einnig leiðir það beinlínis af skoðun þeirri, sem þingið hefir nú aðhyllt og útlistað hér að framan, að 4. gr. laganna 19. jan. 1863, fær ekki staðizt óbreytt, því eins og launabót sú, sem hér ræðir um, bæði viðbótin sjálf við hin upprunalegu laun og hækkunin eptir embættisaldri, var byggð á viðurkenningu löggjafarvaldsins og stjórnarinnar um það, að réttlæti og nauðsyn væri fyrir því að bæta þannig kjör þeirra embættismanna, er hér eiga hlut að máli, eins virðist það segja sig sjálft, að hin sama nauðsyn og sama réttlæti tali fyrir því, að eptirlauna kjör þessara sömu manna og ekkna þeirra, þegar svo ber að, fái samsvarandi umbót, þannig að biðlaunin og eptirlaunin verði ekki hér eptir bundin þeim skilyrðum, sem 4. gr. laganna ákveður, heldur að launabótin, eptir framanskriðuðum grundvallarreglum, gefi hlutaðeigendum sama rétt til biðlauna og eptirlauna, þegar svo ber að, beint eptir eptirlaunalögunum 31. maí 1855 (5. jan. 1851), eins og hin upprunalegu embættislaun, er allir verða að álíta ónóg, áður gjörðu.

Enn fremur virtist þinginu, að eigi væri heldur ástæða til að fara fram á breytingu á upphæðunum, skrifstofufé því og aðstoðarfé, sem veitt er og ákveðið í 2. gr. laganna, og það því síður þar sem ekkert tilefni lá fyrir þinginu til slíkrar breytingar, hvorki frá stjórninni né einstökum mönnum. Þar í móti var því hreift undir umræðum málsins á þinginu, að réttara væri að einskorða skiptingu á því 1100 rd. aðstoðarfé, sem síðari málsgrein í 2. gr. ákveður undir

umráð kirkju og kennslustjórnarinnar til Íslands þarfa. Nefndinni sem sett var í málið og nokkrum þingmönnum öðrum virtist að vísu ísjárvert og miður rétt, að niðurskipting eður úthlutun þessa fjár yrði einskorðuð með lögum, og virtist þeim þingmönnum hagsfelldara og réttara, að láta við sama standa í þessu efni eins og verið hefði, að kirkju og kennslustjórnin sjálf ákvæði það eptir uppástungum stiptsyfirvaldanna, og eptir því sem á stæði það og það árið fyrir sýslunarmönnum þeim, er aðstoðarfjárins ættu að njóta, hvernig því skyldi skipta milli þeirra. En eptir að fulltrúi yðar hátignar á þinginu hafði sagt álit sitt um málið og lagt það til, að þingið aðhylltist breytingaruppástungu þá, sem hafði verið borin upp í þessa stefnu, virtist meiri hluta þingmanna nægar ástæður vera fram komnar fyrir því, að hyllast uppástungu þessa beint eptir því sem hún var upp borin.

Að síðustu komst þingið að þeirri niðurstöðu um 5. gr. laganna, að eigi væri að vísu nægar ástæður til þess að ráða til að grein þessi yrði felld burtu úr lögnum, en þar í móti virtist sjálf-sagt að ártali greinarinnar yrði breytt þannig, að í staðinn fyrir 1865—66 verði sett 1871—72, svo að sex ár liði, þangað til lögin yrði endurskoðuð, ef þess þætti þá þurfa, en þá yrði það einnig nýkosið alþingi, eins og nú var, er fengi málið til meðferðar.

Þetta þegnlega álitsskjal alþingis og ástæður þær, sem hér eru framteknar, leyfir þingið sér allraþegnsamlegast að biðja yðar hátign að taka mildilegast til greina, og að yðar hátign mætti mildilegast þóknast að hlutast til um og skipa svo fyrir:

1. Að launabót sú og annað fè, sem embættismönnum á Íslandi var veitt með lögnum 19. jan. 1863, haldist framvegis eptir grundvallarreglunum í frumvarpi því, sem lagt var fyrir ríkisþingið 1862, og sem lög þessi voru byggð á, og að launabót þessi veiti hér eptir sama rétt til biðlauna og eptirlauna sem önnur embættislaun. Samp. með 19 atkv.
2. Að aðstoðarfè það, sem greinin (3: 2. gr.) nefnir, skiptist þannig :

Söngkennari og organisti . . .	320 rd.	
Leikfímiskennarinn	250 —	
Dyravörður	300 —	
Til umsjónar við skólann . .	230 —	Samp. með

15. atkv. gegn 3.

3. Að í stað ártalsins í 5. gr. laganna 1865—66, verði sett :
1871—72. Með 11 atkv. gegn 5.

Reykjavík, 26. ágúst 1865.

Allraþegnsamlegast

Jón Sigurðsson. Jón Guðmundsson.

ÁLITSSKJAL

til konungs um, að dómsmálaráðgjafanum verði veitt allraðæst leyfi
til að lækka verð á ýmsum læknislyfum og lyfja-efnum, samkvæmt
tilskipun 12. júlí 1862.

Fulltrúi yðar konunglegu hátignar lagði fram fyrir alþingi ýms
lagaboð, er út hafa komið fyrir Danmörku, síðan á alþingi í hitt
hið fyrra, svo þinginu gæti gefið kostur á að kynna sér þau, og
hvort nokkurt þeirra ætti hér við á landi eður ekki. Þingið kaus
3 manna nefnd til að íhuga mál þetta, og ræddi það síðan á fund-
um sínum á lögboðinn hátt.

Þinginu virðist, að öll þessi lagaboð, er fyrir það voru lögð,
sèu svo einstaklegs eðlis, að þremur undanskildum, að eigi geti
risið spurning um, að lögleiða þau hér. Þau 3, sem eru meira
almenns eðlis eru :

1. Lög 31. marz 1864 um eptirgjörð á íþróttaverkum.
2. Lög 19. apríl s. á., um eiðtöku Gyðinga, og
3. Dómsmálastjórnarinnar auglýsing, er byggist á konunglegri til-
skipun 12. júlí 1862, um lækkað verð á ýmsum læknislyfum.

En þingið álitur samt eigi nauðsyn á, að svo stöddu, að beið-
ast þess, að tvö hin fyrstnefndu lagaboð fái gildi hér á landi,
þar sem Gyðingar enn eigi hafa tekið sér hér bólfestu, nè heldur
er að óttast fyrir, að eptirgjörð listaverka muni fremur eiga sér
hér stað, hér eptir en hingað til, meðan högum vorum í þessu
efni er svo varið, sem enn er.

Hvað hina nefndu auglýsingu dómsmálastjórnarinnar þar á móti
snertir, þá verður þingið að álíta það æskilegt og hagfellt, að
dómsmálaráðherrann mætti fá allraðæst leyfi, áþekkt því, sem hon-
um er gefið fyrir Danmörku í áðurnefndri allraðæstu tilskipun (sbr.

dómsmálastjórnarinnar auglýsing frá sama degi), til að lækka verðið á ýmsum læknislyfum og lyfja-efnum hér á landi frá því, sem þau kosta eptir verðlagi (Taxt) lyfsölumannanna, og þar sem þaðanir á sauðfé á seinni árum, eru farnir talsvert að tíðkast hér á landi, þá virðist þinginu enn fremur, að nauðsyn beri til þess, að á líkan hátt verði lækkað verðið á

1. brenndu kalki.
2. pottösku, og
3. hjartarhornsolíu.

Af framanskrifuðum ástæðum leyfir þingið sér allraðegnsamlegast, að beiðast þess í einu hljóði,

að yðar konunglegu hátign allramildilegast mætti þóknast að veita dómsmálastjórnarherranum allrahæst leyfi til, samkvæmt konunglegri tilskipun 12. júlí 1862 og dómsmálastjórnarinnar auglýsingu s. d., að lækka á sama hátt og í Danmörku verðið á ýmsum samkynja læknislyfum og lyfja-efnum einnig hér á landi, og enn fremur á

1. brenndu kalki,
2. pottösku, og
3. hjartarhornsolíu.

Allraðegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Jón Pétursson.

BÆNARSKRÁ

til konungs um, að hans hátign konungurinn allramildilegast skipi svo fyrir, að samdar verði prentaðar og síðan meðal almennings útbýttar almennar greinilegar reglur um viðhald og aukningu hinna íslenzku birkiskóga, og að hingað verði sendur duglegur og æfður skógfræðingur til að ferðast um landið, er segi síðan álit sitt um, hvar og hvernig bezt mætti haga trjáplöntun hér.

Til alþingis kom að þessu sinni uppástunga frá hinum 3. konungkjörna þingmanni, jústizráði dr. Jóni Hjaltalín, um að hið opinbera vildi gjöra tilraun til, að sæð væri um skógarækt og trjáplöntun á Íslandi.

Þingið kaus 3. manna nefnd til að yfirvega mál þetta og segja

álit sitt um það, og ræddi það síðan á lögboðinn hátt á 2 aðalfundum og leyfir sér nú allraþegnsamlegast að skýra frá óskum sínum og áliti um málið á þessa leið:

Í fornum sögum lands þessa er svo frá skýrt, að mikið af landi voru hafi verið skógi vaxið, og þessi saga staðfestist þann dag í dag af reynslunni, því óbrigðull vottur sèst til þess víða hvar; getur því þingið ekki dregið hinn minnsta efa á, að skógar hafi verið hér á landi og það í blómlegu standi, og hafi komizt í það niðurlægingarstand, sem þeir nú eru í, sumpart sökum eldgosa, sumpart sökum vanþekkingar á að halda þeim við lýði.

Þá þóttist og þingið sannfært um, að trjáplöntun mundi mega ná hér á landi vexti og viðgangi, bæði af þeim ástæðum, sem áður eru til færðar, að skógar hafi verið hér áður, og að þó enn þá eru leyfar eptir af þeim, þrátt fyrir það, að þeir hafa eyðilagðir verið bæði af náttúrunnar og manna völdum, og svo líka af hinu, að ýmisleg trè vaxa og dafna vel á þeim stöðum, sem hvorki hafa landrymi, jarðveg eður meðalhita til jafns við þetta land, enda hefir reynslan sýnt, að einstökum mönnum hefir tekizt að planta hér skóga, og með því nú yðar konunglegu hátignar hásælu fyrirrennarar svo þráfaldlega áður hafa sýnt, hve annt þeim var um upplýsingu og framfarir lands þessa með því að senda hingað vísindamenn ýmsra erinda án þess kostnaðurinn við ferð þeirra væri lagður á landið, þá fulltreystir þingið yðar konunglegu hátign til þess allramildilegast að verða við þeirri allraþegnsamlegustu bæn þingsins, er það fram ber með 22 samhljóða atkv.:

1. Að yðar hátign allramildilegast mætti þóknast að skipa svo fyrir, að samdar og prentaðar verði almennar reglur um viðhald og aukningu hinna íslenzku birkiskóga og reglum þessum síðan útbýtt meðal almennings.
2. Í einu hljóði, að yðar hátign allramildilegast mætti þóknast að senda hingað æfðan og duglegan skógfræðing til að ferðast um landið og útvelja þá staði, sem bezt virtust fallnir til trjáplöntunar, og segja síðan álit sitt um, hvernig þessu bezt mundi verða fyrir komið.

Reykjavík, 9. ágúst 1865.

Allraþegnsamlegast

Jón Sigurðsson. Stefán Thordersen.

BÆNARSKRÁ

til konungs viðvíkjandi endurbót á ýmsum greinum, er snerta lækna-
skipunina á Íslandi.

Jafnframt því, sem fulltrúi yðar konunglegu hátignar lagði af hendi stjórnarinnar þá fyrirspurn fyrir þingið, hvort það vildi láta verja til læknakennslunnar í Reykjavík þeim 200 rd., sem samkvæmt konungsúrskurði 12. ágúst 1848 eru ætlaðir úr jafnaðarsjóði hvers amts til kennslu aðstoðarlækna, þrátt fyrir það, þótt stjórnin eigi hefði fallið á aðrar uppástungur þingsins 1863 viðvíkjandi lækna-málinu, þá komu og til þingsins ýmsar bænarskrár og uppástungur, er lutu að því, að hrinda þessu áriðandi máli landsins í við-unanlegra horf, en það enn er komið.

Þingið tók mál þetta í heild sinni til lögboðinnar meðferðar, kaus 5 manna nefnd til að íhuga það, ræddi það síðan á lögskipaðan hátt á tveimur aðalfundum, og leyfir sér nú allraþegnsamlegast að bera fram fyrir yðar hátign óskir sínar og bænir í þessu máli.

Íslendingar hafa lengi til þess fundið, hversu illa þeir eru staddir með læknishjálpi, hvort heldur er í bráðum sjúkdómstilfellum eða hættulegum landfarsóttum, þar sem á svo stóru og ógreiðfæru landi eru að eins 8 lækna, þegar öll embættin eru skipuð; og alþingi virðist það hljóta að vera hverjum einum auðsætt, að meginþorri landsmanna verður, meðan svo stendur, að vera án allrar læknishjálpar, hvað sem á liggur. Það er auðsætt, að landinu er alls eigi borgið með lækna, fyrr en einn er kominn í hverja sýslu landsins að minnsta kosti; en þessum þörfum landsins hefir hingað til eigi orðið fullnægt sökum þess, að lækna hefir vantað, jafnvel einmitt í þessi 8 embættin sem til eru. En nú virðist svo, sem nokkuð ætli að fara að rætast úr þessum læknaþorti, því að auk þess, sem nokkrir Íslendingar eru nú í Kaupmannahöfn, sem leggja sig eptir læknisfræði, og sumir langt komnir með nám sitt, þá hefir og landlæknirinn nú sem stendur 5 lærisveina, sem líkandi eru til, að geti lokið prófi sínu, sumir nú í sumar, en hinir á næsta sumri. Þingið verður því að telja víst, að nú megi þegar stíga hið fyrsta fet til að bæta úr nauðsyn landsmanna með fjölgun lækna. En úr henni er þó hvergi nærri bætt til fullnustu fyrir þetta; og upplýtatningar og næga aðstoð vantar enn til þess, að

svo margir leggi stund á læknisfræði, að nóg lækna-efni verði fyrir höndum; en til þess verður þingið að telja tvo vegu, það að yðar konungleg hátign stofni þegar fleiri læknisembætti hér á landi, svo að menn geti átt það víst, að þeir eigi vinni til einskis, og líka þann, að efla læknakemisluna hér á landi svo, að þeir, sem leggja læknisfræðina fyrir sig, geti notið sama styrks, og þeir, sem t. a. m. ganga í prestaskólann. Að því er hið fyrra atriðið snertir, ætlar þingið nægja, að nú verði þegar stofnuð 7 ný lækna-embætti í þeim sýslum, sem síðar segir, svo að menn geti átt víst að komast að jafnóðum og nokkrir eru til að sækja um þau; en það ætlaði og, að þessum mönnum þurfi eigi að ætla allskostar jafnhá laun, og hinum eldri læknum, bæði sökum þess, að þeir kosti minna til námsins, og líka sökum þess, að umdæmi þeirra verður talsvert minna en hinna eldri, og embættisamir þeirra því bæði minni og léttari. Auk þess verður þingið að telja réttast og hagfelldast, að allir lækna-her á landi fái rétt til, að kaupa sjálfir lyf þau, sem þeir þurfa frá útlöndum, en séu eigi bundnir við, að kaupa þau í lyfjabúðunum hér á landi; mætti slíkt má ske verða þeim nokkur tekju-auki. Þinginu er það reyndar fullkunnugt, að sú hefir verið tilætlun stjórnarinnar, að tekjum lækna-sjóðsins, sem stofnaður var með allrahæstum úrskurði 12. ágúst 1848, yrði varið til að launa fyrir læknum hér á landi; en allt um það getur þingið eigi lagt það til að þessu sinni, að nú verði þegar farið að verja tekjum þessum til slíks, því að það mundi verða til allt of mikils hvekkis fyrir aukningu sjóðsins, sem þó er næsta nauðsynleg, til þess að sjóðurinn á sínum tíma og það sem allrafyrst geti borið þau gjöld, sem honum er ætlað að bera. Þingið sér því eigi önnur ráð nú sem stendur til að launa þessum nýju læknum, en allra-þegnsamlegast að beiðast þess, að laun þessara nýju lækna eins og hinna eldri, allramildilegast mættu verða veitt úr ríkissjóði, þang-að til fjárhagur Íslands og konungsríkisins verður að skilum.

Að því er snertir styrk til læknakemislunnar hér í Reykjavík verður þingið að vera á þeirri skoðun, að réttast sé að verja hér eptir til hennar þeim 200 rd., sem samkvæmt konungsúrskurði 12. ágúst 1848 átti árlega að borga til kennslu fyrir hina svo kölluðu aðstoðarlækna, þar sem nú hefir reyndin á orðið, að ekkert hefir áunnizt með þessum úrskurði til framfara læknaskipunarinnar hér á landi, og engir lært til þess að verða aðstoðarlækna á eptir; en þó vill þingið áskilja það, að ef héraðslækna taka einhverja til

kennslu, að þeir þá eigi kost á, að fá þenna styrk til þess úr jafnaðarsjóðnum. En þyki stjórn yðar hátignar það of ísjárvert, að leggja þetta fê til læknakennslunnar hér í Reykjavík, sêr það eigi önnur úrræði, en allraþegnsamlegast að beiðast þess, að enn verði veittur til kennslu þessarar nokkurt fê úr lækna sjóðnum, að minnsta kosti fyrst um sinn, bæði til styrks handa piltum, sem læknisfræði nema, og til kaupa á bókum og áhöldum, sem nauðsynleg eru við kennsluna, og ósanngjarnt er og ofætlun, að landlæknirinn kaupí á sinn eigin kostnað.

Enda þótt þinginu sê kunnugt, að stjórn yðar hátignar hafi í undirbúningi málið um betra fyrirkomulag á spítalatekjunum, en nú er, leyfir það sêr allraþegnsamlegast að beiðast þess, að þessu máli yrði flýtt svo mjög sem auðið er, með því að það mál er næsta mjög áriðandi fyrir aukningu lækna sjóðsins, og því líka fyrir læknaskipunarmálið í heild sinni.

Af læknafæð þeirri, sem er hér á landi, hefir það leitt, að menn hafa neyðzt til, að leita til þeirra manna, sem við lækningar hafa fengizt, enda þótt þeir engrar kennslu hafi notið, og hafi þeim tekizt tilraunir sínar, hefir aðsóknin að þeim orðið næsta mikil, og það svo, að þeir hafa orðið fyrir það að vanrækja meira eða minna sitt eigið gagn. Sumir þessara manna má og með sanni segja, að hafi verið bjargvættir héraðs síns, þar sem til engra hefir verið að flýja nema til þeirra. Einn af þessum mönnum er Jón Guðmundsson á Hellu í Strandasýslu. Maður þessi hafði áunnið sêr traust sýslubúa sinna, enda hafði hann og gjört sêr mikið far um, að komast niður í læknisvísindum, og hafði landlæknirinn reynt hann, og gefið honum þann vitnisburð um kunnáttu hans, að hann gæti gagnað með lækningum sínum, þar sem eigi yrði náð til læknishjálpar. En með því hann sökum fjárhags síns eigi treystist lengur til, að halda fram lækningum sínum, nema hann fái einhvern styrk, rituðu íbúar Strandasýslu alþingi að þessu sinni, bænarskrá um, að það vildi allraþegnsamlegast beiðast þess, að tæðum Jóni Guðmundssyni yrði veittur úr lækna sjóðnum árlega 100 rd. styrkur. Þingið getur eigi annað en gefið bôn þessari hin beztu meðmæli sín, með því þessi maður er hinn eini, er þeir geta vænzt nokkurrar hjálpar af í sjúkdómstílfellum; því að svo er langur vegur úr Strandasýslu hvort heldur til læknisins í Húnavatnssýslu eða læknisins á Ísafirði, og svo torsóttur vegur, að þeir að eins mjög sjaldan geta til þeirra náð, og ber því nauðsyn til,

að styrkja hann að nokkru, svo að sýslubúar geti þó notið einhverrar læknishjálp, meðan enginn læknir er þar eða svo í grenndinni, að þeir geti til náð. Þó vill þingið að þessu sinni eigi beiðast meira, en að honum yrði veittir 100 rd. í eitt skipti fyrir öll, og virðist því hagfelldast og minnstum vandræðum bundið, að þessir 100 rd. væru teknir af þeim 4000 rd., sem ætlaðir eru til óvissra útgjalda fyrir Ísland.

Annar maður, sá er að þingsins áliti sé umbunarverður fyrir læknishjálpi þá, sem hann hefir látið í té bæði sýslubúum sínum og öðrum, er dannebrogsmáður Þorleifur Þorleifsson í Bjarnarhöfn í Snæfellsnessýslu. Maður þessi er reyndar efnaður, og þarf fyrir þær sakir eigi styrks við; en hann hefir svo mörgum hjálpað, og lagt svo mikið í sölurnar, þar sem hann bæði einatt ferðast langar leiðir til að vitja sjúklinga fyrir alls ekkert, og gefur að auk mörgum fátækum meðöl, sem þeir þarfnast og jafnvel tekur marga til sín um lengri tíma með öllu endurgjaldslaust, að þingið getur eigi annað en mælt með því kröptuglega, að honum sé veittir úr ríkissjóði 100 rd., eigi sem styrkur, heldur sem heiðursgjöf.

Þá er kanseliráð Gísli Hjálmarson fékk lausn frá embætti sínu, var héraðslæknir J. Finsen á Akureyri settur til að gegna læknistörfum í Múlasýslum og Skaptafellssýslu eystri. En með því umdæmi hans þannig varð svo ákaflega stórt, að honum með engu móti var auðið, að geta gegnt þörfum manna í hinum fjarlægari hlutum þess, fékk hann kand. Bjarna E. Thorlacius til þess sem aðstoðarlæknir að setjast að í Múlasýslunum og gegna þar læknistörfum, svo að þær sýslur væru eigi með öllu læknislausar. Þessi maður hafði áður um nokkur ár stundað læknisfræði í Kaupmannahöfn, og þykir allvel að sér í sinni menntun og hefir gjört mikið gagn sem aðstoðarlæknir. Þar sem nú að héraðslæknir J. Finsen eigi nýtur nema helmings þeirra launa, sem ætluð eru héraðslækni í Múlasýslum og Skaptafellssýslu eystri, þykir þinginu vel fallið, að herra B. Thorlacius fái að njóta hins helmingsins, meðan hann gegnir embættinu, og telur það eina ráðið til þess, að eiga það víst, að hann haldist þar eystra; því að annars má við því búast, að hann hverfi á burt þaðan þegar minnst vonum varir, og eru þá þessar sýslur því nær með öllu útilokaðar frá allri læknishjálp.

Af framanskrifuðum ástæðum leyfir þingið sér með 20 atkv. allra þegnsamlegast að beiðast þess:

1. Að stofnuð verði 7 ný lækna-embætti hér á landi í þeim sýslum, er nú skal greina :
 - a, Með 23 atkv. gegn 1: læknisembætti í Austur-Skaptafellssýslu.
 - b, Með 23 atkv.: læknisembætti í Þingeyjarsýslu.
 - c, Með 23 atkv.: læknisembætti í Barðastrandar- og Strandasýslum.
 - d, Með 24 atkv.: læknisembætti í Borgarfjarðar- og Mýrasýslum.
 - e, Með 24 atkv.: læknisembætti í Árnessýslu.
 - f, Með 20 atkv. gegn 2: læknisembætti fyrir Suðurnes og Gullbringusýslu.
 - g, Með 24 atkv.: læknisembætti í Norður Múlasýslu.
2. Með 20 atkv.: að læknaþeir, sem skipað verður í þessi embætti, taki sér bólfestu á þeim stað í sýslu hverri, sem hentastur er eftir héraðsstærð og landslagi, og (með 17 atkv. gegn 1), að bústaður þeirra verði ávalt tiltekinn í veitingabréfum þeirra.
3. Með 14 atkv. gegn 11: að þessir læknaþeir og allir hinir eldri læknaþeir öðlist rétt til, að kaupa sjálfir lækna-meðöl frá útlöndum, halda lyfjabúð og fara með meðalasalölu.
4. Með 24 atkvæðum: Að læknaþessir byrji með 400 rd. launum, er hækkir um 100 rd. þriðja hvert ár, unz þau hafa náð 800 rd. upphæð.
5. Með 24 atkvæðum: Að veitt verði úr ríkissjóði fyrst um sinn, unz fjárhagur landsins er aðskilinn, það er hér til útheimtist.
6. Með 13 atkv. gegn 6: Að þeir 200 rd. úr hvers amts jafnaðarsjóði, sem samkvæmt konungsráðgjafi 12. ágúst 1848 áttu árlega að borgast til kennslu fyrir hina svo kölluðu aðstoðarlækna, hér eftir verði árlega lagðir til eflingar læknakennslunnar í Reykjavík (og með 12 atkv. gegn 10), þó svo, að læknaþeir í hinum ömtunum eigi heimting á þessu fæ, ef þeir kenna nokkrum lækna-efnum eða aðstoðarlæknum.

En fáið það eigi, þá
7. Með 13 atkv. gegn 8: að veittir verði enn fremur úr spítalaskjóðnum 400 rd. til læknakennslu fyrst um sinn, og

- 200 rd. um tvö ár til að kaupa fyrir verkfæri og bækur handa læknakennslunni.
8. Með 22 atkv.: Að stjórnin svo fljótt, sem auðið er, komi á betra fyrirkomulagi á tekjur læknasjóðsins svo þær megi aukast sem mest.
 9. Með 18 atkv.: Að aðstoðarlækni Jóni Guðmundssyni á Hellu í Strandasýslu verði veittur af þeim 4000 rd., sem ætlaðir eru til óvissra útgjalda á Íslandi, 100 rd. styrkur eitt skipti fyrir öll, til að halda fram lækningum.
 10. Með 17 atkv.: Að dannebrogsmanni Þorleifi Þorleifssyni í Bjarnarhöfn verði úr ríkissjóðnum veittir 100 rd. einu sinni fyrir allt í heiðursskyni.
 11. Með 19 atkv. gegn 1: Að kandidat Bjarna E. Thorlacius, aðstoðarlækni í Austfirðingafjórðungi, verði hær eptir veittur úr ríkissjóði helmingur hinna lögákveðnn læknislauna í Austfirðingafjórðungs-læknisdæmi, meðan hann gegnir því embætti, og það eigi verður veitt.

Reykjavík, 25. ágúst 1865.

Allraþegnsamlegast

Jón Sigurðsson. Jón Hjaltalín.

BRÉF

konungsfulltrúa (samkvæmt hinni konunglegu auglýsingu II 10.) um hvort gjalda skuli 200 rd. úr hvers amts jafnaðarsjóði til eflingar læknakennslunni í Reykjavík.

Eins og segir í hinni konunglegu auglýsingu til alþingis í þetta skipti, hefir stjórnin, út af uppástungu alþingis í læknaskipunarmálinu árið 1863, um að 200 rd. af hlutaðeigandi amta jafnaðarsjóðun skuli samkvæmt konungsráskurði 12. ágúst 1848 eptirleiðis greiddast til eflingar læknakennslu í Reykjavík, fundið ástæðu til að gefa þinginu tilefni til að segja álit sitt um, hvort það óski, að fæ þessu verði varið á þann hátt, sem nú var sagt, eins fyrir það, þó aðaluppástunga þingsins í bænarskrá þess frá 1863 um stofnun spítala í Reykjavík, ekki hafi orðið til greina tekin.

Út af þessu leyfi eg mæ hær með að biðja yður, herra alþingis-

forseti, þenustusamlega um að senda formanni nefndar þeirrar, sem nú er sett í læknaskipunarmálinu, þetta bréf mitt með þeim fyrirætlum yðar, að þetta hær greinda atriði verði tekið undir yfirvegum í nefndinni, og tekið til greina í nefndarálitinu, svo stjórnin fái vitneskju um vilja og ósk alþingis í ofangreindu tilliti.

Reykjavík 31. júlí. 1865.

Th. Jónasson.

ÁVARP

til konungs frá alþingi.

Nú er alþingi Íslendinga kemur saman, hið fyrsta sinu eptir fráfall Friðriks konungs hins 7. og eptir að yðar hátign hefir tekið við ríkisstjórn, finnum vör fulltrúar Íslendinga, sem hær erum á þingi, oss til knúða að senda yður, vor mildasti konungur og herra, Kristján hinn 9., þetta allraþegusamlegasta ávarp vort af hendi alþingis og allra Íslendinga.

Allramildasti konungur! Meðtakið hær með náðarsamlegast þegnlega trú og hollustu allra Íslendinga, er þeir jafnan hafa alið í brjósti sér til konunga sinna, og þar með innilega sambryggð vora og hluttöku í mótlæti því, er færzt hefir yfir lönd yðar hátignar og samþegna vora í Danmörku á yðar fyrsta ríkisstjórnarári. Hin mikilvægu upplvatningar og áminningarorð yðar hátignar, er að þessum þungu atburðum lúta í allrahæstu bréfi til gjörvallra þegna yðvarra, dags. 16. nóv. 1864, hafa endurhljómað í brjóstum allra Íslendinga: »að samheldi gefi lítilmagnanum kragt, og að mótlætið sjálft hefir í sér fölgnað öflugustu hvatir til þess að sameina og tengja fastara saman«. Mannfæð þessa lands og fátækt, náttúru annmarkar þess og hin mikla fjarlægð frá veldisstóli yðar hátignar gjörir það, að þessi yðar konunglegu orð hljóta að vera Íslendingum mikilvæg og minnisföst fremur en öllum öðrum þegnum yðar hátignar.

Allramildasti konungur! Þessu næst dirfist alþingi Íslendinga allraþegusamlegast 'að tjá yðar hátign þjóðlegar þarfir sínar og vönir og óbifanlegt traust, að þær, vor mildi konungur, sjáið lands-

föðurleg ráð til að ráða bót á þeim sem fyrst, samkvæmt fyrirheitum yðar sjálfs og konunglega orði til vor Íslendinga.

Kristján konungur 8. stofnaði og veitti Íslendingum alþingi með öllu hinu sama valdi og verkahring eins og standaðingin í Danmörku þá höfðu, og voru þar með viðurkennd og treyst sérstök landsrættindi vor, þjóðerni vort og tunga til jafns við aðra ríkishluta hins danska konungsveldis. Sonur hans, Friðrik konungur 7., hinn há sæli fyrirrennari yðar hátignar, veitti samþegnum vorum í Danmörku algjörða stjórnarbót, og mjög frjállega, og gaf hann Íslendingum jafnframt hið konunglega fyrirheiti í allra hæsta bréfi 23. sept. 1848, um það, að ekkert skyldi afraðið verða um stjórnarbót Íslands og stöðu þess í konungsveldinu fyrr en búið væri að leggja það mál fyrir sérstakan fund í landinu sjálfu. Þessi mildilegu heityrði Friðriks konungs urðu vart misskilin, enda voru þau ekki misskilin með fyrsta. En það leiddi meðfram af fyrirkomulagi hinnar nýju stjórnarskipunar í Danmörku, eins og það þá var, að ráðgjafastjórnin þóttist geta dregið og leitt hjá sér að koma þessari landsföðurlegu tilætlun í verk. Tilraunir stjórnarinnar 1851, sem að þessu lútu, náðu eigi tilgangi sínum, og við það hefir staðið um þau 14 ár, sem síðan eru liðin; heityrðin í konungsbréfinu 23. sept. 1848 eru enn óefnd, staða Íslands í konungsveldinu er óákveðin enn í dag, alþing er að eins ráðgjafarþing, og konungur vor er í Danmörku takmarkaður í stjórn sinni af löggjafarþingi Dana og þeirri ráðherrastjórn, er hefir ábyrgð allra stjórnarathafna sinna fyrir því þingi, en það eitt hefir nú um hrið haft atkvæði um fjárveitingar til Íslands; æ fleiri og fleiri landsmál vor og úrslit þeirra hafa á þessu tímabili dregið hëðan til Danmerkur, vafizt og frestazt.

Allramildasti konungur! Þegar í allra hæstu bréfi yðar til Íslendinga 23. febr. f. á. hefir yðar hátign lýst yfir þeim föstum ásetningi, að auðsýna öllum þegnum yðrum sama réttlæti og sömu velvild; og sömuleiðis hefir yðar hátign í 2 bréfum yðrum 8. júlí og 12. nóv. s. árs gefið Íslendingum yðar konunglegt orð um það, að heill Íslands liggi yður ríkt á hjarta, og að yðar hátign skuli leitast við að sjá og framfylgja hag Íslands, einkum með því, svo fljótt sem auðið er, að koma því skipulagi á stjórnarmálefni landsins, sem yðar há sæli fyrirrennari hafði lagt undirbúninginn að. Þessum konunglegu yfirlýsingum og landsföðurlegu heityrðum yðar hátignar hafa allir Íslendingar og fulltrúar þeirra tekið með mikl-

um fögnuði og þegnsamlegasta trausti og tengt þar við hin konunglegu áminningar- og upphvatningarorð yðar hátignar í allra-hæstu bréfi 16. nóv. f. á. Öll þessi hin konunglegu fyrirheiti gefa alþingi þegnsamlega djörfung til að koma fram fyrir háseti yðar hátignar með ávarp þetta, og fylla þau alla Íslendinga því samhuga og óbifanlega trausti, að þér, herra konungur, af réttlæti yðru og landsföðurlegum velvilja til þessa lands sjáið ráð til þess að ráða þjóðfrelismáli Íslendinga sem fyrst og sem bezt til lykta, og í þá stefnu og með þeim hætti, er konungsbréf 23. sept. 1848 ákveður.

Allramildasti konungur! Alþingi treystir gæzku yðvarri og réttvísi. Drottinn hinn almáttki gefi yðar konunglegu hátign vís-dóm og styrk til að fullnægja hinni alvarlegu og vandamiklu köll-un, sem forsjónin hefir yður á hendur falið. Drottinn hinn al-valdi blessi konungdóm yðvarn og ríkisstjórn; hann haldi sínum verndarskildi yfir yðar konunglegu hátign, ætt yðvarri og niðjum, og veiti yðar hátign langt líf og auðnusamt.

Reykjavík, 25. ágúst 1865.

Allraþegnsamlegast

Jón Sigurðsson. Jón Guðmundsson.

Viðbætur.

FRUMVARP

til opins bréfs fyrir Ísland, er leyfir að afferma og ferma gufuskip á sunnudögum og öðrum helgidögum¹.

Það skal hér eptir leyft vera að afferma og ferma gufuskip á sunnudögum og öðrum helgidögum, þó eigi meðan messugjörð fer fram á þeim stað, nema brýn nauðsyn til beri.

ÁSTÆÐUR fyrir frumvarpi þessu.

Á síðastliðnu sumri sendu útgjörðarmenn hins íslenska gufupóstskips, dómsmálastjórninni bænarskrá um að fá leyfi til þess, að gufuskipið, þegar það er á Íslandi, megi afferma og ferma á sunnudögum fyrir og eptir messu, og tóku það fram, að þetta væri þeim mjög áriðandi til að flyta afgreiðslu skipsins. Út af þessu kunngjörði dómsmálastjórnin beiðendunum, að leyfi þetta yrði ekki veitt eptir lögum þeim, er nú gilda á Íslandi, en þótti á hinn bóginn ástæða til að leita álits stiptamtmannsins á Íslandi um, hvort ekki mundi réttast að reyna að fá löggjöfinni íslenzku um þetta efni breytt þannig, að gufuskip megi afferma og ferma á sunnudögum líkt og ákveðið er fyrir konungsríkið í tilskipun 26. dag marzm. 1845 2. gr., með því orsökkin til þess, að slík ákvörðun ekki var sett í hina íslenzku helgidagatilskipun, dags. 28. dag marz 1855, virðist einkum hafa verið sú, að þegar það lagaboð kom út voru ekki líkindi til, að komast mundu á gufuskipaferðir til Íslands.

Í álitsskjali sínu um málið gat stiptamtmaðurinn þess, að skipstjórinn, sem nú er á gufupóstskipinu, ávallt hafi fengið leyfi hjá lögreglustjórnunum bæði í Reykjavík og í Hafnarfirði til að afferma og ferma skipið á sunnudögum fyrir og eptir messu, venjulega til dagmála og frá því einni stundu eptir nónn; virðist honum því útgjörðarmennirnir enga ástæðu hafa haft til að senda stjórnarráðinu

¹) Þetta frumvarp átti að koma eptir frumvarpið um fjárkláða o. s. frv. á bls. 164, en af því það gleymdist úr, kemur það hér, og er nefndarálitid um það á bls. 219, atkvæðaskrá bls. 231 og álitsskjal til konungs bls. 234.

bænaraskrá sína, en á hinn bóginn álitur hann, að gildandi lög ekki heimili lögreglustjórnum vald til að veita slíkt leyfi, og þar að auki sé sá galli á því, að aðrir skipstjórar skýrskoti til þess, og sé þá hætt við, þegar þeim sé synjað um leyfið, að þeir haldi, að þeir verði fyrir réttarneitun eður gjörræði. Stiptamtmaðurinn hélt þó að eigi mundi þurfa að fá neina breyting á hinum gildandi lögum, heldur mundi nægja, að *stjórnarráðið* lèti stiptamtið veita lögreglustjórnum í Reykjavík og í Hafnarfirði vald til að leyfa gufupóstskipinu að afferma og ferma á sunnudögum og helgidögum fyrir og eptir messu.

Í álitsskjali, er stjórnarráðinu barst um sama leyti, reyndi bæjarfógetinn í Reykjavík að sýna fram á, að Reykjavíkurhöfn eptir ásigkomulagi sínu verði að teljast með þeim stöðum, sem um er rætt í tilskipun 28. marzm. 1855, 2. grein, þar sem svo segir: »Ferma má einnig og afferma á þessum tíma önnur skip þegar svo stendur á, að nota verður til þess gott veður og hagstæðan vind«. Þessari skoðun til styrkingar tekur bæjarfógetinn fram, að á Reykjavíkurhöfn verði skip venjulega ekki fermd og affermd þegar stinningskaldi sé fyrir utan eyjar þær, sem mynda höfnina, en svo sé ót einkum þegar líður á sumar, og þegar lítið sé á, hversu mjög rigningar og snjócoma geti tafið fyrir, að skip verði affermd og fermd, þá verði því varla neitað, að Reykjavíkurhöfn nema um hásumarið verði að teljast með þeim höfnum, sem nefndar eru í þeirri málsgrein, sem næst er hinni síðustu í 2. grein tilskipunarinnar, en þar megi lögreglustjórinn eptir 13. grein, smbr. 7. grein, leyfa eður veita samþykki sitt til, að skip sæu affermd eða fermd á sunnudögum og öðrum helgidögum fyrir og eptir messu.

Dómsmálastjórnin hefir þegar lýst yfir þeirri skoðun sinni í úrskurði, dagsettum 8. dag marzm. 1856, að Reykjavíkurhöfn ekki verði talin með þeim stöðum, sem um er rætt í 2. grein tilskipunarinnar (opið pláss), enda virðist það og verða enn ljósara, að þessi skoðun sé rétt af því, að flestar hafnir á Íslandi að öðrum kosti kæmust inn undir ákvörðun þessa, þar sem það þó er auðsætt, að hún að eins á að vera sérstakleg undantekning og má enn fremur geta þess, að skoðun bæjarfógetans leiddi til þess, sem þó væri óeðlilegt, að stundum yrði að telja Reykjavíkurhöfn með þessum stöðum, en stundum ekki. Það verður eigi heldur álitíð, að tilskipunin, eins og bæjarfógetinn heldur, veiti lögreglustjórninni neitt vald til *eptir atvikum*, að *leyfa* að afferma og

ferma skip á þeim tíma, sem hér er um rætt, og þess vegna getur eigi heldur dómsmálastjórnin, sem í þessu tilliti ekki verður skoðuð öðruvísi en sem æðsta lögreglustjórn, álitid sig eiga með að þiggja menn undan því boði í helgidagatilskipuninni, sem hér er umtalsefni.

Þar sem nú við þetta bætist, að bannið gegn því að afferma og ferma skip á sunnudögum og öðrum helgidögum er því tilfinnanlegra á Íslandi, sem það nær yfir allan daginn og þar er engin undantekning gjörð um þau tilfelli, þegar nauðsyn ber að höndum, eins og gjört er í helgidagatilskipuninni frá 26. marzm. 1845, er í konungsríkinu gildir (sjá niðurlag 2. greinar í þeirri tilskipun), þá hefir dómsmálastjórnin álitid, að ástæða væri til að fá laga-ákvörðun um hið sama leyfi fyrir gufuskip til að ferma og afferma á sunnudögum og öðrum helgidögum hvervetna á Íslandi, sem veitt er í Danmörku í síðastgreindu lagaboði, og það því fremur, sem líkindi eru til, að fleiri gufuskip en póstskipið fari eptirleiðis að koma til Íslands, og leyfi þetta þannig ekki að eins greiddi fyrir póstagöngunum, heldur og yrði að gagni fyrir verzlunarstéttina.

BÆNARSKRÁ

frá sýslufundi í Skagafjarðarsýslu (dagsett 20. júní 1865) um takmörkun brauðasameininga¹ o. fl.

Það er efalaust ein af hinum helztu máttarstyttum bæði andlegrar og líkamlegrar farsældar hjá hverri þjóð, að hafa velmenntaða og árvakra embættismenn, í hverri helzt embættisstöðu sem þeir eru; en þetta er því meira áriðandi, sem þeir eru í nánara sambandi við alþýðuna, og hafa þeim mun meiri áhrif á þjóðlífið; hjá oss Íslendingum eru það sannarlega prestarnir, sem hafa hin þýðingarmestu áhrif á þjóðlíf vort eptir stöðu sinni, því þeim er það ætlað, að gróðursetja trúækni, siðgæði og alþýðlega menntun, en þetta er undirstaða sannra þjóðheilla og þjóðlegra framfara í því,

1) Þetta er hin eiginlega bænarskrá, sem lögð var til grundvallar, og hinni sem stendur á bls. 170—171 var vísað til, en sú bænarskrá hefði átt að standa á bls. 216. Nefndarálit um báðar bænarskrárnar stendur á bls. 303—307 og skyldi þess þar getið, að málið var eptir uppástungu forseta gjört að innanþingsmáli og atkvæði greidd þá þegar við undirbúningsunæðuna, er féllu þannig, að uppástunga nefndariunar var samþykkt með 15 atkv. gegn 4.

sem til verulegra hagsælda horfir. Vær játum því fúslega, að undirbúnings menntun presta-efna vorra hefir á seinni árum tekið miklum framförum, þegar litið er á hið almenna, og bæði fyrir og seinna höfum vér átt marga árvakra og skyldurækna menn í hinni þýðingarmiklu prestastétt, þótt slíkt hafi, eins og ætíð, má við búast, verið nokkuð mismunandi eptir upplagi og eiginlegleikum mannanna sjálfra, en þó að góð undirbúningsmenntun og skyldurækin árvekni séu hin fyrstu og helztu skilyrði fyrir því, að prestar sem aðrir embættismenn standi vel í stöðu sinni, þá verður því þó aldrei neitað, að til séu ýmsar útvortis kringumstæður, sem geta gjört prestunum það miður mögulegt en skyldi, að rækja svo vel embætti sitt eins og sómi stéttar þeirrar og sannarlegt gagn safnaðanna útheimtir; eina af því líkum ytri kringumstæðum hafa menn álitíð þá, hvað prestarnir hefðu almennt litlar embættistekjur hér á landi, og því hafa menn líka nú á seinni árum verið að leita ýmsa ráða til þess, að bæta kjör prestanna. Eitt af þeim ráðum, sem að nokkrum hefir þótt hið tiltækilegasta, og fram fylgt hefir verið á nokkrum stöðum að undan förnu, er að sameina brauð, þar sem slíku hefir helzt þótt mega við koma; en þótt þetta ráð bæti nú á stöku stöðum úr tekjuskorti prestanna, og veiti þeim rífari atvinnu eptir en áður, þá hefir þó ráð þetta þann annmarka í för með sér, sem vér ætlum að öllu fremur en hinar litlu embættistekjur hamli þeim prestum, er slíkum brauðum þjóna, frá að stunda svo rækilega stöðu sína, sem vera þyrfti, samkvæmt landsháttum og þjóðarásigkomulagi hjá oss, því verkahringur þeirra verður ekki að eins stærri, heldur líka margbrotnari. Af stærðinni leiða iðugleg, kostnaðarsöm ferðalög, sem eru þreytandi fyrir prestinn og draga hann að mestu leyti frá allri umsjón heimilis síns og búskapar, sem flestir prestar hér á landi þurfa þó á að halda, eigi þeir að geta bjargast með töluverða fjölskyldu; það er líka reynsla fyrir því, að prestar á mjög örðugum brauðum, þó inntektameiri séu, eru ekkert betur staddir í efnalegu tilliti, heldur en hinir, sem eru á hægu brauðunum, og inntektalítlu, þegar hvorirtveggja rækja embætti sitt jafnvel, og aðrar ástæður þeirra eru líkar. Líka verður verkahringur þeirra margskiptari, þegar þeir verða að þjóna 3 og sumstaðar 4 kirkjum, og þak slíkt prestinum ekki litla fyrirhöfn, ef að uppfræðsla ungdomsins ætti að geta farið í því lagi af prestsins hálfu, sem allir vita að á þarf að halda hjá oss, þar sem börn njóta almennt ekki

annarar menntunar, en þeirrar, sem þau geta fengið í heimahúsum og hjá sóknarpresti sínum; þar að auki geta kirkjusöfnuðirnir í slíkum brauðum ekki átt kost á messugjörðum, nema 3. og 4. hvern sunnudag, þegar bezt lætur, en þar á mót þegar illviðri og aðrar óumflýjanlegar ástæður olla messuföllum, verður ef til vill, ekki stundum messað á hverri kirkju nema 2 eða 3 á missiri, en það virðist vera eptirtakanleg reynsla fyrir því, að þess sjaldnar menn fara í kirkju því ókirkjuræknari verða menn yfir höfuð að tala. Vær sjáum því ekki betur, en að of stór og of margskiptur verkahringur prestanna hljóti á ýmsan hátt að freista sjálfra þeirra til að rækja miður stöðu sína en vera skyldi, eins og það líka getur gjört binum einstöku söfnuðum óhægra fyrir og stundum ómögulegt að nálgast prestinn til ýmsra þeirra aukaverka, sem mest þykir á liggja einmitt af því, að presturinn er í embættisönnnum á fjærleggjandi stöðum, og verði þar á ofan beinlínis til þess að ala á þeim ókirkjulega anda og láttheldi, sem því miður virðist að fara í vöxt meðal ýmsra safnaða ef ekki á öllu landinu yfir höfuð að tala. Vær verðum því að álíta það í alla staði óhentugt og afleiðinga-illt, að prestar þurfi hér á landi eptir því sem til hagar að þjóna nema 2 kirkjum hver, og vær ætlum, að sumstaðar hagi svo til að, það mætti miklu fremur á stöku stað fækka kirkjum í prestaköllum heldur en fjölga kirkjum við prestana.

Vær leyfum oss því að biðja vort heiðraða alþing að semja og framsenda til konungs vors þá allraþegnsamlegustu bænarskrá:

1. Að hann hlutist til þess við stjórn sína, að engar brauðasameiningar eigi sér stað hér eptir á Íslandi, til þess að prestar þurfi að þjóna fleiri en 2 kirkjum í sama brauði, heldur verði að eins nágranna prestar settir til að þjóna þeim brauðum til bráðabyrgða sem enginn fæst til að sækja um.
2. Að í þeim brauðum, þar sem nú eru fleiri en 2 kirkjur, verði kirkjunum fækkað, annaðhvort með því að af taka kirkjur með ráði hlutaðeigandi safnaða, þar sem því má að ósekju við koma, eða þá með sundrungu slíkra brauða, þegar þau ei að síður virðast geta heitið lífvænleg fyrir prestana.

Í nafni sýslufundarins.

Ó. Sigurðsson, *Jakob Guðmundsson,*
forseti. skrifari.

Þingskjöl.

I.

KONUNGLEG AUGLÝSING TIL ALÞINGIS 9. júní 1865, bls. 3—10.

II.

KONUNGLEG FRUMVÖRP.

1. Konunglegt frumvarp til laga um nýtt fyrirkomulag á fjárhagssambandinu millum Íslands og konungsrikisins, með fylgiskjölum, bls. 11. Nefndarálit, bls. 417. Atkvæðaskrá, bls. 475. Álitsskjal til konungs, bls. 500.
Nefnd: Bergur Thorberg formaður og framsögumaður. Arnljótur Ólafsson skrifari. Jón Guðmundsson. Jón Sigurðsson. Halldór Jónsson. Benidikt Sveinsson. Ásgeir Einarsson.
2. Konunglegt frumvarp til reglugjörðar um að gjöra verzlunarstaðinn Ísafjörð að kaupstað og um stjórn bæjarmálefna þar, bls. 86. Nefndarálit, bls. 195. Atkvæðaskrá, bls. 215. Álitsskjal til konungs, bls. 229.
Nefnd: Bergur Thorberg formaður. Halldór Kr. Friðriksson framsögumaður. Ásgeir Einarsson.
3. Konunglegt frumvarp til opins bréfs um að stofna byggingarnefnd á kaupstaðnum Ísafirði, bls. 99. Nefndarálit, bls. 197. Atkvæðaskrá, bls. 216. Álitsskjal til konungs, bls. 230.
Nefnd: Bergur Thorberg formaður. Halldór Kr. Friðriksson framsögumaður. Ásgeir Einarsson.
4. Konunglegt frumvarp til laga um breyting á 6. og 7. grein í lögum 15. aprílmán. 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi, bls. 105. Nefndarálit, bls. 299. Atkvæðaskrá, bls. 330. Álitsskjal til konungs, bls. 361.
Nefnd: Eiríkur Kúld framsögumaður. Pétur Pétursson formaður. Stefán Jónsson.
5. Konunglegt frumvarp til laga um laun handa íslenskum póst-

embættismönnum, bls. 123. Nefndarálit, bls. 376. Atkvæðaskrá, bls. 391. Álitsskjal til konungs, bls. 443.

Nefnd: Benidikt Sveinsson formaður. Bergur Thorberg. Pétur Guðjónsson skrifari. Arnljótur Ólafsson framsögumaður. Jón Pétursson. Sveinn Skúlason. Jón Guðmundsson.

6. Konunglegt frumvarp til opins bréfs fyrir Ísland, er skipar fyrir um ýmislegt, er snertir póstgöngur, bls. 112. Nefndarálit, bls. 379. Atkvæðaskrá, bls. 392. Álitsskjal til konungs, bls. 445.

Nefnd: (sú sama og í málinu á undan).

7. Konunglegt frumvarp til laga um brennivínsverzlun og brennivínsveitingar á Íslandi, bls. 129. Nefndarálit, bls. 310. Atkvæðaskrá, bls. 329. Álitsskjal til konungs, bls. 357.

Nefnd: Halldór Kr. Friðriksson formaður og framsögumaður. Sighvatur Árnason. Jón Bjarnason. Ólafur Sigurðsson. Ásgeir Einarsson.

8. Konunglegt frumvarp til tilskipunar um laun handa hreppstjórum, bls. 137. Nefndarálit, bls. 367. Atkvæðaskrá, bls. 385. Álitsskjal til konungs, bls. 485.

Nefnd: Sighvatur Árnason framsögumaður. Ásgeir Einarsson. Jón Bjarnason. Arnljótur Ólafsson formaður. Jón Pálmason.

9. Konunglegt frumvarp til tilskipunar um verzlunarvog á Íslandi, bls. 142. Nefndarálit, bls. 195. Atkvæðaskrá, bls. 215. Álitsskjal til konungs, bls. 228.

Nefnd: Sveinn Nielsson formaður og framsögumaður. Jón Pétursson. Pétur Guðjónsson skrifari.

10. Konunglegt frumvarp til tilskipunar, er nákvæmar ákveður ýmislegt viðvikjandi prestaköllum á Íslandi, bls. 146. Nefndarálit, bls. 232. Atkvæðaskrá, bls. 285. Álitsskjal til konungs, bls. 307.

Nefnd: Sveinn Nielsson. Halldór Jónsson framsögumaður. Helgi G. Thordersen. Pétur Pétursson. Stefán Eiríksson.

11. Konunglegt frumvarp til tilskipunar um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, bls. 157. Nefndarálit, bls. 402. Atkvæðaskrá, bls. 456. Álitsskjal til konungs, bls. 487.

Nefnd: Benidikt Sveinsson framsögumaður. Jón Pálmason.

- Stefán Jónsson. Sighvatur Árnason. Jón Guðmundsson formaður. Hjálmur Pétursson. Bergur Thorberg.
12. Konunglegt frumvarp um að ferma og afferma gufuskip á helgidögum (í viðbætinum), bls. 538. Nefndarálit, bls. 219. Atkvæðaskrá, bls. 231. Álitsskjal til konungs, bls. 284. Nefnd: Helgi G. Thordersen formaður. Eiríkur Kúld. Jón Pétursson framsögumaður.
13. Frumvarp til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi, bls. 236. Nefndarálit, bls. 460. Atkvæðaskrá, bls. 479. Álitsskjal til konungs, bls. 506. Nefnd: Jón Guðmundsson framsögumaður. Halldór Jónsson skrifari. Pétur Pétursson formaður. Ásgeir Einarsson. Jón Pálmason.

III.

KONUNGLEG ÁLITSMÁL.

1. Um endurskoðun laganna 19. janúar 1863 um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi (Sjá sjálf lög in í alþingistíðindunum 1863 í II parti, viðbæti bls. 29). Nefndarálit, bls. 400. Atkvæðaskrá, bls. 431. Álitsskjal til konungs, bls. 523. Nefnd: Halldór Jónsson skrifari. Jón Guðmundsson formaður og framsögumaður. Jón Bjarnason. Jón Sigurðsson. Ólafur Sigurðsson.
2. Um lögleiðslu danskra lagaboða. Nefndarálit, bls. 348. Atkvæðaskrá, bls. 354. Álitsskjal til konungs, bls. 526. Nefnd: Jón Pétursson formaður og framsögumaður. Benidikt Sveinsson. Jón Guðmundsson skrifari.

IV.

ÞEGNLEGAR BÆNARSKRÁR OG UPPÁSTUNGUR,

sem nefndir voru settar í og bænarskrár ritaðar konungi.

1. Bænarskrá úr Þingeyjarsýslu um gufuskipsferðir umhverfis Ísland, bls. 164. Nefndarálit, bls. 288. Atkvæðaskrá, bls. 296. Bænarskrá til konungs, bls. 326. Nefnd: Arnljótur Ólafsson formaður. Jón Sigurðsson. Stefán Jónsson. Sveinn Skúlason skrifari og framsögumaður. Jón Hjaltalín.
2. Bænarskrá úr Barðastrandarsýslu um lagaskóla á Íslandi, bls.

165. Nefndarálit, bls. 324. Atkvæðaskrá, bls. 338. Bænar-
skrá til konungs, bls. 363.
Nefnd: Benidikt Sveinsson skrifari. Eiríkur Kúld formaður og
framsögumaður. Jón Pétursson.
3. Bænarsskrá úr Austur-Skaptafellssýslu um stofnun læknisem-
bættis, bls. 179 (sbr. bls. 387). Nefndarálit, bls. 432. At-
kvæðaskrá, bls. 470. Bænarsskrá til konungs, bls. 529.
Nefnd: Jón Hjaltalín formaður og framsögumaður. Stefán Ei-
ríksson. Ásgeir Einarsson. Eiríkur Kúld skrifari.
Jón Sigurðsson.
4. Bænarsskrá úr Mýrasýslu um skyldur svaramanna, bls. 184.
Nefndarálit, bls. 396. Atkvæðaskrá, bls. 413. Bænarsskrá til
konungs, bls. 496.
Nefnd: Jón Hjaltalín framsögumaður. Hjálmur Pétursson. Jón
Bjarnason skrifari.
5. Bænarsskrá frá Mýrasýslu um að löggilda Brákarpoll fyrir kaup-
tún, bls. 190. Nefndarálit, bls. 334. Atkvæðaskrá, bls. 347.
Bænarsskrá til konungs, bls. 371.
Nefnd: Hjálmur Pétursson formaður og framsögumaður. Arn-
ljótur Ólafsson skrifari. Björn Pétursson.
6. Bænarsskrá frá Gullbringu- og Kjósarsýslu um ný sveitastjórn-
arlög, bls. 199. Nefndarálit, bls. 332. Atkvæðaskrá, bls. 347.
Bænarsskrá til konungs, bls. 375.
Nefnd: Pétur Guðjónsson formaður. Stefán Thordersen fram-
sögumaður. Björn Pétursson skrifari.
7. Bænarsskrá frá umsjónarmönnum forngripasafnsins í Reykja-
vík um styrk handa safni þessu, bls. 218. Nefndarálit, bls.
234. Atkvæðaskrá, bls. 287. Bænarsskrá til konungs, bls. 297.
Nefnd: Jón Hjaltalín formaður. Halldór Kr. Friðriksson skrif-
ari og framsögumaður. Bergur Thorberg.
8. Bænarsskrá frá Benidikt Vigfússyni um styrk til viðhalds Hóla-
dómkirkju, bls. 257. Fylgiskjal þar við, bls. 263. Nefndar-
álit, bls. 393. Atkvæðaskrá, bls. 412. Bænarsskrá til kon-
ungs, bls. 483.
Nefnd: Arnljótur Ólafsson framsögumaður. Pétur Pétursson
formaður. Jón Guðmundsson.
9. Uppástunga hins 6. konungkjörna þingmanns um, að Reykja-
vík verði tekin upp í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða,

bls. 291. Nefndarálit, bls. 349. Atkvæðaskrá, bls. 355.
Bænarskrá til konungs, bls. 383.

Nefnd: Halldór Kr. Friðriksson formaður og framsögumaður.
Jón Guðmundsson. Pétur Guðjónsson.

10. Uppástunga þingmanns Suður-Múlasýslu um að rita ávarp til konungs, bls. 292. Ávarp til konungs, bls. 535.

Nefnd: Bergur Thorberg formaður. Jón Sigurðsson. Pétur Pétursson. Halldór Kr. Friðriksson framsögumaður.
Ásgeir Einarsson.

11. Uppástunga hins 3. konungkjörna þingmanns um skógarækt og trjáplöntun, bls. 317. Nefndarálit, bls. 365. Atkvæðaskrá, bls. 376. Bænarskrá til konungs, bls. 527.

Nefnd: Jón Hjaltalín formaður. Stefán Thordersen framsögumaður. Björn Pétursson skrifari.

V.

ÞEGNLEGAR BÆNARSKRÁR OG UPPÁSTUNGUR O. S. FRV.,
sem annaðhvort voru innanþingsmál eða náðu eigi fram að ganga.

1. Bænarskrá úr Suður-Þingeyjarsýslu um jarða-úttektir (landbúnaðarmálið), bls. 167. Nefndarálit, bls. 436. Atkvæðaskrá, bls. 478.

Nefnd: Jón Sigurðsson formaður og framsögumaður. Jón Hjaltalín. Ásgeir Einarsson. Björn Pétursson. Benedikt Sveinsson. Jón Pétursson. Sighvatur Árnason.

Í þessu máli var 7 manna nefnd kosin milli þinga til að gjöra uppástungur til nýrra landbúnaðarlaga, og voru kosnir:

Jón Pétursson formaður. Benedikt Sveinsson skrifari.
Magnús Jónsson. (Þessir 3 úr Reykjavík eða grenndinni. En úr 4 fjórum fjórðungum landsins), Jón Sigurðsson. Stefán Eiríksson. Sighvatur Árnason. Jón Bjarnason.

2. Bænarskrá úr Skagafjarðars. um takmörkun á brauðasameiningum, bls. 171. (Sbr. viðbættinn, bls. 540). Nefndarálit, bls. 303.

Málið var tekið sem innanþingsmál og samþykkt með 15 atkvæðum gegn 4, eptir uppástungum nefndarinnar að vísa því til stiptsyfirvaldanna.

Nefnd: Ólafur Sigurðsson. Pétur Pétursson framsögumaður.
Helgi G. Thordersen formaður. Benedikt Sveinsson.
Halldór Jónsson.

3. Bænaraskrá um réttindi prentsmiðjunnar á Akureyri, bls. 175. Nefndarálit, bls. 339. Atkvæðaskrá, bls. 347.
Felld við ályktarumræðu með 12 atkvæðum gegn 10.
Nefnd: Stefán Jónsson formaður og framsögumaður. Sveinn Skúlason. Arnljótur Ólafsson skrifari.
4. Bænaraskrá um breyting á reglugjörð fyrir Akureyrarkaupstað, bls. 181. Nefndarálit, bls. 314. Atkvæðaskrá, bls. 331.
Felld við ályktarumræðu með 11 atkvæðum gegn 8.
Nefnd: Stefán Jónsson formaður. Arnljótur Ólafsson framsögumaður. Halldór Kr. Friðriksson.
5. Bréf stiptsyfirvaldanna til forseta um prentun alþingistiðindanna, bls. 183.
6. Bænaraskrá úr Húnavatnssýslu um auglýsingu alþingistollsreikninga, bls. 189.
Forseta falið að rita stiptamtanni um, að reikningar þessir verði auglýstir annaðhvort sérstakir eða aptan við alþingistiðindin.
7. Bænaraskrá frá Vestur-Skaptafellsýslu um jafnaðarsjóðsgjald, bls. 208. Nefndarálit, bls. 448.
Þetta mál komst ekki til frekari umræðu sökum naumleika tímans.
Nefnd: Jón Guðmundsson formaður. Bergur Thorberg framsögumaður. Sighvatur Árnason. Stefán Thordersen. Arnljótur Ólafsson.
8. Bænaraskrá frá Norður-Þingeyjarsýslu um fiskiveiðar útlendra, bls. 211.
Felld frá nefnd með 18 atkvæðum gegn 4, en forseta falið að senda stiptamtanni málið með 14 atkvæðum gegn 3.
9. Bænaraskrá frá Eyjafljóðarsýslu um, að kostnaði við skylduflutning ómaga verði jafnað niður á sýsluna en ekki á einstaka hreppa, bls. 213.
Felld frá nefnd með 16 atkvæðum gegn 4, en send með meðmælum þingsins forsetavegin til stiptamtanns og stjórnarinnar.
10. Bænaraskrá frá Kjalarnesi um stofnun barnaskóla á kostnað Thorchillisjóðsins, bls. 226.
Samþykkt með 19 atkvæðum að senda hana forsetavegin til umsjónarmanna Thorchillisjóðsins.

11. Bænarsskrá frá skólamálsnefndinni í Reykjavík, bls. 227.
Fellð frá nefnd, en send forsetavegin til stjórnarinnar.
12. Bænarsskrá úr Vestur-Skaptafellssýslu um nýja skoðunargjörð á klaustra- og einkum Flögujörðum, bls. 344.
Vísað forsetavegin til hlutaðeigandi yfirvalda með 20 atkvæðum gegn 2.
13. Fyrirspurn þingmanns Suður-Múlasýslu til konungsfulltrúa um kristfjárjarðir o. s. frv., bls. 353.
14. Bænarsskrá úr Suður-Þingeyjars. um trúarbragðafrelsi, bls. 170.
Fellð frá nefnd með 21 atkvæðum gegn 2.
15. Bænarsskrá frá Húnavatnssýslu um flutning lærða skólans að Bessastöðum, bls. 178.
Fellð frá nefnd með 13 atkvæðum.
16. Bænarsskrá úr Norður-Múlasýslu um breyting á hinum nýju vegabótalögum, bls. 187,
Þessi bænarsskrá og fjöldi annara um sama efni voru felldar frá nefnd með 16 atkvæðum gegn 8.
17. Bænarsskrá úr Mýrasýslu um lenging tíma þess, sem lausakaupmenn mega verzlá á hverjum stað fyrir sig, bls. 194.
Fellð frá nefnd með 17 atkvæðum gegn 6.
18. Bænarsskrá úr Rangárvallas. um sérstaka verðlagsskrá, bls. 200.
Fellð frá nefnd með 18 atkvæðum gegn 3.
19. Bænarsskrá úr Kjósar- og Gullbringusýslu um að nema úr lögum tilskipun 27. maí 1746 um spítalahluti, bls. 201.
Fellð frá nefnd með 18 atkvæðum gegn 2.
20. Bænarsskrá frá Vestmanna-eyjum um að breytt sé opnu bræfi 24. marz 1863, bls. 203.
Fellð frá nefnd með 16 atkvæðum gegn 6.
21. Bænarsskrá frá Austur-Skaptafellssýslu um nýja tíundarreglugjörð, bls. 205.
Fellð frá nefnd.
22. Bænarsskrá frá Vestmanna-eyjum um uppgjöf á jarða-afgjöldum, bls. 206.
Fellð frá nefnd með 17 atkvæðum.
23. Bænarsskrá úr Ísafjarðarsýslu um hákarlaskurð, bls. 214.
Tekin aptur.
24. Bænarsskrá úr Vestur-Skaptafellssýslu um að konungs landsetar þar fái styrk úr Gufunesspítalasjóði, bls. 216.
Fellð frá nefnd með 14 atkvæðum gegn 4.

25. Uppástunga hins 5. konungkjörna þingmanns um stofnun kennara-embættis hér í Reykjavík í sögu Íslands og íslenskri fornfræði, bls. 323.
Felld frá nefnd með 10 atkvæðum gegn 9.
26. Uppástunga þingmanns Norður-Þingeyinga um þjóðhátíð í minning Íslands byggingar, bls. 342.
Felld með 14 atkvæðum gegn 7.
27. Uppástunga þingmanns Snæfellinga og fleiri, um toll af brennivíni, bls. 355.
Felld frá nefnd með 13 atkvæðum gegn 6.
28. Bænarsskrá úr Borgarfjarðarsýslu um úttektir og skoðunarmenn, bls. 293.
Felld frá umræðum á þingi með 11 atkv. gegn 10.

VI.

ÞEGNLEGAR BÆNARSKRÁR OG UPPÁSTUNGUR,
sem upp lesnar voru á þingi, en vísað til annara þingnefnda.

- a. Til nefndarinnar í málinu um jarða-úttektir:
Uppástunga þingmanns Rangvellinga um betri skipun á landbúnaðarlögum, bls. 221.
Uppástunga þingmanns Borgfirðinga um styrk handa búfróðum mönnum, bls. 282.
- b. Til nefndarinnar í læknamálinu:
Uppástunga hins 3. konungkjörna þingmanns um nokkur undirstöðu-atriði í læknamálinu, bls. 387.

LEIÐRÉTTING.

Á bls. 228 neðst, á síra *Sveinn Nielsson* að standa í staðinn fyrir Jón Pétursson, sem sámningsmaður álitsskjalsins um nýja verzlunarvog; og á bls. 500 undir bænarskrá til konungs um skyldur svaramanna á að standa *Jón Hjaltalín* í staðinn fyrir Hjálmur Pétursson.

Í atkvæðaskránni í fjárhagsmálinu bls. 475 skyldi þess hafa verið getið við tölulið 3., að atkvæði voru greidd um hann, og hann felldur með 15 atkvæðum gegn 9.

Þar sem á einstöku stöðum vantar tilvísanir milli skjalanna, þarf ekki annað en fara eptir registrinu, því þar er það lagfært.

A.

VIÐBÆTIR.

**Lagaboð og stjórnarúrskurðir, er
snerta afdrif alþingismála
1863.**

Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmaunsins yfir Íslandi
um kennslu í læknisfræði hjá landlækni
á Íslandi, dagsett 28. maí 1863¹.

Í bréfi hins konunglega heilbrigðisráðs, sem það hefir sent dómsmálastjórninni og sem yður hér með er sendur útdráttur úr, hefir Hjaltalín jústizráð, landlæknir á Íslandi, útlistað reglur þær, sem hann ætlar að fylgja við kennslu þeirra stúdenta frá hinum lærða skóla í Reykjavík, sem eptir konungsúrskurði 29. d. ágústm. f. á.² verður kennd læknisfræði til að geta orðið læknar á Íslandi;

1) Fylgiskjalið eða uppástungur landlæknisins sjá stjórnartíðindi. bls. 722; sama dag voru hinum amtmönnunum á Íslandi rituð áþekk bréf.

2) Konungsúrskurður þessi er prentaður í alþ.tíð. 1863, viðbætir 28. bls. (bréf dómsmálastjórnarinnar 12. sept. 1862) en ástæðurnar fyrir honum eru útlistaðar í skýrslu dómsmálastjórnarinnar til konungs 25. d. ágústm. 1862, og skulu hér tilfærð helztu atriðin úr þeirri skýrslu:

Í bænarskrá alþingis, dagsettri 13. ágústm. 1861, bað þingið um: *A.* Að til bráðahyrgða verði árlega greiddir úr hinum almenna læknasjóði, eður hinum svo kallaða spítalasjóði Íslands, til læknakennslu hjá landlækninum í Reykjavík, 600 rd., og þangað til læknaskóli og spítali komast á á Íslandi. *B.* Að þeir stúdentar frá hinum lærða skóla og privatdimmitteraðir, ef það kemst á, sem landlæknirinn þannig tekur til kennslu, séu fræddir í þeim greinum læknisfræðinnar, sem til eru teknar í instrúxi landlæknisins á Íslandi frá 19. maí 1760, 4. gr.: líkskurðarfræði (Anatomie), lífseðlisfræði, sjúkdómafræði (Pathologie), handlæknisfræði og yfirsetukvennafræði, og einnig í hinum nýrri vísindum læknisfræðinnar, svo sem *Chémie* (uorganísk og organísk), chemiskri sjúkdómafræði, almennri heilbrigðisfræði (hygiène publique) meðalaverkunarfræði (Pharmakologie og Pharmacodynamik), medicina forensis, og því er þurfa þættl, til þess þeir gætu vel gegnt stöðu sinni. *C.* Að lærisveinar þessir, eptir afstaðna kennslu hjá landlækninum, standi opinbert burtfararpróf eptir fulltryggjandi reglum, samkvæmt því, er landlæknirinn getur komið sér samau um við hið konunglega heilbrigðisráð í Kaupmannahöfn um þetta mál. *D.* Að þessir menn, ef þeir álitast hæfir, fái fullkomnið læknisleyfi á Íslandi og getið orðið þar héraðslæknar. *E.* Að stjórnin

hefir hann og stungið svo upp á, að prófi því, sem þeir, að lok-
inni kennslunni, eiga undir að ganga, verði þannig hagað, að það
verði haldið í heyranda hljóði á alþingi, á líkan hátt og tíðkaðist

leggi fyrir næsta alþingi frumvarp um betri tillögum á spítalatekjuum, sam-
kvæmt því, sem alþingi hefir áður upp á stungið.

Alþingi hefir áður hvað eptir annað farið þess á leit, að bætt yrði lækna-
skipunin á Íslandi, einkum á þann hátt, að varið yrði fé spítalasjóðanna til að
stofna lækna-skóla og spítala í Reykjavík; en þessar bænarskrár þingsins hafa eigi
orðið til greina teknar af þeim ástæðum, sem útlistaðar hafa verið í skýrslum
dómsmálastjórnariunnar; þá er málið hefir verið borið upp fyrir konungi; og var
tekið fram í konunglegri auglýsingu til alþingis 1. júním. 1861 um árangur af
þegulegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1859, að stjórnin
hafi ekki fundið ástæðu til að breyta áformi því, sem hafi verið fyrirhugað um,
hvernig skipa skuli læknamálinu, en aðalatriðin í áformi þessu hafi konungsfulltrúi
verið látinn birta þinginu; en vegna þess að nú sem stendur, sè skortur á læknu-
m á Íslandi, þá hafi jafnframt þessu verið álitid vel tilfallið að þangað til nógu
mörg útlærð læknaefni fást, verði aðstoðarlæknum veitt tilsögn í læknisfræðinni,
einkum hjá landlækni, samkvæmt allrahæstum úrskurði 12. ágústmán. 1848, og
hafi dómsmálastjórnin þegar gjört þar að lútandi raðstafanir. Því var enn fremur
við bætt í auglýsingunni, að ef það yrði álitid nanðsynlegt að gjöra frekara til
þess að ná tilgangi þessum, þá mundi ekkert verða því til fyrirstöðu, að til
bráðabyrgða yrði skotið fé til þessa úr hinum íslenska spítalasjóði, en réttast
hafi þótt að biða þess, hvort alþingi þætti ástæða til að bera fram uppástungu
í þessu efni.

Bænarskrá sú, sem kom frá alþingi 1861, fer miklu lengra. Þingið lætur sér
hér ekki nægja að stinga upp á, að fyrst um siun verði varið 600 rd. á ári til
að kenna hjá landlækni aðstoðarlæknum þeim, sem um er rætt í konungsúr-
skurði 12. ágústm. 1848, en þeir lækmar hafa engan eiginlegan lækningarètt (jus
practicandi), heldur verða þeir að eins notaðir til að láta sjúklingum hjálp í tæ
fyrst í stað, þangað til næst til héraðslæknisins, og síðan til að gjöra það, sem hann
fyrir skipar, heldur fer nú þingið fram á, að þangað til lækna-skóli og spítali
komist á í Reykjavík, verði til bráðabyrgða árlega varið upphæð þessari til kennslu
hjá landlækni handa læknaefnum, sem ættu að verða aðnjótandi miklu yfirgríps-
meiri kennslu, og gjörir þingið ráð fyrir, að henni mundi eigi verða lokið á
skemmri tíma en 3 eður 4 árum, en aptur á hinn bóginn ætlast það og til, að
læknaefni þessi öðlist fullan lækningarètt, og geti fengið héraðslæknaembætti. Af
áðurgreindu fé er svo til ætlast, að 300 rd. á ári sè varið í ölmusur handa þ
læknaefnum, en hinn helminginn fái landlæknirinn í kennslukaup. Til styrkingar
þessum uppástungum tekur þingið fram, að reynslan þegar hafi nægilega sannað,
að ekki verði við því búlt, að daukir lækmar saki um lækuaembættin á Íslandi,

á öldinni sem leið, þegar eins stóð á, eður að haldið verði opinbert próf að tilkvöddum prófdómendum, ef það þyki betur við eiga.

Eptir að búið er að skrifast á um málefni þetta við ofangreint

og eins sè eigi heldur von um, að stjórninni heppnist að koma fram því áformi sínu, að fá nógu marga íslenska lækna með því að gjöra læknisfræðisnámið við háskólann í Kaupmannahöfn aðgengilegra fyrir íslenska stúdenta. Til þess fengist geti nógu margir Íslendingar til læknaembættanna, álitur því alþingi, að nauðsynlegt sè, að læknisfræðin sè kennd þeim á Íslandi, og þó þingið enn sè á þeirri skoðun, sem það svo opt áður hefir ítrekað, að læknaskóli og spítali í Reykjavík sèu nauðsynlegir til þess, að læknaskipunin á Íslandi komist í svo gott horf, sem framast má verða, þá heldur það eigi að síður, að fyrst um sinn, þangað til fjárhagur verði betri og stofnaður verði slíkur skóli, megi ná tilganginum með því að fela landlækni á Íslandi á hendur að veita ungum mönnum, sem eru útskrifaðir úr hinum lærða skóla í Reykjavík eður úr heimaskóla (ef útskrift úr heimaskóla verði leyfð) þá kennslu í læknisfræðinni, sem næga megi álíta til þess, að þeir geti gegnt köllun sinni; en landlæknirinn sè þess fús að taka að sèr starfa þenna.

Þar sem því hafi verið hreift, að efasamt sè, hvort þessi innlenda læknakennsla muni gagnleg og hagfelld, þá bæði skýrskotar þingið um það efni til reynslunnar, er menn hafi fyrir sèr, því á síðastliðinni öld hafi nokkrum dugandis læknum verið kennt hjá þeim mönnum, sem þá voru landlæknar á Íslandi, og bendir einnig á, að menn eigi nógsamlega hafi yfirvegað, hversu happadrjúgt það hljóti að vera, að læknaefnin, meðan þeir eru að læra, geti með eigin augnum sèð hina almennu og hina sèrstaklegu sjúkdóma, sem eiga sèr stað í landinu, t. a. m. hinar ýmislegu tegundir sullaveikinnar og holdsveikina, ásamt hinum sèrstaklegu orsökum þeirra, sem bæði eiga rót síua í náttúruæðli landsins og lifnaðarþáttum fólksins.

Á hinn bóginn þykir alþingi kennsla sú, sem landlæknirinn átti að láta aðstoðarlæknum í tæ eptir konungsúrskurðinum frá 12. ágúst. 1848, öldungis ónóg; mundi hún að þingsins áliti eigi gefa landsmönnum neina vissu fyrir því, að slíkir menn gætu álitizt sem reglulegir læknar, eða orðið mönnum að fullu líði í hinum bráðustu lífinauðsynjum þeirra; þingið álitur því, að keunslan verði að vera svo umfangsmikil, að hún gefi trygging fyrir því, að hin nýju læknaefni hafi yfirfarið allar hinar nauðsynlegustu greinir læknisfræðinnar og fái næga æfingn undir höndum landlæknisins í því að meðhöndla alla hina algengustu sjúkdóma á Íslandi, og að slík læknaefni, eptir afstaðið opinbert próf, fái, ef þeir álitast hæfir, full rættindi til að geta orðið héraðslæknar á Íslandi; því annars sè auðsætt, að enginn stúdent frá hinum lærða skóla vilji gefa sig við slíkri kennslu, ef hann eigi hafi fulla vissu um, að hann þurfi eigi að vinna fyrir gýg og eyða beztu nngdómsárum sínum svo að segja til ónýtis fyrir sjálfan sig. Jafnhliða

heilbrigðisráð og við stjórn kirkju- og kennslumálanna, skal yður nú kunngjört í sambandi við bréf dómsmálastjórnarinnar 12. d. septemberm. f. á., yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það í

þessu virðist þinginu, að ákvörðunin í konungsúrskurði 12. d. ágústm. 1818 um kennslu aðstoðarlækna eigi að standa óböggð.

Í álitsskjali konungsfülltrúa um bænarskrá alþingis segir, að ástand það, sem nú er á Íslandi, hafi verið þinginu hvött til að koma fram með uppástungur þess um kennslu læknaefna; því nú sem stendur sè svo mikill læknaskortur í landinu, að mörg hëruð öldungis enga læknishjálp geti fengið. Þó heldur hann, að réttast mundi að hafa eigi kennsluna svo yfirgripsmikla, sem alþingi fer fram á, og láta sèr nægja með aðstoðarlækna, sem mundu geta gjört mikið gagn í þeim hëruðum, þar sem enga læknishjálp annars er að fá, jafnvel þótt ekki verði við því búizt, að þeir hafi mikla þekkingu í læknisfræði; mundu þeir og geta haft sæmilega ofan af fyrir sèr með lækningum sínum.

Hið konunglega heilbrigðisráð hefir sagt álit sitt um málefni þetta, og er það á sama máli og alþingi um, að nauðsyn beri til að gjöra einhverjar sèrstaklegar ráðstafanir til þess, að fengið geti nógu margir læknar á Íslandi, er hæfir sèu til að bæta úr þörfum manna í þessu efni, en þar á móti hefir heilbrigðisráðið eigi getað fallizt á álit alþingis um, hvernig keona ætti íslenskum læknaefnum. Heilbrigðisráðið hefir í því tilliti tekið fram, að þar sem bókin og orðið geti nægt til að mennta sýslumenn og presta eptir þörfum landsbúa, þá sè þetta með öllu ónógt til að mennta lækna. Þó sá maður, sem heldur sig hafa næga þekkingu til að geta kennt allar þær greinir læknisfræðinnar, sem alþingi hefir tilgreint, og álitur að kenna beri á Íslandi, í raun og veru hefði kunnáttu til þessa, og aðrar embættisauðir ekki hindruðu hann frá að verja tímanum til kennslunnar, þá yrði það honum ómögulegt vegna þess, að það vantar, sem þarf við að hafa til þess, að menn geti fengið verklega menntun í læknisfræðinni. Heilbrigðisráðið kveðst reyndar eigi vita, hvort fá megi í Reykjavík lík, svo sem þurfi við kennslu og æfingar, í líkskurðarfræði og handlæknisfræði, en það er því fullkunnugt, að þar vantar öldungis það, sem mest er áriðandi til að geta fengið verklega menntu í læknisfræðinni, en það er spítali, sem og að engin veruleg trygging er í prófi, sem kennarinn einn heldur, án þess aðrir menn, er vit hafa á, dæmi um það.

Uppástungur heilbrigðisráðsins um fyrirkomulagið á málefni þessu eru þar á móti þessar: *a.* að við hafa skuli styttri skólakennslu í Reykjavíkurskóla handa þeim piltum, sem ætla að stunda læknisfræði, en ekki ganga undir hið fullkomna læknapróf. *b.* að þeir lesi við Kaupmannahafnar háskóla í tvö ár, og gangi síðan undir yfirheyrslu (tentamen); skuli þeir að því afloknu hafa lækningaleyfi á Íslandi, og geta gjört sèr von um, að þeim verði veitt læknaembætti, þegar enginn kandídat sækir um þan. *c.* að þeim skuli veittir þeir 600 rd., sem alþingi vill láta verja til læknakennslu á Íslandi, á þann hátt, að fè þessu sè skipt í ólmur

umdæmi því, sem þér eruð yfir skipaðir, og auglýsið það sérstaklega Hjaltalín jústizráði, að fyrst um sinn má fara eptir reglum þeim, sem hann hefir stungið upp á um kennslu þá, sem hér er

upp á 200 til 300 rd.; svo skuli þeir og fá ferðakostnað borgaðan báðar leiðirnar. *d.* að leitast skuli við að útvega þeim regenz- og kommúnitetsölmur, og *e.* að stjórnin skjóti til 600 rd. á ári, og skuli því fæ varið handa einhverjum ungum duglegum lækni í Kaupmannahöfn, sem, um leið og notuð væru þau hjálparmedíöl, sem annars eru til, sérstaklega ætti að gefa sig við því að leiðbeina þeim mönnum, sem komið hafa til háskólans til að búa sig undir að verða læknar á Íslandi, og gætu þeir ef til vill þannig komið af með miðri styrk, er þeir eigi þyrftu að borga neitt fyrir leiðbeininguna, svo að þeir gætu orðið styrksins aðnjótandi í einu.

Að vísu gat það eigi dulizt dómsmálastjórninni, að hin vísindalega og verklega menntun í læknisfræðinni, sem fengizt gæti á Íslandi, ef farið væri eptir uppástungum alþingis, yrði í ýmsum greinum mjög svo ófullkomin, eins og heilbrigðisráðið sýndi fram á; en þar sem eins er ástatt og nú er á Íslandi, er nálega helmingur af lækniembættunum í landinu eru óveitt, fyrir þá sök, að enginn sækir um þau, og ekki verður við því búið, að þessi embætti, sem nú eru laus, að minnsta kost fyrst um sinn verði skipuð innlendum vísindalega menntuðum læknum frá háskólanum, þá gat dómsmálastjórnin eigi betur séð, en að ástæða væri til að fara í aðalatriðunum eptir uppástungu alþingis í máli þessu, þó svo, að þetta fyrirkomulag beri að eins að álíta sem bráðabyrgðarráðstöfun, er gjörð sé vegna sérstaklegra kringumstæðna. Að vísu var læknaþjófurinn, er stofnaður var með konungsráðsúrskurði 12. ágúst. 1848, og nú á í innstæðu hér um bil 40,000 rd., eiginlega ætlaður til að fjölga læknaembættum á Íslandi, en meðan ekki eru til læknar í þau embættin, sem þegar eru til, virðist mega til sanns vegar færa að verja litlum hluta af árstekjum sjóðsins, sem nú eru hér um bil 2,800 rd., til kennslu handa læknaefnum á Íslandi. En að takmarka kennsluna á þann hátt, sem konungsfulltrúi stakk upp á, og biuda hana einungis við aðstoðarlækna, þótti dómsmálastjórninni ekki ráðlegt; því fyrst og fremst hefir sú raun á orðið, að nálega enginn hefir hingað til notað þessa kennslu í þau 14 ár, sem liðin eru síðan konungsráðsúrskurðurinn frá 1848 kom út, og í öðru lagi er það auðsætt, að slíkir læknar ekki gætu bætt úr þeim lækna-skorti, sem nú á sér stað, er þeir eigi megi við hafa lækningar upp á sitt eigið eindæmi, heldur að eins eptir fyrirsögn héraðslæknisins, en enginn héraðslæknir er til í þeim héraðum, sem mest eru þurfandi læknishjálpar; en að veita þeim meiri rétt virtist óráð eptir þeirri menntun, sem ætlað var til að þeir fengju. Á hinn bóginn virtist dómsmálastjórninni eigi heldur verða farið eptir uppástungum hins konunglega heilbrigðisráðs um fyrirkomulag á máli þessu. Þær uppástungurnar, sem eru til færðar við bókstafna *a*, *b* og *d*, eru að mestu

um rætt, og að fara má eptir hinni siðarnefndu af uppástungum hans um prófið.

Bréf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi um **borgun handa nefnd þeirri**, er sandi frumvarp til tilskipunar um **vinnuhjú á Íslandi**, dagsett 28. maí 1863.

Út af þegnlegri bænarskrá alþingis, er hingað kom með þegnlegu álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 28. septemberm. 1861, um að þeim þrem mönnum, er voru í nefnd þeirri, sem eptir ráðstöfun stjórnarráðsins árið 1855 var á hendur falið að semja frumvarp til nýrra hjúalaga fyrir Ísland, verði veitt 200 ríkisdala þóknun hverjum fyrir starfa þenna, skorar dómsmálastjórnin á yður að kunngjöra alþingi því, er nú fer í hönd, að vorið

leyti hinar sömu og þær, er fyrrum komu frá Schleisner doktori; varð þá eigi séð ráð til að fara eptir þeim uppástungum vegna mótspyrnu þeirrar, er gjörð ver móti þeim af hálfu háskólakennaranna í læknisfræði og kommúnitetsstjórnarinnar; en síðan hefur engin breyting á orðið í því efni. En hvað snertir hinar tvær uppástungurnar (stafl. *c* og *e*), þá virtist efasamt, hvort fást mundu úr ríkissjóðnum 600 rd. á ári til launa handa þeim manni, er ætti að leiðbeina íslenskum læknaefnum í læknisfræðinni, og svo væri, með því að aðhyllast þessar uppástungur heilbrigðisráðsins, farið í gagnstæða stefnu við tillögur alþingis, því það, að tekið væri fê úr lækna sjóðnum, batt þingið einmitt þeim skilmála, að læknaefnunum yrði kennt á Íslandi, og eins og að ofan er á vikið, virðist þingið að leggja mikla þýðing í þetta atriði málsins, er það heldur, að þó kennslan kunni að verða ófullkomin í vísindalegu tilliti, muni það vega upp á móti þessu, að hún verði innlend, það er að segja, löguð eptir þörfum landsbúa, þannig, að einkum verði haft sérstaklegt tillit til þeirra sjúkdóma, sem eru einkennilegir á Íslandi, lifnaðarháttanna manna þar o. s. frv.

Að vísu virtist dómsmálastjórninni varla verða lögð eins mikil þýðing í þetta atriði eins og alþingi gjörir, en þó ber þess að gæta, að með því að hafna tillögum alþingis og fara eptir uppástungum heilbrigðisráðsins, sem setja í staðinn fyrir kennslu þá, er alþingi stingur upp á á Íslandi, aðra kennslu í Kaupmannahöfn, er einnig væri ófullkomin og yrði miklu kostnaðarsamari, tæki stjórnin upp á sig ábyrgðina af því, ef sú tilraun til að útvega landinu nægilega lækna hjálp ekki heppnaðist, en á hinn bóginn hafa landsbúar enga ástæðu til umkvartana, ef farið er þegar eptir uppástungum alþingis.

1862 hafi eptir tilhlutun stjórnarráðsins nefndarmönnum þessum verið ávísað 200 rd. hverjum.

Bréf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi um **fjárgreiðslu úr dómsmálasjóðnum til málaflutningsmanna og dómenda við landsyfirréttinn**, dagsett 9. júní 1863.

Þér hafið, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúi á alþingi sent hingað með þegnlegri skýrslu yðar, dagsettri 18. d. septembermán. 1861, álitsskjal alþingis, dagsett 13. d. ágústmán. s. á., en í því er stungið upp á:

1. að laun hinna föstu málaflutningsmanna við yfirdóminn á Íslandi verði um hin næstu 4 ár greidd úr dómsmálasjóði Íslands, og
2. að þeir 300 rd., sem þá voru borgaðir úr dómsmálasjóðnum til yfirdómendanna í landsyfirréttinum, verði lið fyrsta skeð getur borgaðir þeim árlega úr ríkissjóði.

Dómsmálastjórnin skorar nú á yður, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúa á alþingi því, er haldið verður í sumar, að kunngjöra þinginu um hina fyrri af uppástungum þessum, að yður hafi verið boðið í bréfi stjórnarráðsins 22. janúarm. f. á., samkvæmt konungsúrskurði 19. marzmán. 1858¹, að láta borga málaflutningsmönnum þeim, sem fyrst um sinn hafa verið skipaðir við yfirdóminn, launin á sama hátt og að undanfögnu úr hinum íslenska dómsmálasjóði, og að senda dómsmálastjórninni, undir það að 4 ár eru liðin, skýrslu um, að hve miklu leyti sjóðurinn framvegis sè fær um að bera kostnað þenna, og um hina síðari uppástunguna, að eins og þegar var á vikið í ástæðunum fyrir lagafrumvarpi því, er lagt var fyrir alþingi (1859), um laun ýmsra embættismanna á Íslandi, geti þeir 250 rd., sem fyrsta dómara-um í yfirréttinum eru greiddir úr dómsmálasjóðnum, ekki álitizt að vera partur af embættislaunum hans, heldur endurgjald fyrir störf, er ekki fylgja með embættinu, en það eru útleggingar á réttargjörningum í sakamálum og gjafsóknarmálum, þeim er áfríað er til hæstaréttar, og að þess vegna hafi ekki verið haft neitt tillit til

1) Sjá br. dómsmálastj. 23. marzm. 1858 og kgl. anglýs. til alþ. 27. maímán. 1859, II. 7,

þessa fjár við launahækkun þá, er hann fékk við lögin frá 19. janúarmán. þ. á. um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, en þar á móti sæu burtfallnir við lög þessi þeir 50 rd. á ári, er að undanfögnu hafa veittir verið öðrum dómáranum í yfirrættinum úr dómsmálasjóðnum, sem launaviðbót í eiginlegum skilningi.

Bréf kirkju- og kennslustjórnariunar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi um **uppbót fyrir fallin ásauðarkúgildi á lènskirknajörðum**, dagsett 8. júlí 1863.

Samkvæmt því, sem yður var fyrir lagt í bréfi stjórnarráðsins 22. janúarm. 1861, hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, í bréfi yðar dags. 18. dag maim. þ. á. skýrt frá, hversu mikið farizt hafi í fjárkláðanum af ásauðarkúgildum á lènskirknajörðum á Íslandi eptir skýrslum þeim, sem þér um það efni hafið fengið frá hlutaðeigandi próföstum, og hvað hingað til hafi ágengt orðið með endurreisn hinna föllu kúgilda. Af skýrslum þessum sést, að megnið af kúgildum þeim, sem fello í fjárkláðanum á jörðum þessum, hefir verið skorið niður, sumpart með vilja og vitund hlutaðeiganda prests og sumpart án þess, en að annars er þegar að mestu leyti aptur búið að bæta kúgildamissi þenna, og það að mestu leyti á kostnað jarðarabúendanna. Þér hafið þar að auki getið þess, að kúgildafellir sá, sem orðið hefir, virðist að visu eptir skýrslum þeim, sem þér hafið fengið, ekki að hafa hnekkt neitt töluvert lènskirkna-jarðagózinu, en öðru máli sé að gegna um suma af prestunum, sem hafa tekjurnar af jörðum þessum; því fyrst og fremst hafi þeir misst nokkurs í af tekjum sínum, er þeir hafi orðið að gefa leiguliðunum upp nokkurn hluta af leigunum, en um þann skaða hafi þeim þó verið sjálfrátt, og virðist því ekki vera ástæða til að útvega þeim neinar bætur í því skyni, en þar að auki verði þeir neyddir til að koma upp kúgildum aptur á sinn kostnað, sumpart fyrir þá sök, að leiguliðarnir ekki hafi efni til þess, jafnvel þó þeir sæu skyldir til að koma þeim upp, sumpart fyrir þá sök, að prestarnir sjálfir hafi gengizt fyrir niðurskurðinum, og álítið þér mjög æskilegt, að þessum prestum yrði veittur nokkur styrkur til að koma upp aptur kúgildunum. Enn

hafið þér getið þess, að kirkjuportíónirnar að öllum jafnaði séu litlar, en sauðfè komið í mjög hátt verð, og virðist því vera ógjörandi að verja nokkru af kirkjuportíónunum til að koma upp kúgildum; þess vegna hafið þér stungið upp á, að varið verði til þessa 400—500 rd. af því fè, sem í fjárlögunum er veitt til óvissra gjalda handa Íslandi, þannig að upphæð þessi yrði fengin stípts-yfirvöldunum til umráða til að útbýta henni á þann hátt, er þau álitu réttast, og ættu þau síðan að gjöra stjórnarráðinu skil fyrir, hvernig fènu hefði verið varið.

Um þetta efni skal yður nú kunngjört, að eptir því, sem sagt er í áðurgreindu bræfi stjórnarráðsins, 22. janúarm. 1861, getur ekki orðið umtalsmál að útvega neinn styrk úr ríkissjóðnum í þessu skyni, og að fara skal eptir þeim reglum, sem þar eru teknar fram, viðvíkjandi endurreisn þeirra ásauðarkúgilda, sem enn vantar. Skorar stjórnarráðið hér með á yður, herra stíptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, að annast um, að kúgildunum þannig verði komið upp svo bráðlega, sem unnt er, og að það verði fullbúið fyrir lok ársins 1864; vonast og stjórnarráðið eptir að fá skýrslu um þetta.

Bréf dómsmálastjórnarinnar til stíptamtmannsins yfir Íslandi um **fjárkláðamálið á alþingi**, dagsett 18. september 1863.

Í 43. blaði «Þjóðólfs», er út kom í Reykjavík 25. f. m. og dómsmálastjórninni hefir borizt í hendur, segir, að alþingi Íslendinga hafi á fundi þess, sem nýlega er afstaðinn, til svars upp á nokkrar bænarskrár úr Kjósar- og Gullbringusýslu, gefið út prentað umburðarbréf til íbúanna í sveitunum, þar sem fjárkláðinn er; hefir stjórnarráðinu undirhendinni verið sent eitt af bréfum þessum, og skýrir alþingi þar frá, að það hafi í öllum aðalatriðunum fallizt á frumvarp það, er stjórnin lagði fyrir þingið, um eptirlit lögreglustjórnarinnar m. m. með fjárkláða og öðrum næmum fjárveikindum á Íslandi, og laut að því, að útrýma skyldi fjárkláðanum einungis með lækningum, og lætur jafnframt í ljósi þá von sína, að takast muni með lagaboði þessu að útrýma algjörlega sýki þeirri sem hér er um rætt; en þrátt fyrir þetta skorar þingið innilega á

íbúana í sveitum þeim, sem hlut eiga að máli, að íhuga vandlega, hvort ekki mundi vera hagfelldara og kostnaðarminna að gjöra samkomulag um, að skera niður allt fê í þessum sveitum nú í haust, heldur en að biða eptir því, að beitt verði hinu fyrirhugaða lagaboði, og fullyrðir um leið, að nokkrir af alþingismönnum hafi heitið því, að bændur í sjúku og grunuðu hêruðunum skyldu úr þeirra kjördæmum fá fyrir sanngjarnt verð, eins margt fê og þeir þyrftu, jafnskjótt og þeir förguðu öllu fê sínu í tækan tíma með niðurskurði.

En það er auðsætt, að slík aðferð frá þingsins hálfu lægi fyrir utan stöðu þess og verkahring, og hlaut hún því fremur að vekja furðu, sem hún yrði beinlínis að koma í bága við það, að alþingi aðhylltist í öllu verulegu fyrr greint lagafrumvarp stjórnarinnar, sem fer í gagnstæða átt við það, sem þingið kvað hafa ráðið mönnum til í umburðarbréfi því, sem «Þjóðólfur» segir, að út hafi komið frá þinginu; og þar eð það eptir stjórnarráðsins áliti bersýnilega mundi hafa hinar skaðlegustu afleiðingar fyrir sveitir þær, sem hlut eiga að máli, ef svo væri að farið, sem hér er um rætt, og skorið að nauðsynjalausu niður allt sauðfê í Kjósar- og Gullbringusýslu og nokkrum hluta Borgarfjarðarsýslu, er íbúar hêr- aða þessara mundu með því móti verða fyrir þeim lnekki á aðal- atvinnuvegi þeirra, að þeir mundu eigi um langan tíma biða þess bæturs, þá hefir dómsmálastjórnin álitið skyldu sína að ráða mjög fastlega frá þessu skaðvænlega og óþarfa tiltæki.

Ef svo er, að slíkt umburðarbréf, sem nú var greint, sê út gengið frá alþingi, eruð þér, herra stiptamtmaður, beðnir, að segja hlutaðeigandi embættismönnum fyrir, svo sem þörf er á, samkvæmt því, sem að framan er tekið fram, svo og að birta almenn- ingi efni bréfs þessa.

Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmanns-
ins yfir Íslandi um **kennsluskóla handa lögfræð-
ingaefnum á Íslandi**, dagsett 28. desember 1863.

Eins og yður er kunnugt, herra stiptamtmaður, er því lýst yfir í konunglegri auglýsing til alþingis 8. d. júnín. þ. á. í II. kafla 5. tölul. út af þegnlegri bænarskrá, er kom frá alþingi Íslendinga

árið 1861 um stofnun kennsluskóla handa lögfræðinga-efnum á Íslandi, að það sè vilji hans hátignar konungsins að veita áheyrn teðri bænaraskrá þingsins, svo framarlega sem fengizt geti fè það, er til þess þarf, en að málið, sem þetta stjórnarráð og dómsmála-stjórnin þá voru að bera sig saman um, væri ekki svo langt á veg komið, að það hefði orðið lagt fyrir konung til síðasta úrskurðar.

Eptir að stjórnarráðin þannig hafa borið sig saman um málið, hefir kirkju- og kennslustjórnin fyrst um sinn hugsað sèr því skipað á þann hátt, sem betur má sjá af meðfylgjandi «Undirstöðu-atriðum í fyrirkomulagi á hinum fyrirhugaða kennsluskóla handa lögfræðinga-efnum á Íslandi», og skal þess að eins getið, að þegar búin voru til undirstöðu-atríði þessi, var svo sem unnt var farið eptir uppástungum þeim, er komið höfðu frá alþingi, og það bæði að því, er snertir það atriði, live yfirgripsmikil kennslau eigi að vera í kennsluskóla þessum og um það, hvern rætt kandi-datar frá honum eigi að hafa til lögfræðinga-embætta á Íslandi.

En áður en lengra er farið til að koma málefni þessu áleið-is, óskar stjórnarráðið, að hinn islenzki landsyfírrættur fái færi á að segja álit sitt um það, bæði í heild sinni og einkum um það, hvort nokkur af dómendum í yfírrættinum, og ef svo er, hver þeirra, sè fús til að taka að sèr, samhliða stöðu sinni sem dóm-ara í réttinum, en án þess að það sè í sambandi við hana, þann starfa, að stjórna kennslunni m. m. í hinum fyrirhugaða laga-skóla, sem forstöðumaður hans eður fyrsti kennari, fyrir árlega borgun, sem stjórnarráðið hefir hugsað sèr ætti að vera 600 rd., auk þess að veitt yrði fè á ári hverju til að borga með tímakennslu, er nauðsynleg væri.

Þess vegna skal hér með skorað á yður, herra stiptamtinað-ur, að útvega álit landsyfírrættarins um málið, og íhuga það síðan ásamt byskupinum yfir Íslandi, og skýra því næst stjórnarráðinu frá álitinu yðar um það, og senda hingað um leið álitsskjal lands-yfírrættarins.

Fylgiskjal.

Undirstöðu-atríði í fyrirkomulagi á hinum fyrirhugaða kennsluskóla handa lögfræðinga-efnum á Íslandi.

1. Áður en nokkur getur fengið að njóta kennslu í lagaskól-anum, verður hann að hafa lokið burtfararprófi við hinn lærða

skóla, eður hafa gengið þar undir próf það, sem þar er fyrirskipað fyrir þá, sem útskrifast úr heimaskóla.

2. Þessar greinir skulu kenndar í lagaskólanum:

a, Íslenskur réttur, þ. e. lög og réttur, er á Íslandi gilda, og þess vegna ekki að eins sá hluti af löggjöfnni, sem sérstaklegur er fyrir Ísland, heldur og þeir kaflar hennar, þar sem Ísland hefir lög sameiginleg með Danmörku.

Til þessa er talið:

1. Um einkamál (*1ste og 2den Civilret*).
2. Um sakamál (*Kriminalret*).
3. Um réttargang (*Civilproces og Kriminalproces*).
4. Íslenskur kirkjuréttur.
5. Íslensk réttarsaga.

b, Heimspekileg lögfræði (almenn lögfræði, *Retsphilosophie*).

c, Rómverskur réttur (þó einungis aðalatriðin um eign og samninga).

d, Þjóðaréttur (aðalatriðin í þeirri grein).

(Það af sjóréttinum, sem áriðandi er, skal tekið fram þegar kennt er um einkamál).

3. Lærisveinarnir í prestaskólanum fá að heyra fyrirlestra í lagaskólanum yfir íslenskan kirkjurétt.

4. Kennslan fer fram á þann hátt, að haldnir eru fyrirlestrar, og að jafnhliða því eru haldnar skriflegar æfingar og yfirheyrslur, eptir þeim reglum, sem verða ítarlegar ákveðnar.

5. Kennslunni er hagað á þann hátt, að henni geti orðið lokið á þrem árum.

6. Áður en nokkur fær að ganga undir embættispróf, verður hann að hafa lokið prófi því í forspjallsvísindum (sálarfræði og hugsunarfræði), sem stúdentar á prestaskólanum eiga að ganga undir, áður en þeir fá að ganga undir burtfararpróf frá þeim skóla, og verður hann að hafa náð að minnsta kosti einkunninni «vel» (*godt*) fyrir frammistöðu sína. Forspjallsvísindin kennir sá kennari, sem skipaður er til að kenna þau vísindi í prestaskólanum.

7. Í lagaskólanum er haldið opinbert próf; þar á að reyna þann, sem undir prófið gengur, í öllum þeim greinum, sem kenna á, eptir þeim reglum, sem nákvæmar verða ákveðnar. Að loknu prófi eru gefnar þessar aðaleinkunnir:

Fyrsta einkunn; við þá einkunu má bæta «ágætis» (fyrsta ágætiseinkunn).

Önnur einkunn.

Þriðja einkunn.

8. Þeir, sem gengið hafa undir og staðizt próf í kennslugreinum þeim, sem að ofan eru nefndar, öðlast aðgang til lögfræðinga-embætta á Íslandi jafnt kandiðötum í lögfræði frá Kaupmannahafnar háskóla, nema til embættanna í landsyfírrættinum og amtmannsembættanna; þó skulu þeir, áður en þeir geta búizt við að fá embætti, sanna, að þeir eptir afstaðið próf hafi fengizt við embættisstörf, að minnsta kosti eitt ár hjá einhverjum lögfræðingi, sem er embættismaður á Íslandi.

9. Sá aðgangur, sem þeir menn, er að eins hafa gengið undir próf það, sem haldið er við Kaupmannahafnar háskóla fyrir hina svo kölluðu «dönsku lögfræðinga», hingað til hafa haft til að fá undirdómara-embætti á Íslandi, skal hær eptir burt falla, þannig að þeir menn, sem ganga undir það próf eptir þann tíma, er burtfararpróf hefir í fyrsta skipti haldið verið í lagaskólanum í Reykjavík, ekki geta fengið embætti þessi.

10. Lagaskólinn stendur undir umsjón stiptsyfirvaldanna; skal skipaður við hann fastur kennari, er stýrir kennslunni sem forstöðumaður skólans, og hefir á hendi hina næstu umsjón yfir öllu fyrirkomulagi hans. Til aðstoðar við kennsluna má taka einn eður fleiri tímakennara.

Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um **stofnun búnaðarskóla**, dagsett 30. janúar 1864.

Með skýrslu yðar, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúa, dagsettri 15. septembermán. f. á., hefir dómsmálastjórnin meðtekið þegnlegt álitsskjal hins síðasta alþingis¹ um frumvarp, er fyrir það var lagt, til tilskipunar um stofnun búnaðarskóla á Íslandi, og hefir þingið, að því leyti er snertir það atriði, hverja jörð velja ætti fyrir búnaðarskóla þann, er stofnaður yrði í suðurumdæminu fallizt á álit það, sem þær höfðuð látið í ljósi í bræfi yðar 1. maí

1) Sjá alþ.-tíð. 1863. I, 374—382. bls.

1861, að jörðin Lágafell í Kjósarsýslu öðrum jörðum fremur væri vel fallin til þessa.

En áður en lengra sè haldið út í þetta mál skorar stjórnarráðið á yður, að útvega og senda síðan dómsmálastjórninni skýrslu um, með hverjum kjörum jörð þessi, sem er eign einstakra manna, geti fengizt til þessa, og um leið óskar það að fá frá yður þær athugasemdir um breytingaruppástungur þingsins við áðurgreint frumvarp stjórnarinnar, er þær, sem amtmáður yfir suðurlandæminu, kynnuð finna ástæðu til að gjöra um málið, þegar þær nú athugið það á ný².

Opið bréf, er kunngjörir á Íslandi, að **Kristján konungur hinn Níundi sè kominn til ríkis**, dagsett, 23. febrúar 1864.

Vér Kristján hinn Níundi, o. s. frv., gjörum kunnugt: Hin mikla sorg, sem föðurlandið hefir orðið fyrir og svo snögglega bar að höndum, þar sem hinn almannatugi hefir kallað Friðrik konung hinn Sjöunda til feðra sinna, hefir ekki getað orðið neinum sárari en Öss, því enginn af þegnum hans átti honum meira að þakka en Vær, er hann hafði kvatt til ríkisstjórnar eptir sinn dag.

2) Sama dag voru hinum amtmönnum á Íslandi rituð áþekk bréf, og skorað á þá að segja álit sitt um breytingaruppástungur þingsins við frumvarp stjórnarinnar, en niðurlag þeirra bréfa var þannig:

Í bréfinu til amtmannsins yfir norður- og austurlandæminu:
. . . . en um það, hverja jörð velja skyldi fyrir búnaðarskóla þann, er stofnaður yrði í norður- og austurlandæminu, óskar stjórnarráðið að heyra álit yðar um þá skoðun, er þingið hefir látið í ljósi, að jarðirnar Munka-þverá í Eyjaflóði eður Möðruvellir í Hörgárdal sèu, þegar á allt er litið, betur fallnar til þessa en jörðin Breiðamýri í Þingeyjarsýslu og Kornsa í Húnavatnssýslu, er þær höfðuð stungið upp á í bræfum yðar 16. septemberm. 1861 og 7. júníman. 1862.

Í bréfinu til amtmannsins yfir Vesturlandæminu:
. . . . en um það, hverja jörð velja skyldi fyrir búnaðarskóla í Vesturlandæminu, þá óskar stjórnarráðið að heyra álit yðar um þá skoðun þingsins, að Raðdimelur hinn ytri í Hnappadalssýslu sè betur fallinn til þessa en jörðin Reykhólar í Barðastrandarsýslu eður Bjarnarhöfu í Snæfellsnessýslu, sem þær höfðuð stungið upp á í bræfl yðar 12. janúarman. f. á.

Nú er Vær göngum að þeirri hinni alvarlegu köllun, sem forsjónin hefir Oss á herðar lagt, er það fastur ásetningur Vör, að halda órjúfanlega stjórnarskipunarlög ríkisins og að sýna öllum þegnum Vorum sama réttlæti og sömu velvild. Ef þjóðin, með trausti á Vorum einlægum vilja, styrkir viðleitni Vora, mun guð einnig veita henni blessun sína.

Það er vilji Vör, að öllum stjórnarstörfum sé viðstöðulaust áfram haldið, og að embættismenn þeir, er hinn framliðni konungur, fyrirrennari Vör, hafði skipað í embætti eður staðfest embættaveitingar þeirra, gegni fyrst um sinn embættisverkum sínum eptir embættiseiði þeim, er þeir hafa unnið.

Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um **styrk til að semja nýja jarðabók fyrir Ísland**, dagsett 12. marz 1864.

Þér hafið, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúi á alþingi því, er haldið var árið 1863, sent dómsmálastjórninni með bréfi dagsettu 18. septemberm. f. á. bænarskrá nokkra, er komið hafði til þingsins og það hafði vísað forsetavegin til stjórnarinnar með meðmælum sínum¹, en í bænarskrá þessari fara þeir þess á leit, Jón Guðmundsson og Halldór Friðriksson, alþingismenn, að þeim verði veittur 400 ríkisdala styrkur á ári í tvö ár, til að búa undir prentun nýja jarðabók fyrir Ísland, og að jarðamatsbækurnar frá 1849—50, ásamt öllum þeim skjölum, er þeim fylgja, verði sendar til Íslands, svo þeir geti notað þær í því augnamiði, er nú var á vikið, og verði þar síðan framvegis geymdar við skjalasafn alþingis.

Stjórnarráðið skal nú fara nokkrum orðum um þetta efni?

Þar sem það hefir verið tilfært í bænarskránni sem ástæða fyrir því, að nauðsyn væri á nýrri útgáfu af jarðabókinni frá 1861, þannig úr garði gjörðri, sem hér er um rætt, að menn vanti ýmsar merkilegar skýrslur um jarðirnar, sem voru í eldri jarðabókum, þá eru allflestar af skýrslum þessum þess eðlis, að þó þær kunni að vera merkilegar, þegar um hagfræði landsins er að gjöra, eiga þær samt sem áður ekki heima í jarðabók, t. a. m., hvers eign jörðin

1) Sjá alþ.tíð. 1863, I. 143.—145. bls.

sè, kúgildatala, afgjald að upphæð og áskildum gjaldaorum m. m.; því allt þetta er sifelldum breytingum undirorpið, og ef menn ávallt ættu að hafa fullkomnar skýrslur um þetta, yrði að leiðrétta jarðabókina á ári hverju. Við umræður málsins á alþingi voru enn fremur teknir fram ýmsir gallar, sem mönnum þykja vera á greindri jarðabók; en að sumu leyti yrðu gallar þessir ekki bættir þó jarðabókin væri gefin út að nýju, heldur að eins með nýrri jarðavirðing, og að sumu leyti yrðu þeir ekki bættir fyrir þá sök, að ekki eru til skýrslur þær, er til þess þurfa. Yfir höfuð verður ekki séð að jarðabókin, sem gefin var út í þeim tilgangi, að hún væri regla fyrir skattheimtu, ætti að vera öðruvísi löguð en hún er, og þar við bætist það, sem mestu varðar, að hún var út gefin öldungis í hinu sama formi og hún var samþykkt á þingi.

Af þeim ástæðum, er nú hefir sagt verið, kunngjörir stjórnarráðið yður hér með, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það, að styrkur sá, sem um var sótt til að gefa út nýja jarðabók, ekki getur orðið veittur, og að óskin um, að jarðamatsbækurnar og önnur skjöl, er jarðamatið snerta, verði sent til Íslands til að geymast við skjalasafn alþingis, ekki verður til greina tekin fyrst og fremst fyrir þá sök, að optlega þarf á þeim að halda við þau mál, er þorin eru undir úrlausn dómsmálastjórnarinnar.

Lög, um **eptirlaunaviðbót handa Gísla kanselíráði Hjálmarssyni**, fyrrum héraðslækni í austurhéraðinu í norður- og austurumdæminu á Íslandi, dagsett 12. marz 1864.

Vér Kristján hinn Níundi, o. s. frv., gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi, og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Eptirlaun þau, sem Gísli kanselíráð Hjálmarsson, fyrrum héraðslæknir í austurhéraðinu í norður- og austurumdæminu á Íslandi, fær úr ríkissjóðnum, og sem eru 388 rd. 38 sk. ríkismyntar á ári, skulu hækkuð um 150 rd. ríkismyntar frá 1. degi aprílmánaðar 1864.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 12. dag marzmán. 1864.

Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um **laun hreppstjóra**, dagsett 21. marz 1864.

Með þegnlegri skýrslu, dagsettri 15. septemberm. f. á., hafið þér, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúi á alþingi því, er haldið var árið 1863, sent hingað þegnlega bænarskrá þingsins um, að hreppstjórum, sem lögregluþjónum, verði fyrst um sinn veitt frá 20 til 60 ríkisdala þóknun úr ríkissjóði, eptir örðugleika hreppanna og öðrum þess konar málavöxtum.

Eptir að dómsmálastjórnin hefir ihugað mál þetta, verður hún að álita það víst, að ekki geti fengizt veitt úr ríkissjóðnum nein laun handa hreppstjórum; en þar eð því á hinn bóginn eigi verður neitað, að borgun sú, sem embættisþjónar þessir fá fyrir störf þau, er þeir hafa á hendi sem rættarþjónar og lögregluþjónar (en hún er í því fólgin, að þeir eru undanþegnir gjöldum til ríkissjóðsins, fá nokkrar aukatekjur m. m.), er næsta lítil og samsvarar á engan hátt störfum þeirra, og að það þess vegna væri æskilegt, að bætt yrðu kjör þeirra, þá skorar stjórnarráðið á yður, herra stiptamtmaður, ef þér eruð á sama máli um þetta, að láta í ljósi álit yðar um, með hverju móti launabót sú, sem hér er um rætt, muni geta fengizt. Eptir áliti stjórnarráðsins gæti í því efni helzt orðið umtalsmál að fá féð úr jafnaðarsjóðum amtanna; og í því tilliti skal stjórnarráðið leiða athygli yðar að lögum, sem út komu fyrir Danmörku 4. marzm. 1857, og eru þar ákveðin árleg laun, að upphæð frá 20 til 100 rd., úr jafnaðarsjóðum amtanna handa sóknarfógetunum, en störf þeirra eru öldungis samkynja þeim, er hreppstjórnarnir hafa á hendi sem rættarþjónar og lögregluþjónar. Til að hlífa jafnaðarsjóðunum sem mest, væri ef til vill ráðlegast að skipa málinu á þann hátt, að hreppstjórnarnir fengju ekki endurgjald þetta fyrri en eptir nokkurra ára þjónustu, t. a. m. eptir 3 ár, og að upphæðin, sem ákveða ætti á hverju ári innan vissra takmarka, skyldi fara vaxandi í hlutfalli við það, hversu lengi hver og einn hefði haft hreppstjórn á hendi.

Lög, um **eptirlaunaviðbót handa Elínu Thorstensen**, ekkju eptir Jón justizráð Thorstensen, landlækni á Íslandi, dagsett 31. marz 1864.

Vér Kristján hinn Niundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi, og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Eptirlaun þau, 164 rd. 56 sk. ríkismyntar á ári, sem ekkjan Elín Thorstensen fær úr ríkissjóðnum eptir mann sinn, Jón heitinn Thorstensen, justizráð og landlækni á Íslandi, skulu hækkuð um 35 rd. 40 sk. á ári frá 1. degi aprílmánaðar 1864.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 31. dag marzmán. 1864.

Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvalds-
anna á Íslandi, um **fjölgun á ölmusum við hinn lærða skóla**, dagsett 13. apríl 1864.

Samkvæmt því, er alþingi það, er haldið var árið 1861, stakk upp á, og nefnd sú féllst á, er síðar var skipuð í Reykavík til að íhuga uppástungur þingsins um umbætur á hinum lærða skóla á Íslandi, hlutaðist stjórnarráðið til um, að í frumvarpinu til fjárlaganna fyrir fjárhagsárið 1864—65 var gjörð uppástunga um, að ölmusunum við Reykjavíkur lærða skóla, sem nú eru 24 að tölu, hver 100 rd. að upphæð, verði fjölgað svo, að þær verði 40, og hefir ríkisþingið veitt fé það, alls 4000 rd., er stungið var upp á að veitt yrði til þessa, eins og betur má sjá af fylgiskjali til fjárlaganna fyrir yfirstandandi fjárhagsár, að því er snertir gjöld til Íslands lútandi að kirkju- og kennslustjórninni, en það fylgiskjal var sent yður með bræfi hinnar íslenzku stjórnardeildar, dags, 30. f. m.

Um leið og þetta er kunngjört yður, yður til leiðbeiningar og athugunar, skorar stjórnarráðið á yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, að annast um á hagfelldasta hátt, að það verði heyrum kunnugt á Íslandi, að ölmusunum við skólann hafi verið fjölgað, svo sem að ofan er greint.

Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um **viðbót við laun Jóns Þorkelssonar**, kennari við hinn lærða skóla, dagsett 13. apríl 1864.

Í þegnlegri bænarskrá, er þér, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúi á hinu síðasta alþingi senduð stjórnarráðinu með álitsskjali yðar dagsettu 15. dag septembermán. f. á., hefir þingið beiðzt þess, að Jóni Þorkelssyni, kennara við lærða skólann í Reykjavík, verði veitt launaviðbót úr ríkissjóði, er nemi svo miklu, að laun hans verði 1000 rd. að upphæð á ári¹.

Þó nú stjórnarráðið ekki gæti fallizt á að fara þess á leit við ríkisþingið, að embættismanni þessum yrði veitt svo mikil launaviðbót, sem alþingi hafði stungið upp á, þá virtist eigi að síður æskilegt að fara svo nálægt tillögum þingsins í þessu máli, sem unnt væri, og þótti í því tilliti réttast að fara þannig að, að reikna launaviðbót þá, er hann ætti að fá fyrir embættisþjónustu eptir því, sem til var ætlaðt í frumvarpi til laga um launaviðbót ýmsra embættismanna á Íslandi 19. janúarm. f. á., því er stjórnin lagði fyrir ríkisþingið, á þann hátt, að embættisþjónusta hans sem kennara við skólann væri talin frá þeim tíma, er hann var settur í kennara-embætti það, er til bráðabyrgða var stofnað við skólann eptir heimild þeirri, er til þess var veitt í fjárlögunum við fjárhagsárið 1859—60, og þar eð hann eptir því ætti að fá á yfirstandandi fjárhagsári 100 ríkisdala viðbót við þá 500 rd., er hann áður hefir haft í laun, eður alls 600 rd., var þessi upphæð tilfærð í frumvarpinu til fjárlaganna, og hefir ríkisþingið veitt launaviðbót þá, er þannig var stungið upp á, eins og betur má sjá af fylgiskjalinu við fjárlögin fyrir fjárhagsárið 1864—65, að því leyti snertir gjöld Íslands til kirkju- og kennslumálanna, en það fylgiskjal var sent yður með bréfi hinnar íslenzku stjórnardeildar, dagsettu 30. f. m.

Þetta er yður hær með kunngjört, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það Jóni skólakennara Þorkelssyni.

1) Sjá alþ.tíð. 1863. I, 449—452.

Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir
Íslandi, um **fjárverði við Skorradalsvatn** til að
varna útbreiðslu fjárkláðans, dagsett 25. maí 1864.

Amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu hefir með bréfi 6. febrúarm. þ. á. sent stjórnarráðinu bænarskrá frá Kristjánikammerráði Kristjánssyni og þrem öðrum sýslunefndarmönnum í Húnavatnssýslu, um að skipaðir verði nú í sumar tryggilegir verðir við Skorradalsvatn, að öllu leyti á sama hátt og í fyrra sumar, til að varna frekari útbreiðslu fjárkláðans; hefir amtmaðurinn getið þess, að eptir áreiðanlegum fréttum hafi kláðasýkin í vetur á ískyggilegan hátt gjört vart við sig á ýmsum stöðum í suðurumdæminu, og lagt það til, að slíkur vörður, sem nú var um rætt, verði skipaður á þann hátt, að öll þrjú umdæmin taki jöfnum höndum þátt í kostnaðinum.

Eptir þeim kringumstæðum málsins, sem dómsmálastjórninni nú eru kunnugar, og einkum eptir því, sem þér, herra stiptamtmaður, hafið skýrt frá um, að Borgarfjarðarsýsla hafi meir en í eitt ár verið laus við kláðasýkina, og að sýkin hafi á afliðnum vetri að eins gjört vart við sig á einstöku stað í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og þó mjög lítið, þá virðist stjórnarráðinu ekki vera ástæða til að gjöra fyrirskipun um þá ráðstöfun, sem hér er um rætt; mundi hún og, einkum þegar svo er ástætt, sem nú er, verða mjög þungbær jafnaðarsjóðum amtanna. En ef ástandið hefir breytzt síðan þér, herra stiptamtmaður, senduð hingað hina síðustu skýrslu yðar, svo að nú sé ástæða til að óttast fyrir, að sýkin geti útbreiðzt til hinna amtanna, þá skorar stjórnarráðið á yður að hlutast til um, eptir samkomulagi við hina tvo amtmennina, að tryggilegir verðir verði skipaðir samkvæmt ofangreindri bænarskrá.

Opið bréf, um **breyting á tilskipun 18. febrúar-
mánaðar 1847, um fjárforráð ómynd-
ugra á Íslandi**, dagsett 4. júní 1864.

Vér Kristján hinn Níundi, og s. frv., Gjörum kunnugt:
Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vars trúá alþingis

um frumvarp, er fyrir það hefur verið lagt, til opins bréfs um breyting á tilskipun 18. febrúarmánaðar 1847 um fjárforráð ómyndugra á Íslandi, þjóðum Vær og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Þegar fè ómynduga, jafnvel þó það hafi verið haft á boðstólum á löglegan hátt, hefur ekki orðið komið á vöxtu fyrir þá leigu, sem ákveðin er í tilskipun 18. febrúarmánaðar 1847, þá skal mega ávaxta það á þann hátt, að það sè lánað móti veði, samkvæmt áðurgreindri tilskipun, fyrir leigu, er sè að minnsta kosti 3 af hundraði á ári.

2. gr.

Nú hefur fè ómyndugra eigi orðið komið á vöxtu með þeim hætti, sem segir í 1. gr., og skal þá fjárhaldsmanni leyft að lána fèð út með samþykki yfirfjárráðanda móti nægu veði í lausafè og þeirri leigu, er fengizt getur; þó má eigi lána einum manni meira fè á þenna hátt en 100 rd.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða,

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 4. dag júnímánaðar 1864.

Bréf dómsmálastjórnarinnar til reikningastjórnardeildar
konungsríkisins um **borgun til forseta á alþingi**
fyrir störf hans eptir þinglok, dagsett 13. júní
1864.

Í bræfi 22. maím. 1862 var reikningastjórnardeildinni skýrt frá, að dómsmálastjórnin 11. dag aprílm. þar á undan hafi skorað á stiptamtanninn yfir Íslandi — áður en skorið væri úr spurning þeirri, er reikningastjórnardeildin hafði hreift viðvikjandi fæðispeningum þeim, er forseti á alþingi 1859 reiknaði sèr fyrir störf sín í þarfr alþingis eptir þinglok það ár, — að skýra sèr frá, hvernig að hefði verið farið í þessu efni eptir að þingi var slitið árið 1861.

Stjórnarráðið fékk síðan þær skýringar um málið, sem eru í bræfi stiptamtannsins d. 23. júlí 1862, sem hèr með fylgir ásamt einu fylgiskjali; í bræfi þessu fer embættismaður þessi þar að auki þeim orðum um það atriði, sem hèr er um rætt yfir höfuð, að ef ekki yrði álitid, að það væri skylda forseta eptir stöðu hans, að

afgreiða borgunarlaust málefni þau, sem eptir eru óafgreidd við þinglok, virtist réttast, að upphæð borgunar þessarar væri fast ákveðin, og ætti hún að hans áliti eigi að vera meiri en 50 rd. fyrir hvert þing. Í sambandi við þetta stakk stiptamtmaður upp á, að stiptamtmanni yrði á hendur falið að ávísa alla þá reikninga viðvikjandi alþingiskostnaði, sem koma eptir þinglok; þó skyldi forseti þingsins fyrst rita á þá vottorð sitt um, að þeir væru réttir.

Út af þessu kunngjörði stjórnarráðið stiptamtmanni í bréfi 10. dag marzm. f. á., að það fællist á hina síðast nefndu uppástungu hans, svo að öll þau gjöld, er alþingi snerta og eigi eru greidd fyrri en eptir þinglok, framvegis skuli ávísuð af stiptamtmanni, í stað þess að forseti alþingis hefði að undanfögnu ávísað þau. En hvað það snertir, hvort forseti eigi heimting á nokkurri og þá hverri borgun fyrir störf sín fyrir þingið eptir þinglok, þá varð stjórnarráðið að álíta réttast, að þetta atriði væri borið undir álit alþingis þess, er þá var fyrir hendi, og um leið var því skorað á stiptamtmann að hlutast til við konungsfulltrúa um þær ráðstafanir, er þyrfti í því efni, og sjá um, að lögð væri fyrir þingið skýrsla um, hvernig forseti á alþingi síðustu árin hefði reiknað sér borgun fyrir störf sín.

Eptir að málið samkvæmt þessu hafði verið borið undir álit alþingis þess, er haldið var árið 1863 og forseti þingsins, eptir að málið hafði verið rætt, hafði látið greiða atkvæði um, hvort nokkuð skyldi skipta sér af því eður láta vera við það, sem verið hefir, þá samþykkti þingið með 20 atkvæðum mót 4, að ekki skyldi skipta sér af málinu¹.

Um leið og þetta er kunngjört reikningastjórnardeildinni skal því við bætt, að dómsmálastjórnin ekki finnur ástæðu til að gjöra frekari ráðstafanir í þessu efni.

Bréf dómsmálastjórnarinnar til P. L. Hendersons stórkaupmanns í Glasgow, um **gufuskipsferðir kringum Ísland**, dagsett 16. júní 1864.

Dómsmálastjórnin hefir meðtekið frá utanríkisstjórninni álitsskjal yðar, er þær eptir úlmælum hëðan höfðuð sent hinum kon-

1) Sjá alþ. tíð. 1863. II, 1146—1154.

unglega danska aðalkaupræðismanni í Leith, viðvíkjandi þegnlegri bænarskrá frá alþingi Íslendinga árið 1863 um, að stjórnin hlutist til um, að reglulegar gufuskipsferðir komist á kringum Ísland, til að flytja bréf, ferðamenn og varning millum hafna þeirra, sem ákveðið yrði, að það ætti að koma við á, allt móti sanngjarnri fast-ákveðinni borgun. Þingið hafði hugsað sér, að gufuskipsferðir þessar ættu að byrja á ári hverju síðast í febrúarmánuði, að farnar yrðu 12 ferðir kringum landið frá þeim tíma og til þess í októbermánuði, og skyldi farið á stað úr Reykjavík, en að öðru leyti skyldi farin önnur hvor ferð norður fyrir land og önnur hvor suður fyrir það, og á ferðunum kringum landið skyldi auk Reykjavíkur komið við á þessum höfnum: Stykkishólmi, Ísafirði, Skagaströnd eður Hofsó, Akureyri, Húsavík, Seyðisfirði, Berufirði og Vestmannaeyjum.

Í tæðu álitsskjali yðar hafið þér getið þess, að þér að vísu vegna kringumstæðanna fyrst um sinn hafið frestað áformi því, er þér hafið áður haft, að láta gufuskip ganga milli verzlunarstaða yðar á Íslandi, og því næst hafið þér meðal annars tekið fram um gufuskipsferðir þær kringum Ísland, sem alþingi fer fram á, að komið verði á fót: að hafa yrði til þeirra ferða skráfuskip rammgjört og að öllu leyti vel út búið, á stærð við »Arcturus«, með tveim káetum (1. og 2. káeta) og öðru hagkvæmu fyrirkomulagi að því skapi; að skipið til þess að geta gegnt þessu ætlunarverki svo sem vera bæri, að eins ætti að fara kringum landið en ekki einnig til annara landa, og fyrst um sinn koma við á Stykkishólmi, Ísafirði, Skagaströnd, Grafarósi, Akureyri, Húsavík, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum (Húsavík og Skagaströnd þó að eins þegar veður leyfi), og að það í hvert skipti skyldi vera ferðbúið frá Reykjavík, þegar gufuskipið kæmi þangað frá Kaupmannahöfn, og fara þaðan kringum land aðra hvora ferð suður fyrir land, en aðra hvora norður fyrir.

Stjórnarráðið fellst nú að vísu á álit yðar um stærð skipsins og fyrirkomulag, um það, hvar það ætti að koma við, hve margar ferðir það ætti að fara, og hve nær það ætti að fara á stað. En um leið og stjórnarráðið ítrekar það, að hær er að eins rætt um að gjöra tilraun í þá átt, sem farið er fram á í bænarskrá alþingis, leiðir það athygli yðar að því, að það er nauðsynlegt, áður en skorað er á ríkisþingið um að veita fê það, er þarf til framkvæmdar þessu áformi, að hafa ákveðna uppástungu til að byggja

á í því efni, og eruð þér því, herra stórkaupmaður, beðnir um að senda stjórnarráðinu uppástungu með ástæðum fyrir, um það, hversu mikið tillag úr almennum sjóði þér munduð þurfa til að halda uppi gufuskiptisferðum þeim kringum Ísland, sem hér er um rætt.

Opíð bréf, um **löggilding verzlunarstaðar við Lambhússund á Skipaskaga** í Borgarfjarðarsýslu í suðurlanddæminu á Íslandi, dagsett 16. júní 1864.

Vér Kristján hinn Níundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnlegum tillögum alþingis hefir Oss allramildilegast þóknast að löggilda verzlunarstað við Lambhússund á Skipaskaga í Borgarfjarðarsýslu í suðurlanddæminu á Íslandi.

Fyrir því skal það frá 1. degi janúarmánaðar 1865 leyft að byggja sölubúðir og hafa fasta verzlun á þessum stað með þeim skilmálum, er segir í opnu bréfi 28. desembermánaðar 1836, og mega einnig frá sama tíma innlendir og útlendir lausakaupmenn koma þangað til verzlunar, þegar þess er gætt, sem um það efni er ákveðið í nefndu lagabóði og í lögum 15. aprilmánaðar 1854 3. grein.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðseturstað Kaupmannahöfn, 16. dag júnímánaðar 1864.

Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um **rán útlendra fiskimanna í Vigur**, dagsett 29. júní 1864.

Með bréfi 26. janúarm. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér háeruverðugi herra, sent hingað útskrift af rættarprófi, sem sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu hafði haldið, til að fá ýmsar skýrslur út af kærnu nokkurri frá Bjarna Sveinssyni, presti til Stafafells í Skaptafellssýslu, en kærna hans var inn færð í útskriftina, og hafði hið síðasta alþingi vísað henni til stiptsyfirvaldanna með meðmælum sínum; en kærna þessari er þannig varið, að presturinn

ber fram umkvörtun yfir því, og biður um endurgjald úr almennum sjóði fyrir það, að skipshöfnin á útlendu fiskiskipi, líklega frakknesku, hafi verið 1863 framið rán í eyinni Vigur, er liggur undir tæð prestakall; hafi skipverjar, eptir því sem skýrslur þær, sem um er rætt í bænarskránni og prófinu, sýni, farið á land í ey þessari, sem er óbyggð, og liggur nokkuð langt undan landi, tekið egg og dún úr æðarfuglaheiðrum þar í eyinni og fælt burt þaðan fuglinn, svo að arðurinn af varpinu þar hafi sumarið 1863 að eins verið 15 pund af hreinsuðum dún, en árið á undan hafi hann verið 30 pund.

Um leið og þér hafið lagt málefni þetta undir úrskurð kirkju- og kennslustjórnarinnar, hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, getið þess, að ekki verði höfðað mál til skaðabóta út af athæfi þessu, þar eð mönnum eigi hafi heppnast að fá neinar ítarlegri skýrslur um þá, er verkið hafi unnið, eður um nafn skipsins eður heimkynni, og að það reyndar sè mjög illa farið, að hlutaðeigandi hafi orðið fyrir tjóni því, sem hér er um rætt, en varla verði áltíð, að hann hafi neina réttarkröfu til að fá endurgjald fyrir það úr almennum sjóði; á hinn bóginn hafið þér tekið fram, að eptir atvikum, sem hér eiga sèr stað, og vegna þess, að beiðandinn er efnalítill og má ekki við að missa neins í af emhættistekjum sínum, sem eru rýrar, þá væri það mjög æskilegt, ef honum af sèrstaklegri náð yrði veitt hæfileg þökkabót fyrir skaða þann, er hann hefir beðið.

Um þetta efni skal yður hér með kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það Bjarna presti Sveinssyni, að stjórnarráðið ekki sèr sèr fært að útvega honum neinar bætur fyrir skaða sinn, en því skal við bætt, að vegna þess að málefni þetta hefir verið sett í samband við málefnið um fiskiveiðar útlendra manna við Ísland, þá hefir það verið fengið dómsmálastjórninni til frekari meðferðar.

Konungsbréf til stiptamtmannsins til **svars ávarpi frá embættismönnum og borgurum í Reykjavík út af konungaskiptunum**, dagsett 8. júlí 1864.

Kristján hinn Níundi o. s. frv. Vora einstaklega hylli!

Dómsmálastjórnarráðgjafi Vor hefir fyrir Oss lagt þegnlegt ávarp, er þú hefir sent frá nokkrum borgurum og embættismönnum í Reykjavík út af konungaskiptunum.

Hollusta sú og traust, sem er yfir lýst í ávarpi þessu, hefir verið oss kær vottur þess, að enn helzt ást sú og hollusta við konungsættina, sem ávallt hefir að erfðum gengið á Íslandi, og með gleði höfum Vær sæð yfirlýsing þeirra tilfinninga, sem hin þungu forlög, er föðurlandið á við að búa, hafa vakið hjá mönnum.

Vær hjóðum þér því að flytja þeim mönnum þakkir Vorar, er hafa til Vor talað í ávarpi þessu, og seg þeim enn framar þau orð Vor, að heill Íslands liggi Oss ríkt á hjarta, og að Vær skulum leitast við að sjá og framfylgja hag landsins, einkum með því: svo fljótt, sem auðið er, að koma því skipulagi á stjórnarmálefni Íslands, sem hinn hásaði fyrirrennari Vor í konungstigninni hafði haft þann undirbúning að, sem um er rætt í allrahæstri auglýsing til alþingis 8. dag júní. f. á. Þannig framkvæmist Vor vilji. Felandi þig guði!

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 8. dag júlímán. 1864.

Christian R.

Casse.

Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar um

fiskiveiðar útlendra manna við Ísland, dagsett

10. ágúst 1864.

Svo sem sjá má af fylgiskjölum bréfs þessa hefir hið síðasta alþingi Íslendinga í þegnlegri bænarskrá, er stjórninui hefir verið send, meðal annars beðið um:

1. að hlutast verði til um, að hin íslenzku veiðilög, ef það hafi eigi áður verið gjört, verði kunngjörð þeim þjóðum, er liggja til fiskjar við Ísland, á því máli, sem þeim er skiljanlegt, svo þær geti ekki afsakað rán og gripdeildir, er fyrir kunna að koma á landi af þeirra hálfu, með vankunnáttu sinni um þetta efni, og
2. að leitast verði við að fá hina frakknesku og ensku stjórn til að viðurkenna, að einstaklegar kringumstæður Íslands gjöri það nauðsynlegt, að undantekningar verði gjörðar frá hinum

almenna þjóðarétti hvað fiskihelgina og fiskimið landsmanna á opnum skipum áhrærir undir Íslandi, svo framarlega sem ekki þjóðbúið allt og landsfólkið eigi að bíða óbætanlegt tjón.

Eins og bænarskráin sjálf ber með sér, er hið fyrra af niðurlagsatriðum þessum einkum spröttið af kæru þeirri, er kom frá prestinum á Lóni í Skaptafellssýslu um rán, er menn höldu, að útlendir fiskiveiðamenn hefðu framið í eygni Vigur; var út af kæru þessari síðar haldið réttarpróf við aukahéraðsrétt þar í sýslu, til að fá skýrslu um tilverknað þann, sem um er rætt í kærinni, og fylgir hér með dönsk þýðing af útskrift af prófinu. Dómsmálastjórnin verður að vera á sama máli og alþingi um það, að ákjósanlegt sé að annast verði um, að ákvarðanir hinna íslensku veiðilaga verði kunnar skipstjórum og skipshöfnum, er stunda fiskiveiðar við Ísland, og sendir því hér með exemplör af tilskipun um veiðina á Íslandi, dags. 20. d. júním. 1849, og af opnu bréfi um bann gegn byssuskotum á sel á Breiðafirði á Íslandi, dags. 22. d. marzm. 1855; leyfir stjórnarráðið sér að fara fram á það við utanríkisstjórnina, hvort hún vilji ekki hlutast til um, að lagaboðum þessum verði snúið á frakkneska og enska tungu, og þau síðan send hinum konunglegu sendiherrum, til þess að þeim verði útbýtt til hlutaðeigandi skipstjóra, svo framarlega sem þetta eigi áður hefur gjört yerið.

Hvað 2. niðurlagsatriði bænarskrárinnar snertir, þá hefir konungsfulltrúi á alþingi í þegnlegu álitsskjali sínu um málið, dagsettu 9. d. nóvemberm. f. á., látið þá skoðun í ljósi, að það væri í sjálfu sér mjög æskilegt og mundi einnig að nokkru leyti friða hugi manna á Íslandi, ef samningar yrðu um það gjörðir við útlend ríki, þau er hlut eiga að máli, að innri hlutinn að minnsta kosti af hinum mikla Faxallóa, þar sem sé svo mikið af fiski, yrði friðaður fyrir útlendum fiskimönnum. Hann hefir í þessu tilliti stungið upp á, að lína sé dregin yfir flóann þveran frá Garðskaga til Skipaskaga á Akranesi, og vikið á, að hann hafi talað um þetta efni við hinn frakkneska herskipsforingja, Toyon, er hafði stöðvar við Ísland í sumar er leið, og orðið þess áskynja, að hann hafi haldið, að frakkneska stjórnin mundi eigi verða ófús á að gjöra samning, er færi í þessa stefnu (smbr. og meðfylgjandi bréf hans, dags. 21. maím. f. á.). Foringinn fyrir briggskipiinu St. Thomas, sem í fyrra sumar hafði stöðvar við Ísland, hefir farið líkum orðum um málið og konungsfulltrúi í skýrslu sinni til sjóliðssjórnar-

innar, dags. 23. d. maím. f. á., og fylgir hér með útdráttur úr þeirri skýrslu; en þó hugsar hann sèr línuna dregna nokkru innar í flóanum, og sèst af skýrslu hans, að hinn frakkneski herskipsforingi, eptir að þeir höfðu átt viðræður um málefni þetta, hefir skýrt sinni stjórn frá málinu.

Dómsmálastjórnin byggir að vísu á því, að takmörk þau, sem sett eru um fiskiveiðar útlendinga í konungsúrskurði, dags. 22. d. febrúarm. 1812, einnig eigi við um fiskiveiðarnar við Ísland, og að jafnhliða þessu beri að álíta, að enn sè í gildi bannið í tilskipun 13. d. júním. 1787 2. gr. gegn því, að skipin fari inn á firði, flóa og hafnir til fiskiveiða; en vegna þess vafa, sem á það hefir verið dreginn, hvort hin síðast nefnda ákvörðunin einnig verði heimfærð upp á tvo stærstu flóana á Íslandi, Breiðafjörð og Faxaflóa, þá verður stjórnarráðið, eins og konungsfulltrúi hefir í ljósi látið, að álíta það æskilegt, að fastar reglur verði ákveðnar í þessu efni, helzt á þann hátt, að dregin sèu takmörk eður takmarkalína, sem útlendingar eigi mættu fara inn fyrir til fiskiveiða á þessum tveim flóum, og að lina þessi á Faxaflóanum verði ákveðin á þann hátt, sem konungsfulltrúi hefir stungið upp á.

Eptir því, sem nú hefir sagt verið, þykir dómsmálastjórninni hlýða að bera það mál upp við utanríkisstjórnina, hvort henni ekki þyki ástæða til að fara að semja við keisarastjórnina á Frakklandi, og ef til vill einnig við konungsstjórnina á Bretlandi hinu mikla, um fyrirkomulag á málefni þessu, samkvæmt því, sem hér að ofan hefir verið tekið fram.

Dómsmálastjórnin vonast eptir að fá vísbending um, hvað hið heiðraða stjórnarráð ræður af í þessu efni, og biður um að fylgiskjölín verði aptur send.

Opið bréf um, að **Bæjarhreppur** í Austur-Skaptafellssýslu í suðurumdæminu á Íslandi **skuli vera þinghá út af fyrir sig**, með þingstað að jörðunni Bæ,¹ dagsett 18. ágúst 1864.

Vèr Kristján hinn Níundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt:

1) Lagaboð þetta var út gefið samkvæmt bænarskrá frá alþingi árið 1863; sjá alþ.tíð. fyrir það ár I. 213.—215. bls.

Út af þegnlegri bænarskrá alþingis bjóðum Vær og skipum fyrir á þessa leið:

Bæjarhreppur í Austur-Skaptafellssýslu í suðurumdæminu á Íslandi, skal hér eptir vera þinghá út af fyrir sig með þingstað að jörðuinni Bæ. Hreppsþúar skulu skyldir til, eptir því sem sýslumaðurinn gjör segir fyrir, að byggja á tæðum stað nýtt þinghús, er sé rúmgott og í öllu tilliti óaðfínnanlegt.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 18. dag ágústmánaðar 1864.

Opið bréf, um **breyting á þeim tíma, þá er halda skal hreppskilaping** á Íslandi á vorin,¹ dagsett 18. ágúst 1864.

Vær Kristján hinn Níundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnlegri bænarskrá alþingis bjóðum Vær og skipum fyrir á þessa leið:

Hreppskilaping á vorin, sem fyrirskipuð eru á Íslandi í opnu bræfi 21. dag aprílmánaðar 1847, skulu hér eptir haldin á tíma-bílinu frá 6. til 24. júnímánaðar; þó skal óbreytt standa það, sem ákveðið er í greindu lagaboði um hreppskilaping í Skaptafells-sýslunum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 18. dag ágústmánaðar 1864.

Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amt-mannanna á Íslandi um, að **amtmennt megi gefa ýmisleg leyfisbréf**, dagsett 30. september 1864.

Samkvæmt þegnlegum uppástungum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátígn konunginn 12. þ. m. þóknast meðal annars allramildilegast að fallast á:

1) Lagaboð þetta var útgefið samkvæmt bænarskrá frá alþingi árið 1863; sjá alp.tíð. fyrir það ár I. 172—174. bls.

1. að amtmönnum á Íslandi sè á hendur falið að framselja:
 - a, Leyfisbréf til að leiða ný vitni og leggja fram ný skjöl í málum, sem skotið er til hins íslenska landsyfirrættar; þar að auki má einnig framvegis fá leyfisbréf þessi hjá stiptamtmaninum yfir Íslandi.
 - b, Leyfisbréf til að vera executor testamenti í dánarbúum, þegar ekkert þykir athugavert við málið.
 - c, Leyfisbréf til að fá ógildingardóm á veðskuldabréfum og eignardóm fyrir fasteignum, og
 - d, Leyfisbréf til að ganga að eiga ekkju bróður, föðurbróður eður móðurbróður síns, eður föðursystur eður móðursystur konu sinnar látinnar, svo framarlega sem hvorugt hjónaefnanna er gyðingatrúar, og
2. að greindum amtmönnum sè veitt vald til að leyfa því hjóna, er hitt lifir, að sitja í óskiptu búi, þegar önnur þau skilyrði eru fyrir hendi, er til þess útheimtast, en einhver erfingjanna er fjærverandi, á þann hátt, að leyfið sè veitt þangað til fengin verði yfirlýsing þess erfingjans, sem fjærverandi er, og svo úr því, ef hann veiti til þess samþykki sitt.

Um leið og yður er kunngjörður konungsráðsúrskurður þessi, skal bætt hér við nokkrum athugasgreinum yður til leiðbeiningar þegar þér gefið út ofangreind leyfisbréf og veitið leyfi það, sem hér er um rætt.

Um 1. a, Leyfisbréf þessi, sem eptir tilsk. 21. desemberm. 1831 l. 17. gr. geta fengizt hjá stiptamtmaninum yfir Íslandi, sem forseta í hinum íslenska landsyfirrætti, í þeim málum, sem skotið er til yfirdóms þessa, skulu veitt fyrir borgun, að upphæð 16 rd. 5 mrk., en þegar hlutaðeigandi hefir fengið gjafsókn í málinu, skulu þau veitt ókeypis.

Um 1. b, Eigi ber að synja um leyfisbréf þessi, þegar ekki er ástæða til að efast um, að menn þeir, er eiga að taka að sèr búið, sèu áreiðanlegir og skilríkir menn. Borgunin er 16 rd. 5 mrk., og fæst eigi uppgjöf á henni. Amtmennirnir mega veita leyfisbréfið, hvort sem mennirnir hafa verið til nefndir í löglegri erfðaskrá, eður sótt er um, að þeir sèu skipaðir án þess nokkur erfðaskrá hafi verið gjörð, þar sem þeir hafi til nefndir verið; svo og þegar maður deyr, sem til nefndur hefir verið í erfðaskrá, eður hann verður ófær til að gegna starfa sínum, og beðið er um

annan, sem ekki er nefndur í erfðaskránni, í stað hins, sem fallinn er frá eður genginn úr leik.

Um 1. c, Til þess að veitt verði leyfisbréf til að fá ógildingardóm á horfnu veðskuldabréfi úrheimtist, að sýnt sé fram á, að líkindi séu til að skuldabréfið sé horfið, og að enginn sviksamlegur tilgangur sé samfara beiðninni um að fá það dæmt ógilt; þess vegna ber og, að svo miklu leyti sem unnt er, að láta þá, sem hlut eiga að máli um skuldabréfið, fá tækifæri til að segja álit sitt áður en leyfisbréfið er veitt. Þess skal og hér getið, að þar eð ofangreindur konungsráðgjafi að eins snertir leyfisbréf til að fá ógildingardóm á veðskuldabréfum er það vitaskuld, að dómsmálastjórninni framvegis er áskilið að gefa út leyfisbréf til að fá ógilt ríkisskuldabréf og skuldabréf bankans og önnur áþekkt peningaskjöl.

Sá, sem vill fá eignardóm fyrir fasteign sinni, verður að geta sannað löglega heimild sína til hennar.

Þess ber að gæta um hvorutveggi þessi leyfisbréf, að fasteign þeirri, sem fá á eignardóm fyrir, eður veðskuldabréfi því, sem á að dæmast ógilt, sé lýst svo nákvæmlega, sem kostur er á.

Borgunin fyrir leyfisbréf þau, sem hér er um rætt, er 16 rd. 5 mrk.; þó ber að veita ókeypis leyfisbréf til að fá ógildingardóm þegar veðskuldabréf það, sem ógildast á, hljóðar upp á minni upphæð en 500 rd. ríkismyntar.

Um 1. d, Um leyfisbréf þessi skal venjulega ekki synja mönnum, nema mikill munur sé á aldri hlutaðeigenda, og má einnig veita þau, þó mægðirnar hafi verið ólöglegar, sem svo er kallað, eður með öðrum orðum, þó svo hafi á þeim staðið, að maður hafi átt barn með kvennmanni án þess þau væru hjón. Áður en leyfisbréfið geti fengið verða hlutaðeigendur því að koma fram með skirnaratfesti sín, og einnig færa gildar sannanir fyrir því, að mægðum þeirra sé svo varið, sem þau skýra frá. Borgunin er 34 rd. 32 sk., en þó má færa hana niður til 16 rd. 5 mrk., þegar þau skilyrði eiga sér stað, sem ákveðin eru í konungsráðgjafi 19. ágústm. 1829, en sá konungsráðgjafi er birtur í kanselíumburðarbréfi 5. dag septemberm. s. á.

Um 2. Leyfi það, sem hér er um rætt, má veita, þegar þau skilyrði að öðru leyti eiga sér stað, sem þurfa til þess, að hlutaðeigandi geti fengið að sitja í óskiptu búi. Við leyfi þetta, sem

veitt er með bræfi¹ og engin borgun greidd fyrir, skal ávallt hnýtt þeirri ákvörðun, að það gildi þangað til fengizt geti yfirlýsing erfingja þess, sem eigi er viðstaddur, og svo úr því, ef hann veiti samþykki sitt.

Til leyfisbræfa þeirra, sem um er rætt að ofan við staðiðina 1. a, b, c, d, eru yður hér með send eyðubréf, 6 til hvers leyfisbréfs, samtals 24, og eruð þér beðnir að senda hingað viðurkenning yðar um, að þér hafið fengið þau. Þegar leyfisbréf þessi eru af hendi látn, ber að gjöra reikning fyrir þeim og senda hann stjórninni til endurskoðunar, en sá reikningur skal sameinaður þeim reikningi, sem háfyrvöldin nú á ári hverju, eptir þeim reglum, sem um það efni gilda, senda stjórninni um konungleg bréf, er þeir fram selja. Bænarsskrár þær, sem leyfisbréfin eru út gefin eptir, eiga að fylgja með reikningnum, ásamt þeim fylgiskjölum og skilríkjum, er sanna, að leyfisbréfin hafi veitt verið samkvæmt þeim ákvörðunum, sem um það efni hafa gjörðar verið. Borgunina ber að greiða inn í ríkissjóðinn á sama hátt og borgunina fyrir þau leyfisbréf, sem háfyrvöldin nú mega af hendi láta, og eiga skilríki um það að fylgja með reikningnum.

Yður til leiðbeiningar um það, hvernig rita skuli í eyðubréfin, hefir stjórnarráðið látið taka eptirrit af eldri leyfisbréfum, einu af hverri tegund, og sendir yður hér með eptirrit þessi.

Konungsbréf til stiptamtannsins yfir Íslandi, **til svars á-
varpi frá fundi Íslendinga á Þingvöllum
út af konungaskiptunum**, dagsett 12. nóvember 1864.

Vér Kristján hinn Níundi, og s. frv. Vora einstaklega hylli! Dómsmálastjórnarráðgjafi Vor hefir fyrir Oss lagt þegnlegt ávarp, er samið var vegna konungaskiptanna á fundi embættismanna og bænda á Þingvöllum í Árnessýslu á Íslandi 15 dag ágústm. þ. á.

Eins og það hefir verið Oss kært að taka móti þessari yfirlýsing um traust og hollustu frá fjölsóttum fundi manna úr hinum ýmsu héraðum landsins, þannig viðurkennum Vér og þá þýðing,

1) Þ. e. vanalegu amtsbréf, en ekki leyfisbréfi í nafni konungs og með konunglegu inusigli undir. Útg.

er það hefir fyrir þá, er ávarpið hafa ritað, að þeir senda Oss þegnlegt heit um hollustu sína frá þeim stað, sem svo margar fornaldar-endurminningar eru við bundnar. Þér ber því að láta hlutaðeigendum í ljósi viðurkenning Vora og þakklæti.

Þar sem því næst málinu um stjórnarskipun Íslands hefir hreift verið í ávarpi þessu, þá bendum Vær þeim mönnum, er það hafa sent, til þess, sem sagt er í bræfi Voru 8. dag júlím. þ. á., en í því er svarað áþekku ávarpi frá nokkrum embættismönnum og borgurum í Reykjavíkurborg.

Þannig framkvæmist Vor vilji. Felandi þig guði!

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn 12. dag nóvembermánaðar 1864.

Christian R.

Heltzen.

Opið bréf til vorra kæru og trúu þegna í konungsríkinu Danmörk, á Íslandi og Færeyjum og í nýlendum vorum á Vestur-Indlandi og Grænlandi, dagsett 16. nóvember 1864.

Vær Kristján hinn Níundi og s. frv., Gjörum kunnugt: Ár það, sem nú er liðið síðan Vær komum til ríkis í Danmörk, hefir verið fullt af hinu þyngsta mótmæli fyrir Oss og yður. Þegar frá upphafi stríðsins hlutu menn að vera vonlausir um heppileg afdrif þess, nema liðveizla annara ríkja vægi upp á móti ofurefli því, er mótstöðumenn Vorir höfðu bæði að mannfjölda og herbúnaði. Slíka liðveizlu hlutum Vær eigi, og þegar svo var ástatt hefði framhald stríðsins einungis orðið til þess að spilla högum landsins um ókomiun tíma, ef það eigi hefði gjört út af við það með öllu. Það var eigi skortur á fúsum vilja til að leggja enn meira í sölurnar fyrir föðurlandið, sem knúði til friðarins; en þér funduð með Oss til ábyrgðar þeirrar, er kynslóð sú, sem nú er uppi, hefir gagnvart eptirkomendum.

Þannig varð það Vort þunga hlutskipti að semja frið, er gjörir að engu hinar gleðiríku vonir, er Vær höfðum, þá er Vær tókum við kórónunni til þess að varðveita hana heila og óskerta, eins og hin danska konungsaðal hafði borið hana um margar aldir. Það urðu Vor sorglegu forlög að sjá ríkinu skipt og það land aðskilið frá Oss, sem frá fornöld hafði verið einn hluti hins gamla danska

ríkis og sem þúsund ára stríð eigi hafði megnað að hrífa frá því. En sárast af öllu hefir Oss tekið það, að partur af konungsríkinu sjálfu, og mesti hlutinn af þeim íbúum Slæsvíkur, sem með hjarta og tungu heyra til Danmerkur, hefir orðið að skilja við móðurland sitt og þjóðstofn.

Þér, sem Oss framvegis er trúað fyrir að sjá um hagi yðar, yður ávörpum Vør Voru konunglega orði um von ókomins tíma og örugga starfsemi fyrir föðurlandið. Minnst þess, að samheldi veitir lítilmagnanum krapt, og að mótlætið sjálft hefir í sér fólgið mikið afl til að sameina og tengja fastar saman. Þér viljið með eindrægni leggjast á eitt með Oss til að vinna að því verki, sem friðurinn gjörir nauðsynlegra en nokkurn tíma áður. Með Oss viljið þér starfa að því, að efla framfarir landsins með viturlegum lögum, og með því að nota og auka hin ríkuglegu hjálparmeðöl, er náttúran hefir gefið föðurlandi voru. Mikið höfum vør misst en þó ekki vonina, og hinn ókomni tími er fyrir þá, er einarðan vilja hafa. Eins og Vør treystum yðar fasta vilja til að efla velferð Danmerkur, þannig verið þér og þess fullvissir, að þetta skal vera það mark og mið, er öll viðleitni Vør stefnir að.

Guð blessi föðurland Vort!

Gefið í höfuðstað og aðsetursstað Vorum Kaupmannahöfn, 16. dag nóvemberm. 1864¹.

1) Þetta opna bréf er út komið frá ráðherraforsetastjórninni.

B.

VIÐBÆTIR.

Reikningur

yfir alþingiskostnaðinn 1863

og

yfirlit

yfir alþingiskostnaðinn 1865

samið af

Jóni Guðmundssyni

varaforseta á alþingi 1865.

1. Reikningur

yfir alþingiskostnaðinn 1863.

Eftir yfirliti yfir þenna reikning í viðbæti aptan við alþingis-
tiðindin 1863, 43—46. bls., var þegar 6. febr. 1864, ávísað og
greitt upp í alþingiskostnaðinn 1863:

	Rd.	Sk.
Fæðispeningar og ferðakostnaður alþingismanna		
1863	5675	24
Til innanþingsskrifaranna og skrifara forsetans .	618	»
Til húsgæzlumannsins og þingsveina	125	21
Fyrir atkvæðaskrár og niðurlagsatriði um þing- tímann, pappír prentun og prófarkalestur .	49	37
Fyrir ritstörf við báðar þingbækurnar og sam- anlestur	422	26
Fyrir önnur ritstörf fyrir og eftir þingtímann :		
áður ávísað 158 rd. 74 sk.		
síðar — 28 — 48 —	187	26
Fyrir ritföng áður ávísað 110 — 57 —		
síðar — 4 — 8 —	114	65
Fyrir danska þýðingu á álitsskjölum og þing- bókinni áður ávísað 325 rd. 80 sk.		
síðar — 193 — 72 —	519	56
Í þarfir bókasafnsins, til bókakaupa og bóka- varðar	140	»
Fyrir forsetastörf frá 16. sept. 1863 til 13. apríl 1864	90	»
Til útgáfu alþingistiðindanna 1863 :		
1. Prentunarkostnaður og pappír: rd. sk.		
áður ávísað fyrir 6. febrúarmán.		
1864 1783 rd. 6 sk.		
síðar ávísað 147 — 12 — 1930 18		
	flýtt 1930 18	7941
		63

	rd.	sk.	Rd.	Sk.
fluttir 1930 18				
2. Prófarkalestur:			7941	63
áður ávísað . . . 164 rd. 12 sk.				
síðar — . . . 78 — " — 242 12				
3. Ritnefndarlaun	77	68		
4. Hepting:				
áður ávísað . . . 77 — 92 —				
síðar — . . . 28 — " — 105 92			2355	94
Ýmisleg og sèrstakleg útgjöld.				
Uppbót á fæðispeningum alþingismanna				
í Kaupmannahafn árin 1859 og 1861:				
áður ávísað	105	"		
síðar — þingmanni Ísfrðinga frá				
1859 (sbr. athugagr. við yfirlitið í al-				
þingistið. 1863, bls. 45 og 46) . . .	35	"	140	"
Eptirstöðvar af prentunarkostnaði alþingistiðind-				
anna 1859 og 1861 eptir reikningi prent-				
smiðjunnar 278 rd. 48 sk., sett niður af prent-				
smiðjustjórninni um 50 rd.	228	48		
Fyrir band á Reykjavíkur þingbókinni 1863 .	9	64		
Til bókakaupa handa stórþingi Noregsmanna				
eptir fundarályktun 17. ágúst 1863 . . .	36	"		
Fyrir eptirlit og uppskrift á húsbúnaði og öðr-				
um áhöldum	4	"		
Fyrir nýja kompu á dómkirkjulopti til þess að				
geyma í alþingistiðindin, efniviður og smíði				
m. fl.	64	62		
Fyrir að telja alþingistiðindin, flytja þau og				
niður skipa þeim	6	"		
Samtals, er teljast verður alþingiskostnaður				
1863	10786	43		

II. Yfirlit yfir alþingiskostnaðinn 1865.

1. Fæðispeningar og ferðakostnaður alþingismanna.

	Fæðispen- ingar.	Ferða- kostnaður.	Til samans.	
	Rd.	Rd.	Rd.	Sk.
<i>A. Konungkjörnir.</i>				
Helgi G. Thordersen	171	»	171	»
Pétur Pétursson	171	»	171	»
Jón Hjaltalín	171	»	171	»
Bergur Thorberg	234	94	328	»
Jón Pétursson	171	»	171	»
Halldór Kr. Friðriksson	171	»	171	»
<i>B. Þjóðkjörnir.</i>				
Arnþjóttur Ólafsson	225	87	312	»
Ásgeir Einarsson	210	41	251	»
Benedikt Sveinsson	180	4	184	»
Björn Pétursson	309	180	489	»
Eiríkur Kúld	210	80	290	»
Halldór Jónsson	255	200	455	»
Hjálmur Pétursson	201	32	233	»
Jón Bjarnason	216	47	263	»
Jón Guðmundsson	171	»	171	»
Jón Pálmason	210	44	254	»
Jón Sigurðsson frá Gautlöndum	243	109	352	»
Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn	339	140	479	»
Magnús Jónsson ¹	87	»	87	»
Ólafur Sigurðsson	216	44	260	»
Pétur Guðjónsson	171	»	171	»
Sighvatur Árnason	207	32	239	»
Stefán Eiríksson	258	125	383	»
Stefán Jónsson	225	72	297	»
Stefán Thordersen	201	30	231	»
Sveinn Nielsson	219	70	289	»
Sveinn Skúlason	171	»	171	»
Samtals	5613	1431		
		flyt	7044	»

1) Hann forfallaðist frá þingsetu fyrir veikinda sakir framan af þingtímanum, og komst ekki á þing fyrr en 31. júlí.

	fluttir	Rd.	Sk.
2. Annar kostnaður.		7044	»
Til innanþingssskrifara um þingtímann	rd. sk.		
Halldór Melsteð	171 »		
Jón A. Hjaltalín	171 »		
Ólafur Sigvaldason	143 »		
Páll Sigurðsson	150 »		
Lárus Blöndal	18 »		
Páll Melsteð skrifari forseta	183 »	836	»
Til 3 þingsveina		116	64
— húsgæzlumanns fyrir þvott á þingsalnum og aðra gæzlu		59	»
Fyrir atkvæðaskrár og niðurlagsatriði, prentun og pappír	64 rd. 24 sk.		
prófarkalestur	13 — » —	77	24
— ritstörf við báðar þingbækurnar og samanlestur		390	80
— önnur ritstörf um og eptir þingtímann . . .		136	13
— ritföng		109	25
— danska þýðingu:			
á álitsskjölum til konungs	105 rd. » sk.		
- þingbókinni	327 — 92 —	432	92
Til bókasafns þingsins			
til bókakaupa	100 — » —		
— bókavarðarins 1865 og 1866,			
20 rd. árlega	40 — » —	140	»
— útgáfu alþingistiðindanna 1865 er þegar ávísað fyrir prentun og pappír	1459 rd. 10 sk.		
— prófarkalestur	170 — » —		
— heptingu	58 — » —	1687	10
Særstakleg útgjöld.			
Aðgjörðir á ýmsum húsbúnaði og ýmislegt aðkeypt	30 — 36 —		
Til bókakaupa handa stórþingi Noregsmanna	10 — » —		
Fyrir að færa í lag skjalasafn þingsins	15 — » —		
— gæzlu og registur yfir húsbúnaðinn m. fl.	5 — 32 —		
flutt 60 — 68 —		11,029	20

	fluttur 60rd. 68sk.	Rd.	8k.
Fyrir önnur störf í þarfir alþingis,		11029	20
frá því alþingi var slitið til hins			
15. septembers ¹	30 — » —	90	68
Er því nú þegar ávísað samtals		11,119	88

Hið helzta sem enn er óávísað, eru eptirstöðvar þeirra útgjalda sem útgáfa alþingistiðindanna hefir í för með sér, þó að þau sé nú sjálf alþrenguð að mestu; það mun mega ætla á, að þær eptirstöðvar verði samtals um 550—570 rd.; enn fremur fyrir forsetastörf frá 25. sept. f. á. og ýms ritstörf m. fl. þar að lútandi nál. 95—105 rd. Má þannig nú þegar ætla á, að *alþingiskostnaðurinn 1865* verði nálægt *11,770 rd.*, og fari ekki langt þar yfir.

Reykjavík, 15. febrúar 1866.

1) Þannig ávísað af forseta, eptir reikningi H. Kr. Friðrikssonar, 15. sept. 1865.

J. G.

C.

VIÐBÆTIR.

Reikningur
yfir alþingistollinn árin
1861, 1862, 1863, 1864.

Samkvæmt umburðarbræfum stiptamtsins af 21. marz 1861, 24. marz 1862, 17. marz 1863 og 21. marz. 1864, samt innkomnum skýrslum sýslumanna yfir alþingistollinn af afgjöldum tollskyldra jarða á Íslandi, hefir tollurinn fyrir ofan nefnd ár útgjört

Af sýslu		1861.		1862.		1863.		1864.	
		Rd.	Sk.	Rd.	Sk.	Rd.	Sk.	Rd.	Sk.
1.	Borgarfjarðar . . .	482	90	154	57	95	15	126	47
2.	Reykjavík	33	18	9	62	6	61	8	82
3.	Gullbringu- og Kjósar	620	43	289	43	150	31	192	42
4.	Árness	1112	60	556	37	222	18	291	62
5.	Rangárvalla . . .	938	93	307	86	185	61	241	79
6.	Vestmannaeyja . .	86	68	23	62	20	8	19	82
7.	Skaptafells . . .	387	95	112	47	73	92	105	74
8.	Mýra- og Hnappadals	568	45	174	58	115	29	149	79
9.	Dala	532	12	164	3	106	8	138	12
10.	Snæfellsness . . .	428	87	132	67	89	35	116	72
11.	Barðastrandar . .	562	83	179	79	119	24	161	60
12.	Ísafjarðar	551	81	173	72	115	6	147	13
13.	Stranda	212	84	68	69	45	82	61	81
14.	Húnavatns	978	19	302	88	201	80	257	29
15.	Skagafjarðar . . .	1100	39	344	36	225	18	293	63
16.	Eyjafjarðar . . .	1150	32	334	36	225	91	290	81
17.	Þingeyjar	869	29	255	53	172	2	226	34
18.	Norðurmúla	352	27	97	11	66	40	91	33
19.	Suðurmúla	470	7	143	44	105	76	138	70
Samtals		11440	52	3825	44	2342	9	3060	39

Á lausafé amtanna er með ofangreindum um- burðarbræfum jafnað:		1861.		1862.		1863.		1864.	
		Rd.	Sk.	Rd.	Sk.	Rd.	Sk.	Rd.	Sk.
1.	Suðuramtsins . . .	875	65	288	16	236	84	317	39
2.	Norður- og austur-								
3.	amtsins	1596	89	517	65	370	54	511	22
	Vesturamtsins . .	597	38	194	15	142	54	171	35
	Samtals	3070	»	1000	»	750	»	1000	»
	Samtals á jarðagjöld								
	og lausafé	14510	52	4825	44	3092	9	4060	39

eður á jarðaaufgjöld fyrir sig 20668 rd. 48 sk.

á lausafé fyrir sig . . . 5820 — » —

Í allt 26,488 rd. 48 sk.

Íslands stiptamthúsi, 2. september 1865.

Hilmar Finsen.